ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 29

29. árgangur

5.5.2022

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2022/EES/29/01 Framkvæmdaráð um samræmingu almannatryggingakerfa Ákvörðun nr. E7 frá 27. júní 2019 varðandi hagnýtt fyrirkomulag samstarfs og upplýsingaskipta þar til rafrænni miðlun upplýsinga um almannatryggingar (EESSI) hefur verið komið til framkvæmda að fullu í aðildarríkjunum 1

2022/EES/29/02 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/739 frá 3. júní 2020 um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/54/EB að því er varðar að bæta SARS-CoV-2 við skrána yfir líffræðilega áhrifavalda sem vitað er að valda sýkingu í mönnum og um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1833 4

2022/EES/29/03 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugrar fjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáhættu mótaðila, markaðsáhættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuld-bindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012 8

2022/EES/29/04 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/873 frá 24. júní 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) 2019/876 að því er varðar tilteknar aðlaganir til að bregðast við COVID-19-heimsfaraldrinum 234

2022/EES/29/05 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/16 frá 08. janúar 2021 um að mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir og hagnýtt fyrirkomulag varðandi gagnagrunn Sambandsins yfir dýralyf 248

2022/EES/29/06 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2288 frá 21. desember 2021 um breytingu á viðaukanum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 að því er varðar viðurkenningartímabil bólusetningarvottorða sem gefin eru út með sniði stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID þar sem fram kemur hvenær röð grunnbólusetninga lauk 269

2022/EES/29/07 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2301 frá 21. desember 2021 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/1073 um tækniforskriftir og reglur um framkvæmd traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 273

2022/EES/29/08 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2296 frá 21. desember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Túniska lýðveldinu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins 276

2022/EES/29/09 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2297 frá 21. desember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Montenegró (Svartfjalla-landi) og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins 279

2022/EES/29/10 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2298 frá 21. desember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Austræna lýðveldinu Úrúgvæ og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins 282

2022/EES/29/11 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2299 frá 21. desember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Taílandi og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins 285

2022/EES/29/12 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2300 frá 21. desember 2021 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Taívan 288

2022/EES/29/13 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB 291

2022/EES/29/14 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1445 frá 23. júní 2021 um breytingu á II. og VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 509

2022/EES/29/15 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/133 frá 4. febrúar 2021 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 að því er varðar grunnsnið og -uppbyggingu sem og aðferð við skipti á gögnum í samræmisvottorðinu á rafrænu formi 514

2022/EES/29/16 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1341 frá 23. apríl 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur sem varða sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja að því er varðar þreytu- og athyglisvarakerfi þeirra og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð 517

2022/EES/29/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/20 frá 7. janúar 2022 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 536/2014 að því er varðar að setja reglur og verklagsreglur um samstarf aðildarríkjanna við öryggismat á klínískum prófunum 533

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

FRAMKVÆMDARÁÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA 2022/EES/29/01

ÁKVÖRÐUN NR. E7

frá 27. júní 2019

varðandi hagnýtt fyrirkomulag samstarfs og upplýsingaskipta þar til rafrænni miðlun upplýsinga um almannatryggingar (EESSI) hefur verið komið til framkvæmda að fullu í aðildarríkjunum

(Texti sem varðar EES og samning EB og Sviss)

2020/C 73/04 (*)

FRAMKVÆMDARÁÐIÐ UM SAMRÆMINGU ALMANNATRYGGINGAKERFA HEFUR,

með hliðsjón af a-lið 72. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([1]) en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um öll álitaefni er lúta að framkvæmd eða túlkun ákvæða reglugerðar (EB) nr. 883/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa ([2]),

með hliðsjón af d-lið 72. gr. reglugerðar (EB) nr. 833/2004 en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið hvetja eins og hægt er til notkunar nýrrar tækni,

með hliðsjón af 3. og 4. mgr. 76. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 en samkvæmt þeim skal stofnunum vera skylt að starfa saman og hafa samskipti sín í milli að því er varðar reglugerðir,

með hliðsjón af 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 þar sem fram kemur að sending upplýsinga milli stofnana eða samskiptastofnana skuli vera með rafrænum hætti og framkvæmdaráðið skuli mæla fyrir um nákvæmt fyrirkomulag vegna skipta á skjölum og skipulega uppsettum rafrænum skjölum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun E4 frá 13. mars 2014 voru umbreytingartímabilin, sem um getur í 1. mgr. 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009, til að ná fullum gagnaskiptum aðildarríkja eftir rafrænum leiðum framlengd um tvö ár frá þeim degi að telja að þegar þróað og prófað miðlægt kerfi fyrir rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar er afhent til uppsetningar þannig að aðildarríki geti hafið samþættingu við það.

2) Í ákvörðun E5 frá 16. mars 2017 er mælt fyrir um hagnýtt fyrirkomulag vegna umbreytingartímabilsins er varðar upplýsingaskipti með rafrænum aðferðum sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009.

3) Á 351. fundi sínum 27.–28. júní 2017 samþykkti framkvæmdaráðið að miðlæga kerfið fyrir rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar væri tilbúið til að hefja upplýsingaskipti með slíkri miðlun og að tveggja ára tímabilið sem tilgreint er í ákvörðun E4 hæfist 3. júlí 2017.

4) Á 358. fundi sínum 27.–28. mars 2019 samþykkti framkvæmdaráðið að umbreytingartímabilinu vegna rafrænnar miðlunar upplýsinga um almannatryggingar, í samræmi við 95. gr. reglugerðar (EB) nr. 987/2009 og ákvörðun E4 frá 13. mars 2014, ljúki 2. júlí 2019.

5) Nauðsynlegt er að tryggja og vernda réttindi borgaranna í samræmi við reglurnar um samræmingu á sviði almannatrygginga.

6) Með hliðsjón af því hversu flókið verkefnið um rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar er og stöðu þess þegar þessi ákvörðun er samþykkt er nauðsynlegt að tryggja að uppsetning slíkrar miðlunar fari fram á skipulegan og skilvirkan hátt, sem og að tryggja sameiginlega skuldbindingu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og aðildarríkjanna um að halda áfram að auka stöðugleika og öryggi verkefnisins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB C 73, 6.3.2020, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

7) Í ljósi þeirrar öflugu landsbundnu starfsemi sem þörf er á í aðildarríkjunum og tafa sem orðið hafa á verkefninu um rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar og þess að ekki verða allar stofnanir fyllilega reiðubúnar til að skiptast á öllum tilkynningum með slíkri miðlun 3. júlí 2019 er nauðsynlegt, á grundvelli meginreglunnar um gott samstarf milli stofnana, að mæla fyrir um tímabundið hagnýtt fyrirkomulag um upplýsingaskipti þar til rafrænni miðlun upplýsinga um almannatryggingar hefur verið komið til framkvæmda að fullu í öllum aðildarríkjum og í miðlæga kerfinu fyrir slíka miðlun..

8) Nauðsynlegt er að setja fram varalausn ef miðlæga kerfið fyrir rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar bilar.

9) Nauðsynlegt er að þessari ákvörðun sé beitt frá og með 3. júlí 2019 til að ná fram þeim tilgangi hennar að tryggja réttarvissu fyrir stofnanir og vernda réttindi þeirra einstaklinga sem reglugerðirnar ná til.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Frá og með 3. júlí 2019 skal sending upplýsinga milli stofnana vera með rafrænum hætti í gegnum kerfið fyrir rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar og byggjast á skiptum á skipulega uppsettum rafrænum skjölum (SED) í völdum málatilvikum (BUC). Þetta er með fyrirvara um skipti sem gætu þurft að eiga sér stað á pappír eins og kveðið er á um í reglugerðunum um samræmingu almannatrygginga, s.s. fylgigögn.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki sem eru ekki tilbúin fyrir rafræn skipti vegna málatilviks, í þágu rekstrarsamfellu og til að vernda réttindi þeirra einstaklinga sem reglugerðirnar ná til, haldið áfram að skiptast á gögnum varðandi viðkomandi málatilvik með hvaða skjali sem er, jafnvel þó að form þess, innihald eða efnisskipan sé úrelt, ef nauðsyn krefur, þar til fjöldi aðildarríkja sem eru reiðubúin til að nota rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar í þessu tiltekna málatilviki nær 80% viðmiðunarmörkum.

3. Ef notað er annað form en skipulega uppsett rafrænt skjal og það inniheldur ekki allar skyldubundnar upplýsingar sem eru í slíkum rafrænum skjölum skal það aðildarríki sem þarfnast þessara upplýsinga óska eftir þeim frá aðildarríkinu sem gaf út skjalið á úrelta forminu. Komi upp vafi um réttindi hlutaðeigandi borgara skal viðtökustofnunin hafa samband við útgáfustofnunina í anda góðrar samvinnu.

4. Eigi síðar en sex mánuðum eftir að viðmiðunarmörkunum sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. hefur verið náð skulu aðildarríkin einungis nota rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar í skiptum sínum við önnur aðildarríki og verður ekki lengur frjálst að framkvæma skipti utan kerfisins fyrir slíka miðlun. Þau aðildarríki sem ekki eru reiðubúin til að nota rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar vegna tiltekinna málatilvika skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir á landsvísu til að geta sent og tekið á móti öllum gögnum í þeim tilteknu málatilvikum til og frá öðrum aðildarríkjum í gegnum kerfið fyrir slíka miðlun.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. geta tvö eða fleiri aðildarríki komið sér saman um að nauðsynleg upplýsingaskipti vegna meðferðar mikils fjölda tilkynninga, s.s. umsókna í tengslum við endurgreiðslu vegna heilbrigðisþjónustu, vinnuslysa og atvinnusjúkdóma eða atvinnuleysisbóta, geti áfram verið með öðru sniði en rafrænni miðlun upplýsinga um almannatryggingar (þ.e. Build-verkefni) þar til þau aðildarríki sem eiga hlut að tvíhliða skiptum verða reiðubúin til að nota slíka miðlun.

6. Aðildarríki sem eru ekki tilbúin til að standa að fullu við skyldurnar í 1. mgr. skulu eigi síðar en í október 2019 leggja fyrir framkvæmdaráðið skuldbindingar sínar vegna landsbundinna framkvæmdaáætlana og meginátanga til að verða reiðubúin til að nota rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar vegna allra málatilvika án frekari tafar; þau skulu síðan leggja fram stöðuskýrslu á ársfjórðungsgrundvelli hjá framkvæmdaráðinu þar til þau verða reiðubúin til að nota slíka miðlun vegna allra málatilvika.

7. Að vera reiðubúinn til að nota rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar í tilteknu málatilviki merkir að hlutaðeigandi aðildarríki getur bæði sent og tekið á móti öllum tilkynningum í því málatilviki eða, ef við á, á undirsviði þess málatilviks til og frá öðrum aðildarríkjum. Ef um er að ræða málatilvik sem fellur ekki undir löggjöf aðildarríkis getur það að vera reiðubúið til að nota rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar aðeins vísað til þess að taka á móti tilkynningum í því málatilviki.

8. Jafnskjótt og tvö aðildarríki eru reiðubúin til að nota rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar vegna málatilviks skulu upplýsingaskipti milli þeirra vera með slíkri miðlun í öllum skiptum sem falla undir það málatilvik. Þetta er með fyrirvara um sérstakar ástæður sem hægt er að rökstyðja með hlutlægum hætti, s.s. til að tryggja rekstrarsamfellu ef um er að ræða tæknilegt varakerfi vegna bilunar eða tvíhliða samkomulag sem getur t.d. varðað sameiginlegar prófanir, tilraunir, þjálfun eða sambærilegar ástæður.

9. Ef um er að ræða marghliða málatilvik, þ.e. tilvik þar sem fleiri en tvö aðildarríki taka þátt í skiptunum, skulu skipti með rafrænni miðlun upplýsinga um almannatryggingar ekki hefjast fyrr en staðfest hefur verið að þau aðildarríki sem taka þátt í skiptunum hafi lýst því yfir að vera reiðubúin til að nota slíka miðlun í því tiltekna málatilviki. Þetta er með fyrirvara um þær skyldur aðildarríkjanna sem kveðið er á um í 4. mgr. Meginreglurnar sem tilgreindar eru í 7. mgr. skulu einnig gilda í tilvikum þar sem fleiri en tvö aðildarríki taka þátt í málatilviki.

10. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdaráðið a.m.k. 30 dögum áður en þau verða reiðubúin til að nota rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar í tilteknu málatilviki.

11. Upplýsingar um hvaða málatilvik í hvaða aðildarríki er tilbúið fyrir rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar skulu reglulega (a.m.k. mánaðarlega) gerðar aðgengilegar stofnunum aðildarríkjanna og skulu endurspeglast í stofnanaskrá fyrir rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar.

12. Framkvæmdaráðið skal á ársfjórðungslegum fundum sínum fylgjast með framvindu aðildarríkjanna þar til öll aðildarríki eru reiðubúin til að nota rafræna miðlun upplýsinga um almannatryggingar vegna allra málatilvika. Endurskoðun á stöðu og aðgerðum sem grípa á til innan þessa ramma skal fara fram a.m.k. á sex mánaða fresti og niðurstöðurnar ætti að gera opinberar.

13. Upplýsingaskiptum sem hófust án rafrænnar miðlunar upplýsinga um almannatryggingar fyrir þá dagsetningu sem sett er fram í 1. mgr. eða í samræmi við 2. mgr. núverandi ákvörðunar má ljúka án slíkrar miðlunar. Gera má annars konar ráðstafanir tvíhliða á milli aðildarríkjanna eða með samþykki framkvæmdaráðsins ef þess er krafist.

14. Innan sex mánaða frá birtingu skal framkvæmdaráðið leggja mat á framkvæmd þessarar ákvörðunar og meta hugsanlega þörf fyrir breytingar.

15. Ákvörðun þessi skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. júlí 2019.

Formaður framkvæmdaráðsins,

Adriana STOINEA

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/739 **2022/EES/29/02**

frá 3. júní 2020

um breytingu á III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/54/EB að því er varðar að bæta SARS-CoV-2 við skrána yfir líffræðilega áhrifavalda sem vitað er að valda sýkingu í mönnum og um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1833 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/54/EB frá 18. september 2000 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum ([1]), einkum 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sambandið leggur áherslu á að viðhalda ströngum kröfum sínum um að tryggja fullnægjandi heilsuvernd starfsmanna, sem er sérstaklega mikilvægt í tengslum við heimsfaraldur. Uppkoma COVID-19, nýs kórónuveirusjúkdóms, hefur haft áhrif á öll aðildarríkin frá því snemma árs 2020 og veldur verulegri röskun í öllum geirum og þjónustu, sem hefur bein áhrif á heilbrigði og öryggi allra starfsmanna í Sambandinu.

2) Það er mikilvægara en nokkru sinni fyrr að í einu og öllu sé farið að landsákvæðum sem lögleiða reglur Sambandsins um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum og að þeim sé beitt. Í tilskipun 2000/54/EB er mælt fyrir um reglur til að vernda starfsmenn gegn áhættu fyrir heilsu þeirra og öryggi, meðal annars til að koma í veg fyrir slíka áhættu sem stafar af, eða líkur eru á að stafi af, váhrifum líffræðilegra áhrifavalda á vinnustöðum. Hún gildir um starfsemi þar sem starfsmenn verða fyrir eða kunna að verða fyrir váhrifum líffræðilegra áhrifavalda vegna starfs síns og tiltekur þær ráðstafanir sem grípa skal til þegar líklegt er að starfsemi feli í sér hættu á váhrifum frá líffræðilegum áhrifavöldum til að ákveða eðli ástandsins, hve mikil áhrifin eru og hve lengi starfsmenn verða fyrir váhrifum slíkra áhrifavalda.

3) Í III. viðauka við tilskipun 2000/54/EB er sett fram skrá yfir líffræðilega áhrifavalda sem vitað er að valda sýkingum í mönnum, flokkaða eftir smithættu. Í samræmi við 6. inngangsathugasemd þess viðauka ætti að breyta þeirri skrá svo að hún taki tillit til nýjustu þekkingar á sviði vísindalegrar og faraldsfræðilegrar þróunar sem leitt hefur til verulegra breytinga, þ.m.t. tilurð nýrra líffræðilegra áhrifavalda.

4) Í október 2019 breytti tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1833 ([2]) III. viðauka við tilskipun 2000/54/EB, sem leiddi einkum til þess að bætt var við miklum fjölda líffræðilegra áhrifavalda, þ.m.t. kórónuveiru tengdri heilkenni alvarlegrar bráðrar lungnabólgu (HABL-veiru) og kórónuveiru sem veldur Middle East Respiratory Syndrome (MERS-veiru).

5) Veiran „kórónuveira 2 sem veldur heilkenni alvarlegrar bráðrar lungnabólgu“, eða „SARS-CoV-2“, sem orsakaði uppkomu COVID-19, er mjög svipuð HABL-veirunni og MERS-veirunni. Með tilliti til þeirra faraldsfræðilegu og klínísku gagna sem nú liggja fyrir varðandi eiginleika veirunnar, s.s. smitmynstur hennar, klínísk atriði og áhættuþætti fyrir sýkingar, ætti að bæta SARS-CoV-2 við III. viðauka tilskipunar 2000/54/EB eins fljótt og auðið er, til að tryggja áfram fullnægjandi vernd heilbrigðis og öryggis starfsmanna á vinnustöðum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 175, 4.6.2020, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 177/2021 frá 11. Júní 2021 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 262, 17.10.2000, bls. 21.

([2]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1833 frá 24. október 2019 um breytingu á I., III., V. og VI. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/54/EB að því er varðar hreinar tæknilegar breytingar (Stjtíð. ESB L 279, 31.10.2019, bls. 54).

6) SARS-CoV-2 getur orsakað alvarlegan sjúkdóm í mönnum í sýktu þýði og einkum stafar eldri starfsmönnum og þeim sem hafa undirliggjandi heilbrigðisvandamál eða langvinnan sjúkdóm mikil hætta af henni. Þótt hvorki bóluefni né árangursrík meðferð sé til eins og er, stendur yfir mikið átak á alþjóðavettvangi og hefur umtalsverður fjöldi mögulegra bóluefna greinst fram að þessu. Með tilliti til nýjustu vísindaþekkingar og fyrirliggjandi klínískra gagna, auk ráðlegginga sérfræðinga frá öllum aðildarríkjunum, ætti SARS-CoV-2 því að vera flokkað sem sjúkdómsvaldur í mönnum í 3. áhættuhópi. Ýmis aðildarríki, sem og EFTA-ríki og önnur þriðju lönd, eru þegar farin að gera ráðstafanir varðandi flokkun SARS-CoV-2 í 3. áhættuhóp.

7) Í mars 2020 birti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin leiðbeiningar um líföryggi fyrir rannsóknarstofur vegna nýju kórónuveirunnar og prófana á klínískum sýnum sjúklinga sem eru sýktir af SARS-CoV-2 ([3]). Í leiðbeiningunum er tilgreint að greiningarvinna á rannsóknarstofum sem snýr ekki að ræktun, s.s. raðgreining, megi fara fram í aðstöðu þar sem verklag samræmist a.m.k. 2. afmörkunarstigi (líföryggisstig 2, BSL-2), en vinna sem snýr að ræktun í tengslum við SARS-CoV-2 ætti að fara fram í afmarkaðri rannsóknarstofu þar sem loftþrýstingur er lægri en andrúmsloftið utan hennar (líföryggisstig 3, BSL-3). Þetta ætti að taka skýrt fram í III. viðauka við tilskipun 2000/54/EB til að tryggja næga afkastagetu og samfellu í þeirri mikilvægu vinnu sem greiningarstofur í öllu Sambandinu inna af hendi.

8) Í ljósi alvarleika COVID-19-heimsfaraldursins og að teknu tilliti til þess að allir starfsmenn eiga rétt á heilnæmu, öruggu og vel aðlöguðu vinnuumhverfi eins og kveðið er á um í 10. meginreglu Evrópustoðar félagslegra réttinda ([4]), ætti þessi tilskipun að kveða á um stutt lögleiðingartímabil. Á grundvelli viðtæks samráðs var 5 mánaða lögleiðingartímabil talið viðeigandi. Í ljósi þessara sérstöku aðstæðna eru aðildarríki hvött til þess að koma þessari tilskipun í framkvæmd áður en lögleiðingarfrestur rennur út, þar sem það er mögulegt.

9) Með tilskipun (ESB) 2019/1833 var einnig breytt V. og VI. viðauka við tilskipun 2000/54/EB þar sem mælt er fyrir um afmörkunarráðstafanir og afmörkunarstig fyrir rannsóknarstofur, aðstöðu fyrir dýr og iðnað. Til að sjá starfsmönnum fyrir viðeigandi verndarstigi ætti einnig að færa fram lögleiðingardag breytinganna á þessum viðaukum að því er varðar váhrif af völdum SARS-CoV-2.

10) Framkvæmdastjórnin mun áfram fylgjast náið með stöðunni varðandi uppkomu COVID-19, þ.m.t. þróun mögulegs bóluefnis og aðgengi að frekari tækni- og vísindagögnum og þekkingu varðandi SARS-CoV-2. Á grundvelli þessa mun framkvæmdastjórnin endurskoða, ef þörf krefur, áhættuhópaflokkunina eins og henni er komið á með samþykkt þessarar tilskipunar.

11) Tekið var tillit til þarfarinnar á að viðhalda núverandi verndarstigi fyrir starfsmenn, sem verða fyrir eða sem kunna að verða fyrir váhrifum líffræðilegra áhrifavalda við störf sín, og á að tryggja að breytingarnar taki einungis tillit til vísindalegrar þróunar á sviðinu sem krefst einungis tæknilegra breytinga á vinnustaðnum.

12) Við undirbúning þessarar tilskipunar naut framkvæmdastjórnin aðstoðar sérfræðinga, sem eru fulltrúar aðildarríkjanna, sem veittu tæknilega og vísindalega aðstoð. Að auki var haft samráð við þríhliða ráðgjafarnefndina um öryggi og heilsuvernd á vinnustöðum varðandi hreinar, tæknilegar breytingar á tilskipun 2000/54/EB í tengslum við uppkomu SARS-CoV-2.

13) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([5]) hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar eitt eða fleiri skjöl sem útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga.

14) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í tilskipun þessari eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE ([6]).

([3]) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, Laboratory biosafety guidance related to coronavirus disease (COVID-19) (Leiðbeiningar um líföryggi á rannsóknarstofum í tengslum við kórónuveirusjúkdóminn (COVID-19)), bráðabirgðaleiðbeiningar, 19. mars 2020, https://apps.who.int/iris/rest/bitstreams/1272450/retrieve

([4]) Evrópustoð félagslegra réttinda, nóvember 2017, https://ec.europa.eu/commission/priorities/deeper-and-fairer-economic-and-monetary-union/european-pillar-social-rights_en

([5]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

([6]) Tilskipun ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum (Stjtíð. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við tilskipun 2000/54/EB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

Í stað 1. mgr. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2019/1833 kemur eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 20. nóvember 2021. Þó skulu aðildarríkin samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til þess að fara að breytingunum á V. og VI. viðauka tilskipunar 2000/54/EB, að því marki sem þau tengjast líffræðilega áhrifavaldinum SARS-CoV-2, eigi síðar en 24. nóvember 2020.

Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta ákvæðanna sem um getur í fyrstu undirgrein.

Þegar aðildarríki samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.“

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 24. nóvember 2020. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 3. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

VIÐAUKI

Í III. viðauka við tilskipun 2000/54/EB, í töflunni sem varðar VEIRUR (ættbálkur „Nidovirales“, ætt „*Coronaviridae*“, ættkvísl „Betakórónuveira“) bætist eftirfarandi færsla við á milli færslnanna „Kórónuveira tengd heilkenni alvarlegrar bráðrar lungnabólgu (HABL-veira)“ og „Kórónuveira sem veldur Middle East respiratory syndrome (MERS-veira)“:

„Kórónuveira 2 sem veldur heilkenni alvarlegrar bráðrar lungnabólgu (SARS-CoV-2) (1)	3	

(1) Í samræmi við c-lið 1. mgr. 16. gr. ætti greiningarvinna á rannsóknarstofum sem snýr ekki að ræktun, í tengslum við SARS-CoV-2, að fara fram í aðstöðu þar sem verklag samræmist a.m.k. 2. afmörkunarstigi. Vinna í tengslum við SARS-CoV-2 sem snýr að ræktun ætti að fara fram á rannsóknarstofu á 3. afmörkunarstigi, þar sem loftþrýstingur er lægri en andrúmsloftið utan hennar. “

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2019/876 **2022/EES/29/03**

frá 20. maí 2019

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugrar fjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáhættu mótaðila, markaðsáhættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í kjölfar fjármálakreppunnar sem reið yfir á árunum 2007-2008 gerði Sambandið verulegar endurbætur á lagaramma sínum um fjármálaþjónustu til þess að efla viðnámsþrótt fjármálastofnana sinna. Þessar endurbætur voru grundvallaðar á alþjóðlegum stöðlum sem Baselnefndin um bankaeftirlit (e. *Basel Committee on Banking Supervision* (BCBS)) samþykkti 2010 og þekktir eru sem Basel III ramminn. Ein þeirra mörgu ráðstafana sem endurbótapakkinn fól í sér var samþykkt reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([4]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB([5]) sem styrktu varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki (stofnanir).

2) Þrátt fyrir að endurbæturnar hafi eflt stöðugleika fjármálakerfisins og aukið þol þess gegn mörgum tegundum mögulegra áfalla og kreppa í framtíðinni tóku þær ekki á öllum þeim vandamálum sem greindust. Helsta ástæðan fyrir því var að þeir aðilar sem settu alþjóðlegu staðlana, s.s. Baselnefndin um bankaeftirlit og ráðgjafarnefndin um fjármálastöðugleika (e. *Financial Stability Board* ((FSB)) höfðu á þeim tíma ekki lokið vinnu sinni við að finna alþjóðlega samþykktar lausnir á þessum vandamálum. Nú þegar lokið hefur verið við mikilvægar viðbótar endurbætur ætti að takast á við þau vandamál sem enn eru óleyst.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2021 frá 29. oktober 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 34, 31.1.2018, bls. 5.

([2]) Stjtíð. ESB C 209, 30.6.2017, bls. 36.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 16. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2019.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

3) Í orðsendingu sinni frá 24. nóvember 2015 undir heitinu „Að koma sambandi bankamála endanlega á“ viðurkenndi framkvæmdastjórnin að þörf væri á því að draga frekar úr áhættu og skuldbatt sig til að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf sem myndi byggja á alþjóðlega samþykktum stöðlum. Ráðið viðurkenndi einnig þörfina á frekari raunverulegum lagalegum ráðstöfunum til að draga úr áhættu í bankageiranum í niðurstöðum sínum frá 17. júní 2016 og jafnframt Evrópuþingið í ályktun sinni frá 10. mars 2016 um bankamál Sambandsins - Ársskýrsla 2015 ([6]).

4) Ráðstafanir til að draga úr áhættu ættu ekki aðeins að styrkja viðnámsþrótt evrópska bankakerfisins og traust markaðanna á því heldur einnig að mynda grundvöll fyrir frekari framförum við að fullgera samband bankamála. Þessar ráðstafanir ætti einnig að skoða með tilliti til almennari áskorunar sem efnahagslíf Sambandsins stendur frammi fyrir, einkum þess að þörf er á að stuðla að auknum vexti og atvinnu á tímum óvissu í efnahagsmálum. Í þessu tilliti hefur verið haft frumkvæði að ýmsum stórum stefnumálum, s.s. fjárfestingaráætlun fyrir Evrópu og sambandi fjármagnsmarkaða til að styrkja efnahag Sambandsins. Því er mikilvægt að allar ráðstafanir til að draga úr áhættu tengist á samræmdan hátt þessum stefnufrumkvæðum sem og víðtækari nýlegum umbótum í fjármálageiranum.

5) Ákvæði þessarar reglugerðar ættu að vera jafngild alþjóðlega samþykktum stöðlum og tryggja áframhaldandi jafngildi milli tilskipunar 2013/36/ESB, reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og Basel III rammans. Aðlaganirnar sem miðast við að endurspegla sérstaka eiginleika Sambandsins og almennari pólitísk sjónarmið ættu að vera takmarkaðar að því er varðar umfang og gildistíma til þess að skaða ekki almenna skilvirkni varfærnirammans.

6) Núgildandi ráðstafanir til að draga úr áhættu, einkum kröfur um skýrslu- og upplýsingagjöf ætti einnig að bæta til að tryggja að hægt sé að beita þeim á hófstilltari hátt og að þær skapi ekki of mikið álag að því er varðar hlítingu, einkum fyrir litlar og einfaldari stofnanir.

7) Markviss einföldun á kröfum að því er varðar beitingu meðalhófsreglunnar kalla á nákvæma skilgreiningu á litlum og einföldum stofnunum. Eitt algilt hámark tekur í sjálfu sér ekki mið af sérstökum eiginleikum landsbundinna bankamarkaða. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að aðildarríkin geti að eigin ákvörðun aðlagað hámarkið að innlendum aðstæðum og fært það niður ef við á. Þar sem stærð stofnunar er í sjálfu sér ekki afgerandi fyrir áhættusnið hennar er einnig nauðsynlegt að beita viðbótar eigindlegum viðmiðunum sem tryggja að stofnun sé eingöngu talin vera lítil og einföld stofnun og geti nýtt sér hóflegri reglur ef hún uppfyllir allar viðeigandi viðmiðanir.

8) Vogunarhlutföll stuðla að því að viðhalda fjármálastöðugleika með því að virka sem varnagli (e. *backstop*) fyrir áhættumiðaðar eiginfjárkröfur og takmarka uppsöfnun óhóflegrar skuldsetningar meðan uppgangur er í efnahagslífinu. Baselnefndin um bankaeftirlit hefur endurskoðað alþjóðlega staðalinn um vogunarhlutfallið til þess að skilgreina nánar tiltekna þætti við útfærslu á þessu hlutfalli. Aðlaga ætti reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að endurskoðuðum staðli til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði á alþjóðavettvangi fyrir stofnanir sem hafa staðfestu innan Sambandsins en sem starfa utan þess og til að tryggja að þetta vogunarhlutfall verði áfram skilvirk viðbót við áhættutengdar kröfur um eiginfjárgrunn. Því ætti að innleiða kröfu um vogunarhlutfall sem viðbót við núverandi kerfi fyrir skýrslu- og upplýsingargjöf að því er varðar vogunarhlutfallið.

9) Til þess að hindra ekki að nauðsynjalausu útlán stofnana til fyrirtækja og einkaheimila og til að koma í veg fyrir óæskileg neikvæð áhrif á seljanleika á markaði ætti að fastsetja kröfuna um vogunarhlutfallið þannig að það virki sem trúverðugur varnagli gagnvart hættunni á of mikilli vogun án þess að draga úr hagvexti.

10) Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([7]) komst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni frá 3. ágúst 2016 um kröfuna um vogunarhlutfallið að vogunarhlutfall eiginfjárþáttar 1 kvarðaður við 3% fyrir allar tegundir lánastofnana myndi virka sem trúverðugur varnagli. Baselnefndin um bankaeftirlit samþykkti einnig á alþjóðavísu kröfuna um 3% vogunarhlutfallið. Því ætti að kvarða kröfuna um vogunarhlutfall við 3%.

([6]) Stjtíð. ESB C 50, 9.2.2018, bls. 80.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

11) Krafan um 3% vogunarhlutfall myndi því hefta ákveðin viðskiptalíkön og atvinnugreinar meira en önnur. Einkum myndu almennar lánveitingar frá opinberum þróunarbönkum og útflutningslán sem njóta opinbers stuðnings verða fyrir ótilhlýðilegum áhrifum. Því ætti að aðlaga vogunarhlutfallið fyrir þessar tegundir af áhættu. Því ætti að setja skýrar viðmiðanir sem stuðla að því að fastsetja opinbert umboð slíkra lánastofnana sem skulu ná yfir þætti á borð við stofnsetningu þeirra, tegund starfsemi þeirra, markmið og ábyrgðarfyrirkomulag opinberra aðila og takmarkanir á innlánastarfsemi. Form og háttur stofnsetningar slíkra lánastofnana ætti þó áfram að vera háð ákvörðun ríkis, héraðsstjórnar eða staðaryfirvalds hvers aðildarríkis og getur falist í því að slík opinber yfirvöld komi á fót nýrri lánastofnun, kaupi eða taki hana yfir, þ.m.t. með eftirgjöf og ef um er að ræða skilameðferð, á fyrirliggjandi stofnun.

12) Vogunarhlutfall ætti ekki heldur að hindra stöðustofnunarþjónustu stofnana til handa viðskiptavinum sínum. Því ætti upphafstryggingin fyrir miðlægt stöðustofnuð afleiðuviðskipti sem stofnanir taka við frá viðskiptavinum sínum og koma áfram til miðlægra mótaðila að vera útilokuð frá slíkri heildarmælistærð áhættuskuldbindingar.

13) Í sérstökum aðstæðum sem réttlæta útilokun tiltekinna áhættuskuldbindinga gagnvart seðlabönkum frá vogunarhlutfallinu og til að auðvelda framkvæmd stefnu í peningamálum ættu lögbær yfirvöld að geta útilokað tímabundið slíkar áhættuskuldbindingar frá heildarmælistærð áhættuskuldbindingar. Í þessu skyni ættu þau að lýsa því yfir opinberlega, að höfðu samráði við viðkomandi seðlabanka, að slíkar sérstakar aðstæður séu fyrir hendi. Endurkvarða ætti vogunarhlutfallið hlutfallslega til að vega upp á móti áhrifum útilokunarinnar. Slík endurkvörðun ætti að tryggja útilokun alls sem stofnað gæti fjármálastöðugleika í hættu og hefði áhrif á viðkomandi bankageira og viðhalda þanþolinu sem vogunarhlutfallið veitir.

14) Rétt þykir að innleiða kröfu um vogunarhlutfallsauka fyrir stofnanir sem auðkenndar eru sem kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (e. *global systemically important institutions* (G-SIIs)) í samræmi við tilskipun 2012/36/ESB og staðal Baselnefndarinnar um bankaeftirlit sem varðar vogunarhlutfallsauka fyrir kerfislega mikilvæga banka á alþjóðavísu (e. *global systemically important banks* (G-SIBs)) sem var birtur í desember 2017. Vogunarhlutfallsaukinn var kvarðaður af Baselnefndinni um bankaeftirlit í þeim sérstaka tilgangi að milda hlutfallslega meiri hættu sem fjármálastöðugleika stafar af kerfislega mikilvægum bönkum á alþjóðavísu og með það í huga ætti hann sem stendur að gilda eingöngu um kerfislega mikilvæga banka á alþjóðavísu. Hins vegar ætti að fara fram frekari greining til að ákvarða hvort rétt væri að beita kröfu um vogunarhlutfallsauka gagnvart öðrum kerfislega mikilvægum stofunum (e. *other systemically important institutions* (O-SIIs)), eins og skilgreint er í tilskipun 2013/36/ESB, og ef svo er, hvernig aðlaga ætti kvörðunina að sérkennum þessara stofnana.

15) Ráðgjafarnefndin um fjármálastöðugleika birti 9. nóvember 2015 skilmálaskjal varðandi heildartapþol („TLAC-staðallinn“) sem G-20 hópurinn samþykkti á leiðtogafundinum í Tyrklandi í nóvember 2015. TLAC-staðallinn gerir kröfu um að kerfislega mikilvægir bankar á alþjóðavísu búi yfir nægilega miklu tapþoli skuldbindinga (eftirgefanlegra skuldbindinga) til að tryggja að tapi sé mætt og endurfjármögnun fari fram á snurðulausan og skjótan hátt komi til skilameðferðar. Taka ætti TLAC-staðalinn upp í lög Sambandsins.

16) Við upptöku TLAC-staðalsins í lög Sambandsins verður að taka tillit til fyrirliggjandi lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem sett er fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB ([8]). Þar sem TLAC-staðallinn og lágmarkskrafan um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar stefna að sama markmiði, þ.e. að tryggja að stofnanir hafi nægilega tapþolsgetu, ættu þessar tvær kröfur að vera hvor annarri til fyllingar innan sameiginlegs ramma. Í reynd ætti að taka samræmt lágmarksstig TLAC-staðalsins upp í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 með nýrri kröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar en fjalla ætti um viðbót fyrir hverja kerfislega mikilvæga stofnun á alþjóðavísu fyrir sig og kröfuna fyrir hverja stofnun fyrir sig sem er ekki kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu með markvissum breytingum á tilskipun 2014/59/ESB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 ([9]). Ákvæðin sem innleiða TLAC-staðalinn í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 ætti að túlka með hliðsjón af ákvæðunum sem innleidd eru í tilskipun 2014/59/ESB og reglugerð (ESB) nr. 806/2014, og með hliðsjón af tilskipun 2013/36/ESB.

([8]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 frá 15. júlí 2014 um að koma á samræmdum reglum og samræmdri málsmeðferð fyrir skilameðferð lánastofnana og tiltekinna verðbréfafyrirtækja innan ramma sameiginlegs skilameðferðarkerfis og sameiginlegs skilasjóðs og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtíð. ESB L 225, 30.7.2014, bls. 1).

17) Í samræmi við TLAC-staðalinn sem tekur aðeins til kerfislega mikilvægra banka á alþjóðavísu ætti lágmarkskrafan um nægilega stóran eiginfjárgrunn og nægilega mikið tapþol skuldbindinga sem innleidd er í þessari reglugerð eingöngu að gilda um kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu. Hins vegar ættu reglur um hæfar skuldbindingar sem innleiddar eru í þessari reglugerð að gilda um allar stofnanir í samræmi við þær viðbótarleiðréttingar og -kröfur sem settar eru fram í tilskipun 2014/59/ESB.

18) Í samræmi við TLAC-staðalinn ætti krafan um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar að gilda um skilaeiningar sem eru annaðhvort sjálfar kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu eða hluti af samstæðu sem tilgreind er sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu. Krafan um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar ætti að gilda annaðhvort á einingargrunni eða samstæðugrunni allt eftir því hvort slíkar skilaeiningar eru einstakar stofnanir án dótturfélaga eða móðurfélaga.

19) Samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB er ekki aðeins heimilt að nota skilaúrræði í tengslum við stofnanir heldur einnig í tengslum við eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi. Móðureignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð móðureignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi ættu því að hafa nægilega tapþolsgetu á sama hátt og móðurfélög.

20) Til að tryggja skilvirkni kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar er nauðsynlegt að gerningarnir sem varðveittir eru til að uppfylla þessa kröfu hafi mikla tapþolsgetu. Skuldbindingar sem eru útilokaðar frá eftirgjafarúrræðinu sem um getur í tilskipun 2014/59/ESB hafa ekki þessa getu og það hafa ekki heldur aðrar skuldbindingar, sem að meginreglu falla undir eftirgefanlegar skuldbindingar en sem í reynd getur verið erfitt að gefa eftir. Þessar skuldbindingar geta því ekki talist hæfar með tilliti til kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar. Hins vegar hafa fjármagnsgerningar sem og víkjandi skuldir mikla tapþolsgetu. Á sama hátt ætti að viðurkenna upp að vissu marki tapþolsmöguleika skuldbindinga sem metnar eru jafngildar tilteknum skuldbindingum sem eru útilokaðar, í samræmi við TLAC-staðalinn.

21) Til að komast hjá tvítalningu skuldbindinga með tilliti til kröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar ætti að setja reglur um frádrátt eignarhluta í hæfum skuldbindingum sem endurspegla frádráttaraðferðina sem þegar hefur verið þróuð í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar fjármagnsgerninga. Samkvæmt þeirri aðferð ætti fyrst að draga eignarhluti hæfra skuldbindingargerninga frá hæfum skuldbindingum og síðan, að því marki sem þær duga ekki, ætti að draga þessar hæfu skuldbindingargerninga frá gerningum undir þætti 2.

22) TLAC-staðallinn inniheldur nokkrar hæfisviðmiðanir fyrir skuldbindingar sem eru strangari en núgildandi hæfisviðmiðanir fyrir fjármagnsgerninga. Til að tryggja samræmi ætti að aðlaga hæfisviðmiðanir fyrir fjármagnsgerninga að því er varðar óhæfi gerninga sem gefnir eru út af sérstökum verðbréfunaraðilum frá 1. janúar 2022.

23) Nauðsynlegt er að kveða á um skýrt og gagnsætt samþykkisferli fyrir almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem getur stuðlað að því að viðhalda miklum gæðum þessara gerninga. Í þessu skyni ættu lögbær yfirvöld að bera ábyrgð á því að samþykkja þessa gerninga áður en stofnanir geta flokkað þá sem almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1. Hins vegar ættu lögbær yfirvöld ekki að þurfa að krefjast leyfis fyrirfram fyrir almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem gefnir eru út á grundvelli lagalegra skjala sem lögbæra yfirvaldið hefur þegar samþykkt og sem að mestu leyti falla undir sömu ákvæði og þau sem gilda um fjármagnsgerninga sem stofnunin hefur fengið leyfi fyrirfram frá lögbæra yfirvaldinu til að flokka sem almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1. Þegar svo háttar ættu stofnanir að geta tilkynnt lögbærum yfirvöldum sínum um þá fyrirætlun sína að gefa út slíka gerninga í stað þess að biðja um leyfi fyrirfram. Þau ættu að gera það með hæfilegum fyrirvara áður en gerningarnir eru flokkaðir sem almennir eiginfjárgrunnsgerningar þáttar 1 til þess að lögbærum yfirvöldum gefist tími til að endurskoða gerningana ef nauðsyn krefur. Að teknu tilliti til hlutverks Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, sem er að stuðla að samleitni eftirlitsaðferða og efla gæði eiginfjárgrunnsgerninga ættu lögbær yfirvöld að hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina áður en þau samþykkja nýtt form almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1.

24) Fjármagnsgerningar teljast ekki uppfylla skilyrði viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 eða 2 nema þeir uppfylli viðeigandi hæfisviðmiðanir. Slíkir fjármagnsgerningar geta samanstaðið af eigin fé eða skuldbindingum, þ.m.t. víkjandi lánum sem uppfylla þessar viðmiðanir.

25) Fjármagnsgerningar eða hlutar fjármagnsgerninga ættu ekki að teljast uppfylla skilyrði eiginfjárgrunnsgerninga nema að svo miklu leyti sem þeir hafa verið greiddir upp. Svo lengi sem hlutar gernings eru ekki greiddir upp ættu þessir hlutar ekki að teljast uppfylla skilyrði eiginfjárgrunnsgerninga.

26) Eiginfjárgrunnsgerningar og gernignar vegna hæfra skuldbindinga ættu ekki að fela í sér rétt til jöfnunar eða skuldajöfnunar (e. *set-off or netting arrangements*) sem gætu skaðað tapþolsgetu þeirra við skilameðferð. Þetta ætti ekki að þýða að ákvæði í samningi um skuldbindingar ættu að fela í sér skilmála þar sem sérstaklega er tekið fram að gerningurinn feli ekki í sér rétt til jöfnunar eða skuldajöfnunar.

27) Þar sem bankageirinn færist í æ ríkara mæli yfir í stafrænt umhverfi þá er hugbúnaður að verða mikilvægari tegund eigna. Hugbúnaðareignir sem metnar eru á varfærinn hátt ættu ekki að falla undir frádrátt óefnislegra eigna frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1 enda rýrnar virði þeirra ekki verulega við skilameðferð, ógjaldfærni eða félagsslit stofnunar. Þessi tilgreining er mikilvæg þar sem hugbúnaður er víðtækt hugtak sem tekur til margra mismunandi tegunda eigna sem halda ekki allar virði sínu við slit (e. *gone concern*). Í þessu samhengi ætti að taka tillit til mismunandi mats og afskriftar á hugbúnaði og raunverulegrar sölu slíkra eigna. Enn fremur ætti að taka tillit til þróunar á alþjóðavettvangi og þess mismunar sem gætir í reglusetningu um meðferð fjárfestinga í hugbúnaði, mismunandi varfærnisreglna sem gilda um stofnanir og vátryggingafélög og fjölbreytni fjármálageirans í Sambandinu, einkum að því er varðar óeftirlitsskylda aðila á borð við fjármálatæknifyrirtæki.

28) Til þess að koma í veg fyrir hengiflugsáhrif (e. *cliff-edge effects*) er nauðsynlegt að láta eldri reglur gilda um núverandi gerninga að því er varðar ákveðnar hæfisviðmiðanir. Að því er varðar skuldbindingar sem hafa verið gefnar út fyrir 27. júní 2019 ætti að veita undanþágu fyrir ákveðnar hæfisviðmiðanir fyrir eiginfjárgrunnsgerninga og hæfar skuldbindingar. Þetta ákvæði um að eldri reglur ætti að gilda um skuldbindingar sem, eftir atvikum, eru reiknaðar með inn í víkjandi hluta heildartapþols og víkjandi hluta lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB, sem og um skuldbindingar sem, eftir atvikum, eru reiknaðar með í þeim hluta heildartapþols sem ekki er víkjandi og þeim hluta lágmarkskröfunnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem ekki er víkjandi samkvæmt tilskipun 2014/59/ESB. Að því er varðar eiginfjárgrunnsgerninga þá hætta eldri reglurnar að gilda 28. júní 2025.

29) Gerningar vegna hæfra skuldbindinga, þ.m.t. þeir sem hafa skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár, er ekki hægt að uppgreiða fyrr en skilastjórnvald hefur veitt til þess leyfi fyrirfram. Slíkt fyrirframleyfi gæti einnig verið almennt fyrirframleyfi, en í því tilviki verður uppgreiðslan að hafa átt sér stað innan tiltekinna tímamarka og fyrir fyrirframákveðna fjárhæð sem er tilgreind í almenna fyrirframleyfinu.

30) Frá því reglugerð (ESB) nr. 575/2013 var samþykkt hefur alþjóðlega staðlinum um varfærnismeðferð á áhættuskuldbindingum stofnana vegna miðlægra mótaðila verið breytt til þess að bæta meðferðina á skuldbindingum stofnana vegna fullgildra miðlægra mótaðila (e. *qualifying CCPs (*QCCPs*)*). Meðal helstu breytinga á þessum staðli má telja notkun á einni aðferð til að ákvarða kröfuna vegna eiginfjárgrunns að því er varðar allar áhættuskuldbindingar vegna framlaga í vanskilasjóð, skýrt þak á heildarkröfur vegna eiginfjárgrunns sem gilda um skuldbindingar vegna fullgildra miðlægra mótaðila og áhættunæmari nálgun til að fastsetja virði afleiðna við útreikning á hugsanlegu fjármagni sem fullgildur, miðlægur mótaðili hefur yfir að ráða. Meðferð áhættuskuldbindinga gagnvart miðlægum mótaðilum sem ekki eru fullgildir hélst þó óbreytt. Þar sem endurskoðaðir alþjóðlegir staðlar innleiddu meðferð sem hentar betur umhverfi miðlægra mótaðila ætti að breyta lögum Sambandsins þannig að þau nái yfir þessa staðla.

31) Til að tryggja að stofnanir geti með fullnægjandi hætti stýrt áhættuskuldbindingum sínum í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu ættu reglurnar um hvernig eigi að meðhöndla þessar áhættuskuldbindingar að vera áhættunæmar og stuðla að gagnsæi að því er varðar undirliggjandi áhættuskuldbindingar hlutabréfanna í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Baselnefndin um bankaeftirlit hefur því samþykkt endurskoðaðan staðal sem fastsetur skýra stigskiptingu aðferða til að reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna slíkra áhættuskuldbindinga. Þessi stigskipting endurspeglar gagnsæi undirliggjandi áhættuskuldbindinga. Aðlaga ætti reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að þessum reglum sem samþykktar hafa verið á alþjóðavísu.

32) Hvað varðar stofnun sem lætur í té lágmarksvirðisskuldbindingu, sem á endanum er í þágu almennra fjárfesta, vegna fjárfestingar í hlutdeildarskírteini eða hlutabréfi í sjóði um sameiginlega fjárfestingu, þ.m.t. sem hluti af kerfi séreignarsparnaðar með ríkisábyrgð, er ekki krafist neinnar greiðslu af hálfu stofnunarinnar eða fyrirtækisins sem fellur undir sama gildissvið varfærinnar samstæðu nema virði hlutdeildarskírteina eða verðbréfa viðskiptavinarins í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu fari niður fyrir hina tryggðu fjárhæð á einum eða fleiri tímapunktum sem tilgreindir eru í samningnum. Líkurnar á að þessi skuldbinding komi til framkvæmdar eru því í reynd litlar. Ef lágmarksvirðisskuldbinding stofnunar takmarkast við hundraðshluta þeirra fjárhæðar sem viðskiptavinur fjárfesti upphaflega í hlutabréfum eða hlutdeildarskírteinum í sjóði um sameiginlega fjárfestingu (skuldbinding um lágmarksvirði fastrar fjárhæðar) eða við fjárhæð sem miðast við niðurstöðu fjárhagslegra mælikvarða eða markaðsvísa fram að tilteknum

tímapunkti, myndar sérhver fyrirliggjandi mismunur á virði hlutabréfa eða hlutdeildarskírteina viðskiptavinarins og núvirði tryggðrar fjárhæðar á tiltekinni dagsetningu, vernd og dregur úr hættunni á því að stofnunin þurfi að greiða fjárhæðina sem tryggð er. Allar þessar ástæður réttlæta lækkaðan breytistuðul.

33) Til að reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiðusamninga samkvæmt reglum um útlánaáhættu mótaðila gefur reglugerð (ESB) nr. 575/2013 sem stendur stofnunum kost á að velja um þrjár mismunandi staðalaðferðir: stöðluðu aðferðina (e. *Standardised Method* (SM)) markaðsvirðisaðferðina (e. *Mark-to-Market Method* (MtMM)) og aðferð upprunalegrar áhættu (e. *Original Exposure Method* (OEM).

34) Þessar stöðluðu aðferðir taka þó ekki nægilegt tillit til þeirra áhrifa sem tryggingar hafa til mildunar áhættu. Kvörðun þeirra er úrelt og endurspeglar ekki það mikla flökt sem átti sér stað í fjármálakreppunni. Þær taka heldur ekki sem skyldi tillit til jákvæðra áhrifa skuldajöfnunar. Til að takast á við þessa annmarka hefur Baselnefndin um bankaeftirlit ákveðið að láta nýja staðalaðferð, svokallaða staðalaðferð fyrir útlánaáhættu mótaðila (e. Standardised Approach for Counterparty Credit Risk (SA-CCR)) koma í stað stöðluðu aðferðarinnar og markaðsvirðisaðferðarinnar til að reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiðusamninga. Þar sem endurskoðaðir alþjóðlegir staðlar hafa innleitt nýja staðalaðferð sem hentar betur umhverfi miðlægra mótaðila ætti að breyta lögum Sambandsins þannig að þau nái yfir þessa staðla.

35) Staðalaðferðin fyrir útlánaáhættu mótaðila er áhættunæmari en staðlaða aðferðin og markaðsvirðisaðferðin og ætti því að leiða til eiginfjárgrunnskrafna sem endurspegla betur þá áhættu sem tengist afleiðuviðskiptum stofnunar. Á sama tíma getur verið að staðalaðferðin fyrir útlánaáhættu mótaðila reynist of flókin og íþyngjandi í framkvæmd fyrir þær stofnanir sem nú nota markaðsvirðisaðferðina. Hvað varðar stofnanir sem uppfylla fyrirframskilgreindar kröfur og stofnanir sem eru hluti af samstæðu sem uppfylla þær kröfur á samstæðugrunni ætti að setja fram einfaldaða útgáfu af staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu mótaðila (e. the simplified SA-CCR). Þar sem slík einfölduð útgáfa er ekki jafn áhættunæm og staðalaðferðin fyrir útlánaáhættu mótaðila ætti hún að vera kvörðuð á þann hátt að tryggt sé að hún vanmeti ekki áhættuskuldbindingarvirði afleiðusamninga.

36) Hvað varðar stofnanir sem hafa takmarkaðar afleiðuáhættuskuldbindingar og sem nú nota markaðsvirðisaðferðina eða aðferð upprunalegrar áhættu gætu bæði staðalaðferðin fyrir útlánaáhættu mótaðila og einfaldaða staðalaðferðin fyrir útlánaáhættu mótaðila verið of flóknar í framkvæmd. Aðferð upprunalegrar áhættu ætti því að nota til vara sem aðra aðferð fyrir þessar stofnanir sem uppfylla fyrirframskilgreindar hæfisviðmiðanir og stofnanir sem eru hluti af samstæðu sem uppfyllir þessar viðmiðanir á samstæðugrunni en þær ætti að endurskoða til að ráða bót á helstu annmörkum þeirra.

37) Val á heimiluðum aðferðum ætti að byggjast á skýrum skilyrðum. Þau skilyrði ættu að grundvallast á umfangi starfsemi stofnunarinnar með afleiður sem ætti svo að endurspegla getu stofnunar til að beita flóknari aðferðum við útreikning áhættuskuldbindingarvirðis.

38) Á meðan á fjármálakreppunni stóð var verulegt tap í veltubók sumra stofnana með staðfestu í Sambandinu. Hjá sumum þeirra nægði tilskilið eigið fé ekki til þess að mæta tapinu sem varð til þess að þær leituðu eftir sérstökum fjárstuðningi frá hinu opinbera. Þetta leiddi til þess að Baselnefndin um bankaeftirlit leiðrétti fjölda ágalla sem vörðuðu varfærnismeðferðina fyrir stöður í veltubók sem tengdust eiginfjárkröfum vegna markaðsáhættu.

39) Árið 2009 lauk fyrstu syrpu endurbóta á alþjóðavísu sem var leidd í lög Sambandsins með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/76/EB ([10]). Endurbæturnar 2009 tóku hins vegar ekki á kerfislægum ágöllum í tengslum við staðlana um eiginfjárkröfur vegna markaðsáhættu. Skýr skil milli veltubóka og fjárfestingarbóka sem vantaði gerði eftirlitshögnun mögulega meðan skortur á áhættunæmi eiginfjárkrafna vegna markaðsáhættu fól í sér að ekki var hægt að taka fullt tillit til þeirrar áhættu sem stofnanir voru óvarðar fyrir.

([10]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/76/ESB frá 24. nóvember 2010 um breytingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB að því er varðar eiginfjárkröfur vegna veltubókar og endurverðbréfana og eftirlit með starfskjarastefnu (Stjtíð. ESB L 329, 14.12.2010, bls. 3).

40) Baselnefndin um bankaeftirlit hratt af stað gagngerri endurskoðun á veltubókinni (e. *fundamental review of the trading book* (FRTB)) til að ráða bót á kerfislægum ágöllum í tengslum við staðlana um eiginfjárkröfur vegna markaðsáhættu. Sú vinna leiddi til þess að í janúar 2016 var birtur endurskoðaður rammi fyrir markaðsáhættu. Í desember 2017 kom hópur seðlabankastjóra og forstöðumanna fjármálaeftirlita sér saman um að framlengja frestinn fyrir framkvæmd endurskoðaða rammans fyrir markaðsáhættu til að gefa stofnunum meiri tíma til að þróa nauðsynleg innviðakerfi og einnig til þess að Baselnefndin um bankaeftirlit gæti fjallað um tiltekin sértæk málefni sem vörðuðu rammann. Þetta felur í sér endurskoðun á kvörðununum á staðalaðferðinni og innramatsaðferðinni til að tryggja samkvæmni við upphaflegar væntingar Baselnefndarinnar um bankaeftirlit. Að lokinni endurskoðun og áður en áhrifin sem endurskoðunin á rammanum um gagngera endurskoðun á veltubókinni hefur á stofnanir í Sambandinu eru metin ættu allar stofnanir, sem myndu falla undir rammann um gagngera endurskoðun á veltubókinni í Sambandinu, að taka til við að tilkynna um útreikningana sem leiðir af endurskoðaðri staðalaðferð. Í þessu skyni ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerð í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) til að gera útreikningana vegna krafnanna um skýrslugjöf tilbúna til notkunar í samræmi við þróun á alþjóðavísu. Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja þessa framseldu gerð eigi síðar en 31. desember 2019. Stofnanir ættu að byrja að tilkynna þennan útreikning eigi síðar en einu ári eftir að þessi framselda gerð hefur verið samþykkt. Auk þess ættu stofnanir sem fá samþykki fyrir að nota, í tilkynningarskyni, endurskoðuðu eiginlíkansaðferðina fyrir rammann um gagngera endurskoðun á veltubókinni, einnig að tilkynna útreikninginn samkvæmt eiginlíkansaðferðinni þremur árum eftir að hún kemur að fullu til notkunar.

41) Innleiðing skýrslugjafarkrafna vegna aðferðanna um gagngera endurskoðun á veltubókinni ætti að teljast vera fyrsta skref í átt að framkvæmd rammans um gagngera endurskoðun á veltubókinni í Sambandinu. Að teknu tillit endanlegrar endurskoðunar Baselnefndarinnar um bankaeftirlit á rammanum um gagngera endurskoðun á veltubókinni, afleiðinganna af áhrifum þessarar endurskoðunar á stofnanir í Sambandinu og á aðferðirnar um gagngera endurskoðun á veltubókinni sem þegar eru settar fram í þessari reglugerð fyrir skýrslugjafarkröfur, ætti framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, að leggja fram tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 30. júní 2020 um hvernig ætti að koma rammanum um gagngera endurskoðun á veltubókinni til framkvæmdar í Sambandinu til að fastsetja eiginfjárgrunnskröfur vegna markaðsáhættu.

42) Meðhöndlun vegna markaðsáhættu þar sem meðalhófs er gætt ætti einnig að gilda um stofnanir með takmarkaða starfsemi í veltubók, þannig að fleiri stofnanir með litla starfsemi í veltubók geti notað rammann um útlánaáhættu fyrir stöður í fjárfestingarbók eins og sett er fram í endurskoðaðri útgáfu af undanþágu fyrir lítil viðskipti í veltubók. Einnig ætti að taka mið af meðalhófsreglunni þegar framkvæmdastjórnin endurmetur hvernig stofnanir með meðalstór viðskipti í veltubók ættu að reikna út eiginfjárgrunnskröfur vegna markaðsáhættu. Einkum ætti að endurskoða kvörðunina á eiginfjárgrunnskröfunum vegna markaðsáhættu fyrir stofnanir með meðalstór viðskipti í veltubók í ljósi þróunar á alþjóðavísu. Á meðan ættu stofnanir með meðalstór viðskipti í veltubók, sem og stofnanir með lítil viðskipti í veltubók að vera undanskilin skýrslugjafarkröfunum í tengslum við gagngera endurskoðun á veltubókinni.

43) Styrkja ætti rammann um stórar áhættuskuldbindingar til að auka getu stofnana til að bera tap og hlíta betur alþjóðlegum stöðlum. Í þessu skyni ætti að nota eigið fé af meiri gæðum sem eiginfjárgrunn fyrir útreikninginn á takmörkun stórra skuldbindinga og áhættuskuldbindingar vegna lánaafleiðna ætti að reikna út í samræmi við staðalaðferðina fyrir útlánaáhættu mótaðila. Enn fremur ætti að lækka takmörkunina á áhættuskuldbindingar sem kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu kunna að hafa vegna annarra kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu til að draga úr kerfisáhættu tengdri innbyrðis sambandi stórra stofnana og áhrifunum sem vanskil mótaðila kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu kunna að hafa á fjármálastöðugleika.

44) Lausafjárþekjuhlutfall (e. *liquidity coverage ratio* (LCR)) tryggir að stofnanir koma til með að þola mikið álag til skamms tíma en tryggir ekki að þessar stofnanir muni vera með stöðugra fjármögnunarskipulag til lengri tíma litið. Þannig varð ljóst að þróa ætti nákvæma bindandi kröfu um stöðuga fjármögnun á vettvangi Sambandsins sem ávallt ætti að uppfylla til að koma í veg fyrir verulegt gjalddagamisræmi milli eigna og skulda og oftrú á heildsölufjármögnun til skemmri tíma.

45) Í samræmi við staðal Baselnefndarinnar um bankaeftirlit um stöðuga fjármögnun ætti því að samþykkja reglur sem skilgreina kröfuna um stöðuga fjármögnun sem hlutfallið milli fjárhæðar tiltækrar stöðugrar fjármögnunar og fjárhæðar nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar á eins árs tímabili. Þessi bindandi krafa ætti að vera kölluð krafan um hlutfall stöðugrar fjármögnunar (e. *net stable funding ratio* (NSFR)). Fjárhæð tiltækrar stöðugrar fjármögnunar ætti að reikna með því að margfalda skuldbindingar stofnunarinnar og eiginfjárgrunn með viðeigandi stuðlum sem endurspegla áreiðanleika þeirra miðað við hlutfall stöðugrar fjármögnunar á eins árs tímabili. Fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar

fjármögnunar ætti að vera reiknuð út með því að margfalda eignir stofnunarinnar og áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings með viðeigandi stuðlum sem endurspegla seljanleikaeiginleika þeirra og eftirstöðvartíma hlutfalls stöðugrar fjármögnunar á eins árs tímabili.

46) Hlutfall stöðugrar fjármögnunar ætti að setja fram sem hundraðshlutfall og miðast við minnst 100% lágmark sem gefur til kynna að stofnunin hafi yfir að ráða fullnægjandi stöðugri fjármögnun til að mæta fjármögnunarþörf sinni á eins árs tímabili bæði við venjulegar aðstæður og á álagstímum. Fari hlutfall stöðugrar fjármögnunar niður fyrir 100% lágmarkið ættu lánastofnanir að hlíta þeim sérstöku kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 til að endurheimta lágmarkshlutfall stöðugrar fjármögnunar í tæka tíð. Ef kröfunni um hlutfall stöðugrar fjármögnunar er ekki hlítt ætti ekki að beita eftirlitsráðstöfunum með sjálfvirkum hætti. Þess í stað ættu lögbær yfirvöld að meta ástæðurnar fyrir því að hlutfall stöðugrar fjármögnunar er ekki virt áður en þau skilgreina mögulegar eftirlitsráðstafanir.

47) Í samræmi við tilmæli Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar í skýrslu hennar frá 15. desember 2015 um kröfur um stöðuga fjármögnun skv. 510. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 þá ættu reglurnar um útreikning á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar að vera vel samræmdar stöðlum Baselnefndarinnar um bankaeftirlit, þ.m.t. þróun þessara staðla að því er varðar meðhöndlun afleiðuviðskipta. Nauðsyn þess að taka tillit til sérstakra evrópskra sérkenna til að tryggja að krafan um hlutfall stöðugrar fjármögnunar hindri ekki fjármögnun evrópska raunhagkerfisins, réttlætir hins vegar að nokkrar aðlaganir séu gerðar á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar sem Baselnefndin um bankaeftirlit hefur þróað vegna skilgreiningarinnar á kröfu um hlutfall stöðugrar fjármögnunar á vettvangi Evrópu. Þessar aðlaganir sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin mælir með í evrópsku samhengi og varða einkum sérstaka meðferð á gegnumstreymislíkönum almennt og útgáfu sértryggðra skuldabréfa sérstaklega, viðskiptafjármögnun, miðstýrðan lögverndaðan sparnað, tryggð íbúðalán, lánafélög, miðlæga mótaðila eða miðlægar verðbréfastofnanir sem gera ekki neinar verulegar breytingar á binditíma. Þessar fyrirhuguðu sértæku meðferðir endurspegla í grófum dráttum þá ívilnandi meðferð sem þessi starfsemi nýtur samkvæmt evrópska lausafjárþekjuhlutfallinu samanborið við lausafjárþekjuhlutfallið sem Baselnefndin um bankaeftirlit þróaði. Þar sem hlutfall stöðugrar fjármögnunar kemur til viðbótar lausafjárþekjuhlutfallinu ættu þessi tvö hlutföll að vera samræmd hvað varðar skilgreiningu þeirra og kvörðun. Þetta á einkum við hvað varðar stuðla nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem gilda um hágæða lausafjáreignir í lausafjárþekjuhlutfalli við útreikning á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar sem ætti að endurspegla skilgreiningar og frádrag evrópska lausafjárþekjuhlutfallsins, óháð hlítingu við almennar kröfur og skipulagskröfur sem fastsettar eru fyrir útreikning á lausafjárþekjuhlutfalli sem eiga ekki við um útreikninginn á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar á eins árs tímabili.

48) Auk þessara evrópsku sérkenna gæti meðferð afleiðuviðskipta í tengslum við hlutfall stöðugrar fjármögnunar sem Baselnefndin um bankaeftirlit þróaði haft veruleg áhrif á afleiðustarfsemi stofnana og þar af leiðandi á evrópska fjármálamarkaði og á möguleika endanlegra notenda til að framkvæma ákveðin viðskipti. Innleiðing hlutfalls stöðugrar fjármögnunar sem Baselnefndin um bankaeftirlit þróaði gæti haft ótilhlýðileg og óhófleg áhrif á afleiðuviðskipti og sum innbyrðis tengd viðskipti, þ.m.t. stöðustofnunarstarfsemi ef hún er framkvæmd án þess að víðtækar megindlegar rannsóknir og samráð við almenning hafi farið fram. Viðbótarkrafan um að hafa yfir að ráða á milli 5% og 20% af stöðugu fjármagni á móti vergum afleiðuskuldum telst almennt vera róttæk ráðstöfun til að fanga viðbótarfjármögnunaráhættu tengda mögulegri aukningu á afleiðuskuldum á eins árs tímabili og er hún í endurskoðun hjá Baselnefndinni um bankaeftirlit. Þessari kröfu, sem innleidd var á 5% stigi í samræmi við þann ákvörðunarrétt sem Baselnefndin um bankaeftirlit veitir lögsagnarumdæmum til að lækka tilskilinn stuðul fyrir útreikning á kröfunni um stöðuga fjármögnun vegna vergra afleiðuskulda, væri því hægt að breyta til að taka mið af þróun mála innan Baselnefndarinnar um bankaeftirlit og til að komast hjá mögulegum ófyrirséðum afleiðingum, s.s. hindrun á góðri virkni evrópskra fjármálamarkaða og aðgengi stofnana og endanlegra notenda, sem og fyrirtækja, að verkfærum til áhættuvarnar í því skyni að tryggja fjármögnun þeirra sem væri þá eitt af markmiðum sambands fjármagnsmarkaðanna.

49) Þessi ósamhverfa meðferð Baselnefndarinnar um bankaeftirlit á skammtímafjármögnun, s.s. endurhverfum verðbréfakaupum (stöðug fjármögnun ekki viðurkennd) og endurhverfri verðbréfasölu (krafist er ákveðinnar stöðugrar fjármögnunar – 10% ef hún er tryggð á stigi 1 með hágæða lausafjáreignum (e. *high quality liquid assets* (HQLA)) eins og skilgreint er í lausafjárþekjuhlutfallinu og 15% fyrir önnur viðskipti) í tengslum við viðskiptavini, hefur að markmiði að vega á móti víðtækum skammtíma fjármögnunartengslum milli viðskiptavina á fjármálamarkaði, þar sem slík tengsl eru uppspretta vixltengsla sem gera erfiðara fyrir að taka tiltekna stofnun til skilameðferðar án þess að áhætta berist til annarra hluta fjármálakerfisins komi til greiðsluþrots. Hins vegar er kvörðun ósamhverfunnar varfærin og getur haft áhrif á seljanleika verðbréfa sem alla jafna eru notuð sem trygging í skammtímaviðskiptum einkum með ríkisskuldabréf þar sem stofnanir munu að öllum líkindum draga úr umfangi starfsemi sinnar á mörkuðum fyrir endurhverf verðbréfakaup. Einnig gæti það grafið undan starfsemi viðskiptavaka vegna þess að markaðir með endurhverf verðbréfakaup auðvelda stýringu á nauðsynlegri skrá sem þannig væri í andstöðu við markmið sambands fjármagnsmarkaða í Evrópu. Til að gefa stofnunum nægilegan tíma til að aðlagast smám saman þessari varfærnu kvörðun ætti að koma á umbreytingartímabili meðan stuðlar tiltekinnar stöðugrar fjármögnunar yrðu tímabundið lækkaðir. Umfang tímabundinnar lækkunar á stuðlunum til að reikna út kröfuna um stöðuga fjármögnun ætti að miðast við tegundir viðskipta og þá tegund tryggingar sem er notuð í þessum viðskiptum.

50) Til viðbótar við hina tímabundnu endurkvörðun á stuðli Baselnefndarinnar um bankaeftirlit til að reikna út kröfuna um stöðuga fjármögnun sem gildir um skammtíma endurhverf verðbréfaviðskipti við viðskiptavini á fjármálamarkaði sem tryggð eru með ríkisskuldabréfum hafa sumar aðrar leiðréttingar reynst vera nauðsynlegar til að innleiðing á kröfunni um hlutfall stöðugrar fjármögnunar hindri ekki seljanleika á mörkuðum fyrir ríkisskuldabréf. 5% stuðull Baselnefndarinnar um bankaeftirlit fyrir útreikning á kröfunni um stöðuga fjármögnun sem gildir um hágæðalausafjáreignir á stigi 1, þ.m.t. ríkisskuldabréf, felur í sér að stofnanir þyrftu að hafa yfir að ráða slíkum tafarlaust aðgengilegum hundraðshluta langtímafjármögnunar óháð því hversu lengi þær reikna með að eiga slík ríkisskuldabréf. Þetta gæti mögulega hvatt stofnanir til þess að geyma fé hjá seðlabönkum frekar en að aðhafast sem aðalmiðlarar og veita lausafé til markaða með ríkisskuldabréf. Auk þess samrýmist það ekki lausafjárþekjuhlutfalli sem viðurkennir fullan seljanleika þessara eigna jafnvel þegar verulegt álag er á lausafjárstöðu (0% frádrag). Stuðullinn fyrir útreikning á kröfunni um stöðuga fjármögnun fyrir hágæðalausafjáreignir á stigi 1 eins og skilgreint er í evrópska lausafjárþekjuhlutfallinu ætti því að vera lækkaður úr 5% niður í 0%.

51) Enn fremur ættu allar hágæða lausafjáreignir á stigi 1 eins og þær eru skilgreindar í evrópska lausafjárþekjuhlutfallinu, að frátöldum sértryggðum skuldabréfum af mjög miklum gæðum, sem tekið er við sem viðbótartryggingu í afleiðusamningum, að vega upp á móti afleiðueignum meðan hlutfall stöðugrar fjármögnunar sem þróað er af Baselnefndinni um bankaeftirlit viðurkennir eingöngu reiðufé sem samrýmist skilyrðum reglna um vogun til að vega á móti afleiðueignum. Þessi rýmri viðurkenning á eignum sem tekið er við sem viðbótartryggingu mun stuðla að seljanleika á mörkuðum með ríkisskuldabréf, koma í veg fyrir að endanlegum notendum sem eiga miklar fjárhæðir í ríkisskuldabréfum en litlar í reiðufé (á borð við lífeyrissjóði) sé refsað og kemur í veg fyrir að frekari spenna myndist hvað varðar eftirspurn eftir reiðufé á mörkuðum fyrir endurhverf verðbréfakaup.

52) Krafan um hlutfall stöðugrar fjármögnunar ætti að gilda um stofnanir bæði á einingargrunni og á samstæðugrunni nema lögbær yfirvöld veiti undanþágu frá beitingu kröfunnar um hlutfall stöðugrar fjármögnunar á einingargrunni. Ef undanþágan frá beitingu kröfunnar um hlutfall stöðugrar fjármögnunar á einingargrunni hefur ekki verið veitt ættu viðskipti milli tveggja stofnana sem tilheyra sömu samstæðu eða sama stofnanaverndarkerfi að meginreglu til að fá samhverfa stuðla að því er varðar aðgang að aðgengilegri og nauðsynlegri stöðugri fjármögnun til að komast hjá tapi á fjármögnun á innri markaðinum og til að hindra ekki skilvirka lausafjárstýringu hjá evrópskum samstæðum með miðlæga lausafjárstýringu. Slíka ívilnandi samhverfa meðferð ætti eingöngu að veita viðskiptum innan samstæðu þar sem allar nauðsynlegar verndarráðstafanir eru til staðar á grundvelli viðbótarskilyrða vegna viðskipta yfir landamæri og aðeins með fyrirframsamþykki viðkomandi lögbæra yfirvalda þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að stofnanir sem eiga í erfiðleikum við að uppfylla greiðsluskyldur sínar muni alltaf fá fjármagnsstuðning frá öðrum fyrirtækjum sem tilheyra sömu samstæðu eða sama stofnanaverndarkerfi.

53) Litlum og einföldum stofnunum ætti að gefast kostur á að nota einfaldaða útgáfu af kröfunni um hlutfall stöðugrar fjármögnunar. Einfölduð og ekki jafn sundurliðuð útgáfa af kröfunni um hlutfall stöðugrar fjármögnunar ætti að taka til samantektar á takmörkuðum fjölda gagnapunkta sem myndi draga úr flækjustigi við útreikning þessara stofnana í samræmi við meðalhófsregluna en jafnframt tryggja að þær hafi áfram nægilega stöðugan fjármögnunarstuðul með hjálp kvörðunar sem ætti að vera a.m.k. jafn varfærin og óstytta krafan um hlutfall stöðugrar fjármögnunar. Hins vegar ættu lögbær yfirvöld að geta krafið litlar og einfaldar stofnanir um að þær beiti óstyttu kröfunni um hlutfall stöðugrar fjármögnunar í stað einfölduðu útgáfunnar.

54) Samstæða dótturfyrirtækja í þriðju löndum ætti að taka fullt tillit til krafna um stöðuga fjármögnun sem gilda um þessi lönd. Til samræmis við það ættu samstæðureglur í Sambandinu ekki að kveða á um hagstæðari meðferð að því er varðar aðgengilega og tilskilda stöðuga fjármögnun í dótturfyrirtækjum í þriðju löndum en þá sem býðst samkvæmt landslögum þessara þriðju landa.

55) Stofnunum ætti að bera skylda til að tilkynna lögbærum yfirvöldum sínum í uppgjörsgjaldmiðlinum þá bindandi sundurliðuðu kröfu um hlutfall stöðugrar fjármögnunar vegna allra liða og á aðskilinn hátt vegna liða sem tilgreindir eru í hverjum mikilvægum gjaldmiðli til að tryggja viðeigandi eftirlit með mögulegu misvægi erlendra gjaldmiðla. Krafan um hlutfall stöðugrar fjármögnunar ætti ekki fela í sér að stofnanir heyri undir tvöfalda skýrslugjöf eða skýrslugjafarkröfur sem samrýmast ekki gildandi reglum og ættu þær að fá nægan tíma til að búa sig undir gildistöku nýrra skýrslugjafarkrafna.

56) Þar sem ein grundvallarforsenda fyrir heilbrigðu bankakerfi er að markaðurinn fái merkingarbærar og sambærilegar upplýsingar um sameiginlegar lykiláhættumælistikur er nauðsynlegt að draga eins mikið og hægt er úr misvægi í upplýsingum og auðvelda samanburð á áhættusniðum lánastofnana innan og milli lögsagna. Baselnefndin um bankaeftirlit birti í janúar 2015 endurskoðuðu upplýsingastaðlana fyrir stoð 3 til að stuðla að auknu samanburðarhæfi, gæðum og samræmi skyldubundinna upplýsinga sem stofnanir skulu láta markaðinum í té. Því er rétt að breyta fyrirliggjandi kröfum um upplýsingagjöf til þess að hrinda þessum nýju alþjóðlegu stöðlum í framkvæmd.

57) Fram kom í svörum við boði framkvæmdastjórnarinnar um að leggja fram athugasemdir við regluramma ESB um fjármálaþjónustu að kröfurnar um upplýsingagjöf væru óhóflegar og íþyngjandi fyrir smærri stofnanir. Með fyrirvara um að laga upplýsingarnar enn frekar að alþjóðlegum stöðlum ættu litlar og einfaldar stofnanir ekki að þurfa að birta jafn nákvæmar upplýsingar eða jafnoft og stærri fyrirtæki og draga mætti þannig úr stjórnsýsluálaginu sem á þeim hvílir.

58) Útlista ætti nánar birtingu upplýsinga um starfskjör. Kröfurnar um upplýsingagjöf í tengslum við starfskjör eins og þær eru settar fram í þessari reglugerð ættu að samrýmast markmiðum starfskjarareglnanna, þ.e. að taka upp og viðhalda starfskjarastefnu og -venjum, að því er varðar þá flokka starfsfólks sem við störf sín hefur veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar, starfskjarastefnu og starfshætti sem eru í samræmi við skilvirka áhættustýringu. Enn fremur ætti að skylda stofnanir sem njóta undanþágu frá tilteknum starfskjarareglum til að birta upplýsingar um slíka undanþágu.

59) Lítil og meðalstór fyrirtæki eru ein af stoðum efnahagslífs Sambandsins þar sem þau gegna grundvallarhlutverki við að skapa hagvöxt og atvinnu. Að teknu tilliti til þess að lítil og meðalstór fyrirtæki fela í sér minni kerfislæga áhættu en stærri félög ættu eiginfjárkröfur vegna áhættuskuldbindinga lítilla og meðalstórra fyrirtækja að vera minni en þær sem gilda um stór félög til að tryggja sem besta fjármögnun frá bönkum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Sem stendur njóta áhættuskuldbindingar lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem nema allt að 1,5 milljónum evra 23,81% lækkunar á fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga. Að því gefnu að 1,5 milljóna evra hámarkið vegna áhættuskuldbindingar lítils og meðalstórs fyrirtækis bendi ekki til breytinga á áhættustigi lítilla og meðalstórra fyrirtækja ætti lækkun eiginfjárkrafna að vera rýmkuð þannig að hún nái til allt að 2,5 milljóna evra og ætti sá hluti áhættuskuldbindingar lítils og meðalstórs fyrirtækis sem fer yfir 2,5 milljónir evra að njóta 15% lækkunar á eiginfjárkröfum.

60) Fjárfestingar í innviðum eru nauðsynlegar til að styrkja samkeppnishæfni Evrópu og stuðla að atvinnusköpun. Endurreisn efnahagslífs Sambandsins og vöxtur þess í framtíðinni fer að miklu leyti eftir því hvort fjármagn til mikilvægra fjárfestinga sem hafa þýðingu fyrir Evrópu í innviðum, einkum breiðbandi og orkunetum, sem og flutningainnviðum þ.m.t. innviðum sem tengjast hreyfanleika með notkun rafmagns, einkum í iðnaðarmiðstöðvum, menntun, rannsóknum og nýsköpun og endurnýjanlegri orku og orkunýtni. Fjárfestingaráætlun fyrir Evrópu miðar að því að stuðla að viðbótarfjármögnun til lífvænlegra innviðaverkefna meðal annars með því að virkja frekari fjármögnunarleiðir einkaaðila. Hvað varðar fjölda mögulegra fjárfesta er helsta áhyggjuefnið það að lífvænleg verkefni eru ekki til staðar og að getan til að meta áhættuna á tilhlýðilegan hátt er takmörkuð vegna þess hve flókin þau eru í eðli sínu.

61) Til þess að hvetja til fjárfestinga einkaaðila og fjárfestinga af hálfu hins opinbera í innviðaverkefnum er nauðsynlegt að koma á reglugerðarumhverfi sem getur stuðlað að innviðaverkefnum af miklum gæðum og draga úr áhættu fyrir fjárfesta. Einkum ætti að draga úr eiginfjárkröfum vegna áhættuskuldbindinga að því er varðar innviðaverkefni að því gefnu að þær uppfylli ákveðnar viðmiðanir sem geta dregið úr áhættusniði þeirra og stuðlað að fyrirsjáanlegu sjóðstreymi. Framkvæmdastjórnin ætti að endurskoða ákvæðin um innviðaverkefni af miklum gæðum til að meta áhrif þeirra á umfang fjárfestinga stofnana í innviðum og gæði fjárfestinga að teknu tilliti til þeirra markmiða Sambandsins að skipta yfir í hringrásarhagkerfi með litla losun kolefnis og betra viðnám gegn loftslagsbreytingum og hentugleika þeirra út frá varfærnissjónarmiðum. Framkvæmdastjórnin ætti einnig að meta hvort útvíkka ætti gildissvið þessara ákvæða þannig að það nái til innviðafjárfestinga fyrirtækja.

62) Eins og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) (ESMA) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([11]) og Seðlabanki Evrópu hafa mælst til ætti að undanþiggja miðlæga mótaðila, á grundvelli sérstaks viðskipalíkans þeirra, kröfunum um vogunarhlutfallið vegna þess að þeir þurfa að fá leyfi til að veita bankaþjónustu einfaldlega af þeirri ástæðu að þeir hafa fengið aðgang að daglánum seðlabanka og til að gegna hlutverki sínu sem lykilstofnanir við að ná mikilvægum pólitískum og lögboðnum markmiðum innan fjármálageirans.

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

63) Einnig ætti að undanþiggja áhættuskuldbindingar verðbréfamiðstöðva sem hafa starfsleyfi sem lánastofnanir og áhættuskuldbindingar lánastofnana sem tilnefndar eru í samræmi við 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 ([12]), s.s. reiðufjárstöður sem leiðir af veitingu peningareikninga fyrir þátttakendur í uppgjörskerfi og til móttöku innlagna frá þeim, í verðbréfauppgjörskerfi og handhöfum verðbréfareikninga, frá heildarmælistærð áhættuskuldbindingar þar sem þeir skapa ekki hættu á of mikilli vogun þar sem þessar reiðufjárstöður eru eingöngu notaðar í þeim tilgangi að gera upp viðskipti í verðbréfauppgjörskerfi.

64) Þar sem leiðbeiningarnar um viðbótarkröfur um eiginfjárgrunn sem um getur í tilskipun 2013/36/ESB mynda eiginfjármarkmið sem endurspegla væntingar hvað varðar eftirlit ættu þær hvorki að falla undir lögbundna birtingarskyldu né undir upplýsingabann af hálfu lögbærra yfirvalda samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 né fyrrnefnda tilskipun.

65) Til þess að tryggja viðeigandi skilgreiningu á nokkrum sértækum tæknilegum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og til að taka mið af mögulegri þróun á stöðlum á alþjóðavísu ætti að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar breytingu á listanum yfir afurðir eða þjónustu sem taka til eigna og skuldbindinga sem líta má á sem innbyrðis háðar, að því er varðar breytingu á listanum yfir fjölþjóðlega þróunarbanka, að því er varðar breytingar á skýrslugjafarkröfunum um markaðsáhættu og að því er varðar ákvörðun á viðbótarlausafjárkröfum. Áður en framkvæmdastjórnin samþykkir þessar gerðir er einkum mikilvægt að hún hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([13]). Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

66) Tæknistaðlarnir ættu að tryggja samræmda samhæfingu krafnanna sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Þar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin býr yfir mikilli sérhæfðri þekkingu ætti að fela henni umboð til að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, sem fela ekki í sér stefnuákvarðanir, til að leggja fyrir framkvæmdastjórnina. Þróa ætti tæknilega eftirlitsstaðla fyrir varfærin samstæðureikningsskila, eiginfjárgrunn, lágmarkskröfur um heildartapþol (e. „*Total Loss-absorbing Capacity*“ (TLAC), meðferð áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með veðum í fasteignum, hlutabréfafjárfestingu í sjóðum, útreikning á tapi að gefnum vanefndum samkvæmt innramatsaðferðinni fyrir útlánaáhættu, markaðsáhættur, stórar áhættuskuldbindingar og laust fé. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa vald til að samþykkja þessa tæknilegu eftirlitsstaðla með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010. Framkvæmdastjórnin og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ættu að tryggja að allar hlutaðeigandi stofnanir geti beitt þessum stöðlum og kröfum á þann hátt sem samræmist eðli, stærð og flækjustigi þessara stofnana og starfsemi þeirra.

67) Til að auðvelda samanburð á birtingu upplýsinga ætti að fela Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni umboð til að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum þar sem fastsett eru stöðluð sniðmát fyrir birtingu upplýsinga sem ná yfir allar mikilvægar kröfur um birtingu upplýsinga sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin þróar þessa staðla ætti hún að taka tillit til stærðar og flækjustigs stofnana sem og til eðlis og áhættustigs starfsemi þeirra.Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ætti að gefa skýrslu um möguleikana á að bæta meðalhóf með tilliti til umfangs, sundurgreinanleika og tíðni og a.m.k. leggja fram raunhæfar tillögur um hvernig hægt sé að lækka meðalhlítingarkostnað lítilla stofnana um helst 20% eða meira og a.m.k. 10% með viðeigandi einföldun á kröfum. Fela ætti Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni umboð til að semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem eiga að fylgja þeirri skýrslu. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa vald til að samþykkja þessa tæknilegu framkvæmdarstaðla með framkvæmdargerðum skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

68) Til að auðvelda stofnunum að hlíta reglunum sem settar eru fram í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB sem og tæknilegum eftirlitsstöðlum, tæknilegum framkvæmdarstöðlum, viðmiðunarreglum og sniðmátum sem samþykkt eru til framkvæmdar þessum reglum ætti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin að þróa upplýsingatæknitól sem miða að því að leiðbeina stofnunum að fara í gegnum viðeigandi ákvæði, staðla, viðmiðunarreglur og sniðmát með tilliti til stærðar þeirra og viðskiptalíkana.

([12]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).

([13]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5. 2016, bls. 1.

69) Til viðbótar við skýrsluna um mögulega kostnaðarlækkun ætti Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni eigi síðar en 28. júní 2020 og í samstarfi við öll viðkomandi yfirvöld, einkum þau yfirvöld sem bera ábyrgð á varfærniseftirliti, skilameðferðar- og innlánatryggingakerfum, einkum seðlabankakerfi Evrópu að semja hagkvæmniskýrslu að því er varðar þróun á samræmdu og samþættu kerfi til að safna tölfræðilegum gögnum sem og gögnum um skilameðferð og varfærniseftirlit. Að teknu tilliti til fyrri vinnu seðlabankakerfis Evrópu um samþætta gagnasöfnun ætti þessi skýrsla að sýna kostnaðar- og hagnaðargreiningu að því er varðar stofnun miðlægs gagnasöfnunarstaðar fyrir samþætt gagna-skýrslukerfi með tilliti til tölfræðilegra gagna og gagna sem varða eftirlit. Slíkt kerfi ætti, m.a., að nota samræmdar skilgreiningar og staðla fyrir þau gögn sem taka skal saman og ábyrgjast áreiðanleg og stöðug upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og tryggja þar með fullan trúnað um þau gögn sem safnað er, sterka sannvottun og trausta stýringu á aðgangsrétti að kerfinu sem og netöryggi. Markmiðið með því að gera evrópskt skýrslufyrirkomulag miðlægt og samræma það á þennan hátt er að koma í veg fyrir að margar beiðnir um svipuð eða eins gögn berist frá mismunandi yfirvöldum og þar með draga verulega úr stjórnsýslu- og fjárhagsbyrðum bæði á lögbær yfirvöld og stofnanirnar. Ef við á og að teknu tilliti til hagkvæmniskýrslu Evrópska bankaeftirlitsstofnunarinnar ætti framkvæmdastjórnin að leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið.

70) Viðkomandi lögbær eða tilnefnd yfirvöld ættu að miða að því að forðast tvítekningu eða ósamræmda notkun þjóðhagsvarúðarráðstafananna sem mælt er fyrir um í tilskipun 2013/36/ESB og reglugerð (ESB) nr. 2013/575. Viðkomandi lögbær eða tilnefnd yfirvöld ættu einkum að taka til athugunar hvort ráðstafanirnar sem gerðar eru skv. 124., 164. eða 458. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 tvítaki eða séu í ósamræmi við aðrar gildandi eða fyrirhugaðar ráðstafanir skv. 133. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

71) Í ljósi þeirra breytinga á meðferð áhættuskuldbindinga fullgildra, miðlægra mótaðila, einkum að því er varðar meðferð á framlögum stofnana í vanskilasjóði fullgildra, miðlægra mótaðila, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ætti að aðlaga viðeigandi ákvæði í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([14]),sem innleidd voru í hana með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og sem útlista útreikninginn á áætlaðu fjármagni miðlægra mótaðila sem stofnanir nota síðan til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns, til samræmis við það.

72) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að efla og skerpa á gildandi réttargerðum Sambandsins sem tryggja samræmdar varfærniskröfur sem gilda um stofnanir alls staðar í Sambandinu, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

73) Til að gera kleift að losa á skipulegan hátt eignarhluta í vátryggingafélögum sem falla ekki undir viðbótareftirlit, ætti að nota breytta útgáfu af umbreytingarákvæðunum í tengslum við undanþáguna frá því að draga frá hlutdeild í eigin fé í vátryggingafélögum með afturvirkum áhrifum frá 1. janúar 2019.

74) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 575/2013 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 575/2013

Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. og 2. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi mælir fyrir um samræmdar reglur varðandi almennar varfærniskröfur sem stofnunum, eignarhaldsfélögum á fjármálasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum í fjármálastarfsemi er lúta eftirliti samkvæmt tilskipun 2013/36/ESB ber að fylgja í tengslum við eftirfarandi þætti:

a) kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar þá þætti útlánaáhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu, uppgjörsáhættu og vogun sem hægt er að mæla, samræma og staðla fullkomlega,

([14]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

b) kröfur um að takmarka stórar áhættuskuldbindingar,

c) lausafjárkröfur að því er varðar þá þætti lausafjáráhættu sem hægt er að mæla, samræma og staðla fullkomlega,

d) skýrslugjafarkröfur í tengslum við a-, b- og c-lið,

e) kröfur um opinbera birtingu.

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um samræmdar reglur um eiginfjárgrunn og kröfur um hæfar skuldbindingar sem skilaeiningar sem eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu (e. *global systemically important institutions* (G-SIIs)) og mikilvæg dótturfyrirtæki kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu utan Sambandsins skulu hlíta.

Þessi reglugerð gildir ekki um birtingarkröfur fyrir lögbær yfirvöld á sviði varfærnisreglna og eftirlits með stofnunum eins og fram kemur í tilskipun 2013/36/ESB.

2. gr.

Eftirlitsheimildir

1. Til að tryggja að þessari reglugerð sé hlítt skulu lögbær yfirvöld hafa þær heimildir og fylgja þeim málsmeðferðarreglum sem fram koma í tilskipun 2013/36/ESB og þessari reglugerð.

2. Til að tryggja hlítingu við þessa reglugerð skulu skilastjórnvöld hafa þær heimildir og fylgja þeim málsmeðferðarreglum sem fram koma í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB (*) og í þessari reglugerð.

3. Til að tryggja hlítingu við kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar skulu lögbær yfirvöld og skilastjórnvöld hafa með sér samstarf.

4. Til að tryggja hlítingu innan ramma viðkomandi valdsviða sinna skulu sameiginlega skilastjórnin, sem komið var á fót með 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 (**) og Seðlabanki Evrópu að því er varðar verkefnin sem honum voru falin með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 (*******), tryggja reglubundin og áreiðanleg skipti á mikilvægum upplýsingum.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE, og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 806/2014 frá 15. júlí 2014 um að koma á samræmdum reglum og samræmdri málsmeðferð fyrir skilameðferð lánastofnana og tiltekinna verðbréfafyrirtækja innan ramma sameiginlegs skilameðferðarkerfis og sameiginlegs skilasjóðs og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 (Stjtíð. ESB. L 225, 30.7.2014, bls. 1).

(***) Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 1024/2013 frá 15. október 2013 um að fela Seðlabanka Evrópu sérstök verkefni að því er varðar stefnur sem snerta varfærniseftirlit með lánastofnunum (Stjtíð. ESB L 287, 29.10.2013, bls. 63).“

2) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað 7. liðar kemur eftirfarandi:

„7. „sjóður um sameiginlega fjárfestingu“: verðbréfasjóður eins og hann er skilgreindur í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB (*) eða sérhæfður sjóður eins og hann er skilgreindur í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB (**),

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).“

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

ii. Í stað 20. liðar kemur eftirfarandi:

„20. „eignarhaldsfélag á fjármálasviði“: fjármálastofnun, sem er ekki blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, og eru dótturfélög hennar eingöngu eða aðallega stofnanir eða fjármálastofnanir; dótturfélög fjármálastofnunar eru aðallega stofnanir eða fjármálastofnanir þar sem a.m.k. eitt þeirra er stofnun og þar sem meira en 50% af eigin fé fjármálastofnunarinnar, samstæðueigna, tekna, starfsfólks eða annars þáttar sem lögbært yfirvald telur mikilvægan tengist dótturfélögum sem eru stofnanir eða fjármálastofnanir.“

iii. Í stað 26. liðar kemur eftirfarandi:

„26. „fjármálastofnun“: fyrirtæki, annað en stofnun eða annað en eignarhaldsfélag sem eingöngu starfar í iðnaði, sem hefur að meginstarfsemi að afla eignarhluta eða sinna einni eða fleiri tegundum starfsemi sem um getur í 2.–12. lið og 15. lið I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB, þar með talin eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi, greiðslustofnanir í skilningi 4. liðar 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 (*) og eignarstýringarfélög, en að undanskildum eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði og blönduðum eignarhaldsfélögum í vátryggingastarfsemi eins og þau eru skilgreind í f- og g-lið 1. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB,

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum, um breytingu á tilskipunum 2002/65/EB, 2009/110/EB og 2013/36/ESB og á reglugerð (ESB) nr. 1093/2010 og niðurfellingu á tilskipun 2007/64/EB (Stjtíð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35).“,

iv. Í stað 28. liðar kemur eftirfarandi:

„28. „móðurstofnun í aðildarríki“: stofnun í aðildarríki sem hefur stofnun, fjármálastofnun eða félag í viðbótarstarfsemi að dótturfélagi eða sem á hlut í slíkri stofnun, fjármálastofnun eða félagi í viðbótarstarfsemi og sem ekki er sjálf dótturfélag annarrar stofnunar með starfsleyfi í sama aðildarríki, eða eignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem komið er á fót í sama aðildarríki“.

v. Eftirfarandi liðir bætast við:

„29a) „verðbréfamóðurstofnun í aðildarríki“: móðurstofnun í aðildarríki sem er verðbréfafyrirtæki,

29b) „verðbréfamóðurstofnun í ESB“: móðurstofnun í ESB sem er verðbréfafyrirtæki,

29c) „móðurlánastofnun í aðildarríki“: móðurstofnun í aðildarríki sem er lánastofnun,

29d) „móðurlánastofnun í ESB“: móðurstofnun í ESB sem er lánastofnun“.

vi. Í 39. lið bætist eftirfarandi málsgrein við:

„Tveir eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í a- eða b-lið vegna beinnar áhættuskuldbindingar þeirra gagnvart sama miðlæga mótaðilanum vegna stöðustofnunarstarfsemi teljast ekki vera hópur tengdra viðskiptavina“.

vii. Í stað 41. liðar kemur eftirfarandi:

„41. „eftirlitsaðili á samstæðugrunni“: lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á framkvæmd eftirlits á samstæðugrunni í samræmi við 111. gr. tilskipunar 2013/36/ESB“.

viii. Í stað inngangsorðanna í 71. lið b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) í skilningi 97. gr. samtala eftirfarandi:“.

ix. Í stað a-liðar í 72. lið kemur eftirfarandi:

„a) hún er skipulegur markaður eða markaður í þriðja landi sem telst jafngildur skipulegum markaði í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í a-lið 4. mgr. 25. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (*).

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

x. Í stað 86. liðar kemur eftirfarandi:

„86. „veltubók“: allar stöður í fjármálagerningum og hrávörum sem stofnun heldur, annaðhvort til veltuviðskipta eða til að verja stöður sem haldið er til veltuviðskipta í samræmi við 104. gr.“

xi. Í stað 91. liðar kemur eftirfarandi:

„91. „viðskiptastaða“: gildandi áhættuskuldbinding, þ.m.t. viðbótartrygging sem greiða ber stöðustofnunaraðila en hefur enn ekki borist, og mögulegar síðari áhættuskuldbindingar uppgjörsaðila eða viðskiptavinar gagnvart miðlægum mótaðila sem stafa af samningum og viðskiptum sem tilgreind eru í a-, b, og c-lið 1. mgr. 301. gr., sem og upphaflegt tryggingarfé“.

xii. Í stað 96. liðar kemur eftirfarandi:

„96. „innri áhættuvörn“: staða sem jafnar að mestu út áhættuþætti á milli stöðu í veltubók og einnar eða fleiri staðna í fjárfestingarbók eða á milli tveggja viðskiptaborða,“.

xiii. Í stað a-liðar í 127. lið kemur eftirfarandi:

„a) stofnanirnar falla innan sama stofnanaverndarkerfis eins og um getur í 7. mgr. 113.gr. eða eru varanlega tengdar neti við miðlæga stofnun“.

xiv. Í stað 128. liðar kemur eftirfarandi:

„128. „liðir til útgreiðslu“: fjárhæð hagnaðar í lok næstliðins reikningsárs að viðbættum hagnaði frá fyrri árum og varasjóðum sem eru aðgengilegir áður en til útgreiðslu til eigenda eiginfjárgrunnsgerninga kemur, að frádregnu tapi fyrri ára, hagnaði sem er óráðstafanlegur samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum eða félagslögum stofnunarinnar og fjárhæðum sem færðar eru í bundna varasjóði í samræmi við landslög eða samþykktir stofnunarinnar, í hverju tilviki með tilliti til sérstaks flokks eiginfjárgrunnsgerninga sem lög Sambandsins, landslög eða félagslög stofnana eða samþykktir varða, þar sem slíkt tap og varasjóðir eru ákvarðaðir á grundvelli einstakra reikningsskila stofnunarinnar en ekki á grundvelli samstæðureikningsskila.“

xv. Eftirfarandi liðir bætast við:

„130) „skilastjórnvald“: skilastjórnvald eins og það er skilgreint í 18. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB,

131) „skilaeining“: skilaeining eins og hún er skilgreind í 83. lið a í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,

132) „skilasamstæða“: skilasamstæða eins og hún er skilgreind í 83. lið b í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,

133) „kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu“: kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eins og hún er skilgreind í 1. og 2. mgr. 131. gr. tilskipunar (ESB) nr. 2013/36,

134) „kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu utan Sambandsins“: kerfislega mikilvæg bankasamstæða eða banki á alþjóðavísu utan Sambandsins sem ekki er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu og sem er að finna á listanum yfir kerfislega mikilvægar bankasamstæður eða banka á alþjóðavísu sem ráðgjafarnefndin um fjármálastöðugleika hefur gefið út,

135) „mikilvægt dótturfélag“: dótturfélag sem á einingar- eða samstæðugrunni uppfyllir eitthvert eftirfarandi skilyrða:

a) dótturfélagið ræður yfir meira en 5% af áhættuvegnum samstæðueignum upphaflega móðurfélagsins,

b) dótturfélagið býr til meira en 5% af heildarrekstrartekjum upphaflega móðurfélagsins,

c) heildarmælistærð áhættuskuldbindingar dótturfélagsins sem um getur í 4. mgr. 429. gr. þessarar reglugerðar er meira en 5% af heildarsamstæðumælistærð upphaflega móðurfélagsins,

í þeim tilgangi að ákvarða mikilvægt dótturfélag sem 2. mgr. 21. gr. b tilskipunar 2013/36/ESB gildir um skulu tvö milligöngumóðurfyrirtæki í Sambandinu teljast eitt dótturfyrirtæki á grundvelli samstæðustöðu sinnar,

136) „kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu“: aðili með réttarstöðu lögaðila sem er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eða hluti af kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu eða kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu utan Sambandsins,

137) „eftirgjafarúrræði“: eftirgjafarúrræði eins og það er skilgreint í 57. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,

138) „samstæða“: samstæða fyrirtækja þar sem a.m.k. eitt er stofnun sem samanstendur af móðurfélagi og dótturfélögum þess, eða fyrirtækjum sem eru tengd hvert öðru eins og sett er fram í 22. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB (*),

139) „fjármögnunarviðskipti með verðbréf“: endurhverf viðskipti, verðbréfa- eða hrávörulánveitingar eða -lántaka, eða viðbótarlánveitingar vegna kaupa/sölu verðbréfa,

140) „upphafstrygging“: trygging önnur en viðbótartrygging sem tekin er eða lögð fram hjá stofnun til að mæta núverandi áhættu og mögulegri framtíðaráhættu viðskipta sinna eða safni viðskipta á því tímabili sem þörf er á vegna innlausnar á þessum viðskiptum, eða til að endurverja markaðsáhættu eftir vanskil hins mótaðilans,

141) „markaðsáhætta“: hætta á tapi sem stafar af hreyfingum á markaðsverði þ.m.t. gjaldmiðlagengi eða hrávöruverði,

142) „gjaldmiðlaáhætta“: hætta á tapi sem stafar af hreyfingum á gjaldmiðlagengi,

143) „hrávöruáhætta“: hætta á tapi sem stafar af hreyfingum á hrávöruverði,

144) „viðskiptaborð“: vel skilgreindur hópur söluaðila sem stofnun setur á laggirnar til að stýra í sameiningu stöðum verðbréfasafna í veltubók í samræmi við vel skilgreinda og samræmda starfsstefnu og starfa samkvæmt sama áhættustýringarfyrirkomulaginu.

145) „lítil og einföld stofnun“: stofnun sem uppfyllir öll eftirtalin skilyrði:

a) hún er ekki stór stofnun,

b) heildarvirði eigna hennar á einingargrunni eða, eftir atvikum, á samstæðugrunni í samræmi við þessa reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB er að meðaltali jafnt eða undir viðmiðunarfjárhæð sem nemur 5 milljörðum evra á fjögurra ára tímabilinu næst á undan yfirstandandi árlegu reikningstímabili; aðildarríkjunum er heimilt að lækka þessa viðmiðunarfjárhæð,

c) hún fellur ekki undir neinar skuldbindingar eða einfaldaðar skuldbindingar í tengslum við endurreisn og skilameðferð í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,

d) umfang veltubókarviðskipta hennar flokkast lítið í skilningi 1. mgr. 94. gr.,

e) heildarvirði afleiddra staðna hennar sem eru ætlaðar til veltuviðskipta fer ekki yfir meira en 2% að heildarfjölda eigna á og utan efnahagsreiknings hennar og heildarvirði samanlagðra afleiðustaðna fer ekki yfir 5%, hvort tveggja reiknað út í samræmi við 3. mgr. 273. gr. a,

f) meira en 75% af bæði heildarsamstæðueignum og -skuldbindingum stofnunarinnar, að undanskildum, í báðum tilvikum, áhættuskuldbindingum innan samstæðunnar, tengjast starfsemi við mótaðila sem staðsettir eru á Evrópska efnahagssvæðinu,

g) stofnunin notar ekki eigin líkön til að fullnægja varfærniskröfum í samræmi við þessa reglugerð nema fyrir dótturfyrirtæki sem nota eigin líkön sem þróuð eru á samstæðustigi, að því tilskildu að samstæðan falli undir birtingarkröfur sem mælt er fyrir um í 433. gr. a eða c á samstæðugrunni,

h) stofnunin hefur ekki tilkynnt lögbæru yfirvaldi um andmæli gegn því að vera flokkuð sem lítil og einföld stofnun,

i. lögbært yfirvald hefur ekki ákveðið að stofnunin eigi ekki að teljast vera lítil og einföld stofnun á grundvelli greiningar þess á stærð, samtengingu, flækjustigi eða áhættusniði,

146) „stór stofnun“: stofnun sem uppfyllir eitthvert eftirtalinna skilyrða:

a) hún er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu,

b) hún hefur verið auðkennd sem önnur kerfislega mikilvæg stofnun í samræmi við 1. og 3. mgr. 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

c) hún er, í aðildarríkinu þar sem hún hefur staðfestu, ein af þremur stærstu stofnununum með tilliti til heildarvirðis eigna,

d) heildarvirði eigna hennar á einingargrunni eða, eftir atvikum, á grundvelli samstæðustöðu sinnar í samræmi við þessa reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB er jafnt eða meira en 30 milljarðar evra,

147) „stórt dótturfélag“: dótturfélag sem telst vera stór stofnun,

148) „óskráð stofnun“: stofnun sem ekki hefur gefið út verðbréf sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði í neinu aðildarríki í skilningi 21. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

149) „reikningsskil“: að því er varðar áttunda hluta, reikningsskil í skilningi 4. og 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/ESB (**),

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjtíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38).“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina við hvaða aðstæður skilyrðin sem sett eru fram í 39. lið 1. mgr. eru uppfyllt.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum eigi síðar en 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

3) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnanir skulu uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í öðrum, þriðja, fjórða og sjöunda hluta, sjöunda hluta A og áttunda hluta í þessari reglugerð og í 2. kafla reglugerðar (ESB) 2017/2402 á einingargrunni, að undanskildum d-lið 1. mgr. 430. gr. þessarar reglugerðar.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu eingöngu stofnanir sem auðkenndar eru sem skilaeiningar og eru jafnframt kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og sem ekki hafa nein dótturfélög, hlíta kröfunum sem mælt er fyrir um í 92. gr. a á einingargrunni.“

Mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu utan Sambandsins skulu hlíta 92. gr. b á einingargrunni enda uppfylli þau öll eftirtalin skilyrði:

a) þau eru ekki skilaeiningar,

b) þau hafa ekki nein dótturfélög,

c) þau eru ekki dótturfélög móðurstofnunar í Sambandinu.“

c) Í stað 3., 4. og 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Þess skal ekki krafist að stofnun sem annaðhvort er móðurfélag, eða dótturfélag, og stofnun sem felld er inn í samstæðureikning á grundvelli 18. gr. uppfylli skyldurnar sem mælt er fyrir um í áttunda hluta á einingargrunni.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu stofnanirnar sem um getur í 1. mgr. a í þessari grein hlíta 437. gr. a og h-lið 447. gr. á einingargrunni.

4. Lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki sem hafa heimild til að veita þá fjárfestingarþjónustu og starfsemi sem fram kemur í 3. og 6. lið A-þáttar I. viðauka tilskipunar 2014/65/ESB, skulu uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í sjötta hluta og í d-lið 1. mgr. 430. gr. þessarar reglugerðar á einingargrunni.

Eftirtaldar stofnanir þurfa ekki að hlíta 1. mgr. 413. gr. og tengdum kröfum um skýrslugjöf um lausafjárstöðu sem mælt er fyrir um í sjöunda hluta A í þessari reglugerð:

a) stofnanir sem einnig hafa starfsleyfi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

b) stofnanir sem einnig hafa starfsleyfi í samræmi við 16. gr. og a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 (*), að því tilskildu að þær geri ekki neinar verulegar breytingar á binditíma, og

c) stofnanir sem eru tilnefndar í samræmi við b-lið í 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, að því tilskildu að:

   i. starfsemi þeirra takmarkist við að bjóða bankaþjónustu, sem tilgreind er í a- til e-lið í C-þætti viðaukans við þá reglugerð, þeim verðbréfamiðstöðvum sem hafa starfsleyfi í samræmi við 16. gr. þeirrar reglugerðar, og

   ii. þær geri ekki neinar verulegar breytingar á binditíma.

Þar til skýrsla framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 3. mgr. 508. gr. liggur fyrir mega lögbær yfirvöld veita verðbréfafyrirtækjum undanþágu frá því að uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í sjötta hluta og d-lið 1. mgr. 430. gr., með tilliti til eðlis og umfangs starfsemi þeirra og flækjustigs.

5. Verðbréfafyrirtæki sem um getur í 1. mgr. 95. gr. og 1. mgr. 96. gr. þessarar reglugerðar, stofnanir sem lögbær yfirvöld hafa veitt undanþáguna sem tilgreind er í 1. og 3. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar og stofnanir sem einnig hafa starfsleyfi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skulu ekki þurfa að uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í sjöunda hluta og tengdum skýrslugjafarkröfum um vogunarhlutfallið sem mælt er fyrir um í sjöunda hluta A í þessari reglugerð á einingargrunni.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 frá 23. júlí 2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012 (Stjtíð. ESB L 257, 28.8.2014, bls. 1).“

4) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) móðurstofnun á samstæðugrunni eða dótturstofnun á undirsamstæðugrunni fylgist ávallt með og hefur yfirsýn yfir lausafjárstöðu allra stofnana innan samstæðunnar eða undirsamstæðunnar sem niðurfellingin nær til og fylgist ávallt með og hefur yfirsýn yfir fjármögnunarstöðu allra stofnana innan samstæðunnar eða undirsamstæðunnar sem undanþegnar eru kröfunni um hlutfall stöðugrar fjármögnunar, sem sett er fram í sjötta hluta IV. bálks, og tryggir nægilega mikið lausafé og stöðuga fjármögnun þegar undanþága er veitt frá kröfunni um hlutfall stöðugrar fjármögnunar sem sett er fram í sjötta hluta IV. bálks, fyrir allar þessar stofnanir.“

b) Í stað b- og c-liða 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) úthlutun fjárhæða, staðsetningu og eignarhaldi þeirra tilskildu lausafjáreigna sem staka lausafjárundirsamstæðan skal búa yfir, þegar veitt er undanþága frá kröfunni um hlutfall stöðugrar fjármögnunar eins og mælt er fyrir um í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. og úthlutun fjárhæða og staðsetningu aðgengilegrar stöðugrar fjármögnunar innan stöku lausafjárundirsamstæðunnar þegar veitt er undanþága frá kröfunni um hlutfall stöðugrar fjármögnunar sem sett er fram í sjötta hluta IV. bálks,

c) ákvörðun lágmarksfjárhæðar þeirra lausafjáreigna sem stofnanir undanþegnar beitingu kröfunnar um lausafjárþekjuhlutfall eins og mælt er fyrir um í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. og ákvörðun lágmarksfjárhæðar aðgengilegrar stöðugrar fjármögnunar sem þær stofnanir skulu búa yfir sem fá undanþágu frá beitingu kröfunnar um hlutfall stöðugrar fjármögnunar sem sett er fram í sjötta hluta IV. bálks.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„6. Þegar lögbært yfirvald veitir stofnun í samræmi við þessa grein undanþágu í heild eða að hluta frá beitingu sjötta hluta er því einnig heimilt að veita þeirri stofnun undanþágu frá beitingu tengdra krafna um skýrslugjöf um lausafjárstöðu skv. d-lið 1. mgr. 430. gr.“

5) Í stað inngangsorðanna í fyrstu undirgrein 1. mgr. 10. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Lögbær yfirvöld mega í samræmi við landslög falla frá beitingu krafna, í heild eða að hluta, sem settar eru fram í öðrum til áttunda hluta þessarar reglugerðar og 2. kafla reglugerðar (ESB) 2017/2402, gagnvart einni eða fleiri lánastofnunum sem staðsettar eru í sama aðildarríki og sem eru varanlega tengdar miðlægri stofnun sem hefur eftirlit með þeim og staðfestu í sama aðildarríki, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:“.

6) Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. og 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Móðurstofnanir í aðildarríki skulu, að því marki og með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 18. gr., uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í öðrum, þriðja, fjórða og sjöunda hluta og sjöunda hluta A á grundvelli stöðu samstæðu sinnar, að undanskildum d-lið 1. mgr. 430. gr. Móðurfélögin og dótturfélög þeirra sem falla undir þessa reglugerð skulu koma á fót viðeigandi stjórnskipulagi og viðeigandi innra eftirlitskerfi til að tryggja að þau gögn sem gerð samstæðureikningsskila krefst séu unnin og áframsend á tilhlýðilegan hátt. Þau skulu einkum tryggja að dótturfélög sem falla ekki undir þessa reglugerð komi á fyrirkomulagi, ferlum, tækjum og tólum til að tryggja viðeigandi gerð samstæðureikningsskila.

2. Í þeim tilgangi að tryggja að kröfunum í þessari reglugerð sé beitt á samstæðugrunni skulu hugtökin „stofnun“, „móðurstofnun í Sambandinu“ og „móðurfélag“, eftir því sem við á, einnig eiga við um:

a) eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi sem hefur verið samþykkt í samræmi við 21. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB,

b) tilgreinda stofnun sem er undir yfirráðum móðureignarhaldsfélags eða blandaðs móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi ef slíkt móðurfélag er ekki háð samþykki í samræmi við 4. mgr. 21. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB,

c) eignarhaldsfélög á fjármálasviði, blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi eða stofnanir sem tilgreindar eru skv. d-lið 6. liðar 21. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB.

Samstæðustaða félagsins sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal vera samstæðustaða móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sem ekki er háð samþykki í samræmi við 4. mgr. 21. gr. a í tilskipun 2013/36/ESB. Samstæðustaða félagsins sem um getur í c-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal vera samstæðustaða móðureignarhaldsfélags þess á fjármálasviði eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi.“

b) Ákvæði 3. mgr. falla brott.

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu eingöngu móðurstofnanir sem auðkenndar eru sem skilaeiningar og eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu hlíta 92. gr. a í þessari reglugerð á samstæðugrunni, að því marki og með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 18. gr. þessarar reglugerðar.“

Eingöngu móðurfélög í Sambandinu sem eru mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu utan Sambandsins og sem ekki eru skilaeiningar skulu hlíta 92. gr. b í þessari reglugerð á samstæðugrunni, að því marki og með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 18. gr. þessarar reglugerðar. Ef 2. mgr. 21. gr. b í tilskipun 2013/36/ESB er beitt skulu þau tvö milligöngumóðurfyrirtæki í Sambandinu sem til samans eru auðkennd sem mikilvægt dótturfyrirtæki, hvort um sig hlíta 92. gr. b í þessari reglugerð á grundvelli samstæðustöðu sinnar.“

d) Í stað 4. og 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Móðurstofnanir í Sambandinu skulu hlíta sjötta hluta og d-lið 1. mgr. 430. gr. þessarar reglugerðar á grundvelli samstæðustöðu sinnar ef samstæðan samanstendur af einni eða fleiri lánastofnunum eða verðbréfafyrirtækjum sem hafa heimild til að veita þá fjárfestingarþjónustu og starfsemi sem um getur í 3. og 6. lið A-hluta I.viðauka við tilskipun 2014/65/ESB. Þar til skýrsla framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 2. mgr. 508. gr. liggur fyrir og ef samstæðan samanstendur eingöngu af verðbréfafyrirtækjum mega lögbær yfirvöld veita verðbréfafyrirtækjum undanþágu frá því að uppfylla þær skyldur sem mælt er fyrir um í sjötta hluta á samstæðugrunni, með tilliti til eðlis, stærðar og flækjustigs starfsemi þeirra.

Ef undanþága hefur verið veitt á grundvelli 1.–5. mgr. 8. gr. skulu stofnanirnar og, eftir atvikum, eignarhaldsfélögin á fjármálasviði eða blönduðu eignarhaldsfélögin í fjármálastarfsemi sem eru hluti af lausafjárundirsamstæðu hlíta sjötta hluta og d-lið 1. mgr. 430. gr. á samstæðugrunni eða undirsamstæðugrunni lausafjárundirsamstæðunnar.

5. Ef 10. gr. þessarar reglugerðar er beitt skal miðlæga stofnunin sem um getur í þeirri grein hlíta kröfum annars til áttunda hluta þessarar reglugerðar og 2. kafla reglugerðar (ESB) 2017/2402 á grundvelli stöðu samstæðu miðlægu stofnunarinnar og tengdra stofnana hennar í heild.

6. Til viðbótar við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1.–5. mgr. þessarar greinar og með fyrirvara um önnur ákvæði þessarar reglugerðar og tilskipunar 2013/36/ESB geta lögbær yfirvöld, þegar það er réttlætanlegt í eftirlitstilgangi vegna áhættusérkenna eða sérstakrar samsetningar á fjármögnun stofnunar eða ef aðildarríkin samþykkja landslög sem kveða á um aðgreiningu á uppbyggingu starfsþátta innan bankasamstæðu, krafist þess að stofnun uppfylli þær skyldur sem mælt er fyrir um í öðrum til áttunda hluta þessarar reglugerðar og í VII. bálki tilskipunar 2013/36/ESB á undirsamstæðugrunni.

Beiting aðferðarinnar sem sett er fram í fyrstu undirgrein skal ekki hafa áhrif á skilvirkt eftirlit á samstæðugrunni og hvorki hafa í för með sér hlutfallslega of mikil skaðleg áhrif á heild eða hluta fjármálakerfisins í öðrum aðildarríkjum eða í Sambandinu í heild né mynda eða skapa hindrun í vegi starfsemi innri markaðarins.“

7) Ákvæði 12. gr. fellur brott.

8) Eftirfarandi grein bætist við:

„12. gr. a

Samstæðuútreikningur fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu sem taka til margra skilaeininga

Þegar a.m.k. tvær kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu sem tilheyra sömu kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu eru skilaeiningar skal móðurstofnun hennar í Sambandinu reikna út þá fjárhæð eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga sem um getur á a-lið 1. mgr. 92. gr. a í þessari reglugerð. Útreikningurinn skal gerður á grundvelli samstæðustöðu móðurstofnunarinnar í Sambandinu eins og hún væri eina skilaeining kerfislega mikilvægu stofnunarinnar á alþjóðavísu.

Ef fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við fyrstu málsgrein þessarar greinar er lægri en summa þeirrar fjárhæðar eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga sem um getur í a-lið 1. mgr. 92. gr. a í þessari reglugerð hjá öllum skilaeiningunum sem tilheyra þeirri kerfislega mikilvægu stofnun á alþjóðavísu skal skilastjórnvaldið aðhafast í samræmi við 4. mgr. 45. gr. d og 2. mgr. 45. gr. h í tilskipun 2014/59/ESB.

Ef fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við fyrstu málsgrein þessarar greinar er hærri en summa þeirrar fjárhæðar eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga sem um getur í a-lið 1. mgr. 92. gr. a í þessari reglugerð hjá öllum skilaeiningunum sem tilheyra þeirri kerfislega mikilvægu stofnun á alþjóðavísu getur skilastjórnvaldið aðhafst í samræmi við 4. mgr. 45. gr. d og 2. mgr. 45. gr. h í tilskipun 2014/59/ESB.“

9) Í stað 13. og 14. gr. kemur eftirfarandi:

„13. gr.

Beiting birtingarkrafna á samstæðugrunni

1. Móðurstofnanir í Evrópusambandinu skulu hlíta ákvæðum áttunda hluta á samstæðugrunni.

Stór dótturfélög móðurstofnana í Sambandinu skulu birta upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 437., 438., 440., 442., 450. og 451. gr. og 451. gr. a og 453. gr. á einingargrunni eða, eftir atvikum, í samræmi við þessa reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB á undirsamstæðugrunni.

2. Stofnanir sem auðkenndar eru sem skilaeiningar sem eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu skulu hlíta 437. gr. a og h-lið 447. gr. á grunni samstæðustöðu skilasamstæðunnar.

3. Fyrsta undirgrein 1. mgr. gildir ekki um móðurstofnanir í ESB eða móðureignarhaldsfélag á fjármálasviði í ESB, blandað móðureignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi í ESB eða skilaeiningar þegar þær falla undir jafngilda upplýsingagjöf á samstæðugrunni af hálfu móðurfélags með staðfestu í þriðja landi.

Önnur undirgrein 1. mgr. gildir um dótturfélög móðurfélaga með staðfestu í þriðja landi þegar þessi dótturfélög teljast vera stór dótturfélög.

4. Ef 10. gr. er beitt skal miðlæga stofnunin sem um getur í þeirri grein hlíta ákvæðum áttunda hluta á grundvelli stöðu samstæðu miðlægu stofnunarinnar. Ákvæði 1. mgr. 18. gr. gilda um miðlægu stofnunina og fara skal með tengdar stofnanir sem dótturfélög miðlægu stofnunarinnar.

14. gr.

Beiting krafna 5. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 á samstæðugrunni

1. Móðurfélög og dótturfélög þeirra sem falla undir þessa reglugerð þurfa að uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í 5. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2402 á samstæðugrunni eða undirsamstæðugrunni til að tryggja að fyrirkomulag þeirra, ferli og tæki og tól sem þessi ákvæði krefjast séu samræmd og vel samþætt og að unnt sé að leggja fram öll gögn og upplýsingar sem varða eftirlitið. Þau skulu einkum tryggja að dótturfélög sem falla ekki undir þessa reglugerð komi á fyrirkomulagi, ferlum og tækjum og tólum til að tryggja að þessum ákvæðum sé fylgt.

2. Stofnanir skulu beita viðbótaráhættuvog í samræmi við 270. gr. a í þessari reglugerð þegar þær beita 92. gr. þessarar reglugerðar á samstæðugrunni eða undirsamstæðugrunni ef farið er á svig við kröfurnar í 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/2402 hjá aðila með staðfestu í þriðja landi sem felldur er inn í samstæðureikning í samræmi við 18. gr. þessarar reglugerðar að því gefnu að brotið sé verulegt með hliðsjón af heildaráhættusniði samstæðunnar.“

10) Í stað inngangsorðanna í fyrstu undirgrein 1. mgr. 15. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni má í hverju tilviki fyrir sig veita undanþágu frá beitingu þriðja hluta, tengdum skýrslugjafarkröfum í sjöunda hluta A í þessari reglugerð og 4. kafla VII. bálks tilskipunar 2013/36/ESB, að undanskildum d-lið 1. mgr. 430. gr. þessarar reglugerðar á samstæðugrunni, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu fyrir hendi:“

11) Í stað 16. gr. kemur eftirfarandi:

„16. gr.

Undanþága frá beitingu krafna um vogunarhlutfall á samstæðugrunni fyrir samstæður verðbréfafyrirtækja

Ef allar einingar í samstæðu verðbréfafyrirtækja, þ.m.t. móðurfélagið, eru verðbréfafyrirtæki sem eru undanþegin beitingu krafnanna, sem settar eru fram í sjöunda hluta á einingargrunni í samræmi við 5. mgr. 6. gr., getur móðurfélag verðbréfafyrirtækisins valið að beita ekki þeim kröfum sem mælt er fyrir um í sjöunda hluta og tengdum skýrslugjafarkröfum um vogunarhlutfallið í sjöunda hluta A á einingargrunni.“

12) Í stað 18. gr. kemur eftirfarandi:

„18. gr.

Aðferðir við gerð samstæðureikningsskila

1. Stofnanir, eignarhaldsfélög á fjármálasviði og blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi sem krafist er að hlíti kröfunum sem um getur í 1. þætti í þessum kafla á grundvelli stöðu samstæðu sinnar, skulu að öllu leyti fella inn í samstæðureikningsskil allar stofnanir og fjármálastofnanir sem eru dótturfélög þeirra. Ákvæði 3.–6. mgr. og 9. mgr. þessarar greinar gilda ekki í þeim tilvikum þar sem sjötti hluti og d-liður 1. mgr. 430. gr. gilda á grundvelli stöðu samstæðu stofnunar, móðureignarhaldsfélags á fjármálasviði eða blandaðs móðureignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi eða undirsamstæðustöðu lausafjárundirsamstæðu sem sett er fram í 8. og 10. gr.

Að því er varðar 3. mgr. a í 11. gr. skulu stofnanir sem þurfa að hlíta kröfunum sem um getur í 92. gr. a eða 92. gr. b á samstæðugrunni að öllu leyti fella inn í samstæðureikningsskil allar stofnanir og fjármálastofnanir sem eru dótturfélög þeirra í viðeigandi skilasamstæðum.

2. Félög í viðbótarstarfsemi skulu felld inn í samstæðureikningsskil í þeim tilvikum sem mælt er fyrir um í þessari grein og í samræmi við þær aðferðir sem þar um getur.

3. Ef tengsl eru á milli fyrirtækja í skilningi 7. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB skulu lögbær yfirvöld ákvarða hvernig samstæðureikningsskilum skuli háttað.

4. Eftirlitsaðili á samstæðugrunni skal krefjast hlutfallslegra samstæðureikningsskila í samræmi við hluta hlutdeildareigna í stofnunum og fjármálastofnunum, sem stýrt er af fyrirtæki sem fellt er inn í samstæðureikning ásamt einu eða fleiri fyrirtækjum sem eru ekki talin með í samstæðunni, ef ábyrgð þessara fyrirtækja er takmörkuð við þann hluta hlutafjár sem þau eiga.

5. Þegar um er að ræða aðra hlutdeild eða önnur fjármagnstengsl en þau sem um getur í 1. og 4. mgr. skulu lögbær yfirvöld ákveða hvort og hvernig eigi að semja samstæðureikningsskil. Einkum er þeim heimilt að leyfa eða krefjast notkunar á hlutdeildaraðferðinni. Það felst þó ekki í þeirri aðferð að viðkomandi fyrirtæki heyri undir eftirlit á samstæðugrunni.

6. Lögbær yfirvöld skulu ákveða hvort og hvernig semja skuli samstæðureikningsskil í eftirfarandi tilvikum:

a) þegar, að mati lögbærra yfirvalda, stofnun hefur veruleg áhrif í einni eða fleiri stofnunum eða fjármálastofnunum, án þess að eiga hlut í eða hafa önnur fjármagnstengsl við þessar stofnanir, og

b) þegar tvær eða fleiri stofnanir eða fjármálastofnanir eru settar undir aðra sameiginlega stjórn en kveðið er á um í samningi eða stofnsamþykktum þeirra.

Einkum er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa eða krefjast notkunar aðferðarinnar sem kveðið er á um í 7., 8. og 9. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB. Það felst þó ekki í þeirri aðferð að viðkomandi fyrirtæki heyri undir eftirlit á samstæðugrunni.

7. Ef stofnun á dótturfélag sem er annað fyrirtæki en stofnun, fjármálastofnun eða félag í viðbótarstarfsemi eða á hlutdeild í slíku félagi skal hún beita hlutdeildaraðferðinni gagnvart því dótturfélagi eða hlutdeild. Það felst þó ekki í þeirri aðferð að viðkomandi fyrirtæki heyri undir eftirlit á samstæðugrunni.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein er lögbærum yfirvöldum heimilt að leyfa stofnunum eða krefjast þess að þær noti aðra aðferð gagnvart slíkum dótturfélögum eða hlutdeildum, þ.m.t. aðferðinni sem gerð er krafa um í viðeigandi reikningsskilaumgjörð, að því tilskildu að:

a) stofnunin noti ekki 28. desember 2020 þá þegar hlutdeildaraðferðina,

b) óþarflega íþyngjandi væri að nota hlutdeildaraðferðina eða hlutdeildaraðferðin endurspeglaði ekki nægilega vel áhættuna sem stofnuninni stafar af fyrirtækinu sem um getur í fyrstu undirgrein, og

c) aðferðin sem notuð er leiðir ekki til fullra samstæðureikningsskila eða hlutfallslegra samstæðureikningsskila.

8. Lögbær yfirvöld geta krafist hlutfallslegra samstæðureikningsskila eða fullra samstæðureikningsskila dótturfélags eða fyrirtækis sem stofnun á hlutdeild í þegar það dótturfélag eða fyrirtæki er ekki stofnun, fjármálastofnun eða félag í viðbótarstarfsemi og ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) fyrirtækið er ekki vátryggingafélag, vátryggingafélag þriðja lands, endurtryggingafélag, endurtryggingafélag þriðja lands, eignarhaldsfélag á vátryggingasviði eða fyrirtæki sem undanskilið er gildissviði tilskipunar 2009/138/EB í samræmi við 4. gr. þeirrar tilskipunar,

b) veruleg hætta er á að stofnunin ákveði að veita þessu fyrirtæki fjárstuðning við erfiðar aðstæður, þegar engar samningsskyldur eru fyrir hendi um að veita slíkan stuðning, eða umfram samningsbundnar skyldur um að veita slíkan stuðning.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir gerð samstæðureikningsskila í þeim tilvikum sem um getur í 3.–6. mgr. og 8. mgr. þessarar greinar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

13) Í stað 22. gr. kemur eftirfarandi:

„22. gr.

Undirsamstæðugrunnur í tilviki eininga í þriðju löndum

1. Dótturstofnanir skulu beita kröfunum sem mælt er fyrir um í 89., 90. og 91. gr. og þriðja, fjórða og sjöunda hluta og tengdum skýrslugjafarkröfum sem mælt er fyrir um í sjöunda hluta A á undirsamstæðugrunni ef þessar stofnanir eða móðurfélag þeirra, þegar það er eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi, hafa stofnun eða fjármálastofnun sem dótturfélag í þriðja landi eða eiga hlutdeild í slíku fyrirtæki.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar geta dótturstofnanir valið að beita ekki kröfunum sem mælt er fyrir um í 89., 90. og 91. gr. og þriðja, fjórða og sjöunda hluta og tengdum skýrslugjafarkröfum sem mælt er fyrir um í sjöunda hluta A á undirsamstæðugrunni ef heildareignir og liðir utan efnahagsreiknings hjá dótturfélögum þeirra og hlutdeildir í þriðju löndum eru undir 10% af heildarfjárhæð eigna og liða utan efnahagsreiknings hjá dótturstofnuninni.“

14) Í stað fyrirsagnarinnar í öðrum hluta kemur eftirfarandi:

„EIGINFJÁRGRUNNUR OG HÆFAR SKULDBINDINGAR“

15) Í stað 3. mgr. 26. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Lögbær yfirvöld skulu meta hvort útgáfa fjármagnsgerninga uppfyllir viðmiðanirnar sem settar eru fram í 28. gr. eða, eftir atvikum, 29. gr. Stofnanir skulu ekki flokka útgáfu fjármagnsgerninga sem almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 nema að fengnu leyfi frá lögbærum yfirvöldum.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein er stofnunum heimilt að flokka sem almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 síðari útgáfu af tegund almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem þær hafa þegar fengið slíkt leyfi fyrir, að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) ákvæðin sem gilda um þessa síðari útgáfu eru í meginatriðum þau sömu og ákvæðin sem gilda um þá útgáfu sem stofnunin hefur þegar fengið leyfi fyrir,

b) stofnanir hafa tilkynnt lögbærum yfirvöldum um þessa síðari útgáfu með nægum fyrirvara áður en hún er flokkuð sem almennur eiginfjárgrunnsgerningur þáttar 1.

Lögbær yfirvöld skulu hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina áður en þau veita leyfi fyrir nýjum tegundum fjármagnsgerninga sem á að flokka sem almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1. Lögbær yfirvöld skulu taka tilhlýðilegt tillit til álits Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og ákveði þau að víkja frá því skulu þau skýra stofnuninni frá því skriflega innan þriggja mánaða frá viðtöku álits hennar þar sem þau útskýra ástæðurnar fyrir því. Þessi undirgrein gildir ekki um fjármagnsgerningana sem um getur í 31. gr.

Á grundvelli upplýsinganna frá lögbærum yfirvöldum skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin útbúa, viðhalda og birta lista yfir allar tegundir fjármagnsgerninga í hverju aðildarríki sem uppfylla skilyrði almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1. Í samræmi við 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 er Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni heimilt að taka saman allar upplýsingar í tengslum við almennan eiginfjárgrunnsgerning þáttar 1 sem hún telur nauðsynlegar til að ganga úr skugga um hvort viðmiðunum sem sett eru fram í 28. gr. er hlítt, og eftir atvikum 29. gr. þessarar reglugerðar og í þeim tilgangi að viðhalda listanum sem um getur í þessari undirgrein og uppfæra hann.

Að loknu endurmatsferlinu sem sett er fram í 80. gr. og ef nægar vísbendingar liggja fyrir um að viðkomandi fjármagnsgerningar uppfylli ekki, eða uppfylli ekki lengur viðmiðanirnar sem settar eru fram í 28. gr. eða, eftir atvikum 29. gr. getur Evrópska bankaeftirlitsstofnunin ákveðið að bæta ekki þessum gerningum við á listann sem um getur í fjórðu undirgrein eða fjarlægt þá af listanum, eftir því sem við á. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út tilkynningu í þessu skyni sem skal einnig vísa til afstöðu viðkomandi lögbærs yfirvalds til málsins. Þessi undirgrein gildir ekki um fjármagnsgerningana sem um getur í 31. gr.“

16) Ákvæðum 28. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) gerningarnir hafa verið greiddir til fulls og öflun eignarhalds á þeim er ekki fjármögnuð beint eða óbeint af stofnuninni.“

ii. Eftirfarandi undirgrein bætist við:

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skal eingöngu sá hluti fjármagnsgernings sem er að fullu greiddur teljast uppfylla skilyrði almenns eiginfjárgrunnsgernings þáttar 1.“

b) Eftirfarandi undirgreinar bætast við í 3. mgr.:

„Skilyrðið sem sett er fram í v. lið h-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. telst uppfyllt þrátt fyrir að dótturfélag hafi gert samning við móðurfélag sitt um yfirfærslu hagnaðar og taps þess efnis að dótturfélagið sé skuldbundið til að yfirfæra, að lokinni gerð ársreikninga sinna, ársniðurstöðu sína til móðurfélagsins, að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

a) móðurfélagið á meira en 90% af atkvæðisrétti og eigin fé dótturfélagsins,

b) móðurfélagið og dótturfélagið eru staðsett í sama aðildarríki,

c) samningurinn var gerður í lögmætum skattalegum tilgangi,

d) við gerð árlegu reikningsskilanna er dótturfélaginu í sjálfsvald sett að lækka útgreiðslufjárhæðir með því að færa allan hagnað sinn eða hluta hans í eigin varasjóði sína eða sjóði vegna almennrar bankaáhættu áður en það framkvæmir greiðslur til móðurfélags síns,

e) móðurfélaginu er skylt samkvæmt samningi að bæta dótturfélaginu að fullu allt tap þess síðarnefnda,

f) samningurinn er háður uppsagnarfresti sem kveður á um að eingöngu sé hægt að segja samningnum upp í lok uppgjörsárs og taka slík samningsslit gildi eigi fyrr en í byrjun næstkomandi uppgjörsárs og þá er skuldbinding móðurfélagsins um að bæta dótturfyrirtækinu allt tap sem verður á yfirstandandi uppgjörsári óbreytt.

Hafi stofnun gert samning um yfirfærslu á hagnaði og tapi skal hún tilkynna lögbæra yfirvaldinu um það án tafar og láta því í té afrit af samningnum. Stofnunin skal einnig tilkynna lögbæra yfirvaldinu án tafar um hvers konar breytingar á samningnum um yfirfærslu á hagnaði og tapi og um riftun hans. Stofnun skal ekki gera fleiri en einn samning um yfirfærslu á hagnaði og tapi.“

17) Í stað c-liðar 1. mgr. 33. gr. kemur eftirfarandi:

„c) hagnað og tap á gangvirði afleiðuskulda stofnunarinnar sem stafa af breytingum á eigin útlánaáhættu stofnunarinnar,

18) Ákvæðum 36. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) óefnislegar eignir að undanskildum hugbúnaðareignum sem metnar eru á varfærinn hátt enda rýrnar virði þeirra ekki verulega við skilameðferð, ógjaldfærni eða félagsslit stofnunarinnar,“

ii. eftirfarandi liður bætist við:

„n) fyrir lágmarksvirðisskuldbindingu sem um getur í 2. mgr. 132. gr. c allar fjárhæðir þar sem fyrirliggjandi markaðsvirði hlutdeildarskírteinanna eða hlutabréfanna í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem liggur til grundvallar lágmarksvirði skuldbindingarinnar er lægra en núvirði lágmarksvirðis skuldbindingarinnar og þar sem stofnunin hefur ekki enn reiknað inn lækkun á liðum almenns eigin fjár þáttar 1.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina beitingu þess frádráttar sem um getur í b-lið 1. mgr., þ.m.t. veruleg virðisrýrnun sem ekki veldur áhyggjum hvað varðar varfærið mat.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

19) Eftirfarandi liður bætist við í 37. gr.:

„c) fjárhæðin sem kemur til frádráttar skal lækkuð um fjárhæð endurmats óefnislegra eigna dótturfélaganna í reikningsskilunum sem leiðir af samstæðureikningsskilum dótturfélaga sem tilheyra öðrum einstaklingum en þeim fyrirtækjum sem talin eru með í samstæðureikningsskilunum skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta.“

20) Í stað inngangsorðanna í fyrstu undirgrein 2. mgr. 39. gr. kemur eftirfarandi:

Frestuð skattinneign sem byggist ekki á framtíðararðsemi skal takmörkuð við frestaða skattinneign sem varð til fyrir 23. nóvember 2016 og sem leiðir af tímabundnum mismun, að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:

21) Í stað i. liðar a-liðar 45. gr. kemur eftirfarandi:

„i. líftími skortstöðunnar er annaðhvort sami og líftími gnóttstöðunnar, eða lengri, eða a.m.k. eitt ár sé eftir af líftíma skortstöðunnar.“

22) Ákvæðum 49. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr.:

„Þessi málsgrein gildir ekki við útreikning á eiginfjárgrunni með tilliti til krafnanna sem mælt er fyrir um í 92. gr. a og 92. gr. b. sem skal reiknaður í samræmi við frádráttarreglurnar sem settar eru fram í 4. mgr. 72. gr. e.“

b) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað síðasta málsliðar iv. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„Gefa skal lögbærum yfirvöldum skýrslu um samstæðuefnahagsreikninginn eða útvíkkaða heildarútreikninginn jafnoft og mælt er fyrir um í 7. gr. tæknilegu framkvæmdarstaðlanna“.

ii. Í stað fyrsta málsliðar v. liðar a-liðar kemur eftirfarandi:

„v. stofnanirnar sem heyra undir stofnanaverndarkerfið uppfylla saman, á samstæðugrundvelli eða á grundvelli útvíkkaðs heildarútreiknings, kröfurnar sem mælt er fyrir um í 92. gr. og sinna skýrslugjöf um reglufylgni við þær kröfur í samræmi við 430. gr.“

23) Ákvæðum 1. mgr. 52. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) gerningarnir hafa verið gefnir út af stofnun millliliðalaust og að fullu greiddir,“

b) í stað inngangsorðanna í b- lið kemur eftirfarandi:

„b) enginn eftirfarandi aðila á gerningana:“

c) í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) öflun eignarhalds á gerningunum er ekki fjármögnuð beint eða óbeint af stofnuninni,“

d) í stað h-liðar kemur eftirfarandi:

„h) feli gerningarnir í sér einn eða fleiri uppgreiðslurétti fyrir lokagjalddaga, þ.m.t. kauprétt má einungis nýta slík réttindi samkvæmt einhliða ákvörðun útgefandans,“

e) í stað j-liðar kemur eftirfarandi:

„j) ákvæðin sem gilda um gerningana gefa ekki til kynna með skýrum eða óbeinum hætti að stofnunin muni innkalla, innleysa, endurkaupa eða endurgreiða gerningana, eftir því sem við á, nema við ógjaldfærni eða félagsslit stofnunarinnar og stofnunin gefur ekki vísbendingu um slíkt á annan hátt,“

f) í stað p-liðar kemur eftirfarandi:

„p) sé útgefandinn með staðfestu í þriðja landi og hafi verið tilgreindur í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem hluti af skilasamstæðu með skilaeiningu sem er með staðfestu í Sambandinu eða sé útgefandinn með staðfestu í aðildarríki, skal höfuðstóll gerninganna, samkvæmt þeim lögum eða samnings-ákvæðum sem gilda um gerningana, og eftir að skilastjórnvald hefur ákveðið að nýta þær niðurfærslu- og umbreytingarheimildir sem um getur í 59. gr. þeirrar tilskipunar, færður niður varanlega eða gerningunum umbreytt í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1,

sé útgefandinn með staðfestu í þriðja landi og hafi ekki verið tilgreindur í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem hluti af skilasamstæðu með skilaeiningu sem er með staðfestu í Sambandinu, skal höfuðstóll gerninganna, samkvæmt þeim lögum eða samningsákvæðum sem gilda um gerningana, og eftir að viðkomandi lögbært yfirvald í þriðja landi hefur ákveðið það, færður niður varanlega eða gerningunum umbreytt í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1.“

g) eftirfarandi liðir bætast við:

„q) sé útgefandinn með staðfestu í þriðja landi og hafi verið tilgreindur í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem hluti af skilasamstæðu með skilaeiningu sem er með staðfestu í Sambandinu eða sé útgefandinn með staðfestu í aðildarríki, er eingöngu heimilt að gefa út gerningana samkvæmt lögum þriðja lands, eða með vísan til þeirra á einhvern annan hátt, ef beiting niðurfærslu- og umbreytingarheimildanna sem um getur í 59. gr. þeirrar tilskipunar er samkvæmt þessum lögum skilvirk og framfylgjanleg á grundvelli lagaákvæða eða samningsákvæða sem eru fullnustuhæf samkvæmt lögum sem viðurkenna skilaaðgerðirnar eða aðrar niðurfærslu- eða umbreytingaraðgerðir,

r) gerningarnir falla ekki undir jöfnunar- eða skuldajöfnunarsamninga (e. *set-off or netting arrangements*) sem gætu dregið úr tapþolsgetu þeirra við skilameðferð,

h) eftirfarandi undirgrein bætist við:

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar skal eingöngu sá hluti fjármagnsgernings sem er að fullu greiddur teljast uppfylla skilyrði viðbótareiginfjárgernings þáttar 1.“

24) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 54. gr.:

„e) hafi dótturfélag með staðfestu í þriðja landi gefið út viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 skal kveikjuatburðurinn við 5,125% eða hærra sem um getur í a-lið vera reiknaður í samræmi við landslög þess þriðja lands eða samnings-ákvæðin sem gilda um þá gerninga, að því tilskildu að það lögbæra yfirvald, að höfðu samráði við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, hafi gengið úr skugga um að þessi ákvæði séu a.m.k. jafngild kröfunum sem settar eru fram í þessari grein.“

25) Í stað i. liðar a-liðar 59. gr. kemur eftirfarandi:

„i. líftími skortstöðunnar er annaðhvort sami og líftími gnóttstöðunnar, eða lengri, eða a.m.k. eitt ár sé eftir af líftíma skortstöðunnar.“

26) Í stað a-liðar 62. gr. kemur eftirfarandi:

„a) fjármagnsgerningum ef skilyrðin sem sett eru fram í 63. gr. eru uppfyllt og að því marki sem tilgreint er í 64. gr.“

27) Ákvæðum 63. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna kemur eftirfarandi:

„Gerningarnir teljast uppfylla skilyrði þess að vera gerningar undir þætti 2 ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

b) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) gerningarnir hafa verið gefnir út af stofnun millilíðalaust og að fullu greiddir,“.

c) Í stað inngangsorðanna í b-lið kemur eftirfarandi:

„b) enginn eftirfarandi aðila á gerningana:“

d) Í stað c- og d-liðar kemur eftirfarandi:

„c) öflun eignarhalds á gerningunum er ekki fjármögnuð beint eða óbeint af stofnuninni,

d) krafan á höfuðstól gerninganna samkvæmt ákvæðunum sem gilda um gerningana er metin lægri öllum kröfum sem leiðir af hæfum skuldbindingargerningum“

e) Í stað inngangsorðanna í e-lið kemur eftirfarandi:

„e) enginn eftirtalinna aðila hefur lagt fram tryggingu fyrir gerningunum eða veitt ábyrgð á þeim sem eykur rétthæð krafnanna:“

f) Í stað f- til n-liðar kemur eftirfarandi:

„f) gerningarnir falla ekki undir neitt fyrirkomulag sem á annan hátt eykur rétthæð kröfunnar samkvæmt gerningunum,

g) upphaflegur lánstími gerninganna skal að lágmarki vera fimm ár,

h) ákvæðin sem gilda um gerningana fela ekki í sér hvata fyrir stofnunina til að innleysa eða endurgreiða höfuðstól þeirra, eftir því sem við á, áður en binditími þeirra er liðinn,

i) feli gerningarnir í sér einn eða fleiri snemmbæran endurgreiðslurétt, þ.m.t. kauprétt má einungis nýta slíkan rétt samkvæmt einhliða ákvörðun útgefandans,

j) aðeins má innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa gerninga snemma ef skilyrðin sem mælt er fyrir um í 77. gr. eru uppfyllt og ekki fyrr en fimm árum eftir útgáfudag nema skilyrðin sem sett eru fram í 4. mgr. 78. gr. séu uppfyllt,

k) ákvæðin sem gilda um gerningana gefa ekki til kynna með skýrum eða óbeinum hætti að stofnunin muni innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa gerningana snemma nema við ógjaldfærni eða félagsslit stofnunarinnar og stofnunin gefur ekki vísbendingu um slíkt á annan hátt,

l) ákvæðin sem gilda um gerningana veita eigandanum ekki rétt til að flýta áætluðum framtíðargreiðslum vaxta eða höfuðstóls nema við ógjaldfærni eða félagsslit stofnunarinnar,

m) fjárhæð vaxta eða arðgreiðslna, eftir því sem við á, af gerningunum verður ekki breytt á grundvelli lánshæfis stofnunarinnar eða móðurfélags hennar,

n) sé útgefandinn með staðfestu í þriðja landi og hafi verið tilgreindur í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem hluti af skilasamstæðu með skilaeiningu sem er með staðfestu í Sambandinu eða sé útgefandinn með staðfestu í aðildarríki, skal höfuðstóll gerninganna, samkvæmt þeim lögum eða samnings-ákvæðum sem gilda um gerningana, og eftir að skilastjórnvald hefur ákveðið að nýta þær niðurfærslu- og umbreytingarheimildir sem um getur í 59. gr. þeirrar tilskipunar, færður niður varanlega eða gerningunum umbreytt í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1,

sé útgefandinn með staðfestu í þriðja landi og hafi ekki verið tilgreindur í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem hluti af skilasamstæðu með skilaeiningu sem er með staðfestu í Sambandinu, skal höfuðstóll gerninganna, samkvæmt þeim lögum eða samningsákvæðum sem gilda um gerningana, og eftir að viðkomandi lögbært yfirvald í þriðja landi hefur ákveðið það, færður niður varanlega eða gerningunum umbreytt í almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1,“

g) eftirfarandi liðir bætast við:

„o) sé útgefandinn með staðfestu í þriðja landi og hafi verið tilgreindur í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2014/59/ESB sem hluti af skilasamstæðu með skilaeiningu sem er með staðfestu í Sambandinu eða sé útgefandinn með staðfestu í aðildarríki, er eingöngu heimilt að gefa út gerningana samkvæmt lögum þriðja lands, eða með vísan til þeirra á einhvern annan hátt, ef beiting niðurfærslu- og umbreytingarheimildanna sem um getur í 59. gr. þeirrar tilskipunar sé samkvæmt þessum lögum skilvirk og framfylgjanleg á grundvelli lagaákvæða eða samningsákvæða sem eru fullnustuhæf samkvæmt lögum sem viðurkenna skilaaðgerðirnar eða aðrar niðurfærslu- eða umbreytingaraðgerðir,

p) gerningarnir falla ekki undir jöfnunar- eða skuldajöfnunarsamninga (e. *set-off or netting arrangements*) sem gætu dregið úr tapþolsgetu þeirra við skilameðferð.“

h) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„Að því er varðar a-lið fyrstu málsgreinar skal eingöngu sá hluti fjármagnsgernings sem er að fullu greiddur teljast uppfylla skilyrði gernings undir þætti 2.“

28) Í stað 64. gr. kemur eftirfarandi:

„64. gr.

Afskrift gerninga undir þætti 2

1. Heildarfjárhæð gerninga undir þætti 2 sem hafa lengri eftirstöðvatíma en fimm ár teljast uppfylla skilyrði gerninga undir þætti 2.

2. Það að hvaða marki gerningar undir þætti 2 uppfylla skilyrði liða í þætti 2 á síðustu fimm árunum fram að gjalddaga gerninganna er reiknað út með því að margfalda niðurstöðu útreikningsins sem um getur í a-lið með fjárhæðinni sem um getur í b-lið sem hér segir:

a) bókfært verð gerninganna á fyrsta degi síðustu fimm áranna af samningsbundnum gjalddaga þeirra, deilt með fjölda daganna á því tímabili,

b) fjöldi eftirstæðra daga af samningsbundnum gjalddaga gerninganna.“

29) Eftirfarandi liður bætist við í 66. gr.:

„e) fjárhæð liða sem krafist er skv. 72. gr. e komi til frádráttar liðum hæfra skuldbindinga sem eru umfram liði stofnunarinnar í hæfum skuldbindingum.“

30) Í stað i. liðar a-liðar 69. gr. kemur eftirfarandi:

„i. líftími skortstöðunnar er annaðhvort sami og líftími gnóttstöðunnar, eða lengri, eða a.m.k. eitt ár sé eftir af líftíma skortstöðunnar.“

31) Eftirfarandi kafli bætist við á eftir 72. gr.:

„5. KAFLI a

Hæfar skuldbindingar

1. þáttur

Liðir og gerningar hæfra skuldbindinga

72. gr. a

Liðir hæfra skuldbindinga

1. Liðir hæfra skuldbindinga skulu samanstanda af eftirfarandi nema þeir falli undir einhverja þá flokka undanskilinna skuldbindinga sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar og að því marki sem tilgreint er í 72. gr. c:

a) gerningum vegna hæfra skuldbindinga, ef skilyrðin sem sett eru fram í 72. gr. b eru uppfyllt að því marki sem þau uppfylla ekki skilyrði liða almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjár þáttar 1 og þáttar 2,

b) gerningum undir þætti 2 með a.m.k. eins árs eftirstöðvatíma að því marki sem þeir uppfylla ekki skilyrði liða þáttar 2 í samræmi við 64. gr.

2. Eftirtaldar skuldbindingar skulu undanskildar liðum hæfra skuldbindinga:

a) tryggðar innstæður,

b) óbundin innlán og skammtímainnlán með upphaflegan binditíma sem er skemmri en eitt ár,

c) sá hluti tryggingarhæfra innstæðna einstaklinga og örfyrirtækja, lítilla fyrirtækja og meðalstórra fyrirtækja sem er hærri en sem nemur þeirri tryggingavernd sem kveðið er á um í 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB (*),

d) innstæður einstaklinga, örfyrirtækja, lítilla fyrirtækja og meðalstórra fyrirtækja sem væru tryggingarhæfar innstæður hefðu þær ekki verið lagðar inn í gegnum útibú, sem eru staðsett utan Sambandsins, frá stofnunum með staðfestu í Sambandinu,

e) tryggðar skuldbindingar, þ.m.t. sértryggð skuldabréf og skuldbindingar í formi fjármálagerninga sem eru notaðir til áhættuvarnar og eru óaðskiljanlegur hluti tryggingasafnsins og sem í samræmi við landslög eru tryggð með svipuðum hætti og sértryggð skuldabréf, að því tilskildu að allar tryggðar eignir sem tengjast tryggingasafni sértryggðra skuldabréfa verði ekki fyrir áhrifum, haldist aðskildar og með næga fjármögnun og að undanskildum sérhverjum hluta tryggðrar skuldbindingar eða skuldbindingar sem veðsett hefur verið hærra en virði eignanna, tryggingar, veðs eða veðláns sem lagt er fram sem trygging,

f) sérhver skuldbinding verður til vegna vörslu eigna eða fjármuna viðskiptavina, þ.m.t. eigna viðskiptavinar eða fjármuna viðskiptavinar sem hafðir eru í vörslu fyrir hönd verðbréfasjóða að því tilskildu að slíkur viðskiptavinur njóti verndar samkvæmt gildandi lögum um ógjaldfærni,

g) sérhver skuldbinding sem verður til vegna fjárvörslulegs sambands milli stofnunar eða einhvers dótturfélags hennar (fjárvörsluaðila) og annars aðila (rétthafa), að því tilskildu að slíkur rétthafi njóti verndar samkvæmt gildandi lögum um ógjaldfærni eða einkarétt,

h) skuldbindingar gagnvart stofnunum, að undanskildum skuldbindingum gagnvart einingum sem eru hluti af sömu samstæðu, með upphaflegan binditíma sem er styttri en sjö dagar,

i) skuldbindingar með minna en sjö daga eftirstöðvatíma, sem eru skuld við:

   i. kerfi eða rekstraraðila kerfa sem tilnefnd eru í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB (**),

   ii. þátttakendur í kerfi sem tilnefnt er í samræmi við tilskipun 98/26/EB og stafa af þátttöku í slíku kerfi eða

   iii. mótaðila í þriðja landi sem er viðurkenndur í samræmi við 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

j) einhver eftirtalinna skuldbindinga:

   i. skuldbinding vegna starfsmanns, í tengslum við uppsöfnuð laun, lífeyri eða önnur föst starfskjör, að undanskildum breytilegum þáttum starfskjara sem ekki eru lögverndaðir í almennum kjarasamningi, og að undanskildum breytilegum þætti starfskjara þeirra sem taka verulega áhættu eins og um getur í 2. mgr. 92. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

   ii. skuldbinding vegna kröfuhafa innan verslunar eða viðskipta ef hún stafar af afhendingu vara eða þjónustu til stofnunarinnar eða móðurfélagsins sem er mikilvæg fyrir daglegan rekstur starfsemi stofnunarinnar eða móðurfélagsins, þ.m.t. upplýsingatækniþjónustu, nytjahluta og leigu, reksturs og viðhalds á húsnæði,

   iii. skuldbinding vegna skatta- og almannatryggingayfirvalda, að því tilskildu að þessar skuldbindingar hafi forgang samkvæmt gildandi lögum,

   iv. skuldbinding vegna innstæðutryggingakerfa ef hún stafar af ógreiddum framlögum í samræmi við tilskipun 2014/49/ESB,

k) skuldbindingar sem stafa af afleiðum,

l) skuldbindingar sem stafa af skuldagerningum með innbyggðum afleiðum.

Að því er varðar l-lið fyrstu undirgreinar skulu skuldagerningar sem innihalda uppgreiðslurétt fyrir lokagjalddaga sem útgefandinn eða handhafinn ákveður einhliða að nýta sér, sem og skuldabréf með breytilegum vöxtum sem stafa af viðmiðunarvöxtum í almennri notkun, eins og Euribor-vöxtum eða LIBOR-vöxtum, ekki teljast vera skuldagerningar sem hafa að geyma innbyggðar afleiður einungis vegna þessara þátta.

72. gr. b

Gerningar vegna hæfra skuldbindinga

1. Skuldbindingar skulu teljast til gerninga vegna hæfra skuldbindinga, að því tilskildu að þær uppfylli skilyrðin í þessari grein og aðeins að því marki sem þar er tilgreint.

2. Skuldbindingarnar teljast til gerninga vegna hæfra skuldbindinga ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) skuldbindingarnar hafa verið gefnar út eða þeirra aflað, eftir því sem við á, af stofnun og eru að fullu greiddar,

b) enginn eftirfarandi aðila á skuldbindingarnar:

   i. stofnun eða eining sem talin er með í sömu skilasamstæðu,

   ii. fyrirtæki sem stofnunin á beina eða óbeina hlutdeild í, í formi beins eignarhlutar eða með yfirráðarétti, sem nemur 20% eða meira af atkvæðisrétti eða eigin fé þess fyrirtækis,

c) öflun eignarhalds á skuldbindingunum eru ekki fjármögnuð beint eða óbeint af skilaeiningunni,

d) krafan á höfuðstól skuldbindinganna samkvæmt skilmálum gerninganna víkur að fullu fyrir kröfum sem stafa af þeim skuldbindingum sem eru undanskildar og um getur í 2. mgr. 72. gr. a; þessi krafa um undirskipun skal uppfyllt í öllum eftirfarandi aðstæðum:

   i. samningsákvæðin sem gilda um skuldbindingarnar tilgreina að komi til hefðbundinnar ógjaldfærnismeðferðar, eins og skilgreint er í 47. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, þá er krafan á höfuðstól skuldbindinganna lægri í kröfuröð en einhver af undanþegnu skuldbindingunum sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a í þessari reglugerð,

   ii. gildandi lög kveða á um að komi til hefðbundinnar ógjaldfærnismeðferðar, eins og skilgreint er í 47. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB þá er krafan á höfuðstól gerninganna lægri í kröfuröð en einhver af undanþegnu skuldbindingunum sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a í þessari reglugerð,

   iii. gerningarnir sem eru gefnir út af skilaeiningu sem ekki eru með neinar undanþegnar skuldbindingar á efnahagsreikningi sínum, eins og um getur í 2. mgr. 72. gr. a þessarar reglugerðar, sem eru metnar jafnstæðar (pari passu) eða lægri í kröfuröð gerninga vegna hæfra skuldbindinga,

e) enginn eftirtalinna aðila hefur lagt fram tryggingu fyrir gerningunum eða veitt ábyrgð á þeim eða gert einhverja aðra ráðstöfun sem eykur rétthæð krafnanna í kröfuröð:

   i. stofnunin eða dótturfélag hennar,

   ii. móðurfélag stofnunarinnar eða dótturfélög hennar,

   iii. fyrirtæki sem hefur náin tengsl við aðila sem um getur í i. og ii. lið,

f) skuldbindingarnar fela ekki í sér rétt til jöfnunar eða skuldajöfnunar sem gætu dregið úr tapþolsgetu þeirra við skilameðferð,

g) skilmálar sem gilda um skuldbindingarnar fela ekki í sér hvata fyrir stofnunina til að innkalla, greiða upp eða endurkaupa höfuðstól þeirra fyrir gjalddaga eða endurgreiða snemma, eftir því sem við á, nema í þeim tilvikum sem um getur í 3. mgr. 72. gr. c,

h) handhafar gerninganna geta ekki greitt upp skuldbindingarnar fyrir gjalddaga þeirra nema í þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr. 72. gr. c,

i) ef skuldbindingarnar fela í sér einn eða fleiri snemmbæran endurgreiðslurétt, þ.m.t. kauprétt má einungis nýta slíkan rétt samkvæmt einhliða ákvörðun útgefandans nema í þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr. 72. gr. c, sbr. þó 3. og 4. mgr. 72. gr. c,

j) einungis er heimilt að innkalla, greiða upp, endurgreiða eða endurkaupa skuldbindingarnar snemma ef skilyrðin sem sett eru fram í 77. gr. og 78. gr. a eru uppfyllt,

k) skilmálar vegna skuldbindinganna gefa ekki til kynna með beinum eða óbeinum hætti að skilaeiningin muni innkalla, greiða upp, endurgreiða eða endurkaupa gerningana snemma nema við ógjaldfærni eða félagsslit stofnunarinnar og stofnunin gefur ekki vísbendingu um slíkt á annan hátt,

l) skilmálar vegna skuldbindinganna veita handhafa þeirra ekki rétt til að flýta áætluðum framtíðargreiðslum vaxta eða höfuðstóls nema við ógjaldfærni eða félagsslit skilaeiningarinnar,

m) fjárhæð vaxta eða arðgreiðslna af skuldbindingunum, eftir því sem við á, verður ekki breytt á grundvelli lánshæfis skilaeiningarinnar eða móðurfélags hennar,

n) hvað varðar gerninga sem gefnir eru út eftir 28. júní 2021 þá vísa viðkomandi samningsskjöl og, eftir atvikum, útboðs- og skráningarlýsingar sem varða útgáfuna, með skýrum hætti til mögulegrar nýtingar á niðurfærslu- og umbreytingarheimildum í samræmi við 48. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar skal eingöngu sá hluti skuldbindinganna sem er að fullu greiddur teljast uppfylla skilyrði gerninga vegna hæfra skuldbindinga.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar þessarar greinar, í þeim tilfellum þegar sumar þeirra undanþegnu skuldbindinga sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a víkjandi fyrir almennum ótryggðum kröfum samkvæmt landslögum um gjaldþrotaskipti, m.a. vegna þess að þau eru í eigu lánveitanda sem hefur náin tengsl við skuldarann, þar sem hann er eða hefur verið hluthafi, í yfirráða- eða samstæðutengslum, meðlimur í framkvæmdastjórn eða stjórnarmeðlimur eða tengdur einhverjum þessara aðila, skal undirskipunin ekki metin með vísan til krafna sem stafa af slíkum undanþegnum skuldbindingum.

3. Auk skuldbindinganna sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar er skilastjórnvaldi heimilt að leyfa skuldbindingum að teljast til gerninga vegna hæfra skuldbindinga upp að samanlagðri fjárhæð sem fer ekki yfir 3,5% af heildarfjárhæð áhættugrunns sem reiknuð er í samræmi við 3. og 4. gr. 92. gr. að því tilskildu að:

a) öll skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. séu uppfyllt, að undanskildu skilyrðinu sem sett er fram í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr.,

b) skuldbindingarnar séu metnar jafnstæðar (pari passu) þeim undanþegnu skuldbindingum sem lægstar eru í kröfuröð og sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a, að frátöldum þeim undanþegnu skuldbindingum sem eru víkjandi fyrir almennum ótryggðum skuldbindingum samkvæmt landslögum um gjaldþrotaskipti og sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr. þessarar greinar, og

c) meðtalning þessara skuldbindinga til liða hæfra skuldbindinga gæfi ekki tilefni til verulegrar hættu á árangursríkri málsókn eða gildum bótakröfum samkvæmt mati skilastjórnvalds með tilliti til meginreglnanna sem um getur í g-lið 1. mgr. 34. gr. og 75. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

4. Skilastjórnvaldi er heimilt að leyfa skuldbindingum að teljast til gerninga vegna hæfra skuldbindinga til viðbótar þeim skuldbindingum sem um getur í 2. gr., að því tilskildu að:

a) stofnuninni sé ekki heimilt að fella inn í liði hæfra skuldbindinga skuldbindingar sem um getur í 3. mgr.,

b) öll skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr., að undanskildu skilyrðinu sem sett er fram í d-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. séu uppfyllt,

c) skuldbindingarnar séu metnar jafnstæðar (pari passu) eða rétthærri þeim undanþegnu skuldbindingum sem lægstar eru í kröfuröð og sem um getur í 2. mgr. 72. gr. a, að frátöldum þeim undanþegnu skuldbindingum sem eru víkjandi fyrir almennum ótryggðum skuldbindingum samkvæmt landslögum um gjaldþrotaskipti og sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr. þessarar greinar,

d) á efnahagsreikningi stofnunarinnar sé fjárhæð undanþeginna skuldbindinga, sem um getur í 2. mgr. 72. gr. sem eru metnar jafnstæðar (pari passu) eða réttlægri þessum skuldbindingum í kröfuröð , ekki hærri en 5% af fjárhæð eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga stofnunarinnar,

e) meðtalning þessara skuldbindinga til liða hæfra skuldbindinga gæfi ekki tilefni til verulegrar hættu á árangursríkri málsókn eða gildum bótakröfum samkvæmt mati skilastjórnvalds með tilliti til meginreglnanna sem um getur í g-lið 1. mgr. 34. gr. og 75. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

5. Skilastjórnvaldið getur einungis heimilað stofnun að telja skuldbindingarnar annaðhvort samkvæmt 3. eða 4. mgr. til liða hæfra skuldbindinga.

6. Skilastjórnvaldið skal hafa samráð við lögbæra yfirvaldið þegar það leggur mat á hvort skilyrðin sem sett eru fram í þessari grein eru uppfyllt.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) viðeigandi form og eðli óbeinnar fjármögnunar gerninga vegna hæfra skuldbindinga,

b) form og eðli hvata til innlausnar að því er varðar skilyrðið sem sett er fram í g-lið fyrstu undirgreinar 2. mgr. þessarar greinar og 3. mgr. 72. gr. c.

Þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum skulu vera í fullu samræmi við framseldu gerðina sem um getur í a-lið 5. mgr. 28. gr. og a-lið 2. mgr. 52. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. desember 2019.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

72. gr. c.

Afskriftir gerninga vegna hæfra skuldbindinga

1. Gerningar vegna hæfra skuldbindinga með a.m.k. eins árs eftirstöðvatíma teljast að fullu uppfylla skilyrði þess að vera liðir hæfra skuldbindinga.

Gerningar vegna hæfra skuldbindinga með styttri eftirstöðvatíma en eitt ár teljast ekki uppfylla skilyrði þess að vera liðir hæfra skuldbindinga.

2. Ef gerningar vegna hæfra skuldbindinga fela í sér uppgreiðslurétt sem handhafi getur nýtt sér fyrir hinn upphaflega tilgreinda gjalddaga gerningsins skal gjalddagi gerningsins skilgreindur, með tilliti til 1. mgr., sem fyrsti mögulegi dagurinn sem handhafi getur nýtt sér uppgreiðsluréttinn og óskað eftir uppgreiðslu gerningsins eða endurgreiðslu á honum.

3. Ef gerningar vegna hæfra skuldbindinga fela í sér hvata fyrir útgefandann til að innkalla, greiða upp, endurgreiða eða endurkaupa gerninginn fyrir hinn upphaflega tilgreinda gjalddaga gerningsins, skal gjalddagi gerningsins skilgreindur, með tilliti til 1. mgr., sem fyrsti mögulegi dagurinn sem útgefandinn getur nýtt sér uppgreiðsluréttinn og óskað eftir uppgreiðslu gerningsins eða endurgreiðslu á honum.

4. Ef gerningar vegna hæfra skuldbindinga fela í sér uppgreiðslurétt fyrir lokagjalddaga sem útgefandi einn getur ákveðið að nýta sér fyrir hinn upphaflega tilgreinda gjalddaga gerningsins, en þar sem ákvæðin sem gilda um gerninginn fela ekki í sér neinn hvata til að innkalla, greiða upp, endurgreiða eða endurkaupa gerninginn fyrir gjalddaga hans og fela ekki í sér neinn uppgreiðslu- eða endurgreiðslurétt að einhliða ákvörðun handhafanna, skal gjalddagi gerningsins skilgreindur, með tilliti til 1. mgr., sem hinn upphaflegi tilgreindi gjalddagi.

72. gr. d

Afleiðingar þess að skilyrði fyrir hæfi eru ekki lengur uppfyllt

Ef gildandi skilyrði sem sett eru fram í 72. gr. b eru ekki lengur uppfyllt að því er varðar gerninga vegna hæfra skuldbindinga skulu skuldbindingarnar tafarlaust hætta að teljast vera gerningar vegna hæfra skuldbindinga.

Skuldbindingarnar sem um getur í 2. mgr. 72. gr. b geta haldið áfram að teljast vera gerningar vegna hæfra skuldbindinga eins lengi og þær uppfylla skilyrði gerninga vegna hæfra skuldbindinga skv. 3. og 4. mgr. 72. gr. b.

2. þáttur

Frádráttur frá liðum hæfra skuldbindinga

72. gr. e

Frádráttur frá liðum hæfra skuldbindinga

1. Stofnanir sem falla undir 92. gr. a skulu draga eftirfarandi frá liðum hæfra skuldbindinga:

a) beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti stofnunar í eigin hæfum skuldbindingargerningum, þ.m.t eigin skuldbindingar sem þeirri stofnun gæti borið skylda til að kaupa vegna gildandi samningsbundinna skyldna,

b) beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti sem stofnunin á í hæfum skuldbindingargerningum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu sem stofnunin hefur krosseignarhald með og sem lögbært yfirvald telur að hafi verið hannað til að blása upp tapþol og endurfjármögnunargetu skilaeiningarinnar á óeðlilegan hátt,

c) viðeigandi fjárhæð beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta í hæfum skuldbindingargerningum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu, sem ákvörðuð er í samræmi við 72. gr. i, ef stofnunin á ekki verulegan eignarhlut í þessum stofnunum,

d) beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti sem stofnunin á í hæfum skuldbindingargerningum kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu ef stofnunin á verulegan eignarhlut í þessum stofnunum, að undanskildum sölutryggingarstöðum sem haldið er í fimm virka daga eða skemur.

2. Að því er varðar þennan þátt skulu allir gerningar sem metnir eru jafngildir hæfum skuldbindingargerningum meðhöndlaðir sem hæfir skuldbindingargerningar, að undanskildum gerningum sem metnir eru jafngildir gerningum sem viðurkennt er að uppfylli skilyrði hæfra skuldbindinga skv. 3. og 4. mgr. 72. gr. b.

3. Að því er varðar þennan þátt mega stofnanir reikna eignarhluta hæfra skuldbindingargerninga sem um getur í 3. mgr. 72. gr. b á eftirfarandi hátt:

$$h = \sum_i \left(H_i \cdot \frac{l_i}{L_i} \right)$$

þar sem:

h = fjárhæð eignarhluta hæfra skuldbindingargerninga sem um getur í 3. mgr. 72. gr. b,

i = stuðullinn sem tilgreinir útgáfustofnunina,

H_i = heildarfjárhæð eignarhluta hæfra skuldbindingargerninga hjá útgáfustofnuninni i sem um getur í 3. mgr. 72. gr. b,

l_i = fjárhæð skuldbindinga sem útgáfustofnun i hefur talið með í liðum hæfra skuldbindinga innan þeirra marka sem tilgreind eru í 3. mgr. 72. gr. b samkvæmt síðustu upplýsingagjöf hennar, og

L_i = heildarfjárhæð útistandandi skuldbindinga útgáfustofnunar i sem um getur í 3. mgr. 72. gr. b samkvæmt síðustu upplýsingagjöf útgefandans.

4. Ef móðurstofnun í Sambandinu eða móðurstofnun í aðildarríki sem fellur undir 92. gr. a á beina eignarhluti, óbeina eignarhluti eða gervieignarhluti í eiginfjárgrunnsgerningum eða hæfum skuldbindingargerningum eins eða fleiri dótturfélaga sem tilheyra ekki sömu skilasamstæðu og sú móðurstofnun getur skilastjórnvald þeirrar móðurstofnunar, að teknu tilhlýðilegu tilliti til álits skilastjórnvalda einhvers viðkomandi dótturfélags, heimilað móðurstofnuninni að draga frá slíka eignarhluti með því að draga frá lægri fjárhæð sem skilastjórnvald þessarar móðurstofnunar tilgreinir. Þessi aðlagaða fjárhæð skal a.m.k. vera jöfn fjárhæðinni (m) sem reiknuð er sem hér segir:

$$m_i = \max\{0; OP_i + LP_i - \max\{0; \beta \cdot [O_i + L_i - r_i \cdot aRWA_i]\}\}$$

þar sem:

i = stuðullinn sem tilgreinir dótturfélagið,

OP_i = fjárhæð eiginfjárgrunnsgerninga sem dótturfélagið i gefur út og er í vörslu móðurstofnunarinnar,

LP_i = Fjárhæð hæfra skuldbindingagerninga sem dótturfélagið i gefur út og er í vörslu móðurstofnunarinnar,

β = hundraðshluti eiginfjárgrunnsgerninga og hæfra skuldbindingagerninga sem dótturfélagið i gefur út og er í vörslu móðurfélagsins reiknað sem,

$$B = \frac{(OP_i + LP_i)}{\text{Fjárhæð allra eiginfjárgrunnsgerninga og hæfra skuldbindingagerninga sem dótturfélagið i gefur út,}}$$

O_i = fjárhæð eiginfjárgrunns dótturfélags i þar sem ekki er tekið tillit til frádráttarins sem er reiknaður út í samræmi við þessa málsgrein,

L_i = fjárhæð hæfra skuldbindinga dótturfélags i þar sem ekki er tekið tillit til frádráttarins sem er reiknaður út í samræmi við þessa málsgrein,

r_i = hlutfallið sem gildir um dótturfélag i á skilasamstæðustigi í samræmi við a-lið 1. mgr. 92. gr. a í þessari reglugerð og a-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. 45. gr. c í tilskipun 2014/59/ESB, og

$aRWA_i$ = heildaráhættugrunnur kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu i í samræmi við 3. og 4. mgr. 92. gr. að teknu tilliti til aðlögunarinnar sem sett er fram í 12. gr. a.

Þegar móðurstofnun hefur heimild til að draga leiðrétta fjárhæð frá í samræmi við fyrstu undirgrein, skal dótturfélagið draga frá mismuninn á fjárhæð eignarhluta eiginfjárgrunnsgerninga og hæfra skuldbindingargerninga sem um getur í fyrstu undirgrein og þessa aðlöguðu fjárhæð.

72. gr. f

Frádráttur eignarhluta í eigin hæfum skuldbindingargerningum

Að því er varðar a-lið 1. mgr. 72. gr. e skulu stofnanir reikna eignarhluti út á grundvelli vergra gnóttstaðna með eftirfarandi undantekningum:

a) stofnanir mega reikna út fjárhæð eignarhluta á grundvelli hreinna gnóttstaðna að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

   i. gnótt- og skortstöðurnar eru í sömu undirliggjandi áhættuskuldbindingu og skortstöðurnar fela ekki í sér mótaðilaáhættu,

   ii. annaðhvort er bæði gnótt- og skortstöðum haldið í veltubókinni eða hvort tveggja er haldið í fjárfestingarbók.

b) stofnanir skulu ákvarða þá fjárhæð sem kemur til frádráttar vegna beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta í vísitöluverðbréfum með því að reikna út undirliggjandi áhættuskuldbindingu vegna eigin hæfu skuldbindingargerninga í þessum vísitölum,

c) stofnanir mega jafna vergum gnóttstöðum í eigin skuldbindingargerningum sem stafa af eignarhlutum í vísitöluverðbréfum á móti skortstöðum í eigin hæfum skuldbindingargerningum sem stafa af skortstöðum í undirliggjandi vísitölum, þ.m.t. þegar skortstöðurnar fela í sér mótaðilaáhættu, að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

   i. gnótt- og skortstöðurnar eru í sömu undirliggjandi vísitölum,

   ii. annaðhvort er bæði gnótt- og skortstöðum haldið í veltubókinni eða hvort tveggja er haldið utan veltubókar.

72. gr. g

Frádráttargrunnur fyrir liði hæfra skuldbindingargerninga

Að því er varðar b-, c- og d-lið 1. mgr. 72. gr. e skulu stofnanir reikna út gnóttstöðurnar til frádráttar með fyrirvara um undanþágurnar sem mælt er fyrir um í 72. gr. h og 72. gr. i.

72. gr. h

Frádráttur eignarhluta hæfra skuldbindinga annarra kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu

Stofnanir sem ekki nýta sér undanþágurnar sem settar eru fram í 72. gr. j skulu reikna út frádráttinn sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. 72. gr. e í samræmi við eftirfarandi:

a) þær mega reikna út beina eignarhluti, óbeina eignarhluti og gervieignarhluti aðila á fjármálamarkaði í hæfum skuldbindingargerningum á grundvelli hreinnar gnóttstöðu í sömu undirliggjandi áhættuskuldbindingu að því tilskildu að bæði eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

   i. líftími skortstöðunnar er annaðhvort sami og líftími gnóttstöðunnar, eða lengri, eða a.m.k. eitt ár sé eftir af líftíma skortstöðunnar,

   ii. annaðhvort er bæði gnóttstöðunni og skortstöðunni haldið í veltubókinni eða hvort tveggja er haldið í fjárfestingarbók,

b) þær skulu ákvarða þá fjárhæð sem kemur til frádráttar vegna beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta í vísitöluverðbréfum á grundvelli undirliggjandi áhættu vegna hæfra skuldbindingargerninga í þessum vísitölum.

72. gr. i

Frádráttur hæfra skuldbindinga í þeim tilvikum þegar stofnun á ekki verulegan eignarhlut í kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu

1. Að því er varðar c-lið 1. mgr. 72. gr. e skulu stofnanir reikna út þá fjárhæð sem kemur til frádráttar með því að margfalda fjárhæðina sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar með þeim stuðli sem fæst með útreikningnum sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar:

a) samanlögð fjárhæð þess sem beinn eignarhlutur, óbeinn eignarhlutur og gervieignarhlutur stofnunarinnar í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 og viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1, og gerningum undir þætti 2 hjá aðilum á fjármálamarkaði og hæfir skuldbindingargerningar kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu sem stofnunin á ekki verulegan eignarhlut í, fer yfir 10 % af liðum í almennu eigin fé þáttar 1 stofnunar sem reiknað er út með eftirfarandi hætti:

   i. 32. til 35. gr.,

   ii. a- til g-lið, ii.–v. lið k-liðar og l-lið 1. mgr. 36. gr., að undanskilinni þeirri fjárhæð sem kemur til frádráttar vegna frestaðrar skattinneignar sem byggist á framtíðararðsemi og stafar af tímabundnum mismun,

   iii. ákvæði 44. og 45. gr.,

b) fjárhæð beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta stofnunarinnar í hæfum skuldbindingargerningum hjá kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu sem stofnunin á ekki verulegan eignarhlut í, deilt með samanlagðri fjárhæð allra beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta stofnunarinnar í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 og viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1, og gerningum undir þætti 2 hjá þeim aðilum á fjármálamarkaði og hæfum skuldbindingargerningum hjá kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu sem engin skilastofnun á verulegan eignarhlut í.

2. Stofnanir skulu undanskilja sölutryggingarstöður, sem haldið er í fimm virka daga eða skemur, frá fjárhæðunum sem um getur í a-lið 1. mgr. og frá útreikningi stuðulsins í samræmi við b-lið 1. mgr.

3. Fjárhæðinni sem kemur til frádráttar skv. 1. mgr. skal deilt niður á hvern hæfan skuldbindingargerning hjá kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu sem er í vörslu stofnunarinnar. Stofnanir skulu ákvarða þá fjárhæð eignarhluta í hverjum hæfum skuldbindingargerningi sem kemur til frádráttar skv. 1. mgr. með því að margfalda fjárhæðina sem tilgreind er í a-lið þessarar málsgreinar með þeim hluta sem tilgreindur er í b-lið þessarar málsgreinar:

a) fjárhæð eignarhluta sem kemur til frádráttar skv. 1. mgr.,

b) hluti samanlagðrar fjárhæðar beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta og gervieignarhluta stofnunarinnar í hæfum skuldbindingargerningum hjá kerfislega mikilvægum stofnunum á alþjóðavísu, ef stofnunin á ekki verulegan eignarhlut í þeim í formi hvers hæfs skuldabréfagernings sem hún hefur í vörslu sinni.

4. Sú fjárhæð eignarhluta sem um getur í c-lið 1. gr. 72. gr. c sem er jöfn eða lægri en 10 % af liðum stofnunarinnar í almennu eigin fé þáttar 1 eftir að ákvæðunum í i., ii. og iii. lið a-liðar 1. mgr. þessarar greinar er beitt, skal ekki dregin frá og skal fá viðeigandi áhættuvog í samræmi við 2. eða 3. kafla II. bálks þriðja hluta og kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. bálki þriðja hluta, eftir því sem við á.

5. Stofnanir skulu ákvarða fjárhæð hvers skuldbindingargernings sem eru áhættuvegnir skv. 4. mgr. með því að margfalda fjárhæð eignarhlutanna sem ber að áhættuvega skv. 4. mgr. með þeim hluta sem leiðir af útreikningnum sem tilgreindur er í b-lið 3. mgr.

72. gr. j

Undanþága fyrir veltubók frá því að draga frá liði í almennu eigin fé

1. Stofnanir geta ákveðið að láta ekki tilgreindan hluta beinna eignarhluta, óbeinna eignarhluta eða gervieignarhluta í hæfum skuldbindingargerningum koma til frádráttar sem samanlagt og á grundvelli vergra gnóttstaðna samsvara eða eru minna en 5% af liðum stofnunarinnar í almennu eigin fé þáttar 1 eftir að hafa beitt 32. til 36. gr. að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) eignarhlutirnir eru í veltubókinni:

b) skuldbindingargerningarnir eru hafðir í vörslu lengur en í 30 virka daga.

2. Fjárhæðir liðanna sem ekki koma til frádráttar skv. 1. mgr. skulu falla undir kröfur vegna eiginfjárgrunns hvað varðar liði í veltubókinni.

3. Svo fremi sem skilyrðin í 1. mgr. séu ekki lengur uppfyllt hvað varðar eignarhluta sem ekki koma til frádráttar samkvæmt sömu málsgrein koma eignarhlutarnir til frádráttar í samræmi við 72. gr. g án þess að undanþágunum, sem mælt er fyrir um í 72. gr. h og 72. gr. i, sé beitt.

3. þáttur

Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar

72. gr. k

Hæfar skuldbindingar

Hæfar skuldbindingar stofnunar skulu samanstanda af liðum hæfra skuldbindinga hjá stofnun eftir frádráttinn sem um getur í 72. gr. e.

72. gr. l

Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar

Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar stofnunar skulu samanstanda af samtölu eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga hennar.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB frá 16. apríl 2014 um innstæðutryggingakerfi (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 149).

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf (Stjtíð. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45).“

32) Í stað fyrirsagnar 6. kafla annars hluta í I. bálki kemur eftirfarandi:

„**Almennar kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar**“

33) Ákvæðum 73. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„**Útgreiðslur á gerninga**“

b) Í stað 1. til 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Fjármagnsgerningar og skuldbindingar sem stofnun getur ákveðið einhliða að framkvæma útgreiðslur á, í öðru formi en reiðufé eða eiginfjárgrunnsgerningum, uppfylla ekki skilyrði almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjár þáttar 1, þáttar 2 eða hæfra skuldbindinga nema stofnunin hafi fengið leyfi lögbærra yfirvalda fyrirfram til þess að flokka þá þannig.

2. Lögbær yfirvöld skulu einungis veita fyrirframleyfið sem um getur í 1. mgr. ef þau telja eftirfarandi skilyrði vera uppfyllt:

a) ákvörðunarrétturinn sem um getur í 1. mgr. eða formið sem útgreiðslan gæti farið fram á hafa ekki neikvæð áhrif á hæfni stofnunarinnar til að fella niður greiðslur samkvæmt gerningnum,

b) ákvörðunarrétturinn sem um getur í 1. mgr. eða formið sem útgreiðslan gæti farið fram á hafa ekki neikvæð áhrif á eiginleika fjármagnsgerningsins eða skuldbindingarinnar til að bera tap,

c) ákvörðunarrétturinn sem um getur í 1. mgr. eða formið sem útgreiðslan gæti farið fram á hafa ekki neikvæð áhrif á gæði fjármagnsgerningsins eða skuldbindingarinnar.

Lögbært yfirvald skal hafa samráð við skilastjórnvaldið að því er varðar hlítingu stofnunarinnar við þessi skilyrði áður en hún veitir fyrirframsamþykkið sem um getur í 1. mgr.

3. Fjármagnsgerningar og skuldbindingar sem lögaðili annar en stofnunin sem gefur þá út hefur rétt til að ákveða eða gera kröfu um að útgreiðslur þessara fjármagnsgerninga eða skuldbindinga verði greiddar af á öðru formi en reiðufé eða eiginfjárgrunnsgerningum, uppfylla ekki skilyrði almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjár þáttar 1, þáttar 2 eða hæfra skuldbindingargerninga.

4. Stofnanir mega nota breiða markaðsvísitölu sem grundvöll til að ákvarða fjárhæð útgreiðslna á viðbótareiginfé þáttar 1, þáttar 2 eða hæfum skuldbindingargerningum.“

c) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Stofnanir skulu gefa skýrslu og birta upplýsingar um þær breiðu markaðsvísitölur sem fjármagnsgerningar þeirra og hæfir skuldbindingargerningar byggjast á.“

34) Í stað inngangsorðanna í 75. gr. kemur eftirfarandi:

„Kröfur um líftíma vegna skortstaðna sem um getur í a-lið 45. gr., a-lið 59. gr., a-lið 69. gr. og a-lið 72. gr. h skulu teljast uppfylltar að því er varðar stöður sem haldið er, að uppfylltum öllum eftirfarandi skilyrðum:“

35) Í stað fyrirsagnar og 1., 2. og 3. mgr. 76. gr. kemur eftirfarandi:

„76. gr.

Vísitölueignarhlutir í fjármagnsgerningum og skuldbindingum

1. Að því er varðar a-lið 42. gr., a-lið 45. gr., a-lið 57. gr., a-lið 59. gr., a-lið 67. gr., a-lið 69. gr., a-lið 72. gr. f og a-lið 72. gr. h mega stofnanir lækka fjárhæð gnóttstöðu í fjármagnsgerningi eða skuldbindingu um þann hluta vísitölu sem samanstendur af sömu undirliggjandi skuldbindingu og verið er að áhættuverja, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) annaðhvort er bæði gnóttstöðunni sem varin er og skortstöðunni í vísitölunni sem notuð er til að verja þá gnóttstöðu haldið í veltubókinni eða hvort tveggja er haldið í fjárfestingarbók,

b) stöðunum, sem um getur í a-lið, er haldið á gangvirði í efnahagsreikningi stofnunarinnar,

c) skortstaðan, sem um getur í a-lið, uppfyllir skilyrði virkrar áhættuvarnar samkvæmt aðferðum stofnunarinnar við innra eftirlit,

d) lögbær yfirvöld meta að minnsta kosti árlega hvort aðferðir innra eftirlits sem um getur í c-lið séu fullnægjandi og hafa gengið úr skugga um að þær eigi ávallt við.

2. Hafi lögbært yfirvald veitt leyfi sitt fyrirfram getur stofnun notað varfærnislegt mat á undirliggjandi áhættuskuldbindingu stofnunarinnar vegna fjármagnsgerninga eða skuldbindinga í vísitölum í staðinn fyrir að stofnun reikni út áhættuskuldbindingu sína vegna liðanna sem um getur í einum eða fleiri eftirfarandi liðum:

a) eigin eiginfjárgrunnsgerningar almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgerningar þáttar 1, gerningar undir þætti 2 og hæfir skuldbindingargerningar í vísitölum,

b) eiginfjárgrunnsgerningar almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgerningar, gerningar undir þætti 2 hjá aðila á fjármálamarkaði í vísitölum,

c) hæfir skuldbindingargerningar sem vísitölur fela í sér.

3. Lögbær yfirvöld skulu einungis veita leyfið fyrirfram sem um getur í 2. mgr. ef stofnun hefur sýnt þeim fram á með fullnægjandi hætti að það yrði íþyngjandi fyrir rekstur stofnunarinnar að fylgjast með undirliggjandi áhættuskuldbindingu sinni vegna liðanna sem um getur í einum eða fleiri liðum í 2. mgr., eftir því sem við á.“

36) Í stað 77. gr. kemur eftirfarandi:

„77. gr.

Skilyrði fyrir lækkun eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga

1. Stofnun skal fá leyfi lögbærs yfirvalds fyrirfram til að gera eitthvað af eftirfarandi:

a) lækka, innleysa eða endurkaupa almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem stofnunin hefur gefið út, með þeim hætti sem viðeigandi landslög heimila,

b) lækka, greiða út eða endurflokka yfirverðsreikninga hlutafjár sem tengjast eiginfjárgrunnsgerningum sem aðra liði eiginfjárgrunns,

c) koma í kring innköllun, uppgreiðslu, endurgreiðslu eða endurkaupum á viðbótareiginfjárgerningum þáttar 1 eða gerningum undir þætti 2 áður en samningsbundnum binditíma þeirra lýkur.

2. Stofnun skal fá leyfi skilastjórnvalds fyrirfram til að koma í kring innköllun, uppgreiðslu, endurgreiðslu eða endurkaupum á hæfum skuldbindingargerningum áður en samningsbundnum binditíma þeirra lýkur.“

37) Í stað 78. gr. kemur eftirfarandi:

„78. gr.

Leyfi eftirlitsyfirvalda fyrir lækkun eiginfjárgrunns

1. Lögbært yfirvald skal veita stofnun leyfi til að lækka, innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa eiginfjárgrunnsgerninga almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótareiginfjárgerninga eða gerninga undir þætti 1 eða 2 eða lækka, greiða út, eða endurflokka yfirverðsreikninga hlutafjár ef annað hvort eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt:

a) fyrir aðgerðirnar sem um getur í 1. mgr. 77. gr., eða á sama tíma og þær eiga sér stað, skiptir stofnun gerningunum eða tengdum yfirverðsreikningum hlutafjár sem um getur í 1. mgr. 77. gr. út fyrir eiginfjárgrunnsgerninga af sömu gæðum eða meiri, með skilmálum sem eru sjálfbærir hvað varðar tekjuhæfi stofnunarinnar,

b) stofnunin hefur að mati lögbærra yfirvalda sýnt þeim fram á með fullnægjandi hætti að eiginfjárgrunnur hennar og hæfar skuldbindingar myndu, eftir aðgerðina sem um getur í 1. mgr. 77. gr. þessarar reglugerðar, vera umfram kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tilskipunum 2013/36/ESB og 2014/59/ESB sem nemur fjárhæð sem lögbært yfirvald kann að telja nauðsynlega.

Ef stofnun hefur gert fullnægjandi verndarráðstafanir hvað varðar getu hennar til að reka starfsemi sína með eiginfjárgrunn umfram fjárhæðirnar sem gerð er krafa um í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB getur lögbært yfirvald veitt þeirri stofnun almennt leyfi fyrirfram til að grípa til einhverra þeirra aðgerða sem settar eru fram í 1. mgr. 77. gr. þessarar reglugerðar, með fyrirvara um viðmiðanir sem tryggja að allar slíkar aðgerðir í framtíðinni verði í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í a- og b-lið þessarar greinar. Þetta almenna fyrirframleyfi skal eingöngu veitt til tiltekins tíma sem má ekki vera lengri en eitt ár en að þeim tíma liðnum má endurnýja það. Almenna leyfið skal veitt fyrir tiltekna fyrirframákveðna fjárhæð sem lögbæra yfirvaldið skal fastsetja. Þegar um er að ræða almenna

eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 skal þessi fyrirframákveðna fjárhæð ekki vera meira en 3% af viðkomandi útgáfu og ekki fara yfir 10% af fjárhæð almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1 sem er umfram summu krafnanna um almennt eigið fé þáttar 1, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, tilskipun 2013/36/ESB og 2014/59/ESB, sem nemur fjárhæð sem lögbært yfirvald kann að telja nauðsynlega. Þegar um er að ræða viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 eða þáttar 2 skal þessi fyrirframákveðna fjárhæð ekki fara yfir 10% af viðkomandi útgáfu og ekki fara yfir 3% af heildarfjárhæð útistandandi viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 eða þáttar 2.

Lögbær yfirvöld skulu afturkalla almenna fyrirframleyfið ef stofnunin brýtur gegn einhverjum þeim viðmiðunum sem sett voru vegna þessa leyfis.

2. Þegar lögbær yfirvöld meta sjálfbærni útskiptigerninganna fyrir tekjuhæfi stofnunarinnar sem um getur í a-lið 1. mgr., skulu þau taka tillit til þess hversu kostnaðarsamari þessir útskiptifjármagnsgerningar yrðu fyrir stofnunina en gerningarnir eða yfirverðsreikningar hlutafjár sem þeim er skipt út fyrir.

3. Ef stofnun grípur til aðgerðar sem um getur í a-lið 1. mgr. 77. gr. og viðeigandi landslög heimila ekki að uppgreiðslu almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1, sem um getur í 27. gr., sé hafnað, má lögbært yfirvald falla frá skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar, að því tilskildu að lögbæra yfirvaldið geri kröfu um að stofnunin takmarki innlausn slíkra gerninga á viðeigandi grundvelli.

4. Lögbært yfirvald skal veita stofnun leyfi til að innkalla, innleysa, endurgreiða eða endurkaupa viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 eða þáttar 2 eða tengda yfirverðsreikninga í fimm ár frá útgáfudegi þeirra og ef skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. og eitt eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) breyting verður á eftirlitsflokkun þessara gerninga, sem er líkleg til að hafa í för með sér að þeir teljist ekki lengur til eiginfjárgrunns eða verði endurflokkaðir sem lakara form eiginfjárgrunns, og bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

   i. lögbært yfirvald telur nægilega víst að slík breyting muni eiga sér stað,

   ii. stofnunin sýnir lögbæru yfirvaldi fram á, með fullnægjandi hætti að þess mati, að skyldubundin endurflokkun þessara gerninga hafi ekki verið nægilega fyrirsjáanleg við útgáfu þeirra,

b) breyting verður á viðeigandi skattameðferð þessara gerninga sem stofnunin sýnir lögbæru yfirvaldi fram á, með fullnægjandi hætti að þess mati, að sé veruleg og hafi ekki verið nægilega fyrirsjáanleg við útgáfu þeirra,

c) gerningarnir og tengdir yfirverðsreikningar hlutafjár falli undir eldri reglur skv. 494. gr. b.,

d) fyrir aðgerðina sem um getur í 1. mgr. 77. gr., eða á sama tíma og hún á sér stað skiptir stofnun gerningunum eða tengdum yfirverðsreikningum hlutafjár sem um getur í 1. mgr. 77. gr. út fyrir eiginfjárgrunnsgerninga af sömu gæðum eða meiri, með skilmálum sem eru sjálfbærir hvað varðar tekjuhæfi stofnunarinnar og lögbæra yfirvaldið hefur heimilað þá aðgerð á grundvelli þeirrar ákvörðunar að það væri til hagsbóta út frá varfærnissjónarmiði og réttlætt vegna sérstakra aðstæðna,

e) viðbótareiginfjárgerningar þáttar 1 eða þáttar 2 eru endurkeyptir vegna viðskiptavaktar.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum þar sem eftirfarandi er tilgreint:

a) merking „sjálfbærni hvað varðar tekjuhæfi stofnunar“,

b) viðeigandi grundvöllur takmarkana á uppgreiðslu sem um getur í 3. mgr.,

c) ferli sem tekur til takmarkana og meðferðar við veitingu lögbærra yfirvalda á fyrirframsamþykki vegna aðgerðar sem tilgreind er í 1. mgr. 77. gr. og kröfur um gögn vegna umsóknar stofnunar um leyfi lögbærs yfirvalds til að framkvæma aðgerð sem þar er tilgreind, þ.m.t. þá meðferð sem beita skal ef um er að ræða innlausn hlutabréfa sem gefin eru út til aðila að samvinnufélögum, og þann tíma sem meðferð slíkra umsókna skal taka.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

38) Eftirfarandi grein bætist við:

„78. gr. a

Leyfi fyrir lækkun gerninga vegna hæfra skuldbindinga

1. Skilastjórnvald skal veita stofnun leyfi til að innkalla, greiða upp, endurgreiða eða endurkaupa gerninga vegna hæfra skuldbindinga ef eitt eftirfarandi skilyrða er uppfyllt:

a) fyrir aðgerðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr., eða á sama tíma og hún á sér stað, skiptir stofnunin gerningum vegna hæfra skuldbindinga út fyrir eiginfjárgrunnsgerninga eða gerninga vegna hæfra skuldbindinga af sömu gæðum eða meiri, á kjörum sem eru sjálfbær fyrir rekstur og afkomu stofnunarinnar,

b) stofnunin hefur að mati skilastjórnvalda sýnt þeim fram á með fullnægjandi hætti að eiginfjárgrunnur hennar og hæfar skuldbindingar myndu, eftir aðgerðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr. þessarar reglugerðar, vera umfram kröfurnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tilskipunum 2013/36/ESB og 2014/59/ESB sem nemur fjárhæð sem það skilastjórnvald í samráði við lögbært yfirvald kann að telja nauðsynlega,

c) stofnunin hefur að mati skilastjórnvalds sýnt fram á með fullnægjandi hætti að útskipting hæfra skuldbindinga að öllu leyti eða að hluta fyrir eiginfjárgrunngerninga sé nauðsynleg til að tryggja hlítingu við kröfur um eiginfjárgrunn sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB vegna áframhaldandi starfsleyfis.

Ef stofnun hefur gert fullnægjandi verndarráðstafanir hvað varðar getu hennar til að reka starfsemi sína með eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar umfram fjárhæðirnar sem gerð er krafa um í þessari reglugerð og tilskipunum 2013/36/ESB og 2014/59/ESB, getur skilastjórnvaldið, að höfðu samráði við lögbært yfirvald, veitt þeirri stofnun almennt leyfi fyrirfram til að innkalla, greiða upp, endurgreiða eða endurkaupa vegna hæfra skuldbindinga, með fyrirvara um viðmiðanir sem tryggja að allar slíkar aðgerðir í framtíðinni verði í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í a- og b-lið þessarar greinar. Þetta almenna fyrirframleyfi skal eingöngu veitt til tiltekins tíma sem má ekki vera lengri en eitt ár en að þeim tíma liðnum má endurnýja það. Almenna leyfið skal veitt fyrir tiltekna fyrirframákveðna fjárhæð sem skilastjórnvaldið skal fastsetja. Skilavöld skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um hvers konar leyfi sem veitt er fyrirfram.

Skilavöld skulu afturkalla almenna fyrirframleyfið ef stofnunin brýtur gegn einhverjum þeim viðmiðunum sem settar voru vegna þessa leyfis.

2. Þegar skilastjórnvöld meta sjálfbærni fyrir rekstur og afkomu stofnunarinnar vegna gerninga sem skipt er út í samræmi við a-lið1. mgr., skulu þau taka tillit til þess hversu kostnaðarsamari útskipting fjármagnsgerninga eða útskipting hæfra skuldbindinga yrðu fyrir stofnunina samanborið við þá gerninga sem þeim er skipt út fyrir.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

a) samstarfsferlið milli lögbæra yfirvaldsins og skilastjórnvaldsins,

b) málsmeðferðina, þ.m.t. fresti og upplýsingakröfur, hvað varðar leyfisveitinguna í samræmi við fyrstu undirgrein 1. mgr.,

c) málsmeðferðina, þ.m.t. fresti og upplýsingakröfur, hvað varðar leyfisveitinguna í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr.,

d) merking „sjálfbærni fyrir rekstur og afkomu stofnunar“.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu drög að tæknilegum eftirlitsstaðli vera í fullu samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 78. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. desember 2019.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

39) Ákvæðum 79. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Tímabundin undanþága frá frádrætti frá eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingum“

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Ef stofnun á tímabundið fjármagnsgerninga eða skuldbindingar sem uppfylla skilyrði eiginfjárgrunnsgerninga á fjármálamarkaði eða skilyrði gerninga vegna hæfra skuldbindinga í stofnun og lögbært yfirvald telur þessa eignarhluti til komna vegna fjárhagsaðstoðar sem ætlað er að endurskipuleggja og bjarga afkomu þess aðila, má lögbæra yfirvaldið veita tímabundna undanþágu frá ákvæðum um frádrátt sem annars myndu gilda um þessa gerninga.“

40) Eftirfarandi grein bætist við:

„79. gr. a

Mat á hlítingu við skilyrði fyrir eiginfjárgrunni og hæfum skuldbindingargerningum

Stofnanir skulu taka tillit til megineinkenna gerninga en ekki eingöngu lagalegs forms þeirra þegar þær meta hvort kröfunum sem mælt er fyrir um í öðrum hluta er hlítt. Mat á megineinkennum gernings skal taka mið af hvers konar fyrirkomulagi sem tengist gerningunum, jafnvel þótt ekki sé skýrt kveðið á um það í skilmálum og skilyrðum sjálfra gerninganna, í því skyni að ganga úr skugga um að samanlögð efnahagsleg áhrif slíks fyrirkomulags samrýmist markmiði viðkomandi ákvæða.“

41) Ákvæðum 80. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:

„Áframhaldandi endurskoðun á gæðum gerninga vegna eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga“

b) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal fylgjast með gæðum eiginfjárgrunnsgerninga og gerninga vegna hæfra skuldbindinga alls staðar í Sambandinu og tilkynna framkvæmdastjórninni tafarlaust um mikilvægar staðfestar upplýsingar um að gerningarnir uppfylli ekki hæfisviðmiðanirnar sem settar eru fram í þessari reglugerð.

Lögbær yfirvöld skulu án tafar og að fenginni beiðni Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, framsenda allar upplýsingar til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar sem hún telur að skipti máli varðandi nýja fjármagnsgerninga eða nýjar tegundir af skuldbindingum sem gefnar eru út til að gera Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni kleift að fylgjast með gæðum eiginfjárgrunnsgerninga og gerninga vegna hæfra skuldbindinga sem stofnanir gefa út alls staðar í Sambandinu.“

c) Í stað inngangsorðanna í 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal veita framkvæmdastjórninni tækniráðgjöf varðandi allar mikilvægar breytingar sem hún telur nauðsynlegt að gera á skilgreiningu eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga vegna einhvers af eftirfarandi:“

42) Í stað 1. mgr. 81. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Hlutdeild minnihluta samanstendur af summu liða í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 hjá dótturfélagi, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) dótturfélagið er eitt af eftirfarandi:

i. stofnun,

ii. fyrirtæki sem samkvæmt gildandi landslögum fellur undir kröfur þessarar reglugerðar og tilskipun 2013/36/ESB,

iii. eignarhaldsfélag á fjármálasviði í þriðja landi í eigu annars félags sem fellur undir varfærniskröfur sem eru jafnstrangar og þær sem gilda um lánastofnun þessa þriðja lands og ef framkvæmdastjórnin hefur ákveðið í samræmi við 4. mgr. 107. gr. að þessar varfærniskröfur séu a.m.k. jafngildar kröfunum í þessari reglugerð,

b) dótturfélagið er að fullu fellt inn í samstæðureikninginn skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta,

c) liðir í almennu eigin fé þáttar 1, sem um getur í inngangshluta þessarar málsgreinar, eru í eigu annarra aðila en fyrirtækja sem felld eru inn í samstæðureikning skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta“.

43) Í stað 82. gr. kemur eftirfarandi:

„82. gr.

Viðurkennt viðbótareigiðfé þáttar 1, eiginfjárþáttur 1, eiginfjárþáttur 2 og viðurkenndur eiginfjárgrunnur

Viðurkennt viðbótareigiðfé þáttar 1, eiginfjárþáttur 1, eiginfjárþáttur 2 og viðurkenndur eiginfjárgrunnur samanstanda af hlutdeild minnihluta, viðbótareiginfjárgrunnsgerningum eða gerningum undir þætti 2, eftir því sem við á, auk tengdra yfirverðsreikninga hlutafjár dótturfélags, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) dótturfélagið er annað af eftirfarandi:

i. stofnun,

ii. fyrirtæki sem samkvæmt gildandi landslögum fellur undir kröfur þessarar reglugerðar og tilskipun 2013/36/ESB,

iii. eignarhaldsfélag á fjármálasviði í þriðja landi í eigu annars félags sem fellur undir varfærniskröfur sem eru jafnstrangar og þær sem gilda um lánastofnun þessa þriðja lands og ef framkvæmdastjórnin hefur ákveðið í samræmi við 4. mgr. 107. gr. að þessar varfærniskröfur séu a.m.k. jafngildar kröfunum í þessari reglugerð,

b) dótturfélagið er að fullu talið með í samstæðureikningnum skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta,

c) liðir í almennu eigin fé þáttar 1, liðum viðbótareiginfjár þáttar 1 og þáttar 2 sem um getur í inngangshluta þessarar málsgreinar, eru í eigu annarra aðila en fyrirtækja sem falla undir kröfur á samstæðugrunni skv. 2. kafla II. bálks fyrsta hluta.“

44) Í stað inngangsorða 1. mgr. 83. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Viðbótareiginfjárgrunnsgerningar þáttar 1 og gerningar undir þætti 2, sem sérstakur verðbréfunaraðili gefur út, ásamt tengdum yfirverðsreikningum hlutafjár teljast, þar til 31. desember 2021, einungis til viðurkennds viðbótareiginfjárþáttar 1, eiginfjárþáttar 1 eða eiginfjárþáttar 2 eða viðurkennds eiginfjárgrunns, eftir því sem við á, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt“:

45) eftirfarandi grein bætist við:

„88. gr. a

Fullgildir gerningar vegna hæfra skuldbindinga

Skuldbindingar sem gefnar eru út af dótturfélagi með staðfestu í Sambandinu sem tilheyrir sömu skilasamstæðu og skilaeiningin skulu teljast fullgildar til að falla undir samstæðustöðu gerninga vegna hæfra skuldbindinga stofnunar með fyrirvara um 92. gr. a, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) þær séu gefnar út í samræmi við a-lið 2. mgr. 45. gr. f í tilskipun 2014/59/ESB,

b) þær séu keyptar af hluthöfum sem fyrir eru og eru ekki hluti af sömu skilasamstæðu svo fremi sem beiting niðurfærslu- eða umbreytingarheimilda í samræmi við 59. til 62. gr. tilskipunar 2014/59/ESB hafi ekki áhrif á yfirráð skilaeiningarinnar yfir dótturfélaginu,

c) þær séu ekki umfram fjárhæðina sem fæst með því að draga fjárhæðina sem um getur í i. lið frá fjárhæðinni sem um getur í ii. lið:

i. summa útgefinna skuldbindinga sem eru gefnar út til og keyptar af skilaeiningunni annaðhvort beint eða óbeint fyrir milligöngu annarra eininga í sömu skilasamstæðu og þá fjárhæð eiginfjárgrunnsgerninga sem gefnir eru út í samræmi við b-lið 2. mgr. 45. gr. f í tilskipun 2014/59/ESB,

ii. fjárhæðin sem krafist er í samræmi við 1. mgr. 45. gr. f. í tilskipun 2014/59/ESB.“

46) Ákvæðum 92. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr.:

„d) 3% vogunarhlutfall.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„1a. Til viðbótar við kröfuna sem mælt er fyrir um í d-lið 1. mgr. þessarar greinar skal kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu viðhalda vogunarhlutfallsauka sem er jafn heildarmælistærð áhættuskuldbindinga hennar, sem um getur í 4. mgr. 429. gr. þessarar reglugerðar, margfölduð með 50% af hlutfalli eiginfjárauka fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu sem gildir um kerfislega mikilvægu stofnunina á alþjóðavísu í samræmi við 131. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

Kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu skal uppfylla kröfuna um vogunarhlutfallsauka með eiginfjár þætti 1 eingöngu. Eiginfjárþáttur 1 sem er notaður til að uppfylla kröfuna um vogunarhlutfallsauka skal ekki notaður til að uppfylla einhverjar þær kröfur sem tengjast vogun og settar eru fram í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB, nema þar sem skýrt er kveðið á um annað.

Ef kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu uppfyllir ekki kröfuna um vogunarhlutfallsauka skal hún falla undir kröfuna um verndun eigin fjár í samræmi við 141 gr. b í tilskipun 2013/36/ESB.

Ef kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu uppfyllir ekki samtímis kröfuna um vogunarhlutfallsauka og samanlagða eiginfjáraukakröfu eins og skilgreint er í 6. mgr. 128. gr. tilskipunar 2013/36/ESB skal hún falla undir þá kröfu um verndun eigin fjár sem hærri er í samræmi við 141. gr. og 141. gr. b í þeirri tilskipun.“

c) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað b- og c-liðar kemur eftirfarandi:

„b) kröfur um eiginfjárgrunn vegna veltubókarviðskipta vegna eftirfarandi:

i. markaðsáhættu eins og hún er ákvörðuð í samræmi við IV. bálk í þessum hluta, að frátöldum þeim aðferðum sem settar eru fram í 1. kafla a og 1. kafla b í þeim bálki,

ii. stórra áhættuskuldbindinga umfram mörkin sem tilgreind eru í 395. til 401. gr., að því marki sem stofnuninni er heimilt að fara yfir þau mörk, eins og fastsett er í samræmi við 4. hluta,

c) krafna um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu eins og fastsett er í samræmi við IV. bálk í þessum hluta, að frátöldum þeim aðferðum sem settar eru fram í 1. kafla a og 1. kafla b í þeim bálki, að því er varðar öll viðskipti sem falla undir gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu.“

ii. Eftirfarandi liður bætist við:

„ca) krafna um eiginfjárgrunn sem reiknaðar eru í samræmi við V. bálk í þessum hluta að undanskilinni 379. gr., eftir því sem við á, vegna uppgjörsáhættu.“

47) Eftirfarandi greinar bætast við:

„92. gr. a

Kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar að því er varðar kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu

1. Með fyrirvara um 93. og 94. gr. og undanþágurnar sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar skal stofnun sem er tilgreind sem skilaeining og er kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu ætíð uppfylla eftirfarandi kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar:

a) 18% áhættutengda hlutfallið sem stendur fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar stofnunarinnar sýnt sem hundraðshluti heildaráhættugrunns fjárhæðar sem reiknuð er í samræmi við 3. og 4. mgr. 92. gr.,

b) 6,75% hlutfallið sem stendur fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar stofnunarinnar sem ekki er áhættutengt sýnt sem hundraðshluti heildaráhættugrunns fjárhæðar sem reiknuð er í samræmi við 4. mgr. 429. gr.,

2. Kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. gilda ekki í eftirfarandi tilvikum:

a) í þrjú ár frá þeim degi að telja þegar stofnunin eða samstæðan sem stofnunin er hluti af hefur verið tilgreind sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu,

b) í tvö ár frá þeim degi að telja þegar skilastjórnvald hefur beitt eftirgjafarúrræðinu í samræmi við tilskipun 2014/59/ESB,

c) í tvö ár frá þeim degi að telja þegar skilaeiningin hefur komið á öðrum ráðstöfunum einkageirans sem um getur í b-lið 1. mgr. 32. gr. tilskipunar 2014/59/ESB þar sem fjármagnsgerningar og aðrar skuldbindingar hafa verið færðar niður eða breytt í almenna liði undir almennu eigin fé þáttar 1 til að endurfjármagna skilaeininguna án þess að beita skilaúrræðum.

3. Þegar samtalan sem leiðir af beitingu kröfunnar sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. þessarar greinar gagnvart hverri skilaeiningu sömu kerfislega mikilvægu stofnunarinnar á alþjóðavísu fer yfir kröfurnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem reiknaðar eru í samræmi við 12. gr. a í þessari reglugerð, er skilastjórnvaldi móðurstofnunarinnar innan ESB heimilt, að höfðu samráði við önnur viðkomandi skilavöld, að aðhafast í samræmi við 4. mgr. 45. gr. d eða 2. mgr. 45. gr. h í tilskipun 2014/59/ESB.

92. gr. b

Kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar að því er varðar kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu utan Sambandsins

1. Stofnanir sem eru mikilvæg dótturfélög kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu utan Sambandsins og sem eru ekki skilastofnanir skulu ætíð uppfylla kröfurnar um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem samsvarar 90% af kröfunum um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar sem mælt er fyrir um í 92. gr. a.

2. Að því er varðar hlítingu við 1. mgr. skal eingöngu taka tillit til viðbótarþáttar 1, þáttar 2 og hæfra skuldbindingargerninga þegar þessir gerningar eru í eigu endanlegs móðurfyrirtækis kerfislega mikilvægrar stofnunar á alþjóðavísu utan Sambandsins og hafa verið gefnir út beint eða óbeint með milligöngu annarra eininga í sömu samstæðu, að því tilskildu að slíkar einingar séu með staðfestu í sama þriðja landi og endanleg móðurstofnun eða í aðildarríki.

3. Aðeins skal taka tillit til hæfs skuldbindingargernings í þeim tilgangi að hlíta 1. mgr. ef hann uppfyllir öll eftirfarandi viðbótarskilyrði:

a) ef um er að ræða venjulega ógjaldfærnimeðferð eins og skilgreint er í 47. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/59/ESB þá er krafan sem leiðir af skuldbindingunni lægri þeim kröfum sem leiðir af skuldbindingum sem uppfylla ekki skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. þessarar greinar og teljast ekki hæfar sem eiginfjárgrunnur,

b) hann fellur undir niðurfærslu- eða umbreytingarheimildir í samræmi við 59. til 62. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.“

48) Í stað 94. gr. kemur eftirfarandi:

„94. gr.

Undanþága fyrir lítið umfang veltubókarviðskipta

1. Þrátt fyrir b-lið 3. mgr. 92. gr. er stofnunum heimilt að reikna eiginfjárkröfuna vegna veltubókarviðskipta sinna í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar að því tilskildu að umfang veltubókarviðskipta stofnananna innan og utan efnahagsreiknings sé jafnt eða lægra en bæði eftirfarandi viðmið á grundvelli mats sem fram fer mánaðarlega á grundvelli gagna frá síðasta degi mánaðarins:

a) 5% af heildareignum stofnunarinnar,

b) 50 milljón evrur.

2. Ef bæði skilyrðin sem sett eru fram í a- og b-lið 1. mgr. eru uppfyllt er stofnunum heimilt að reikna kröfu vegna eiginfjárgrunns fyrir veltubókarviðskipti sín sem hér segir:

a) Að því er varðar samninga sem tilgreindir eru í 1. lið II. viðauka, samninga sem varða hlutabréf sem um getur í 3. lið þess viðauka og skuldaafleiður er stofnunum heimilt að undanþiggja þessar stöður frá kröfum vegna eiginfjárgrunns sem um getur í b-lið 3. mgr. 92. gr.,

b) að því er varðar aðrar stöður í veltubók en þær sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar er stofnunum heimilt að láta kröfurnar sem reiknaðar eru í samræmi við a-lið 3. mgr. 92. gr. koma í stað krafnanna vegna eiginfjárgrunns sem um getur í b-lið 3. mgr. 92. gr.

3. Stofnanir skulu reikna umfang veltubókarviðskipta sinna innan og utan efnahagsreiknings á grundvelli gagna frá síðasta degi hvers mánaðar að því er varðar 1. mgr. í samræmi við eftirfarandi kröfur:

a) allar stöður sem skráðar eru í veltubók skv. 104. gr. skulu teknar með í útreikninginn að undanskildu eftirfarandi:

i. stöðum í gjaldeyri og hrávörum,

ii. stöðum í lánaafleiðum sem færðar eru sem áhættuvörn gegn útlánaáhættuskuldbindingum eða mótaðilaáhættu-skuldbindingum í fjárfestingarbók og lánaafleiðum sem jafna alla markaðsáhættu sem tengjast þessum innri áhættuvörnum eins og um getur í 3. mgr. 106. gr.,

b) allar stöður sem teknar eru með við útreikninginn í samræmi við a-lið skulu metnar á markaðsvirði þeirra á tilteknum degi; ef markaðsvirði stöðu er ekki tiltækt á tilteknum degi skulu stofnanir nota gangvirðið fyrir stöðuna á þeim degi; ef markaðsvirði og gangvirði stöðu eru ekki tiltæk á tilteknum degi skulu stofnanir nota síðasta markaðsvirðið eða gangvirðið fyrir þá stöðu,

c) algildi gnóttstaðna skal lagt saman við algildi skortstaðna.

4. Ef bæði skilyrðin sem sett eru fram í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar eru uppfyllt, án tillits til skuldbindinganna sem settar eru fram í 74. og 83. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, gilda 102. gr. (3. og 4. mgr.) 103. gr. og 104. gr. b í þessari reglugerð ekki.

5. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um það þegar þær reikna, eða hætta að reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns veltubókarviðskipta sinna í samræmi við 2. mgr.

6. Stofnun sem uppfyllir ekki lengur eitt eða fleiri skilyrði sem sett eru fram í 1. mgr. skal þegar í stað tilkynna það lögbæru yfirvaldi.

7. Stofnun skal hætta að reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns veltubókarviðskipta sinna í samræmi við 2. mgr. innan þriggja mánaða frá því að eitthvað af eftirfarandi á sér stað:

a) stofnunin uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í a- eða b-lið 1. mgr. í þrjá mánuði samfellt,

b) stofnunin uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í a- eða b-lið 1. mgr. lengur en í 6 mánuði af undanfarandi 12 mánuðum.

8. Ef stofnun hefur hætt að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns veltubókarviðskipta sinna í samræmi við þessa grein skal henni einungis heimilt að reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns veltubókarviðskipta sinna í samræmi við þessa grein ef hún sýnir lögbæru yfirvaldi fram á að öll skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. hafa verið uppfyllt óslitið í eitt ár.

9. Stofnun skal ekki ganga inn í, kaupa eða selja veltubókarstöður í þeim tilgangi einum að fara að einhverju þeirra skilyrða sem sett eru fram í 1. mgr. á meðan mánaðarlegt mat fer fram.“

49) Annar kafli þriðja hluta I. þáttar skal felldur brott.

50) Ákvæðum 102. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2., 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Færa skal sönnur á viðskiptatilgang á grundvelli áætlana, stefna og verklagsreglna sem stofnanir koma á til að stjórna stöðu eða eignasafni í samræmi við 103., 104. og 104. gr. a.

3. Stofnanir skulu koma á fót og viðhalda kerfum og eftirliti til að stýra veltubók sinni í samræmi við 103. gr.

4. Að því er varðar skýrslugjafarkröfur sem settar eru fram í 3. mgr. 430. gr. b skal stöðum í veltubók úthlutað til viðskiptaborða sem komið er á fót í samræmi við 104. gr. b.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„5. Stöður í veltubókinni skulu falla undir kröfur um varfærið mat sem skilgreint er í 105. gr.

6. Stofnanir skulu fara með innri áhættuvarnir í samræmi við 106. gr.“

51) Í stað 103. gr. kemur eftirfarandi:

„103. gr.

Stýring veltubókarinnar

1. Stofnanir skulu setja fram skilmerkilega skilgreindar stefnur og verklagsreglur að því er varðar heildarstýringu veltubókarinnar. Þessar stefnur og verklagsreglur skulu a.m.k. taka til:

a) starfseminnar sem stofnunin álítur veltuviðskipti og hluta af veltubókinni að því er varðar kröfur vegna eiginfjárgrunns,

b) þess að hvaða marki unnt er að færa stöðu á markaðsvirði daglega með tilvísun í virkan kaup- og sölumarkað,

c) þess, að því er varðar stöður færðar á líkansvirði, að hve miklu leyti stofnunin getur:

i. tilgreint alla verulega áhættu í tengslum við stöðuna,

ii. varið gegn allri verulegri áhættu í tengslum við stöðuna með gerningum sem virkur kaup- og sölumarkaður er með,

iii. unnið áreiðanlegt mat fyrir lykilforsendur og breytur sem eru notaðar í líkaninu,

d) þess að hve miklu leyti stofnunin getur og er skylt að taka saman mat fyrir stöðuna sem óháður aðili getur sannreynt á samræmdan hátt,

e) þess að hve miklu leyti lagalegar hömlur eða aðrar rekstrarlegar kröfur koma í veg fyrir að stofnunin geti losað eða áhættuvarið stöðuna þegar til skemmri tíma er litið,

f) þess að hve miklu leyti stofnunin getur og er skylt að stjórna áhættu staðna á virkan hátt innan ramma viðskiptastarfsemi sinnar,

g) þess að hve miklu leyti stofnunin getur endurflokkað áhættu eða stöður í fjárfestingarbók yfir í veltubók og öfugt ásamt kröfunum fyrir slíkar endurflokkanir eins og um getur í 104. gr. a.

2. Við stýringu á stöðum sínum eða safni staðna í veltubókinni skal stofnunin hlíta öllum eftirfarandi kröfum:

a) stofnunin skal hafa skilmerkilega skjalfesta viðskiptastefnu vegna stöðunnar eða eignasafna í veltubókinni sem framkvæmdastjórn hefur samþykkt, og þar skal koma fram hversu langt áætlað er að eignartímabilið verði,

b) stofnunin skal hafa skilmerkilega skilgreindar stefnur og verklagsreglur varðandi virka stýringu á stöðum eða eignasöfnum í veltubókinni; þessar stefnur og verklagsreglur skulu fela í sér eftirfarandi:

i. til hvaða staðna eða eignasafna staðna er hægt að stofna til á hverju viðskiptaborði eða, eftir því sem við á, af tilteknum söluaðilum,

ii. ákvörðun stöðuhámarka og eftirlit með tilhlýðileika þeirra,

iii. að tryggt sé að söluaðilar geti að vild stofnað og stýrt stöðu innan umsaminna hámarka og samkvæmt samþykktri stefnu,

iv. að tryggt sé að framkvæmdastjórninni sé tilkynnt um stöður og það sé óaðskiljanlegur hluti áhættustýringarferlis stofnunarinnar,

v. að tryggt sé að virkt eftirlit sé með stöðum með hliðsjón af markaðsupplýsingaveitum og mat er unnið á markaðshæfi eða möguleikanum á að áhættuverja stöðuna eða áhættu bundna henni, þ.m.t. mat, gæði og framboð á markaðsgögnum við matsferlið, umfang markaðsveltu og stærð staðna sem viðskipti eru með á markaði,

vi. virkar verklagsreglur og eftirlitsráðstafanir til að berjast gegn svikum,

c) stofnunin skal hafa skilmerkilega skilgreindar stefnur og verklagsreglur til að hafa eftirlit með stöðum gegn viðskiptastefnu stofnunarinnar, þ.m.t. eftirlit með veltu og stöðum þar sem farið hefur verið fram yfir það eignartímabil sem upphaflega var áætlað.“

52) Í 104. gr. fellur 2. mgr. brott.

53) Eftirfarandi greinar bætast við:

„104. gr. a

Endurflokkun á stöðu

1. Stofnanir skulu hafa skilmerkilega skilgreindar stefnur til að greina sérstakar aðstæður sem réttlæta endurflokkun á stöðu í veltubók sem stöðu í fjárfestingarbók eða á hinn bóginn endurflokkun á stöðu í fjárfestingarbók sem stöðu í veltubók í því skyni að reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns síns sem lögbær yfirvöld viðurkenna. Stofnanirnar skulu endurskoða þessar stefnur a.m.k. árlega.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal vakta alla eftirlitsframkvæmd og gefa út leiðbeiningar í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 frá 28. júní 2024 um merkingu sérstakra aðstæðna með tilliti til fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar. Þar til Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefur út þessar leiðbeiningar skulu lögbær yfirvöld tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um og færa rök fyrir ákvörðunum sínum og hvort heimila eigi stofnun að endurflokka stöðu eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

2. Lögbær yfirvöld skulu eingöngu veita heimild til að endurflokka stöðu í veltubók sem stöðu í fjárfestingarbók eða á hinn bóginn stöðu í fjárfestingarbók sem stöðu í veltubók í því skyni að reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns þegar stofnunin hefur sýnt lögbærum yfirvöldum fram á með skriflegri staðfestingu að ákvörðun hennar að endurflokka þessa stöðu sé vegna sérstakra aðstæðna sem sé í samræmi við þær stefnur sem stofnunin hefur í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar. Í þessu skyni skal stofnunin færa fullnægjandi sönnur á að staðan uppfylli ekki lengur skilyrðið fyrir að vera flokkuð sem staða í veltubók eða fjárfestingarbók skv. 104. gr.

Undanþágan sem um getur í fyrstu undirgrein skal samþykkt af stjórn.

3. Ef lögbært yfirvald hefur veitt heimild fyrir endurflokkun á stöðu í samræmi við 2. mgr. skal stofnunin sem fékk heimildina:

a) birta opinberlega, án tafar,

   i. upplýsingar um að staða hennar hafi verið endurflokkuð og

   ii. ef endurflokkunin leiðir til lækkunar á kröfum vegna eiginfjárgrunns stofnunarinnar, umfang lækkunarinnar og

b) ef endurflokkunin leiðir til lækkunar á kröfum vegna eiginfjárgrunns stofnunarinnar, ekki viðurkenna það fyrr en líftími stöðunnar er liðinn, nema lögbær yfirvöld stofnunarinna heimili henni að viðurkenna þessi áhrif fyrir þann tíma.

4. Stofnunin skal reikna út hreina breytingu á fjárhæð krafna vegna eiginfjárgrunns síns sem leiðir af endurflokkun á stöðunni sem mismuninn á kröfunum vegna eiginfjárgrunns strax eftir endurflokkunina og kröfunum vegna eiginfjárgrunns rétt fyrir endurflokkunina, hvort um sig reiknað út í samræmi við 92. gr. Útreikningurinn skal ekki taka tillit til áhrifa neinna annarra þátta en endurflokkunarinnar.

5. Endurflokkun á stöðu í samræmi við þessa grein skal vera óafturkræf.

104. gr. b

Kröfur vegna viðskiptaborðs

1. Að því er varðar skýrslugjafarkröfur sem settar eru fram í 3. mgr. 430. gr. b skulu stofnanir koma á fót viðskiptaborðum og skulu úthluta hverri stöðu í veltubók sinni einu þessara viðskiptaborða. Stöðum í veltubók skal eingöngu úthlutað sama viðskiptaborði þegar þær fullnægja samþykktri starfsstefnu fyrir viðskiptaborðið og er stjórnað á samræmdan hátt og þær vaktaðar í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

2. Viðskiptaborð stofnana skulu ávallt uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) hvert viðskiptaborð skal hafa skýra og aðgreinda starfsstefnu og áhættustýringarfyrirkomulag,

b) hvert viðskiptaborð skal hafa skýrt stjórnskipulag; stöðum á ákveðnu viðskiptaborði skal vera stýrt af tilteknum söluaðilum innan stofnunarinnar; hver söluaðili skal hafa sérstakt hlutverk í viðskiptaborðinu; hverjum söluaðila skal eingöngu úthlutað eitt viðskiptaborð,

c) hvert viðskiptaborð skal ákveða stöðuhámörk í samræmi við starfsstefnu sína,

d) skýrslur um starfsemi, arðsemi, áhættustýringu og reglufestar kröfur hjá viðskiptaborðinu skulu teknar saman a.m.k. vikulega og sendar stjórninni reglulega,

e) hvert viðskiptaborð skal hafa skýra árlega viðskiptaáætlun, þ.m.t. vel skilgreinda starfskjarastefnu sem byggð er á heilbrigðum viðmiðunum sem notaðar eru til að mæla árangur,

f) skýrslur um binditíma staðna, brot á viðskiptahámarki innan dags, daglegum brotum á viðskiptahámarki og aðgerðir sem stofnunin grípur til til að taka á þessum brotum sem og mat á seljanleika á markaði skulu teknar saman fyrir hvert viðskiptaborð mánaðarlega og gerðar aðgengilegar lögbærum yfirvöldum.

3. Þrátt fyrir b-lið 2. mgr. getur stofnun falið hverjum söluaðila fleiri viðskiptaborð en eitt, að því tilskildu að stofnunin sýni lögbærum yfirvöldum fram á með fullnægjandi hætti að það sé gert vegna sjónarmiða sem varða viðskipti eða fjármuni og að virtar séu þær eigindlegu kröfur sem settar eru fram í þessari grein og gilda um söluaðila og viðskiptaborð.

4. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum með hvaða hætti þau hlíta 2. mgr. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að krefja stofnun um að breyta fyrirkomulagi eða skipulagi viðskiptaborða sinna til að hlíta þessari grein.“

54) Ákvæðum 105. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Allar stöður í veltubók og fjárfestingarbók metnar á gangvirði skulu uppfylla staðlana fyrir varfærið mat sem tilgreint er í þessari grein. Stofnanir skulu einkum tryggja að með varfærnu mati á stöðum þeirra í veltubók fáist viðunandi vissa með hliðsjón af breytileika staðna í veltubók og staðna í fjárfestingarbók metnar á gangvirði, kröfum um varfærni og traust og starfsaðferðum og eiginfjárkröfum vegna staðna í veltubók og staðna í fjárfestingarbók sem metnar eru á gangvirði.“

b) Í stað 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Stofnanir skulu endurmeta stöður í veltubók á gangvirði a.m.k. daglega Breytingar á virði þessara staðna skulu sýndar í rekstrarreikningi stofnunarinnar.

4. Stofnanir skulu færa stöður sínar í veltubók og stöður í fjárfestingarbók á gangvirði markaðar þegar það er hægt, þ.m.t. þegar þær beita eiginfjármeðferð gagnvart þessum stöðum.“

c) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Þegar færsla á markaðsvirði er ekki möguleg skulu stofnanir færa stöður sínar og eignasöfn með varfærnum hætti á líkansvirði, einnig þegar kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna staðna í veltubókinni eru reiknaðar vegna staðna í veltubók og staðna metinna á gangvirði í fjárfestingarbók.“

d) Í stað annarrar undirgreinar 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„Að því er varða d-lið fyrstu undirgreinar skal þróa og samþykkja líkanið óháð viðskiptaborðum og það skal prófað óháð öðru, sem felur í sér að sannreyna útreikninga, forsendur og hugbúnaðarframkvæmd.“

e) Í stað a-liðar 11. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) sá viðbótartími sem það tæki að áhættuverja stöðuna eða áhættur innan stöðunnar umfram seljanleika-tímabilanna sem áhættuþættir staðnanna hafa fengið í samræmi við 325. gr. bd.“

55) Ákvæðum 106. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. gilda með fyrirvara um þær kröfur sem eiga við um áhættuvarða stöðu í fjárfestingarbókinni eða veltubókinni, eftir því sem við á.

3. Þegar stofnun ver útlánaáhættu eða mótaðilaáhættu í fjárfestingarbók með því að nota útlánaafleiðu sem bókuð er í veltubók hennar skal sú lánaafleiðustaða færð sem innri áhættuvörn í útlánaáhættu eða mótaðilaáhættu í fjárfestingarbók að því er varðar útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem um getur í a-lið 3. mgr. 92. gr. þegar stofnunin stofnar til annarra lánaafleiðuviðskipta með þriðja aðila, sem er viðurkenndur veitandi útlánavarnar og sem uppfyllir kröfurnar að því er varðar ófjármagnaða útlánavörn í fjárfestingarbókinni og jafnar til fulls út markaðsáhættu hinnar innri áhættuvarnar.

Bæði innri áhættuvörn sem færð er í samræmi við fyrstu undirgrein og lánaafleiðan með aðild þriðja aðila skulu felldar inn í veltubókina í þeim tilgangi að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna markaðsáhættu.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„4. Þegar stofnun ver hlutabréfaáhættu í fjárfestingarbók með því að nota hlutabréfaafleiðu sem bókuð er í veltubók hennar skal sú hlutabréfastaða færð sem innri áhættuvörn í hlutabréfaáhættu í fjárfestingarbók að því er varðar útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem um getur í a-lið 3. mgr. 92. gr. þegar stofnunin stofnar til annarra hlutabréfaafleiðuviðskipta með þriðja aðila, sem er viðurkenndur veitandi útlánavarnar og sem uppfyllir kröfurnar að því er varðar ófjármagnaða útlánavörn í fjárfestingarbókinni og jafnar til fulls út markaðsáhættu hinnar innri áhættuvarnar.

Bæði innri áhættuvörn sem færð er í samræmi við fyrstu undirgrein og hlutabréfaafleiðan með aðild þriðja aðila sem er viðurkenndur veitandi útlánavarnar skulu felldar inn í veltubókina í þeim tilgangi að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna markaðsáhættu.

5. Ef stofnun ver vaxtaáhættu í fjárfestingarbók með því að nota vaxtaáhættustöðu sem bókuð er í veltubók hennar skal sú vaxtaáhættustaða teljast vera innri áhættuvörn að því er varðar mat á vaxtaáhættu sem leiðir af stöðum í vaxtabók í samræmi við 84. og 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) staðan hefur verið sett í eignasafn sem er aðskilið hinni stöðunni í veltubókinni sem hefur þá stefnu eina í viðskiptalegu tilliti að stýra og milda markaðsáhættu innri áhættuvarnar vegna vaxtaáhættu; í þessu skyni er stofnuninni heimilt að setja í þetta eignasafn aðrar vaxtaáhættustöður sem stofnað er til með þriðju aðilum, eða eigin veltubók svo fremi að stofnunin jafni til fulls út markaðsáhættu þessara vaxtaáhættustaðna sem stofnuð er í hennar eigin veltubók með því að stofna til gagnstæðra vaxtaáhættustaðna með þriðju aðilum,

b) vegna skýrslugjafarkrafna sem settar eru fram í 3. mgr. 430. gr. b hefur staðan verið sett á viðskiptaborð sem komið er á fót í samræmi við 104. gr. b. sem hefur þá stefnu eina í viðskiptalegu tilliti að stýra og milda markaðsáhættu innri áhættuvarnar vegna vaxtaáhættu; í þessu skyni er viðskiptaborðinu heimilt að setja í þetta eignasafn aðrar vaxtaáhættustöður sem stofnað er til með þriðju aðilum, eða önnur viðskiptaborð stofnunarinnar svo fremi að þau jafni til fulls út markaðsáhættu þessara vaxtaáhættustaðna með því að stofna til gagnstæðra vaxtaáhættustaðna með þriðju aðilum,

c) stofnunin hefur að fullu skjalfest hvernig staðan mildar vaxtaáhættu sem stafar af stöðum í veltubók með tilliti til krafnanna sem mælt er fyrir um í 84. og 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

6. Kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu allra staðna sem settar eru í aðskilið eignasafn eins og um getur í a-lið 5. mgr. skulu reiknaðar hver fyrir sig og skulu vera til viðbótar kröfunum um eiginfjárgrunn vegna annarra staðna í veltubók.

7. Að því er varðar skýrslugjafarkröfurnar sem settar eru fram í 430. gr. b skal reikna út eiginfjárgrunnskröfur vegna markaðsáhættu allra staðna sem settar eru í sérstakt eignasafn eins og um getur í a-lið 5. mgr. þessarar greinar

eða viðskiptaborð, eða viðskiptaborðin sem um getur í b-lið 5. mgr. þessarar stofnunar stofni til þeirra, eftir því sem við á, hver fyrir sig sem aðskilið eignasafn og skal það vera til viðbótar útreikningnum á eiginfjárgrunnskröfu vegna annarra staðna í veltubókinni.“

56) Í stað 3. mgr. 107. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Að því er varðar þessa reglugerð skal fara með áhættuskuldbindingar vegna verðbréfafyrirtækja í þriðju löndum, lánastofnana í þriðju löndum og kauphalla í þriðju löndum á sama hátt og áhættuskuldbindingar vegna stofnunar því aðeins að þriðja landið beiti varfærni- og eftirlitskröfum gagnvart þeim aðila a.m.k. jafngildum þeim sem Sambandið beitir.“

57) Ákvæðum 2. mgr. 117. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðir bætast við:

„o) Alþjóðaframfarastofnunin,

p) Innviðafjárfestingabanki Asíu.“

b) Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„Framkvæmdastjórnin hefur umboð til að breyta þessari reglugerð með því að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 462. gr. sem breyta, í samræmi við alþjóðlega staðla, listanum yfir fjölþjóðlega þróunarbanka sem um getur í fyrstu undirgrein.“

58) Í stað a-liðar 118. gr. kemur eftirfarandi:

„a) Evrópusambandið og Kjarnorkubandalag Evrópu.“

59) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 123. gr.:

„Áhættuskuldbindingar vegna lána sem lánastofnun veitir lífeyrisþegum eða launþegum með ótímabundinn ráðningarsamning gegn skilyrðislausri millifærslu hluta lífeyris eða lána lántakandans til lánastofnunarinnar skulu fá 35% áhættuvog að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) til að endurgreiða lánið veitir lántakandi lífeyrissjóðnum eða vinnuveitandanum skilyrðislausa heimild til að greiða lánastofnuninni milliliðalaust af láninu með því að draga af mánaðarlegum lífeyrisgreiðslum eða launum lántakandans,

b) hætta á dauðsfalli, vanhæfni til að stunda vinnu, atvinnuleysi eða lækkun á nettólífeyrislaunum eða nettólaunum lántakandans er tryggð með vátryggingarsamningi sem lántakandinn tekur í þágu lánastofnunarinnar,

c) mánaðarlegar greiðslur lántakandans af lánum sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í a- og b-lið fari samanlagt ekki yfir 20% af nettólífeyrislaunum eða nettólaunum lántakandans,

d) upphaflegur binditími lánsins er að hámarki jafn eða styttri en tíu ár.“

60) Í stað 124. gr. kemur eftirfarandi:

„124. gr.

Áhættuskuldbindingar tryggðar með veði í fasteignum

1. Áhættuskuldbinding eða hluti áhættuskuldbindingar sem er tryggð að fullu með veði í fasteign skal fá 100% áhættuvog þegar skilyrðin sem sett eru fram í 125. eða 126. gr. hafa ekki verið uppfyllt, að frátöldum þeim hluta áhættuskuldbindingarinnar sem er settur í annan flokk áhættuskuldbindinga. Sá hluti áhættuskuldbindingar sem fer yfir veðlánsvirði fasteignar skal fá þá áhættuvog sem á við um ótryggðar áhættuskuldbindingar viðkomandi mótaðila.

Sá hluti áhættuskuldbindingar sem er tryggður að fullu með fasteign skal ekki fara yfir veðsettan hluta markaðsvirðis eða, í þeim aðildarríkjum þar sem settar hafa verið strangar viðmiðanir um mat á veðlánsvirði í ákvæðum laga eða reglna, veðlánsvirði viðkomandi fasteignar.

1a. Aðildarríki tilnefna yfirvald sem ábyrgt er fyrir beitingu 2. mgr. Það yfirvald skal vera lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið.

Ef yfirvaldið sem aðildarríkið tilnefnir vegna beitingar þessarar greinar er lögbæra yfirvaldið skal það tryggja að viðkomandi innlendir aðilar og yfirvöld sem hafa þjóðhagsvarúðarumboð séu tilhlýðilega upplýstir um áform lögbæra yfirvaldsins að beita þessari grein og taki sem vera ber þátt í að meta hvort fjármálastöðugleika í aðildarríki þess sé hætta búin í samræmi við 2. mgr.

Ef yfirvaldið sem aðildarríkið tilnefnir vegna beitingar þessarar greinar er annað en lögbært yfirvald skal aðildarríkið samþykkja nauðsynleg ákvæði til að tryggja góða samræmingu á upplýsingaskiptum milli lögbæra yfirvaldsins og tilnefnda yfirvaldsins vegna réttrar beitingar þessarar greinar. Einkum skal krefjast þess að yfirvöld hafi með sér náið samstarf og skiptist á öllum nauðsynlegum upplýsingum til þess að tilnefnd yfirvöld samkvæmt þessari grein geti sinnt skyldum sínum á tilhlýðilegan hátt. Þetta samstarf skal miðað að því að koma í veg fyrir tvítekningu aðgerða lögbæra yfirvaldsins og tilnefnda yfirvaldsins eða þær séu ósamræmdar og jafnframt tryggja að tilhlýðilegt tillit sé tekið til víxlverkunar við aðrar ráðstafanir sem gerðar eru skv. 458. gr. þessarar reglugerðar og 133. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

2. Á grundvelli gagna sem safnað er skv. 430. gr. a og annarra viðeigandi vísbendinga skal yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr. a í þessari grein reglulega og a.m.k. árlega meta hvort 35% áhættuvogin vegna áhættuskuldbindinga sem tengjast einum eða fleiri eignaþáttum sem tryggðir eru með veði í íbúðarhúsnæði sbr. 125. gr. sem staðsett er innan eins eða fleiri hluta á yfirráðasvæði aðildarríkis viðkomandi yfirvalds og 50% áhættuvogin vegna áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með veði í viðskiptahúsnæði sbr. 126. gr. sem staðsett er innan eins eða fleiri hluta á yfirráðasvæði aðildarríkis viðkomandi yfirvalds séu réttilega grundvallaðar á:

a) reynslu af tapi vegna áhættuskuldbindinga sem eru tryggðar með fasteign,

b) áætlaðri þróun fasteignamarkaðar.

Komist yfirvaldið, sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr. a í þessari grein, á grundvelli matsins sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar að því að áhættuvogirnar sem eru settar fram í 2. mgr. 125. gr. eða 2. mgr. 126. gr. endurspegli ekki nægilega vel þá raunverulegu áhættu sem tengist skuldbindingum eins eða fleiri eignaþátta sem eru tryggðir að fullu með veði í íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði sem staðsett er innan eins eða fleiri hluta á yfirráðasvæði aðildarríkis viðkomandi yfirvalds og ef það telur að ófullnægjandi áhættuvogir geti haft skaðleg áhrif á núverandi stöðugleika eða framtíðarstöðugleika í aðildarríki þess getur það hækkað gildandi áhættuvogir vegna þessara áhættuskuldbindinga innan þeirra marka sem tilgreind eru í fjórðu undirgrein þessarar greinar eða kveðið á um strangari viðmiðanir en þær sem settar eru fram í 2. mgr. 125. gr. eða 2. mgr. 126. gr.

Yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr. a í þessari grein skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópska kerfisáhætturáðinu um allar leiðréttingar á þeim áhættuvogum og viðmiðunum sem notuð eru samkvæmt þessari málsgrein. Innan eins mánaðar frá viðtöku þessarar tilkynningar skulu Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska kerfisáhætturáðið senda viðkomandi aðildarríki álitið. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska kerfisáhætturáðið skulu birta áhættuvogir og viðmiðanir vegna áhættuskuldbindinga sem um getur í 125. gr., 126. gr. og 199. gr. (a-lið 1. mgr.) eins og þeim er hrundið í framkvæmd af viðkomandi yfirvaldi.

Að því er varðar aðra undirgrein þessarar málsgreinar er tilnefndu yfirvaldi heimilt í samræmi við 1. mgr. a að fastsetja áhættuvogir innan eftirfarandi marka:

a) 35% til 150% fyrir áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði,

b) 50% til 150% fyrir áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með veði í viðskiptahúsnæði.

3. Þegar yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr. a ákvarðar hærri áhættuvogir eða strangari viðmiðanir samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. skulu stofnanir fá sex mánaða umbreytingarfrest til að hlíta þeim.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í nánu samstarfi við Evrópska kerfisáhætturáðið, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina þær ströngu viðmiðanir varðandi mat á veðlánsvirðinu sem um getur í 1. mgr. og þær tegundir af þáttum sem taka skal til greina við matið á tilhlýðileika þeirra áhættuvoga sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2019.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. Evrópska kerfisáhætturáðinu er heimilt, með tilmælum í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010 og í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, að veita yfirvöldunum sem tilnefnd eru í samræmi við 1. mgr. a þessarar greinar leiðsögn um eftirfarandi:

a) þætti sem gætu „haft skaðleg áhrif á núverandi stöðugleika eða framtíðarfjármálastöðugleika“ sem um getur í annarri undirgrein 2. mgr. og

b) leiðbeinandi viðmiðanir sem yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr. a verður að taka tillit til við ákvörðun á áhættuvogum.

6. Stofnanir í aðildarríki skulu beita áhættuvogum og viðmiðunum sem lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki hafa ákvarðað í samræmi við 2. mgr. gagnvart öllum samsvarandi áhættuskuldbindingum sem eru tryggðar með veði í atvinnu- og íbúðarhúsnæði sem staðsett er innan eins eða fleiri hluta þess aðildarríkis.“

61) Í stað 1. og 2. mgr. 128. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnanir skulu úthluta sérlega áhættusömum áhættuskuldbindingum 150% áhættuvog eftir því sem við á.

2. Að því er varðar þessa grein skulu eftirfarandi áhættuskuldbindingar teljast vera sérlega áhættusamar áhættuskuldbindingar:

a) fjárfestingar í sprotafyrirtækjum nema þegar farið er með þessar fjárfestingar í samræmi við 132. gr.,

b) fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum nema þegar farið er með þessar fjárfestingar í samræmi við 132. gr.,

c) spákaupmennskufjármögnun fasteigna.“

62) Í stað 132. gr. kemur eftirfarandi:

„132. gr.

Eiginfjárgrunnskröfur vegna áhættuskuldbindinga í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu

1. Stofnanir skulu reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga sinna í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu með því að margfalda fjárhæð áhættuveginna skuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu, sem reiknuð er í samræmi við aðferðirnar sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr., með hundraðshluta hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í vörslu þessara stofnana.

2. Ef skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. þessarar greinar eru uppfyllt er stofnunum heimilt að beita gegnsæisaðferðinni í samræmi við 1. mgr. 132. gr. a eða umboðsaðferðinni í samræmi við 2. mgr. 132. gr. a.

Með fyrirvara um 2. mgr. 132. gr. skulu stofnanir sem ekki beita gegnsæisaðferðinni eða umboðsaðferðinni úthluta áhættuskuldbindingum sínum í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu 1250% áhættuvog („varaaðferðin“ (e. *fall-back approach*)).

Stofnunum er heimilt að reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga sinna í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu með því að sameina aðferðirnar sem um getur í þessari málsgrein, að því tilskildu að skilyrðin fyrir notkun þessara aðferða séu uppfyllt.

3. Stofnunum er heimilt að ákvarða fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga sjóða um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 132. gr. a ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu er eitt af eftirfarandi:

i. verðbréfasjóður (UCITS) sem fellur undir tilskipun 2009/65/EB,

ii. sérhæfður sjóður sem stjórnað er af rekstraraðila sérhæfðs sjóðs innan ESB sem skráður er skv. 3. mgr. 3. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,

iii. sérhæfður sjóður sem stjórnað er af rekstraraðila sérhæfðs sjóðs innan ESB með starfsleyfi skv. 6. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,

iv. sérhæfður sjóður sem stjórnað er af rekstraraðila sérhæfðs sjóðs utan ESB með starfsleyfi skv. 37. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,

v. sérhæfður sjóður utan ESB sem stjórnað er af rekstraraðila sérhæfðs sjóðs utan ESB og markaðssettur í samræmi við 42. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,

vi. sérhæfður sjóður utan ESB sem ekki er markaðssettur í Sambandinu og stjórnað er af rekstraraðila sérhæfðs sjóðs utan ESB með staðfestu í þriðja landi sem fellur undir framselda gerð sem um getur í 6. mgr. 67. gr. tilskipunar 2011/61/ESB.

b) lýsing eða jafngilt skjal sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu skal innihalda eftirfarandi:

i. flokka eigna sem sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu er heimilt að fjárfesta í,

ii. hlutfallsleg mörk og aðferðir við að reikna þau út, ef fjárfestingarmörk eiga við,

c) skýrslugjöf sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu eða rekstrarfélag sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu til stofnananna hlítir eftirfarandi kröfum:

i. gefnar eru upplýsingar um áhættuskuldbindingar sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu a.m.k. jafn oft og áhættuskuldbindingar stofnunarinnar,

ii. sundurgreinanleiki fjárhagsupplýsinga er nægilegur til að gera stofnuninni kleift að reikna út fjárhæð áhættuveginnar skuldbindingar sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við þá aðferð sem stofnunin velur,

iii. ef stofnunin notar gegnsæisaðferðina þá séu upplýsingar um undirliggjandi áhættuskuldbindingar sannreyndar af óháðum þriðja aðila.

Þrátt fyrir a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar er fjölþjóðlegum og tvíhliða þróunarbönkum og öðrum stofnunum sem fjárfesta saman í sjóði um sameiginlega fjárfestingu ásamt fjölþjóðlegum og tvíhliða þróunarbönkum heimilt að ákvarða fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga þessa sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 132. gr. a, að því tilskildu að skilyrðin sem sett eru fram í b- og c-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar séu upp fyllt og að fjárfestingarumboð sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu takmarki þær tegundir af eignum sem sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu getur fjárfest í við eignir sem stuðla að sjálfbærri þróun í þróunarlöndunum.

Stofnanir skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu um sjóðina um sameiginlega fjárfestingu sem þær taka til meðferðar samkvæmt annarri undirgrein.

Þegar stofnunin ákvarðar fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við umboðsaðferðina er, þrátt fyrir i. lið c-liðar fyrstu undirgreinar, heimilt að takmarka skýrslugjöf sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu, eða rekstrarfélags sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu til stofnunarinnar, við fjárfestingarumboð sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu og mögulegar breytingar á því og getur eingöngu farið fram þegar stofnunin stofnar til áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu í fyrsta sinn og ef einhverjar breytingar verða á fjárfestingarumboði sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu.

4. Stofnanir sem hafa ekki fullnægjandi gögn eða upplýsingar til að reikna fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna áhættuskuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 132. gr. a mega reiða sig á útreikninga þriðja aðila, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) þriðji aðilinn sé eitt af eftirfarandi:

i. varðveislustofnun eða fjármálavörslustofnun sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, að því tilskildu að sjóðurinn fjárfesti eingöngu í verðbréfum og leggi öll verðbréf inn hjá þeirri varðveislustofnun eða fjármálavörslustofnuninni,

ii. hvað varðar sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem falla ekki undir i-lið þessa liðar, rekstrarfélag sjóðs um sameiginlega fjárfestingu sem uppfyllir skilyrðið sem sett er fram í a-lið 3. mgr.,

b) þriðji aðilinn framkvæmi útreikningana í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 1., 2. eða 3. mgr. 132. gr. a, eftir því sem við á,

c) utanaðkomandi endurskoðandi hafi staðfest að reikningur þriðja aðilans sé réttur.

Stofnanir sem reiða sig á útreikninga þriðja aðila skulu margfalda fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna skuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu sem leiðir af þessum útreikningum með stuðlinum 1,2.

Þrátt fyrir aðra undirgrein skal ekki nota stuðulinn 1,2 þegar stofnunin hefur ótakmarkaðan aðgang að þeim ítarlegu útreikningum sem þriðji aðili hefur framkvæmt. Stofnunin skal láta lögbæru yfirvaldi sínu í té þessa útreikninga að fenginni beiðni þar að lútandi.

5. Þegar stofnun notar aðferðirnar sem um getur í 132. gr. a til að reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu („stig 1 fyrir sjóðinn“) og einhver hinna undirliggjandi áhættuskuldbindinga á stigi 1 fyrir sjóðinn er áhættuskuldbinding í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu (stig 2 fyrir sjóðinn) er heimilt að reikna fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindingar vegna skuldbindinga á stigi 2 fyrir sjóðinn með því að nota einhverja hinna þriggja aðferða sem lýst er í 2. mgr. þessarar greinar. Stofnun er ekki heimilt að nota gegnsæisaðferðina til að reikna út fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindingar sjóða um sameiginlega fjárfestingu vegna áhættuskuldbindinga á stigi 3 og á öllum eftirfarandi stigum nema hún noti þá aðferð til að reikna út undanfarandi stig. Í öllum öðrum sviðsmyndum skal nota varaaðferðina.

6. Fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við gegnsæisaðferðina og umboðsaðferðina sem sett er fram í 1. og 2. mgr. 132. gr. a skal að hámarki vera áhættuvegin fjárhæð áhættuskuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við varaaðferðina.

7. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar er stofnunum sem beita gegnsæisaðferðinni í samræmi við 1. mgr. 132. gr. a heimilt að reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga sinna í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðnum um sameiginlega fjárfestinga með því að margfalda áhættuskuldbindingarvirði þessara skuldbindinga, reiknað í samræmi við 111. gr., með áhættuvoginni (RW_i^*) sem reiknuð er í samræmi við formúluna sem sett er fram í 132. gr. c, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) stofnunin bókfærir virði eignarhluta í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í sjóði um sameiginlega fjárfestingu á upphaflegu kostnaðarverði en bókfærir virði undirliggjandi eigna í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu á gangvirði ef þær nota gegnsæisaðferðina,

b) breyting á markaðsvirði hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa sem stofnunin bókfærir virði fyrir á upphaflegu kostnaðarverði breytir hvorki fjárhæð eiginfjárgrunns né áhættuvirðinu sem tengist þessum eignarhlutum.“

63) Eftirfarandi greinar bætast við:

„132. gr. a

Aðferðir við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sjóða um sameiginlega fjárfestingu

1. Ef skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 132. gr. eru uppfyllt skulu stofnanir sem hafa nægar upplýsingar um einstakar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu fara í gegnum þessar áhættuskuldbindingar til að reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar sjóðsins, og áhættuvega allar undirliggjandi áhættuskuldbindingar hans sem væru þær í beinni vörslu þessara stofnana.

2. Ef skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 132. gr. eru uppfyllt mega stofnanir sem hafa nægar upplýsingar um einstakar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu til að nota gegnsæisaðferðina reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna þessara áhættuskuldbindinga í samræmi við takmarkanirnar sem settar eru fram í umboði sjóðsins og viðeigandi laga.

Stofnanir skulu framkvæma útreikningana sem um getur í fyrstu undirgrein út frá þeirri forsendu að sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu stofni fyrst til áhættuskuldbindinga upp að því hámarki sem umboð hans leyfir eða viðeigandi lög í formi áhættuskuldbindinga sem hafa í för með sér hæstu eiginfjárgrunnskröfur og haldi síðan áfram að stofna til áhættuskuldbindinga í lækkandi röð þar til heildaráhættuskuldbindingarmörkunum hefur verið náð og að sjóðurinn beiti vogun að því hámarki sem leyft er samkvæmt umboði hans eða viðeigandi lögum, eftir því sem við á.

Stofnanir skulu framkvæma útreikningana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í þessum kafla, 5. kafla og í 3., 4., eða 5. þætti 6. kafla í þessum bálki.

3. Þrátt fyrir d-lið 3. mgr. 92. gr. mega stofnanir sem reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar áhættuskuldbindinga sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við 1. eða 2. mgr. þessarar greinar reikna út eiginfjárgrunnskröfur að því er varðar leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis áhættuskuldbindinga í formi afleiðna þess sjóðs sem fjárhæð sem samsvarar 50% af eiginfjárgrunnskröfu vegna þessara áhættuskuldbindinga sem reiknuð er í samræmi við 3., 4. eða 5. þátt 6. kafla í þessum bálki.

Þrátt fyrir fyrstu undirgreinina má stofnun undanskilja frá útreikningnum á eiginfjárgrunnskröfum að því er varðar leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis áhættuskuldbindinga í formi afleiðna áhættuskuldbindingar sem myndu ekki falla undir þessa kröfu væru þær stofnaðar beint af stofnuninni.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina hvernig stofnanir skulu reikna út fjárhæð áhættuvegnu skuldbindingarinnar sem um getur í 2. mgr. þegar einhver tilskilin ílagsgögn vegna þessa útreiknings eru ekki aðgengileg.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum eigi síðar en 28. mars 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

132. gr. b

Undanþágur frá útreikningi á fjárhæðum áhættuveginnar áhættuskuldbindingar sjóða um sameiginlega fjárfestingu

1. Stofnanir mega undanskilja frá útreikningunum sem um getur í 132. gr. almenna eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1, viðbótareiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1, gerninga undir þætti 2 og hæfa skuldbindingargerninga í vörslu sjóðs um sameiginlega fjárfestingu sem stofnanir skulu draga frá í samræmi við 1. mgr. 36. gr. og 56., 66. og 72. gr. e eftir því sem við á.

2. Stofnanir mega undanskilja frá útreikningunum sem um getur í 132. gr. áhættuskuldbindingar í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem um getur í g- og h-lið 1. mgr. 150. gr. og þess í stað nota meðferðina sem sett er fram í 133. gr. að því er varðar þessar áhættuskuldbindingar.

132. gr. c

Meðferð áhættuskuldbindinga utan efnahagsreiknings vegna sjóða um sameiginlega fjárfestingu

1. Stofnanir skulu reikna út fjárhæð áhættuvegnu áhættuskuldbindingar sinnar vegna liða utan efnahagsreiknings með möguleikanum á að vera breytt í áhættuskuldbindingar í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóði um sameiginlega fjárfestingu með því að margfalda áhættuskuldbindingarvirði þessara áhættuskuldbindinga reiknað út í samræmi við 111. gr. með eftirfarandi áhættuvog:

a) að því er varðar allar áhættuskuldbindingar þar sem stofnanir nota eina aðferðina sem sett er fram í 132. gr. a:

$$RW_i^* = \frac{RWAE_i}{E_i^*} \cdot \frac{A_i}{EQ_i}$$

þar sem:

RW_i^* = áhættuvogin,

i = stuðullinn sem tilgreinir sjóðinn um sameiginlega fjárfestingu,

$RWAE_i$ = fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við 132. gr. a fyrir sjóð um sameiginlega fjárfestingu,

E_i^* = áhættuvirði áhættuskuldbindinga sjóðs um sameiginlega fjárfestingu,

A_i = bókfært virði eigna sjóðs um sameiginlega fjárfestingu og

EQ_i = bókfært virði hlutabréfa sjóðs um sameiginlega fjárfestingu,

b) fyrir allar aðrar áhættuskuldbindingar, $RW_i^* = 1\,250\,\%$.

2. Stofnanir skulu reikna út áhættuskuldbindingarvirði lágmarksvirðisskuldbindingar sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. þessarar greinar sem afvaxtað núvirði tryggðrar fjárhæðar með því að nota afvöxtunarstuðul án vanskilaáhættu. Stofnanir mega lækka áhættuskuldbindingarvirði lágmarksvirðisskuldbindingarinnar með öllu tapi sem hefur verið bókfært að því er varðar slíka skuldbindingu samkvæmt gildandi reikningsskilastaðli.

Stofnanir skulu reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga utan efnahagsreiknings sem leiðir af lágmarksvirðisskuldbindingum sem uppfylla öll skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. þessarar greinar með því að margfalda áhættuskuldbindingarvirði þessara áhættuskuldbindinga með 20% breytistuðli og með áhættuvoginni sem fæst skv. 132. eða 152. gr.

3. Stofnanir skulu ákvarða fjárhæð áhættuveginnar skuldbindingarinnar vegna skuldbindinga utan efnahagsreiknings sem leiðir af lágmarksvirðisskuldbindingum í samræmi við 2. mgr. ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) áhættuskuldbinding stofnunarinnar utan efnahagsreikningsins er lágmarksvirðisskuldbinding vegna fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í einum eða fleiri sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem stofnunin þarf ekki að greiða út, samkvæmt lágmarksvirðisskuldbindingunni, nema ef markaðsvirði undirliggjandi áhættuskuldbindinga sjóðsins eða sjóðanna fer niður fyrir fyrirframskilgreint viðmiðunarmark á einum eða fleiri tímapunktum eins og tilgreint er í samningnum,

b) sjóður um sameiginlega fjárfestingu er annað af eftirfarandi:

i. verðbréfasjóður eins og hann er skilgreindur í tilskipun 2009/65/EB eða

ii. sérhæfður sjóður eins og hann er skilgreindur í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB sem eingöngu fjárfestir í framseljanlegum verðbréfum eða öðrum lausafjáreignum sem um getur í 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2009/65/EB þegar umboð sérhæfða sjóðsins heimilar ekki hærri vogun en þá sem er heimiluð skv. 3. mgr. 51. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

c) fyrirliggjandi markaðsvirði undirliggjandi áhættuskuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu af undirliggjandi lágmarksvirðisskuldbindingu, án tillits til áhrifa lágmarksvirðisskuldbindinganna utan efnahagsreiknings, er jafnt eða hærra en núvirði viðmiðunarmarkanna sem tilgreind eru í lágmarksvirðisskuldbindingunni,

d) þegar markaðsvirði undirliggjandi áhættuskuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu eða sjóðanna um sameiginlega fjárfestingu umfram núvirði lágmarksvirðisskuldbindingarinnar lækkar getur stofnunin eða annað fyrirtæki, svo fremi það falli undir eftirlit á samstæðugrunni sem stofnunin sjálf heyrir undir í samræmi við þessa reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB eða tilskipun 2002/87/EB, haft áhrif á samsetningu undirliggjandi áhættuskuldbindinga sjóðsins eða sjóðanna eða takmarkað á annan hátt möguleikann á frekari lækkun á því sem umfram er,

e) endanlegur beinn eða óbeinn haghafi af lágmarksvirðisskuldbindingunni er alla jafnan almennur fjárfestir eins og hann er skilgreindur í 11. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.“

64) Í stað g-liðar 1. mgr. 144. gr. kemur eftirfarandi:

„g) að stofnunin hafi reiknað út kröfur vegna eiginfjárgrunns samkvæmt innramatsaðferðinni sem leiðir af mati hennar á áhættubreytum og geti sinnt þeirri skýrslugjöf sem krafist er í 430. gr.“

65) Í stað 152. gr. kemur eftirfarandi:

„152. gr.

Meðferð áhættuskuldbindinga í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu

1. Stofnanir skulu reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga vegna áhættuskuldbindinga sinna í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu með því að margfalda fjárhæð áhættuveginnar skuldbindingar sjóðsins sem reiknuð er í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í fyrstu undirgrein 5. mgr., með hundraðshluta hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í vörslu þessara stofnana.

2. Ef skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 132. gr. eru uppfyllt skulu stofnanir sem hafa nægar upplýsingar um einstakar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu fara í gegnum þessar áhættuskuldbindingar til að reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar sjóðsins, og áhættuvega allar undirliggjandi áhættuskuldbindingar hans sem væru þær í beinni vörslu þessara stofnana.

3. Þrátt fyrir d-lið 3. mgr. 92. gr. mega stofnanir sem reikna út fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við 1. eða 2. mgr. þessarar greinar reikna út eiginfjárgrunnskröfur að því er varðar leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis áhættuskuldbindinga í formi afleiðna þess sjóðs sem fjárhæð sem samsvarar 50% af eiginfjárgrunnskröfu vegna þessara áhættuskuldbindinga sem reiknuð er í samræmi við 3., 4. eða 5. þátt 6. kafla í þessum bálki.

Þrátt fyrir fyrstu undirgreinina má stofnun undanskilja frá útreikningnum á eiginfjárgrunnskröfum að því er varðar leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis áhættuskuldbindinga í formi afleiðna áhættuskuldbindingar sem myndu ekki falla undir þessa kröfu væru þær stofnaðar beint af stofnuninni.

4. Stofnanir sem nota gegnsæisaðferðina í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar og sem uppfylla skilyrðin fyrir varanlegri notkun að hluta í samræmi við 150. gr. eða sem uppfylla ekki skilyrðin fyrir því að nota aðferðirnar sem settar eru fram í þessum kafla eða eina eða fleiri þeirra aðferða sem settar eru fram í 5. kafla fyrir allar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu eða hluta þeirra skulu reikna fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindingar og fjárhæðir vænts taps í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a) að því er varðar áhættuskuldbindingar sem falla í flokk áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa sem um getur í e-lið 2. mgr. 147. gr. skulu stofnanir beita einföldu áhættuvogunaraðferðinni sem um getur í 2. mgr. 155. gr.,

b) að því er varðar áhættuskuldbindingar sem falla undir liði sem mynda verðbréfaðar stöður sem um getur í f-lið 2. mgr. 147. gr. skulu stofnanir nota meðferðina sem sett er fram í 254. gr. eins og þessar stöður væru í beinni vörslu þessara stofnana,

c) að því er varðar allar aðrar undirliggjandi áhættuskuldbindingar skulu stofnanir beita staðalaðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. kafla þessa bálks.

Ef stofnunin getur, að því er a-lið fyrstu undirgreinar varðar, ekki gert greinarmun á áhættuskuldbindingum vegna óskráðra hlutabréfa, áhættuskuldbindingum sem viðskipti eru með í kauphöll og öðrum áhættuskuldbindingum vegna hlutabréfa skal hún fara með viðkomandi áhættuskuldbindingar á sama hátt og aðrar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa.

5. Ef skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 132. gr. eru uppfyllt mega stofnanir, sem hafa nægar upplýsingar um einstakar undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu til að nota gegnsæisaðferðina, reikna fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna þessara áhættuskuldbindinga í samræmi við umboðsaðferðina sem sett er fram í 2. mgr. 132. gr. a. Hins vegar að því er varðar áhættuskuldbindingarnar sem tilgreindar eru í a-, b- og c-lið 4. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir beita aðferðunum sem þar er kveðið á um.

6. Með fyrirvara um 2. mgr. 132. gr. b skulu stofnanir sem ekki beita gegnsæisaðferðinni í samræmi við 2. og 3. mgr. þessarar greinar eða umboðsaðferðina í samræmi við 5. mgr. þessarar greinar nota varaaðferðina sem um getur í 2. mgr. 132. gr.

7. Stofnunum er heimilt að reikna út fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindingar vegna áhættuskuldbindinga sinna í formi hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu með því að sameina aðferðirnar sem um getur í þessari grein, að því tilskildu að skilyrðin fyrir notkun þessara aðferða séu uppfyllt.

8. Stofnanir sem hafa ekki fullnægjandi gögn eða upplýsingar til að reikna út áhættuvegna fjárhæð sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 2., 3., 4. og 5. mgr. mega reiða sig á útreikninga þriðja aðila, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) þriðji aðilinn sé eitt af eftirfarandi:

   i. varðveislustofnun eða fjármálavörslustofnun sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, að því tilskildu að sjóðurinn fjárfesti eingöngu í verðbréfum og leggi öll verðbréf inn hjá þeirri varðveislustofnun eða fjármálavörslu-stofnuninni,

   ii. hvað varða sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem ekki falla undir i. lið þessa liðar, rekstrarfélag sjóðs um sameiginlega fjárfestingu að því tilskildu að það uppfylli þær viðmiðanir sem settar eru fram í a-lið 3. mgr. 132. gr.

b) að því er varðar aðrar áhættuskuldbindingar en þær sem tilgreindar eru í a-, b- og c-lið 4. mgr. þessarar greinar þá framkvæmi þriðji aðilinn útreikningana í samræmi við gegnsæisaðferðina sem sett er fram í 1. mgr. 132. gr. a,

c) að því er varðar áhættuskuldbindingar sem tilgreindar eru í a-, b- og c-lið 4. mgr. þá framkvæmi þriðji aðilinn útreikningana í samræmi við aðferðirnar sem þar eru settar fram,

d) utanaðkomandi endurskoðandi hafi staðfest að reikningur þriðja aðilans sé réttur.

Stofnanir sem reiða sig á útreikninga þriðja aðila skulu margfalda fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna skuldbindinga sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu sem leiðir af þessum útreikningum með stuðlinum 1,2.

Þrátt fyrir aðra undirgrein skal ekki nota stuðulinn 1,2 þegar stofnunin hefur ótakmarkaðan aðgang að þeim ítarlegu útreikningum sem þriðji aðili hefur framkvæmt. Stofnunin skal láta lögbæru yfirvaldi sínu í té þessa útreikninga að fenginni beiðni þar að lútandi.

9. Að því er varðar þessa grein skulu 5. og 6. mgr. 132. gr. og 132. gr. b gilda. Að því er varðar þessa grein skal 132. gr. c gilda með því að nota áhættuvogir í samræmi við 3. kafla þessa bálks.“

66) Í 158. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„9a Fjárhæð vænts taps vegna lágmarksvirðisskuldbindingar sem uppfyllir allar kröfurnar sem settar eru fram í 3. mgr. 132. gr. c skal vera núll.“

67) Í stað 164. gr. kemur eftirfarandi:

„164. gr.

Tap að gefnum vanefndum (LGD)

1. Stofnanir skulu setja fram eigið mat á tapi að gefnum vanefndum með fyrirvara um kröfurnar í 6. þætti þessa kafla og heimild lögbærra yfirvalda í samræmi við 143. gr. Nota skal 75 % gildi fyrir tap að gefnum vanefndum vegna þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna. Ef stofnun getur sundurliðað mat sitt á væntu tapi vegna þynningaráhættu keyptra viðskiptakrafna í líkur á vanefndum og tap að gefnum vanefndum á áreiðanlegan hátt er henni heimilt að nota mat sitt á líkum á vanefndum.

2. Heimilt er að viðurkenna ófjármagnaða útlánavörn með því að aðlaga mat á líkum á vanefndum eða tapi að gefnum vanefndum með fyrirvara um kröfur 1., 2. og 3. mgr. 183. gr. og heimild lögbærra yfirvalda, annaðhvort til stuðnings einstakri áhættuskuldbindingu eða safni áhættuskuldbindinga. Stofnun skal ekki úthluta tryggðum áhættuskuldbindingum aðlöguðu gildi fyrir líkur á vanefndum eða tapi að gefnum vanefndum þannig að aðlöguð áhættuvog verði lægri en áhættuvog sambærilegrar beinnar áhættuskuldbindingar vegna ábyrgðarveitandans.

3. Að því er varðar 2. mgr. 154. gr. skal gildi taps að gefnum vanefndum fyrir sambærilega beina áhættuskuldbindingu vegna veitanda útlánavarnar sem um getur í 3. mgr. 153. gr. vera annaðhvort gildi taps að gefnum vanefndum tengt óvarinni lánafyrirgreiðslu til ábyrgðarveitandans eða óvarinni lánafyrirgreiðslu skuldarans, eftir því hvort aðgengileg gögn og gerð ábyrgðarinnar gefa til kynna að endurheimt fjárhæð, komi til þess að bæði ábyrgðarveitandinn og skuldarinn lendi í vanskilum á líftíma hinna áhættuvörðu viðskipta, yrði háð fjárhagsstöðu ábyrgðarveitandans eða skuldarans, eftir því sem við á.

4. Áhættuskuldbindingarvegið meðaltal taps að gefnum vanefndum vegna allra smásöluáhættuskuldbindinga, sem eru tryggðar með íbúðarhúsnæði og njóta ekki ávinnings af ábyrgðum ríkisins, skal ekki vera lægra en 10 %.

Áhættuskuldbindingarvegið meðaltal taps að gefnum vanefndum vegna allra smásöluáhættuskuldbindinga, sem eru tryggðar með viðskiptahúsnæði og njóta ekki ávinnings af ábyrgðum ríkisins, skal ekki vera lægra en 15 %.

5. Aðildarríki tilnefna yfirvald sem ábyrgt er fyrir beitingu 6. mgr. Það yfirvald skal vera lögbæra yfirvaldið eða tilnefnda yfirvaldið.

Ef yfirvaldið sem aðildarríkið tilnefnir vegna beitingar þessarar greinar er lögbæra yfirvaldið skal það tryggja að viðkomandi innlendir aðilar og yfirvöld sem hafa þjóðhagsvarúðarumboð séu tilhlýðilega upplýstir um áform lögbæra yfirvaldsins að beita þessari grein og taki sem vera ber þátt í að meta hvort fjármálastöðugleika í aðildarríki þess sé hætta búin í samræmi við 6. mgr.

Ef yfirvaldið sem aðildarríkið tilnefnir vegna beitingar þessarar greinar er annað en lögbært yfirvald skal aðildarríkið samþykkja nauðsynleg ákvæði til að tryggja góða samræmingu á upplýsingaskiptum milli lögbæra yfirvaldsins og tilnefnda yfirvaldsins vegna réttrar beitingar þessarar greinar. Einkum skal krefjast þess að yfirvöld hafi með sér náið samstarf og skiptist á öllum nauðsynlegum upplýsingum til þess að tilnefnd yfirvöld samkvæmt þessari grein geti sinnt skyldum sínum á tilhlýðilegan hátt. Þetta samstarf skal miðað að því að koma í veg fyrir tvítekningu aðgerða lögbæra yfirvaldsins og tilnefnda yfirvaldsins eða þær séu ósamræmdar og jafnframt tryggja að tilhlýðilegt tillit sé tekið til víxlverkunar við aðrar ráðstafanir sem gerðar eru skv. 458. gr. þessarar reglugerðar og 133. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

6. Á grundvelli þeirra gagna sem safnað er skv. 430. gr. a og allra annarra mikilvægra vísa og með hliðsjón af áætlaðri þróun fasteignamarkaðar skulu lögbær yfirvöld sem tilnefnd eru í samræmi við 5. mgr. þessarar greinar meta reglubundið og a.m.k. árlega hvort lágmarksgildi taps að gefnum vanefndum sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar hæfi áhættuskuldbindingum sem tryggðar eru með veði í íbúðar- eða viðskiptahúsnæði sem staðsett er á einu eða fleiri hlutum yfirráðasvæða aðildarríkis viðkomandi yfirvalds.

Ef yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 5. mgr. kemst, á grundvelli matsins sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar, að þeirri niðurstöðu að lágmarksgildi taps að gefnum vanefndum sem um getur í 4. gr. sé ekki fullnægjandi og ef það telur að ófullnægjandi lágmarksgildi taps að gefnum vanefndum geti haft veruleg áhrif á framtíðarfjármálastöðuleika í aðildarríki sínu er því heimilt að setja hærri lágmarksgildi vegna taps að gefnum vanefndum vegna þeirra áhættuskuldbindinga sem staðsettar eru á einu eða fleiri hlutum yfirráðasvæða aðildarríkis viðkomandi yfirvalds. Þessi hærri lágmarksgildi er einnig hægt að nota fyrir einn eða fleiri eignaþætti slíkra áhættuskuldbindinga.

Yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 5. mgr. skal tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópska kerfisáhætturáðinu áður en það tekur ákvörðunina sem um getur í þessari málsgrein. Innan eins mánaðar frá viðtöku þessarar tilkynningar skulu Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska kerfisáhætturáðið senda viðkomandi aðildarríki álitið. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska kerfisáhætturáðið skulu birta þessi gildi fyrir tap að gefnum vanefndum.

7. Þegar yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 5. mgr. a ákvarðar hærri lágmarksgildi vegna taps að gefnum vanefndum skv. 6. mgr. skulu stofnanir fá sex mánaða umbreytingarfrest til að hlíta þeim.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í nánu samstarfi við Evrópska kerfisáhætturáðið semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem skilgreina skilyrðin sem yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 5. mgr. skal taka tillit til þegar það metur tilhlýðileika gilda vegna taps að gefnum vanefndum sem hluta af matinu í samræmi við 6. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. desember 2019.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

9. Evrópska kerfisáhætturáðinu er heimilt, með tilmælum í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1092/2010 og í nánu samstarfi við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, að veita yfirvöldunum sem tilnefnd eru í samræmi við 5. mgr. þessarar greinar leiðsögn um eftirfarandi:

a) þætti sem gætu „haft skaðleg áhrif á núverandi stöðugleika eða framtíðarfjármálastöðugleika“ sem um getur í annarri undirgrein 6. mgr. og

b) leiðbeinandi viðmiðanir sem yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 5. mgr. verður að taka tillit til við ákvörðun á hærri lágmarksgildum vegna taps að gefnum vanefndum.

10. Stofnanir í aðildarríki skulu beita hærra lágmarksgildi vegna taps að gefnum vanefndum sem lögbær yfirvöld í öðru aðildarríki hafa ákvarðað í samræmi við 6. mgr. gagnvart öllum samsvarandi áhættuskuldbindingum sem tryggðar eru með veði í atvinnu- og íbúðarhúsnæði sem staðsett er innan eins eða fleiri hluta þess aðildarríkis.“

68) Í stað h-liðar 1. mgr. 201. gr. kemur eftirfarandi:

„h) fullgilda, miðlæga mótaðila.“

69) Eftirfarandi grein bætist við:

„204. gr. a

Gjaldgengar tegundir hlutabréfaafleiðna

1. Stofnunum er heimilt að nota hlutabréfaafleiður sem eru heildarskiptasamningar (e. *total return swaps*) eða sem hafa svipuð efnahagsleg áhrif sem hæfa útlánavörn eingöngu í þeim tilgangi að setja innri áhættuvörn.

Þegar stofnun kaupir útlánavörn gegnum heildarskiptasamning og skráir hreinar mótteknar greiðslur vegna skiptasamningsins sem hreinar tekjur en skráir ekki rýrnun á virði hinnar vörðu eignar sem vegur á móti, annaðhvort lækkun á gangvirði eða viðbót í varasjóð, telst útlánavörnin ekki hæf sem slík.

2. Þegar stofnun notar hlutabréfaafleiðu sem innri áhættuvörn skal útlánaáhættan, sem færð er yfir í veltubók, flytjast til þriðja eða þriðju aðila til að innri áhættuvörnin teljist hæf útlánavörn að því er varðar þennan kafla.

Þegar innri áhættuvörn hefur verið notuð í samræmi við fyrstu undirgrein og kröfur í þessum kafla hafa verið uppfylltar skulu stofnanir beita reglunum, sem settar eru fram í 4.–6. þætti í þessum kafla, um útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og vænts taps þar sem þær afla sér ófjármagnaðrar útlánavarnar.“

70) Ákvæðum 223. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar undirgreinar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Sé um að ræða OTC-afleiðuviðskipti skulu stofnanir sem nota aðferðina sem mælt er fyrir um í 6. þætti 6. kafla reikna E_{VA} sem hér segir:

$$E_{VA} = E.“$$

b) Eftirfarandi undirgrein bætist við 5. mgr.:

„Sé um að ræða OTC-afleiðuviðskipti skulu stofnanir sem nota aðferðirnar sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. þætti 6. kafla taka tillit til áhættumildandi áhrifa tryggинga í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. þætti 6. kafla, eftir því sem við á.“

71) Ákvæðum 272. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 6. liðar kemur eftirfarandi:

„6. „Áhættuvarnarsafn“: flokkur viðskipta innan staks skuldajöfnunarsafns þar sem full jöfnun eða jöfnun að hluta er leyfð til að ákvarða mögulega framtíðaráhættu samkvæmt aðferðunum sem settar eru fram í 3. eða 4. þætti þessa kafla.“

b) Eftirfarandi liður bætist við:

„7a) „einstefnuviðbótartryggingarsamningur“: samkomulag um tryggingarfé sem kveður á um að stofnun þurfi að leggja fram viðbótartryggingu vegna mótaðila en á ekki rétt á að fá viðbótartryggingu frá þeim mótaðila eða öfugt.“

c) Í stað 12. liðar kemur eftirfarandi:

„12. „gildandi markaðsvirði“ eða „CMV“: hreint markaðsvirði allra viðskipta innan skuldajöfnunarsafns án tillits til hvers konar tryggинga sem haldið er eða lagðar hafa verið fram þar sem jákvætt og neikvætt markaðsvirði er jafnað við útreikning á CMV.“

d) Eftirfarandi liður bætist við:

„12a) „hrein óháð tryggingarfjárhæð“ eða „NICA“: summan af virði hreinnar tryggingar sem hefur verið leiðrétt með tilliti til flökts sem fengin er eða sem lögð er fram, eftir því sem við á, vegna skuldajöfnunarsafns sem ekki er viðbótartrygging.“

72) Ákvæðum 273. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnanir skulu reikna áhættuskuldbindingarvirði vegna samninga sem tilgreindir eru í II. viðauka á grundvelli einna þeirra aðferða sem settar eru fram í 3.–6. þætti í samræmi við þessa grein.

Stofnun sem uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 273. gr. a skal ekki nota aðferðina sem sett er fram í 4. þætti. Stofnun sem uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 273. gr. a skal ekki nota aðferðina sem sett er fram í 5. þætti.

Stofnunum er heimilt að nota samhliða aðferðirnar sem settar eru fram í 3.–6. þætti að staðaldri innan samsteypu. Stofnanir skulu ekki nota samhliða aðferðirnar sem settar eru fram í 3.–6. þætti að staðaldri.“

b) Í stað 6., 7. og 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Samkvæmt aðferðunum sem settar eru fram í 3.–6. þætti samsvarar áhættuskuldbindingarvirði vegna tiltekins mótaðila samanlögðu áhættuskuldbindingarvirði sem reiknað er út fyrir hvert skuldajöfnunarsafn hjá þeim mótaðila.

Þegar eitt samkomulag um tryggingarfé gildir um mörg skuldajöfnunarsöfn með þeim mótaðila og stofnunin notar eina af aðferðunum sem settar eru fram í 3.–6. þætti til að reikna út áhættuskuldbindingarvirði þessara skuldajöfnunarsafna skal áhættuskuldbindingarvirðið, þrátt fyrir fyrstu undirgrein, reiknað út í samræmi við viðeigandi þátt.

Fyrir tiltekinn mótaðila skal virði áhættuskuldbindingar vegna tiltekins skuldajöfnunarsafns OTC-afleiðugerninga sem tilgreindir eru í II. viðauka reiknað í samræmi við þennan kafla, vera hærra en núll og mismunurinn á

samtölu áhættuskuldbindingarvirðis allra skuldajöfnunarsafna vegna mótaðilans og samtölu leiðréttingar á útlánavirði vegna þess mótaðila sem stofnunin hefur reiknað inn sem niðurfærslu. Leiðrétting á útlánavirði skal reikna án tillits til leiðréttingar á innlánavirði sem eignuð er eigin útlánaáhættu fyrirtækisins sem hefur þegar verið undanskilin frá eiginfjárgrunni í samræmi við c-lið 1. mgr. 33. gr.

7. Við útreikning á áhættuskuldbindingarvirði í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 3., 4. og 5. þætti mega stofnanir meðhöndla tvo OTC-afleiðusamninga sem eru í sama skuldajöfnunarsamningi sem er nákvæmlega samsvarandi eins og um væri að ræða einn samning með reiknaðan höfuðstól sem jafngildir núlli.

Að því er varðar fyrstu undirgrein eru tveir OTC-samningar nákvæmlega samsvarandi ef þeir uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

a) stöðuáhættur þeirra eru gagnstæðar,

b) einkenni þeirra eru alveg eins að frátöldum viðskiptadegi,

c) sjóðstreymi þeirra jafna hvort annað algerlega út.

8. Stofnanir skulu ákvarða áhættuskuldbindingarvirði sem verður til vegna gnóttsamninga með því að nota einhverja þeirra aðferða, sem settar eru fram í 3.–6. þætti þessa kafla, án tillits til þeirra aðferða sem stofnunin hefur valið við meðhöndlun OTC-afleiðna og endurhverfra viðskipta, viðskipta í tengslum við lántöku eða lánveitingar í verðbréfum eða hrávöru og viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu verðbréfa. Við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns vegna gnóttsamninga má stofnun sem notar aðferðina sem sett er fram í 3. kafla nota áhættuvog, samkvæmt aðferðinni sem sett er fram í 2. kafla, að staðaldri og án tillits til mikilvægis þessara staðna.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„9. Að því er varðar aðferðirnar sem settar eru fram í 3.–6. þætti þessa kafla skal fara með viðskipti þar sem fylgniáhætta hefur verið greind í samræmi við 2., 4., 5. og 6. mgr. 291. gr.“

73) Eftirfarandi greinar bætast við:

„273. gr. a

Skilyrði fyrir notkun einfaldaðra aðferða til að reikna út virði áhættuskuldbindinga

1. Stofnun er heimilt að reikna út virði áhættuskuldbindingar vegna afleiðustaðna sinna í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 4. þætti að því tilskildu að umfang afleiðuviðskipta hennar innan og utan efnahagsreiknings sé jafnt eða lægra en bæði eftirfarandi viðmið á grundvelli mats sem fram fer mánaðarlega á grundvelli gagna frá síðasta degi mánaðarins:

a) 10% af heildareignum stofnunarinnar,

b) 300 milljónir evra,

2. Stofnun er heimilt að reikna út virði áhættuskuldbindingar vegna afleiðustaðna sinna í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 5. þætti að því tilskildu að umfang afleiðuviðskipta hennar innan og utan efnahagsreiknings sé jafnt eða lægra en bæði eftirfarandi viðmið á grundvelli mats sem fram fer mánaðarlega á grundvelli gagna frá síðasta degi mánaðarins:

a) 5% af heildareignum stofnunarinnar,

b) 100 milljónir evra.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. skulu stofnanir reikna umfang afleiðuviðskipta sinna innan og utan efnahags-reiknings á grundvelli gagna frá síðast degi hvers mánaðar í samræmi við eftirfarandi kröfur:

a) afleiðustöður skulu metnar á markaðsvirði þeirra á tilteknum degi; ef markaðsvirði stöðu er ekki tiltækt á tilteknum degi skulu stofnanir nota gangvirðið fyrir stöðuna á þeim degi; ef markaðsvirði og gangvirði stöðu eru ekki tiltæk á tilteknum degi skulu stofnanir nota síðasta markaðsvirðið eða gangvirðið fyrir þá stöðu,

b) algildi langra afleiðustaðna skal lagt saman við algildi stuttra afleiðustaðna,

c) allar afleiður skulu taldar með fyrir utan lánaafleiður sem færðar eru sem innri áhættuvörn gegn áhættuskuldbindingum vegna útlánaáhættu utan fjárfestingarbókar.

4. Þrátt fyrir 1. eða 2. mgr., eftir því sem við á, getur stofnun sem fellur undir samstæðu og sem ætti að nota aðferðina sem sett er fram í 3. eða 4. þætti vegna þess að hún fer yfir þessi viðmiðunarmörk á einingargrunni, kosið, með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda, að nota þess í stað aðferðina sem notuð er á samstæðugrunni ef afleiðuviðskiptin á samstæðugrunni fara ekki yfir viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í 1. eða 2. mgr., eftir því sem við á.

5. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um aðferðirnar sem settar eru fram í 4. eða 5. þætti sem þær nota, eða hætta að nota, eftir því sem við á, til að reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiddra staðna sinna.

6. Stofnun skal ekki ganga inn í afleiðuviðskipti eða kaupa eða selja afleiðugerninga í þeim tilgangi einum að fara að einhverju þeirra skilyrða sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. á meðan mánaðarlegt mat fer fram.“

273. gr. b

Ekki er farið að skilyrðunum um að nota einfaldaðar aðferðir til að reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiðna

1. Stofnun sem uppfyllir ekki lengur eitt eða fleiri skilyrði sem sett eru fram í 1. eða 2. mgr. 273. gr. a skal þegar í stað tilkynna það lögbæru yfirvaldi.

2. Stofnun skal hætta að reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiðna sinna í samræmi við 4. eða 5. mgr., eftir því sem við á, innan þriggja mánaða frá því að eitthvað af eftirfarandi á sér stað:

a) stofnunin uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í a-lið 1. eða 2. mgr. 273. gr. a, eftir því sem við á, eða skilyrðin sem sett eru fram í b-lið 1. mgr. eða 2. mgr. 273. gr., eftir því sem við á, í þrjá mánuði samfellt,

b) stofnunin uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í a-lið 1. eða 2. mgr. 273. gr. a, eftir því sem við á, eða skilyrðin sem sett eru fram í b-lið 1. mgr. eða 2. mgr. 273. gr., eftir því sem við á í meira en sex mánuði af undanfarandi 12 mánuðum.

3. Hafi stofnun hætt að reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiðna sinna í samræmi við 4. eða 5. mgr. eftir því sem við á skal henni eingöngu vera heimilt að byrja aftur að reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiðna, eins og sett er fram í 4. eða 5. þætti, þegar hún getur sýnt lögbæru yfirvaldi sínu fram á að öllu skilyrðin sem sett eru fram í 1. eða 2. mgr. 273. gr. a hafi verið uppfyllt óslitið í eitt ár.“

74) Í stað 3., 4. og 5. þáttar 6. kafla II. bálks í þriðja hluta kemur eftirfarandi:

,,3. þáttur

Staðalaðferð fyrir útlánaáhættu mótaðila

274. gr.

Áhættuskuldbindingarvirði

1. Verðbréfafyrirtæki er heimilt að reikna út stakt áhættuskuldbindingarvirði þegar um er að ræða skuldajöfnunarsafn fyrir öll viðskipti sem falla undir samningsbundinn skuldajöfnunarsamning ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) skuldajöfnunarsamningurinn tilheyri einni þeirri tegund samningsbundinna skuldajöfnunarsamninga sem um getur í 295. gr.,

b) skuldajöfnunarsamningurinn hafi verið viðurkenndur af lögbærum yfirvöldum í samræmi við 296. gr.,

c) stofnunin hafi uppfyllt skuldbindingarnar sem mælt er fyrir um í 297. gr. að því er varðar skuldajöfnunarsamninginn.

Ef einhver þessara skilyrða sem sett eru fram í fyrstu undirgrein eru ekki uppfyllt skal stofnunin meðhöndla sérhver viðskipti eins og um eigið skuldajöfnunarsafn hennar væri að ræða.

2. Stofnanir skulu reikna út áhættuskuldbindingarvirði skuldajöfnunarsafnsins samkvæmt staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu mótaðila sem hér segir:

$$\text{Áhættuskuldbindingarvirði} = \alpha \cdot (RC + PFE)$$

þar sem:

RC = endurnýjunarvirðið reiknað út í samræmi við 275. gr. og

PFE = möguleg framtíðaráhætta reiknuð út í samræmi við 278. gr.,

α = 1,4.

3. Áhættuskuldbindingarvirði skuldajöfnunarsafns sem fellur undir samningsbundið samkomulag um tryggingarfé skal að hámarki vera áhættuskuldbindingarvirði sama skuldajöfnunarsafns sem ekki fellur undir neitt samkomulag um tryggingarfé.

4. Þegar margs konar samkomulag um tryggingarfé gildir um sama skuldajöfnunarsafnið skulu stofnanir setja hvert samkomulag um tryggingarfé í þann flokk viðskipta í skuldajöfnunarsafninu sem það samkomulag gildir um á samningsbundinn hátt og reikna áhættuskuldbindingarvirðið sérstaklega fyrir hvern þessara viðskiptaflokka.

5. Stofnanir mega fastsetja áhættuskuldbindingarvirði skuldajöfnunarsafns við núll ef það uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

a) skuldajöfnunarsafnið er eingöngu samansett af seldum valréttum,

b) gildandi markaðsvirði skuldajöfnunarsafnsins er ávallt neikvætt,

c) stofnunin hefur fyrirfram tekið við yfirverði allra valrétta sem eru í skuldajöfnunarsafninu sem tryggingu fyrir því að samningarnir verði haldnir,

d) skuldajöfnunarsafnið fellur ekki undir neins konar samkomulag um tryggingarfé.

6. Í skuldajöfnunarsafni skulu stofnanir skipta viðskiptum sem eru endanleg línuleg samsetning af keyptum eða seldum kaup- eða söluréttum út fyrir alla staka valrétti sem mynda þessa línulega samsetningu, sem teknir eru sem stök viðskipti, í þeim tilgangi að reikna út áhættuskuldbindingarvirði skuldajöfnunarsafnsins í samræmi við þennan þátt. Fara skal með sérhverja slíka samsetningu af valréttum sem stök viðskipti í skuldajöfnunarsafninu sem samsetningin er felld inn í, í þeim tilgangi að reikna út áhættuskuldbindingarvirðið.

7. Áhættuskuldbindingarvirði viðskipta með lánaafleiðu sem myndar gnóttstöðu í undirliggjandi gerningi getur að hámarki verið fjárhæð útistandandi ógreiddrar þóknunar að því tilskildu að farið sé með hana sem eigið skuldajöfnunarsafn sem fellur ekki undir samkomulag um tryggingarfé.

275. gr.

Endurnýjunarkostnaður

1. Stofnanir skulu reikna út endurnýjunarkostnaðinn (e. *replacement cost* (RC)) fyrir skuldajöfnunarsöfn sem ekki falla undir samkomulag um tryggingarfé í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$RC = \max\{CMV - NICA, 0\}$$

2. Stofnanir skulu reikna út endurnýjunarkostnaðinn fyrir stök skuldajöfnunarsöfn sem ekki falla undir samkomulag um tryggingarfé í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$RC = \max\{CMV - VM - NICA, TH + MTA - NICA, 0\}$$

þar sem:

RC = endurnýjunarkostnaðurinn,

VM = virði hreinnar viðbótartryggingar (e. *variation margin* (VM)) leiðrétt með tilliti til flökts sem fengin er eða sem lögð er fram, eftir því sem við á, fyrir allt jöfnunarsafnið á reglubundinn hátt til að milda breytingar á gildandi markaðsvirði (e. *Current Market Value* (CMV)) skuldajöfnunarsafnsins,

TH = viðmiðunarmörk tryggingarfjár sem gilda um skuldajöfnunarsafnið samkvæmt samkomulaginu um tryggingarfé en undir þeim mörkum getur stofnunin ekki farið fram á tryggingu, og

MTA = lágmarksfjárhæð millifærslu (e. *minimum transfer amount* (MTA)) sem gildir um skuldajöfnunarsafnið samkvæmt samkomulaginu um tryggingarfé.

3. Stofnanir skulu reikna út endurnýjunarkostnaðinn fyrir mörg skuldajöfnunarsöfn sem ekki falla undir sama samkomulagið um tryggingarfé í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$RC = \max\left\{\sum_i \max\{CMV_i, 0\} - \max\{VM_{MA} + NICA_{MA}, 0\}, 0\right\} + \max\left\{\sum_i \min\{CMV_i, 0\} - \min\{VM_{MA} + NICA_{MA}, 0\}, 0\right\}$$

þar sem:

RC = endurnýjunarkostnaðurinn,

i = stuðullinn sem tilgreinir skuldajöfnunarsöfn sem falla undir stakt samkomulag um tryggingarfé,

CMV_i = gildandi markaðsvirði skuldajöfnunarsafnsins i,

VM_{MA} = summan af virði tryggingar leiðrétt með tilliti til flökts sem fengin er eða sem lögð er fram, eftir því sem við á, fyrir mörg skuldajöfnunarsöfn á reglubundinn hátt til að milda gildandi markaðsvirði þeirra, og

$NICA_{MA}$ = summan af virði tryggingar leiðrétt með tilliti til flökts sem fengin er eða sem lögð er fram, eftir því sem við á, fyrir mörg skuldajöfnunarsöfn, önnur en VM_{MA}.

Að því er varðar fyrstu undirgreinina er heimilt að reikna $NICA_{MA}$ út fyrir einstaka viðskipti, fyrir einstaka skuldajöfnunarsafn eða fyrir öll skuldajöfnunarsöfn sem samkomulagið um tryggingarfé á við um, allt eftir viðmiði samkomulags um tryggingafé.

276. gr.

Viðurkenning og meðhöndlun tryggingar

1. Að því er varðar þennan þátt skulu útreiknaðar fjárhæðir tryggingar fyrir VM, VM_{MA}, NICA og $NICA_M$ uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

a) ef öll viðskipti í skuldajöfnunarsafni tilheyra veltubókinni skal eingöngu viðurkenna tryggingu sem er hæf skv. 197. og 299. gr.,

b) ef skuldajöfnunarsafn hefur að geyma a.m.k. ein sviðskipti sem tilheyra fjárfestingarbók skal eingöngu viðurkenna tryggingu sem er hæf skv. 197. gr,

c) trygging sem fengin er frá mótaðila skal vera viðurkennd með jákvæðu formerki og trygging sem lögð er fram gagnvart mótaðila með neikvæðu formerki,

d) virði allra tegunda trygginga leiðrétt með tilliti til flökts sem fengnar eru eða lagðar fram skal reiknað út í samræmi við 223. gr., að því er varðar þennan útreikning skulu stofnanir ekki nota aðferðina sem sett er fram í 225. gr.,

e) sami tryggingarliður skal ekki talinn samtímis með bæði í viðbótartryggingu (VM) og hreinni óháðri tryggingarfjárhæð (NICA),

f) sami tryggingarliður skal ekki talinn samtímis með bæði í VM_{MA} og $NICA_{MA}$,

g) ekki skal taka neina tryggingu sem lögð er fram gagnvart mótaðilanum sem er aðskilin eignum þess mótaðila ,og þar með gjaldþrotsvarin ef sá mótaðili lendir í vanskilum eða verður gjaldþrota, með við útreikninginn á NICA og $NICA_{MA}$.

2. Að því er varðar útreikninginn á virði framlagðrar tryggingar leiðrétt með tilliti til flökts sem um getur í d-lið 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir láta eftirfarandi formúlu koma í stað þeirrar sem sett er fram í 2. mgr. 223. gr.:

$$C_{VA} = C \cdot (1 + H_C + H_{fx})$$

þar sem:

C_{VA} = virði framlagðrar tryggingar leiðrétt með tilliti til flökts, og

C = tryggingin,

H_c og H_{fx} eru skilgreind í samræmi við 2. mgr. 223. gr.

3. Að því er varðar d-lið 1. mgr. skulu stofnanir miða viðeigandi innlausnartímabil vegna útreiknings á virði allra trygginga leiðrétt með tilliti til flökts sem fengnar eru eða lagðar fram í samræmi við eitt af eftirfarandi tímabilum:

a) eitt ár fyrir skuldajöfnunarsöfnin sem um getur í 1. mgr. 275. gr.,

b) áhættutímabil tryggingarfjár sem ákvarðað er í samræmi við b-lið 1. mgr. 279. gr. c fyrir þau skuldajöfnunarsöfn sem um getur í 2. og 3. mgr. 275. gr.

277. gr.

Tenging viðskipta við áhættuflokka

1. Stofnanir skulu tengja sérhver viðskipti skuldajöfnunarsafns við eftirfarandi áhættuflokka til að ákvarða mögulega framtíðaráhættu skuldajöfnunarsafnsins sem um getur í 278. gr.:

a) vaxtaáhættu,

b) gjaldmiðlaáhættu,

c) útlánaáhættu,

d) hlutabréfaáhættu,

e) hrávöruáhættu,

f) aðra áhættuþætti.

2. Stofnanir skulu framkvæma tenginguna sem um getur í 1. mgr. á grundvelli helsta áhættuþáttar afleiðusamnings. Helsti áhættuþáttur skal vera eini mikilvægi áhættuþáttur afleiðusamnings.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. skulu stofnanir tengja afleiðuviðskipti sem hafa fleiri en einn mikilvægan áhættuþátt við fleiri en einn áhættuflokk. Ef allir mikilvægir áhættuþættir í einum þessara viðskipta tilheyra sama áhættuflokki þurfa stofnanir eingöngu að tengja þau viðskipti einu sinni við þann áhættuflokk á grundvelli þess áhættuþáttar sem er mikilvægastur. Ef mikilvægir áhættuþættir í einum þessara viðskipta tilheyra mismunandi áhættuflokkum skulu stofnanir tengja þau viðskipti einu sinni við hvern áhættuflokk þar sem viðskiptin hafa a.m.k. einn mikilvægan áhættuþátt á grundvelli mikilvægustu áhættuþáttanna í þeim áhættuflokki.

4. Þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr. skulu stofnanir hlíta eftirfarandi kröfum þegar þær tengja viðskipti við þá áhættuflokka sem tilgreindir eru í 1. mgr.:

a) ef helsti áhættuþáttur viðskipta, eða mikilvægasti áhættuþáttur í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. er verðbólgubreyta, skulu stofnanir tengja viðskiptin við vaxtaáhættuflokkinn,

b) ef helsti áhættuþáttur viðskipta, eða mikilvægasti áhættuþáttur í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. er loftlagsbreyta, skulu stofnanir tengja viðskiptin við hrávöruáhættuflokkinn.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) aðferðina til að bera kennsl á viðskipti með aðeins einn mikilvægan áhættuþátt,

b) aðferðina til að bera kennsl á viðskipti með fleiri en einn mikilvægan áhættuþátt og til að bera kennsl á mikilvægasta áhættuþátt með tilliti til 3. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. desember 2019.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

277. gr. a

Áhættuvarnarsöfn

1. Stofnanir skulu koma á áhættuvarnarsöfnum fyrir hvern áhættuflokk skuldajöfnunarsafns og skipa hverjum viðskiptum í þessi áhættuvarnarsöfn sem hér segir:

a) viðskiptum sem tengd eru við vaxtaáhættuflokk skal eingöngu skipað í sama áhættuvarnarsafnið þegar helsti áhættuþáttur þeirra, eða mikilvægasti áhættuþáttur í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr., er gefinn upp í sama gjaldmiðli,

b) viðskiptum sem tengd eru við gjaldmiðlaáhættuflokk skal eingöngu skipað í sama áhættuvarnarsafnið þegar helsti áhættuþáttur þeirra, eða mikilvægasti áhættuþátturinn í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr., er grundvallaður á sama gjaldmiðlapari,

c) öllum viðskiptum sem tengd eru við útlánaáhættuflokk skal skipað í sama áhættuvarnarsafnið,

d) öllum viðskiptum sem tengd eru við hlutabréfaáhættuflokk skal skipað í sama áhættuvarnarsafnið,

e) viðskiptum sem tengd eru við hrávöruáhættuflokk skal eingöngu skipað í eitt af eftirfarandi áhættuvarnarsöfnum, á grundvelli eðlis helsta áhrifaþáttar áhættu þeirra, eða mikilvægasta áhrifaþáttar í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr., sem eru:

   i. orka,

   ii. málmar,

   iii. landbúnaðarvörur,

   iv. aðrar hrávörur,

   v. loftslagsskilyrði,

f) viðskiptum sem tengd eru við aðra áhættuflokka skal eingöngu skipað í sama áhættuvarnarsafnið þegar helsti áhrifaþáttur áhættu þeirra, eða mikilvægasti áhrifaþátturinn í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr., er eins.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal viðskiptum, sem tengd eru við vaxtaáhættuflokk sem hefur verðbólgubreytu sem helsta áhættuþátt, skipað í aðgreind áhættuvarnarsöfn önnur en þau áhættuvarnarsöfn sem komið er á fyrir viðskipti sem tengd eru við vaxtaáhættuflokka sem ekki hefur verðbólgubreytu sem helsta áhættuþátt. Þessum viðskiptum skal eingöngu skipað í sama áhættuvarnarsafnið þegar helsti áhrifaþáttur áhættu þeirra, eða mikilvægasti áhættuþátturinn í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr., er gefinn upp í sama gjaldmiðli.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir koma á aðgreindum stökum áhættuvarnarsöfnum í hverjum áhættuflokki fyrir eftirfarandi viðskipti:

a) viðskipti þar sem helsti áhættuþáttur eða mikilvægasti áhættuþátturinn í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr. er annaðhvort afleitt flökt markaðar eða raunverulegt flökt áhættuþátta eða samsvörun milli tveggja áhættuþátta,

b) viðskipti þar sem helsti áhættuþáttur eða mikilvægasti áhættuþátturinn í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr. er mismunurinn á tveimur áhættuþáttum sem tengdir eru sama áhættuflokki eða viðskipti sem samanstanda af tveimur greiðsluleggjum sem gefnir eru upp í sama gjaldmiðli og þar sem áhættuþáttur fyrir sama áhættuflokk helsta áhættuþáttarins er í öðrum greiðslulegg en þeim sem inniheldur áhættuþátt.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu stofnanir eingöngu skipa viðskiptum í sama áhættuvarnarsafn fyrir viðkomandi áhættuflokk þegar helsti áhættuþáttur þeirra, eða mikilvægasti áhættuþátturinn í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr., eru eins.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar skulu stofnanir eingöngu skipa viðskiptum í sama áhættuvarnarsafn viðkomandi áhættuflokks þegar par áhrifaþátta áhættu í þessum viðskiptum eins og þar um getur er eins og jákvæð

samsvörun er milli áhættuþáttanna tveggja í þessu pari. Annars skulu stofnanir skipa viðskiptum sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar í eitt áhættuvarnarsafnanna sem komið er á í samræmi við 1. mgr. á grundvelli eins af þeim tveimur áhættuþáttum áhættu sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar.

3. Að beiðni lögbærra yfirvalda skulu stofnanir gefa upp fjölda þeirra áhættuvarnarsafna sem komið er á í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar fyrir hvern áhættuflokk, með helstu áhættuþáttum eða mikilvægustu áhættuþáttunum í tilteknum áhættuflokki vegna viðskipta sem um getur í 3. mgr. 277. gr. eða pörum áhrifaþátta áhættu fyrir hvert þessara áhættuvarnarsafna ásamt fjölda viðskipta í hverju þeirra.

278. gr.

Möguleg framtíðaráhætta

1. Stofnanir skulu reikna út mögulega framtíðaráhættu skuldajöfnunarsafns sem hér segir:

$$\text{PFE} = \text{margfaldari} \cdot \sum_{a} \text{AddOn}^{(a)}$$

þar sem:

PFE = möguleg framtíðaráhætta (e. *potential future exposure* (PTF)).

a = stuðullinn sem tilgreinir áhættuflokkinn í útreikningnum á mögulegri framtíðaráhættu skuldajöfnunarsafns,

$\text{AddOn}^{(a)}$ = viðbótin fyrir áhættuflokk sem reiknuð er í samræmi við 280. gr. a til f, eftir því sem við á, og

margfaldari = margföldunarstuðullinn sem reiknaður er í samræmi við formúluna sem um getur í 3. mgr.

Að því er varðar þennan útreikning skulu stofnanir taka viðbót tiltekins áhættuflokks með inn í útreikninginn á mögulegri framtíðaráhættu skuldajöfnunarsafns þar sem a.m.k. ein viðskipti skuldajöfnunarsafnsins hafa verið tengd við þann áhættuflokk.

2. Möguleg framtíðaráhætta af mörgum skuldajöfnunarsöfnum sem falla undir eitt samkomulag um tryggingarfé, eins og um getur í 3. mgr. 275. gr. skal reiknuð sem summa mögulegrar framtíðaráhættu allra einstakra skuldajöfnunarsafna eins og þau heyrðu ekki undir neins konar samkomulag um tryggingarfé.

3. Að því er varðar 1. mgr. skal reikna margfaldarann út á eftirfarandi hátt:

$$\text{margfaldari} = \begin{cases} 1 \text{ if } z \geq 0 \\ \min\left\{1, \text{Floor}_m + (1 - \text{Floor}_m) \cdot \exp\left(\frac{z}{y}\right)\right\} \text{ if } z < 0 \end{cases}$$

þar sem:

$\text{Floor}_m = 5\%$;

$y = 2 \cdot (1 - \text{Floor}_m) \cdot \Sigma_a \text{AddOn}^{(a)}$

$$z = \begin{cases} \text{CMV} - \text{NICA fyrir skuldajöfnunarsöfnin sem um getur í 1. mgr. 275. gr.} \\ \text{CMV} - \text{VM} - \text{NICA fyrir skuldajöfnunarsöfnin sem um getur í 2. mgr. 275. gr.} \\ \text{CMV}_i - \text{NICA}_i \text{ fyrir skuldajöfnunarsöfnin sem um getur í 3. mgr. 275. gr.} \end{cases}$$

NICA_i = hrein óháð tryggingarfjárhæð sem eingöngu er reiknuð fyrir viðskipti sem er að finna í skuldajöfnunarsafni i. NICA skal reiknuð út fyrir einstök viðskipti fyrir einstaka skuldajöfnunarsafn, allt eftir samkomulaginu um tryggingarfé.

279. gr.

Útreikningur á stöðuáhættu

Að því er varðar útreikninginn á viðbótum fyrir áhættuflokk sem um getur í 280. gr. a til f skulu stofnanir reikna út stöðuáhættu fyrir hver viðskipti skuldajöfnunarsafns sem hér segir:

$$\text{Stöðuáhætta} = \delta \cdot \text{AdjNot} \cdot \text{MF}$$

þar sem:

δ = eftirlitsdeltastuðull viðskiptanna reiknaður í samræmi við formúluna sem mælt er fyrir um í 279. gr. a,

AdjNot = leiðrétt grundvallarfjárhæð viðskiptanna reiknuð í samræmi við 279. gr. b.

MF = binditímastuðull viðskiptanna reiknaður í samræmi við formúluna sem mælt er fyrir um í 279. gr. c.

279. gr. a

Deltastuðull eftirlits

1. Stofnanir skulu reikna út deltastuðul eftirlits sem hér segir:

a) að því er varðar kaup- og sölurétti sem veita kaupanda rétt til að velja að kaupa eða selja undirliggjandi gerning á jákvæðu verði á einni dagsetningu eða mörgum dagsetningum í framtíðinni, nema þegar þessir valréttir eru tengdir við vaxtaáhættuflokk, skulu stofnanir nota eftirfarandi formúlu:

$$\delta = \text{sign} \cdot \text{N}\left(\text{type} \cdot \frac{\ln(\text{P/K}) + 0{,}5 \cdot \sigma^2 \cdot \text{T}}{\sigma \cdot \sqrt{\text{T}}}\right)$$

þar sem:

δ = deltastuðull eftirlits,

formerki = – 1 þegar viðskiptin eru sölu-eða kaupréttur eða keyptur söluréttur,

formerki = + 1 þegar viðskiptin eru keyptur kaupréttur eða seldur söluréttur,

tegund = – 1 þegar viðskiptin eru söluréttur,

tegund = + 1 þegar viðskiptin eru kaupréttur,

N(x) = dreififall fyrir slembibreytu með staðlaða normaldreifingu sem þýðir að líkur séu á að normaldreifð slembibreyta með meðalgildi núll og fervik 1 sé minni en eða jöfn og x,

P = stundargengi eða framvirkt gengi undirliggjandi gernings valréttarins; að því er varðar valrétti með sjóðstreymi sem er háð meðalvirði undirliggjandi gernings, P skal vera jafnt og meðalvirðið á útreikningardeginum,

K = lausnarverð valréttarins.

T = tímabilið milli lokadagsetningar valréttarins (T_{exp}) og reikningsskiladagsins; að því er varðar valrétti sem eingöngu er hægt að nýta á einni framtíðardagsetningu er T_{exp} sá dagur; að því er varðar valrétti sem hægt er að nýta á mörgum framtíðardagsetningum er T_{exp} sú sem síðust er; T skal tilgreint í árum með því að nota viðeigandi viðskiptadagareglu, og

σ = eftirlit með flökti valréttarins sem ákvarðað er í samræmi við töflu 1 á grundvelli áhættuflokks viðskiptanna og eiginleika undirliggjandi gernings valréttarins.

Tafla 1

Áhættuflokkur	Undirliggjandi gerningur	Flökteftirlit
Erlendur gjaldmiðill	Allt	15%
Lán	Gerningur undir einu nafni	100%,
	Gerningur gagnvart mörgum aðilum	80%
Hlutabréf	Gerningur undir einu nafni	120%
	Gerningur gagnvart mörgum aðilum	75%
Hrávörur	Raforka	150%
	Önnur hrávara (að undanskilinni raforku)	70%
Annað	Allt	150%

Stofnanir sem nota framvirkt verð undirliggjandi gernings valrétta skulu tryggja að:

i. framvirkt verð er í samræmi við eiginleika valréttarins,

ii. framvirkt verð er reiknað með því að nota viðeigandi vaxtastig sem er í gildi á reikningsskiladegi,

iii. framvirkt verð samþættir vænt sjóðstreymi undirliggjandi gernings áður en valrétturinn rennur út,

b) að því er varðar hluta gerviverðbréfunar og lánaafleiðu sem byggist á n-ta vanskilaaðila skulu stofnanir nota eftirfarandi formúlu:

$$\delta = \text{sign} \cdot \frac{15}{(1 + 14 \cdot \text{A}) \cdot (1 + 14 \cdot \text{D})}$$

þar sem:

formerki = $\begin{cases} +1 \text{ þegar útlánavörnin hefur verið fengin í gegnum viðskiptin} \\ -1 \text{ þegar útlánavörnin hefur verið veitt í gegnum viðskiptin} \end{cases}$

A = tengipunktur hlutans; fyrir lánaafleiðu sem byggist á n-ta vanskilaaðila grundvallað á viðmiðunaraðilum k, A = (n – 1)/k, og

D = aftengipunktur hlutans; fyrir lánaafleiðu sem byggist á n-ta vanskilaaðila grundvallað á viðmiðunaraðilum k, D = n/k,

c) að því er varðar viðskipti sem ekki er getið um í a- eða b-lið skulu stofnanir nota eftirfarandi deltastuðul eftirlits:

$\delta = \begin{cases} +1 \text{ ef viðskiptin eru gnóttstaða í helsta áhættuþætti eða mikilvægasta áhættuþætti í tilteknum áhættuflokki} \\ -1 \text{ ef viðskiptin eru skortstaða í helsta áhættuþætti eða mikilvægasta áhættuþætti í tilteknum áhættuflokki} \end{cases}$

2. Að því er varðar þennan þátt merkir gnóttstaða í helsta áhættuþætti eða í mikilvægasta áhættuþættinum í tilteknum áhættuflokki vegna viðskipta sem um getur í 3. mgr. 277. gr. að markaðsvirði viðskiptanna eykst þegar virði þessa áhættuþáttar eykst og skortstaða í helsta áhættuþætti eða í mikilvægasta áhættuþættinum í tilteknum áhættuflokki vegna viðskiptanna sem um getur í 3. mgr. 277. gr. merkir að markaðsvirði viðskiptanna minnkar þegar virði þessa áhættuþáttar eykst.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) í samræmi við þróun alþjóðareglna skal formúlan sem stofnanir eiga að nota til að reikna út eftirlitsdeltastuðul kaup- og söluréttar sem tengdur er við vaxtaáhættuflokk sem samrýmist markaðsaðstæðum þar sem vextir kunna að vera neikvæðir sem og eftirlitsflöktið sem hæfir slíkri formúlu,

b) aðferðin til að ákvarða hvort viðskipti séu gnótt- eða skortstaða í helsta áhættuþætti eða í mikilvægasta áhættuþættinum í tilteknum áhættuflokki fyrir viðskipti sem um getur í 3. mgr. 277. gr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. desember 2019.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

279. gr. b

Aðlöguð grundvallarfjárhæð

1. Stofnanir skulu reikna út aðlagaðar grundvallarfjárhæðir sem hér segir:

a) að því er varðar viðskipti sem tengd eru við vaxtaáhættuflokk eða útlánaáhættuflokk skulu stofnanir reikna aðlöguðu grundvallarfjárhæðina sem margfeldið af grundvallarfjárhæð afleiðusamningsins og rauntímastuðli eftirlitsins sem skal reiknað sem hér segir:

$$\text{rauntímastuðull eftirlitsins} = \max\left\{ \frac{\exp(-R \cdot S) - \exp(-R \cdot E)}{R} \; ; \; 10/\text{EittRrekstrarár} \right\}$$

þar sem:

R = afvöxtunarstuðull eftirlits; R = 5%;

S = tímabilið milli upphafsdags viðskiptanna og reikningsskiladagsins sem skal tilgreint í árum með því að nota viðeigandi viðskiptadagareglu

E = tímabilið milli lokadags viðskiptanna og reikningsskiladagsins sem skal tilgreint í árum með því að nota viðeigandi viðskiptadagareglu; og rekstrarár = eitt ár tilgreint í viðskiptadögum með því að nota viðeigandi viðskiptadagareglu.

Upphafsdagur viðskipta er fyrsta dagsetningin þegar a.m.k. ein samningsbundin greiðsla innan ramma viðskiptanna, til eða frá stofnuninni, er annaðhvort fastsett eða henni skipt, nema þegar um er að ræða greiðslur sem varða skipti á tryggingum í samkomulagi um tryggingarfé. Hafi viðskiptin þegar verið fastsett eða greiðslur framkvæmdar á reikningskiladegi skal upphafsdagur viðskiptanna vera jafnt og 0.

Feli viðskiptin í sér eina eða fleiri samningsbundnar dagsetningar í framtíðinni þar sem stofnunin eða mótaðilinn getur bundið enda á viðskiptin áður en samningsbundnum binditíma þeirra lýkur skal upphafsdagur viðskiptanna vera sá fyrsti af eftirfarandi dögum:

i. dagurinn eða fyrsti dagurinn af mörgum dögum í framtíðinni þar sem stofnunin eða mótaðilinn getur ákveðið að binda enda á viðskiptin áður en samningsbundinn binditími þeirra rennur út,

ii. dagurinn þegar viðskiptin byrja að fastsetja eða framkvæma greiðslur, nema þegar um er að ræða greiðslur sem varða skipti á tryggingum í samkomulagi um tryggingarfé.

Ef viðskiptin hafa fjármálagerning sem undirliggjandi gerning sem getur gefið tilefni til samningsskyldna til viðbótar þeim sem eru í viðskiptunum skal upphafsdagurinn ákvarðaður á grundvelli fyrsta dagsins þegar undirliggjandi gerningur byrjar að fastsetja eða framkvæma greiðslur.

Lokadagsetning viðskipta er síðasti dagurinn þegar samningsbundinni greiðslu innan ramma viðskiptanna, til eða frá stofnuninni, er eða getur verið skipt.

Ef viðskiptin hafa fjármálagerning sem undirliggjandi gerning sem getur gefið tilefni til samningsskyldna til viðbótar þeim sem eru í viðskiptunum skal lokadagurinn ákvarðaður á grundvelli síðustu samningsbundnu greiðslu í undirliggjandi gerningi viðskiptanna.

Þegar viðskipti eru gerð til að gera upp útistandandi áhættuskuldbindingu eftir tiltekna greiðsludaga og þar sem skilmálar eru endurskoðaðir þannig að markaðsvirði viðskiptanna verður núll á þessum tilteknu dögum telst uppgjör útistandandi áhættuskuldbindingar á þessum dögum vera samningsbundin greiðsla innan ramma sömu viðskipta.

b) Að því er varðar viðskipti sem tengd eru við gjaldmiðlaáhættuflokkinn skulu stofnanir reikna aðlöguðu grundvallarfjárhæðina sem hér segir:

i. ef viðskiptin samanstanda af einum greiðslulegg skal aðlöguð grundvallarfjárhæð vera grundvallarfjárhæð afleidda samningsins,

ii. ef viðskiptin samanstanda af tveimur greiðsluleggjum og grundvallarfjárhæð annars þeirra er tilgreind í uppgjörsgjaldmiðli stofnunarinnar skal aðlagaða grundvallarfjárhæðin vera grundvallarfjárhæðin í hinum greiðsluleggnum.

iii. ef viðskiptin samanstanda af tveimur greiðsluleggjum og grundvallarfjárhæð annars þeirra er tilgreind í öðrum gjaldmiðli en uppgjörsgjaldmiðli stofnunarinnar skal aðlagaða grundvallarfjárhæðin vera stærsta grundvallarfjárhæðin í greiðsluleggjunum tveimur eftir að þessum fjárhæðum hefur verið breytt í uppgjörsgjaldmiðil stofnunarinnar á gildandi stundargengi,

c) að því er varðar viðskipti sem tengd eru við hlutabréfaáhættuflokk eða hrávöruáhættuflokk skulu stofnanir reikna aðlöguðu grundvallarfjárhæðina sem margfeldi af markaðsvirði eins hlutdeildarskírteinis í undirliggjandi gerningi viðskiptanna og fjölda hlutdeildarskírteina í undirliggjandi gerning sem viðskiptin vísa til,

þegar viðskipti sem tengd eru við hlutabréfaáhættu eða hrávöruáhættuflokk eru samkvæmt samningi tilgreind sem grundvallarfjárhæð skal nota grundvallarfjárhæð viðskiptanna fremur en fjölda eininga í undirliggjandi gerningi sem aðlöguðu fjárhæðina,

d) að því er varðar viðskipti sem tengd eru við aðra áhættuflokka skulu stofnanir reikna út aðlöguðu fjárhæðina á grundvelli heppilegustu aðferðarinnar af þeim aðferðum sem settar eru fram í a-, b- og c-lið, allt eftir eðli og eiginleikum undirliggjandi gernings viðskiptanna.

2. Stofnanir skulu ákvarða grundvallarfjárhæðina eða fjölda hlutdeildarskírteina undirliggjandi gernings í þeim tilgangi að reikna út aðlöguðu grundvallarfjárhæð viðskiptanna sem um getur í 1. mgr. sem hér segir:

a) þegar grundvallarfjárhæðin eða fjöldi hlutdeildarskírteinanna í undirliggjandi samningi viðskipta er ekki fastsettur þar til samningsbundinn binditími hans rennur út:

i. að því er varðar löggengar (e. *deterministic*) grundvallarfjárhæðir og fjölda hlutdeildarskírteina undirliggjandi gernings skal grundvallarfjárhæðin vera vegið meðaltal allra löggengra verðgilda grundvallarfjárhæðanna eða fjölda hlutdeildarskírteinanna, eftir því sem við á, fram að samningsbundnum gjalddaga viðskiptanna ef vogirnar eru hlutfall af þeim tíma sem hvert verðgildi grundvallarfjárhæðarinnar á við um,

ii. að því er varðar slembnar (e. *stochastic*) grundvallarfjárhæðir og fjölda hlutdeildarskírteina í undirliggjandi gerningi skal grundvallarfjárhæðin vera sú fjárhæð sem ákvörðuð er með því að fastsetja gildandi markaðsvirði innan formúlunnar til að reikna út markaðsvirði í framtíðinni,

b) að því er varðar samninga sem fela það í sér að grundvallarfjárhæð er skipt margsinnis skal margfalda grundvallarfjárhæðina með fjölda þeirra greiðslna sem eftir er að inna af hendi samkvæmt samningnum,

c) að því er varðar samninga sem kveða á um margföldun á sjóðstreymisgreiðslunum eða margföldun á því sem er undirliggjandi afleiðusamningnum verður stofnunin að aðlaga grundvallarfjárhæðina svo tekið sé tillit til áhrifa margföldunarinnar á áhættusamsetningu þessara samninga.

3. Stofnanir skulu umreikna aðlagaða grundvallarfjárhæð viðskipta yfir í reikningsskilagjaldmiðil á gildandi stundargengi þegar aðlagaða grundvallarfjárhæðin er reiknuð út samkvæmt þessari grein út frá samningsbundinni grundvallarfjárhæð eða markaðsvirði fjölda hlutdeildarskírteinanna í undirliggjandi gerningi sem tilgreint er í öðrum gjaldmiðli.

279. gr. c

Binditímastuðull

1. Stofnanir skulu reikna binditímastuðul sinn sem hér segir:

a) að því er varðar stofnanir sem eru í skuldajöfnunarsöfnunum sem um getur í 1. mgr. 275. gr. skulu stofnanir nota eftirfarandi formúlu:

$$\mathrm{MF} = \sqrt{\min\{\max\{\mathrm{M}, 10\ /EittRekstrarár\}, 1\}}$$

þar sem:

MF = binditímastuðull,

M = eftirstandandi binditími viðskiptanna sem er jafn þeim tíma sem þarf til lúkningar á öllum samningsskyldum viðskiptanna; í þeim tilgangi skal verð valréttar í afleiðusamningi talið vera samningsskylda; eftirstandandi binditíminn skal tilgreindur í árum með því að nota viðeigandi viðskiptadagareglu,

hafi viðskipti annan afleiðusamning sem undirliggjandi gerning sem kann að leiða til viðbótarsamningsskyldna umfram þær sem eru í viðskiptunum skal eftirstandandi binditími viðskiptanna vera jafn þeim tíma sem þarf til lúkningar á öllum samningsskyldum viðskiptanna í undirliggjandi samningi,

að því er varðar viðskipti sem gerð eru til að gera upp áhættuskuldbindingu sem er útistandandi eftir tiltekna greiðsludaga og þar sem skilmálar eru endurskoðaðir þannig að markaðsvirði viðskiptanna verður núll á þessum tilteknu dögum skal eftirstandandi binditími viðskiptanna vera jafnlangt tímabilinu fram að næsta endurskoðunardegi og

OneBusinessYear = eitt ár tilgreint í viðskiptadögum með því að nota viðeigandi viðskiptadagareglu,

b) að því er varðar viðskipti sem eru í skuldajöfnunarsöfnunum sem um getur í 2. og 3. mgr. 275. gr. er binditímastuðullinn skilgreindur sem:

$$\mathrm{MF} = \frac{3}{2}\sqrt{\frac{\mathrm{MPOR}}{\mathrm{EittRekstrarár}}}$$

þar sem:

MF = binditímastuðull,

MPOR = áhættutímabil tryggingarfjár (e. *margin period of risk*) vegna skuldajöfnunarsafnsins sem ákvarðað er í samræmi við 2. til 5. mgr. 285. gr., og

OneBusinessYear = eitt ár tilgreint í viðskiptadögum með því að nota viðeigandi viðskiptadagareglu.

Þegar áhættutímabil tryggingarfjár er ákvarðað vegna viðskipta milli viðskiptavinar og greiðslujöfnunaraðila skal stofnun sem aðhefst annaðhvort sem viðskiptavinur eða stöðustofnunaraðili láta fimm viðskiptadaga koma í stað lágmarkstímans sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr. 285. gr.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal eftirstandandi binditími vera jafn tímanum fram að næsta endurskoðunardegi vegna viðskipta sem gerð eru til að gera upp áhættuskuldbindingu sem er útistandandi eftir tiltekna greiðsludaga og þar sem skilmálarnir eru endurskoðaðir þannig að markaðsvirði samningsins sé núll á þessum tilteknu greiðsludögum.

280. gr.

Eftirlitsreikningsstuðull fyrir áhættuvarnarsafn

Að því er varðar útreikning á viðbótinni fyrir áhættuvarnarsafn eins og um getur í 280. gr. a til 280. gr. f skal eftirlitsreikningsstuðullinn fyrir áhættuvarnarsafn ϵ vera sem hér segir:

$$\epsilon = \begin{cases} 1 \text{ fyrir áhættuvarnarsöfn sem komið er á í samræmi við 1. mgr. 277. gr. a} \\ 5 \text{ fyrir áhættuvarnarsöfn sem komið er á í samræmi við a-lið 2. mgr. 277. gr. a} \\ 0{,}5 \text{ fyrir áhættuvarnarsöfn sem komið er á í samræmi við b-lið 2. mgr. 277. gr. a} \end{cases}$$

280. gr. a

Viðbót fyrir vaxtaáhættuflokkinn

1. Að því er varðar 278. gr. skulu stofnanir reikna út viðbótina fyrir vaxtaáhættuflokkinn vegna tiltekins skuldajöfnunarsafns sem hér segir:

$$\text{AddOn}^{\text{IR}} = \sum_{j} \text{AddOn}_{j}^{\text{IR}}$$

þar sem:

AddOn^{IR} = viðbótin fyrir vaxtaáhættuflokkinn,

j = stuðullinn sem tilgreinir öll vaxtaáhættuvarnarsöfn sem komið er á í samræmi við a-lið 1. mgr. 277. gr. a og 2. mgr. 277. gr. a fyrir skuldajöfnunarsafnið, og

$\text{AddOn}_{j}^{\text{IR}}$ = viðbótin fyrir vaxtaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð í samræmi við 2. mgr.

2. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir vaxtaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j sem hér segir:

$$\text{AddOn}_{j}^{\text{IR}} = \epsilon_{j} \cdot \text{SF}^{\text{IR}} \cdot \text{EffNot}_{j}^{\text{IR}}$$

þar sem:

ϵ_j = eftirlitsreikningsstuðullinn fyrir áhættuvarnarsafnið j ákvarðaður í samræmi við gildandi virði sem tilgreint er í 280. gr.,

SF^{IR} = eftirlitsstuðullinn (e. *supervisory factor*) fyrir vaxtaáhættuflokk með virði sem jafngildir 0,5%, og

$\text{EffNot}_{j}^{\text{IR}}$ = raunveruleg grundvallarfjárhæð áhættuvarnarsafnsins j reiknuð í samræmi við 3. mgr.

3. Til að reikna út raunverulega grundvallarfjárhæð áhættuvarnarsafnsins j skulu stofnanir fyrst tengja hver viðskipti áhættuvarnarsafnsins við viðeigandi undirflokk í töflu 2. Þau skulu gera það á grundvelli lokadagsetningar hverra viðskipta eins og ákvarðað er í a-lið 1. mgr. 279. gr. b.

Tafla 2

Undirflokkur	Lokadagsetning (í árum)
1	> 0 og <= 1
2	> 1 og <= 5
3	> 5

Stofnanir skulu síðan reikna raunverulega grundvallarfjárhæð áhættuvarnarsafnsins j í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\text{EffNot}_{j}^{\text{IR}} = \sqrt{\left[\left(\text{D}_{j,1}\right)^2 + \left(\text{D}_{j,2}\right)^2 + \left(\text{D}_{j,3}\right)^2 + 1{,}4 \cdot \text{D}_{j,1} \cdot \text{D}_{j,2} + 1{,}4 \cdot \text{D}_{j,2} \cdot \text{D}_{j,3} + 0{,}6 \cdot \text{D}_{j,1} \cdot \text{D}_{j,3}\right]}$$

þar sem:

$\text{EffNot}_{j}^{\text{IR}}$ = raunveruleg grundvallarfjárhæð áhættuvarnarsafnsins j, og

$\text{D}_{j,k}$ = raunveruleg grundvallarfjárhæð í undirflokki k fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð sem hér segir:

$$\text{D}_{j,k} = \sum_{l \in \text{Flokkur k}} \text{Stöðuáhætta}_{l}$$

þar sem:

l = stuðullinn sem tilgreinir stöðuáhættuna.

280. gr. b

Viðbót fyrir gjaldmiðlaáhættuflokkinn

1. Að því er varðar 278. gr. skulu stofnanir reikna út viðbótina fyrir gjaldmiðlaáhættuflokkinn vegna tiltekins skuldajöfnunarsafns sem hér segir:

$$\text{AddOn}^{\text{FX}} = \sum_{j} \text{AddOn}_{j}^{\text{FX}}$$

þar sem:

AddOn^{FX} = viðbótin fyrir gjaldmiðlaáhættuflokkinn,

j = stuðullinn sem tilgreinir gjaldmiðlaáhættuvarnarsöfn sem komið er á í samræmi við b-lið 1. mgr. 277. gr. a og 2. mgr. 277. gr. a fyrir skuldajöfnunarsafnið, og

$\text{AddOn}_{j}^{\text{FX}}$ = viðbótin fyrir vaxtaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð í samræmi við 2. mgr.

2. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir gjaldmiðlaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j sem hér segir:

$$\text{AddOn}_{j}^{\text{FX}} = \epsilon_{j} \cdot \text{SF}^{\text{FX}} \cdot \left|\text{EffNot}_{j}^{\text{FX}}\right|$$

þar sem:

ϵ_{j} = eftirlitsreikningsstuðullinn fyrir áhættuvarnarsafnið j ákvarðaður í samræmi við 280. gr.,

SF^{FX} = eftirlitsstuðullinn (e. *supervisory factor*) fyrir gjaldmiðlaáhættuflokk með virði sem jafngildir 4%,

$\text{EffNot}_{j}^{\text{FX}}$ = raunverulega grundvallarfjárhæðin fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð sem hér segir:

$$\text{EffNot}_{j}^{\text{FX}} = \sum_{l \in \text{Áhættuvarnarsafn j}} \text{Stöðuáhætta}_{l}$$

þar sem:

l = stuðullinn sem tilgreinir stöðuáhættuna.

280. gr. c

Viðbót fyrir útlánaáhættuflokkinn

1. Að því er varðar 2. mgr. skulu stofnanir koma á viðeigandi viðmiðunaraðilum fyrir skuldajöfnunarsafnið í samræmi við eftirfarandi:

a) einn viðmiðunaraðili að því er varðar útlán skal vera fyrir hvern útgefenda viðmiðunarskuldagernings sem liggur til grundvallar viðskiptum eins aðila sem raðað er í útlánaáhættuflokkinn; viðskiptum eins aðila skal aðeins úthluta sama tilgreinda aðilanum þegar undirliggjandi viðmiðunarskuldagerningur þessara viðskipta er gefinn út af saman útgefanda.

b) einn viðmiðunaraðili að því er varðar útlán skal vera fyrir hvern hóp viðmiðunarskuldagerninga eða lánaafleiðna eins aðila sem liggja til grundvallar viðskiptum margra aðila sem raðað er í útlánaáhættuflokkinn; viðskiptum margra aðila skal aðeins úthluta sama viðmiðunaraðilanum þegar hópur undirliggjandi viðmiðunarskuldagerninga eða lánaafleiðna eins aðila þessara viðskipta hefur sömu einstöku hlutana.

2. Að því er varðar 278. gr. skal stofnun reikna út viðbótina fyrir útlánaáhættuflokkinn vegna tiltekins skuldajöfnunarsafns sem hér segir:

$$\text{AddOn}^{\text{Credit}} = \sum_{j} \text{AddOn}_{j}^{\text{Credit}}$$

þar sem:

$\text{AddOn}^{\text{Credit}}$ = viðbótin fyrir útlánaáhættuflokkinn,

j = stuðullinn sem tilgreinir öll útlánaáhættuvarnarsöfn sem komið er á í samræmi við c-lið 1. mgr. 277. gr. a og 2. mgr. 277. gr. a fyrir skuldajöfnunarsafnið, og

$\text{AddOn}_{j}^{\text{Credit}}$ = viðbótin fyrir útlánaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð í samræmi við 3. mgr.

3. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir útlánaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j sem hér segir:

$$\text{AddOn}_{j}^{\text{Credit}} = \epsilon_{j} \sqrt{\left(\sum_{k} \rho_{k}^{\text{Credit}} \cdot \text{AddOn}(\text{Entity}_{k})\right)^{2} + \sum_{k} \left(1 - \left(\rho_{k}^{\text{Credit}}\right)^{2}\right) \cdot \left(\text{AddOn}(\text{Entity}_{k})\right)^{2}}$$

þar sem:

$\text{AddOn}_{j}^{\text{Credit}}$ = viðbótin fyrir útlánaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j,

ϵ_{j} = eftirlitsreikningsstuðullinn fyrir áhættuvarnarsafnið j ákvarðaður í samræmi við 280. gr.,

k = stuðullinn sem tilgreinir viðmiðunaraðilana fyrir útlán vegna skuldajöfnunarsafns sem komið er á í samræmi við1. mgr.

ρ_{k}^{Credit} = fylgnistuðull útlánaviðmiðunaraðila k; þar sem útlánaviðmiðunaraðila k hefur verið komið á í samræmi við a-lið 1. mgr.,$\rho_{k}^{\text{Credit}} = 50\ \%$, þar sem útlánaviðmiðunaraðila k hefur verið komið á í samræmi við b-lið 1. mgr.$\rho_{k}^{\text{Credit}} = 80\ \%$, og

$\text{AddOn}(\text{Entity}_{k})$ = viðbótin fyrir útlánaviðmiðunaraðila k sem ákvörðuð er í samræmi við 4. mgr.

4. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir útlánaviðmiðunaraðilann k sem hér segir:

$$\text{AddOn}(\text{Entity}_{k}) = \text{EffNot}_{k}^{\text{Credit}}$$

þar sem:

$\text{EffNot}_{k}^{\text{Credit}}$ = raunveruleg grundvallarfjárhæð útlánaviðmiðunaraðila k reiknuð sem hér segir:

$$\text{EffNot}_{k}^{\text{Credit}} = \sum_{l \in \text{Viðmiðunaraðili k}} \text{SF}_{k,l}^{\text{Credit}} \cdot \text{Stöðuáhætta}_{l}$$

þar sem:

l = stuðullinn sem tilgreinir stöðuáhættuna, og

$\text{SF}_{k,l}^{\text{Credit}}$ = eftirlitsstuðullinn sem gildir um útlánaviðmiðunaraðilann k sem ákvörðuð er í samræmi við

5. Stofnanir skulu reikna eftirlitsstuðulinn sem gildir um útlánaviðmiðunaraðilann k sem hér segir:

a) að því er varðar útlánaviðmiðunaraðilann k sem komið er á í samræmi við a-lið 1. mgr.$\text{SF}_{k,l}^{\text{Credit}}$ skal tengja við einn af þeim sex eftirlitsstuðlum sem settir eru fram í töflu 3 í þessari málsgrein á grundvelli lánshæfismats frá þriðja aðila hjá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki samsvarandi stökum útgefanda; að því er varðar stakan útgefanda þar sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki er ekki aðgengilegt:

   i. skal stofnun sem notar nálgunina sem um getur í 3. kafla tengja innra mat staks útgefanda við eitt af utanaðkomandi lánshæfismötum,

ii. skal stofnun sem notar nálgunina sem um getur í 2. kafla úthluta þessum útlánaviðmiðunaraðila $SF_{k,l}^{Credit} = 0{,}54$ %; hins vegar ef stofnun beitir 128. gr. til að áhættuvega áhættuskuldbindingar útlánaáhættu mótaðila vegna þess einstaka útgefanda skal úthluta þessum útlánaviðmiðunaraðila $SF_{k,l}^{Credit} = 1{,}6$ %,

b) að því er varðar útlánaviðmiðunaraðila k sem komið er á í samræmi við b-lið 1. mgr.;

i. ef stöðuáhætta l sem er úthlutað útlánaviðmiðunaraðilanum k er lánskjaravísitala sem er skráð í viðurkenndri kauphöll skal tengja $SF_{k,l}^{Credit}$ við einn af þeim tveimur eftirlitsstuðlum sem settir eru fram í töflu 4 í þessari málsgrein á grundvelli lánshæfis stærsta hlutans af einstökum hlutum,

ii. ef stöðuáhætta I sem er úthlutað útlánaviðmiðunaraðilanum k er ekki tiltekin í i-lið þessa liðar skal $SF_{k,l}^{Credit}$ vera vegið meðaltal eftirlitsstuðlanna sem tengdir eru hverjum hluta í samræmi við aðferðina sem sett er fram í a-lið þegar vogirnar eru skilgreindar með hlutfalli grundvallarvirði hlutanna í þeirri stöðu.

Tafla 3

Lánshæfisþrep	Eftirlitsstuðull fyrir viðskipti eins aðila
1	0,38%
2	0,42%
3	0,54%
4	1,06%
5	1,6%
6	6,0%

Tafla 4

Ráðandi lánshæfi	Eftirlitsstuðull fyrir skráðar vísitölur
Fjárfestingarflokkur	0,38%
Ekki fjárfestingarflokkur	1,06%

280. gr. d

Viðbót fyrir hlutabréfaáhættuflokkinn

1. Að því er varðar 2. mgr. skulu stofnanir koma á viðeigandi tilgreindum hlutabréfaviðmiðunaraðilum fyrir skuldajöfnunarsafnið í samræmi við eftirfarandi:

a) einn tilgreindur viðmiðunaraðili að því er varðar hlutabréf skal vera fyrir hvern útgefanda viðmiðunarhlutabréfagernings sem liggur til grundvallar viðskiptum eins aðila sem raðað er í hlutabréfaáhættuflokkinn; viðskiptum eins aðila skal aðeins úthlutað sama hlutabréfaviðmiðunaraðilanum þegar undirliggjandi viðmiðunarhlutabréfagerningur þessara viðskipta er gefinn út af sama útgefanda,

b) einn tilgreindur viðmiðunaraðili að því er varðar hlutabréf skal vera fyrir hvern hóp viðmiðunarhlutabréfagerninga eða hlutabréfaafleiðna eins aðila sem liggja til grundvallar viðskiptum margra aðila sem raðað er í hlutabréfaáhættuflokkinn; viðskiptum margra aðila skal aðeins úthluta sama hlutabréfaviðmiðunaraðilanum þegar hópur undirliggjandi viðmiðunarhlutabréfagerninga eða hlutabréfaafleiðna eins aðila þessara viðskipta hefur sömu einstöku hlutana.

2. Að því er varðar 278. gr. skulu stofnanir reikna út viðbótina fyrir hlutabréfaáhættuflokkinn fyrir tiltekið skuldajöfnunarsafna sem hér segir:

$$\text{AddOn}^{\text{Equity}} = \sum_{j} \text{AddOn}_{j}^{\text{Equity}}$$

þar sem:

$\text{AddOn}^{\text{Equity}}$ = viðbótin fyrir hlutabréfaáhættuflokkinn,

j = stuðullinn sem tilgreinir öll hlutabréfaáhættuvarnarsöfn sem komið er á í samræmi við d-lið 1. mgr. 277. gr. a og 2. mgr. 277. gr. a fyrir skuldajöfnunarsafnið, og

$\text{AddOn}_{j}^{\text{Equity}}$ = viðbótin fyrir hlutabréfaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð í samræmi við 3. mgr.

3. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir hlutabréfaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j sem hér segir:

$$\text{AddOn}_{j}^{\text{Equity}} = \epsilon_j \sqrt{\left(\sum_{k} \rho_{k}^{\text{Equity}} \cdot \text{AddOn}(\text{Entity}_k)\right)^2 + \sum_{k} \left(1 - \left(\rho_{k}^{\text{Equity}}\right)^2\right) \cdot \left(\text{AddOn}(\text{Entity}_k)\right)^2}$$

þar sem:

$\text{AddOn}_{j}^{\text{Equity}}$ = viðbótin fyrir hlutabréfaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j,

ϵ_j = eftirlitsreikningsstuðullinn fyrir áhættuvarnarsafnið j ákvarðaður í samræmi við 280. gr.,

k = stuðullinn sem tilgreinir hlutabréfaviðmiðunaraðilana vegna skuldajöfnunarsafns sem komið er á í samræmi við 1. mgr.

ρ_{k}^{Equity} = fylgnistuðull hlutabréfaviðmiðunaraðila k; þar sem hlutabréfaviðmiðunaraðila k hefur verið komið á í samræmi við a-lið 1. mgr., $\rho_{k}^{\text{Equity}} = 50\ \%$, þar sem hlutabréfaviðmiðunaraðila k hefur verið komið á í samræmi við b-lið 1. mgr. $\rho_{k}^{\text{Equity}} = 80\ \%$, og

$\text{AddOn}(\text{Entity}_k)$ = viðbótin fyrir hlutabréfaviðmiðunaraðila k sem ákvörðuð er í samræmi við 4. mgr.

4. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir hlutabréfaviðmiðunaraðilann k sem hér segir:

$$\text{AddOn}(\text{Entity}_k) = \text{SK}_{k}^{\text{Equity}} \cdot \text{EffNot}_{k}^{\text{Equity}}$$

þar sem:

$\text{AddOn}(\text{Entity}_k)$ = viðbótin fyrir hlutabréfaviðmiðunaraðila k,

$\text{SF}_{k}^{\text{Equity}}$ = eftirlitsstuðull sem gildir um hlutabréfaviðmiðunaraðila k; þar sem hlutabréfaviðmiðunaraðila k hefur verið komið á í samræmi við a-lið 1. mgr., $\text{SF}_{k}^{\text{Equity}} = 32\ \%$, þar sem hlutabréfa-viðmiðunaraðila k hefur verið komið á í samræmi við b-lið 1. mgr. $\text{SF}_{k}^{\text{Equity}} = 20\ \%$, og

$\text{EffNot}_{k}^{\text{Equity}}$ = raunveruleg grundvallarfjárhæð hlutabréfaviðmiðunaraðila k reiknuð sem hér segir:

$$\text{EffNot}_{k}^{\text{Equity}} = \sum_{l \in \text{Hlutabréfaviðmiðunaraðili k}} \text{Stöðuáhætta}_l$$

þar sem:

l = stuðullinn sem tilgreinir stöðuáhættuna.

280. gr. e

Viðbót fyrir hrávöruáhættuflokkinn

1. Að því er varðar 278. gr. skulu stofnanir reikna út viðbótina fyrir hrávöruáhættuflokkinn vegna tiltekins skuldajöfnunarsafns sem hér segir:

$$\mathrm{AddOn}^{\mathrm{Com}} = \sum_{i} \mathrm{AddOn}_{j}^{\mathrm{Com}}$$

þar sem:

$\mathrm{AddOn}^{\mathrm{Com}}$ = viðbót fyrir hrávöruáhættuflokkinn,

j = stuðullinn sem tilgreinir hrávöruáhættuvarnarsöfn sem komið er á í samræmi við e-lið 1. mgr. 277. gr. a og 2. mgr. 277. gr. a fyrir skuldajöfnunarsafnið, og

$\mathrm{AddOn}_{i}^{\mathrm{Com}}$ = viðbótin fyrir hrávöruáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð í samræmi við 4. mgr.

2. Að því er varðar útreikning á viðbótinni fyrir hrávöruáhættuvarnarsafn tiltekins skuldajöfnunarsafns í samræmi við 4. mgr. skulu stofnanir koma á viðeigandi tegundum hrávöruviðmiðana fyrir hvert áhættuvarnarsafn. Hrávöruafleiðuviðskiptum skal eingöngu skipað í sömu hrávöruviðmiðunartegund þegar undirliggjandi hrávörugerningur þessarar viðskipta er sömu gerðar, óháð afhendingarstað og gæðum hrávörugerningsins.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. mega lögbær yfirvöld krefjast þess að stofnun sem stendur frammi fyrir verulegri grunnáhættu vegna ólíkra staðna sem eru sömu gerðar og um getur í 2. mgr. komi á hrávöruviðmiðunartegundum fyrir þessar stöður með því að nota fleiri eiginleika en eingöngu gerðina af undirliggjandi gerningi. Þegar svo háttar skal hrávöruafleiðuviðskiptunum eingöngu skipað í sömu hrávöruviðmiðunartegund ef þau hafa þessa eiginleika.

4. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir hrávöruáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j sem hér segir:

$$\mathrm{AddOn}_{j}^{\mathrm{Com}} = \epsilon_{j} \sqrt{\left(\rho^{\mathrm{Com}} \cdot \sum_{k} \mathrm{AddOn}\left(\mathrm{Type}_{k}^{j}\right)\right)^{2} + \left(1 - (\rho^{\mathrm{Com}})^{2}\right) \cdot \sum_{k} \left(\mathrm{AddOn}\left(\mathrm{Type}_{k}^{j}\right)\right)^{2}}$$

þar sem:

$\mathrm{AddOn}_{i}^{\mathrm{Com}}$ = viðbótin fyrir hrávöruáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j,

ϵ_{j} = eftirlitsreikningsstuðullinn fyrir áhættuvarnarsafnið j ákvarðaður í samræmi við 280. gr.,

ρ^{Com} = fylgnistuðullinn fyrir hrávöruáhættuflokk með virði sem jafngildir 40%,

k = stuðullinn sem tilgreinir hrávöruviðmiðunartegundirnar vegna skuldajöfnunarsafnsins sem komið er á í samræmi við 2. mgr. og

$\mathrm{AddOn}\left(\mathrm{Type}_{k}^{j}\right)$ = viðbótin fyrir hrávöruviðmiðunartegund k sem reiknuð er í samræmi við 5. mgr.

5. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir hrávöruviðmiðunartegundina k sem hér segir:

$$\mathrm{AddOn}\left(\mathrm{Type}_{k}^{j}\right) = \mathrm{SF}_{k}^{\mathrm{Com}} \cdot \mathrm{EffNot}_{k}^{\mathrm{Com}}$$

þar sem:

$\mathrm{AddOn}\left(\mathrm{Type}_{k}^{j}\right)$ = viðbótin fyrir hrávöruviðmiðunartegundina k,

$\mathrm{SF}_{k}^{\mathrm{Com}}$ = eftirlitsstuðullinn sem gildir fyrir hrávöruviðmiðunartegundina k; þar sem hrávöruviðmiðunartegundin k samsvarar viðskiptum sem skipað er í áhættuvarnarsafnið sem um getur í e-lið 1. mgr. 277. gr. a, að frátöldum viðskiptum sem varða raforku, $\mathrm{SF}_{k}^{\mathrm{Com}} = 18\ \%$; fyrir viðskipti sem varða raforku, $\mathrm{SF}_{k}^{\mathrm{Com}} = 40\ \%$; og

$\text{EffNot}_k^{\text{Com}}$ = raunveruleg grundvallarfjárhæð hrávöruviðmiðunartegundarinnar k reiknuð sem hér segir:

$$\text{EffNot}_k^{\text{Com}} = \sum_{l \in \text{Tegund hrávöruviðmiða k}} \text{Stöðuáhætta}_l$$

þar sem:

l = stuðullinn sem tilgreinir stöðuáhættuna.

280. gr. f

Viðbót fyrir flokkinn „aðrar áhættur“

1. Að því er varðar 278. gr. skulu stofnanir reikna út viðbótina fyrir flokkinn „aðrar áhættur“ vegna tiltekins skuldajöfnunarsafns sem hér segir:

$$\text{AddOn}^{\text{Other}} = \sum_j \text{AddOn}_j^{\text{Other}}$$

þar sem:

$\text{AddOn}^{\text{Other}}$ = viðbótin fyrir „aðrar áhættur“,

ϵ_j = stuðullinn sem tilgreinir áhættuvarnarsöfn fyrir aðra áhættu sem komið er á í samræmi við f-lið 1. mgr. 277. gr. a og 2. mgr. 277. gr. a fyrir skuldajöfnunarsafnið, og

$\text{AddOn}_i^{\text{Other}}$ = viðbótin fyrir flokkinn „aðrar áhættur“ fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð í samræmi við 2. mgr.

2. Stofnanir skulu reikna viðbótina fyrir flokkinn „aðrar áhættur“ fyrir áhættuvarnarsafnið j sem hér segir:

$$\text{AddOn}_j^{\text{Other}} = \epsilon_j \cdot \text{SF}^{\text{Other}} \cdot \left|\text{EffNot}_j^{\text{Other}}\right|$$

þar sem:

$\text{AddOn}_i^{\text{Other}}$ = viðbótin fyrir flokkinn „aðrar áhættur“ fyrir áhættuvarnarsafnið j,

ϵ_j = eftirlitsreikningsstuðullinn fyrir áhættuvarnarsafnið j ákvarðaður í samræmi við 280. gr., og

SF^{Other} = eftirlitsstuðullinn (e. *supervisory factor*) fyrir flokkinn „aðrar áhættur“ með virði sem jafngildir 8 %,

$\text{EffNot}_j^{\text{Other}}$ = raunverulega grundvallarfjárhæðin fyrir áhættuvarnarsafnið j reiknuð sem hér segir:

$$\text{EffNot}_j^{\text{Other}} = \sum_{l \in \text{Áhættuvarnarsafn j}} \text{Stöðuáhætta}_l$$

þar sem:

l = stuðullinn sem tilgreinir stöðuáhættuna.

4. þáttur

Einfölduð staðalaðferð fyrir útlánaáhættu mótaðila

281. gr.

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði

1. Stofnanir skulu reikna út sameiginlegt áhættuskuldbindingarvirði á stigi jöfnunarsafns í samræmi við 3. þátt, með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar.

2. Áhættuskuldbindingarvirði jöfnunarsafn skal reiknað út í samræmi við eftirfarandi kröfur:

a) stofnanir skulu ekki nota meðferðina sem um getur í 6. mgr. 274. gr.,

b) þrátt fyrir 1. mgr. 275. gr. skulu stofnanir reikna endurnýjunarkostnað fyrir skuldajöfnunarsöfn sem ekki er fjallað um í 2. mgr. 275. gr. í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$RC = \max\{CMV, 0\}$$

þar sem:

RC = endurnýjunarkostnaðurinn, og

CMV = gildandi markaðsvirði,

c) þrátt fyrir 2. mgr. 275. gr. þessarar reglugerðar skulu stofnanir reikna út endurnýjunarvirði fyrir skuldajöfnunarsöfn viðskipta: sem fram fara á viðurkenndum verðbréfamarkaði; sem eru greiðslujöfnuð af miðlægum mótaðila með starfsleyfi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eða viðurkennd í samræmi við 25. gr. þeirrar reglugerðar; eða þar sem skipst er á tryggingum tvíhliða við mótaðilann í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$RC = TH + MTA$$

þar sem:

RC = endurnýjunarkostnaðurinn,

TH = viðmiðunarmörk tryggingarfjár sem gilda um skuldajöfnunarsafnið samkvæmt samkomulaginu um tryggingarfé en undir þeim mörkum getur stofnunin ekki farið fram á tryggingu, og

MTA = lágmarksfjárhæð millifærslu (e. *minimum transfer amount* (MTA)) sem gildir um skuldajöfnunarsafnið samkvæmt samkomulaginu um tryggingarfé,

d) þrátt fyrir 3. mgr. 275. gr. skulu stofnanir, að því er varðar mörg skuldajöfnunarsöfn sem falla undir samkomulag um tryggingarfé, reikna út endurnýjunarkostnaðinn sem summuna af endurnýjunarkostnaðinum fyrir hvert stakt skuldajöfnunarsafn, reiknað út í samræmi við 1. mgr., eins og þau féllu ekki undir samkomulag um skuldajöfnunarsafn,

e) öllum áhættuvarnarsöfnum skal komið á í samræmi við 1. mgr. 277. gr. a

f) stofnanir skulu nota virðið 1 sem margfaldara í formúlunni sem er notuð til að reikna út mögulegu framtíðaráhættuskuldbindinguna í 1. mgr. 278. gr., sem hér segir:

$$PFE = \sum_{a} AddOn^{(a)}$$

þar sem:

PFE = möguleg framtíðaráhætta (e. *potential future exposure* (PTF)), og

$AddOn^{(a)}$ = viðbót fyrir áhættuflokkinn a,

g) þrátt fyrir 1. mgr. 279. gr. a skulu stofnanir reikna út deltastuðul eftirlits fyrir öll viðskipti, sem hér segir:

$$\delta = \begin{cases} +1 \text{ þegar viðskiptin eru gnóttstaða í helsta áhrifaþætti áhættunnar} \\ -1 \text{ þegar viðskiptin eru skortstaða í helsta áhrifaþætti áhættunnar} \end{cases}$$

þar sem:

δ = deltastuðull eftirlits,

h) formúlan sem um getur í a-lið 1. mgr. 279. gr. b sem er notuð til að reikna út rauntímastuðul eftirlitsins er sem hér segir:

$$\text{rauntímastuðul eftirlitsins} = E - S$$

þar sem:

E = tímabilið frá lokadagsetningu viðskipta til reikningsskiladagsins, og

S = tímabilið frá upphafsdagsetningu viðskipta til reikningsskiladagsins,

i. binditímastuðullinn sem um getur í 1. mgr. 279. gr. c skal reiknaður sem hér segir:

i. að því er varðar viðskipti sem eru í skuldajöfnunarsöfnunum sem um getur í 1. mgr. 275. gr., MF = 1,

ii. að því er varðar viðskipti sem eru í skuldajöfnunarsöfnunum sem um getur í 2. og 3. mgr. 275. gr., MF = 0,42,

j) formúlan sem um getur í 3. mgr. 280. gr. a sem er notuð til að reikna út raunverulega grundvallarfjárhæð áhættuvarnarsafns j er sem hér segir:

$$\mathrm{EffNot}_{j}^{IR} = \left|D_{j,1}\right| + \left|D_{j,2}\right| + \left|D_{j,3}\right|$$

þar sem:

$\mathrm{AddOn}_{i}^{Credit}$ = raunveruleg grundvallarfjárhæð áhættuvarnarsafnsins j, og

$D_{j,k}$ = raunveruleg grundvallarfjárhæð í flokki k fyrir áhættuvarnarsafnið j,

k) formúlan sem um getur í 3. mgr. 280. gr. c sem er notuð til að reikna út viðbótina fyrir útlánaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j er sem hér segir:

$$\mathrm{AddOn}_{j}^{Credit} = \sum_{k} \left|\mathrm{AddOn}(\mathrm{Entity}_{k})\right|$$

þar sem:

$\mathrm{AddOn}_{i}^{Equity}$ = viðbótin fyrir útlánaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j, og

$\mathrm{AddOn}(\mathrm{Entity}_{k})$ = viðbótin fyrir útlánaviðmiðunaraðila k,

l) formúlan sem um getur í 3. mgr. 280. gr. d sem er notuð til að reikna út viðbótina fyrir hlutabréfaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j er sem hér segir:

$$\mathrm{AddOn}_{j}^{Equity} = \sum_{k} \left|\mathrm{AddOn}(\mathrm{Entity}_{k})\right|$$

þar sem:

$\mathrm{AddOn}_{i}^{Equity}$ = viðbótin fyrir hlutabréfaáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j, og

$\mathrm{AddOn}(\mathrm{Entity}_{k})$ = viðbótin fyrir útlánaviðmiðunaraðila k,

m) formúlan sem um getur í 4. mgr. 280. gr. e sem er notuð til að reikna út viðbótina fyrir hrávöruáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j er sem hér segir:

$$\mathrm{AddOn}_{j}^{Com} = \sum_{k} \left|\mathrm{AddOn}\left(\mathrm{Type}_{k}^{j}\right)\right|$$

þar sem:

AddOn_{i}^{Com} = viðbótin fyrir hrávöruáhættuflokkinn fyrir áhættuvarnarsafnið j, og

$\mathrm{AddOn}\left(\mathrm{Type}_{k}^{j}\right)$ = viðbótin fyrir hrávöruviðmiðunartegundina k.

5. þáttur

Aðferð upprunalegrar áhættu

282. gr.

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði

1. Stofnunum er heimilt að reikna út sameiginlegt áhættuskuldbindingarvirði fyrir öll viðskipti í samningsbundnum skuldajöfnunarsamningi ef öll skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 274. gr. eru uppfyllt. Annars skulu stofnanir reikna út áhættuskuldbindingarvirðið sérstaklega fyrir hver viðskipti sem meðhöndluð skulu sem eigið skuldajöfnunarsafn.

2. Áhættuskuldbindingarvirði skuldajöfnunarsafns skal vera margfeldið af 1,4 sinnum summan af núgildandi endurnýjunarkostnaði og mögulegri framtíðaráhættu.

3. Núgildandi endurnýjunarkostnaður sem um getur í 2. gr. skal ákvarðaður á eftirfarandi hátt:

a) að því er varðar skuldajöfnunarsöfn viðskipta: sem fram fara á viðurkenndum verðbréfamarkaði; sem eru greiðslujöfnuð af miðlægum mótaðila með starfsleyfi í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 eða viðurkennd í samræmi við 25. gr. þeirrar reglugerðar; eða þar sem skipst er á tryggingum tvíhliða við mótaðilann í samræmi við 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, skulu stofnanir nota eftirfarandi formúlu:

$$RC = TH + MTA$$

þar sem:

RC = endurnýjunarvirði,

TH = viðmiðunarmörk tryggingarfjár sem gilda um skuldajöfnunarsafnið samkvæmt samkomulaginu um tryggingarfé en undir þeim mörkum getur stofnunin ekki farið fram á tryggingu, og

MTA = lágmarksfjárhæð millifærslu (e. *minimum transfer amount* (MTA)) sem gildir um skuldajöfnunarsafnið samkvæmt samkomulaginu um tryggingarfé,

b) fyrir öll önnur skuldajöfnunarsöfn eða einstök viðskipti skulu stofnanir nota eftirfarandi formúlu:

$$RC = \max\{CMV, 0\}$$

þar sem:

RC = endurnýjunarvirði, og

CMV = gildandi markaðsvirði.

Til að reikna út núgildandi endurnýjunarkostnað skulu stofnanir uppfæra gildandi markaðsvirði a.m.k. mánaðarlega.

4. Stofnanir skulu reikna út mögulega framtíðaráhættu sem um getur í 2. mgr. sem hér segir:

a) möguleg framtíðaráhætta skuldajöfnunarsafns er summan af mögulegum framtíðaráhættuskuldbindingum allra viðskipta sem eru í skuldajöfnunarsafninu reiknuð í samræmi við b-lið,

b) möguleg framtíðaráhætta stakra viðskipta er grundvallarfjárhæðin, margfölduð með:

i. margfeldinu af 0,5% og eftirstöðvatíma viðskiptanna tilgreindum í árum fyrir vexti afleiddra samninga,

ii. margfeldinu af 6% og eftirstöðvatíma viðskiptanna tilgreindum í árum fyrir afleiðusamninga vegna útlánaáhættu,

iii. 4% fyrir gjaldeyrisafleiður,

iv. 18% fyrir gull og hrávöruafleiður aðrar en raforkuafleiður,

v. 40% fyrir raforkuafleiður,

vi. 32% fyrir hlutabréfaafleiður,

c) grundvallarfjárhæðin sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar skal ákvörðuð í samræmi við 2. og 3. mgr. 279. gr. b fyrir allar afleiður sem tilgreindar eru í þeim lið; enn fremur skal ákvarða grundvallarfjárhæðina sem um getur í iii. til iv. lið b í þessari málsgrein í samræmi við b- og c-lið 1. mgr. 279. gr. b,

d) möguleg framtíðaráhætta skuldajöfnunarsafna sem um getur í a-lið 3. mgr. skal margfölduð með 0,42.

Að því er varðar útreikning á mögulegri áhættu af vaxtaafleiðum og lánaafleiðum í samræmi við i. og ii. lið b-liðar getur stofnun valið að nota upphaflegan binditíma í staðinn fyrir eftirstöðvatíma samninganna.“

75) Í stað 4. mgr. 283. gr. komi eftirfarandi:

„4. Stofnun skal nota aðferðirnar sem settar eru fram í 3. þætti fyrir öll viðskipti með OTC-afleiður og fyrir gnóttsamninga ef hún hefur ekki fengið leyfi skv. 1. mgr. til þess að beita eiginlíkansaðferðinni. Heimilt er að nota báðar þessar aðferðir sameinaðar að staðaldri innan samstæðu.“

76) Í stað 298. gr. kemur eftirfarandi:

„298. gr.

Áhrif viðurkenningar á að skuldajöfnun dragi úr áhættu

Að því er varðar 3.–6. þátt skal skuldajöfnun vera færð eins og þar er tilgreint.“

77) Í 2. mgr. 299. gr. fellur a-liður brott.

78) Ákvæðum 300. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsmálsliðarins kemur eftirfarandi:

Í þessum þætti og sjöunda hluta er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

b) Eftirfarandi liðir bætast við:

„5. „staðgreiðsluviðskipti“: viðskipti í reiðufé, skuldagerningum eða hlutabréfum, viðskipti með gjaldmiðla á stundargengi eða hrávöruviðskipti á stundargengi; hins vegar teljast endurhverf viðskipti, verðbréfa- eða hrávörulánveitingar og verðbréfa- eða hrávörulántaka ekki vera staðgreiðsluviðskipti,

6) „óbeint greiðslujöfnunarfyrirkomulag“: fyrirkomulag sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í annarri undirgrein 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

7) „viðskiptavinur á efra stigi“: aðili sem veitir viðskiptavini á lægra stigi greiðslujöfnunarþjónustu,

8) „viðskiptavinur á lægra stigi“: aðili sem fær aðgang að þjónustu miðlægs mótaðila fyrir milligöngu viðskiptavinar á efra stigi,

9) „viðskiptavinafyrirkomulag á mörgum stigum“: óbeint greiðslujöfnunarfyrirkomulag þar sem aðili sem ekki er greiðslujöfnunaraðili heldur viðskiptavinur greiðslujöfnunaraðila eða viðskiptavinur á efra stigi veitir stofnun greiðslujöfnunarþjónustu,

10) „ófjármögnuð framlög í vanskilasjóð“: framlög sem stofnun í hlutverki greiðslujöfnunaraðila hefur skuldbundið sig til, samkvæmt samningi, að veita miðlægum mótaðila eftir að miðlægi mótaðilinn hefur tæmt vanskilasjóð sinn til að mæta tapi sem hann varð fyrir í kjölfar vanskila eins eða fleiri greiðslujöfnunaraðila sinna,

11) „innstæðulánveiting eða innstæðulántaka sem tryggð er að fullu“: peningamarkaðsviðskipti sem eru að fullu veðtryggð þar sem tveir mótaðilar skiptast á innstæðum og miðlægur mótaðili hefur milligöngu um að tryggja að þessir mótaðilar standi við greiðsluskuldbindingar sínar.“

79) Í stað 301. gr. kemur eftirfarandi:

„301. gr.

Efnislegt gildissvið

1. Þessi þáttur gildir um eftirfarandi samninga og viðskipti svo fremi að þau séu útistandandi hjá miðlægum mótaðila:

a) afleiðusamninga sem taldir eru upp í II. viðauka og lánaafleiður,

b) fjármögnunarviðskipti með verðbréf og innstæðulánveitingar eða innstæðulántökur sem tryggðar eru að fullu, og

c) gnóttsamninga.

Þessi þáttur gildir ekki um áhættuskuldbindingar sem leiðir af peningauppgjöri. Stofnanir skulu beita meðferðinni sem mælt er fyrir um í V. bálki gagnvart viðskiptastöðum sem leiðir af þessum viðskiptum og 0% áhættuvægi gagnvart framlögum í vanskilasjóð sem eingöngu tryggja þessi viðskipti. Stofnanir skulu beita meðferðinni sem sett er fram í 307. gr. gagnvart framlögum í vanskilasjóð sem tryggja einhverja þá samninga sem tilgreindir eru í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar til viðbótar við staðgreiðsluviðskipti.

2. Að því er varðar þennan þátt gilda eftirfarandi kröfur:

a) upphafstryggingin skal ekki taka til framlaga til miðlægs mótaðila vegna gagnkvæmra ráðstafana um hlutdeild í tapi,

b) upphafstryggingin skal taka til tryggingar sem stofnun í hlutverki sínu sem greiðslujöfnunaraðili leggur fram, eða viðskiptavinur, sem er umfram þá lágmarksfjárhæð sem miðlægi mótaðilinn eða stofnunin sem kemur fram sem greiðslujöfnunaraðili, eftir því sem við á, krefst, að því tilskildu að miðlægi mótaðilinn eða stofnunin í hlutverki sínu sem greiðslujöfnunaraðili geti, ef svo háttar, komið í veg fyrir að stofnunin í hlutverki sínu sem greiðslujöfnunaraðili eða viðskiptavinurinn dragi til baka slíkar umframtryggingar,

c) ef greiðslujöfnunaraðili notar upphafstryggingu til að deila tapi á greiðslujöfnunaraðila sína skulu stofnanir í hlutverki sínu sem greiðslujöfnunaraðilar fara með þá upphafstryggingu sem um væri að ræða framlag í vanskilasjóð.“

80) Í stað 2. mgr. 302. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Stofnanir skulu meta, með viðeigandi sviðsmyndagreiningu og álagsprófunum, hvort fjárhæð eiginfjárgrunns á móti áhættuskuldbindingum vegna miðlægs mótaðila, þ.m.t. hugsanlegar framtíðar eða skilyrtar lánaáhættur vegna lána, áhættuskuldbindingar vegna framlaga í vanskilasjóð og, ef stofnunin er í hlutverki greiðslujöfnunaraðila, áhættuskuldbindingar sem stafa af samningsbundnu fyrirkomulagi eins og mælt er fyrir um í 304. gr., tengist innbyggðum áhættum áhættuskuldbindinganna á fullnægjandi hátt“.

81) Í stað 303. gr. kemur eftirfarandi:

„303. gr.

Meðferð á áhættuskuldbindingum greiðslujöfnunaraðila vegna miðlægra mótaðila

1. Stofnun sem gegnir hlutverki greiðslujöfnunaraðila, annaðhvort í eigin þágu eða sem fjármálamilliliður á milli viðskiptavinar og miðlægs mótaðila, skal reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi áhættuskuldbindingar sínar vegna miðlægs mótaðila sem hér segir:

a) hún skal nota meðferðina sem sett er fram í 306. gr. gagnvart viðskiptastöðum sínum hjá miðlæga mótaðilanum,

b) hún skal nota meðferðina sem sett er fram í 307. gr. gagnvart framlögum sínum í vanskilasjóð til miðlæga mótaðilans,

2. Að því er varðar 1. mgr. skal summan af kröfunum vegna eiginfjárgrunns stofnunar að því er varðar áhættuskuldbindingar hennar gagnvart fullgildum miðlægum mótaðila vegna viðskiptastaðna og framlaga í vanskilasjóð ekki fara yfir efri mörk summunnar af eiginfjárgrunnskröfunum sem myndu gilda um þessar sömu áhættuskuldbindingar ef miðlægi mótaðilinn væri ekki fullgildur, miðlægur mótaðili.“

82) Ákvæðum 304. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnun sem gegnir hlutverki greiðslujöfnunaðila og gegnir sem slík hlutverki fjármálamilliliðar á milli viðskiptavinar og miðlægs mótaðila skal reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi viðskipti sín við þann viðskiptavin sem tengjast miðlægum mótaðila í samræmi við 3.–8. þátt þessa kafla, 4. þátt 4. kafla þessa bálks og VI., eftir því sem við á.“

b) Í stað 3., 4. og 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Noti stofnun í hlutverki sínu sem greiðslujöfnunaraðili aðferðirnar sem settar eru fram í 3.–6. þætti þessa kafla til að reikna út eiginfjárgrunnskröfuna fyrir áhættuskuldbindingar sínar gilda eftirfarandi ákvæði:

a) þrátt fyrir 2. mgr. 285. gr. er stofnunum heimilt að nota áhættutímabil tryggingarfjár sem nemur a.m.k. fimm virkum dögum vegna áhættuskuldbindinga sinna gagnvart viðskiptavini,

b) stofnun skal nota áhættutímabil tryggingarfjár sem nemur a.m.k. 10 virkum dögum vegna áhættuskuldbindinga sinna gagnvart miðlægum mótaðila,

c) þrátt fyrir 3. mgr. 285. gr. getur stofnun horft fram hjá takmörkuninni sem sett er fram í a-lið þeirrar greinar ef skuldajöfnunarsafnið sem er í útreikningnum uppfyllir skilyrðin sem þar eru sett fram, að því tilskildu að skuldajöfnunarsafnið uppfylli ekki skilyrðið sem sett er fram í b-lið þeirrar málsgreinar og hefur ekki að geyma umdeilanleg viðskipti eða framandi valrétti,

d) þegar miðlægur mótaðili heldur eftir viðbótartryggingu vegna viðskipta og trygging stofnunarinnar er ekki vernduð gegn ógjaldfærni hans skal stofnunin nota áhættutímabil tryggingarfjár sem samsvarar einu ári, eða eftirstöðvartíma viðskiptanna ef hann er styttri, sem að lágmarki skal þó vera 10 virkir dagar.

4. Þrátt fyrir i-lið 2. mgr. 281. gr. er stofnun í hlutverki sínu sem greiðslujöfnunaraðili heimilt, þegar hún notar aðferðina í 4. þætti til að reikna út eiginfjárgrunnskröfur vegna áhættuskuldbindinga sinna gagnvart viðskiptavini, að nota binditímastuðul 0,21 í þeim útreikningum.

5. Þrátt fyrir d-lið 4. mgr. 282. gr. er stofnun í hlutverki sínu sem greiðslujöfnunaraðili heimilt, þegar hún notar aðferðina í 5. þætti til að reikna út eiginfjárgrunnskröfur vegna áhættuskuldbindinga sinna gagnvart viðskiptavini, að nota binditímastuðul 0,21 í þeim útreikningum.“

c) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„6. Stofnun í hlutverki sínu sem greiðslujöfnunaraðili er heimilt að nota lækkaða áhættufjárhæð vanefnda sem leiðir af útreikningunum í 3., 4. og 5. mgr. til að reikna út eiginfjárgrunnskröfur sínar að því er varðar leiðréttingaráhættu vegna útlánavirðis í samræmi við VI. bálk.

7. Stofnun í hlutverki sínu sem greiðslujöfnunaraðili sem tekur við tryggingu frá viðskiptavini vegna viðskipta sem tengjast miðlægum mótaðila og flytur þá tryggingu til miðlæga mótaðilans er heimilt að viðurkenna þá tryggingu til að lækka áhættuskuldbindingu sína gagnvart þeim viðskiptavini vegna þeirra viðskipta sem tengjast þeim miðlæga mótaðila.

Þegar um er að ræða viðskiptavinafyrirkomulag á mörgum stigum er heimilt að nota aðferðina sem sett er fram í fyrstu undirgrein á hverju stigi þess fyrirkomulags.“

83) Ákvæðum 305. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Stofnun sem er viðskiptavinur skal reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi viðskipti sín við greiðslujöfnunaraðilann sem tengjast miðlægum mótaðila hans í samræmi við 1.–8. þátt þessa kafla, 4. þátt 4. kafla þessa bálks og VI., eftir því sem við á.“

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) viðskiptavinurinn hafi látið fara fram fullnægjandi lögfræðilegt mat, sem hann hefur uppfært reglulega, sem staðfestir að fyrirkomulagið sem tryggir að skilyrðið sem sett er fram í b-lið sé uppfyllt, sé lögmætt, gilt, bindandi og framfylgjanlegt að viðeigandi lögum viðkomandi lögsagnarumdæmis eða -umdæma,“

ii. Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„Þegar stofnun metur hvort hún hlítir skilyrðunum sem sett eru fram í b-lið fyrstu undirgreinar getur hún tekið mið af öllum skýrum fordæmum fyrir flutningi á stöðum viðskiptavinar og samsvarandi tryggingu hjá miðlægum mótaðila og hvers konar viðleitni við að halda áfram þeirri venju.“

c) Í stað 3. og 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar er stofnuninni heimilt ef hún er viðskiptavinur sem uppfyllir ekki skilyrðið sem sett er fram í a-lið þeirrar greinar vegna þess að hún er ekki varin tapi í því tilviki að greiðslujöfnunaraðili og annar viðskiptavinur greiðslujöfnunaraðilans lenda saman í vanskilum, að því tilskildu að öll önnur skilyrði sem sett eru fram í a-d-lið þeirrar málsgreinar séu uppfyllt, að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns varðandi viðskiptastöður vegna viðskipta við greiðslujöfnunaraðila sinn sem tengjast miðlægum mótaðila í samræmi við 306. gr., með fyrirvara um að 2% áhættuvogin í a-lið 1. mgr. 306. gr. sé skipt út fyrir 4% áhættuvog.

4. Þegar um er að ræða viðskiptavinafyrirkomulag á mörgum stigum er stofnun sem er á lægra viðskiptavinastigi sem hefur aðgang að þjónustu miðlægs mótaðila fyrir milligöngu viðskiptavinar á efra stigi, heimilt að nota aðferðina sem sett er fram í 2. og 3. málsgrein eingöngu þegar skilyrðin sem þar er kveðið á um eru uppfyllt á hverju stigi þess fyrirkomulags.“

84) Ákvæðum 306. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) ef stofnun kemur fram sem fjármálamilliliður á milli viðskiptavinar og miðlægs mótaðila og skilmálar viðskiptanna sem tengjast miðlæga mótaðilanum kveða á um að stofnunin þurfi ekki að endurgreiða viðskiptavininum tap vegna breytinga á virði þeirra viðskipta ef miðlægi mótaðilinn lendir í vanskilum, er þeirri stofnun heimilt að fastsetja áhættuskuldbindingarvirði viðskiptastöðunnar við miðlæga mótaðilann sem samsvara viðskiptunum tengdum miðlæga mótaðilanum við núll.“

ii. Eftirfarandi liður bætist við:

„d) ef stofnun kemur fram sem fjármálamilliliður á milli viðskiptavinar og miðlægs mótaðila og skilmálar viðskiptanna sem tengjast miðlæga mótaðilanum kveða á um að stofnunin þurfi ekki að endurgreiða viðskiptavininum tap vegna breytinga á virði þeirra viðskipta ef miðlægi mótaðilinn lendir í vanskilum, skal sú stofnun beita meðferðinni í a- eða b-lið, eftir því sem við á, gagnvart viðskiptastöðunni móti miðlæga mótaðilanum sem samsvarar viðskiptunum sem tengjast miðlæga mótaðilanum.

b) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Ef eignir sem lagðar eru fram sem trygging til miðlægs mótaðila eða greiðslujöfnunaraðila eru gjaldþrotsvarðar ef til ógjaldfærni miðlæga mótaðilans, greiðslujöfnunaraðilans eða eins eða fleiri annarra viðskiptavina greiðslujöfnunaraðilans kemur, er stofnun heimilt, þrátt fyrir 1. mgr., að úthluta áhættuskuldbindingum útlánaáhættu mótaðilans áhættuskuldbindingarvirðið núll.

3. Stofnun skal reikna út áhættuskuldbindingarvirði viðskiptastaðna sinna hjá miðlægum mótaðila í samræmi við 1.–8. þátt þessa kafla og 4. þátt 4. kafla, eftir því sem við á.“

85) Í stað 307. gr. kemur eftirfarandi:

„307. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar framlög í vanskilasjóð miðlægs mótaðila

Stofnun í hlutverki greiðslujöfnunaraðila skal beita eftirfarandi meðferð á áhættuskuldbindingar sínar sem stafa af framlagi hennar í vanskilasjóð miðlægs mótaðila:

a) hún skal reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi forfjármögnuð framlög í vanskilasjóð fullgilds miðlægs mótaðila í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 308. gr.,

b) hún skal reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi forfjármögnuð og ófjármögnuð framlög í vanskilasjóð miðlægs mótaðila, sem ekki er fullgildur, í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 309. gr.

c) hún skal reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns varðandi ófjármögnuð framlög í vanskilasjóð fullgilds miðlægs mótaðila í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 310. gr.

86) Ákvæðum 308. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Stofnun skal reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns til að mæta áhættuskuldbindingu sem verður til vegna forfjármagnaðs framlags hennar á eftirfarandi hátt:

$$K_i = \max\left\{K_{CCP} \cdot \frac{DF_i}{DF_{CCP} + DF_{CM}}, 8\,\% \cdot 2\,\% \cdot DF_i\right\}$$

þar sem:

K_i = krafan vegna eiginfjárgrunns,

i = stuðullinn sem tilgreinir greiðslujöfnunaraðila,

K_{CCP} = áætlað fjármagn fullgilda miðlæga mótaðilans sem fullgildi miðlægi mótaðilinn tilkynnir stofnuninni um í samræmi við 50. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 648/2012,

DF_i = forfjármagnaða framlagið,

DF_{CCP} = forfjármagnað fjármagn miðlæga mótaðilans sem miðlægi mótaðilinn tilkynnir stofnuninni um í samræmi við 50. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 og

DF_{CM} = summan af forfjármögnuðum framlögum allra greiðslujöfnunaraðila fullgilda miðlæga mótaðilans sem fullgildi miðlægi mótaðilinn tilkynnir stofnuninni um í samræmi við 50. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

3. Stofnun skal reikna út áhættuvegnar fjárhæðir áhættuskuldbindinga vegna áhættuskuldbindinga sem verða til vegna forfjármagnaðs framlags stofnunar í vanskilasjóð fullgilds miðlægs mótaðila, að því er varðar 3. mgr. 92. gr., sem kröfur vegna eiginfjárgrunns reiknaðar í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar margfaldaðar með 12,5.“

b) Ákvæði 4. og 5. mgr. falla brott,

87) Í stað 309., 310. og 311. gr. kemur eftirfarandi:

„309. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar forfjármögnuð framlög í vanskilasjóð miðlægs mótaðila, sem ekki er fullgildur, og að því er varðar ófjármögnuð framlög til miðlægs mótaðila sem ekki er fullgildur

1. Stofnun skal nota eftirfarandi formúlu til að reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar sem stafa af forfjármögnuðum framlögum hennar í vanskilasjóð miðlægs mótaðila sem ekki er fullgildur og af ófjármögnuðum framlögum til slíks miðlægs mótaðila:

$$K = DF + UC$$

þar sem:

K = krafan vegna eiginfjárgrunns,

DF = forfjármögnuðu framlögin í vanskilasjóð miðlægs mótaðila sem ekki er fullgildur og

UC = ófjármögnuðu framlögin í vanskilasjóð miðlægs mótaðila sem ekki er fullgildur.

2. Stofnun skal reikna út áhættuvegnar fjárhæðir áhættuskuldbindinga vegna áhættuskuldbindinga sem verða til vegna framlags stofnunar í vanskilasjóð miðlægs mótaðila sem ekki er fullgildur, að því er varðar 3. mgr. 92. gr., sem kröfur vegna eiginfjárgrunns reiknaðar í samræmi við 1. mgr. margfaldaðar með 12,5.“

310. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar ófjármögnuð framlög í vanskilasjóð fullgilds miðlægs mótaðila

Stofnun skal nota 0% áhættuvog gagnvart ófjármögnuðum framlögum í vanskilasjóð fullgilds miðlægs mótaðila.

311. gr.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila sem hætta að uppfylla viss skilyrði

1. Stofnanir skulu beita aðferðinni sem sett er fram í þessari grein ef þeim hefur orðið kunnugt um, í kjölfar opinberrar tilkynningar eða orðsendingar frá lögbæru yfirvaldi miðlægs mótaðila sem þessar stofnanir nota eða frá miðlæga mótaðilanum sjálfum, að miðlægi mótaðilinn muni ekki lengur uppfylla skilyrðin fyrir starfsleyfi eða viðurkenningu, eftir því sem við á.

2. Ef skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. eru uppfyllt skulu stofnanir, innan þriggja mánaða frá því að þeim verður kunnugt um kringumstæðurnar sem þar um getur, eða fyrr ef lögbær yfirvöld þessara stofnana krefjast þess, gera eftirfarandi ráðstafanir að því er varðar áhættuskuldbindingar þeirra vegna þessara miðlægu mótaðila:

a) beita meðferðinni sem sett er fram í b-lið 1. mgr. 306. gr. á viðskiptastöður sínar vegna þess miðlæga mótaðila,

b) beita meðferðinni sem sett er fram í 309. gr. á forfjármögnuð framlög sín í vanskilasjóð þess miðlæga mótaðila og á ófjármögnuð framlög sín til þess miðlæga mótaðila,

c) fara með aðrar áhættuskuldbindingar en þær sem taldar eru upp í a og b-lið þessarar málsgreinar vegna þess miðlæga mótaðila sem áhættuskuldbindingar vegna fyrirtækis í samræmi við staðalaðferðina fyrir útlánaáhættu sem um getur í 2. kafla.

88) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr. 316. gr.:

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málgreinar geta stofnanir valið að nota ekki þá reikningshaldsflokka í rekstrarreikningnum skv. 27. gr. tilskipunar 86/635/EBE vegna fjármögnunar- og rekstrarleigusamninga að því er varðar útreikning á viðeigandi vísi og geta þess í stað:

a) látið fylgja með vaxtatekjur af fjármögnunar- og rekstrarleigusamningum og hagnað af leigðum eignum í flokknum sem um getur í 1. lið í töflu 1,

b) látið fylgja með vaxtakostnað af fjármögnunar- og rekstrarleigusamningum og afskriftir og virðisrýrnun leigðra rekstrareigna í flokknum sem um getur í 2. lið í töflu 1.

89) Í stað 1. kafla þriðja hluta í IV. bálki kemur eftirfarandi:

„1. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

325. gr.

Aðferðir við útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu

1. Stofnun skal reikna út kröfurnar vegna eiginfjárgrunns fyrir markaðsáhættu að því er varðar allar stöður í veltubók og stöður í fjárfestingarbók sem eru háðar gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu í samræmi við eftirfarandi aðferðir:

a) staðalaðferðina sem um getur í 2. mgr.,

b) eiginlíkansaðferðina sem sett er fram í 5. kafla þessa bálks að því er varðar þá áhættuflokka sem stofnunin hefur fengið leyfi til að nota þá aðferð fyrir í samræmi við 363. gr.

2. Kröfurnar vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu sem reiknaðar eru í samræmi við staðalaðferðina sem um getur í a-lið 1. mgr. skulu merkja summu eftirfarandi krafna vegna eiginfjárgrunns, eftir því sem við á:

a) krafnanna vegna eiginfjárgrunns að því er varðar stöðuáhættu sem um getur í 2. kafla,

b) krafnanna vegna eiginfjárgrunns að því er varðar gjaldeyrisáhættu sem um getur í 3. kafla,

c) krafnanna vegna eiginfjárgrunns að því er varðar hrávöruáhættu sem um getur í 4. kafla.

3. Stofnun sem er ekki undanskilin upplýsingaskyldunum sem settar eru fram í 430. gr. b í samræmi við 325. gr. a skal veita upplýsingar um útreikningana í samræmi við 430. gr. b að því er varðar allar stöður í veltubók og í stöður í fjárfestingarbók sem háðar eru gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu í samræmi við eftirfarandi aðferðir:í

a) óhefðbundnu staðalaðferðina sem sett er fram í 1. kafla a,

b) óhefðbundu eiginlíkansaðferðina sem sett er fram í 1. kafla b.

4. Stofnun er heimilt að nota sameinaðar aðferðir sem settar eru fram í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar á varanlegum grunni innan samstæðu í samræmi við 363. gr.

5. Stofnanir skulu ekki nota aðferðina sem sett er fram í b-lið 3. mgr. að því er varðar gerninga í veltubók þeirra sem eru verðbréfaðar stöður eða stöður sem taldar eru með í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu (e. *alternative correlation trading portfolio* (ACTP)) eins og sett er fram í 6., 7. og 8. mgr.

6. Verðbréfaðar stöður og útlánaafleiður sem byggjast á n-ta vanskilaaðila sem uppfylla allar eftirfarandi viðmiðanir skulu taldar með í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu:

a) stöðurnar séu hvorki endurverðbréfaðar stöður né valréttir á áhættulag verðbréfunar, né annars konar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar sem ekki veita hlutfallslegan ágóða af ávinningi af áhættulagi verðbréfunar,

b) allir undirliggjandi gerningar séu:

   i. gerningar gagnvart einum aðila, þ.m.t. lánaafleiður gagnvart einum aðila, þar sem markaður er fyrir hendi fyrir kaup- og söluviðskipti með þá,

   ii. vísitölur sem viðskipti eru höfð með og sem byggist á gerningunum sem um getur í i-lið.

Litið er svo á að markaður fyrir kaup og sölu sé fyrir hendi ef fyrir liggja óháð kaup- og sölutilboð, sem lögð eru fram í góðri trú, svo að unnt sé að ákvarða sanngjarnt verð miðað við síðasta söluverð, eða gildandi, samkeppnishæfa verðskrá, innan eins dags og gera upp á verði, sem þannig er myndað, innan tiltölulega skamms tíma í samræmi við viðskiptavenjur.

7. Stöður með einhverja eftirfarandi undirliggjandi gerninga skulu ekki taldar með í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu:

a) undirliggjandi gerninga sem skipað er í áhættuflokkana sem um getur í h- eða i-lið 112. gr.,

b) kröfu á sérstakan verðbréfunaraðila, sem er veðtryggð, beint eða óbeint, með stöðu sem í samræmi við 6. gr. myndi sjálf ekki teljast vera hæf til innfellingar í óhefðbundna fylgniviðskiptasafnið.

8. Stofnun er heimilt að telja með í fylgniviðskiptasafni stöður sem hvorki eru verðbréfaðar stöður né lánaafleiður sem byggjast á n-ta vanskilaaðila heldur stöður sem verja aðrar stöður í safninu, að því tilskildu að virkur kaup- og sölumarkaður eins og lýst er í síðustu undirgrein 6. mgr. sé til staðar fyrir gerninginn eða undirliggjandi gerninga.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina hvernig stofnanir skulu reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu fyrir fjárfestingarbók sem háð er gjaldeyrisáhættu eða hrávöruáhættu í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í a- og b-lið 3. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. september 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

325. gr. a

Undanþágur frá sérstakri upplýsingaskyldu að því er varðar markaðsáhættu

1. Stofnun er undanþegin upplýsingaskyldunni sem kveðið er á um í 430. gr. b að því tilskildu að umfang viðskipta hennar innan og utan efnahagsreiknings sem háð eru markaðsáhættu sé jafnt eða lægra en bæði eftirfarandi viðmið á grundvelli mats sem fram fer mánaðarlega á grundvelli gagna frá síðasta degi mánaðarins:

a) 10% af heildareignum stofnunarinnar,

b) 500 milljónum evra.

2. Stofnanir skulu reikna umfang viðskipta sinna innan og utan efnahagsreiknings sem háð eru markaðsáhættu á grundvelli gagna frá síðasta degi hvers mánaðar í samræmi við eftirfarandi kröfur:

a) allar stöður sem færðar eru í veltubók skulu taldar með nema lánaafleiður sem færðar eru sem innri áhættuvörn gegn útlánaáhættuskuldbindingum í fjárfestingarbók og þau lánaafleiðuviðskipti sem jafna til fulls alla markaðsáhættu sem tengjast þessum innri áhættuvörnum eins og um getur í 3. mgr. 106. gr.,

b) allar stöður í fjárfestingarbók sem háðar eru gjaldeyrisáhættu eða hrávöruáhættu skulu taldar með,

c) allar stöður skulu metnar á markaðsvirði þeirra á þeim degi nema að því er varðar stöður sem um getur í b-lið; ef markaðsvirði stöðu í veltubók er ekki tiltækt á tilteknum degi skulu stofnanir nota gangvirðið fyrir stöðuna í veltubók á þeim degi; ef gangvirði og markaðsvirði stöðu í veltubók eru ekki tiltæk á tilteknum degi skulu stofnanir nota síðasta markaðsvirðið eða gangvirðið fyrir þá stöðu,

d) allar stöður í fjárfestingarbók sem ekki eru háðar gjaldmiðlaáhættu skulu metnar sem hrein heildargjaldeyrisstaða og metnar í samræmi við 352. gr.,

e) allar stöður í fjárfestingarbók sem eru háðar hrávöruáhættu skulu metnar í samræmi við 357. og 358. gr.,

f) algildi gnóttstaðna skal lagt saman við algildi skortstaðna.

3. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um það hvenær þær reikna eða hætta að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu í samræmi við þessa grein.

4. Stofnun sem uppfyllir ekki lengur eitt eða fleiri þeirra skilyrða sem sett eru fram í 1. gr. skal þegar í stað tilkynna lögbæra yfirvaldinu það.

5. Undanþágan frá upplýsingaskyldunni sem mælt er fyrir um í 430. gr. b fellur úr gildi innan þriggja mánaða frá því að annað eftirfarandi gerist:

a) stofnunin uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í a- eða b-lið 1. mgr. í þrjá mánuði samfellt, eða

b) stofnunin uppfyllir ekki skilyrðin sem sett eru fram í a- eða b-lið 1. mgr. í meira en 6 mánuði af síðustu 12 mánuðum.

6. Ef stofnun hefur fallið undir upplýsingaskyldurnar sem mælt er fyrir um í 430. gr. b í samræmi við 5. mgr. þessarar greinar skal stofnunin eingöngu undanþegin þessum skyldum ef hún getur sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á að öll skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar hafi verið uppfyllt óslitið í eitt ár.

7. Stofnun skal ekki ganga inn í, kaupa eða selja stöður í þeim tilgangi einum að fara að einhverju þeirra skilyrða sem sett eru fram í 1. mgr. á meðan mánaðarlegt mat fer fram.

8. Stofnun sem telst ekki hæf til að fá þá meðhöndlun sem sett er fram í 94. gr., skal undanþegin upplýsingaskyldunni sem sett er fram í 430. gr. b.

325. gr. b

Heimild fyrir kröfum á samstæðugrunni

1. Með fyrirvara um 2. mgr. og einungis í þeim tilgangi að reikna út hreinar stöður og kröfur vegna eiginfjárgrunns í samræmi við þennan bálk á samstæðugrunni mega stofnanir nota stöður í einni stofnun eða fyrirtæki til að vega á móti stöðum í annarri stofnun eða fyrirtæki.

2. Stofnanir mega einungis beita 1. mgr. að fengnu leyfi lögbærra yfirvalda, sem skal veitt ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) að skiptingu eiginfjárgrunns innan samstæðunnar sé fullnægjandi,

b) að reglur, lagareglur eða samningar sem gilda um þessar stofnanir tryggi gagnkvæman fjárhagsstuðning innan samstæðunnar.

3. Séu fyrirtæki staðsett í þriðju löndum skulu öll eftirfarandi skilyrði uppfyllt, til viðbótar þeim sem sett eru fram í 2. mgr.:

a) að slík fyrirtæki hafi hlotið starfsleyfi í þriðja landi og annaðhvort fullnægi skilgreiningunni á lánastofnun eða séu viðurkennd verðbréfafyrirtæki í þriðja landi,

b) að slík fyrirtæki hlíti, á einingargrundvelli reglum um kröfur vegna eiginfjárgrunns jafngildum þeim sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,

c) að engar reglugerðir séu til í viðkomandi þriðju löndum sem geta haft veruleg áhrif á flutninga sjóða innan samstæðunnar.“

90) Eftirfarandi kaflar bætast við í IV. bálki þriðja hluta:

„1. KAFLI a

Óhefðbundin staðalaðferð

1. þáttur

Almenn ákvæði

325. gr. c

Gildissvið og uppbygging óhefðbundinnar staðalaðferðar

1. Óhefðbundna staðalaðferðin eins og hún er sett fram í þessum kafla skal eingöngu notuð að því er varðar upplýsingaskylduna sem sett er fram í 1. mgr. 430. gr. b.

2. Stofnanir skulu reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu í samræmi við óhefðbundnu staðalaðferðina fyrir eignasafn staðna í veltubók eða staðna í fjárfestingarbók sem eru háðar gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu sem summu eftirtalinna þriggja þátta:

a) kröfunnar vegna eiginfjárgrunns samkvæmt aðferðinni sem byggð er á næmi og sett er fram í 2. þætti,

b) kröfunnar vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu sem sett er fram í 5. þætti sem eingöngu er notuð fyrir stöður í veltubók sem um getur í þeim þætti,

c) kröfunnar vegna eiginfjárgrunns að því er varðar eftirstæða áhættuþætti sem sett er fram í 4. þætti sem eingöngu er notuð fyrir stöður í veltubók sem um getur í þeim þætti.

2. þáttur

Aðferð sem byggð er á næmi til að reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns

325. gr. d

Skilgreiningar

Í þessum kafla er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „áhættuflokkur“: einn af eftirfarandi sjö flokkum:

   i. almenn vaxtaáhætta,

   ii. áhætta vegna vaxtaálags (e. *credit spread risk* (CSR)) vegna gerninga sem ekki eru verðbréfanir,

   iii. áhætta vegna vaxtaálags að því er varðar verðbréfun sem ekki er talin með í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu (áhætta vegna vaxtaálags utan fylgniviðskiptasafns (e. *non-ACTP CSR*))

   iv. áhætta vegna vaxtaálags að því er varðar verðbréfun sem talin er með í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu (áhætta vegna vaxtaálags í fylgniviðskiptasafni (e. *ACTP CSR*))

   v. hlutabréfaáhætta,

   vi. hrávöruáhætta,

   vii. gjaldmiðlaáhætta,

2) „næmi“: hlutfallsleg breyting á stöðu í kjölfar breytingar á virði eins mikilvægs áhættuþáttar stöðunnar sem reiknuð er með áhættuverðlagningarlíkani stöðunnar í samræmi við 2. undirþátt 3. þáttar,

3) „undirflokkur“: undirflokkur staðna í einum áhættuflokki með svipað áhættusnið sem úthlutað er áhættuvog eins og skilgreint er í 1. undirþætti 3. þáttar.

325. gr. e

Þættir aðferðarinnar sem byggð er á næmi

1. Stofnanir skulu reikna út kröfu vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu samkvæmt aðferðinni sem byggð er á næmi með því að leggja saman eftirfarandi þrjár kröfur vegna eiginfjárgrunns í samræmi við 325. gr. h:

a) kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar deltastuðulsáhættu sem samsvarar áhættu vegna breytinga á virði gernings sem stafar af hreyfingum á áhættuþáttum hans sem tengjast ekki flökti,

b) kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vegaáhættu sem samsvarar áhættu vegna breytinga á virði gernings sem stafar af hreyfingum á áhættuþáttum hans sem tengjast flökti,

c) kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar kúrfuáhættu sem samsvarar áhættu vegna breytinga á virði gernings sem stafar af hreyfingum á áhættuþáttum hans sem tengjast ekki flökti.

2. Að því er varðar útreikninginn sem um getur í 1. mgr.,

a) skulu allar stöður í gerningum með valréttum falla undir kröfurnar vegna eiginfjárgrunns sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr.,

b) skulu allar stöður í gerningum án valréttar falla undir kröfurnar vegna eiginfjárgrunns sem um getur í a-lið 1. mgr.

Að því er varðar þennan kafla skulu gerningar með verði valréttar m.a. ná yfir: kauprétt, sölurétt, valrétt með þökum (e. *caps*), valrétt með lágmarki (*floors*), valrétt með þröskuldi (e. *barrier options*) skiptirétt framandi valrétti (e. *exotic options*). Innbyggðir valréttir, s.s. fyrirframgreiðsla eða hegðunarvalréttir (e. *behavioural options*) skulu taldir aðskildar stöður í valréttum að því er varðar útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu.

Að því er varðar þennan kafla skulu gerningar þar sem hægt er að tilgreina sjóðstreymi sem línulegt fall af undirliggjandi grundvallarfjárhæð taldir vera gerningar án verðs valréttar.

325. gr. f

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar deltastuðulsáhættu og vega-áhættu

1. Stofnanir skulu nota deltastuðulsáhættu- og vega-áhættuþættina sem tilgreindir eru í 1. undirþætti 3. þáttar til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar deltastuðuls- og vegaáhættur.

2. Stofnanir skulu nota ferlana sem settir eru fram í 3.–8. mgr. til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar deltastuðuls- og vegaáhættur.

3. Að því er varðar hvern áhættuflokk skal reikna út næmi allra gerninga sem falla undir kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar deltastuðuls- eða vegaáhættur fyrir sérhvern gildandi þátt deltastuðuls- eða vegaáhættu sem er í þeim áhættuflokki með því að nota samsvarandi formúlur í 2. undirþætti 3. þáttar. Ef virði gernings er háð mörgum áhættuþáttum skal næmið ákvarðað sérstaklega fyrir hvern áhættuþátt.

4. Næmi skal úthlutað einum undirflokki ‘b’ í hverjum áhættuhópi.

5. Innan hvers undirflokks ‘b’ skal jafna út jákvæðu og neikvæðu næmi sama áhættuhóps til að fá út hreint næmi (s_k) fyrir hvern áhættuþátt k í undirflokki.

6. Hreint næmi fyrir hvern áhættuflokk í hverjum undirflokki skal margfaldað með samsvarandi áhættuvogum sem settar eru fram í 6. þætti til að fá út vegið næmi fyrir hvern áhættuþátt í þeim undirflokki í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$WS_k = RW_k \cdot s_k$$

þar sem:

WS_k = vegið næmi,

RW_k = áhættuvogirnar og

s_k = áhættustuðullinn

7. Vegið næmi fyrir mismunandi áhættuþætti í hverjum undirflokki skal lagt saman í samræmi við formúluna hér að neðan þar sem virðið í kvaðratrótinni má ekki vera lægra en núll til að fá út næmið sem byggist á sérstaka undirflokknum. Samsvarandi fylgni fyrir vegið næmi í sama undirflokki (ρ_{kl}) sem sett er fram í 6. þætti skal notað.

$$K_b = \sqrt{\sum_k WS_k^2 + \sum_k \sum_{k \neq l} \rho_{kl} WS_k WS_l}$$

þar sem:

K_b = næmi á hvern undirflokk og

WS = vegið næmi.

8. Næmi á hvern undirflokk skal reiknað fyrir hvern undirflokk innan áhættuflokks í samræmi við 5., 6. og 7. mgr. Eftir að næmi á hvern undirflokk hefur verið reiknað út fyrir alla undirflokka skal leggja saman vegið næmi allra áhættuþátta í undirflokkunum í samræmi við formúluna hér að neðan, með því að nota samsvarandi fylgni γ_{bc} fyrir vegið næmi í mismunandi undirflokkum sem sett er fram í 6. þætti til að fá út kröfur vegna eiginfjárgrunns eftir áhættuflokkum fyrir deltastuðuls- eða vegaáhættu:

$$\text{Risk} - \text{class specific own funds requirement for delta or vega risk} = \sqrt{\sum_{b} K_b^2 + \sum_{b} \sum_{c \neq b} \gamma_{bc} S_b S_c}$$

þar sem:

S_b = $\Sigma_k WS_k$ fyrir alla áhættuþætti í undirflokki b og $S_c = \Sigma_k WS_k$ í undirflokki c; þar sem þessi virði fyrir S_b og S_c sýna neikvæða tölu fyrir heildarsummu $\sum_{b} K_b^2 + \sum_{b} \sum_{c \neq b} \gamma_{bc} S_b S_c$ skal stofnunin reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns eftir áhættuflokki fyrir deltastuðulsáhættu eða vegastuðulsáhættu með því að nota aðra formúlu í staðinn þar sem“.

S_b = max [min ($\Sigma_k WS_k$, K_b), – K_b] fyrir alla áhættuþætti í undirflokki b og

S_c = max [min ($\Sigma_k WS_k$, K_c), – K_c] yrir alla áhættuþætti í undirflokki c.

Kröfur vegna eiginfjárgrunns eftir áhættuflokki að því er varða deltastuðulsáhættu eða vega-áhættu skulu reiknaðar fyrir hvern áhættuflokk í samræmi við 1.–8. mgr.

325. gr. g

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar kúrfuáhættu

Stofnanir skulu reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar kúrfuáhættu í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 461. gr. a

325. gr. h

Samlagning krafna vegna eiginfjárgrunns eftir áhættuflokkum fyrir deltastuðulsáhættu, vegaáhættu og kúrfuáhættu

1. Stofnanir skulu leggja saman kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir deltastuðuls-, vega- og kúrfuáhættur á þann hátt sem kveðið er á um í 2., 3. og 4. mgr.

2. Aðferðin við að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns eftir áhættuflokki fyrir deltastuðuls-, vega- og kúrfuáhættur sem lýst er í 325. gr. f og 325. gr. g skal framkvæmd þrisvar sinnum fyrir hvern áhættuflokk og í hvert sinn skal nota mismunandi safn af fylgnibreytunni ρkl (fylgnin milli áhættuþátta innan undirflokks) og γbc (fylgnin milli undirflokka innan áhættusafns). Hver þessara þriggja safna skal samsvara mismunandi sviðsmyndum sem hér segir:

a) sviðsmyndin „meðalmikil fylgni“ þar sem fylgnibreyturnar ρ_{kl} og γ_{bc} haldast óbreyttar miðað við þær sem tilgreindar eru í 6. þætti,

b) sviðsmyndin „mikil fylgni“ þar sem fylgnibreyturnar ρ_{kl} og γ_{bc} sem eru tilgreindar í 6. þætti eru allar margfaldaðar með 1,25, meðan ρ_{kl} og γ_{bc} skulu ekki fara yfir 100% þakið,

c) sviðsmyndin „lítil fylgni“ er skilgreind nánar á framseldu gerðinni sem um getur í 461. gr. a.

3. Stofnanir skulu reikna út summu krafna vegna eiginfjárgrunns eftir áhættuflokkum fyrir deltastuðulsáhættu, vegaáhættu og kúrfuáhættu fyrir hverja sviðsmynd til að ákvarða þrjár sviðsmyndatengdar eiginfjárgrunnskröfur.

4. Krafan vegna eiginfjárgrunns samkvæmt aðferðinni sem byggð er á næmi skal vera sú hæsta af þeim þremur sviðsmyndatengdum eiginfjárgrunnskröfum sem um getur í 3. mgr.

325. gr. i

Meðferð vísitölugerninga og margra undirliggjandi valrétta

Stofnanir skulu fara með vísitölugerninga og marga undirliggjandi valrétti í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 461. gr. a.

325. gr. j

Meðferð sjóða um sameiginlega fjárfestingu

Stofnanir skulu fara með sjóði um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 461. gr. a.

325. gr. k

Sölutryggingarstöður

1. Stofnunum er heimilt að nota aðferðina sem sett er fram í þessari grein til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu vegna sölutryggingarstaðna skulda- eða hlutabréfagerninga.

2. Stofnanir skulu nota einn af viðeigandi margföldunarstuðlum sem tilgreindir eru í töflu 1 gagnvart hreinu næmi allra sölutryggingarstaðna í hverjum stökum útgefanda, að undanskildum sölutryggingarstöðum sem þriðji aðili hefur skráð sig fyrir eða skuldbundið sig til að tryggja sölu á, á grundvelli formlegs samkomulag og reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu í samræmi við aðferðina sem sett er fram í þessum kafla á grundvelli aðlagaðs hreins næmis.

Tafla 1

0. virkur dagur	0%
1. virkur dagur	10%
2. og 3. virkur dagur	25%
4. virkur dagur	50%
5. virkur dagur	75%
eftir 5. virkan dag:	100 %

„0. virkur dagur“ í skilningi þessarar greinar: sá virki dagur 0 þegar stofnunin verður skilyrðislaust skuldbundin til að taka við þekktu magni verðbréfa gegn umsömdu verði.

3. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um beitingu aðferðarinnar sem sett er fram í þessari grein.

3. þáttur

Skilgreiningar á áhættuþætti og næmi

1. undirþáttur

Skilgreiningar á áhættuþætti

325. gr. l

Almennir vaxtaáhættuþættir

1. Að því er varðar alla almenna vaxtaáhættuþætti, þ.m.t. verðbólguáhætta og gjaldeyrisvaxtaáhætta, þá skal vera einn undirflokkur fyrir hvern gjaldmiðil þar sem hver inniheldur mismunandi tegundir áhættuþátta.

Almennu deltavaxtaáhættuþættirnir sem notaðir eru fyrir gerninga sem eru næmir fyrir vaxtaáhættu skulu vera viðeigandi áhættulausir vextir á hvern gjaldmiðil og á hvert ár miðað við eftirfarandi binditíma: 0,25 ár, 0,5 ár, 1 ár, 2 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár, 15 ár, 20 ár, 30 ár. Stofnanir skulu úthluta áhættuþáttum til tiltekinna hornpunkta með línulegri aðhvarfsgreiningu eða með því að nota aðferð sem samrýmist best verðlagningarföllunum sem óháð áhættustýringareining stofnunarinnar notar til að tilkynna markaðsáhættu eða hagnað og tap til framkvæmdastjórnar.

2. Stofnanir skulu ákvarða áhættulausa vexti fyrir hvern gjaldmiðil á grundvelli peningamarkaðsgerninga sem eru í veltubók stofnunarinnar og eru með lægstu útlánaáhættuna, s.s. skiptasamningar um lánavexti.

3. Þegar stofnanir geta ekki notað aðferðina sem um getur í 2. mgr. skulu áhættulausu vextirnir grundvallaðir á einum eða fleiri fólgnum vaxtaferlum sem stofnanirnar nota til að færa stöður á markaðsvirði, s.s. skiptikúrfur fyrir millibankavexti.

Þegar gögn um fólgna vaxtaferla sem lýst er í 2. mgr. og fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar eru ófullnægjandi má leiða áhættulausa vexti af þeirri skuldabréfakúrfu sem best á við fyrir tiltekin gjaldmiðil.

Þegar stofnanir nota almenna vaxtaáhættuþætti sem fengnir eru í samræmi við aðferðina sem sett er fram í annarri undirgrein þessarar málsgreinar vegna ríkisskuldagerninga, skal ríkisskuldagerningurinn ekki undanþeginn kröfunni vegna áhættugrunns að því er varðar áhættu vegna vaxtaálags. Í þeim tilvikum þegar ekki er hægt að einangra áhættulausa vexti frá útlánaálagsþættinum skal næminu fyrir áhættuþáttinn úthlutað bæði til flokksins fyrir almenna vaxtaáhættu og flokksins fyrir vaxtaálag.

4. Ef um er að ræða almenna vaxtaáhættuþætti skal hver gjaldmiðill mynda sérstakan undirflokk. Stofnanir skulu úthluta áhættuþáttum innan sama undirflokks en með mismunandi líftímum mismunandi áhættuvog í samræmi við 6. þátt.

Stofnanir skulu nota viðbótaráhættuþætti fyrir verðbólguáhættu vegna skuldagerninga þar sem sjóðstreymi er hlutfallslega háð verðbólgustiginu. Þessir viðbótaráhættuþættir skulu samanstanda af einum vektor verðbólgustiga sem ákvarðast af markaðinum með mismunandi binditíma fyrir hvern gjaldmiðil. Vektorinn skal innihalda fyrir hvern gerning jafn marga þætti og verðbólgustigin sem notuð eru sem breytur í verðlagningarlíkani stofnunarinnar fyrir þann gerning.

5. Stofnanir skulu reikna út næmi gernings fyrir viðbótaráhættuþættinum vegna verðbólguáhættu sem um getur í 4. mgr. sem breytingu á virði gerningsins samkvæmt verðlagningarlíkani hans, sem leiðir af breytingu á hverjum þætti vektorsins um 1 grunnpunkt. Hver gjaldmiðill skal mynda aðskilinn undirflokk. Innan hvers undirflokks skulu stofnanir fara með verðbólgu sem stakan áhættuþátt, óháð fjölda þátta í hverjum vektor. Stofnanir skulu jafna allt verðbólgunæmi innan undirflokks, reiknað eins og lýst er í þessari málsgrein til að fá einfalt hreint næmi fyrir hvern undirflokk.

6. Skuldagerningar sem fela í sér greiðslur í mismunandi gjaldmiðlum skulu einnig falla undir gjaldeyrisvaxtaáhættu milli þessara gjaldmiðla. Að því er varðar aðferðina sem byggist á næmi skulu áhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota vera gjaldeyrisvaxtaáhætta hvers gjaldmiðils miðað við annaðhvort bandaríkjadal eða evru. Stofnanir skulu reikna gjaldmiðlagrunn sem hvorki tengist grunni sem miðast við bandaríkjadal eða evru annaðhvort á „grunni miðað við bandaríkjadal“ eða „grunni miðað við evru“.

Sérhver þáttur gjaldeyrisvaxtaáhættu skal samanstanda af einum vektor gjaldeyrisvaxta með mismunandi binditíma fyrir hvern gjaldmiðil. Fyrir hvern skuldagerning skal vektorinn innihalda jafn marga þætti og fjöldi gjaldeyrisvaxta sem notaðir eru sem breytur í verðlagningarlíkani stofnunarinnar fyrir þann gerning. Hver gjaldmiðill skal mynda mismunandi undirflokk.

Stofnanir skulu reikna út næmi gernings gagnvart þætti gjaldeyrisvaxtaáhættu sem breytingu á virði gerningsins samkvæmt verðlagningarlíkani hans, sem leiðir af breytingu á hverjum þætti vektorsins um 1 grunnpunkt. Hver gjaldmiðill skal mynda aðskilinn undirflokk. Innan hvers undirflokks skulu vera tveir aðskildir áhættuþættir: grunnur með tilliti til evru og grunnur með tilliti til bandaríkjadals, óháð þeim fjölda þátta sem eru í hverjum vektor gjaldeyrisvaxta. Hámark hreins næmis í hverjum undirflokki skal vera tveir.

7. Almennu vegavaxtaáhættuþættirnir sem gilda um valrétti með undirliggjandi gerninga sem eru næmir fyrir almennu vaxtastigi skulu vera afleitt flökt viðeigandi áhættulausra vaxta eins og lýst er í 2. og 3. mgr. sem skal úthlutað undirflokkum eftir gjaldmiðli og tengt við eftirfarandi binditíma innan hvers undirflokks: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár. Einn undirflokkur skal vera fyrir hvern gjaldmiðil.

Með tilliti til jöfnunarsamninga skulu stofnanir telja afleitt flökt sem tengist sömu áhættulausu vöxtunum og tengt við sama binditíma mynda sama áhættuþáttinn.

Þegar stofnanir tengja afleitt flökt við binditímann eins og um getur í þessari málsgrein skulu eftirfarandi kröfur gilda:

a) þegar binditími valréttarins samsvarar binditíma undirliggjandi gernings skal taka tillit til eins áhættuþáttar sem skal tengdur við þann binditíma,

b) þegar binditími valréttarins er styttri en binditími undirliggjandi gernings skal taka tillit til eftirfarandi áhættuþátta sem hér segir:

   i. fyrsti áhættuþátturinn skal tengdur við binditíma valréttarins,

   ii. annar áhættuþátturinn skal tengdur við eftirstöðvatíma undirliggjandi gerninga á lokadagsetningu valréttarins.

8. Almennu kúrfuvaxtaáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota skulu samanstanda af einum vektor áhættulausra vaxta, sem sýna sértækt áhættulaust ávöxtunarferli, á hvern gjaldmiðil. Hver gjaldmiðill skal mynda mismunandi undirflokk. Að því er varðar hvern gerning skal vektorinn innihalda jafn marga þætti og fjöldi mismunandi binditíma áhættulausra vaxta sem notaðir eru sem breytur í verðlagningarlíkani stofnunarinnar fyrir þann gerning.

9. Stofnanir skulu reikna næmi gerningsins gagnvart hverjum áhættuþætti sem notaður er í kúrfuáhættuformúlunni í samræmi við 325. gr. g. Að því er varðar kúrfuáhættu skulu stofnanir telja vektora sem samsvara mismunandi ávöxtunarferlum og með sama fjölda þátta vera sama áhættuþáttinn, að því tilskildu að þessir vektorar samsvari sama gjaldmiðlinum. Stofnanir skulu jafna næmi við sama áhættuþátt. Eingöngu skal vera eitt hreint næmi á hvern undirflokk.

Krafan vegna eiginfjárgrunns skal ekki gilda um kúrfuáhættu að því er varðar verðbólgu og gjaldmiðlagrunnáhættu.

325. gr. m

Vaxtaálagsáhættuþættir (e. *credit spread risk* (CSR)) að því er varðar gerninga sem ekki eru verðbréfanir

1. Deltavaxtaálagsþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar gerninga sem ekki eru verðbréfanir sem eru næmir fyrir vaxtaálagi þeirra skulu vera vaxtaálagsstig þessara gerninga sem gilda fyrir útgefandann sem leiðir af viðkomandi skuldagerningum og skuldatryggingum og tengjast hverjum eftirfarandi binditíma: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár. Stofnanir skulu nota einn áhættuþátt fyrir hvern útgefanda og hvern binditíma, óháð því hvort þessi vaxtaálagsstig fyrir útgefendur leiðir af skuldagerningum eða skuldatryggingum. Flokka skal eftir atvinnugreinum eins og um getur í 6. þætti og hver undirflokkur skal innihalda alla áhættuþættina sem úthlutaðir eru hverjum geira.

2. Áhættuþættirnir vegna vegavaxtaálags sem stofnanir eiga að nota að því er varðar valrétti með undirliggjandi gerninga sem ekki eru verðbréfanir sem eru næmir fyrir vaxtaálagi skulu vera afleitt flökt vaxtaálagsstiga fyrir útgefendur undirliggjandi gerninga sem reiknað er eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. sem skulu tengjast eftirfarandi líftímum í samræmi við binditíma valréttarins sem fellur undir eiginfjárgrunnskröfur: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár. Sömu undirflokkar skulu vera notaðir og þeir sem eru notaðir fyrir deltastuðul vaxtaálagsins vegna gerninga sem ekki eru verðbréfanir.

3. Kúrfuáhættuþættirnir fyrir vaxtaálag sem stofnanir eiga að nota að því er varðar gerninga sem ekki eru verðbréfanir skulu samanstanda af einum vektor með vaxtaálagi sem samsvarar vaxtakúrfunni fyrir þann sérstaka útgefanda. Fyrir hvern skuldagerning skal vektorinn innihalda jafn marga þætti og fjöldi mismunandi binditíma fyrir vaxtaálagið sem notaðir eru sem breytur í verðlagningarlíkani stofnunarinnar fyrir þann gerning. Sömu undirflokkar skulu vera notaðir og þeir sem eru notaðir fyrir deltastuðul vaxtaálagsins vegna gerninga sem ekki eru verðbréfanir.

4. Stofnanir skulu reikna næmi gerningsins gagnvart hverjum áhættuþætti sem notaður er í kúrfuáhættuformúlunni í samræmi við 325. gr. g. Að því er varðar kúrfuáhættu skulu stofnanir meta vektora sem reiknaðir eru út frá annaðhvort viðeigandi skuldagerningum eða skuldatryggingum og með mismunandi fjölda þátta sem sami áhættuþátturinn, að því tilskildu að þessir vektorar samsvari sama útgefandanum.

325. gr. n

Vaxtaálagsáhættuþættir fyrir verðbréfanir

1. Stofnanir skulu nota vaxtaálagsáhættuþætti fyrir verðbréfanir sem um getur í 3. mgr. fyrir verðbréfaðar stöður sem eru taldar með í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu (e. *alternative correlation trading portfolio* (ACTP)), eins og um getur í 6., 7. og 8. mgr. 325. gr.

Stofnanir skulu nota vaxtaálagsáhættuþætti fyrir verðbréfanir sem um getur í 5. mgr. fyrir verðbréfaðar stöður sem ekki eru taldar með í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu, eins og um getur í 6., 7. og 8. mgr. 325. gr.

2. Undirflokkar sem gilda um vaxtaálagsáhættuþætti fyrir verðbréfanir sem er að finna í óhefðbundna viðskiptasafninu skulu vera sömu undirflokkar og eru notaðir vegna vaxtaálagsáhættu fyrir gerninga sem ekki eru verðbréfanir, eins og um getur í 6. þætti.

Undirflokkar sem gilda um vaxtaálagsáhættuþætti fyrir verðbréfanir sem ekki er að finna í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu skulu vera sérstaklega í þeim áhættuflokki, eins og um getur í 6. þætti.

3. Vaxtaálagsþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar verðbréfaðar stöður sem er að finna í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu eru sem hér segir:

a) deltaáhættuþættirnir skulu vera viðeigandi vaxtaálagsstig útgefenda undirliggjandi áhættuskuldbindinga verðbréfaðra staðna, sem leiðir af viðkomandi skuldagerningum og skuldatryggingum fyrir hvern eftirfarandi binditíma: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár.

b) vegaáhættuþættirnir sem gilda um valrétti með verðbréfuðum stöðum sem eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu sem undirliggjandi gerningar skulu vera afleitt flökt vaxtaálags fyrir útgefendur undirliggjandi gerninga verðbréfaðra staðna, sem er reiknað út eins og lýst er í a-lið þessarar málsgreinar, sem skulu tengdar eftirfarandi líftímum í samræmi við binditíma samsvarandi valrétta sem falla undir eiginfjárgrunnskröfur: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár.

c) kúrfuáhættuþættirnir skulu vera viðeigandi vaxtaálagsávöxtunarferlar fyrir útgefendur undirliggjandi áhættuskuldbindinga verðbréfaðra staðna sýnt sem vektor vaxtaálags fyrir mismunandi binditíma, reiknað út eins og tilgreint er í a-lið þessarar málsgreinar; að því er hvern gerning varðar skal vektorinn innihalda jafn marga þætti og það eru mismunandi binditímar vaxtaálagsstiga sem eru notaðir sem breytur í verðlagningarlíkani stofnunarinnar fyrir þann gerning.

4. Stofnanir skulu reikna næmi verðbréfaðra staðna gagnvart hverjum áhættuþætti sem notaður er í kúrfuáhættuformúlunni eins og tilgreint er í 325. gr. g. Að því er varðar kúrfuáhættu skulu stofnanir meta vektora sem leiðir annaðhvort af viðeigandi skuldagerningum eða skuldatryggingum og með mismunandi fjölda þátta sem sami áhættuþátturinn, að því tilskildu að þessir vektorar samsvari sama útgefandanum.

5. Vaxtaálagsáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar verðbréfaðar stöður sem ekki eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu skulu vísa til áhættulaganna fremur en til áhættuálags undirliggjandi gerninga og vera sem hér segir:

a) deltaáhættuþættirnir skulu vera viðeigandi vaxtaálagsstig fyrir áhættulagið, tengt við eftirfarandi binditíma í samræmi við binditíma áhættulagsins, 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár,

b) vegaáhættuþættirnir sem gilda um valrétti með verðbréfuðum stöðum sem eru ekki í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu sem undirliggjandi gerningar skulu vera afleitt flökt vaxtaálags áhættulaganna sem hvert um sig er tengt eftirfarandi binditímum í samræmi við binditíma valréttarins sem fellur undir eiginfjárgrunnskröfur: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár,

c) kúrfuáhættuþættirnir skulu vera þeir sömu og lýst er í a-lið þessarar málsgreinar; sameiginleg áhættuvog skal notuð fyrir alla þessa áhættuþætti eins og um getur í 6. þætti.

325. gr. o

Hlutabréfaáhættuþættir

1. Flokkarnir fyrir alla hlutabréfaáhættu skulu vera undirflokkarnir eftir atvinnugreinum sem um getur í 6. þætti.

2. Deltaáhættuþættir hlutabréfa sem stofnanir eiga að nota skulu vera stundargengi allra hlutabréfanna og öll endurhverf hlutabréfakaup.

Að því er varðar hlutabréfaáhættu skal sérstök kúrfa endurhverfra verðbréfakaupa mynda einn áhættuþátt sem er sýndur sem vektor af vöxtum endurhverfra viðskipta fyrir mismunandi binditíma. Að því er varðar hvern gerning skal vektorinn innihalda jafn marga þætti og fjölda mismunandi líftíma vaxta endurhverfra verðbréfakaupa sem notaðir eru sem breytur í verðlagningarlíkani stofnunarinnar fyrir þann gerning.

Stofnanir skulu reikna út næmi gernings gagnvart hlutabréfaáhættuþætti sem breytingu á virði gerningsins samkvæmt verðlagningarlíkani hans, sem leiðir af breytingu á hverjum þætti vektorsins um 1 grunnpunkt. Stofnanir skulu jafna næmi áhættuþáttar vegna vaxta endurhverfra viðskipta sama hlutabréfatengds verðbréfs, óháð fjölda þáttanna í hverjum vektor.

3. Hlutabréfavegaáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar valrétti með undirliggjandi gerninga sem ekki eru hlutabréf skulu vera afleitt flökt stundargengis hlutabréfsins sem skal tengjast eftirfarandi binditímum í samræmi við binditíma samsvarandi valréttar sem fellur undir eiginfjárgrunnskröfur: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár. Ekki skulu vera gerðar neinar eiginfjárgrunnskröfur vegna vegaáhættu fyrir vexti endurhverfra hlutabréfakaupa.

4. Hlutabréfakúrfuáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar valrétti með undirliggjandi gerninga sem eru næmir gagnvart hlutabréfi eru öll stundargengi hlutabréfsins, óháð binditíma samsvarandi valrétta. Ekki skulu vera gerðar neinar eiginfjárgrunnkröfur vegna kúrfuáhættu fyrir vexti endurhverfra hlutabréfakaupa.

325. gr. p

Hrávöruáhættuþættir

1. Flokkar fyrir alla hrávöruáhættuþætti skulu vera undirflokkarnir eftir atvinnugreinum sem um getur í 6. þætti.

2. Hrávöruáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar gerninga sem eru næmir gagnvart hrávöru skulu vera allt stundargengi hrávörunnar eftir tegund hennar og eftir eftirfarandi líftímum: 0,25 ár, 0,5 ár, 1 ár, 2 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár, 15 ár, 20 ár, 30 ár. Stofnanir skulu eingöngu telja tvö hrávöruverð sömu tegundar af hrávöru og með sama binditíma mynda sama áhættuþáttinn þegar lagalegir skilmálar varðandi afhendingarstaðinn eru samhljóða.

3. Hrávöruvegaáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar valrétti með undirliggjandi gerninga sem eru næmir gagnvart hrávöru skulu vera afleitt flökt hrávöruverðs sem skal tengjast eftirfarandi binditímum í samræmi við binditíma samsvarandi valréttar sem fellur undir eiginfjárgrunnskröfur: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár. Stofnanir skulu telja næmi gagnvart sömu hrávörutegund og úthlutað er sama binditíma vera einn áhættuþátt sem stofnanir skulu jafna.

4. Hrávörukúrfuáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar valrétti með undirliggjandi gerningum sem eru næmir gagnvart hrávöru skulu vera eitt hrávöruverð með mismunandi binditíma eftir tegund hrávöru, sýnt sem vektor. Að því er varðar hvern gerning skal vektorinn innihalda jafn marga þætti og verð þeirrar hrávöru sem notuð eru sem breytur í verðlagningarlíkani stofnunarinnar fyrir þann gerning. Stofnanir skuli ekki aðgreina hrávöruverð eftir afhendingarstað.

Næmi gerningsins gagnvart hverjum áhættuþætti sem notaður er í kúrfuáhættuformúlunni skal reiknað eins og tilgreint er í 325. gr. g. Að því er varðar kúrfuáhættu skulu stofnanir álíta vektora sem samsvara mismunandi fjölda þátta mynda sama áhættuþáttinn, að því tilskildu að þessir vektorar samsvari sömu hrávörutegundinni.

325. gr. q

Gjaldmiðlaáhættuþættir

1. Deltagjaldeyrisáhættuþættir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar gerninga sem eru næmir gagnvart gjaldeyri skulu vera stundargengi milli gjaldmiðlanna sem gerningarnir eru tilgreindir í og gagnaskilagjaldmiðli stofnunarinnar. Einn undirflokkur skal vera fyrir hvert gjaldmiðlapar sem inniheldur einn áhættuþátt og eitt hreint næmi.

2. Gjaldmiðlavegaáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar valrétti með undirliggjandi gerningum sem eru næmir gagnvart erlendum gjaldeyri skulu vera afleitt flökt gengis milli gjaldmiðlaparanna sem um getur í 1. mgr. Þetta afleidda flökt gengis skal vera tengt eftirfarandi binditímum í samræmi við binditíma samsvarandi valrétta sem falla undir eiginfjárgrunnskröfur: 0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár.

3. Gjaldmiðlakúrfuáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar valrétti með undirliggjandi gerningum sem eru næmir gagnvart gjaldeyri skulu vera þeir sömu og um getur í 1. mgr.

4. Stofnanir skulu ekki þurfa að greina á milli álandsgengis- og aflandsgengisfrávika gjaldmiðils fyrir alla deltastuðla gjaldmiðils, vega- og kúrfuáhættuþætti.

2. undirþáttur

Skilgreiningar á næmi

325. gr. r

Deltaáhættunæmi

1. Stofnanir skulu reikna almennu deltavaxtaáhættuþættina (e. *general interest rate risk* (GIRR)) sem hér segir:

a) næmi gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af áhættulausum vöxtum skal reiknað sem hér segir:

$$S_{r_{kt}} = \frac{V_i(r_{kt} + 0{,}0001, x, y \ \ldots) - V_i(r_{kt}, x, y \ \ldots)}{0{,}0001}$$

þar sem:

$S_{r_{kt}}$ = næmið gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af áhættulausum vöxtum,

r_{kt} = vextir áhættulausrar kúrfu k með binditíma t,

$V_i(.)$ = verðlagningarfall gerningsins i, og

x,y = aðrir áhættuþættir en r_{kt} í verðlagningarhlutfallinu V_i,

b) næmi gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af verðbólguáhættu og gjaldeyrisvaxtaáhættu skal reiknað sem hér segir:

$$S_{x_j} = \frac{V_i\left(\bar{x}_{ji} + 0{,}0001\,\overline{I_m}, y, z \ \ldots\right) - V_i\left(\bar{x}_{ji}, y, z \ \ldots\right)}{0{,}0001}$$

þar sem:

S_{x_j} = næmið gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af verðbólguáhættu og gjaldeyrisvaxtaáhættu,

$\bar{x}_{ji}$ = vektor m þátta sem sýna afleidda verðbólgukúrfu eða gjaldeyrisvaxtakúrfu fyrir tiltekinn gjaldmiðil j þar sem m er jafnt og fjöldi verðbólgu- eða gjaldeyristengdra breytna sem notaðar eru í verðlagningarfalli fyrir gerninginn i,

$\overline{I_m}$ = einingarfylkið fyrir stærðina (1 × m),

$V_i(.)$ = verðlagningarfall gerningsins i, og

y, z = aðrar breytur í verðlagningarlíkaninu.

2. Stofnanir skulu reikna deltavaxtaálagsþættina fyrir allar verðbréfaðar stöður og allar stöður sem ekki eru verðbréfaðar sem hér segir:

$$S_{CS_{kt}} = \frac{V_i(CS_{kt} + 0{,}0001, x, y \ \ldots) - V_i(CS_{kt}, x, y \ \ldots)}{0{,}0001}$$

þar sem:

$S_{CS_{kt}}$ = næmi deltavaxtaálagsþáttanna fyrir allar verðbréfaðar stöður og allar stöður sem ekki eru verðbréfaðar:

cs_{kt} = virði vaxtaálags útgefanda j á binditíma t,

$V_i(.)$ = verðlagningarfall gerningsins i, og

x,y = aðrir áhættuþættir en cs_{kt} í verðlagningarfallinu V_i.

3. Stofnanir skulu reikna næmi deltahlutabréfaáhættu sem hér segir:

a) næmi gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af stundargengi hlutabréfa skal reiknað sem hér segir:

$$S_k = \frac{V_i(1{,}01\ EQ_k, x, y, \ldots) - V_i(EQ_k, x, y, \ldots)}{0{,}01}$$

þar sem:

s_k = næmið gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af stundargengi hlutabréfa,

k = tiltekið hlutabréf,

EQ_k = virði stundargengis þess hlutabréfs,

V_i (.) = verðlagningarfall gerningsins i, og

x,y = aðrir áhættuþættir en EQ_k í verðlagningarfallinu V_i,

b) næmið gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af vöxtum endurhverfra verðbréfakaupa skal reiknað sem hér segir:

$$S_{x_k} = \frac{V_i(\bar{x}_{ki} + 0{,}0001\ \overline{I_m}, y, z\ \ldots) - V_i(\bar{x}_{ji}, y, z\ \ldots)}{0{,}0001}$$

þar sem:

S_{x_k} = næmið gagnvart áhættuþáttum sem samanstanda af vöxtum endurhverfra verðbréfakaupa,

k = stuðullinn sem táknar hlutabréfið,

$\bar{x}_{ki}$ = vektorinn af m þáttum sem standa fyrir vaxtaferil endurhverfra verðbréfakaupa vegna tiltekins hlutabréfs k þar sem m er jafnt og fjöldi aðgerða í endurhverfum verðbréfakaupum sem samsvara mismunandi binditímum sem notaðir eru í verðlagningarlíkani gerningsins i,

$\overline{I_m}$ = einingarfylkið fyrir stærðina (1 × m),

V_i (.) = verðlagningarfall gerningsins i, og

y,z = aðrir áhættuþættir en $\bar{x}_{ki}$ í verðlagningarfallinu V_i.

4. Stofnanir skulu reikna næmi deltahrávöruáhættu gagnvart hverjum áhættuþætti k sem hér segir:

$$S_k = \frac{V_i(1{,}01\ CTY_k, \gamma, z\ \ldots) - V_i(CTY_k, \gamma, z\ \ldots)}{0{,}01}$$

þar sem:

s_k = næmi deltahrávöruáhættu,

k = tiltekinn stuðull hrávöruáhættu,

CTY_k = virði áhættuþáttar k,

V_i (.) = verðlagningarfall gerningsins i, og“.

y, z = aðrir áhættuþættir en CTY_k í verðlagningarlíkani gernings i.

5. Stofnanir skulu reikna næmi deltagjaldmiðlaáhættu gagnvart hverjum áhættuþætti k sem hér segir:

$$S_k = \frac{V_i(1{,}01\ FX_k, y, z\ \ldots) - V_i(FX_k, y, z\ \ldots)}{0{,}01}$$

þar sem:

s_k = næmi deltagjaldmiðlaáhættu,

k = tiltekinn þáttur gjaldmiðlaáhættu,

FX_k = virði áhættuþáttarins,

V_i (.) = verðlagningarfall gerningsins i, og“.

y, z = aðrir áhættuþættir en FX_k í verðlagningarlíkani gernings i.

325. gr. s

Vegaáhættunæmi

1. Stofnanir skulu reikna næmi vegaáhættu valréttar gagnvart tilteknum áhættuþætti k sem hér segir:

$$S_k = \frac{V_i(0{,}01 + vol_k, x, y) - V_i(vol_k, x, y)}{0{,}01}$$

þar sem:

s_k = næmi vegaáhættu valréttar,

k = tiltekinn vegaáhættuþáttur sem samanstendur af afleiddu flökti,

vol_k = virði þessa áhættuþáttar sem skal tilgreint í prósentum, og

x,y = aðrir áhættuþættir en vol_k í verðlagningarfallinu V_i.

2. Ef um er að ræða áhættuflokka þar sem vegaáhættuþættir hafa líftímavídd en þar sem reglurnar til að tengja þessa áhættuþætti eiga ekki við vegna þess að þessir valréttir eru ekki með binditíma skulu stofnanir tengja þessa áhættuþætti við lengsta fyrirhugaða binditímann. Þessir valréttir skulu falla undir eftirstæða viðbótaráhættuþætti.

3. Ef um er að ræða valrétti sem ekki eru með lausnarverð eða tálma og valrétti sem hafa mörg lausnarverð eða tálma, skulu stofnanir nota tengingu við innra lausnarverð og binditíma stofnunarinnar sem hún notar til að verðleggja valréttinn. Þessir valréttir skulu einnig falla undir eftirstæða viðbótaráhættuþætti.

4. Stofnanir skulu ekki reikna vegaáhættu fyrir verðbréfunarlög sem eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu, eins og um getur í 6. 7. og 8. mgr. 325. gr. sem ekki eru með afleitt flökt. Kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir delta- og kúrfuáhættu skulu reiknaðar fyrir þessi verðbréfunarlög.

325. gr. t

Kröfur um útreikning á næmi

1. Stofnanir skulu meta næmi út frá verðlagningarlíkönum stofnananna sem mynda grundvöll fyrir skýrslugjöf um hagnað og tap til framkvæmdastjórnar með því að nota formúlurnar sem settar eru fram í þessum undirþætti.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein mega lögbær yfirvöld krefjast þess að stofnun, sem fengið hefur leyfi til að nota óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina sem sett er fram í 1. kafla b, noti verðlagningarfall í áhættumatskerfinu samkvæmt eiginlíkansaðferð þeirra við útreikning á næmi samkvæmt þessum kafla fyrir útreikning og skýrslugjöf um kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu í samræmi við 3. mgr. 430. gr. b.

2. Þegar stofnanir reikna deltaáhættunæmi gerninga með valrétti eins og um getur í a-lið 2. mgr. 325. gr. e mega þær gera ráð fyrir að áhættuþáttur afleidds flökts haldist stöðugur.

3. Við útreikning á vegaáhættunæmi gerninga með valrétti eins og um getur í b-lið 2. mgr. 325. gr. e gilda eftirfarandi kröfur:

a) að því er varðar almenna vaxtaáhættu og vaxtaálagsáhættu skulu stofnanir gera ráð fyrir, að því er hvern gjaldmiðil varðar, að undirliggjandi gerningur fyrir áhættuþætti flökts þar sem vegaáhætta er reiknuð sé annaðhvort samkvæmt log-normal dreifingu eða eðlilegri dreifingu í verðalagningarlíkaninu sem er notað fyrir þessa gerninga,

b) að því er varðar hlutabréfaáhættu, hrávöruáhættu og gjaldmiðlaáhættu skulu stofnanir gera ráð fyrir því að undirliggjandi gerningur fyrir áhættuþætti flökts þar sem vegaáhætta er reiknuð sé samkvæmt log-normal dreifingu í verðalagningarlíkaninu sem er notað fyrir þessa gerninga.

4. Stofnanir skulu reikna allt næmi nema næmi gagnvart leiðréttingu á útlánavirði.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. má stofnun, með fyrirvara um leyfi lögbærra yfirvalda, nota aðrar skilgreiningar á delta-áhættunæmi við útreikninginn á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar stöðu í veltubók samkvæmt þessum kafla, að því tilskildu að stofnanirnar uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

a) þessar óhefðbundnu skilgreiningar séu notaðar fyrir innri áhættustýringu og fyrir skýrslugjöf um hagnað og tap til framkvæmdastjórnarinnar af hálfu óháðrar áhættustýrieiningar innan stofnunarinnar,

b) að stofnunin sýni fram á að þessar óhefðbundnu skilgreiningar eigi betur við til að fanga næmið fyrir stöðuna heldur en formúlurnar sem settar eru fram í þessum undirþætti og að næmið sem þar af leiðir víki í meginatriðum ekki frá þessum formúlum.

6. Þrátt fyrir 1. mgr. má stofnun, með fyrirvara um leyfi lögbærra yfirvalda, nota veganæmi á grundvelli línulegrar umbreytingar á óhefðbundnum skilgreiningum á næmi við útreikninginn á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar stöðu í veltubók samkvæmt þessum kafla, að því tilskildu að stofnanirnar uppfylli bæði eftirfarandi skilyrði:

a) þessar óhefðbundnu skilgreiningar eru notaðar fyrir innri áhættustýringu og fyrir skýrslugjöf um hagnað og tap til framkvæmdastjórnarinnar af hálfu óháðrar áhættustýrieiningar innan stofnunarinnar,

b) að stofnunin sýni fram á að þessar óhefðbundnu skilgreiningar eigi betur við til að fanga næmið fyrir stöðuna heldur en formúlurnar sem settar eru fram í þessum undirþætti og að línulega umbreytingin sem um getur í fyrstu undirgrein endurspegli vegaáhættunæmið.

4. þáttur

Viðbótin fyrir eftirstæða áhættuþætti

325. gr. u

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar eftirstæða áhættuþætti

1. Til viðbótar við kröfurnar um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu sem settar eru fram í 2. þætti skulu stofnanir beita viðbótarkröfum um eiginfjárgrunn gagnvart gerningum sem eru óvarðir fyrir eftirstæðum áhættuþáttum í samræmi við þessa grein.

2. Gerningar teljast vera óvarðir fyrir eftirstæðum áhættuþáttum ef þeir uppfylla einhver eftirtalin skilyrði:

a) gerningarnir varða framandi undirliggjandi gerninga sem, í skilningi þessa kafla, merkir gerning í veltubók sem varðar undirliggjandi áhættuskuldbindingu sem ekki fellur undir delta-, vega- eða kúrfuáhættuútreikning samkvæmt aðferðinni sem byggist á næmi og mælt er fyrir um í 2. þætti eða kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna vanskilaáhættu sem settar eru fram í 5. þætti,

b) gerningurinn er gerningur sem felur í sér aðra eftirstæða áhættuþætti sem í skilningi þessa kafla merkir einhver af eftirfarandi gerningum:

   i. gerningar sem falla undir kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir vega- og kúrfuáhættu samkvæmt næmisaðferðinni sem sett er fram í 2. þætti og sem skapa tekjur sem ekki er hægt að líkja nákvæmlega eftir sem endanlega línulega samsetningu hefðbundinna valrétta á einu undirliggjandi hlutabréfaverði, hrávöruverði, gengi gjaldmiðla, skuldabréfaverði, skuldatryggingaverði eða vaxtaskiptaverði,

   ii. gerningar sem eru stöður sem felldar eru inn í óhefðbundna fylgniviðskiptasafnið sem um getur í 6. mgr. 325. gr.; ekki skal telja með í því safni áhættuvarnir sem um getur í 8. mgr. 325. gr.

3. Stofnanir skulu reikna viðbótarkröfur um eiginfjárgrunn sem um getur í 1. mgr. sem summu heildargrundvallar-fjárhæða gerninganna sem um getur í 2. mgr. margfaldaða með eftirfarandi áhættuvogum:

a) 1,0% ef um er að ræða gerninga sem um getur á a-lið 2. mgr.,

b) 0,1% ef um er að ræða gerninga sem um getur á b-lið 2. mgr.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. skal stofnun ekki beita kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar eftirstæða áhættuþætti gagnvart gerningi sem uppfyllir eitthvert eftirtalinna skilyrða:

a) gerningurinn er skráður á viðurkenndum verðbréfamarkaði,

b) gerningurinn er hæfur fyrir miðlæga stöðustofnun í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 648/2012,

c) gerningurinn jafnar fullkomlega út markaðsáhættu annarrar stöðu í veltubókinni, og í því tilviki skulu þessar tvær fullkomlega jöfnuðu stöður í veltubókinni vera undanþegnar kröfunni vegna eiginfjárgrunns að því er varðar eftirstæða áhættuþætti.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina hvað framandi undirliggjandi gerningur er og hvaða gerningar eru gerningar með eftirstæða áhættuþætti í skilningi 2. mgr.

Þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semur þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum skal hún skoða hvort áhætta vegna langs binditíma, veðurs, náttúruhamfara og raunverulegs óstöðugleika í framtíðinni ættu að teljast vera framandi undirliggjandi gerningar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2021.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

5. þáttur

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu

325. gr. v

Skilgreiningar og almenn ákvæði

1. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „stutt áhættuskuldbinding“: vanefnd af hálfu útgefanda eða hóps útgefenda leiðir til hagnaðar fyrir stofnunina óháð tegund gernings eða viðskipta sem mynda áhættuskuldbindinguna,

b) „löng áhættuskuldbinding“: vanefnd af hálfu útgefanda eða hóps útgefenda leiðir til taps fyrir stofnunina óháð tegund gernings eða viðskipta sem mynda áhættuskuldbindinguna,

c) „brúttófjárhæð skyndilegra vanefnda (brúttó JTD fjárhæð)“: vænt umfang taps eða hagnaðar sem vanefnd lofórðsgjafa myndi hafa á tiltekna áhættuskuldbindingu,

d) „nettófjárhæð skyndilegra vanefnda (nettó JTD fjárhæð)“: vænt umfang taps eða hagnaðar hjá stofnun vegna vanefnda lofórðsgjafa eftir að samjöfnun milli brúttó JTD fjárhæða hefur farið fram,

e) „tap að gefnum vanefndum eða LGD“: tap að gefnum vanefndum lántakanda af gerningi sem gefinn er út af þeim lofórðsgjafa sýnt sem hluti af grundvallarfjárhæð gerningsins,

f) „vægi vanskilaáhættu“: hundraðshlutfallið sem sýnir áætlaðar líkur á vanefndum hvers lántakanda, í samræmi við lánshæfi þess lofórðsgjafa.

2. Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu skal gilda um skulda- og hlutabréfagerninga, afleiðugerninga sem eru með þessa gerninga sem undirliggjandi gerninga, þar sem afborganir og gangvirði verða fyrir áhrifum vegna vanefnda lofórðsgjafa sem ekki er mótaðili á sjálfum afleiðugerningnum. Stofnanir skulu reikna vanskilaáhættukröfur aðskilið fyrir hverja eftirfarandi tegund gerninga: gerninga sem ekki eru verðbréfanir, verðbréfanir sem ekki eru felldar inn í óhefðbundna fylgniviðskiptasafnið og verðbréfanir sem eru felldar inn í óhefðbundna fylgniviðskiptasafnið. Endanlegar kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu sem stofnanir eiga að nota skulu vera samtala þessara þriggja þátta.

1. undirþáttur

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu vegna gerninga sem ekki eru verðbréfanir

325. gr. w

Brúttófjárhæðir skyndilegra vanefnda

1. Stofnanir skulu reikna brúttó JTD fjárhæðir fyrir hverja langa áhættuskuldbindingu gagnvart skuldagerningum sem hér segir:

$$JTD_{long} = \max \{LGD\ V_{notional} + P\&L_{long} + Adjustment_{long}; 0\}$$

þar sem:

JTD_{long} = brúttó JTD fjárhæð fyrir löngu áhættuskuldbindinguna;

$V_{notional}$ = grundvallarfjárhæð gerningsins sem áhættuskuldbindingin stafar af;

$P\&L_{long}$ = liður sem leiðréttir fyrir hagnað eða tap sem stofnunin hefur þegar reiknað með vegna breytinga á gangvirði gerningsins sem myndar gnóttstöðuáhættuskuldbindinguna; hagnaður skal færður inn í formúluna með jákvæðu formerki og tap skal fært inn í formúluna með neikvæðu formerki; og

$Adjustment_{long}$ = þegar gerningurinn sem áhættuskuldbinding stafar af er afleiðugerningur, fjárhæðin sem vegna uppbyggingar á afleiðugerningnum myndi auka eða draga úr tapi stofnunarinnar, komi til vanefnda, samanborið við algert tap af undirliggjandi gerningi; aukning skal færð inn í formúluna með jákvæðu formerki og lækkanir skulu færðar inn í formúluna með neikvæðu formerki.

2. Stofnanir skulu reikna brúttó JTD fjárhæðir fyrir hverja stutta áhættuskuldbindingu gagnvart skuldagerningum sem hér segir:

$$JTD_{short} = \min \{LGD\ V_{notional} + P\&L_{short} + Adjustment_{short}; 0\}$$

þar sem:

JTD_{short} = brúttó JDT fjárhæðin fyrir stuttu áhættuskuldbindinguna,

$V_{notional}$ = grundvallarfjárhæð gerningsins sem áhættuskuldbindingin stafar af skal færð inn í formúluna með neikvæðu formerki;

$P\&L_{short}$ = tákn sem er aðlagað er fyrir hagnað eða tap sem stofnunin hefur þegar reiknað með í kjölfar breytinga á gangvirði gerningsins sem myndar löngu áhættuskuldbindinguna; hagnaður skal færður inn í formúluna með jákvæðu formerki og tap skal fært inn í formúluna með neikvæðu formerki;

$Adjustment_{short}$ = þegar gerningurinn sem áhættuskuldbinding stafar af er afleiðugerningur, fjárhæðin sem vegna uppbyggingar á afleiðugerningnum myndi hækka eða lækka hagnað stofnunarinnar, komi til vanefnda, samanborið við algert tap af undirliggjandi gerningi; lækkanir skulu færðar inn í formúluna með jákvæðu formerki og hækkanir skulu færðar inn í formúluna með neikvæðu formerki.

3. Að því er varðar útreikninginn sem settur er fram í 1. og 2. gr. skal tap að gefnum vanefndum að því er varðar skuldagerninga sem stofnanir eiga að nota vera sem hér segir:

a) áhættuskuldbindingar gagnvart skuldagerningum sem ekki eru forgangsskuldagerningar skulu fá 100% LGD,

b) áhættuskuldbindingar gagnvart skuldagerningum sem eru forgangsskuldagerningar skulu fá 75% LGD,

c) áhættuskuldbindingar gagnvart sértryggðum skuldabréfum sem um getur í 129. gr. skulu fá 25% LGD,

4. Að því er varðar útreikningana sem settir eru fram í 1. og 2. mgr. skulu grundvallarfjárhæðir ákvarðaðar sem hér segir:

a) að því er varðar skuldabréf þá er grundvallarfjárhæðin nafnvirði skuldabréfsins,

b) að því er varðar seldan sölurétt á skuldabréfi er grundvallarfjárhæðin grundvallarfjárhæð réttarins, að því er varðar keyptan kauprétt á skuldabréfi er grundvallarfjárhæðin 0.

5. Að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfagerninga skulu stofnanir reikna brúttó JTD fjárhæðina sem hér segir:

$$JTD_{long} = \max \{LGD\ V_{notional} + P\&L_{long} + Adjustment_{long}; 0\}$$

$$JTD_{short} = \min \{LGD\ V_{notional} + P\&L_{short} + Adjustment_{short}; 0\}$$

þar sem:

JTD_{long} = brúttó JTD fjárhæð fyrir gnóttstöðuáhættuskuldbindinguna,

JTD_{short} = brúttó JDT fjárhæð fyrir stuttu áhættuskuldbindinguna, og

$V_{notional}$ = grundvallafjárhæð gerningsins sem áhættuskuldbindingin stafar af; grundvallarfjárhæðin er gangvirði hlutabréfsins fyrir gerninga í reiðufé; fyrir JTD_{short} formúluna skal grundvallarfjárhæð gerningsins færð inn í formúluna með neikvæðu formerki;

$P\&L_{long}$ = liður sem leiðréttir fyrir hagnað eða tap sem stofnunin hefur þegar reiknað með vegna breytinga á gangvirði gerningsins sem myndar gnóttstöðuáhættuskuldbindinguna; hagnaður skal færður inn í formúluna með jákvæðu formerki og tap skal fært inn í formúluna með neikvæðu formerki;

$Adjustment_{long}$ = fjárhæðin sem vegna uppbyggingar á afleiðugerningnum myndi auka eða draga úr tapi stofnunarinnar, komi til vanefnda, samanborið við algert tap af undirliggjandi gerningi; aukning skal færð inn í formúluna með jákvæðu formerki og lækkun skal færð inn í formúluna með neikvæðu formerki;

JTD_{short} = brúttó JDT fjárhæðin fyrir skortstöðuáhættuskuldbindinguna;

$P\&L_{short}$ = liður sem leiðréttir fyrir hagnað eða tap sem stofnunin hefur þegar reiknað með vegna breytinga á gangvirði gerningsins sem myndar skortstöðuáhættuskuldbindinguna; hagnaður skal færður inn í formúluna með jákvæðu formerki og tap skal fært inn í formúluna með neikvæðu formerki;

$Adjustment_{short}$ = fjárhæðin sem vegna uppbyggingar á afleiðugerningnum myndi hækka eða lækka hagnað stofnunarinnar, komi til vanefnda, samanborið við algert taps af undirliggjandi gerningi; lækkanir skulu færðar inn í formúluna með jákvæðu formerki og lækkanir skulu færðar inn í formúluna með neikvæðu formerki.“

6. Stofnanir skulu úthluta hlutabréfagerningum 100% LGD að því er varðar útreikninginn sem settur er fram í 5. mgr.

7. Ef um er að ræða áhættuskuldbindingar gagnvart vanskilaáhættu, sem stafar af afleiðugerningum með afborganir sem við vanefndir loforðsgjafans eru ekki tengdar grundvallarfjárhæð tiltekins gernings sem gefinn er út af þeim loforðsgjafa eða LGD loforðsgjafanum eða gerningur sem gefinn er út af þeim loforðsgjafa, skulu stofnanir nota aðrar aðferðir til að meta brúttó JTD fjárhæðir.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) hvernig stofnanir skulu ákvarða þættina $P\&L_{long}$, $P\&L_{short}$, $Adjustment_{long}$ og $Adjustment_{short}$ við útreikning JTD fjárhæðar fyrir mismunandi tegundir gerninga í samræmi við þessa grein,

b) hvaða aðrar aðferðir stofnanir eiga að nota að því er varðar ákvörðunina á brúttó JTD fjárhæðunum sem um getur í 7. mgr.,

c) grundvallarfjárhæðir gerninga annarra en þeirra en þeim sem um getur í a- og b-lið 4. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2021.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

325. gr. x

Nettófjárhæðir skyndilegra vanefnda

1. Stofnanir skulu reikna nettó JTD fjárhæðir með því að jafna brúttó JTD fjárhæðum stuttra áhættuskuldbindinga á móti löngum áhættuskuldbindingum. Einungis skal vera hægt að jafna saman áhættuskuldbindingum gagnvart sama loforðsgjafanum þegar stuttu áhættuskuldbindingarnar hafa sama forgang eða minni forgang en löngu áhættuskuldbindingarnar.

2. Samjöfnunin skal annaðhvort gerð til fulls eða að hluta til, allt eftir binditíma samjafnaðra áhættuskuldbindinga:

a) samjöfnunin skal vera gerð til fulls ef allar samjafnaðar áhættuskuldbindingar hafa eins árs binditíma eða meira,

b) samjöfnunin skal vera gerð að hluta til ef a.m.k. ein af samjöfnuðum áhættuskuldbindingum hafa minna en eins árs binditíma en í því tilviki skal umfang JTD fjárhæðar hverrar áhættuskuldbindingar með styttri en eins árs binditíma margfölduð með hlutfallinu milli binditíma áhættuskuldbindingarinnar og eins árs.

3. Ef ekki er hægt að jafna neinum stöðum skulu brúttó JTD fjárhæðir samsvara nettó JTD fjárhæðum ef um er að ræða áhættuskuldbindingar með eins árs binditíma eða lengri binditíma. Brúttó JTD fjárhæðir með styttri binditíma en eitt ár skulu margfaldaðar með hlutfallinu milli binditíma áhættuskuldbindingarinnar og eins árs, með að lágmarki þremur mánuðum, til að reikna út nettó JTD fjárhæðir.

4. Að því er varðar 2. og 3. mgr. skal taka mið af binditíma afleiðusamninganna fremur en undirliggjandi samninga þeirra. Áhættuskuldbindingar vegna hlutabréfa í reiðufé skulu fá úthlutaðan binditíma til annaðhvort eins árs eða þriggja mánaða, sem stofnuninni er frjálst að ákveða.

325. gr. y

Útreikningur á eiginfjárgrunnskröfum að því er varðar vanskilaáhættu

1. Nettó JTD fjárhæðir, óháð tegund mótaðila, skulu margfaldaðar með vægi vanskilaáhættu sem samsvarar lánshæfi þeirra eins og tilgreint er í töflu 2:

Tafla 2

Lánshæfismatsflokkur	Vægi vanskilaáhættu
Lánshæfisþrep 1	0,5%
Lánshæfisþrep 2	3%

Lánshæfismatsflokkur	Vægi vanskilaáhættu
Lánshæfisþrep 3	6%
Lánshæfisþrep 4	15%
Lánshæfisþrep 5	30%
Lánshæfisþrep 6	50%
Ómetið	15%
Í vanskilum	100%

2. Áhættuskuldbindingar sem myndu fá 0% áhættuvog samkvæmt staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu í samræmi við 2. kafla II. bálks skulu fá 0% áhættuvog vegna krafna um eiginfjárgrunn að því er varðar vanskilaáhættu.

3. Vegin nettó JTD skal færð í eftirfarandi undirflokka: félög, ríki og sveitarfélög.

4. Vegnar nettó JTD fjárhæðir skulu lagðar saman í hverjum undirflokki í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$DRC_b = \max\{(\Sigma_{i \in long} RW_i \cdot \text{net JTD}_i) - WtS \cdot (\Sigma_{i \in short} RW_i \cdot |\text{net JTD}_i|); 0\}$$

þar sem:

DRC_b = kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu fyrir undirflokk b,

i = stuðullinn sem tilgreinir gerninginn sem tilheyrir undirflokki b,

RW_i = áhættuvogin, og

WtS = hlutfallið fyrir útreikning á hagnað að því er varðar áhættuvarnartengsl innan undirflokks sem skal reiknaður sem hér segir:

$$WtS = \frac{\sum \text{netJTD}_{long}}{\sum \text{netJTD}_{long} + \sum|\text{netJTD}_{short}|}$$

Að því er varðar útreikninginn skulu DRC_b og WtS, gnóttstöður og skortstöður lagðar saman fyrir allar stöður innan undirflokks, óháð lánshæfisþrepinu sem þessum stöðum er úthlutað á, til að fá kröfu um eiginfjárgrunn fyrir hvern undirflokk að því er varðar vanskilaáhættu.

5. Endanleg krafa um eiginfjárgrunn að því er varðar vanskilaáhættu fyrir gerninga sem ekki eru verðbréfanir skulu reiknaðar sem einföld summa af kröfum um eiginfjárgrunn innan hvers undirflokks.

2. undirþáttur

Kröfur um eiginfjárgrunn fyrir vanskilaáhættum að því er varðar verðbréfanir sem ekki eru í óhefðbundna fylgiviðskiptasafninu

325. gr. z

Fjárhæðir skyndilegra vanefnda

1. Brúttófjárhæðir skyndilegra vanefnda að því er varðar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar skulu vera markaðsvirði þeirra, eða ef markaðsvirði er ekki tiltækt gangvirði þeirra sem ákvarðað er í samræmi við viðeigandi reiknings-skilaumgjörð.

2. Nettófjárhæðir skyndilegra vanefnda skulu ákvarðaðar með því að jafna bruttófjárhæðum skyndilegra vanefnda að því er varðar langar áhættuskuldbindingar á móti skyndilegum vanefndum á stuttum áhættuskuldbindingum. Samjöfnunin getur eingöngu verið gerð milli verðbréfaðra staðna með sama undirliggjandi eignasafn og tilheyrir sama áhættulagi. Engin samjöfnun skal heimil milli verðbréfaðra staðna með mismunandi undirliggjandi eignasöfn, jafnvel þegar tengi- og aftengipunktar (e. *attachment and detachment* points) eru þeir sömu.

3. Þegar hægt er að líkja fullkomlega eftir öðrum fyrirliggjandi verðbréfuðum stöðum með því að sundurliða eða sameina fyrirliggjandi verðbréfaðar stöður, burtséð frá líftímavíddinni, má nota áhættuskuldbindingarnar sem leiðir af þessari sundurliðun eða sameiningu í staðinn fyrir fyrirliggjandi áhættuskuldbindingar til þess að jafna saman stöðurnar.

4. Þegar hægt er að líkja fullkomlega eftir allri áhættuuppbyggingu í fyrirliggjandi verðbréfaðri stöðu með því að sundurliða eða sameina fyrirliggjandi verðbréfaðar stöður í undirliggjandi nöfnum má nota áhættuskuldbindingarnar sem leiðir af þessari sundurliðun eða sameiningu í staðinn fyrir fyrirliggjandi áhættuskuldbindingar til þess að jafna saman stöðurnar. Þegar undirliggjandi nöfn eru notuð á þennan hátt skulu þau fjarlægð úr meðferðinni á vanskilaáhættu sem varða gerninga sem ekki eru verðbréfanir. Þegar undirliggjandi nöfn eru notuð á þennan hátt skulu þau fjarlægð úr meðferðinni á vanskilaáhættu sem varða gerninga sem ekki eru verðbréfanir.

5. Ákvæði 325. gr. x gilda bæði um fyrirliggjandi verðbréfaðar áhættuskuldbindingar og verðbréfaðar skuldbindingar sem notaðar eru í samræmi við 3. eða 4. mgr. þessarar greinar. Viðeigandi binditímar skulu vera þeir sem eiga við um verðbréfuð áhættulög.

325. gr. aa

Útreikningur á eiginfjárgrunnskröfum að því er varðar vanskilaáhættu fyrir verðbréfanir

1. Nettó JTD fjárhæðir verðbréfaðra áhættuskuldbindinga skulu margfaldaðar með 8% af áhættuvoginni sem notuð er fyrir viðeigandi áhættuskuldbindingar, þ.m.t. einfaldar, gagnsæjar og staðlaðar verðbréfanir (e. *STS-securitisations*) í fjárfestingarbókinni í samræmi við forgangsröðun aðferðanna sem um getur í 3. þætti 5. kafla II. bálks og án tillits til tegundar mótaðila.

2. Eins árs binditími skal notaður fyrir öll áhættulög, þar sem áhættuvogir eru reiknaðar í samræmi við SEC-IRBA og SEC-ERBA.

3. Áhættuvegnar JTD fjárhæðir fyrir einstakar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar í reiðufé sem takmarkast við gangvirði stöðunnar.

4. Áhættuvegnar nettó JTD fjárhæðir skulu færðar í eftirfarandi undirflokka:

a) einn sameiginlegan undirflokk fyrir öll félög, óháð landsvæðinu,

b) 44 mismunandi undirflokka sem samsvara einum undirflokki fyrir hvern af þeim 11 eignaflokkum sem skilgreindir eru í annarri undirgrein.

Að því er varðar fyrstu undirgreinina þá eru 11 eignarflokkarnir eignatryggð skammtímabréf (e. *asset-backed commercial paper*, ABCP), bílalán/-leiga, verðbréf, tryggð með fasteignaveði í íbúðarhúsnæði (e. *residential mortgage-backed securities*, RMBS), kreditkort, verðbréf, tryggð með fasteignaveði í atvinnuhúsnæði (e. *commercial mortgage-backed securities*, CMBS), lánavafningar (e. *collateralised loan obligations*, CLO), skuldavafningar (e. *collateralised debt obligations squared*, CDO-squared), lítil og meðalstór fyrirtæki, námslán, aðrar skuldbindingar gagnvart viðskiptavinum, smásölu eða heildsölu. Landsvæðin fjögur eru Asía, Evrópa, Norður-Ameríka og aðrir heimshlutar.

5. Til þess að flokka verðbréfaða skuldbindingu í undirflokk skulu stofnanir nota flokkun sem almennt er notuð á markaðinum. Stofnanir skulu flokka hverja verðbréfaða stöðu í aðeins einn af þeim undirflokkum sem um getur í 4. mgr. Allar verðbréfaðar stöður sem stofnun getur ekki flokkað í undirflokk fyrir eignaflokk eða landsvæði skulu flokkaðar í eignaflokkinn „aðrar áhættuskuldbindingar gagnvart smásöluviðskiptavinum“ eða aðrar áhættuskuldbindingar gagnvart heildsöluviðskiptavinum, eða landsvæðið „aðrir heimshlutar“, eftir því sem við á.

6. Vegnar nettó JTD fjárhæðir skulu lagðar saman í hverjum undirflokki á sama hátt og þegar um er að ræða vanskilaáhættu vegna áhættuskuldbindinga sem ekki eru verðbréfaðar með því að nota formúluna í 4. mgr. 325. gr. y, og þannig fæst eiginfjárgrunnskrafan að því er varðar vanskilaáhættu fyrir hvern undirflokk.

7. Endanleg eiginfjárgrunnskrafa að því er varðar vanskilaáhættu fyrir verðbréfanir sem ekki eru felldar inn í fylgniviðskiptasafnið skal reiknuð sem einföld summa af eiginfjárgrunnskröfunum innan hvers undirflokks.

3. undirþáttur

Eiginfjárgrunnskröfur að því er varðar vanskilaáhættu vegna verðbréfana sem ekki eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu

325. gr. ab

Gildissvið

1. Að því er varðar óhefðbundna fylgniviðskiptasafnið skulu eiginfjárgrunnskröfurnar taka til vanskilaáhættu vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga og áhættuvarna áhættuskuldbindinga sem ekki eru verðbréfanir. Þessar áhættuvarnir skal ekki taka með í útreikningum á vanskilaáhættu fyrir áhættuskuldbindingar sem ekki eru verðbréfanir. Það skal ekki vera neinn fjölþættingarábati milli eiginfjárgrunnskrafna að því er varðar vanskilaáhættu vegna gerninga sem eru ekki verðbréfanir, eiginfjárgrunnskrafna að því er varðar vanskilaáhættu vegna verðbréfana sem ekki eru í fylgniviðskipta-safninu og eiginfjárgrunnskrafnanna að því er varðar vanskilaáhættu vegna verðbréfana sem eru í fylgniviðskiptasafninu.

2. Að því er varðar útlána- og hlutabréfaafleiður sem viðskipti eru höfð með án verðbréfunar þá ákvarðast JTD fjárhæðir fyrir einstaka hluta með því að nota gegnsæisaðferðina.

325. gr. ac

Fjárhæðir skyndilegra vanefnda að því er varðar óhefðbundið fylgniviðskiptasafn

1. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „sundurliðun með verðlagningarlíkani“: það að meta þátt eins aðila í verðbréfun sem mismuninn á óskilyrtu virði verðbréfunarinnar og skilyrtu virði verðbréfunarinnar þannig að gert sé ráð fyrir því að vanskil þess hluta sem tilheyrir einum aðila sé 100% tap að gefnum vanefndum;

b) „eftirlíking“: það að sameina einstaka verðbréfaða áhættulagsstuðla til þess að líkja eftir öðru áhættulagi af sömu vísitöluröð eða til að líkja eftir stöðu án áhættulags í vísitöluröðinni,

c) „sundurliðun“: eftirlíking vísitölu með verðbréfun þar sem undirliggjandi áhættuskuldbinding í safninu er eins og áhættuskuldbinding eins aðila sem myndar vísitöluna.

2. Brúttó JTD fjárhæðir verðbréfaðra áhættuskuldbindinga og áhættuskuldbindinga sem ekki eru verðbréfaðar í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu skal vera markaðsvirði þeirra, eða ef markaðsvirði er ekki tiltækt gangvirði þeirra sem ákvarðað er í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð.

3. Meðhöndla skal afurðir sem byggjast á n-ta vanskilaaðila sem lagskiptar afurðir með eftirfarandi tengi- og aftengipunktum:

a) attachment point = (N – 1)/Total Names,

b) detachment point = N/Total Names,

þar sem „Total Names“ skal vera heildartala nafna í undirliggjandi undirflokki eða safni.

4. Nettó JTD fjárhæðir skal ákvarða með því að jafna brúttó JTD fjárhæðum á móti brúttó JTD fjárhæðum stuttra áhættuskuldbindinga. Jöfnun skal eingöngu möguleg milli áhættuskuldbindinga sem eru eins burtséð frá binditíma. Jöfnun getur eingöngu verið framkvæmd sem hér segir:

a) Að því er varðar vísitölur, vísitöluáhættulög og sérsniðin áhættulög skal jöfnun vera möguleg þvert á binditíma innan sömu vísitölufjölskyldu, röð og áhættulagi með fyrirvara um ákvæði um áhættuskuldbindingar með styttri binditíma en eitt ár sem um getur í 325. gr. x; brúttó JTD fjárhæðir fyrir langar áhættuskuldbindingar og brúttó JTD fjárhæðir fyrir stuttar áhættuskuldbindingar sem líkja fullkomlega eftir hver annarri má jafna með sundurliðun á sambærilegar áhættuskuldbindingar undir einu nafni með því að nota verðlagningarlíkan; í slíkum tilvikum skal summa brúttó JTD fjárhæða undir einum aðila sem samsvarar áhættuskuldbindingum sem fást með sundurliðun vera jöfn brúttó JTD fjárhæðum áhættuskuldbindingar sem ekki hafa verið sundurliðaðar,

b) jöfnun með sundurliðun eins og sett er fram í a-lið skal ekki heimiluð fyrir endurverðbréfanir eða verðbréfaðar afleiður,

c) að því er varðar vísitölur og áhættuálagsvísitölur skal jöfnun vera möguleg milli binditíma innan sömu vísitölufjölskyldu, röð eða áhættuálagi með eftirlíkingu eða með sundurliðun; þegar langar áhættuskuldbindingar og stuttar áhættuskuldbindingar eru á annan hátt jafngildar, burtséð frá einum eftirstöðuþætti skal jöfnun heimil og nettó JTD fjárhæðin skal endurspegla eftirstæða áhættuskuldbindingu,

d) mismunandi áhættulög í sömu vísitöluröð, mismunandi raðir sömu vísitölu og mismunandi vísitölufjölskyldur má ekki nota til að jafna hverja aðra.

325. gr. ad

Útreikningur á eiginfjárgrunnskröfum að því er varðar vanskilaáhættu fyrir óhefðbundið fylgniviðskiptasafn

1. Nettó JTD fjárhæðir skulu margfaldaðar með:

a) að því er varðar afurðir sem skipt er í áhættulög (e. *tranched*), vægi vanskilaáhættu sem samsvarar lánshæfi þeirra eins og tilgreint er í 1. og 2. mgr. 325. gr. y,

b) að því er varðar afurðir sem ekki er skipt í áhættulög, vægi vanskilaáhættu sem um getur í 1. mgr. 325. gr. aa.

2. Áhættuvegnar nettó JTD fjárhæðir skulu settar í undirflokka sem samsvara vísitölu.

3. Vegnar nettó JTD fjárhæðir skulu lagðar saman innan hvers undirflokks í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$DRC_b = \max\{(\Sigma_{i \in long} RW_i \cdot \text{net JTD}_i) - WtS_{ACTP} \cdot (\Sigma_{i \in short} RW_i \cdot |\text{net JTD}_i|); 0\}$$

þar sem:

DRC_b = kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu fyrir undirflokk b,

i = gerningur sem tilheyrir undirþætti b, og

WtS_{ACTP} = hlutfallið fyrir færslu á hagnaði fyrir áhættuvarnartengsl innan undirflokks sem skal reiknað í samræmi við WtS formúluna sem sett er fram í 4. mgr. 325. gr. en með löngum stöðum og stuttum stöðum þvert á allt óhefðbundna fylgniviðskiptasafnið en ekki aðeins stöðurnar í viðkomandi undirflokki.

4. Stofnanir skulu reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir vanskilaáhættu fyrir óhefðbundið fylgniviðskiptasafn með því að nota eftirfarandi formúlu:

$$DRC_{ACTP} = \max\left\{\sum_b (\max\{DRC_b, 0\} + 0{,}5 \cdot \min\{DRC_b, 0\});\ 0)\right\}$$

þar sem:

DRC_{ACTP} = kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu fyrir óhefðbundna fylgniviðskiptasafnið, og

DRC_b = kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu fyrir undirflokk b.

6. þáttur

Áhættuvogir og fylgni

1. undirþáttur

Deltaáhættuvogir og fylgni

325. gr. ae

Áhættuvogir fyrir almenna vaxtaáhættu

1. Að því er varðar gjaldmiðla sem ekki eru settir í undirflokkinn fyrir auðseljanlegustu gjaldmiðlana eins og um getur í b-lið 7. mgr. 325. gr. bd, skal áhættuvægi fyrir næmið gagnvart áhættulausum áhættuvaxtaþáttum fyrir hvern undirflokk í töflu 3 vera tilgreint samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 461. gr. a.

Tafla 3

Undirflokkur	Binditími
1	0,25 ár
2	0,5 ár
3	1 ár

Undirflokkur	Binditími
4	2 ár
5	3 ár
6	5 ár
7	10 ár
8	15 ár
9	20 ár
10	30 ár

2. Sameiginleg áhættuvog bæði fyrir allt næmi gagnvart verðbólguáhættuþáttum og gjaldeyrisvaxtaáhættuþáttum skal tilgreint í framseldu gerðinni sem um getur í 461. gr. a.

3. Að því er varðar gjaldmiðlana sem eru settir í undirflokkinn fyrir auðseljanlegustu gjaldmiðlana eins og um getur í b-lið 7. mgr. 325. gr. bd og innlendan gjaldmiðil stofnunarinnar skal áhættuvægi vaxtaáhættulausa áhættuþáttarins vera áhættuvægið sem um getur í töflu 3 deilt með √2,

325. gr. af

Fylgni innan undirflokks fyrir almenna vaxtaáhættu

1. Milli tveggja veginna næmisþátta fyrir almenna vaxtaáhættu WS_k og WS_l innan sama undirflokks sem úthlutað er sama binditíma en sem samsvara mismunandi kúrfum skal fylgnin ρ_{kl} fastsett við 99,90%.

2. Milli tveggja veginna næmisþátta fyrir almenna vaxtaáhættu WS_k og WS_l innan sama undirflokks sem samsvara sömu kúrfu en hafa mismunandi binditíma skal fylgnin fastsett í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\max\left[e^{\left(-\vartheta\cdot\frac{|T_k-T_l|}{\min\{T_k;\,T_l\}}\right)};\ 40\ \%\right]$$

þar sem:

T_k (respectivelyT_l) = binditíminn sem tengist áhættulausum vöxtum,

ϑ = 3%

3. Milli tveggja veginna næmisþátta fyrir almenna vaxtaáhættu WS_k og WS_l innan sama undirflokks sem samsvara mismunandi kúrfum og hafa mismunandi binditíma skal fylgnin ρ_{kl} vera jöfn fylgnistikanum sem tilgreindur er í 2. mgr., margfölduð með 99,90%.

4. Milli hvers tiltekins vegins næmisþáttar fyrir almenna vaxtaáhættu WS_k og hvers tiltekins vegins næmisþáttar fyrir verðbólguvaxtaþátt WS_l skal fylgnin fastsett við 40%.

5. Milli hvers tiltekins næmisþáttar fyrir gjaldeyrisvaxtaáhættu WS_k og hvers tiltekins næmisþáttar fyrir almenna þætti vaxtaáhættu WS_l, að meðtöldum öðrum þætti gjaldeyrisvaxtaáhættu skal fylgnin fastsett við 0%.

325. gr. ag

Fylgni þvert á undirflokka að því er varðar almenna vaxtaáhættuþætti

1. Breytan γ_{bc} = 50 % skal notuð til að leggja saman áhættuþætti sem tilheyra mismunandi undirflokkum.

2. Breytan γ_{bc} = 80 % skal notuð til að leggja saman vaxtaáhættuþætti sem byggjast á gjaldmiðlum eins og um getur í 3. mgr. 325. gr. av og vaxtaáhættuþætti sem byggjast á evru.

325. gr. ah

Áhættuvogir fyrir vaxtaálagsáhættu fyrir gerninga sem ekki eru verðbréfanir

1. Áhættuvogir fyrir næmi gagnvart vaxtaálagsþáttum fyrir gerninga sem ekki eru verðbréfanir skulu vera þær sömu fyrir alla binditíma (0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár, 10 ár) innan hvers undirflokks í töflu 4:

Tafla 4

Númer undirflokks	Lánshæfi	Atvinnugrein	Áhættuvog (prósentustig)
1	Allir	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, aðildarríkis	0,50%
2	Lánshæfisþrep 1 til 3	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, aðildarríkis, fjölþjóðlegir þróunarbankar og alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 117. gr. eða 118. gr.	0,5%
3		Héraðsstjórn eða staðaryfirvöld og opinberir aðilar	1,0%
4		Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn, héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og veitendur stuðningslána	5,0%
5		Hrávörur, orka, iðnaðarafurðir, landbúnaður, framleiðsla, námugröftur og grjótnám	3,0%
6		Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta	3,0%
7		Tækni og fjarskipti	2,0%
8		Heilbrigðisþjónusta, veitur, sérfræðiþjónusta og tæknileg starfsemi	1,5%
9		Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum í aðildarríkjum	1,0%
11	Lánshæfisþrep 4 til 6	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, aðildarríkis, fjölþjóðlegir þróunarbankar og alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 117. gr. eða 118. gr.	
12		Héraðsstjórn eða staðaryfirvöld og opinberir aðilar	4,0%
13		Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn, héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og veitendur stuðningslána	12,0%
14		Hrávörur, orka, iðnaðarafurðir, landbúnaður, framleiðsla, námugröftur og grjótnám	7,0%
15		Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta	8,5%
16		Tækni og fjarskipti	5,5%
17		Heilbrigðisþjónusta, veitur, sérfræðiþjónusta og tæknileg starfsemi	5,0%
18	Aðrar atvinnugreinar		12,0%

2. Til að fella áhættuskuldbindingu undir atvinnugrein skulu stofnanir styðjast við flokkun sem er almennt notuð á markaðinum til að flokka útgefendur eftir atvinnugrein. Stofnanir skulu fella útgefendur undir eingöngu einn flokk í undirflokkunum eftir atvinnugreinum í töflu 4. Áhættuskuldbindingar frá útgefanda sem er stofnun sem ekki er hægt að setja undir atvinnugrein á þennan hátt skulu settar í undirflokk 18 í töflu 4.

325. gr. ai

Fylgni innan sama undirflokks að því er varðar vaxtaálagsþætti gerninga sem ekki eru verðbréfanir

1. Fylgnistikinn ρ_{kl} milli tveggja næmisþátta WS_k og WS_l innan sama undirflokks skal fastsettur sem hér segir:

$$\rho_{kl} = \rho_{kl}^{(name)} \cdot \rho_{kl}^{(tenor)} \cdot \rho_{kl}^{(basis)}$$

þar sem:

$\rho_{kl}^{(name)}$ skal vera jafnt og 1 þegar tvo nöfn næmis k og l eru eins, annars skal það vera 35%;

$\rho_{kl}^{(tenor)}$ skal vera jafnt og 1 þegar tveir hornpunktar næmis k og l eru eins, annars skal það vera 65% og

$\rho_{kl}^{(basis)}$ skal vera jafnt og 1 þegar tveir næmisþættir tengjast sömu kúrfu, annars skal það vera 99,90%.

2. Fylgnistikarnir sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar gilda ekki um undirflokk 18 í töflu 4 í 1. mgr. 325. gr. ah. Eiginfjárkröfurnar í tengslum við samlagningarformúluna fyrir deltaáhættu í undirflokki 18 skulu vera jafnt og samtala algildis nettóveginna áhættuþátta sem settir eru í þann undirflokk:

$$K_{b^{(\text{bucket 18})}} = \sum_k |WS_k|$$

325. gr. aj

Fylgni þvert á undirflokka að því er varðar vaxtaálagsþætti gerninga sem ekki eru verðbréfanir

Fylgnistikinn γ_{bc} sem gildir um samlagningu næmisþátta milli mismunandi undirflokka skal fastsettur sem hér segir:

$$\gamma_{bc} = \gamma_{bc}^{(rating)} \cdot \gamma_{bc}^{(sector)}$$

þar sem:

$\gamma_{bc}^{(rating)}$ skal vera jafnt og 1 þegar tveir undirflokkar eru í sama lánahæfisflokknum (annaðhvort lánshæfisþrepi 1 til 3 eða lánshæfisþrepi 4 til 6) en annars vera jafnt 50%; að því er varðar þann útreikning skal undirflokkur 1 teljast tilheyra sama lánshæfisflokknum og undirflokkar sem hafa lánshæfisþrep 1 til 3, og

$\gamma_{bc}^{(sector)}$ skal vera jafnt og 1 þegar tveir undirflokkar tilheyra sömu atvinnugrein en annars hafa samsvarandi hundraðshlutfall og fastsett er í töflu 5:

Tafla 5

Undirflokkur	1, 2 og 11	3 og 12	4 og 13	5 og 14	6 og 15	7 og 16	8 og 17	9
1, 2 og 11		75%	10%	20%	25%	20%	15%	10%
3 og 12			5%	15%	20%	15%	10%	10%
4 og 13				5%	15%	20%	5%	20%
5 og 14					20%	25%	5%	5%

Undirflokkur	1, 2 og 11	3 og 12	4 og 13	5 og 14	6 og 15	7 og 16	8 og 17	9
6 og 15						25%	5%	15%
7 og 16							5%	20%
8 og 17								5%
9								—

325. gr. ak

Áhættuvogir fyrir vaxtaálagsáhættu vegna verðbréfana sem eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu

Áhættuvogir fyrir næmi gagnvart áhættuþáttum vaxtaálags að því er varðar verðbréfanir sem felldar eru undir áhættuþætti óhefðbundna fylgniviðskiptasafnsins skulu vera þær sömu fyrir alla binditíma (0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár og 10 ár) í hverjum undirflokki og skulu tilgreindar fyrir hvert undirsafn í töflu 6 samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 461. gr. a:

Tafla 6

Númer undirflokks	Lánshæfi	Atvinnugrein
1	Allir	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, aðildarríkja
2	Lánshæfisþrep 1 til 3	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, aðildarríkis, fjölþjóðlegir þróunarbankar og alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 117. gr. eða 118. gr.
3		Héraðsstjórn eða staðaryfirvöld og opinberir aðilar
4		Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn, héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og veitendur stuðningslána
5		Hrávörur, orka, iðnaðarafurðir, landbúnaður, framleiðsla, námugröftur og grjótnám
6		Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta
7		Tækni og fjarskipti
8		Heilbrigðisþjónusta, veitur, sérfræðiþjónusta og tæknileg starfsemi
9		Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum í aðildarríkjum
10		Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum í þriðju löndum
11	Lánshæfisþrep 4 til 6	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, aðildarríkis, fjölþjóðlegir þróunarbankar og alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 117. gr. eða 118. gr.
12		Héraðsstjórn eða staðaryfirvöld og opinberir aðilar
13		Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn, héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og veitendur stuðningslána
14		Hrávörur, orka, iðnaðarafurðir, landbúnaður, framleiðsla, námugröftur og grjótnám

Númer undirflokks	Lánshæfi	Atvinnugrein
15		Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta
16		Tækni og fjarskipti
17		Heilbrigðisþjónusta, veitur, sérfræðiþjónusta og tæknileg starfsemi
18	Aðrar atvinnugreinar	

325. gr. al

Fylgni fyrir vaxtaálagsáhættu vegna verðbréfana sem eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu

1. Deltaáhættufylgnin ρ_{kl} skal fengin í samræmi við 325. gr. ai, nema að því er varðar þessa málsgrein skal $\rho_{kl}^{(basis)}$ vera jafn og 1 þegar tveir næmisþættir tengjast sömu kúrfunni, annars skal hún vera 99,00%.

2. Fylgni γ_{bc} skal fengin í samræmi við 325. gr. aj.

325. gr. am

Áhættuvogir fyrir vaxtaálagsáhættu vegna verðbréfana sem ekki eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu

1. Áhættuvogir fyrir næmi gagnvart áhættuþáttum vaxtaálags að því er varðar verðbréfanir sem ekki eru felldar undir óhefðbundna fylgniviðskiptasafnið skulu vera þær sömu fyrir alla binditíma (0,5 ár, 1 ár, 3 ár, 5 ár og 10 ár) í hverjum undirflokki í töflu 7 og skulu tilgreindar fyrir hvert undirsafn í töflu 7 samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 461. gr. a:

Tafla 7

Númer undirflokks	Lánshæfi	Atvinnugrein
1	Forgangsstaða og lánshæfisþrep 1 til 3	RMBS - Prime
2		RMBS - Mid-Prime
3		RMBS - Sub-Prime
4		CMBS
5		Eignatryggð verðbréf (ASB) - námslán
6		ABS - kreditkort
7		ABS - bíla
8		Lánavafningar (e. *Collateralised loan obligations* (CLO))
9	Engin forgangsstaða og lánshæfisþrep 1 til 3	RMBS - Prime
10		RMBS - Mid-Prime
11		RMBS - Sub-Prime
12		CMBS
13		ABS - Námslán
14		ABS - kreditkort
15		ABS - bíla
16		CLO utan ACTP

Númer undirflokks	Lánshæfi	Atvinnugrein
17	Lánshæfisþrep 4 til 6	RMBS - Prime
18		RMBS - Mid-Prime
19		RMBS - Sub-Prime
20		CMBS
21		ABS - Námslán
22		ABS - kreditkort
23		ABS - bíla
24		CLO utan ACTP
25	Aðrar atvinnugreinar	

2. Til að fella áhættuskuldbindingu undir atvinnugrein skulu stofnanir styðjast við flokkun sem er almennt notuð á markaðinum til að flokka útgefendur eftir atvinnugrein. Stofnanir skulu setja hvert áhættulag í einn undirflokkanna eftir atvinnugreinum í töflu 7. Áhættuskuldbindingar vegna áhættulags sem er stofnun sem ekki er hægt að setja undir atvinnugrein á þennan hátt skulu settar í undirflokk í töflu 25.

325. gr. an

Fylgni innan undirflokks fyrir vaxtaálagsáhættu vegna verðbréfana sem ekki eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu

1. Milli tveggja næmisþátta WS_k og WS_l innan sama undirflokks skal fylgnistikinn ρ_{kl} fastsettur sem hér segir:

$$\rho_{kl} = \rho_{kl}^{(tranche)} \cdot \rho_{kl}^{(tenor)} \cdot \rho_{kl}^{(basis)}$$

þar sem:

$\rho_{kl}^{(thranche)}$ skal vera jafnt og 1 þegar tvö næmisnöfn k og l eru innan sama undirflokks og tengjast sama verðbréfunaráhættulaginu (meira en 80% skörun í viðmiðunarfjárhæðum), annars skal það vera 40%,

$\rho_{kl}^{(tenor)}$ skal vera jafnt og 1 þegar tveir hornpunktar næmis k og l eru eins, annars skal það vera 80% og

$\rho_{kl}^{(basis)}$ skal vera jafnt og 1 þegar tveir næmisþættir tengjast sömu kúrfu, annars skal það vera 99,90%.

2. Fylgnistikarnir sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar gilda ekki um undirflokk 25 í töflu 7 í 1. mgr. 325. gr. am. Eiginfjárkrafa fyrir samtölu deltaáhættu í undirflokki 25, skal vera jöfn summu algildis nettó veginna næmisþátta sem falla í þann undirflokk.

$$K_{b^{(bucket\ 25)}} = \sum_k |WS_k|$$

325. gr. ao

Fylgni fyrir vaxtaálagsáhættu vegna verðbréfana sem ekki eru í óhefðbundna fylgniviðskiptasafninu

1. Fylgnistikinn γ_{bc} sem gildir um samlagningu næmisþátta milli mismunandi undirflokka skal fastsettur við 0%.

2. Eiginfjárgrunnskröfurnar fyrir undirflokk 25 skulu bætast við eigið fé fyrir heildar áhættuflokkinn, án þess að taka með í reikninginn fjölbreytni- eða áhættuvarnaráhrif í tengslum við annan undirflokk.

325. gr. ap

Áhættuvogir fyrir hlutabréfaáhættu

1. Áhættuvogir fyrir næmi gagnvart hlutabréfum og fyrir áhættuþætti fyrir endurhverf hlutabréfa- og verðbréfakaup skulu tilgreindar fyrir hvern undirflokk í töflu 8 samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 461. gr. a:

Tafla 8

Númer undirflokks	Markaðsverðmæti	Hagkerfi	Atvinnugrein
1	Stór	Ný markaðshagkerfi	Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta, heilbrigðisþjónusta og veitur
2			Fjarskipti og iðnaðarafurðir
3			Hrávörur, orka, landbúnaður, framleiðsla, námugröftur og grjótnám
4			Fjármálaafurðir, þ.m.t. ríkistryggðar fjármálaafurðir, fasteignaviðskipti og tækni
5		Þróað hagkerfi	Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta, heilbrigðisþjónusta og veitur
6			Fjarskipti og iðnaðarafurðir
7			Hrávörur, orka, landbúnaður, framleiðsla, námugröftur og grjótnám
8			Fjármálaafurðir, þ.m.t. ríkistryggðar fjármálaafurðir, fasteignaviðskipti og tækni
9	Lítil	Ný markaðshagkerfi	Allar atvinnugreinar sem lýst er undir undirflokksnúmerum 1, 2, 3 og 4
10		Þróað hagkerfi	Allar atvinnugreinar sem lýst er undir undirflokksnúmerum 5, 6, 7 og 8
11	Aðrar atvinnugreinar		

2. Að því er varðar þessa grein skal tilgreina nánar hvað átt er við með miklum markaðsverðmætum í tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í 7. mgr. 325. gr. bd.

3. Að því er varðar þessa grein skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina hvað átt er við með nýjum mörkuðum og tilgreina nánar hvað átt er við með þróuðu hagkerfi.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2021.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

4. Þegar áhættuskuldbinding er felld undir atvinnugrein skulu stofnanir styðjast við flokkun sem er almennt notuð á markaðinum til að flokka útgefendur eftir atvinnugrein. Stofnanir skulu fella hvern útgefanda undir einn af atvinnugreinaundirflokkunum í töflu 8 og fella alla útgefendur úr sömu atvinnugrein undir sama flokk. Áhættuskuldbindingar frá útgefanda sem er stofnun sem ekki er hægt að setja undir atvinnugrein á þennan hátt skulu settar í undirflokk 11 í töflu 8. Fjölþjóðlegir hlutabréfaútgefendur eða útgefendur hlutabréfa í mörgum atvinnugreinum skulu felldir undir sérstakan undirflokk á grundvelli mikilvægasta svæðisins eða atvinnugreinarinnar þar sem hlutabréfaútgefandinn er með starfsemi.

325. gr. aq

Fylgnistuðlar innan undirþáttar fyrir hlutabréfaáhættu

1. Deltaáhættufylgnistikinn ρ_{kl} milli tveggja næmisþátta WS_k og WS_l innan sama undirflokks skal fastsettur við 99,90 % þegar annar þeirra er næmi gagnvart stundargengi hlutabréfsins og hinn er næmi gagnvart endurhverfum hlutabréfakaupum þegar báðir tengjast sama nafni hlutabréfaútgefandans.

2. Í öðrum tilvikum en þeim sem um getur í 1. mgr. skal fastsetja fylgnistikann ρkl milli tveggja næmisþátta WS_k og WS_l við stundargengi hlutabréfsins innan sama undirflokks sem hér segir:

a) 15% milli tveggja næmisþátta innan sama undirflokks sem fellur undir flokkinn mikil markaðsverðmæti, nýtt markaðshagkerfi (undirflokksnúmer 1, 2, 3 eða 4),

b) 25 % milli tveggja næmisþátta innan sama undirflokks sem fellur undir flokkinn mikil markaðsverðmæti, þróað hagkerfi (undirflokksnúmer 5, 6, 7 eða 8),

c) 7,5 % milli tveggja næmisþátta innan sama undirflokks sem fellur undir flokkinn lítil markaðsverðmæti, nýtt markaðshagkerfi (undirflokksnúmer 9),

d) 12,5 % milli tveggja næmisþátta innan sama undirflokks sem fellur undir flokkinn lítil markaðsverðmæti, nýtt markaðshagkerfi (undirflokksnúmer 10).

3. Fylgnistikinn ρ_{kl} milli tveggja næmisþátta WS_k og WS_l að því er varðar endurhverf hlutabréfaviðskipti innan sama undirflokks skal fastsettur í samræmi við 2. mgr.

4. Milli tveggja næmisþátta WS_k og WS_l innan sama undirflokks þegar annar er næmi gagnvart stundargengi hlutabréfsins og hinn næmi gagnvart endurhverfum hlutabréfakaupum og báðir næmisþættirnir varða mismunandi nafn hlutabréfaútgefanda skal fylgnistikinn ρkl fastsettur við fylgnistikana sem tilgreindir eru í 2. mgr. margfaldaður með 99,90%.

5. Fylgnistikarnir sem tilgreindir eru í 1. til 4. mgr. gilda ekki um undirflokk 11. Eiginfjárkröfurnar í tengslum við samlagningarformúluna fyrir deltaáhættu í undirflokki 11 skulu vera jafnt og samtala algildis nettóveginna áhættuþátta sem settir eru í þann undirflokk.

$$K_{b(\text{bucket } 11)} = \sum_{k} |WS_k|$$

325. gr. ar

Fylgni þvert á undirflokka að því er varðar hlutabréfaáhættu

Fylgnistikinn γ_{bc} gildir um samlagningu næmisþátta milli mismunandi undirflokka. Hann skal fastsettur við 15% þegar tveir undirflokkar falla undir undirflokka 1 til 10.

325. gr. as

Áhættuvogir fyrir hrávöruáhættu

Áhættuvogir fyrir næmi gagnvart áhættuþáttum fyrir hrávöru skulu tilgreindar fyrir hvern undirflokk í töflu 9 samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 461. gr. a:

Tafla 9

Númer undirflokks	Heiti undirflokks
1	Orka - föst brennanleg efni
2	Orka - fljótandi brennanleg efni
3	Orka - raforku- og kolefnaviðskipti

Númer undirflokks	Heiti undirflokks
4	Farmur
5	Aðrir málmar en góðmálmar
6	Brennanleg efni í gaskenndu formi
7	Góðmálmar (fyrir utan gull)
8	Korn og olíufræ
9	Búfénaður og mjólkurbú
10	Mjúkar hrávörur og aðrar landbúnaðarhrávörur
11	Aðrar hrávörur

325. gr. at

Fylgni innan undinþátta fyrir hrávöruáhættu

1. Að því er varðar þessa grein skulu tvær hrávörur teljast vera aðgreindar hrávörur þegar á markaðinum eru fyrir hendi tveir samningar sem eru eingöngu aðgreindir með undirliggjandi hrávöru sem á að afhenda samkvæmt hvorum samningi.

2. Fylgnistikinn ρ_{kl} milli tveggja næmisþátta WS_k og WS_l innan sama undirflokks skal fastsettur sem hér segir:

$$\rho_{kl} = \rho_{kl}^{(commodity)} \cdot \rho_{kl}^{(tenor)} \cdot \rho_{kl}^{(basis)}$$

þar sem:

$\rho_{kl}^{(commodity)}$ skal vera jafnt og 1 þegar tvær hrávörur með næmi k og l eru eins, annars skal það vera jafnt og fylgnin innan undirflokks í töflu 10,

$\rho_{kl}^{(tenor)}$ skal vera jafnt og 1 þegar tveir hornpunktar næmis k og l eru eins, annars skal það vera 99% og

$\rho_{kl}^{(basis)}$ skal vera jafnt og 1 þegar tveir næmisþættir eru eins með tilliti til afhendingarstaðar hrávöru, annars skal það vera 99,90%.

3. Fylgni innan undirþáttar $\rho_{kl}^{(commodity)}$ er:

Tafla 10

Númer undirflokks	Heiti undirflokks	Fylgni ρ_{kl} (hrávara)
1	Orka - föst brennanleg efni	55%
2	Orka - fljótandi brennanleg efni	95%
3	Orka - raforku- og kolefnaviðskipti	40%
4	Farmur	80%
5	Aðrir málmar en góðmálmar	60%
6	Brennanleg efni í gaskenndu formi	65%

Númer undirflokks	Heiti undirflokks	Fylgni ρ_{kl} (hrávara)
7	Góðmálmar (gull meðtalið)	55%
8	Korn og olíufræ	45%
9	Búfénaður og mjólkurbú	15%
10	Mjúkar hrávörur og aðrar landbúnaðarhrávörur	40%
11	Aðrar hrávörur	15%

4. Þrátt fyrir 1. mgr. gilda eftirfarandi ákvæði:

a) tveir áhættuþættir sem flokkaðir eru í undirþátt 3 í töflu 10 og sem varða raforku sem framleidd er á mismunandi svæðum eða sem afhent er á mismunandi tímabilum samkvæmt samningi teljast vera aðgreindir hrávöruáhættuþættir,

b) tveir áhættuþættir sem flokkaðir eru í undirþátt 4 í töflu 10 og sem varða farm teljast vera aðgreindir hrávöru-áhættuþættir þegar farmleiðin eða afhendingarvikan er mismunandi.

325. gr. au

Fylgni þvert á undirflokka að því er varðar hrávöruáhættu

Fylgnistikinn γ_{bc} sem gildir um samlagningu næmisþátta milli mismunandi undirflokka skal fastsettur sem hér segir:

a) við 20% þegar tveir undirflokkar falla undir undirflokka 1 til 10,

b) við 0% þegar annar af undirflokkunum tveimur er undirflokkur númer 11.

325. gr. av

Áhættuvogir fyrir gjaldmiðlaáhættu

1. Áhættuvog fyrir allt næmi gagnvart gjaldmiðlaáhættuþáttum skal tilgreind í framseldu gerðinni sem um getur í 461. gr. a.

2. Áhættuvogin fyrir gjaldmiðlaáhættuflokkana að því er varðar gjaldmiðlapör sem eru samsett úr evru og gjaldmiðli aðildarríkis sem tekur þátt í öðrum fasa í Efnahags- og myntbandalaginu (ERM II) skal vera ein af eftirfarandi:

a) áhættuvogin sem um getur í 1. mgr. deilt með 3,

b) hámarkssveifla innan þeirra sveifluvika sem aðildarríkin og Seðlabanki Evrópu hafa komið sér formlega saman um, ef þessi sveifluvik eru þrengri en sveiflumörkin sem skilgreind eru af Efnahags- og myntbandalaginu.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. skal áhættuvogin fyrir gjaldmiðlaáhættuþætti að því er varðar gjaldmiðla sem um getur í 2. mgr. sem taka þátt í Efnahags- og myntbandalaginu með þrengri formlega samþykkt sveifluvik en stöðluðu vikin með meira eða minna en 15% vera jöfn hámarks prósentusveiflu innan þeirra vika sem þrengri eru.

4. Áhættuvogin fyrir gjaldmiðlaáhættuþættina sem falla undir undirflokkinn fyrir auðseljanlegustu gjaldmiðlapörin, eins og um getur í c-lið 7. mgr. 325. gr bd, skal vera áhættuvogin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar deilt með $\sqrt{2}$.

5. Þegar gögn um daglegt gengi gjaldmiðla fyrir næstliðin þrjú ár sýna að gjaldmiðlapar sem samanstendur af evru og öðrum gjaldmiðli en evru í aðildarríki er stöðugt og að stofnunin getur ætíð mætt því að verðbil að því er varðar kaup og sölutilboð sé núll vegna viðkomandi viðskipta tengdra því gjaldmiðlapari, má stofnunin beita áhættuvoginni sem um getur í 1. mgr. deilt með 2, að því tilskildu að hún hafi til þess ótvírætt leyfi lögbærra yfirvalda sinna.

325. gr. aw

Fylgni fyrir gjaldmiðlaáhættu

Einsleitur fylgnistiki γ_{bc} sem er 60% skal gilda um samlagningu næmisþátta fyrir gjaldmiðlaáhættuþætti.

2. undirþáttur

Vega- og kúrfuáhættuvogir og -fylgni

325. gr. ax

Vega- og kúrfuáhættuvogir

1. Vegaáhættuþættirnir skulu nota deltaundirflokkana sem um getur í 1. undirþætti.

2. Áhættuþátturinn fyrir tiltekinn vegaáhættuþátt k skal ákvarðaður sem hluti af núvirði þess áhættuþáttar k sem stendur fyrir afleitt flökt undirliggjandi gernings eins og lýst er í 3. þætti.

3. Hluturinn sem um getur í 2. mgr. skal vera háður áætluðum seljanleika hverrar tegundar áhættuþáttar í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\mathrm{RW_k} = (\text{Virði áhættuþáttar k}) \cdot \min\left\{\mathrm{RW_\sigma} \cdot \frac{\sqrt{\mathrm{LH_{risk\ class}}}}{\sqrt{10}}\ ;\ 100\ \%\right\}$$

þar sem:

RW_k = áhættuvogin fyrir tiltekinn vegaáhættuþátt k,

RW_σ skal fastsett við 55% og

$LH_{risk\ class}$ er lögákveðið seljanleikatímabil sem notað er við að fastsetja hvern áhættuþátt k. $LH_{risk\ class}$ er ákvarðaður í samræmi við eftirfarandi töflu:

Tafla 11

Áhættuflokkur	$LH_{risk\ class}$
GIRR	60
Áhætta vegna vaxtaálags vegna gerninga sem ekki eru verðbréfanir	120
Áhætta vegna gerninga sem eru verðbréfanir (fylgniviðskiptasafn)	120
Áhætta vegna gerninga sem eru verðbréfanir (utan fylgniviðskiptasafns)	120
Hlutabréf (hátt þak)	20
Hlutabréf (lágt þak)	60
Hrávörur	120
Erlendur gjaldeyrir	40

4. Undirflokkar sem eru notaðir í tengslum við deltaáhættu í 1. undirþætti skulu notaðir að því er varðar kúrfuáhættu nema annað sé tilgreint í þessum kafla.

5. Að því er varðar gjaldmiðlaáhættu og hlutabréfakúrfuáhættuþætti skulu kúrfuáhættuvogir vera hlutfallslegar breytingar sem eru jafnar deltaáhættuvogunum sem um getur í 1. undirþætti.

6. Að því er varðar almenna vaxtaþætti, vaxtaálag og hrávörukúrfuáhættuþætti skal kúrfuáhættuvogin vera samhliða breytingar á öllum hornapunktunum fyrir hverja kúrfu á grundvelli hæstu tilskilinnar deltaáhættuvogar sem um getur í 1. undirþætti fyrir þann viðkomandi áhættuflokk.

325. gr. ay

Vega- og kúrfuáhættufylgnistikar

1. Milli þátta vegastuðulsáhættunæmis innan sama undirflokks fyrir áhættuflokka almennrar vaxtaáhættu (GIRR) skal fylgnistikinn ρ_{kl} fastsettur sem hér segir:

$$\rho_{kl} = \min\left\{\rho_{kl}^{(\text{option maturity})} \cdot \rho_{kl}^{(\text{underlying maturity})};\ 1\right\}$$

þar sem:

$\rho_{kl}^{(\text{option maturity})}$ skal vera jafnt og $e^{-\alpha \cdot \frac{|T_k - T_l|}{\min\{T_k;\, T_l\}}}$ þar sem α skal vera fastsett við 1%, T_k og T_l skal vera jafnt binditímum valréttanna sem veganæmið er dregið af, gefið upp í árafjölda og

$\rho_{kl}^{(\text{underlying maturity})}$ er jafnt og $e^{-\alpha \cdot \frac{|T_k^U - T_l^U|}{\min\{T_k^U;\, T_l^U\}}}$, þar sem α er fastsett við 1%, T_k^U og T_l^U skal verja jafnt og binditímar undirliggjandi gerninga valréttanna sem veganæmið er dregið af, að frádregnum binditímum samsvarandi valrétta, í báðum tilvikum gefið upp í árafjölda.

2. Milli vegaáhættunæmis innan undirflokks annarra áhættuflokka skal fylgnistikinn ρ_{kl} fastsettur sem hér segir:

$$\rho_{kl} = \min\left\{\rho_{kl}^{(\text{DELTA})} \cdot \rho_{kl}^{(\text{option maturity})};\ 1\right\}$$

þar sem:

$\rho_{kl}^{(\text{DELTA})}$ skal vera jafnt og deltafylgnistikinn í sama undirflokki sem samsvarar undirflokknum sem vegaáhættuþættirnir k og l myndu vera settir í og

$\rho_{kl}^{(\text{option maturity})}$ skal vera fastsett í samræmi við 1. mgr.

3. Að því er varðar vegaáhættunæmi milli undirflokka í áhættuflokki (almennrar vaxtaáhættu) og þá sem ekki eru í flokki almennrar vaxtaáhættu skal sami fylgnistikinn γ_{bc} eins og tilgreint er fyrir deltafylgni fyrir hvern áhættuflokk í 4. þætti notaður í tengslum við vegaáhættu.

4. Ekki skal taka með nein áhrif hagræðis af dreifingu eða áhættuvörn milli vegaáhættuþátta og deltaáhættuþátta samkvæmt staðalaðferðinni. Eiginfjárgrunnskröfurnar fyrir vegaáhættu og deltaáhættu skulu lagðar saman með einfaldri samlagningu.

5. Kúrfuáhættufylgnin skal vera kvaðratrótin af samsvarandi deltaáhættufylgni ρ_{kl} og γ_{bc} sem um getur í 1. undirþætti.

1. KAFLI b

Óhefðbundin eiginlíkansaðferð

1. þáttur

Leyfi og kröfur vegna eiginfjárgrunns

325. gr. az

Óhefðbundin eiginlíkansaðferð og leyfi fyrir notkun óhefðbundinna eigin líkana

1. Óhefðbundna eiginlíkansaðferðin eins og hún er sett fram í þessum kafla skal eingöngu notuð að því er varðar upplýsingaskylduna sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 430. gr. b.

2. Lögbær yfirvöld skulu, eftir að hafa gengið úr skugga um hlítingu við kröfurnar sem settar eru fram í 325. gr. bh, 325. gr. bi og 325. gr. bj, veita þessum stofnunum heimild til að reikna eiginfjárgrunnskröfur sínar vegna eignasafna allra staðna sem úthlutað hefur verið á viðskiptaborð með því að nota óhefðbundin eigin líkön í samræmi við 325. gr. ba, að því tilskildu að allar eftirfarandi kröfur hafi verið uppfylltar:

a) viðskiptaborðunum hafi verið komið á fót í samræmi við 104. gr. b,

b) stofnunin hafi veitt lögbæra yfirvaldinu haldbæra skýringu á því að viðskiptaborðin hafi verið færð undir notkunarsvið óhefðbundnu eiginlíkansaðferðarinnar,

c) viðskiptaborðin hafi uppfyllt kröfurnar um afturvirku prófunina sem um getur í 3. mgr. 325. gr. bf fyrir næstliðið ár,

d) stofnanirnar hafi skýrt lögbærum yfirvöldum sínum frá niðurstöðunum að því er varðar kröfurnar um úthlutun á hagnaði og tapi í tengslum við viðskiptaborðin sem kveðið er á um í 325. gr. bg,

e) að viðskiptaborð sem hafa fengið úthlutað a.m.k. einni af þessum stöðum í veltubókinni sem um getur í 325. gr. bl uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 325. gr. bm að því er varðar eigið vanskilaáhættulíkan,

f) viðskiptaborðinu hafi ekki verið úthlutað neinum verðbréfuðum stöðum eða stöðum sem ekki eru verðbréfaðar.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar þessarar greinar skal það að fella ekki viðskiptaborð undir notkunarsvið óhefðbundnu eiginlíkansaðferðarinnar ekki grundvallast á þeirri staðreynd að eiginfjárgrunnskröfurnar sem reiknaðar eru samkvæmt óhefðbundnu staðalaðferðinni sem sett er fram í a-lið 3. mgr. 325. gr. séu lægri en eiginfjárgrunnskröfurnar sem reiknaðar eru samkvæmt óhefðbundnu eiginlíkansaðferðinni.

3. Stofnanir sem hafa fengið heimild til að nota óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina skulu tilkynna það lögbærum yfirvöldum í samræmi við 3. mgr. 430. gr.

4. Stofnun sem hefur fengið heimildina sem um getur í 2. mgr. skal þegar í stað tilkynna það lögbærum yfirvöldum sínum ef eitt af viðskiptaborðum hennar uppfyllir ekki lengur a.m.k. eitt skilyrðanna sem sett eru fram í þeirri málsgrein. Sú stofnun getur ekki lengur notað þennan kafla fyrir neinar stöður sem viðskiptaborðinu hefur verið úthlutað og skal reikna eiginfjárgrunnskröfurnar vegna markaðsáhættu í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 1. kafla a fyrir allar stöður sem hefur verið úthlutað því viðskiptaborði frá fyrsta reikningsskiladegi og þar til stofnunin sýnir lögbærum yfirvöldum fram á að viðskiptaborðið uppfylli á ný allar kröfurnar sem settar eru fram í 2. mgr.

5. Þrátt fyrir 4. mgr. mega lögbær yfirvöld í undantekningartilvikum heimila stofnun að halda áfram að nota óhefðbundið eigið líkan sitt í þeim tilgangi að reikna eiginfjárgrunnskröfur vegna markaðsáhættu viðskiptaborðs sem uppfyllir ekki lengur skilyrðin sem um getur í c-lið 2. mgr. þessarar greinar og 1. mgr. 325. gr. bg. Þegar lögbær yfirvöld nýta sér þessa heimild skulu þau tilkynna það Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og færa rök fyrir ákvörðun sinni.

6. Að því er varðar stöður sem hefur verið úthlutað viðskiptaborði sem stofnun hefur ekki fengið heimild fyrir eins og um getur í 2. mgr. skulu eiginfjárgrunnskröfurnar vegna markaðsáhættu reiknaðar af þeirri stofnun í samræmi við 1. kafla a í þessum bálki. Að því er varðar þessa útreikninga skulu allar þessar stöður metnar sem sjálfstæðar stöður á grundvelli sérstaks eignasafns.

7. Þörf er á sérstöku leyfi frá lögbærum yfirvöldum vegna verulegra breytinga á notkun óhefðbundinna eigin líkana sem stofnun hefur fengið leyfi til að nota, framlengingar á notkun óhefðbundinna eigin líkana sem stofnun hefur fengið leyfi til að nota og verulegra breytinga á vali stofnana á undirflokkum áhættuflokka sem hægt er að gera líkan af sem um getur í 2. mgr. 325. gr. bc.

Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um allar aðrar framlengingar og breytingar á notkun þeirra óhefðbundnu eigin líkana sem stofnun hefur fengið leyfi til að nota.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) skilyrðin til að meta umfang framlenginga og breytinga á notkun óhefðbundinna eigin líkana og breytinga á undirflokkum áhættuflokka sem hægt er að gera líkön af sem um getur í 325. gr. bc,

b) matið á aðferðafræðinni sem lögbær yfirvöld nota til að ganga úr skugga um hlítingu stofnunar við kröfurnar sem settar eru fram í 325. gr. bh, 325. gr. bi, 325. gr. bn, 325. gr. bo og 325. gr. bp.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina þær sérstöku kringumstæður þegar lögbær yfirvöld geta heimilað stofnun:

a) að halda áfram að nota óhefðbundin eigin líkön til að reikna eiginfjárgrunnskröfur vegna markaðsáhættu viðskiptaborðs sem uppfyllir ekki lengur skilyrðin sem um getur í c-lið 2. mgr. þessarar greinar og í 1. mgr. 325. gr. bg,

b) að takmarka viðbótina við virðið sem leiðir af því þegar farið er yfir eða undir afturvirka prófun á hugsanlegum breytingum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2024.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

325. gr. ba

Kröfur vegna eiginfjárgrunns þegar óhefðbundin eigin líkön eru notuð

1. Stofnun sem notar óhefðbundið eigið líkan skal reikna eiginfjárgrunnskröfur vegna eignasafns allra staðna sem úthlutað hefur verið viðskiptaborðum sem stofnunin hefur þegar fengið heimild fyrir eins og um getur í 2. mgr. 325. gr. az sem er hið hærra af eftirfarandi:

a) summan af eftirfarandi verðgildum:

   i. áhættumati stofnunarinnar fyrir áætlað greiðslufall næstliðins dags sem reiknað er í samræmi við 325. gr. bb (ES_{t-1}) og

   ii. áhættumati stofnunarinnar fyrir álagssviðsmynd næstliðins dags sem reiknað er í samræmi við 5. þátt (SS_{t-1}) eða

b) summan af eftirfarandi verðgildum:

   i. meðaltali af daglegu áhættumati stofnunarinnar vegna áætlaðs greiðslufalls sem reiknað er í samræmi við 325. gr. bb fyrir hvern dag næstliðinna 60 viðskiptadaga (ES^{avg}), margfaldað með margföldunarþættinum (m_c) og

   ii. meðaltali af daglegri álagssviðsmynd stofnunarinnar sem reiknað er í samræmi við 5. þátt fyrir hvern dag næstliðinna 60 viðskiptadaga (SS^{avg}).

2. Stofnanir sem hafa stöður í skulda- og hlutabréfagerningum sem verslað er með og falla undir notkunarsvið eigin vanskilaáhættulíkans og úthlutað viðskiptaborðunum sem um getur í 1. mgr. skulu uppfylla viðbótarkröfur um eiginfjárgrunn, gefið upp sem það virði sem hærra er af eftirfarandi:

a) nýjustu eiginfjárgrunnskröfunni fyrir vanskilaáhættu, reiknuð í samræmi við 3. þátt,

b) meðaltali fjárhæðarinnar sem um getur í a-lið á næstliðnum 12 vikum.

2. þáttur

Almennar kröfur

325. gr. bb

Áhættumat vegna áætlaðs greiðslufalls

1. Stofnanir skulu reikna áhættumatið fyrir áætlað greiðslufall sem um getur í a-lið 1. mgr. 325. gr. ba fyrir tiltekna dagsetningu ‘t’ og tiltekið safn staðna í veltubók og staðna í fjárfestingarbók, sem eru háðar gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu, sem hér segir:

$$ES_t = \rho \cdot (UES_t) + (1 - \rho) \cdot \sum_i UES_t^i$$

þar sem:

ES_t = áhættumatið fyrir áætlað greiðslufall,

i = stuðullinn sem tilgreinir fimm víðtæka flokka áhættuþátta sem taldir eru upp í fyrsta dálki í töflu 2 í 325. gr. bd,

UES_t = matið fyrir ótakmarkað áætlað greiðslufall reiknað sem hér segir:

$$UES_t = PES_t^{RS} \cdot \max\left(\frac{PES_t^{FC}}{PES_t^{RC}}, 1\right)$$

UES_t^i = matið fyrir ótakmarkað áætlað greiðslufall fyrir víðtæka flokka áhættuþátta reiknað sem hér segir:

$$UES_t^i = PES_t^{RS,i} \cdot \max\left(\frac{PES_t^{FC,i}}{PES_t^{RC,i}}, 1\right)$$

ρ = eftirlitsbundinn fylgnistuðull þvert á víðtæku áhættuflokkana; $\rho = 50\%$,

PES_t^{RS} = matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til sem skal reiknað fyrir allar stöður í eignasafninu í samræmi við 2. mgr. 325. gr. bc,

PES_t^{RC} = matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til sem skal reiknað fyrir allar stöður í eignasafninu í samræmi við 3. mgr. 325. gr. bc,

PES_t^{FC} = matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til sem skal reiknað fyrir allar stöður í eignasafninu í samræmi við 4. mgr. 325. gr. bc,

$PES_t^{RS,i}$ = matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til fyrir víðtæka áhættuflokkinn i sem skal reiknað fyrir allar stöður í eignasafninu í samræmi við 2. mgr. 325. gr. bc,

$PES_t^{RC,i}$ = matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til fyrir víðtæka áhættuflokkinn i sem skal reiknað fyrir allar stöður í eignasafninu í samræmi við 3. mgr. 325. gr. bc, og

$PES_t^{FC,i}$ = matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til fyrir víðtæka áhættuflokkinn i sem skal reiknað fyrir allar stöður í eignasafninu í samræmi við 4. mgr. 325. gr. bc,

2. Stofnanir skulu eingöngu nota framtíðaráfallasviðsmyndir vegna sértæks flokks áhættuþátta sem hægt er að gera líkan fyrir sem nota skal fyrir hvert mat á áætluðu greiðslufalli að hluta til eins og sett er fram í 325. gr. bc þegar þær útbúa mat fyrir hvert áætlað greiðslufall að hluta til í tengslum við útreikninginn á áhættumatinu fyrir áætlað greiðslufall í samræmi við 1. mgr.

3. Þegar a.m.k. ein viðskipti í eignasafninu hafa a.m.k. einn áhættuþátt sem hægt er að gera líkan fyrir sem hefur verið settur undir flokkinn i fyrir víðtækan áhættuþátt í samræmi við 325. gr. bd skulu stofnanir reikna matið fyrir ótakmarkað áætlað greiðslufall fyrir víðtæka flokka áhættuþátta i og fella inn í formúluna fyrir áhættumatið fyrir áætlaða greiðslufallið sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. mega stofnanir draga úr tíðni útreikninga á matinu fyrir ótakmarkað áætlað greiðslufall UES_t^i og matinu fyrir áætluð vanskil að hluta til $PES_t^{RS,i}$, $PES_t^{RC,i}$ og $PES_t^{FC,i}$ fyrir alla víðtæka flokka áhættuþátta i úr því að framkvæma hann daglega í það að framkvæma hann vikulega, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) stofnunin geti sýnt lögbærum yfirvöldum sínum fram á að við útreikninginn á matinu fyrir ótakmarkað áætlað greiðslufall UES_t^i hafi markaðsáhætta viðkomandi staðna í veltubók ekki verið vanmetin,

b) stofnunin geti aukið tíðni útreiknings UES_t^i, $PES_t^{RS,i}$, $PES_t^{RC,i}$ og $PES_t^{FC,i}$ úr vikulegum í daglegan þegar lögbær yfirvöld þeirra fara fram á það.

325. gr. bc

Útreikningar á áætluðu greiðslufalli að hluta til

1. Stofnanir skulu reikna allt mat fyrir áætlað greiðslufall að hluta til sem um getur í 1. mgr. 325. gr. bb sem hér segir:

a) daglegir útreikningar á mati fyrir áætlað greiðslufall að hluta til,

b) við 97,5 hundraðshluta einhliða öryggisbil,

c) að því er varðar tiltekið safn staðna í veltubók og staðna í fjárfestingarbók sem eru háðar gjaldeyris- eða hrávöruáhættu skulu stofnanir reikna matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til á tímapunkti ‘t’ samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$PES_t = \sqrt{\left(PES_t(T)\right)^2 + \sum_{j\geq 2}\left(PES_t(T,j)\cdot\sqrt{\frac{\left(LH_j - LH_{j-1}\right)}{10}}\right)^2}$$

þar sem:

PES_t = matið fyrir áætlað greiðslufall á tímapunkti t,

j = stuðullinn sem tilgreinir fimm seljanleikatímabil sem talin eru upp í fyrsta dálki í töflu 1,

LH_j = lengd seljanleikatímabila j eins og tilgreint er í dögum í töflu 1,

T = grunntímabilið þar sem T = 10 dagar,

PES_t = matið fyrir áætlað greiðslufall sem er fengið með því að nota eingöngu framtíðaráfallasviðsmyndir sem ná yfir 10 daga tímabil fyrir tiltekinn flokk áhættuþátta sem hægt er að gera líkön af fyrir þær stöður í eignasafninu sem settar eru fram í 2., 3. og 4. undirgrein fyrir hvert mat fyrir áætlað greiðslufall sem um getur í 325. gr. bb og

$PES_t(T, j)$ = matið fyrir áætlað greiðslufall sem er fengið með því að nota eingöngu framtíðaráfallasviðsmyndir sem ná yfir 10 daga tímabil fyrir tiltekinn flokk áhættuþátta sem hægt er að gera líkön af fyrir þær stöður í eignasafninu sem settar eru fram í 2., 3. og 4. undirgrein fyrir hvert mat fyrir áætlað greiðslufall sem um getur í 325. gr. bb og þar sem raunverulegt seljanleikatímabil, eins og það er skilgreint í 2. mgr. 325. gr. bd, er jafnt og eða lengra en LH_j.

Tafla 1

Seljanleikatímabil j	Lengd seljanleikatímabils j (í dögum)
1	10
2	20
3	40
4	60
5	120

2. Til að reikna matið fyrir áætlað greiðslufall PES_t^{RS} og $PES_t^{RS,i}$ sem um getur í 1. mgr. 325. gr. bb til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) við útreikning á PES_t^{RS}skulu stofnanir eingöngu nota framtíðaráfallasviðsmyndir fyrir þann undirflokk áhættuþátta sem hægt er að gera líkön fyrir að því er varðar þær stöður í eignasafninu sem stofnunin hefur skilgreint með fullnægjandi hætti að mati lögbærra yfirvalda þannig að eftirfarandi skilyrði sé uppfyllt þannig að summan taki mið af næstliðnum 60 virkum dögum:

$$\frac{1}{60} \cdot \sum_{k=0}^{59} \frac{PES_{t-k}^{RC}}{PES_{t-k}^{FC}} \geq 75\ \%$$

Stofnun sem uppfyllir ekki lengur kröfuna sem um getur í fyrstu málsgrein þessa liðar skal þegar í stað tilkynna það lögbæru yfirvaldi og uppfæra undirflokk þeirra áhættuþátta sem hægt er að gera líkön fyrir innan tveggja vikna til þess að uppfylla þá kröfu; hafi stofnunin að tveimur vikum liðnum vanrækt að fullnægja kröfunni skal stofnunin nota aðferðina sem sett er fram í 1. kafla a til að reikna eiginfjárgrunnskröfur í tengslum við markaðsáhættu fyrir nokkur viðskiptaborð þar til stofnunin getur sýnt lögbæra yfirvaldinu fram á að hún uppfylli kröfuna sem sett er fram í fyrstu undirgrein þessa liðar,

b) við útreikning á $PES_t^{RS,i}$skulu stofnanir eingöngu nota framtíðaráfallasviðsmyndir fyrir þann undirflokk áhættuþátta sem hægt er að gera líkön fyrir að því er varðar þær stöður í eignasafninu sem stofnunin hefur skilgreint með tilliti til a-liðar þessarar málsgreinar og sem hafa verið tengdar við flokk víðtækrar áhættu ‘i’ í samræmi við 325. gr. bd,

c) þau inntaksgögn sem notuð eru til að ákvarða framtíðaráfallasviðsmyndir sem notaðar eru fyrir þá áhættuþætti sem hægt er að gera líkön fyrir og sem um getur í a- og b-lið skulu kvörðuð með rannsóknarsögulegum gögnum frá næstliðnum 12 mánuðum fjárhagslegs álags sem stofnunin skal skilgreina til að hámarka virði PES_t^{RS}; til að greina álagstímabil skulu stofnanir nota úrtakstímabil sem hefst eigi síðar en 1. janúar 2007 sem að mati lögbæru yfirvaldanna teljast fullnægjandi, og

d) inntaksgögnin $PES_t^{RS,i}$ skulu kvörðuð eftir 12 mánaða álagstímabilinu sem stofnunin hefur greint með tilliti til c-liðar.

3. Til að gera matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til PES_t^{RC} og $PES_t^{RC,i}$ sem um getur í 1. mgr. 325. gr. bb skulu stofnanir, til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) við útreikning á PES_t^{RC}skulu stofnanir eingöngu ákvarða framtíðaráfallasviðsmyndir sem notaðar eru fyrir þá áhættuþætti sem hægt er að gera líkön fyrir og sem um getur í a-lið 2. mgr.,

b) við útreikning á $PES_t^{RC,i}$skulu stofnanir eingöngu ákvarða framtíðaráfallasviðsmyndir sem notaðar eru fyrir þá áhættuþætti sem hægt er að gera líkön fyrir og sem um getur í b-lið 2. mgr.,

c) inntaksgögnin sem notuð eru til að ákvarða framtíðaráfallsviðsmyndir sem nota á fyrir áhættuþætti sem hægt er að gera líkön fyrir og sem um getur í a- og b-lið þessarar málsgreinar skulu kvörðuð með tilliti til rannsóknarsögulegra gagna sem um getur í c- lið 4. mgr.; þessi gögn skulu uppfærð minnst mánaðarlega.

4. Til að gera matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til PES_t^{FC} og $PES_t^{FC,i}$ sem um getur í 1. mgr. 325. gr. bb skulu stofnanir, til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) við útreikning á PES_t^{FC}skulu stofnanir nota framtíðaráfallasviðsmyndir fyrir alla áhættuþætti sem hægt er að gera líkön fyrir að því er varðar stöðurnar í eignasafninu,

b) við útreikning á $PES_t^{FC,i}$skulu stofnanir nota framtíðaráfallasviðsmyndir fyrir alla áhættuþætti sem hægt er að gera líkan fyrir að því er varðar stöðurnar í eignasafninu sem hafa verið tengdar flokknum víðtækur áhættuþáttur i í samræmi við 325. gr. bd,

c) þau inntaksgögn sem notuð eru til að ákvarða framtíðaráfallasviðsmyndir sem notaðar eru fyrir þá áhættuþætti sem hægt er að gera líkan fyrir og sem um getur í a- og b-lið skulu kvörðuð með rannsóknarsögulegum gögnum frá næstliðnum 12 mánuðum fjárhagslegs álags; ef veruleg hækkun verður á verðflökti verulegs fjölda áhættuþátta sem hægt er að gera líkan fyrir að því er varðar eignasafn stofnunar sem ekki er undirflokkur áhættuþáttanna sem um getur í a-lið 2. mgr. mega lögbær yfirvöld gera kröfu um að stofnun noti rannsóknarsöguleg gögn fyrir styttra tímabil en 12 mánuði, en það tímabil skal ekki vera styttra en sex mánuðir; lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um allar ákvarðanir um að krefjast þess að stofnun noti rannsóknarsöguleg gögn frá tímabili sem er styttra en 12 mánuðir og færa rök fyrir þeirri ákvörðun.

5. Við útreikning á tilteknu áætluðu greiðslufalli að hluta til eins og um getur í 1. mgr. 325. gr. bb skulu stofnanir viðhalda virði áhættuþátta sem hægt er að gera líkan fyrir sem þær hafa ekki verið krafðar um að nota framtíðaráfallasviðsmyndir fyrir að því er varðar matið á því áætlaða greiðslufalli að hluta til skv. 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

325. gr. bd

Seljanleikatímabil

1. Stofnanir skulu kortleggja þá áhættuþætti sem eru vegna staðna á viðskiptaborðum og sem þær hafa fengið heimild fyrir eins og um getur í 2. mgr. 325. gr. az, eða eru í ferli fyrir því að fá slíka heimild, við einn af þeim víðtæku flokkum áhættuþátta sem tilgreindir eru í töflu 2 og við einn af þeim víðtæku undirflokkum áhættuþátta sem tilgreindir eru í þeirri töflu.

2. Seljanleikatímabilið fyrir áhættuþátt staðnanna sem um getur í 1. mgr. skal vera seljanleikatímabilið sem samsvarar hinum víðtæka undirflokki áhættuþátta sem það hefur verið tengt við.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar má stofnun að því er varðar tiltekið viðskiptaborð ákveða að láta eitt af lengri seljanleikatímabilunum sem tilgreind eru í töflu 1 í 325. gr. bc koma í stað seljanleikatímabilsins fyrir víðtækan undirflokk áhættuþáttanna sem tilgreindir eru í 325. gr. bc. Þegar stofnun tekur slíka ákvörðun skal lengra seljanleikatímabilið gilda um alla áhættuþætti sem hægt er að gera líkan fyrir að því er varðar stöðurnar sem úthlutað er því viðskiptaborði sem hafa verið tengdar þeim víðtæka undirflokki áhættuþátta í þeim tilgangi að útbúa matið á áætluðu greiðslufalli að hluta til í samræmi við c-lið 1. mgr. 325. gr. bc.

Stofnun skal tilkynna lögbærum yfirvöldum um viðskiptaborðin og hina víðtæku undirflokka áhættuþáttanna sem það ákveður að nota meðferðina fyrir og sem um getur í fyrstu undirgrein.

4. Til að reikna matið fyrir áætlað greiðslufall að hluta til í samræmi við c-lið 1. mgr. 325. gr. bc skal reikna raunverulegt seljanleikatímabil tiltekins áhættuþáttar sem hægt er að gera líkön fyrir að því er varðar tiltekna stöðu í veltubók eða fjárfestingarbók sem er háð gjaldeyris- eða hrávöruáhættu sem hér segir:

$$\text{EffectiveLH} = \begin{cases} \text{SubCatLH if Mat} > LH_5 \\ \min(\text{SubCatLH}, \min_j\{LH_j/LH_j \geq \text{Mat}\}) \text{ if } LH_1 \leq \text{Mat} \leq LH_5 \\ LH_1 \text{ if Mat} < LH_1 \end{cases}$$

þar sem:

EffectiveLH	=	raunverulega seljanleikatímabilið,
Mat	=	binditími stöðu í veltubók,
SubCatLH	=	lengd seljanleikatímabils áhættuþáttar sem hægt er að gera líkön af í samræmi við 1. mgr og
$\min_j \{LH_j/LH_j \geq \text{Mat}\}$	=	lengd eins seljanleikatímabilanna sem tilgreind eru í töflu 1 í 325. gr. bc sem er næsta seljanleikatímabilið fyrir ofan binditíma stöðunnar í veltubókinni.

5. Gjaldmiðlapör sem eru samsett af evru og gjaldmiðli aðildarríkis sem tekur þátt í ERM-II skulu talin með í auðseljanlegasta undirflokki gjaldmiðlaparanna innan víðtækasta flokksins fyrir gjaldmiðlaáhættuþætti í töflu 2.

6. Stofnun skal minnst einu sinni í mánuði ganga úr skugga um að tengingin sem um getur í 1. mgr. sé tilhlýðileg.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) hvernig stofnanir eiga að tengja áhættuþættina fyrir þær stöður sem um getur í 1. mgr. við víðtæka flokka áhættuþátta og víðtæka undirflokka áhættuþátta með tilliti til 1. mgr.,

b) hvaða gjaldmiðlar mynda auðseljanlegustu gjaldmiðlaundirflokkana í víðtæka flokknum fyrir vaxtaáhættuþættina í töflu 2,

c) hvaða gjaldmiðlapör mynda auðseljanlegustu gjaldmiðlaparaundirflokkana í víðtæka flokknum fyrir gjaldmiðla-áhættuþættina í töflu 2,

d) skilgreiningar á litlu markaðsverðmæti og miklu markaðsverðmæti að því er varðar gengi hlutabréfa og flökt undirflokks fyrir víðtækan flokk hlutabréfaáhættuflokka í töflu 2.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. mars 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

Tafla 2

Víðtækir flokkar áhættuþátta	Víðtækir undirflokkar áhættuþátta	Seljanleika-tímabil	Lengd seljanleikatímabils (í dögum)
Vextir	Auðseljanlegustu gjaldmiðlarnir og innlendur gjaldmiðill	1	10
	Aðrir gjaldmiðlar (að frátöldum auðseljanlegustu gjaldmiðlunum)	2	20
	Flökt	4	60
	Aðrar tegundir	4	60
Vaxtaálag	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, aðildarríkja	2	20
	Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum í aðildarríkjum (fjárfestingarflokkur)	2	20
	Ríkisskuldabréf (fjárfestingarflokkur)	2	20
	Ríkisskuldabréf (lítil ávöxtun)	3	40
	Fyrirtæki (fjárfestingarflokkur)	3	40
	Fyrirtæki (mikil ávöxtun)	4	60
	Flökt	5	120
	Aðrar tegundir	5	120

Víðtækir flokkar áhættuþátta	Víðtækir undirflokkar áhættuþátta	Seljanleika-tímabil	Lengd seljanleikatímabils (í dögum)
Hlutabréf	Gengi hlutabréfa (mikil markaðsverðmæti)	1	10
	Gengi hlutabréfa (lítil markaðsverðmæti)	2	20
	Flökt (mikil markaðsverðmæti)	2	20
	Flökt (lítil markaðsverðmæti)	4	60
	Aðrar tegundir	4	60
Erlendur gjaldeyrir	Auðseljanlegustu gjaldmiðlapörin	1	10
	Önnur gjaldmiðlapör (að frátöldum auðseljanlegustu gjaldmiðlapörunum)	2	20
	Flökt	3	40
	Aðrar tegundir	3	40
Hrávörur	Orkuverð og kolefnislosunarverð	2	20
	Verð góðmálma og verð járnlausra málma	2	20
	Önnur hrávöruverð (að frátöldu orkuverði, kolefnis-losunarverði, verði góðmálma og verði járnlausra málma)	4	60
	Orkuflökt og kolefnislosunarflökt	4	60
	Flökt góðmálma og flökt járnlausra málma	4	60
	Annað hrávöruflökt (að frátöldu orkuflökti, kolefnis-losunarflökti, flökti góðmálma og flökti járnlausra málma)	5	120
	Aðrar tegundir	5	120

325. gr. be

Mat á gerð líkana fyrir áhættuþætti

1. Stofnanir skulu meta möguleikann á gerð líkana fyrir alla áhættuþætti sem úthlutað er viðskiptaborðum sem þær hafa fengið heimildir fyrir eins og um getur í 2. mgr. 325. gr. az eða eru í þann mund að fá slíkar heimildir.

2. Sem hluta af matinu sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir reikna eiginfjárgrunnskröfur í tengslum við markaðsáhættu í samræmi við 325. gr. bk að því er varðar þá áhættuþætti sem ekki er hægt að gera líkan fyrir.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina viðmiðin til að meta hvort hægt sé að gera líkan fyrir áhættuþætti í samræmi við 1. mgr. og tilgreina hversu oft þetta mat skal gert.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. mars 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

325. gr. bf

Lögbundnar kröfur um afturvirkar prófanir og margföldunarþætti

1. Í þessari grein merkir „yfirskot“ breyting innan dags á virði eignasafns sem er samsett úr öllum stöðunum sem úthlutað er viðskiptaborði og sem fara yfir tengdan fjölda vágilda sem reiknuð eru á grundvelli óhefðbundins eigin líkans stofnunarinnar í samræmi við eftirfarandi kröfur:

a) útreikningurinn á virði áhættunnar skal vera háður eignartímabili innan dags,

b) sviðsmyndir framtíðaráfalla skulu gilda um áhættuþætti staðna viðskiptaborðs sem um getur í 3. mgr. 325. gr. bg sem talið er að hægt sé að gera líkan fyrir í samræmi við 325. gr. be,

c) inntaksgögn sem notuð eru til að ákvarða sviðsmyndir framtíðaráfalla sem notaðar verða fyrir áhættuþætti sem hægt er að gera líkan fyrir skulu kvörðuð samkvæmt sögulegu gögnunum sem um getur í c-lið 325. gr. bc,

d) ef ekki er kveðið á um annað í þessari grein skal óhefðbundna eigið líkan stofnunarinnar grundvallað á sama mati á líkanasmíði eins og það sem er notað til að reikna áhættumatið fyrir áætlað greiðslufall sem um getur í a-lið 1. mgr. 325. gr. ba.

2. Stofnanir skulu telja dagleg yfirskot á grundvelli afturvirkrar prófunar á hugsanlegum og raunverulegum breytingum á virði eignasafnsins sem samsett er úr öllum stöðunum sem úthlutað hefur verið viðskiptaborðinu.

3. Viðskiptaborð stofnunar telst hafa uppfyllt kröfurnar um afturvirka prófun þegar fjöldi yfirskota fyrir það viðskiptaborð sem urðu á næstliðnum 250 virkum dögum fer ekki yfir neitt af eftirfarandi yfirskotum:

a) 12 yfirskot að því er varðar vágildi sem reiknuð eru við 99. hundraðshlutamark einhliða öryggisbils á grundvelli afturvirkrar prófunar á hugsanlegum breytingum á virði eignasafnsins,

b) 12 yfirskot að því er varðar vágildi sem reiknuð eru við 99. hundraðshlutamark einhliða öryggisbils á grundvelli afturvirkrar prófunar á raunverulegum breytingum á virði eignasafnsins,

c) 30 yfirskot að því er varðar vágildi sem reiknuð eru við 97,5. hundraðshlutamark einhliða öryggisbils á grundvelli afturvirkrar prófunar á hugsanlegum breytingum á virði eignasafnsins,

d) 30 yfirskot að því er varðar vágildi sem reiknuð eru við 97,5. hundraðshlutamark einhliða öryggisbils á grundvelli afturvirkrar prófunar á raunverulegum breytingum á virði eignasafnsins,

4. Stofnanir skulu telja dagleg yfirskot í samræmi við eftirfarandi:

a) Afturvirk prófun á hugsanlegum breytingum á virði eignasafnsins skal byggjast á samanburði á virði þess í dagslok og virði þess í lok næsta dags, miðað við óbreyttar stöður.

b) Afturvirk prófun á raunverulegum breytingum á virði eignasafnsins skal byggjast á samanburði á virði þess í dagslok og raunverulegs virði þess í lok næsta dags, að undanskildum þóknunum og umboðslaunum.

c) Telja skal yfirskot fyrir hvern virkan dag sem stofnunin getur ekki metið virði eignasafnsins eða getur ekki reiknað fjölda vágildanna sem um getur í 3. mgr.

5. Stofnun skal í samræmi við 6. og 7. mgr. þessarar greinar reikna margföldunarþáttinn (mc) sem um getur í 325. gr. ba fyrir eignasafn allra þeirra staðna sem úthlutað hefur verið viðskiptaborðum sem fengið hafa heimild til að nota eigin líkön eins um getur í 2. mgr. 325. gr. az.

6. Margföldunarstuðullinn (m_c) skal vera a.m.k. summan af virðinu 1,5 og viðbót á bilinu 0 til 0,5 í samræmi við töflu 3. Að því er varðar eignasafnið sem um getur í 5. mgr. skal þessi viðbót reiknuð á grundvelli fjölda yfirskota sem hafa orðið á næstliðnum 250 virkum dögum samkvæmt afturvirkri prófun stofnunarinnar á fjölda vágilda sem reiknuð eru í samræmi við a-lið þessarar undirgreinar. Útreikningurinn á viðbótinni skal falla undir eftirfarandi kröfur:

a) yfirskot er breyting innan dags á virði eignasafnsins sem fer yfir tengda tölu vágildis reiknað samkvæmt eigin líkani stofnunarinnar í samræmi við eftirfarandi:

   i. eins dags eignartímabil,

ii. 99. hundraðstölumarki einhliða öryggisbils,

iii. sviðsmyndir framtíðaráfalla skulu gilda um áhættuþætti þeirra staðna viðskiptaborða sem um getur í 3. mgr. 325. gr. bg og sem hægt er að gera líkan fyrir í samræmi við 325. gr. be,

iv. gagnainntökin sem notuð eru til að ákvarða sviðsmyndir framtíðaráfalla sem gilda um áhættuþætti sem hægt er að gera líkan fyrir skulu kvörðuð samkvæmt rannsóknarsögulegu gögnunum sem um getur í c-lið 4. mgr. 325. gr. bc,

v. ef ekki er kveðið á um annað í þessari grein skal óhefðbundna eigið líkan stofnunarinnar grundvallað á sama mati á líkanasmíði eins og það sem er notað til að reikna áhættumatið fyrir áætlað greiðslufall sem um getur í a-lið 1. mgr. 325. gr. ba.,

b) fjöldi yfirskota skal samsvara hærra gildinu fyrir fjölda yfirskota samkvæmt hugsanlegum eða raunverulegum breytingum á virði eignasafnsins.

Tafla 3

Fjöldi yfirskota	Viðbót
Færri en 5	0,00
5	0,20
6	0,26
7	0,33
8	0,38
9	0,42
Fleiri en 9	0,50

Í einstökum tilvikum mega lögbær yfirvöld takmarka viðbótina við það sem leiðir af yfirskotum samkvæmt afturvirkum prófunum á hugsanlegum breytingum þegar fjöldi yfirskota samkvæmt afturvirkum prófunum leiðir ekki af annmörkum í eigin líkani.

7. Lögbær yfirvöld skulu fylgjast náið með að margföldunarstuðullinn sem um getur í 5. mgr. henti og að viðskiptaborðin hlíti kröfunum um afturvirka prófun sem um getur í 3. mgr. Stofnanir skulu þegar í stað tilkynna lögbærum yfirvöldum um yfirskot sem leiðir af afturvirkum prófunaráætlunum þeirra og láta í té útskýringu á þessum yfirskotum og í öllum tilvikum tilkynna lögbærum yfirvöldum um það eigi síðar en fimm virkum dögum frá því að yfirskotið átti sér stað.

8. Þrátt fyrir 2. og 6. mgr. þessarar greinar mega lögbær yfirvöld heimila stofnun að telja ekki yfirskot þegar breytingar innan dags á virði eignasafns hennar sem fer yfir virði tengds vágildis sem reiknað er með eigin líkani viðkomandi stofnunar stafar af áhættuþætti sem ekki er hægt að gera líkan af. Í því tilviki skal stofnunin sýna lögbæru yfirvaldi sínu fram á að áhættumatið sem byggt er á áfallasviðsmynd reiknað í samræmi við 325. gr. bk fyrir þann áhættuþátt sem ekki er hægt að gera líkan af sé hærra en jákvæður mismunur á milli virðisins á eignasafni stofnunarinnar og tengds virðis vágildisins.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina tæknileg atriði sem á að taka með í raunverulegum og hugsanlegum breytingum á virði eignasafns stofnunar með tilliti til þessarar greinar.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. mars 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

325. gr. bg

Kröfur um úthlutun á hagnaði og tapi

1. Viðskiptaborð stofnunar uppfyllir kröfur um úthlutun á hagnaði og tapi þegar það viðskiptaborð hlítir kröfunum sem settar eru fram í þessari grein.

2. Krafan um úthlutun á hagnaði og tapi skal tryggja að fræðilegar breytingar á virði eignasafns viðskiptaborðsins, sem grundvallast á áhættumatslíkani stofnunarinnar séu nægilega nálægt hugsanlegum breytingum á virði eignasafns stofnunarinnar sem byggt er á verðlagningarlíkani stofnunarinnar.

3. Að því er varða hverja stöðu tiltekins viðskiptaborðs skal hlíting stofnunar við kröfuna um úthlutun á hagnaði og tapi leiða til gerðar nákvæms lista yfir áhættuþætti sem teljast hentugir til að ganga úr skugga um hlítingu stofnunarinnar við kröfuna um afturvirku prófunina sem um getur í 325. gr. bf.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) viðmiðin sem nauðsynleg eru til að tryggja að fræðilegar breytingar á virði eignasafns viðskiptaborðs sé nægilega nálægt hugsanlegum breytingum á virði eignasafns viðskiptaborðs í skilningi 2. mgr. að teknu tilliti til þróunar á alþjóðareglum,

b) afleiðingarnar fyrir stofnun þegar fræðilegar breytingar á virði eignasafns viðskiptaborðs er ekki nægilega nálægt hugsanlegum breytingum á virði eignasafns viðskiptaborðs í skilningi 2. mgr.,

c) hversu oft stofnun skal framkvæma úthlutun á hagnaði og tapi,

d) tæknilegu atriðin sem á að taka með í fræðilegum og hugsanlegum breytingum á virði eignasafns viðskiptaborðs í skilningi þessarar greinar,

e) hvernig stofnanir, sem nota sitt eigið líkan, eiga að leggja saman heildareiginfjárgrunnskröfur að því er varðar markaðsáhættu fyrir allar stöður í veltubók sinni og stöður utan veltubókar sem háðar eru gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu, að teknu tilliti til afleiðinganna sem um getur í b-lið.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. mars 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

325. gr. bh

Kröfur um áhættumat

1. Stofnanir sem nota eigið áhættumatslíkan til að reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu eins og um getur í 325. gr. ba skulu tryggja að líkanið uppfylli allar eftirfarandi kröfur:

a) eigið áhættumatslíkan skal fanga nægilegan fjölda áhættuþátta sem skulu taka a.m.k. til áhættuþáttanna sem um getur í 1. undirþætti 3. þáttar 1. kafla a nema stofnunin sýni lögbærum yfirvöldum fram á að úrfelling þessara áhættuþátta hafi ekki veruleg áhrif á niðurstöðu kröfunnar um úthlutun hagnaðar og taps sem um getur í 325. gr. bg; stofnun skal geta útskýrt fyrir lögbærum yfirvöldum hvers vegna húna hafi talið áhættuþátt með í verðlagningarlíkani sínu en ekki í eigin áhættumatslíkani sínu,

b) eigið áhættumatslíkan skal greina ólínuleg einkenni að því er varðar valrétti sem og fylgni áhættu og grunnáhættu,

c) eigið áhættumatslíkan skal taka til nokkurra áhættuþátta sem samsvara vöxtum í sérhverjum gjaldmiðli sem stofnunin hefur vaxtanæmar stöður í, innan eða utan efnahagsreiknings; stofnunin skal móta ávöxtunarkúrfurnar með

almennt viðurkenndum aðferðum; ávöxtunarkúrfunni skal skipt niður í mismunandi binditímahluta til að fanga sveiflurnar á vaxtaflökti á vaxtakúrfunni; að því er varðar verulegar áhættuskuldbindingar gagnvart vaxtaáhættu í helstu gjaldmiðlunum og mörkuðunum skal ávöxtunarkúrfan mótuð með því að nota a.m.k. sex binditímahluta, og fjöldi áhættuþátta sem notaðir eru til að móta ávöxtunarkúrfuna skal vera í hlutfalli við eðli og flækjustig viðskiptastefnu stofnunarinnar; líkanið skal einnig fanga áhættudreifingu sem tengist hreyfingum þar sem fylgnin milli mismunandi vaxtakúrfa eða mismunandi gerninga fyrir sama undirliggjandi útgefanda er ófullkominn,

d) eigið áhættumatslíkan skal taka til áhættuþátta sem svara til gulls og einstakra erlendra gjaldmiðla sem stöður stofnunarinnar eru tilgreindar í, að því er varðar sjóði um sameiginlega fjárfestingu skal taka mið af raunverulegum stöðum í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu, stofnanir mega nota skýrslugjöf þriðja aðila um stöðu sjóðsins í erlendum gjaldeyri að því tilskildu að áreiðanleiki þeirrar skýrslu sé tryggður á viðunandi hátt, stöður sjóðs um sameiginlega fjárfestingu í erlendum gjaldeyri sem stofnunin hefur ekki vitneskju um skulu skildar frá eiginlíkansaðferðinni og meðhöndlaðar í samræmi við 1. kafla a,

e) þróun reiknilíkansins skal vera í réttu hlutfalli við mikilvægi starfsemi stofnananna á hlutabréfamörkuðunum; eigið áhættumatslíkanið skal nota aðskilda áhættuþætti fyrir a.m.k. hvern hlutabréfamarkað þar sem stofnunin hefur stórar stöður og a.m.k. einn áhættuþátt sem fangar kerfisbundnar hreyfingar á gengi hlutabréfa og hæði þess áhættuþáttar gagnvart einstökum áhættuþáttum fyrir hvern hlutabréfamarkað,

f) eigið áhættumatslíkan skal nota aðskilinn áhættuþátt fyrir a.m.k. hverja hrávöru þar sem stofnunin hefur stórar stöður nema stofnunin hafi litla samanlagða hrávörustöðu miðað við alla viðskiptastarfsemi sína, en í því tilviki má hún nota aðskilinn áhættuþátt fyrir hverja víðtæka hrávörutegund; að því er varðar mikilvægar áhættuskuldbindingar gagnvart hrávörumörkuðum skal líkanið fanga áhættu ófullkominnar fylgni milli hrávara sem eru svipaðar en ekki eins, áhættuskuldbindingar gagnvart breytingum á framvirkum verðum sem leiðir af ósamræmi í binditíma og „ávöxtun vegna tiltækileika (e. *convenience yield*) milli afleiddra staðna og staðna í reiðufé,

g) áætlaðir áhættuþættir skulu sýna fram á góðan fyrri árangur staðna sem haldið er í raun, vera nægilega varfærnir og eingöngu notaðir þegar tiltæk gögn eru ófullnægjandi, s.s. á álagstímabilinu sem um getur í c-lið 2. mgr. 325. gr. bc,

h) að því er varðar verulegar áhættuskuldbindingar gagnvart flöktáhættu í gerningum með valrétti skal eigið áhættumatslíkan fanga afleitt flökt þvert á lausnarverð og binditíma valrétta.

2. Stofnanir mega eingöngu nota mælifylgni innan víðtækra flokka áhættuþátta og, að því er varðar útreikning á ótakmörkuðu áætluðu greiðslufalli UES_t eins og um getur í 1. mgr. 325. gr. bb þvert á víðtæka flokka áhættuþátta þegar aðferð stofnunarinnar til að mæla þessa fylgni er skilvirk, í samræmi við gildandi seljanleikatímabil og framkvæmd af heilindum.

3. Eigi síðar en 28. september 2020 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 sem tilgreina viðmið fyrir notkun inntaksgagna í áhættumatslíkanið sem um getur í 325. gr. bc.

325. gr. bi

Eigindlegar kröfur

1. Sérhvert eigið áhættumatslíkan sem notað er að því er varðar þennan kafla skal vera áreiðanlegt, reiknað og framkvæmt af heilindum og hlíta eftirfarandi eigindlegum kröfum:

a) sérhvert eigið áhættumatslíkan sem notað er til að reikna út eiginfjárkröfur vegna markaðsáhættu skal vera nátengd daglegu áhættustýringarferli stofnunarinnar og mynda grundvöll fyrir skýrslugjöf um áhættuskuldbindingar til framkvæmdastjórnar,

b) stofnun skal hafa áhættueftirlistdeild sem er óháð viðskiptadeildum og heyrir beint undir framkvæmdastjórn; þessi deild skal bera ábyrgð á hönnun og framkvæmd allra eigin áhættumatslíkana; þessi deild skal sjá um upphaflega og áframhaldandi sannreyningu á öllum eigin líkönum sem notuð eru að því er varðar þennan kafla og bera ábyrgð á

áhættustýringarkerfinu í heild; deildin skal taka saman eða greina daglegar skýrslur um niðurstöður eigin líkana sem notuð eru við útreikning eiginfjárkröfu vegna markaðsáhættu og gefa skýrslur um hentugleika ráðstafana sem grípa skal til með tilliti til viðskiptatakmarkana,

c) stjórn og framkvæmdastjórn skulu taka virkan þátt í áhættueftirlitinu og daglegar skýrslur áhættueftirlitsdeildarinnar lagðar fyrir háttsetta stjórnendur sem hafa nægilegt umboð til þess að krefjast lækkunar á stöðum, sem einstakir víxlarar (e. *traders*) hafa tekið fyrir, og krefjast þess að áhættugrunnur stofnunarinnar í heild sé lækkaður,

d) stofnunin skal hafa á að skipa nægu starfsfólki með færni sem hentar við notkun flókinna eigin áhættumatslíkana og nægu starfsfólki með færni á sviði viðskipta, áhættueftirlits, endurskoðunar og bakvinnslu,

e) stofnunin skal hafa til staðar skjalfestar innri stefnur, verklagsreglur og eftirlit til að fylgjast með og tryggja hlítingu við heildarrekstur eigin áhættumatslíkana,

f) öll eigin áhættumatslíkön, þ.m.t. öll verðlagningarlíkön, skulu hafa sýnt fram á nægilega nákvæmni við að mæla áhættu og ekki vera verulega frábrugðin þeim líkönum sem stofnunin notar fyrir innri áhættustýringu,

g) stofnunin skal oft láta gera strangar álagsprófanir, þ.m.t. öfug álagspróf, sem skulu ná yfir öll eigin áhættumatslíkön, niðurstöður þessara álagsprófana skulu rýndar af framkvæmdastjórninni a.m.k. mánaðarlega og hlíta þeim stefnum og mörkum sem framkvæmdastjórnin setur, stofnunin skal grípa til viðeigandi aðgerða þegar niðurstöður þessara álagsprófana sýna mikið tap sem stafar af viðskiptastarfsemi stofnunarinnar við ákveðnar aðstæður,

h) stofnunin skal láta fara fram óháða úttekt á eigin áhættumatslíkönum sem er annaðhvort liður í reglubundnu innra endurskoðunarferli hennar eða með því að fela þriðja aðila að annast þá úttekt sem skal gerð með fullnægjandi hætti að mati lögbærra yfirvalda.

Að því er varðar fyrstu undirgrein h-liðar þá er með þriðja aðila átt við fyrirtæki sem veitir stofnunum úttektar- eða ráðgjafarþjónustu og sem hefur yfir að ráða starfsfólki sem hefur fullnægjandi færni á sviði markaðsáhættu í tengslum við viðskiptastarfsemi.

2. Úttektin sem um getur í h-lið fyrstu málsgreinar skal bæði taka til starfsemi viðskiptadeilda og sjálfstæðrar áhættueftirlitsdeildar. Stofnunin skal að minnsta kosti árlega láta fara fram úttekt á áhættustýringarferli sínu í heild. Við úttektina skal skoða eftirfarandi:

a) hvort skráning gagna um áhættustýringarkerfið og ferli þess og skipulag áhættueftirlitsdeildarinnar sé fullnægjandi,

b) samþættingu áhættumats við daglega áhættustýringu og heilleika upplýsingastjórnunarkerfisins,

c) ferlið sem stofnunin fylgir við að samþykkja áhættuverðlagningarlíkön og matskerfi sem bæði starfsmenn í framlínu og bakvinnslu nota,

d) að hve miklu leyti áhætta greinist með líkaninu, nákvæmni og hentugleiki áhættumatskerfisins og sannreyningu mikilvægra breytinga í eigin áhættumatslíkaninu,

e) það hversu nákvæm og fullkomin stöðugögn eru, að hve miklu leyti forsendur um flökt og fylgni eru nákvæmar og tilhlýðilegar, hversu mat og útreikningur á áhættunæmi eru nákvæm og tilhlýðileg og að hve miklu leyti myndun áætlaðra gagna er nákvæm og tilhlýðileg þegar tiltæk gögn nægja ekki til að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessum kafla,

f) sannprófunarferlið sem stofnunin notar til þess að meta samkvæmni, tímanleika og áreiðanleika þeirra gagnalinda sem notaðar eru til að keyra eigin áhættumatslíkön, þ.m.t. hversu óháðar þessar gagnalindir eru,

g) sannprófunarferlið sem stofnunin notar til að meta kröfur um afturvirka prófun og kröfur um úthlutun á hagnaði og tapi sem framkvæmt er til að meta nákvæmni eigin áhættumatslíkans,

h) þegar úttektin er framkvæmd af þriðja aðila í samræmi við h-lið fyrstu mgr. þessarar greinar sannprófun á því að innra fullgildingarferlið sem sett er fram í 325. gr. bj uppfylli markmið sín.

3. Stofnanir skulu uppfæra þá tækni og þær aðferðir sem þær nota í tengslum við þau eigin áhættumatslíkön sem notuð eru að því er varðar þennan kafla til að taka mið af þróuninni á nýrri tækni og bestu starfsvenjum sem á sér stað í tengslum við þessi eigin áhættumatslíkön.

325. gr. bj

Innri sannreyning

1. Stofnanir skulu hafa yfir að ráða vinnsluferlum til að tryggja að öll eigin áhættumatslíkön sem notuð eru að því er varðar þennan kafla hafi verið sannreynd á fullnægjandi hátt af þar til bærum aðilum sem eru óháðir þróunarferlinu til að tryggja að öll slík líkön séu skilvirk og fangi á fullnægjandi hátt allar áhættur sem skipta máli.

2. Stofnanir skulu framkvæma sannreyninguna sem um getur í 1. mgr. í eftirfarandi aðstæðum:

a) þegar eigið áhættumatslíkan er fyrst þróað og síðan þegar verulegar breytingar eru gerðar á því líkani,

b) með reglulegu millibili og þegar orðið hafa verulegar skipulagsbreytingar á markaðinum eða breytingar á samsetningu eignasafnsins sem gætu leitt til þess að eigið áhættumatslíkan sé ekki lengur fullnægjandi.

3. Sannreyning á eigin áhættumatslíkönum stofnunar skal ekki takmarkast við afturvirka prófun og kröfur um úthlutun á hagnaði og tapi og skal að lágmarki fela í sér eftirfarandi:

a) prófanir til að sannreyna að allar forsendurnar sem gengið er út frá í eigin líkani, eigi við og vanmeti ekki eða ofmeti áhættuna,

b) eigin sannreyningarpróf á eigin líkani, þ.m.t. afturvirk prófun, auk lögboðinna áætlana um afturvirka prófun í tengslum við áhættur og skipulag eignasafna sinna,

c) notkun áætlaðra eignasafna til að tryggja að eigið áhættumatslíkan geti greint sérstaka skipulagsþætti sem geta komið upp, t.d. verulegar grundvallaráhættur og samþjöppunaráhættu eða áhættur í tengslum við verðvísbendingar.

325. gr. bk

Útreikningur á áhættumati sem byggt er á álagssviðsmynd

1. Áhættumatið sem byggist á álagssviðsmynd fyrir áhættuþátt sem ekki er hægt að gera líkan fyrir er tapið sem verður í öllum stöðum veltubókar eða stöðum utan veltubókar sem eru háðar gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu, sem felur í sér viðkomandi áhættuþátt sem ekki er hægt að gera líkan fyrir, þegar ýkt sviðsmynd af framtíðaráfalli er notuð fyrir þann áhættuþátt.

2. Stofnanir skulu þróa viðeigandi ýktar sviðsmyndir fyrir framtíðaráföll fyrir alla áhættuþætti sem ekki er hægt að gera líkan fyrir sem að mati lögbærra yfirvalda þeirra teljast fullnægjandi.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) hvernig stofnanir eiga að þróa ýktar sviðsmyndir fyrir framtíðaráföll sem notaðar eru fyrir áhættuþætti sem ekki er hægt að gera líkan fyrir og hvernig nota skal þessar ýktu sviðsmyndir framtíðarafalla með tilliti til þessara áhættuþátta,

b) eftirlitsbundna ýkta sviðsmynd framtíðarafalla fyrir hvern víðtækan undirflokk áhættuþátta sem tilgreindir eru í töflu 2 í 325. gr. bd sem stofnanir mega nota þegar þeim er ekki kleift að þróa ýkta sviðsmynd framtíðarafalla í samræmi við a-lið þessarar undirgreinar eða sem lögbær yfirvöld mega krefjast að stofnunin noti ef þessi yfirvöld fallast ekki á ýktu sviðsmyndina fyrir framtíðaráföll sem stofnunin þróar,

c) aðstæðurnar þar sem stofnanir mega reikna áhættumatið út frá sviðsmynd fyrir meira en einn áhættuþátt sem ekki er hægt að gera líkan fyrir,

d) hvernig stofnanir eiga að safna saman áhættumötum út frá sviðsmyndum fyrir alla áhættuþætti sem ekki er hægt að gera líkan fyrir sem er að finna í stöðum þeirra í veltubók og stöðum utan veltubókar sem eru háðar gjaldmiðlaáhættu eða hrávöruáhættu.

Við gerð þessara draga að tæknilegum eftirlitsstöðlum skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til þess að krafan vegna eiginfjárgrunns fyrir markaðsáhættu vegna áhættuþáttar sem ekki er hægt að gera líkan fyrir eins og sett er fram í þessari grein skuli vera jafnhá kröfunni vegna eiginfjárgrunns fyrir markaðsáhættu sem myndi hafa verið reiknuð samkvæmt þessum kafla ef hægt væri að gera líkan fyrir þann áhættuþátt.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. september 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

3. þáttur

Eigið líkan fyrir vanskilaáhættu

325. gr. bl

Umfang eigin líkans fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu

1. Allar stöður stofnunar sem hefur verið úthlutað viðskiptaborðum sem stofnunin hefur fengið leyfi fyrir eins og um getur í 2. mgr. 325. gr. az skulu falla undir eiginfjárgrunnskröfur vegna vanskilaáhættu þegar þessar stöður innihalda a.m.k. einn áhættuþátt sem hefur verið tengdur víðtækum flokkum áhættuþátta „hlutabréfa“ eða „vaxtaálags“ í samræmi við 1. mgr. 325. gr. bd. Þessi eiginfjárgrunnskrafa sem eykst í hlutfalli við áhættuna sem fellur undir eiginfjárgrunnskröfuna sem um getur í 1. mgr. 325. gr. ba skal reiknuð með því að nota eigið líkan stofnunarinnar fyrir vanskilaáhættu. Þetta líkan skal hlíta kröfunum sem mælt er fyrir um í þessum þætti.

2. Fyrir hverja af þeim stöðum sem um getur í 1. mgr. skal stofnun tilgreina einn útgefanda skulda- eða hlutabréfagerninga sem viðskipti eru höfð með sem tengjast a.m.k. einum áhættuþætti.

325. gr. bm

Leyfi til að nota eigið líkan fyrir vanskilaáhættu

1. Lögbær yfirvöld skulu veita stofnun leyfi til að nota eigið líkan fyrir vanskilaáhættu til að reikna eiginfjárgrunnskröfuna sem um getur í 2. mgr. 325. gr. ba fyrir allar stöðurnar í veltubókinni sem um getur í 325. gr. bl sem er úthlutað viðskiptaborði þar sem eigið líkanið fyrir vanskilaáhættu uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 325. gr. bi, 325. gr. bj, 325. gr. bn, 325. gr. bo og 325. gr. bp.

2. Þegar viðskiptaborð stofnunar sem hefur verið úthlutað stöðum sem um getur í 325. gr. bl uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar skulu eiginfjárgrunnskröfur fyrir markaðsáhættu allra staðna hjá því viðskiptaborði reiknaðar í samræmi við aðferðina sem um getur í 1. kafla a.

325. gr. bn

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar vanskilaáhættu með notkun eigin líkans fyrir vanskilaáhættu

1. Stofnanir skulu reikna eiginfjárgrunnskröfur að því er varðar vanskilaáhættu með því að nota eigið líkan fyrir vanskilaáhættu fyrir eignasafn allra staðna í veltubók sem um getur í 325. gr. bl sem hér segir:

a) eiginfjárgrunnskröfurnar skulu samsvara virði vágilda sem mælir mögulegt tap á markaðsverði eignasafnsins sem orsakast af vanskilum útgefenda í tengslum við þessar stöður við 99,9% öryggisbil á eins árs tímabili,

b) mögulega tapið sem um getur í a-lið merkir beint eða óbeint tap á markaðsvirði stöðu sem orsakaðist af vanskilum útgefandans og sem eykst í hlutfalli við hvers konar tap sem tekið er tillit til í raunverulegu mati á stöðunni; vanskil útgefanda hlutabréfastaðna skal tilgreint með því að fastsetja virði hlutabréfaverðs við núll,

c) stofnanir skulu ákvarða fylgni vanskila milli mismunandi útgefenda á grundvelli traustrar aðferðafræði með því að nota hlutlæg rannsóknarsöguleg gögn um markaðsvaxtaálag eða gengi hlutabréfa sem ná yfir a.m.k. 10 ára tímabil sem inniheldur álagstímann sem greindur er af stofnuninni í samræmi við 2. mgr. 325. gr. bc; útreikningurinn á fylgni vanskila milli mismunandi útgefenda skal kvarðaður við eins árs tímabil,

d) eigið líkan fyrir vanskilaáhættu skal grundvallað á stöðugri stöðu á eins árs tímabili.

2. Stofnanir skulu reikna eiginfjárgrunnskröfuna fyrir vanskilaáhættu með því að nota eigið líkan fyrir vanskilaáhættu eins og um getur í 1. mgr. a.m.k. einu sinni í viku.

3. Þrátt fyrir a- og c-lið 1. mgr. má stofnun láta sextíu daga tímabil koma í staðinn fyrir eins árs tímabil í þeim tilgangi að reikna vanskilaáhættu sumra eða allra hlutabréfastaðnanna, eftir því sem við á. Í þeim tilvikum skal útreikningurinn á fylgni vanskila milli gengis hlutabréfa og möguleikanna á vanskilum samsvara sextíu daga tímabili og útreikningurinn á fylgni vanskila milli gengis hlutabréfa og gengis skuldabréfa samsvara eins árs tímabili.

325. gr. bo

Áhættuvarnir felldar inn í eigið líkan fyrir vanskilaáhættu

1. Stofnanir mega fella áhættuvarnir inn í eigið líkan fyrir vanskilaáhættu og mega jafna stöður þegar gnóttstöður og skortstöður varða sama fjármálagerninginn.

2. Stofnanir mega eingöngu fella áhættuvörn eða fjölþættingaráhrif sem tengjast gnóttstöðum eða skortstöðum sem varða mismunandi gerninga eða mismunandi verðbréf sama loforðsgjafa inn í eigið líkan fyrir vanskilaáhættu sem og gnóttstöður og skortstöður í mismunandi útgefendum með því gera greinargóð líkön fyrir gnóttstöður og skortstöður í mismunandi gerningum, þ.m.t. með því að gera líkön fyrir grunnáhættu milli mismunandi útgefenda.

3. Í eigin líkani sínu fyrir vanskilaáhættu skulu stofnanir greina verulega áhættu milli áhættuvarnargernings og áhættuvarða gerningsins sem verður á tímabilinu milli gjalddaga áhættuvarins gernings og eins árs tímabilsins, sem og möguleikann á verulegri grunnáhættu í áhættuvarnaráætlunum sem stafa af mismunandi afurðategund, forgangsröð í fjármagnsuppbyggingu, innra eða ytra mati, gildistíma, útgáfualdri (e. *vintage*) og öðrum mismun. Stofnanir skulu aðeins færa inn áhættuvarnargerning að því marki sem unnt er að viðhalda honum jafnvel þótt loforðsgjafi nálgist lánaatburð eða annan atburð.

325. gr. bp

Sérstakar kröfur vegna eigin líkans fyrir vanskilaáhættu

1. Eigið líkan fyrir vanskilaáhættu sem um getur í 1. mgr. 325. gr. bm skal geta gert líkan af vanskilum einstakra útgefenda sem og samtíma vanskil margra útgefenda og skal taka tillit til áhrifa þessara vanskila á markaðsverð staðnanna sem þetta líkan er notað fyrir. Í þessu skyni skal gera líkan fyrir vanskil hvers einstaks útgefanda með því að nota tvær tegundir af kerfisbundnum áhættuþáttum.

2. Eigið líkan fyrir vanskilaáhættu skal endurspegla hagsveifluna, þ.m.t. hæðið milli endurheimtuhlutfallanna og kerfisbundnu áhættuþáttanna sem um getur í 1. mgr.

3. Eigið líkan fyrir vanskilaáhættu skal endurspegla ólínuleg áhrif valrétta og annarra staðna sem hegða sér marktækt með ólínulegum hætti með tilliti til verðbreytinga. Stofnanir skulu einnig taka tilhlýðilegt tillit til umfangs líkansáhættu sem er innbyggð í verðmat og mat á verðlagsáhættu í tengslum við þessar afurðir.

4. Eigið líkan fyrir vanskilaáhættu skal byggt á gögnum sem eru hlutlæg og ný.

5. Til að líkja eftir vanskilum útgefenda í innra líkaninu fyrir vanskilaáhættu skal mat stofnunarinnar á líkunum á vanefndum uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) líkur á vanefndum skulu miðast við 0,03% neðri mörk,

b) líkurnar á vanefndum skulu grundvallaðar á eins árs tímabili nema kveðið sé á um annað í þessum þætti,

c) líkurnar á vanefndum skulu metnar með því að nota eingöngu, eða ásamt gildandi markaðsverðum, gögn sem hafa verið skoðuð á sögulegu tímabili sem nær a.m.k. yfir fimm ár og varða fyrri vanefndir og mikla lækkun á markaðsverðum sem samsvara vanskilaatburðum; líkur á vanefndum skal ekki aðeins reikna út frá gildandi markaðsverðum,

d) stofnun sem veitt hefur verið heimild til að meta líkur á vanefndum í samræmi við 1. þátt 3. kafla í II. bálki skal nota aðferðina sem þar er sett fram til að reikna líkur á vanefndum,

e) stofnun sem ekki hefur verið veitt heimild til að meta líkur á vanefndum í samræmi við 1. þátt 3. kafla í II. bálki skal þróa innri aðferðafræði eða nota ytri aðföng til að meta líkur á vanefndum; í báðum aðstæðum skal matið á líkum á vanefndum vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessari grein.

6. Til að líkja eftir vanskilum útgefenda í innra líkaninu fyrir vanskilaáhættu skal mat stofnunarinnar á tapi að gefnum vanefndum uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) mat á tapi að gefnum vanefndum má ekki fara niður fyrir 0%,

b) mat á tapi að gefnum vanefndum skal endurspegla forgangsröðun hverrar stöðu,

c) stofnun sem fengið hefur heimild til að meta tap að gefnum vanefndum í samræmi við 1. þátt 3. kafla í II. bálki skal nota aðferðina sem þar er sett fram til að reikna út tap að gefnum vanefndum,

d) stofnun sem ekki hefur verið veitt heimild til að meta tap að gefnum vanefndum í samræmi við 1. þátt 3. kafla í II. bálki skal þróa innri aðferðafræði eða nota ytri aðföng til að meta tap að gefnum vanefndum; í báðum aðstæðum skal matið á tapi að gefnum vanefndum vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessari grein.

7. Sem liður í óháðri endurskoðun og sannreyningu á eigin líkönum sem notuð eru að því er varðar þennan kafla, þ.m.t. að því er varðar áhættumatskerfið, skulu stofnanir:

a) sannreyna að aðferð við líkanagerðina að því er varðar fylgni og verðbreytingar sé viðeigandi með tilliti til eignasafns þeirra, þ.m.t. val á vægi kerfisbundinna áhættuþátta líkansins,

b) framkvæma fjölbreytt álagspróf, þ.m.t. næmisgreiningar og sviðsmyndagreiningar, til þess að meta eigindlegt og megindlegt réttmæti eigin vanskilaáhættulíkans, einkum með tilliti til þess hvernig samþjöppun er meðhöndluð,

c) beita viðeigandi megindlegri sannreyningu, þ.m.t. viðeigandi eigin viðmiðunum líkana.

Prófin sem um getur í b-lið skulu ekki takmarkast við atburði sem hafa átt sér stað áður.

8. Eigin vanskilaáhættulíkön skulu endurspegla á tilhlýðilegan hátt samþjöppun útgefanda og samþjöppun sem getur orðið innan og þvert á tegundaflokka við álagsaðstæður.

9. Eigið vanskilaáhættulíkan skal vera í samræmi við áhættustýringaraðferðir stofnunarinnar við að greina, mæla og stýra viðskiptaáhættu.

10. Stofnanir skulu hafa skilmerkilega skilgreindar stefnur og verklagsreglur til að ákvarða forsendur vanefnda að því er varðar fylgni milli mismunandi útgefenda í samræmi við c-lið 1. mgr. 325. gr. bn og æskilegt val á aðferð til að meta líkur á vanefndum í e-lið 5. mgr. þessarar greinar og tap að gefnum vanefndum í d-lið 6. mgr. þessarar greinar.

11. Stofnanir skulu skjalfesta eigin líkön sín þannig að fylgniforsendur og aðrar forsendur líkans séu gagnsæjar lögbærum yfirvöldum.

12. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina kröfurnar sem innri aðferðafræði stofnunar eða ytri aðföng eiga að uppfylla að því er varðar mat á líkum á vanefndum og tap að gefnum vanefndum í samræmi við e-lið 5. mgr. og d-lið 6. mgr.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. september 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

91) Í stað 1. mgr. 384. gr. kemur eftirfarandi í stað skilgreiningarinnar EAD_i^{total}:

"EAD_i^{total} = heildarvirði útlánaáhættu mótaðila hjá mótaðila „i“ (þegar öll skuldajöfnunarsöfn eru lögð saman), þ.m.t. áhrif tryggинga í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í 3. til 6. þætti 6. kafla II. bálks eftir því sem við á um útreikning á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar útlánaáhættu mótaðila vegna þess mótaðila.

92) Í stað 385. gr. kemur eftirfarandi:

„385. gr.

Önnur aðferð en CVA-aðferðin til að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns

Í stað 384. gr. mega stofnanir sem nota aðferð upprunalegrar áhættu eins og mælt er fyrir um í 282. gr., að því er varðar gerninga sem um getur í 382. gr. og með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbærra yfirvalda, nota margfeldisstuðulinn 10 á framkomnar áhættuvegnar áhættuskuldbindingar fyrir útlánaáhætta mótaðila vegna þessara áhættuskuldbindinga í stað þess að reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunnsins að því er varðar CVA-áhættu.“

93) Í stað 390. gr. kemur eftirfarandi:

„390. gr.

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði

1. Reikna skal heildaráhættuskuldbindingar vegna hóps tengdra viðskiptavina með því að leggja saman áhættuskuldbindingar vegna einstaka viðskiptavina í hópnum.

2. Heildaráhættuskuldbindingar vegna einstakra viðskiptavina skulu reiknaðar með því að leggja saman áhættuskuldbindingar í veltubók og áhættuskuldbindingar í fjárfestingarbók.

3. Að því er varðar áhættuskuldbindingar í veltubók mega stofnanir:

a) jafna gnóttstöður og skortstöður sínar í sömu fjármálagerningum sem gefnir eru út af tilteknum viðskiptavini á móti hreinni stöðu í hverjum gerningi sem reiknuð er í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í 2. kafla IV. bálks í þriðja hluta,

b) jafna gnóttstöður og skortstöður sínar í mismunandi fjármálagerningum sem gefnir eru út af tilteknum viðskiptavini, en eingöngu þegar fjármálagerningurinn sem liggur til grundvallar skortstöðu er réttlægri undirliggjandi gnóttstöðu fjármálagerningsins eða þegar undirliggjandi gerningar eru jafn réttháir.

Að því er varðar a- og b-lið má setja fjármálagerninga í undirflokka eftir því hversu réttháir þeir eru til að ákvarða hlutfallslega rétthæð staðna.

4. Stofnanir skulu reikna út áhættuskuldbindingarvirði afleiddu samninganna sem tilgreindir eru í II. viðauka og lánaafleiðusamninga sem gengið er millilíðalaust til við viðskiptavin í samræmi við eina af þeim aðferðum sem settar eru fram í 3., 4. og 5. þætti 6. kafla II. bálks í þriðja hluta, eftir því sem við á. Áhættuskuldbindingar sem leiðir af viðskiptunum sem um getur í 378., 379. og 380. gr. skulu reiknaðar eins og mælt er fyrir um í þessum greinum.

Stofnanir skulu einnig hlíta meginreglunum sem settar eru fram í 299. gr. þegar þær reikna út áhættuskuldbindingarvirði samninganna sem um getur í fyrstu undirgrein ef þessir samningar eru settir í veltubók.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein mega stofnanir sem hafa heimild til að nota aðferðirnar sem um getur í 4. þætti 4. kafla II. bálks í þriðja hluta og 6. þætti 6. kafla II. bálks í þriðja hluta nota þessar aðferðir til að reikna út áhættuskuldbindingarvirðið vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf.

5. Við heildaráhættuskuldbindingu vegna viðskiptavinar skulu stofnanir leggja áhættuskuldbindingarnar sem leiðir af afleiðusamningum sem tilgreindir eru í II. viðauka og afleiðusamningum vegna útlánaáhættu hafi samningurinn ekki verið gerður beint við þann viðskiptavin heldur hefur undirliggjandi skulda- eða hlutabréfagerningur verið gefinn út af þeim viðskiptavini.

6. Eftirfarandi skal ekki teljast til áhættuskuldbindinga:

a) ef um er að ræða gjaldeyrisviðskipti, áhættuskuldbindingar í tengslum við eðlilegt uppgjör næstu tvo virka daga eftir greiðslu,

b) ef um er að ræða viðskipti vegna kaupa eða sölu á verðbréfum, áhættuskuldbindingar í tengslum við eðlilegt uppgjör næstu fimm virka daga eftir greiðslu eða afhendingu verðbréfanna, eftir því hvort er fyrr,

c) ef um er að ræða millifærslu peninga, þ.m.t. framkvæmd greiðsluþjónustu, greiðslujöfnun og uppgjör í hvaða gjaldmiðli sem er og millibankaviðskipti eða uppgjör fjármálagerninga, uppgjör og vörsluþjónustu, seinkaða móttöku fjármögnunar og aðrar áhættuskuldbindingar vegna starfsemi viðskiptavinar sem varir ekki lengur en til næstkomandi viðskiptadags,

d) ef um er að ræða millifærslu peninga, þ.m.t. framkvæmd greiðsluþjónustu, greiðslujöfnun og uppgjör í hvaða gjaldmiðli sem er og millibankaviðskipti, áhættuskuldbindingar innan dags gagnvart stofnunum sem veita þá þjónustu,

e) áhættuskuldbindingar sem dregnar eru frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1 eða liðum viðbótareiginfjár þáttar 1 í samræmi við 36. eða 56. gr. eða annar frádráttur frá þessum liðum sem lækka eiginfjárhlutfallið.

7. Til að ákvarða heildaráhættuskuldbindingu vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina, að því er varðar viðskiptavini þegar stofnun hefur áhættuskuldbindingar vegna þeirra fyrir tilstilli viðskipta sem um getur í m- og o-lið 112. gr. eða annarra viðskipta þar sem til staðar er áhættuskuldbinding gagnvart undirliggjandi eignum, skal stofnun meta undirliggjandi áhættuskuldbindingar sínar með tilliti til fjárhagslegra meginatriða í skipulagi viðskiptanna og áhættu sem er innbyggð í skipulag sjálfra viðskiptanna, til þess að ákvarða hvort þau mynda viðbótaráhættuskuldbindingu.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina:

a) skilyrði og aðferðir sem nota skal til að ákvarða heildaráhættuskuldbindingu vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina að því er varðar þær tegundir áhættuskuldbindinga sem um getur í 7. mgr.,

b) skilyrðin sem valda því að skipulag viðskiptanna sem um getur í 7. mgr. telst ekki mynda viðbótaráhættuskuldbindingu, fari viðskiptin fram við þau skilyrði.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 1. janúar 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

9. Að því er varðar 5. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina hvernig eigi að ákvarða áhættuskuldbindingarnar sem leiðir af afleiðusamningum sem tilgreindir eru í II. viðauka og afleiðusamningum vegna útlánaáhættu, hafi samningurinn ekki verið gerður beint við þann viðskiptavin heldur hefur undirliggjandi skulda- eða hlutabréfagerningur verið gefinn út af þeim viðskiptavini til innfellingar í áhættuskuldbindingar viðskiptavinarins.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. mars 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

94) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 391. gr.:

„Að því er varðar fyrstu málsgrein má framkvæmdastjórnin samþykkja með framkvæmdargerðum, og með fyrirvara um rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 464. gr., ákvarðanir um það hvort þriðja land beiti kröfum um varfærniseftirlit og kröfum um eftirlit sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem beitt er í Sambandinu.“

95) Í stað 392. gr. kemur eftirfarandi:

„392. gr.

Skilgreining á stórum áhættuskuldbindingum

Áhættuskuldbinding lánastofnunar vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina telst stór áhættuskuldbinding ef virði hennar nemur 10 % eða meira af eiginfjárþætti 1.“

96) Í stað 394. gr. kemur eftirfarandi:

„394. gr.

Kröfur um skýrslugjöf

1. Stofnanir skulu senda lögbærum yfirvöldum sínum eftirfarandi upplýsingar um allar stórar áhættuskuldbindingar í vörslu þeirra, þ.m.t. stórar áhættuskuldbindingar sem eru undanþegnar beitingu 1. mgr. 395. gr.:

a) auðkenni viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina ef stofnunin hefur stóra áhættuskuldbindingu vegna hans,

b) áhættuskuldbindingarvirðið áður en tekið er tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu, eftir atvikum,

c) tegund fjármagnaðrar eða ófjármagnaðrar útlánavarnar, ef þess háttar vörn er notuð,

d) áhættuskuldbindingarvirðið eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu, sem reiknuð er með tilliti til 1. mgr. 395. gr., eftir atvikum.

Stofnanir sem falla undir 3. kafla II. bálks í þriðja hluta skulu veita lögbærum yfirvöldum sínum upplýsingar um 20 stærstu áhættuskuldbindingar sínar á samstæðugrunni að undanskildum þeim sem undanþegnar eru beitingu 1. mgr. 395. gr.

Stofnanir skulu einnig veita lögbærum yfirvöldum sínum upplýsingar um áhættuskuldbindingar á samstæðugrunni ef virði þeirra er jafnt eða meira en 300 milljónir evra en minna en 10% af eiginfjárþætti 1.

2. Til viðbótar upplýsingunum sem um getur í þessari grein skulu stofnanir veita lögbærum yfirvöldum sínum eftirfarandi upplýsingar í tengslum við 10 stærstu áhættuskuldbindingar sínar á samstæðugrunni, sem og 10 stærstu áhættuskuldbindingar sínar á samstæðugrunni vegna skuggabankaaðila sem stunda óeftirlitsskylda bankastarfsemi, að meðtöldum stórum áhættuskuldbindingum sem undanþegnar eru beitingu 1. mgr. 395. gr.:

a) auðkenni viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina ef stofnunin hefur stóra áhættuskuldbindingu vegna hans,

b) áhættuskuldbindingarvirðið áður en tekið er tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu, eftir atvikum,

c) tegund fjármagnaðrar eða ófjármagnaðrar útlánavarnar, ef þess háttar vörn er notuð,

d) áhættuskuldbindingarvirðið eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu, sem reiknuð er með tilliti til 1. mgr. 395. gr., eftir atvikum.

3. Stofnanir skulu veita lögbærum yfirvöldum sínum upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. að minnsta kosti hálfsárslega.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar viðmiðin fyrir auðkenningu á skuggabankastarfsemi sem um getur í 2. mgr.

Við gerð þessara tæknilegu eftirlitsstaðla skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til þróunar á alþjóðavettvangi og alþjóðlegra samþykktra staðla um skuggabankastarfsemi og meta hvort:

a) tengslin við einstaka einingu eða einingasamstæðu kunni að hafa í för með sér áhættu fyrir greiðslugetu eða lausafjárstöðu stofnunarinnar,

b) einingar sem falla undir kröfur um greiðslugetu eða laust fé sem eru sambærilegar þeim sem kveðið er á um í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB ættu að vera undanþegnar, til fulls eða að hluta, frá því að veita upplýsingar um aðila sem stunda skuggabankastarfsemi.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

97) Ákvæðum 395. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1 Stofnun skal ekki stofna til áhættuskuldbindingar, eftir að hún hefur tekið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu í samræmi við 399. til 403. gr., vegna viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina þar sem virðið fer yfir 25% af eiginfjárþætti 1 stofnunarinnar. Ef viðkomandi viðskiptavinur er stofnun eða ef ein eða fleiri stofnanir eru innan hóps tengdra viðskiptavina skal þetta virði ekki vera umfram 25% af eiginfjárþætti 1 eða 150 milljónir evra, eftir því hvort er hærra, að því tilskildu að heildarvirði áhættuskuldbindinga, eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu í samræmi við 399.–403. gr., vegna allra tengdra viðskiptavina, sem ekki eru stofnanir, fari ekki yfir 25% af eiginfjárþætti 1 stofnunarinnar.

Þegar fjárhæðin 150 milljónir evra fer yfir 25% af eiginfjárþætti 1 stofnunarinnar skal virði áhættuskuldbindingarinnar, að teknu tilliti til áhrifa mildunar útlánaáhættu í samræmi við 399.–403. gr., ekki fara yfir hæfileg mörk með tilliti til eiginfjárþáttar 1 stofnunarinnar. Stofnunin skal ákvarða þessi mörk í samræmi við stefnur og verklagsreglur sem um getur í 81. gr. tilskipunar 2013/36/ESB til að bregðast við og stýra samþjöppunaráhættu. Mörkin mega ekki fara yfir 100% af eiginfjárþætti 1 stofnunarinnar.

Lögbær yfirvöld mega setja lægri mörk en 150 milljónir evra og skulu þau upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og framkvæmdastjórnina um það.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu ekki stofna til áhættuskuldbindingar gagnvart annarri kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu eða annarri kerfislega mikilvægri stofnun á alþjóðavísu utan ESB, ef virði hennar, að teknu tilliti til áhrifa mildunar útlánaáhættu í samræmi við 399.–403. gr., fer yfir 15% eða meira af eiginfjárþætti 1 hennar. Kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu skal hlíta þessu hámarki eigi síðar en 12 mánuðum frá þeim degi sem hún er auðkennd sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu. Ef kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu stofnar til áhættuskuldbindingar gagnvart annarri stofnun eða samstæðu sem verður auðkennd sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eða kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu utan ESB skal hún hlíta þessu hámarki eigi síðar en 12 mánuðum frá þeim degi sem þessi önnur stofnun eða samstæða er auðkennd sem kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu eða kerfislega mikilvæg stofnun á alþjóðavísu utan ESB.“

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5 Heimilt er að fara yfir mörkin sem mælt er fyrir um í þessari grein, að því er varðar áhættuskuldbindingar í veltubók stofnunar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) áhættuskuldbindingin í fjárfestingarbók vegna viðkomandi viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina fari ekki yfir mörkin sem mælt er fyrir um í 1. mgr., en þessi mörk eru reiknuð með hliðsjón af eiginfjárþætti 1 þannig að umframfjárhæðin sé eingöngu í veltubókinni,

b) stofnunin uppfylli viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn í tengslum við þann hluta áhættuskuldbindingarinnar sem er umfram mörkin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar reiknuðu í samræmi við 397.–398. gr.,

c) ef 10 dagar eða færri hafa liðið frá því umframfjárhæð sem um getur í b-lið varð til fari áhættuskuldbindingin í veltubókinni vegna viðkomandi viðskiptavinar eða hóps tengdra viðskiptavina ekki yfir 500 % af eiginfjárþætti 1 stofnunarinnar,

d) umframfjárhæðir sem varað hafa lengur en tíu daga fari samanlagt ekki yfir 600% af eiginfjárþætti 1 stofnunarinnar.

Í hvert sinn þegar farið er yfir mörkin skal stofnun án tafar tilkynna lögbærum yfirvöldum um umframfjárhæðina og nafn viðkomandi viðskiptavinar og, eftir atvikum, nafn hóps tengdra viðskiptavina eða viðkomandi hóps tengdra viðskiptavina.“

98) Ákvæðum 396. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Ef fjárhæðin 150 milljónir evra sem um getur í 1. mgr. 395. gr. á við geta lögbær yfirvöld í hverju tilviki fyrir sig heimilað að farið sé yfir 100% hámarkið að því er varðar eiginfjárþætti 1 stofnunarinnar, í hverju tilviki fyrir sig.“

ii. Eftirfarandi undirgrein bætist við:

„Heimili lögbært yfirvald, í þeim undantekningartilvikum sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein þessarar málsgreinar, stofnun að fara yfir hámarkið sem sett eru fram 1. mgr. 395. gr. lengur en í þrjá mánuði, skal stofnunin leggja fram áætlun um að hún muna í tæka tíð hlíta þessu hámarki þannig að fullnægjandi sé að mati lögbæra yfirvaldsins og skal hún hrinda í framkvæmd þessari áætlun innan þess frests sem samið er um við lögbæra yfirvaldið. Lögbæra yfirvaldið skal fylgjast með framkvæmd áætlunarinnar og gera kröfu um skjótari hlítingu, ef við á.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3 Að því er varðar 1. mgr. skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 sem skilgreina nánar hvernig lögbæru yfirvöldin geta ákvarðað:

a) undantekningartilvikin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar,

b) tímann sem talið er að þurfi áður en hægt er að hlíta aftur hámarkinu,

c) ráðstafanir sem gera þarf til að tryggja að stofnunin hlíti hámarkinu aftur í tæka tíð.“

99) Í 397. gr., 1. dálki í töflu 1 kemur hugtakið „eiginfjárþáttur 1“ í stað hugtaksins, hæft fjármagn“.

100) Ákvæðum 399. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1 Stofnun skal nota aðferð til mildunar útlánaáhættu við útreikning á áhættuskuldbindingu þegar hún hefur notað þá aðferð til að reikna út eiginfjárkröfur vegna útlánaáhættu í samræmi við II. bálk þriðja hluta, að því tilskildu að aðferðin til mildunar útlánaáhættu uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í þessari grein.

Að því er varðar 400–403. gr. skal hugtakið „ábyrgð“ ná yfir lánaafleiður skv. 4. kafla II. bálks þriðja hluta, aðrar en lánshæfistengd skuldabréf.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3 Aðferðir til mildunar útlánaáhættu sem eingöngu eru aðgengilegar stofnunum sem nota eina af innramatsaðferðunum skulu ekki notaðar til að lækka virði áhættuskuldbindingar vegna stórra áhættuskuldbindinga, nema vegna þeirra sem tryggðar eru með fasteign í samræmi við 402. gr.“

101) Ákvæðum 400. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum fyrstu undirgreinar 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað j-liðar kemur eftirfarandi:

„j) Viðskiptastöður stöðustofnunaraðila og framlög í vanskilasjóð fullgildra miðlægra mótaðila.“

ii. Eftirfarandi liðir bætast við:

„l) Viðskiptastöður viðskiptavina sem um getur í 2. mgr. 305. gr. eða 3. gr.

m) Eignarhlutir skilaeininga, eða dótturfélög þeirra sem sjálf eru ekki skilaeiningar, í eiginfjárgrunnsgerningum og hæfum skuldbindingum sem um getur í 2. mgr. 45. gr. f í tilskipun 2014/59/ESB sem hafa verið gefnir út af einhverjum eftirtöldum einingum:

i. öðrum einingum sem tilheyra sömu skilasamstæðu, að því er varðar skilaeiningar,

ii. viðkomandi dótturfélögum dótturfélagsins sem tilheyrir sömu skilaeiningu, að því er varðar dótturfélög skileininga sem sjálf eru ekki skilaeiningar.

n) Áhættuskuldbindingar sem leiðir af lágmarksskuldbindingarvirði sem uppfyllir öll skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 132. gr. c.“

b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað c-liðar kemur eftirfarandi:

„c) áhættuskuldbindingar sem stofnað er til af hálfu stofnunar, þ.m.t. með hlutdeild eða annars konar eignarhaldi, við móðurfélag hennar, við önnur dótturfélög þess móðurfélags eða eigin dótturfélög og virkir eignarhlutar, að því tilskildu að þessi félög séu undir því eftirliti á samstæðugrunni sem haft er með lánastofnuninni sjálfri í samræmi við þessa reglugerð, tilskipun 2002/87/EB eða sambærilegar, gildandi reglur í þriðja landi; farið skal með þær áhættuskuldbindingar, sem ekki uppfylla þessi skilyrði, hvort sem þær eru undanþegnar 1. mgr. 395. gr. þessarar reglugerðar eða ekki, sem áhættuskuldbindingar vegna þriðja aðila.“

ii. Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:

„k) áhættuskuldbindingar í formi tryggingar eða ábyrgðar vegna íbúðalána, sem viðurkenndur veitandi útlánavarnar sem um getur í 201. gr. lætur í té og sem uppfyllir skilyrðin fyrir lánshæfismati sem er a.m.k. það lægra af eftirfarandi þrepum:

i. lánshæfisþrepi 2,

ii. lánshæfisþrepinu sem samsvarar gjaldeyrismati ríkisstjórnar aðildarríkis þar sem höfuðstöðvar veitanda útlánavarnarinnar eru staðsettar,

iii. eftirfarandi liður bætist við:

„l) áhættuskuldbindingar í formi ábyrgðar vegna útflutningslána sem njóta opinbers stuðnings sem útflutningslánastofnun lætur í té sem uppfyllir skilyrðin fyrir lánshæfismati sem er a.m.k. það lægra af eftirfarandi þrepum:

i. lánshæfisþrepi 2,

ii. lánshæfisþrepinu sem samsvarar gjaldeyrismati ríkisstjórnar aðildarríkis þar sem höfuðstöðvar útflutningslánastofnunarinnar eru staðsettar.“

c) Í stað annarrar undirgreinar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„Lögbær yfirvöld skulu upplýsa Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um hvort þau hyggjast nota einhverjar af þeim undanþágum sem kveðið er á um í 2. mgr., í samræmi við a- og b-lið þessarar málsgreinar, og láta Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni í té rökstuddar ástæður fyrir notkun þessara undanþága.“

d) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„4 Ekki er heimilt að beita samtímis fleiri en einni undanþágu sem sett er fram í 1. og 2. gr. vegna sömu áhættuskuldbindingar.“

102) Í stað 401. gr. kemur eftirfarandi:

„401. gr.

Útreikningur á áhrifum af notkun aðferða til mildunar útlánaáhættu

1. Við útreikning á áhættuskuldbindingarvirðinu að því er varðar 1. mgr. 395. gr. getur stofnun notað fullaðlagað virði áhættuskuldbindingar (E*) , eins og það er reiknað skv. 4. kafla II. bálks í þriðja hluta, að teknu tilliti til mildunar útlánaáhættu, jöfnunar flökts og hvers konar misræmis í binditíma sem um getur í þeim kafla.

2. Að frátöldum þeim stofnunum sem nota einfölduðu aðferðina um fjárhagslegar tryggingar skulu stofnanir, í samræmi við fyrstu málsgrein, nota einfölduðu aðferðina um fjárhagslegar tryggingar, óháð aðferðinni sem notuð er til að reikna út eiginfjárgrunnskröfur vegna útlánaáhættu.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein mega stofnanir sem hafa heimild til að nota aðferðirnar sem um getur í 4. þætti 4. kafla II. bálks í þriðja hluta og 6. þætti 6. kafla II. bálks í þriðja hluta nota þessar aðferðir til að reikna út áhættuskuldbindingarvirðið vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf.

3. Í þeim tilgangi að reikna út virði áhættuskuldbindinga í samræmi við 1. mgr. 395. gr. skulu stofnanir framkvæma reglubundin álagspróf á samþjöppun útlánaáhættu sinnar, þ.m.t. í tengslum við söluvirði allra trygginga sem hafa verið teknar

Reglubundnu álagsprófin sem um getur í fyrstu undirgrein skulu taka til áhættu sem stafar af hugsanlegum breytingum á markaðsaðstæðum sem gætu haft neikvæð áhrif á fullnægjandi eiginfjárgrunn stofnunarinnar og áhættu sem stafar af innlausn veðs við álagsaðstæður.

Álagsprófin sem framkvæmd eru skulu vera nægjanleg og viðeigandi fyrir mat á slíkri áhættu.

Áætlanir stofnananna um viðbrögð við samþjöppunaráhættu skulu fela í sér:

a) stefnur og verklagsreglur til að bregðast við áhættu sem stafar af binditímamismuni áhættuskuldbindinga og hvers konar útlánaverndar vegna þessara áhættuskuldbindinga,

b) stefnur og verklagsreglur sem tengjast samþjöppunaráhættu sem stafar af beitingu aðferða til mildunar útlánaáhættu, einkum stórrar óbeinnar lánaáhættu, t.d. áhættuskuldbindingar vegna eins útgefanda verðbréfa, sem eru samþykktar sem trygging.

4. Þegar stofnun lækkar áhættuskuldbindingu vegna viðskiptavinar með því að nota tæka aðferð til mildunar áhættu í samræmi við 1. mgr. 399. gr. skal stofnunin, með þeim hætti sem um getur í 403. gr, meðhöndla þann hluta áhættuskuldbindingarinnar sem notuð er til að lækka áhættuskuldbindingu vegna mótaðilans eins og til hennar hafi verið stofnað vegna veitanda útlánavarnar fremur en vegna viðskiptavinarins.“

103) Í stað 1. og 2. mgr. 402. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Við útreikning á áhættuskuldbindingarvirði að því er varðar 395. gr. er stofnun heimilt, nema það sé bannað samkvæmt gildandi landslögum, að lækka virði áhættuskuldbindingar, eða hluta áhættuskuldbindingar, sem er fulltryggð með íbúðarhúsnæði, í samræmi við 1. mgr. 125. gr., um þann hluta markaðsvirðis eða veðlánsvirðis viðkomandi eignar sem veðsett er en þó ekki um meira en 50% af markaðsvirði eða 60% af veðlánsvirði í þeim aðildarríkjum sem hafa mælt fyrir um ströng skilyrði um mat á virði veðlána í lögum eða reglugerðum, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafi ekki ákveðið hærri áhættuvog en 35% fyrir áhættuskuldbindingar eða hluta áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með íbúðarhúsnæði í samræmi við 2. mgr. 124. gr.,

b) áhættuskuldbindingin eða hluti áhættuskuldbindingarinnar sé fulltryggður með einhverju af eftirfarandi:

   i. einu eða fleiri veðlánum í fasteign eða

   ii. íbúðarhúsnæði sem um hefur verið gerður kaupleigusamningur sem kveður á um að leigusalinn haldi fullu eignarhaldi á íbúðarhúsnæðinu og leigutakinn hafi ekki enn nýtt forkaupsrétt sinn,

c) kröfurnar í 208. gr. og 1. mgr. 229. gr. séu uppfylltar.

2. Við útreikning á áhættuskuldbindingarvirði að því er varðar 395. gr. er stofnun heimilt, nema það sé bannað samkvæmt gildandi landslögum, að lækka virði áhættuskuldbindingar, eða hluta áhættuskuldbindingar, sem er fulltryggð með atvinnuhúsnæði, í samræmi við 1. mgr. 126. gr., um þann hluta markaðsvirðis eða veðlánsvirðis viðkomandi eignar sem veðsettur er en þó ekki um meira en 50% af markaðsvirði eða 60% af veðlánsvirði í þeim aðildarríkjum sem hafa mælt fyrir um ströng skilyrði um mat á virði veðlána í lögum eða reglugerðum, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafi ekki ákveðið hærri áhættuvog en 50% fyrir áhættuskuldbindingar eða hluta áhættuskuldbindinga sem tryggðar eru með viðskiptahúsnæði í samræmi við 2. mgr. 124. gr.,

b) áhættuskuldbindingin sé fulltryggð með einhverju af eftirfarandi:

   i. einu eða fleiri veðum í skrifstofum eða öðru atvinnuhúsnæði eða

   ii. einni eða fleiri skrifstofum eða öðru atvinnuhúsnæði og áhættuskuldbindingum sem tengjast eignaleigusamningum,

c) kröfurnar í a-lið 2. mgr. 126. gr., 208. gr. og 1. mgr. 229. gr. séu uppfylltar,

d) atvinnuhúsnæðið sé fullbyggt.“

104) Í stað 403. gr. kemur eftirfarandi:

„403. gr.

Staðgönguaðferð

1. Ef þriðji aðili tryggir áhættuskuldbindingu vegna viðskiptavinar eða hún er tryggð með veði, sem þriðji aðili gefur út, skal stofnun:

a) líta á þann hluta áhættuskuldbindingarinnar sem er tryggður sem áhættuskuldbinding vegna ábyrgðaraðila fremur en vegna viðskiptavinar, að því tilskildu að ótryggð áhættuskuldbinding vegna útgefanda tryggingarinnar fengi sömu eða lægri áhættuvog en áhættuvog hins ótryggða hluta áhættuskuldbindingarinnar vegna viðskiptavinarins skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta,

b) líta á þann hluta áhættuskuldbindingarinnar sem er tryggður með veði í markaðsvirði viðurkenndrar tryggingar sem áhættuskuldbindingu vegna þriðja aðila fremur en vegna viðskiptavinar, að því tilskildu að áhættuskuldbindingin sé tryggð með veði og tryggður hluti áhættuskuldbindingarinnar fengi sömu eða lægri áhættuvog en áhættuvog ótryggða hluta áhættuskuldbindingarinnar vegna viðskiptavinarins skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta.

Stofnun skal ekki nota þá aðferð sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar ef um er að ræða misræmi milli binditíma áhættuskuldbindingar og binditíma áhættuvarnar.

Að því er varðar þennan hluta er stofnun aðeins heimilt að nota bæði heildaraðferð fjárhagslegrar tryggingar og þá meðferð sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar ef leyfilegt er að nota bæði heildaraðferð fjárhagslegrar tryggingar og einföldu aðferðina um fjárhagslegar tryggingar að því er varðar a-lið 92. gr.

2. Þegar stofnun beitir a-lið 1. mgr.:

a) ef ábyrgðin er tilgreind í öðrum gjaldmiðli en áhættuskuldbindingin, skal hún reikna út fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar, sem telst vera tryggð í samræmi við ákvæðin um meðferð gjaldmiðilsmisræmis vegna ófjármagnaðrar útlánavarnar sem sett er fram í þriðja hluta,

b) skal hún fara með hvers konar misræmi milli binditíma áhættuskuldbindingarinnar og binditíma varnarinnar í samræmi við ákvæðin um meðferð misræmis í binditíma sem kveðið er á um í 4. kafla II. bálks í þriðja hluta,

c) má hún viðurkenna vörn að hluta í samræmi við meðferðina sem er sett fram í 4. kafla II. bálks þriðja hluta.

3. Að því er varðar b-lið 1. mgr. má stofnun skipta út fjárhæðinni í a-lið þessarar málsgreinar með fjárhæðinni í b-lið þessarar málsgreinar, að því tilskildu að skilyrðin sem um getur í c-, d- og e-lið þessarar málsgreinar séu uppfyllt:

a) heildarfjárhæð áhættuskuldbindingar stofnunarinnar gagnvart útgefanda tryggingar vegna þríhliða samnings um endurhverf verðbréfakaup sem þríhliða umboðsmaður greiðir fyrir,

b) allri fjárhæð þeirra marka sem stofnunin hefur gefið þríhliða umboðsmanninum, sem um getur í a-lið, fyrirmæli um að nota vegna verðbréfanna sem útgefandi tryggingarinnar sem um getur í þeirri grein gefur út,

c) stofnunin hafi gengið úr skugga um að þríhliða umboðsmaðurinn hafi gert viðeigandi öryggisráðstafanir sem tryggja að ekki sé farið yfir mörkin sem um getur í b-lið,

d) lögbært yfirvald hafi ekki látið í ljós neinar verulegar áhyggjur við stofnunina,

e) summa hámarksfjárhæðarinnar sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar og allar aðrar áhættuskuldbindingar stofnunarinnar gagnvart útgefanda tryggingarinnar fer ekki yfir mörkin sem sett eru fram í 1. mgr. 395. gr.

4. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út viðmiðunarreglur í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 sem tilgreina skilyrðin fyrir beitingu meðferðarinnar sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. skilyrðin fyrir ákvörðun, eftirliti og endurskoðun á mörkunum sem um getur í b-lið þeirrar málsgreinar og hversu oft þetta skuli fara fram.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa út þessar viðmiðunarreglur eigi síðar en 31. desember 2019.“

105) Í stað fyrirsagnar I. bálks 6. hluta kemur eftirfarandi:

„SKILGREININGAR OG LAUSAFJÁRKRÖFUR“

106) Í stað 411. gr. kemur eftirfarandi:

„411. gr.

Skilgreiningar

Í þessum hluta er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „viðskiptavinur á fjármálamarkaði“: viðskiptavinur, þ.m.t. viðskiptavinur á fjármálamarkaði sem tilheyrir fyrirtæki, öðru en samstæðu fjármálafyrirtækja sem hefur eina eða fleiri gerðir starfsemi sem um getur í I. viðauka við tilskipun 2013/36/ESB að meginstarfsemi, eða er eitt af eftirfarandi:

   a) lánastofnun,

   b) verðbréfafyrirtæki,

   c) sérstakur verðbréfunaraðili (e. *securitisation special purpose entity* (SSPE),

   d) sjóður um sameiginlega fjárfestingu,

   e) fjárfestingarfyrirkomulag sem ekki er opið,

   f) vátryggingafélag,

   g) endurtryggingafélag,

   h) eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag í fjármálastarfsemi,

   i) fjármálastofnun,

   j) lífeyriskerfi eins og það er skilgreint í 10. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012,

2) „smásöluinnlán“: skuld við einstakling eða lítið eða meðalstórt fyrirtæki ef viðkomandi myndi uppfylla skilyrði flokks almennra áhættuskuldbindinga samkvæmt staðal- eða innramatsaðferð fyrir útlánaáhættu, sem og skuld við fyrirtæki sem telst hæft til þeirrar meðferðar sem um getur í 4. mgr. 153. gr. og ef samanlögð innlán allra slíkra fyrirtækja á samstæðugrunni fer ekki yfir eina milljón evra,

3) „persónulegt fjárfestingarfélag“: fyrirtæki eða sjóður þar sem eigandi eða raunverulegur eigandi er einstaklingur eða hópur mjög tengdra einstaklinga sem sinnir ekki neinni annarri viðskipta-, iðnaðar- eða fagstarfsemi og sem stofnað hefur verið eingöngu til að stýra eignum eigandans eða eigendanna, þ.m.t. viðbótarstarfsemi sem felst í því að skilja í sundur eignir eigenda frá heildareignum fyrirtækis, auðvelda flutning eigna innan fjölskyldu eða koma í veg fyrir að eignum sé skipt upp eftir andlát fjölskyldumeðlims, að því gefnu að viðbótarstarfsemin tengist þeim megintilgangi að stýra eignum eigendanna,

4) „innstæðumiðlari“: einstaklingur eða fyrirtæki sem leggja innlán frá þriðju aðilum, þ.m.t. smásöluinnlán og fyrirtækjainnlán en að undanskildum innlánum frá viðskiptavinum á fjármálamarkaði, inn hjá lánastofnunum gegn gjaldi,

5) „kvaðalausar eignir“: eignir sem ekki eru háðar neinum lagalegum, samningsbundnum, eftirlitstengdum eða annarskonar takmörkunum sem koma í veg fyrir að lánastofnunin innleysi, selji, flytji, framselji eða almennt ráðstafi þessum eignum með beinni sölu eða endurhverfum verðbréfakaupum,

6) „yfirveðsetning sem ekki er skyldubundin“: hvers konar fjárhæð eigna sem stofnunin er ekki skyldug til að tengja við útgáfu sértryggðs skuldabréfs samkvæmt laga- eða reglugerðarákvæðum, samningsskuldbindingum eða af ástæðum sem varða aga á markaði, einkum þegar eignirnar eru lagðar fram umfram lágmarkskröfur um yfirveðsetningu samkvæmt lögum, réttarákvæðum eða reglugerðum sem gilda um sértryggð skuldabréf samkvæmt landslögum aðildarríkis eða þriðja lands,

7) „eignaþekjukrafa“: hlutfall eigna og skuldbindinga eins og ákvarðað er samkvæmt lögum aðildarríkis eða þriðja lands til að bæta lánshæfi í tengslum við sértryggð skuldabréf,

8) „verðbréfaveðlán“: veðtryggð útlán sem veitt eru viðskiptamönnum til að gera skuldsettar stöðutökur,

9) „afleiðusamningar“: afleiðusamningar sem taldir eru upp í II. viðauka og lánaafleiður,

10) „álag“: skyndileg eða alvarleg skerðing á greiðsluhæfi eða lausafjárstöðu stofnunar vegna breytinga á markaðsaðstæðum eða sérstökum þáttum sem leiða til verulegrar hættu á því að stofnunin verði ófær um að greiða skuldbindingar sínar þegar þær falla í gjalddaga innan næstu 30 daga,

11) „1. stigs eignir“: eignir sem eru afar auðseljanlegar og af afar miklum útlánagæðum eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 416. gr..

12) „2. stigs eignir“: eignir sem eru auðseljanlegar og af miklum útlánagæðum eins og um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 416. gr. þessarar reglugerðar; eignir á stigi 2 skiptast aftur í2. stigs (a) og 2. stigs (b) eignir eins og sett er fram í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,

13) „lausafjárforði“: fjárhæðir eigna á stigi 1 og stigi 2 sem lánastofnun hefur í vörslu í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,

14) „hreint lausafjárútstreymi“: fjárhæð sem fæst með því að draga lausafjárinnstreymi lánastofnunarinnar frá lausafjárútstreymi,

15) „reikningsskilagjaldmiðill“: gjaldmiðill aðildarríkis þar sem aðalskrifstofa stofnunarinnar er staðsett,

16) „kröfukaup“: bindandi samningur milli fyrirtækis („framseljanda“) og fjármálastofnunar („kröfukaupanda“) þar sem framseljandi framselur eða selur viðskiptakröfur sínar til kröfukaupanda en í staðinn veitir kröfukaupandinn framseljandanum eina eða fleiri af eftirfarandi þjónustu með tilliti til framseldra viðskiptakrafna:

    a) fyrirframgreiðslu á hundraðshluta fjárhæðar framseldra viðskiptakrafna, sem alla jafna eru til skamms tíma, ekki skuldbindandi og án sjálfvirkrar framlengingar,

    b) stýringu á viðskiptakröfum, innheimtu og útlánavörn þar sem kröfukaupandi stýrir útistandandi skuldum framseljandans og innheimtir viðskiptakröfur í nafni kröfukaupandans,

    að því er varðar IV. bálk skal fara með kröfukaup sem viðskiptafjármögnun,

17) „skuldbundin lána- eða lausafjárfyrirgreiðsla“: lána eða lausafjárfyrirgreiðsla sem er óafturkallanleg eða afturkræf með skilyrðum.“

107) Ákvæðum 412. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2 Stofnanir skulu ekki tvítelja lausafjárútstreymi, lausafjárinnstreymi og lausafjáreignir.

Nema annað sé tilgreint í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. þar sem telja má lið í fleiri en einum flokki útstreymis, skal telja hann með í þeim flokki útstreymis sem sýnir mesta samningsbundna útstreymið fyrir þann lið.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4a. Framselda gerðin sem um getur í 1. mgr. 460. gr. gildir um lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki sem um getur í 4. mgr. 6. gr.“

108) Í stað 413. og 414. gr. kemur eftirfarandi:

„413. gr.

Kröfur um stöðuga fjármögnun

1. Stofnanir skulu tryggja að langtímaeignir og liðir utan efnahagsreiknings séu nægilega vel tryggð með fjölbreyttu safni fjármögnunargerninga sem er stöðugt bæði í eðlilegum aðstæðum og á álagstíma.

2. Ákvæðin sem sett eru fram í III. bálki gilda eingöngu í þeim tilgangi að skilgreina skýrslugjafarkvaðir sem settar eru fram í 415. gr. þar til skýrslugjafarskyldurnar sem settar eru fram í þeirri grein fyrir hlutfall stöðugrar fjármögnunar í IV. bálki hafa verið skilgreindar og innleiddar í lög Sambandsins.

3. Ákvæðin sem sett eru fram í IV. bálki gilda í þeim tilgangi að skilgreina kröfuna um stöðuga fjármögnun sem sett er fram í 1. mgr. þessarar greinar og skyldur fyrirtækja um skýrslugjöf sem settar eru fram í 415. gr.

4. Aðildarríki geta viðhaldið eða tekið upp ákvæði í landslög að því er varðar kröfur um stöðuga fjármögnun áður en bindandi lágmarkskröfur vegna krafna um stöðuga fjármögnun sem settar er fram í 1. mgr. koma til framkvæmda.

414. gr.

Hlíting við lausafjárkröfur

Ef stofnun uppfyllir ekki, eða væntir þess að uppfylla ekki kröfurnar sem settar eru fram í 412. gr. eða í 1. mgr. 413. gr., þ.m.t. á álagstímum, skal hún tafarlaust tilkynna lögbærum yfirvöldum um það og leggja fram áætlun fyrir þau, án ástæðulausrar tafar, um hvernig hún muni skjótt fara aftur að hlíta kröfunum sem settar eru fram í 412 gr. eða 1. mgr. 413. gr., eins og við á. Þar til reglum er hlítt á ný skal stofnunin í lok hvers virks dags gefa skýrslu um liðina sem um getur í III. og IV. bálki, í framkvæmdagerðinni sem um getur í 3. eða 3. mgr. a í 415. gr. eða framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. eins og við á, nema lögbær yfirvöld heimili að skýrslur séu gefnar sjaldnar og að skýrslufrestur sé lengri. Lögbær yfirvöld skulu aðeins veita slíkar heimildir á grundvelli stöðu hverrar stofnunar fyrir sig og að teknu tilliti til umfangs starfsemi stofnunarinnar og þess hversu flókin hún er. Þau skulu fylgjast með framkvæmd slíkrar áætlunar um að hlíta kröfunum fljótt aftur og krefjast skjótari hlítingar, eftir því sem við á.

109) Ákvæðum 415. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1., 2. og 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„1 Stofnanir skulu gefa lögbærum yfirvöldum skýrslu í reikningsskilagjaldmiðlinum um þá liði sem um getur í tæknilegu framkvæmdarstöðlunum, sem um getur í 3. mgr. eða 3. mgr. a í IV. bálki og framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., án tillits til gjaldmiðlasamsetningar þessara liða. Þar til skýrslugjafarskyldan og skýrslusniðið fyrir hlutfall stöðugrar fjármögnunar í IV. bálki hafa verið skilgreind og innleidd í lög Sambandsins skulu stofnanir gefa lögbærum yfirvöldum skýrslu um liðina sem um getur í III. bálki í reikningsskilagjaldmiðlinum, án tillits til gjaldmiðlasamsetningar þessara liða.

Skýrslugjöf skal fara fram a.m.k. mánaðarlega að því er varðar liði sem um getur í framseldu gerðinni í 1. mgr. 460. gr. og a.m.k. ársfjórðungslega fyrir liði sem um getur í III. og IV. bálki.

2. Stofnun skal gefa lögbærum yfirvöldum aðskilda skýrslu um liðina sem um getur í tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í 3. mgr. eða 3. mgr. a í þessari grein og í III. bálki þar til skýrslugjafaskyldan og skýrslusniðið fyrir hlutfall stöðugrar fjármögnunar sem sett er fram í IV. bálki hafa verið skilgreind og innleidd í lög Sambandsins, í IV. bálki sem og í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. eins og við á, í samræmi við eftirfarandi:

a) þegar liðir eru tilgreindir í öðrum gjaldmiðli en reikningsskilagjaldmiðlinum og stofnanir eru með samanlagðar skuldbindingar í slíkum gjaldmiðli sem nema eða fara yfir 5% af heildarskuldbindingum stofnunarinnar eða einstakrar lausafjárundirsamstæðu, að undanskildum eiginfjárgrunni og liðum utan efnahagsreiknings, skulu gagnaskilin vera í tilgreinda gjaldmiðlinum,

b) þegar liðir eru tilgreindir í gjaldmiðli gistiaðildarríkis þar sem stofnunin hefur mikilvægt útibú eins og um getur í 51. gr. tilskipunar 2013/36/ESB og það gistiaðildarríki notar annan gjaldmiðil en reikningsskilagjaldmiðilinn skal skýrslugjöfin vera í gjaldmiðli þess gistiaðildarríkis þar sem mikilvæga útibúið er staðsett,

c) þegar liðir eru tilgreindir í reikningsskilagjaldmiðlinum og samanlögð fjárhæð skuldbindinga í öðrum gjaldmiðlum en reikningsskilagjaldmiðlinum nemur eða fer yfir 5% af heildarskuldbindingum stofnunarinnar eða einstakrar lausafjárundirsamstæðu, að undanskildum eiginfjárgrunni og liðum utan efnahagsreiknings, skal skýrslugjöfin vera í gagnaskilagjaldmiðlinum.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina eftirfarandi:

a) samræmd form og upplýsingatæknilausnir með tilheyrandi leiðbeiningum fyrir tíðni ásamt upphafs- og greiðsludagsetningum; skýrslusnið og -tíðni skulu vera í réttu hlutfalli við eðli, umfang og það hve flókin mismunandi starfsemi stofnunarinnar er og skulu ná yfir skýrslugjöfina sem krafist er í samræmi við 1. og 2. mgr.,

b) viðbótarbreytur vegna eftirlits með lausu fé sem þörf er á, til að lögbær yfirvöld öðlist ítarlega yfirsýn yfir snið lausafjáráhættu stofnunar, í réttu hlutfalli við eðli, umfang og það hve flókin starfsemi stofnunarinnar er.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júlí 2013 og að því er varðar liðina sem tilgreindir eru í a-lið og eigi síðar en 1. janúar 2014 að því er varðar liðina sem tilgreindir eru í b-lið.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina hvaða viðbótarbreytur vegna eftirlits með lausu fé eigi að gilda um litlar og einfaldar stofnanir.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

110) Ákvæðum 416. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3 Í samræmi við 1. mgr. skulu stofnanir skrá eignir sem uppfylla eftirfarandi skilyrði sem lausafjáreignir:

a) eignir sem eru kvaðalausar eða eru aðgengilegar innan tryggingasafna sem nota skal til að afla aukinnar fjármögnunar með lánalínum til stofnunarinnar sem samið hefur verið um, eða ef safnið er starfrækt af seðlabanka lánalínum sem ekki hefur verið samið um og enn á eftir að fjármagna,

b) eignirnar eru ekki gefnar út af stofnuninni sjálfri, móður- eða dótturstofnunum hennar eða annarri dótturstofnun móðurstofnunar hennar eða móðureignarhaldsfélagi á fjármálasviði,

c) markaðsaðilar eru almennt sammála um verð eignanna sem auðvelt er að sannreyna á markaði eða sem auðveldlega er hægt að reikna út eftir formúlu sem byggist á inntaksgögnum sem eru aðgengileg öllum og sem eru ekki háð sterkum forsendum eins og dæmigert er fyrir afleiðutengdar eða framandi afurðir (e. *structured or exotic products*),

d) eignirnar eru skráðar í viðurkenndum kauphöllum eða hægt er að versla með þær í beinni sölu eða með einföldum endurhverfum verðbréfakaupum á endurkaupamörkuðum; þessar viðmiðanir skulu metnar sérstaklega fyrir hvern markað.

Skilyrðin sem um getur í c- og d-lið fyrstu undirgreinar skulu ekki gilda um eignirnar sem um getur í a-, e- og f-lið 1. mgr.

b) Í stað 5. og 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„5 Fara má með hlutabréf eða hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem lausafjáreignir upp að fastri fjárhæð sem nemur 500 milljónum evra, eða jafngildri fjárhæð í innlendum gjaldmiðli, í eignasafni lausafjáreigna hverrar stofnunar, að því tilskildu að kröfurnar í 3. mgr. 132. gr. séu uppfylltar og að sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu fjárfesti aðeins í lausafjáreignum eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar, fyrir utan afleiðugerninga til mildunar vaxta-, útlána- eða gjaldmiðilsáhættu.

Notkun eða möguleg notkun sjóðs um sameiginlega fjárfestingu á afleiðugerningum til að verja áhættur leyfilegra fjárfestinga skal ekki koma í veg fyrir að sá sjóður um sameiginlega fjárfestingu sé hæfur til að fá meðferðina sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar. Ef virði hlutabréfa eða hlutdeildarskírteina í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu er ekki reglulega fært á markaðsvirði af þeim þriðju aðilum sem um getur í a- og b-lið 4. mgr. 418. gr. og lögbært yfirvald er ekki fullvisst um að stofnun hafi þróað trausta aðferðafræði og ferla fyrir verðmat eins og um getur í 4. mgr. 418. gr., skal ekki fara með hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu sem lausafjáreignir.

6. Ef lausafjáreign hættir að uppfylla kröfur um lausafjáreignir eins og sett er fram í þessari grein má stofnun engu að síður halda áfram að telja hana til lausafjáreigna í 30 daga í viðbót. Ef lausafjáreign í sjóði um sameiginlega fjárfestingu hættir að vera hæf til meðferðarinnar sem sett er fram í 5. mgr., má engu að síður telja hlutabréfin og hlutdeildarskírteinin í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu til lausafjáreigna í 30 daga í viðbót, að því tilskildu að eignirnar fari ekki yfir 10% af heildareignum sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu.“

c) Ákvæði 7. mgr. falla brott.

111) Ákvæðum 419. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2 Ef réttlætanlegar þarfir fyrir lausafjáreignir í ljósi krafnanna í 412. gr. eru meiri en nemur þeim lausafjáreignum sem eru aðgengilegar í ákveðnum gjaldmiðli skal ein eða fleiri af eftirfarandi undanþágum gilda:

a) þrátt fyrir f-lið 417. gr. þarf tilgreindur gjaldmiðill lausafjáreigna ekki að samrýmast dreifingu lausafjárútstreymis eftir gjaldmiðli eftir að innstreymi er dregið frá,

b) að því er varðar gjaldmiðil aðildarríkis eða þriðja lands mega, í stað þeirra lausafjáreigna sem krafist er, koma lánalínur frá seðlabanka þess aðildarríkis eða þriðja lands, sem bundnar eru samkvæmt óafturkallanlegum samningi til næstu 30 daga og verðlagðar með sanngjörnum hætti, óháð fjárhæðinni sem dregið hefur verið á, að því tilskildu að lögbær yfirvöld þess aðildarríkis eða þriðja lands geri hið sama og að í aðildarríkinu eða þriðja landinu ríki sambærileg upplýsingaskylda,

c) þar sem skortur er á eignum á stigi 1 má lánastofnun hafa í vörslu viðbótareignir á stigi 2A, með fyrirvara um hærra frádrag og þök sem eiga við um þessar eignir í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr.“

b) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5 Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina undanþágurnar sem um getur í 2. mgr., þ.m.t. skilyrðin fyrir beitingu þeirra.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. desember 2019.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

112) Ákvæðum 422. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4 Greiðslujöfnun, varsla, reiðufjárstýring eða önnur sambærileg þjónusta, sem um getur í a- og d-lið 3. mgr., nær aðeins til þessarar þjónustu að því marki sem hún er veitt í tengslum við viðurkennd tengsl sem innstæðueigandinn reiðir sig verulega á. Þessi þjónusta skal ekki einungis felast í millibankaviðskiptum og viðskiptaþjónustu við fagfjárfesta og stofnanir skulu hafa sönnunargagn þess efnis að viðskiptavinurinn geti ekki tekið út fjárhæðir sem lagalega falla í gjalddaga innan 30 daga tímabils án þess að það skaði starfsemi þeirra.

Á meðan beðið er samræmdrar skilgreiningar á viðurkenndum rekstrartengslum eins og um getur í c-lið skulu stofnanir sjálfar útbúa viðmiðanir til að greina viðurkennd rekstrartengsl þar sem þær hafa sannanir um að viðskiptavinurinn geti ekki tekið út fjárhæðir sem lagalega falla í gjalddaga innan 30 daga tímabils án þess að það stofni starfsemi þeirra í hættu og skulu þær gefa skýrslu um þessar viðmiðanir til lögbærra yfirvalda. Á meðan samræmdrar skilgreiningar nýtur ekki við mega lögbær yfirvöld veita almennar leiðbeiningar sem stofnunum ber að fara eftir við að greina innstæður sem innstæðueigendur viðhalda í tengslum við viðurkennd rekstrartengsl.“

b) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8 Lögbær yfirvöld mega veita leyfi til að nota lægra útflæðisvægi í hverju tilviki fyrir sig fyrir þær skuldbindingar sem um getur í 7. mgr., að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) mótaðilinn sé eitt af eftirfarandi:

i. móður- eða dótturstofnun stofnunarinnar eða önnur dótturstofnun sömu móðurstofnunar,

ii. tengdur stofnuninni með tengslum í skilningi 7. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB,

iii. stofnun sem falli innan sama stofnanaverndarkerfis sem uppfyllir kröfur 7. mgr. 113. gr. eða

iv. svæðisstofnunin eða meðlimur í tengslaneti sem uppfyllir kröfurnar í d-lið 2. mgr. 400, gr.,

b) ástæða sé til að búast við minna útstreymi innan næstu 30 daga, jafnvel samkvæmt sameinaðri sviðsmynd sérstaks álags og álags á markaðinn í heild,

c) mótaðilinn noti sambærilegt samhverft eða varfærnara innstreymi þrátt fyrir 425. gr.,

d) stofnunin og mótaðilinn hafi staðfestu í sama aðildarríki.“

113) Í stað 2. og 3. mgr. 423. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Stofnanir skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um alla samninga sem gengist er undir þar sem samningsskilyrði leiða, innan 30 daga eftir verulega rýrnun lánshæfis stofnunarinnar, til lausafjárútstreymis eða þarfar fyrir viðbótartryggingu. Telji lögbær yfirvöld þessa samninga mikilvæga í tengslum við hugsanlegt lausafjárútstreymis stofnunarinnar skulu þau gera kröfu um að stofnunin bæti viðbótarútflæði við þá samninga sem samsvarar þörfinni fyrir viðbótartryggingu sem stafar af verulegri lækkun í lánshæfi hennar, s.s. lækkun ytra lánshæfismats um þrjú þrep. Stofnunin skal reglulega endurskoða umfang þessarar verulegu lækkunar í ljósi þess hvað skiptir máli samkvæmt samningunum sem hún hefur gengist undir og tilkynna lögbærum yfirvöldum um niðurstöðu endurskoðunarinnar.

3. Lánastofnanir skulu bæta við viðbótarútstreymi sem skal samsvara tryggingarþörf sem myndi leiða af áhrifunum vegna neikvæðra markaðsaðstæðna á afleiðuviðskipti hennar, ef þau eru veruleg.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina með hvaða skilyrðum beita megi hugtakinu „veruleg“ og sem tilgreina aðferðir til að mæla viðbótarútstreymið.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. mars 2014.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í annarri undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.“

114) Í stað 4. mgr. 424. gr. kemur eftirfarandi:

„4. Umsamin fjárhæð lausafjárfyrirgreiðslu sem veitt hefur verið sérstökum verðbréfunaraðila til að gera þeim sérstaka verðbréfunaraðila kleift að kaupa eignir, aðrar en verðbréf, frá viðskiptavinum sem ekki eru viðskiptavinir á fjármálamarkaði, skal margfölduð með 10% að því tilskildu að umsamda fjárhæðin sé umfram fjárhæðina á eignunum sem þegar hafa verið keyptar af viðskiptavinum og ef sú hámarksfjárhæð sem nýta má er samkvæmt samningi takmörkuð við þá fjárhæð eigna sem þegar hafa verið keyptar.“

115) Eftirfarandi kemur í stað c-liðar 2. mgr. 425. gr.:

„c) taka skal tillit til lána með óskilgreinda samningsbundna lokadagsetningu með 20% innstreymi að því tilskildu að samningurinn heimili stofnuninni að afturkalla og krefjast greiðslu innan 30 daga.

116) Eftirfarandi fyrirsögn bætist við á eftir 428. gr. í sjötta hluta:

„IV. BÁLKUR

HLUTFALL STÖÐUGRAR FJÁRMÖGNUNAR

1. KAFLI

Hlutfall stöðugrar fjármögnunar

428. gr. a

Beiting á samstæðugrunni

Þegar hlutfall stöðugrar fjármögnunar sem sett er fram í þessum bálki gildir á samstæðugrunni í samræmi við 4. mgr. 11. gr. gildir eftirfarandi:

a) þegar vægi nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem krafist er vegna eigna og liða utan efnahagsreiknings dótturfélags sem hefur aðalskrifstofu sína í þriðja landi er, með tilliti til kröfunnar um stöðuga fjármögnun sem skilgreind er í landslögum þess þriðja lands, hærra en það sem skilgreint er í 4. kafla, þá skulu þessar eignir og liðir utan efnahagsreiknings sameinuð með því að nota það vægi sem hærra er samkvæmt lögum þess þriðja lands,

b) skuldbindingar og eiginfjárgrunnur dótturfélags sem hefur aðalskrifstofu sína í þriðja landi sem falla undir stuðul tiltækrar stöðugrar fjármögnunar samkvæmt kröfunni um stöðuga fjármögnun sem sett er fram í landslögum þess þriðja lands sem eru lægri en skilgreint er í 3. kafla skulu falla undir samstæðuna í samræmi við það lægra vægi sem tilgreint er í lögum þess þriðja lands,

c) ekki skal viðurkenna eignir í þriðja landi, sem uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. og eru í vörslu dótturfélags með aðalskrifstofu í þriðja landi, sem lausafjáreignir með tilliti til sameiningar þegar þær teljast ekki lausafjáreignir samkvæmt landslögum þriðja landsins sem setur fram kröfurnar um lausafjárþekju,

d) fjárfestingarfyrirtæki sem ekki falla undir þennan bálk skv. 4. mgr. 6. gr. innan samstæðunnar skulu falla undir 413. gr. og 428. gr. b á samstæðugrunni; slík fjárfestingarfélög skulu, nema þau sem skilgreind eru í þessum lið, áfram falla undir ítarlegar kröfur um stöðuga fjármögnun fyrir fjárfestingarfyrirtæki eins og mælt er fyrir um í landslögum.

428. gr. b

Hlutfall stöðugrar fjármögnunar

1. Krafan um stöðuga fjármögnun sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 413. gr. skal vera jöfn hlutfallinu á milli tiltækrar stöðugrar fjármögnunar stofnunarinnar, eins og um getur í 3. kafla, og nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar stofnunarinnar, eins og um getur í 4. kafla og skal hún gefin upp í prósentum. Lánastofnanir skulu reikna hlutfall stöðugrar fjármögnunar sinnar í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\frac{\text{Tiltæk stöðug fjármögnun}}{\text{Krafa um stöðuga fjármögnun}} = \text{Hlutfall stöðugrar fjármögnunar (\%)}$$

2. Stofnanir skulu viðhalda hlutfalli stöðugrar fjármögnunar sem er a.m.k. 100% og sem reiknað er í reikningsskilagjaldmiðlinum fyrir öll viðskipti þeirra, án tillits til þess gjaldmiðils sem þau eru raunverulega gefin upp í.

3. Í hvert sinn sem hlutfall stöðugrar fjármögnunar lánastofnunar hefur fallið eða ástæða er til að ætla að það falli niður fyrir 100% mörkin skal krafan sem mælt er fyrir um í 414. gr. gilda. Stofnun skal miða að því að endurheimta hlutfall stöðugrar fjármögnunar sinnar þannig að það nái því stigi sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Lögbær yfirvöld skulu meta ástæður þess hvers vegna stofnun hlítir ekki 2. mgr. þessarar greinar áður en þau grípa til einhverra eftirlitsaðgerða.

4. Stofnanir skulu reikna út og fylgjast með hlutfalli stöðugrar fjármögnunar sinnar í gagnaskilagjaldmiðlinum fyrir öll viðskipti sín, án tillits til þess gjaldmiðils sem þau eru raunverulega gefin upp í og aðskilið fyrir þau viðskipti sem gefin eru upp í hverjum gjaldmiðli sem fellur undir aðskilda skýrslugjöf í samræmi við 2. mgr. 415. gr.

5. Stofnanir skulu tryggja að gjaldmiðlasamsetning á fjármögnunarsniði sé alla jafna í samræmi við gjaldmiðlasamsetningu á eignum þeirra. Þegar við á mega lögbær yfirvöld krefja stofnanir um að takmarka gjaldmiðlamisræmi með því að setja takmörk á það hlutfall tiltækrar stöðugrar fjármögnunar í sérstökum gjaldmiðli sem hægt er að tryggja með tiltækri stöðugri fjármögnun sem ekki er tilgreind í þeim gjaldmiðli. Þessari takmörkun er aðeins hægt að beita að því er varðar gjaldmiðil sem fellur undir aðskilda skýrslugjöf í samræmi við 2. mgr. 415. gr.

Þegar umfang takmörkunar á gjaldmiðlamisræmi sem hægt er að beita í samræmi við þessa grein er ákveðið skulu lögbær yfirvöld a.m.k. skoða:

a) hvort stofnunin hefur getu til að flytja tiltæka stöðuga fjármögnun úr einum gjaldmiðli í annan og á milli lögsagnarumdæma og lögaðila innan samstæðu sinnar og getu til að skipta á gjaldmiðlum og afla fjármuna á erlendum gjaldmiðlamörkuðum á eins árs tímabilinu fyrir hlutfall stöðugrar fjármögnunar.

b) áhrif neikvæðra gengisbreytinga á núverandi misræmi og virkni gengisáhættuvarna sem þegar eru til staðar.

Takmarkanir á gjaldmiðlamisvægi sem komið er á í samræmi við þessa grein mynda sérstakar lausafjárkröfur eins og um getur í 105. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

2. KAFLI

Almennar reglur um útreikning á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar

428. gr. c

Útreikningur á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar

1. Stofnanir skulu taka tillit til eigna, skuldbindinga og liða utan efnahagsreiknings á vergum grunni nema annað sé tiltekið í þessum bálki.

2. Til að reikna út hlutfall stöðugrar fjármögnunar skulu stofnanir nota viðeigandi stuðul stöðugrar fjármögnunar sem settur er fram í 3. og 4. kafla gagnvart bókfærðu virði eigna sinna, skuldbindinga og liða utan efnahagsreiknings nema annað sé tiltekið í þessum bálki.

3. Stofnanir skulu ekki tvítelja tilskilda stöðuga fjármögnun og tiltæka stöðuga fjármögnun.

Þegar hægt er að setja lið í fleiri en einn tilskilinn flokk stöðugrar fjármögnunar skal hann settur í flokk nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem myndar stærstu samningsbundnu tilskildu stöðugu fjármögnunina fyrir þann lið nema annað sé tiltekið í þessum bálki.

428. gr. d

Afleiðusamningar

1. Stofnanir skulu beita þessari grein við útreikning á fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar fyrir afleiðusamninga eins og um getur í 3. og 4. kafla.

2. Með fyrirvara um 2. mgr. 428. gr. ah skulu stofnanir taka tillit til gangvirðis afleiðustaðna á hreinum grunni ef þessar stöður er að finna í sama skuldajöfnunarsafni sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. 429 gr. c. Ef svo er ekki skulu stofnanir taka tillit til gangvirðis afleiðustaðna á vergum grunni og fara með allar þessar afleiðustöður eins og þær tilheyrðu þeirra eigin jöfnunarsafni að því er varðar 4. kafla.

3. Í þessum bálki er með hugtakinu „gangvirði jöfnunarsafns“ átt við samtölu gangvirðis allra viðskipta sem er að finna í jöfnunarsafni.

4. Með fyrirvara um 2. mgr. 428. gr. ah skulu allir afleiðusamningar sem tilgreindir eru í a- til e-lið 2. liðar í II. viðauka og fela í sér full skipti á höfuðstól á sama tíma reiknaðir á hreinum grunni fyrir alla gjaldmiðla, þ.m.t. í þeim tilgangi að gefa skýrslu í gjaldmiðli sem fellur undir aðskilda skýrslugjöf í samræmi við 2. mgr. 415. gr., jafnvel þótt þessi viðskipti séu ekki sett í sama jöfnunarsafn sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. 429. gr. c.

5. Handbært fé sem tekið er við sem tryggingu til að milda áhættuna af afleiðustöðu skal meðhöndlað sem slíkt og skal ekki meðhöndlað sem innstæður sem falla undir 3. kafla.

6. Lögbær yfirvöld mega ákveða, með samþykki viðkomandi seðlabanka, að taka ekki tillit til áhrifa afleiðusamninga á útreikninginn á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar, þ.m.t. við ákvörðun á stuðlunum fyrir tilskilda stöðuga fjármögnun og fyrir afskriftir og tap, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

a) þessir samningar hafi skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði,

b) mótaðilinn sé Seðlabanki Evrópu eða seðlabanki aðildarríkis,

c) afleiðusamningarnir þjóni peningamálastefnu Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis.

Hafi dótturfélag með aðalskrifstofu sína í þriðja landi hag af undanþágunni sem um getur í fyrstu undirgrein samkvæmt landslögum þess þriðja lands sem kveður á um kröfuna um stöðuga fjármögnun, skal taka tillit til undanþágunnar eins og hún er skilgreind í landslögum þriðja landsins í tengslum við samstæðureikningsskil.

428. gr. e

Útreikningur á hreinni stöðu tryggðra útlánaviðskipta og viðskipta á fjármagnsmarkaði

Eignir og skuldbindingar sem leiða af fjármögnunarviðskiptum með verðbréf við einn mótaðila skulu reiknaðar á hreinum grunni, að því tilskildu að þessar eignir og skuldbindingar hlíti skuldajöfnunarskilyrðunum sem sett eru fram í 4. mgr. 429. gr. b.

428. gr. f

Víxltengdar eignir og skuldir

1. Með fyrirvara um fyrirframsamþykki lögbærra yfirvalda má stofnun fara með eignir og skuldbindingar sem víxltengdar að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) stofnunin gegni hlutverki milliliðar (e. pass-through unit)“ sem flytur fjármögnunina frá skuldbindingunni til samsvarandi víxltengdra eigna,

b) einstakar innbyrðis tengdar eignir og skuldbindingar séu auðgreinanlegar og hafi sama höfuðstól,

c) eignirnar og innbyrðis háð skuldbinding hafa að verulega leyti sama binditíma með mest 20 daga bili milli binditíma eignarinnar og binditíma skuldbindingarinnar,

d) innbyrðis háða skuldbindingin leiðir af lagalegri-, eftirlits- eða samningsbundinni skuldbindingu og er ekki notuð til að fjármagna aðrar eignir,

e) stærsti hluti greiðsluflæðis frá eignunum sé ekki notaður í öðrum tilgangi en til endurgreiðslu á víxltengdri skuldbindingu,

f) mótaðilar fyrir hvert par víxltengdra eigna og skuldbindinga séu ekki þeir sömu.

2. Eignir og skuldbindingar skulu teljast uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. og teljast vera víxltengdar þegar þær tengjast beint eftirtöldum afurðum eða þjónustu:

a) miðstýrðum sparireikningum, að því tilskildu að stofnanir séu lögum samkvæmt skyldugar til að setja reglubundin innlán í miðlægan sjóð sem stýrt er af ríkisstjórn aðildarríkis og sem veitir lán með hagsmuni almennings að leiðarljósi og að því tilskildu að lagt sé inn í miðstýrða sjóðinn a.m.k. mánaðarlega,

b) stuðningslánum og lána- og lausafjárfyrirgreiðslum sem uppfylla viðmiðin sem sett eru fram í gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. að því er varðar stofnanir sem gegna því hlutverki einfaldlega að vera milliliðir og sem taka ekki neina áhættu hvað varðar fjármögnun,

c) sértryggðum skuldabréfum sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

   i. þau eru skuldabréf eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða uppfylla kröfurnar um að geta fengið meðferðina sem sett er fram í 4. eða 5. mgr. 129. gr. þessarar reglugerðar,

   ii. undirliggjandi lán eru að fullu tryggð með sértryggðu skuldabréfunum eða binditími sértryggðu skuldabréfanna framlengist sjálfvirkt með ákveðnum skilyrðum um eitt ár eða fleiri þar til binditími undirliggjandi lánanna rennur út ef ekki hefur verið hægt að endurfjármagna sértryggðu skuldabréfin á gjalddaga þeirra,

d) afleiða sem notuð er við stöðustofnun fyrir reikning viðskiptavinar, að því tilskildu að stofnunin veiti viðskiptavininum ekki tryggingar að því er varðar frammistöðu miðlæga mótaðilans og taki þar af leiðandi ekki neina áhættu hvað varðar fjármögnun.

3. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með eignum og skuldbindingum sem og afurðum og þjónustu sem farið er með sem víxltengdar eignir og skuldir skv. 1. og 2. mgr. til að ákvarða hvort og að hve miklu leyti hæfisviðmiðanirnar sem um getur í 1. mgr. eru uppfylltar. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um árangurinn af þessu eftirliti og veita henni ráðgjöf um hvort þörf sé á að gera breytingar á skilyrðunum sem sett eru fram í 1. mgr. eða á listanum yfir afurðir og þjónustu í 2. mgr.

428. gr. g

Innstæður í stofnanaverndarkerfum og samstarfsnetum

Tilheyri stofnun stofnanaverndarkerfi af þeirri tegund sem um getur í 7. mgr. 113. gr., neti sem getur fengið undanþáguna sem kveðið er á um í 10. gr. eða samstarfsneti í aðildarríki, skulu óbundin innlán, sem stofnunin viðheldur ásamt miðlægu stofnuninni og sem stofnunin sem leggur inn lítur á sem laust fé samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., falla undir eftirfarandi:

a) stofnunin sem leggur inn skal nota stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar skv. 2. þætti 4. kafla, með hliðsjón af meðferð þessara óbundnu innlána sem eigna á stigi 1, stigi 2A eða 2B samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. og með hliðsjón af viðeigandi frádragi sem gildir um þessi óbundnu innlán að því er varðar útreikninginn á lausafjárþekjuhlutfallinu,

b) miðlæga stofnunin sem tekur við innláninu skal nota samsvarandi hliðstæðan stuðul tiltækrar stöðugrar fjármögnunar.

428. gr. h

Ívilnandi meðferð innan samstæðu eða stofnanaverndarkerfis

1. Þrátt fyrir 3. og 4. kafla og ef ekki er hægt að beita 428. gr. g mega lögbær yfirvöld heimila stofnunum í hverju tilviki fyrir sig að nota hærra vægi fyrir tiltæka stöðuga fjármögnun eða lægri stuðul fyrir tilskilda stöðuga fjármögnun að því er varðar eignir, skuldbindingar og umsamdar lausafjárfyrirgreiðslur, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) millilíðurinn sé eitt af eftirfarandi:

   i. móðurfélag eða dótturfélag stofnunarinnar,

   ii. annað dótturfélag sama móðurfélags,

   iii. fyrirtæki sem tengist stofnuninni í skilningi 7. mgr. 22. gr. tilskipunar 2013/34/ESB,

   iv. aðili að sama stofnanaverndarkerfinu og um getur í 7. mgr. 113. gr. þessarar reglugerðar og stofnunin,

   v. miðlæga stofnunin eða tengd lánastofnun í neti eða samstæðu samvinnufélaga eins og um getur í 10. gr. þessarar reglugerðar,

b) ástæða sé til að ætla að skuldbindingin eða umsamda lána- eða lausafjárfyrirgreiðslan sem stofnunin móttekur feli í sér stöðugri fjármögnun eða að eignin eða umsamda lána- eða lausafjárfyrirgreiðslan sem stofnunin veitir þurfi minni stöðugri fjármögnun á eins árs tímabilinu fyrir hlutfall stöðugrar fjármögnunar en sama skuldbinding, eign eða umsamin lána- eða lausafjárfyrirgreiðsla sem tekið er við frá öðrum mótaðilum eða veitt af þeim,

c) mótaðilinn noti stuðul fyrir tilskilda stöðuga fjármögnun sem sé jafnhár eða hærri en vægi fyrir tiltæka stöðuga fjármögnun eða noti vægi fyrir aðgengilega stöðuga fjármögnun sem er jafnt eða lægra en það vægi nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem er lægra,

d) stofnunin og mótaðilinn hafi staðfestu í sama aðildarríki.

2. Þegar stofnunin og mótaðili hennar eru með staðfestu í mismunandi aðildarríkjum geta lögbær yfirvöld fellt niður skilyrðið sem sett er fram í d-lið 1. mgr. að því tilskildu að, auk þeirra viðmiðana sem um getur í 1. mgr., eftirfarandi viðmiðanir séu uppfylltar:

a) fyrir hendi séu lagalega bindandi samningar og skuldbindingar milli samstæðueininga varðandi skuldbindingar, eignir eða umsamdar lána- eða lausafjárfyrirgreiðslur,

b) veitandi fjármögnunar hefur lágt lausafjáráhættusnið,

c) tekið hefur verið nægjanlegt tillit til fjármögnunaráhættusniðs móttakanda fjármögnunarinnar við lausafjáráhættustýringu veitanda fjármögnunarinnar.

Lögbær yfirvöld hafa samráð sín á milli í samræmi við b-lið 1. mgr. 20. gr. til þess að ákvarða hvort viðbótarviðmiðanirnar sem settar eru fram í þessari málsgrein séu uppfylltar.

3. KAFLI

Tiltæk stöðug fjármögnun

1. þáttur

Almenn ákvæði

428. gr. i

Útreikningur á fjárhæð tiltækrar stöðugrar fjármögnunar

Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla skal fjárhæð tiltækrar stöðugrar fjármögnunar reiknuð út með því að margfalda bókfært virði ýmissa flokka eða tegunda skuldbindinga og eiginfjárgrunn með stuðlunum fyrir aðgengilega stöðuga fjármögnun sem nota skal skv. 2. þætti. Heildarfjárhæð tiltækrar stöðugrar fjármögnunar skal vera summa veginna fjárhæða skuldbindinga og eiginfjárgrunns.

Skuldaviðurkenningar og önnur skuldabréf sem stofnunin gefur út, sem eingöngu eru seld á smásölumarkaði og haldið er á smásölureikningi, má fara með eins og gerninga sem tilheyra viðeigandi flokki smásöluinnlána. Setja skal takmarkanir þannig að engir aðrir en smásöluviðskiptavinir geti keypt og haft þessa gerninga í sinni vörslu.

428. gr. j

Eftirstöðvatími skuldbindingar eða eiginfjárgrunns

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla skulu stofnanir taka tillit til umsamins eftirstöðvatíma skuldbindinga sinna og eigin fjár til að ákvarða stuðlana fyrir tiltæka fjármögnun sem nota skal skv. 2. þætti.

2. Stofnanir skulu taka tillit til fyrirliggjandi valrétta þegar þær ákvarða eftirstöðvatíma skuldbindingar eða eiginfjárgrunns. Þetta gera þær út frá þeirri forsendu að mótaðilinn muni innleysa þá eins fljótt og auðið er. Að því er varðar valrétti sem stofnunin getur nýtt sér að vild skal stofnunin og lögbæru yfirvöldin taka tillit til orðsporsþátta sem geta takmarkað getu stofnunar til að nýta sér valréttinn, einkum væntingar markaðarins um að stofnunin ætti að innleysa ákveðnar skuldbindingar fyrir gjalddaga.

3. Stofnanir skulu meðhöndla innstæður með föstum uppsagnarfresti í samræmi við uppsagnarfresti þeirra og bundin innlán í samræmi við eftirstöðvatíma þeirra. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir ekki taka tillit til valrétta sem nýttir eru fyrir tímann ef innstæðueigandinn verður að greiða verulegt gjald fyrir snemmbæra úttekt sem á sér stað innan eins árs, eins og mælt er fyrir um í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., til að ákvarða eftirstöðvatíma smásöluinnlána.

4. Til að ákvarða stuðla tiltækrar stöðugrar fjármögnunar sem nota á skv. 2. þætti skulu stofnanir meðhöndla hvern þann hluta skuldbindinga sem hafa eins árs eftirstöðvatíma eða meira sem falla í gjalddaga innan sex mánaða og hvern þann hluta slíkra skuldbindinga sem falla í gjalddaga milli sex mánaða og minna en eitt ár sem þeir hefðu skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði og milli sex mánaða og minna en eitt ár, eftir því sem við á.

2. þáttur

Stuðlar fyrir útreikning á tiltækri stöðugri fjármögnun

428. gr. k

0% stuðull tiltækrar stöðugrar fjármögnunar

1. Ef ekki er kveðið á um annað í 428. gr. l til 428. gr. o skulu allar skuldbindingar án tilgreinds binditíma, þ.m.t. skortstöður og stöður með opinn binditíma fá stuðulinn 0% fyrir tiltæka stöðuga fjármögnun að frátöldu eftirfarandi:

a) frestuðum skattskuldbindingum sem meðhöndla skal í samræmi við næstu dagsetningu í framtíðinni þegar hægt er innleysa slíkar skuldbindingar,

b) hlutdeild minnihluta sem meðhöndla skal í samræmi við skilmála gerningsins.

2. Frestaðar skattskuldbindingar og hlutdeild minnihluta eins og um getur í 1. mgr. skulu fá einn af einum eftirfarandi stuðlum:

a) 0% þegar raunverulegur eftirstöðvatími frestuðu skattskuldbindingarinnar eða hlutdeild minnihluta er skemmri en sex mánuðir,

b) 50% þegar raunverulegur eftirstöðvatími frestuðu skattskuldbindingarinnar eða hlutdeild minnihluta er a.m.k. sex mánuðir en minna en eitt ár,

c) 100% þegar raunverulegur eftirstöðvatími frestuðu skattskuldbindingarinnar eða hlutdeild minnihluta er eitt ár eða meira.

3. Eftirfarandi skuldbindingar, fjármagnsliðir eða gerningar skulu fá 0% stuðul aðgengilegrar stöðugrar fjármögnunar:

a) gjaldfallnar fjárhæðir á viðskiptadegi sem leiðir af kaupum á fjármálagerningum, erlendum gjaldmiðlum og hrávöru, sem búist er við að verði greiddar innan venjulegs greiðslutímabils eða -tíma sem venjulega á við að því er varðar viðkomandi gjaldeyrisviðskipti eða tegund viðskipta, eða sem ekki hafa verið gerð upp en búist er við að verði gerð upp,

b) skuldbindingar sem flokkaðar eru sem þær séu víxltengdar eignir í samræmi við 428. gr. f,

c) skuldbindingar með skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði sem látnar eru í té af:

i. Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis,

ii. seðlabanka þriðja lands,

iii. viðskiptavini á fjármálamarkaði,

d) allar aðrar skuldbindingar og fjármagnsliðir eða gerningar sem ekki er getið um í 428. gr. l til 428. gr. o.

4. Stofnanir skulu nota 0% stuðul fyrir tiltæka stöðuga fjármögnun gagnvart algildi mismunarins, ef hann er neikvæður, milli summu gangvirðis þvert á öll jöfnunarsöfn með jákvæðu gangvirði og summu gangvirðis þvert á öll jöfnunarsöfn með neikvæðu virði reiknuðu í samræmi við 428. gr. d.

Eftirfarandi reglur skulu notaðar við útreikninginn sem um getur í fyrstu undirgrein:

a) viðbótartrygging sem stofnanir taka við frá mótaðilum sínum skal dregin frá gangvirði jöfnunarsafns með jákvætt gangvirði ef tryggingin sem tekið er við sem viðbótartrygging telst vera 1. stigs eign samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. að frátöldum sértryggðum skuldabréfum af mjög miklum gæðum sem tilgreind eru í þeirri framseldu gerð og ef stofnunin hefur lögvarinn rétt og rekstrarlega getu til þess að nota aftur þá tryggingu,

b) allar viðbótartryggingar sem stofnanir hafa lagt fram hjá mótaðilum sínum skulu dregnar frá gangvirði jöfnunarsafns með neikvætt gangvirði.

428. gr. l

50% stuðull tiltækrar stöðugrar fjármögnunar

Eftirfarandi skuldbindingar, fjármagnsliðir eða gerningar skulu fá 50% stuðul tiltækrar stöðugrar fjármögnunar:

a) móttekin innlán sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir rekstrarinnlán sem settar eru fram í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,

b) skuldbindingar með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár sem látnar eru í té af:

i. ríkisstjórn aðildarríkis eða þriðja lands,

ii. héraðsstjórnum eða staðaryfirvöldum í aðildarríki eða þriðja landi,

iii. opinberum aðilum með staðfestu í aðildarríki eða þriðja landi,

iv. fjölþjóðlegum þróunarbönkum sem um getur í 2. mgr. 117. gr. og alþjóðastofnunum sem um getur í 118. gr.,

v. fyrirtækjum í viðskiptum sem ekki eru á fjármálamarkaði,

vi. lánafélögum með starfsleyfi frá lögbærum yfirvöldum, einkafjárfestingarfélögum og viðskiptavinum sem eru innstæðumiðlarar að því marki sem þessar skuldbindingar falla ekki undir a-lið þessarar málsgreinar,

c) skuldbindingar með eftirstöðvatíma sem er a.m.k. sex mánuðir en skemmri en eitt ár sem látnar eru í té af:

i. Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis,

ii. seðlabanka þriðja lands,

iii. viðskiptavinum á fjármálamarkaði,

d) allar aðrar skuldbindingar og fjármagnsliðir eða gerningar með eftirstöðvatíma sem er a.m.k. sex mánuðir en skemmri en eitt ár og sem ekki eru tilgreindar í 428. gr. m, 428. gr. n og 428. gr. o.

428. gr. m

90% stuðull tiltækrar stöðugrar fjármögnunar

Útistandandi smásöluinnlán, smásöluinnlán með föstum uppsagnarfresti sem er styttri en eitt ár og bundin smásöluinnlán með eftirstöðvatíma sem er skemmri en eitt ár sem uppfylla viðeigandi viðmiðanir fyrir önnur smásöluinnlán sem settar eru fram í 1. mgr. 460. gr. skulu fá 90% stuðul tiltækrar stöðugrar fjármögnunar.

428. gr. n

95% stuðull tiltækrar stöðugrar fjármögnunar

Útistandandi smásöluinnlán, smásöluinnlán með föstum uppsagnarfresti sem er skemmri en eitt ár og bundin smásöluinnlán með eftirstöðvatíma sem er styttri en eitt ár sem uppfylla viðeigandi viðmiðanir fyrir önnur stöðug smásöluinnlán sem settar eru fram í 1. mgr. 460. gr. skulu fá 95% stuðul tiltækrar stöðugrar fjármögnunar.

428. gr. o

100% stuðull tiltækrar stöðugrar fjármögnunar

Eftirfarandi skuldbindingar, fjármagnsliðir og gerningar skulu fá 100% stuðul tiltækrar stöðugrar fjármögnunar:

a) liðir stofnunarinnar í almennu eigin fé þáttar 1 fyrir aðlögunina sem krafist er í 32.–35. gr., frádrættina skv. 36. gr., og áður en undanþágunum og valmöguleikunum, sem mælt er fyrir um í 48., 49. og 70. gr., hefur verið beitt,

b) liðir stofnunarinnar í viðbótareiginfé þáttar 1 fyrir frádrátt liðanna sem um getur í 56. gr. og áður en 79. gr. hefur verið beitt gagnvart þeim, að frátöldum hvers konar gerningum með beinum eða innbyggðum valréttum sem, væru þeir nýttir, myndu stytta raunverulegan eftirstöðvatíma í minna en eitt ár,

c) liðir stofnunarinnar í þætti 2 fyrir frádrættina sem um getur í 66. gr. og áður en 79. gr. hefur verið beitt gagnvart þeim, sem eru með eins árs eftirstöðvatíma eða meira, að frátöldum hvers konar gerningum með beinum eða innbyggðum valréttum sem, væru þeir nýttir, myndu stytta raunverulegan eftirstöðvatíma í minna en eitt ár,

d) allir aðrir fjármagnsgerningar stofnunarinnar sem eru með eins árs eftirstöðvatíma eða meira, að frátöldum hvers konar gerningum með beinum eða innbyggðum valréttum sem, væru þeir nýttir, myndu stytta raunverulegan eftirstöðvatíma í minna en eitt ár,

e) öll önnur tryggð og ótryggð lán og skuldbindingar með eftirstöðvatíma sem er skemmri en eitt ár eða meira, þ.m.t. bundin innlán, nema annað sé tiltekið í 428. gr. k til 428. gr. n.

4. KAFLI

Nauðsynleg stöðug fjármögnun

1. þáttur

Almenn ákvæði

428. gr. p

Útreikningur á fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla skal fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar reiknuð út með því að margfalda bókfært virði ýmissa flokka eða tegunda eigna og liða utan efnahagsreiknings með stuðlum tiltækrar stöðugrar fjármögnunar sem nota skal skv. 2. þætti. Heildarfjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar skal vera summa veginna fjárhæða eigna og liða utan efnahagsreiknings.

2. Eignir sem stofnunin hefur tekið að láni, þ.m.t. í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, skulu undanskildar útreikningnum á fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar þar sem þessar eignir eru færðar á efnahagsreikning stofnunarinnar og stofnunin hefur ekki raunverulegt eignarhald á eigninni.

Eignir sem stofnunin hefur tekið að láni, þ.m.t. í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf skulu fá stuðla nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem nota skal skv. 2 þætti þar sem þessar eignir eru ekki færðar á efnahagsreikning stofnunarinnar en sem stofnunin hefur raunverulegt eignarhald á.

3. Eignir sem stofnanir hafa lánað, þ.m.t. í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf sem stofnunin hefur áfram raunverulegt eignarhald á skulu teljast vera kvaðabundnar eignir í skilningi þessa kafla og skulu fá stuðla nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem nota skal skv. 2. þætti, jafnvel þótt þessar eignir séu ekki áfram á efnahagsreikningi stofnunarinnar. Annars skulu slíkar eignir undanskildar útreikningnum á fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar.

4. Eignir sem eru með kvaðabundinn sex mánaða eftirstöðvatíma eða lengri skulu annaðhvort fá úthlutaðan stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem nota ætti skv. 2. þætti gagnvart þessum eignum væru þær kvaðalausar eða stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem að öðrum kosti væri notaður gagnvart þessum kvaðabundnu eignum, eftir því hvor stuðullinn er hærri. Sama á við þegar eftirstöðvatími kvaðabundnu eignanna er skemmri en eftirstöðvatími viðskiptanna sem liggur til grundvallar kvöðinni.

Eignir sem eru með skemmri kvaðabundinn eftirstöðvatíma en sex mánuði skulu fá stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem nota skal skv. 2. gr. gagnvart sömu eignunum, væru þær kvaðalausar.

5. Ef stofnun notar aftur eða endurveðsetur eign sem tekin var að láni, þ.m.t. fjármögnunarviðskipti með verðbréf og eignin er ekki færð á efnahagsreikning, skal fara með viðskiptin í tengslum við eignina sem tekin var að láni sem kvaðabundna, að því tilskildu að viðskiptin geti ekki fallið í gjalddaga nema stofnunin skili eigninni sem tekin var að láni.

6. Eftirtaldar eignir skulu teljast vera kvaðalausar:

a) eignir sem eru hluti af safni og sem eru aðgengilegar til tafarlausrar notkunar sem trygging til að afla viðbótarfjármögnunar með umsömdum lánalínum sem tiltækar eru stofnuninni, eða ef safnið er starfrækt af seðlabanka með lánalínum sem ekki hefur verið samið um og enn á eftir að fjármagna; þessar eignir skulu taka til eigna sem lánastofnun leggur inn hjá miðlægri stofnun í samstarfsneti eða stofnanaverndarkerfi; stofnanir skulu gera ráð fyrir að eignir í safninu séu háðar kvöðum í vaxandi mæli eftir seljanleika þeirra á á grundvellilausafjárflokkunar samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. þar sem byrjað er á eignum sem ekki eru taldar hæfar fyrir lausafjáraukann,

b) eignir sem lánastofnunin hefur fengið sem tryggingu til að milda útlánaáhættu í tryggðum lánveitingum, tryggðum fjármögnunarviðskiptum eða tryggingaskiptaviðskiptum og sem lánastofnunin getur ráðstafað,

c) eignir sem tengdar eru yfirveðsetningu sem ekki er skyldubundin vegna útgáfu sértryggðs skuldabréfs.

7. Ef um er að ræða óvenjulega tímabundnar aðgerðir sem framkvæmdar eru af Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis eða seðlabanka þriðja lands til að hann geti unnið samkvæmt umboði sínu á tímum þegar fjárhagserfiðleikar steðja að öllum markaðinum eða við sérstakar þjóðhagslegar aðstæður geta eftirtaldar eignir fengið lækkaðan stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar:

a) þrátt fyrir f-lið 428. gr. ad og a-lið 1. mgr. 428. gr. ah kvaðabundnar eignir að því er varðar aðgerðirnar sem um getur í þessari undirgrein,

b) þrátt fyrir i. og ii. lið d-liðar 428. gr. ad, b-lið 428. gr. af og c-lið 428. gr. ag fjárhæðir sem leiðir af aðgerðunum sem um getur í þessari undirgrein.

Lögbær yfirvöld skulu ákvarða stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar, sem notaður verður á eignirnar sem um getur í a- og b-lið fyrstu málsgreinar, í samráði við seðlabankann sem er mótaðili að viðskiptunum. Að því er varðar kvaðabundnar eignir sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar skal stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem á að nota ekki vera lægri en stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem ætti að nota skv. 2. þætti gagnvart þessum eignum ef þær væru kvaðalausar.

Þegar lögbær yfirvöld nota lægri stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar í samræmi við aðra undirgrein skulu þau fylgjast náið með áhrifunum af þessum lækkaða stuðli á stöðugar fjármögnunarstöður stofnananna og grípa til viðeigandi eftirlitsaðgerða ef nauðsyn krefur.

8. Til þess að komast hjá hvers konar tvítalningu skulu stofnanir undanskilja eignir með tryggingu sem viðurkennd er sem viðbótartrygging og lögð er fram í samræmi við b-lið 4. mgr. 428. gr. k og 2. mgr. 428. gr. ah eða viðurkennd sem framlögð upphafstrygging eða viðurkennd sem framlag í vanskilasjóð miðlægs mótaðila í samræmi við a- og b-lið 428. gr. ag frá öðrum hlutum útreiknings á fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar í samræmi við þennan kafla.

9. Stofnanir skulu telja erlendan gjaldmiðil og hrávörur sem kaupfyrirmæli hafa verið framkvæmd fyrir með í útreikningnum á fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar. Þær skulu undanskilja fjármálagerninga, erlenda gjaldmiðla og hrávörur sem kaupfyrirmæli hafa verið framkvæmd fyrir, frá útreikningnum á fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar, að því tilskildu að þessi viðskipti hafi ekki verið færð sem afleiður eða tryggð fjármögnunar-viðskipti á efnahagsreikning stofnananna og að þessi viðskipti séu færð á efnahagsreikning við uppgjör þeirra.

10. Lögbær yfirvöld geta ákvarðað vægi nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar fyrir áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings sem ekki er getið um í þessum kafla til að tryggja að þessar stofnanir hafi yfir að ráða viðeigandi fjárhæð tiltækrar stöðugrar fjármögnunar fyrir þann hluta þessara áhættuskuldbindinga sem búist er við að þurfi að fjármagna á eins árs tímabilinu fyrir hlutfall stöðugrar fjármögnunar. Til að ákvarða þessa þætti skulu lögbær yfirvöld einkum taka tillit til þess að orðspor stofnunarinnar gæti beðið verulega hnekki ef þessi fjármögnun er ekki veitt.

Lögbær yfirvöld skulu a.m.k. árlega gefa Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni skýrslu um allar tegundir áhættuskuld-bindinga utan efnahagsreiknings sem þau hafa ákvarðað stuðul tiltekinnar stöðugrar fjármögnunar fyrir. Í skýrslunni skulu þau einnig greina frá aðferðafræðinni sem notuð er til að ákvarða þessa stuðla.

428. gr. q

Eftirstöðvatími eignar

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla skulu stofnanir taka tillit til umsamins eftirstöðvatíma eigna sinna og viðskipta utan efnahagsreiknings þegar þær ákvarða stuðla tiltækrar fjármögnunar sem nota skal fyrir eignir þeirra og liði utan efnahagsreiknings skv. 2. þætti.

2. Stofnanir skulu meðhöndla eignir sem hafa verið aðgreindar í samræmi við 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 í samræmi við undirliggjandi áhættuskuldbindingu þessara eigna. Stofnanir skulu hins vegar láta þessar eignir fá hærri stuðla nauðsynlegrar fjármögnunar með hliðsjón af skilmálum kvaðarinnar sem ákvarðaðir eru af lögbærum yfirvöldum sem skulu taka tillit til þess hvort stofnunin getur ráðstafað eða skipt slíkum eignum að vild sem og skilmálum skuldbindinganna gagnvart viðskiptavinum stofnanna sem krafan um aðgreiningu á við um.

3. Þegar stofnanir reikna út eftirstöðvatíma eignar skulu þær taka tillit til valrétta út frá þeirri forsendu að útgefandinn eða mótaðilinn muni nýta sér mögulegan valrétt til að framlengja binditíma eignar. Að því er varðar valrétti sem stofnunin getur nýtt sér að vild skal stofnunin og lögbæru yfirvöldin taka tillit til orðsporsþátta sem geta takmarkað getu stofnunarinnar til að nýta sér valréttinn, einkum væntingar markaðarins og viðskiptavina um að stofnunin ætti að framlengja binditíma tiltekinna eigna þegar binditíma þeirra lýkur.

4. Til að ákvarða stuðla fyrir tilskilda stöðuga fjármögnun sem nota skal í samræmi við 2. þátt að því er varðar afskriftalán með umsaminn eftirstöðvatíma sem er styttri en eitt ár eða meira skal meðhöndla hvern hluta sem fellur í gjalddaga innan minna en sex mánaða og hvern hluta sem fellur í gjalddaga milli sex mánaða og eins árs sem lán með eftirstöðvatíma sem er annars vegar skemmri en sex mánuðir og hins vegar skemmri en eitt ár.

2. þáttur

Vægi nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

428. gr. r

0% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

1. Eftirtaldar eignir skulu fá 0% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar:

a) kvaðalausar eignir sem eru hæfar sem hágæða 1. stigs lausafjáreignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. að undanskildum sértryggðum skuldabréfum af mjög miklum gæðum sem tilgreind eru í þeirri framseldu gerð, óháð því hvort þær fullnægja skipulagskröfunum sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð,

b) kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem geta fengið 0% frádrag vegna útreiknings á lausafjárþekjuhlutfalli samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., óháð því hvort þau fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu lausafjárforða sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð,

c) allir varasjóðir stofnunarinnar í vörslu Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis eða seðlabanka þriðja lands, að meðtöldum tilskildum varasjóðum og umframvarasjóðum,

d) allar kröfur Seðlabanka Evrópu, seðlabanka aðildarríkis eða seðlabanka þriðja lands sem hafa skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði,

e) viðskiptakröfur á viðskiptadegi sem leiðir af sölu á fjármálagerningum, erlendum gjaldmiðlum og hrávöru, sem búist er við að verði greiddar innan venjulegs greiðslutímabils eða -tíma sem venjulega á við að því er varðar viðkomandi gjaldeyrisviðskipti eða tegund viðskipta, eða sem ekki hafa verið gerð upp en búist er við að verði gerð upp,

f) eignir sem flokkaðar eru sem víxltengdar skuldbindingar í samræmi við 428. gr. f,

g) gjaldfallnar fjárhæðir vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf við viðskiptavini á fjármálamarkaði þegar þessi viðskipti hafa skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði þegar þessar gjaldföllnu fjárhæðir eru tryggðar með eignum sem hæfar eru sem 1. stigs eignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., að undanskildum sértryggðum skuldabréfum af mjög miklum gæðum sem þar eru tilgreind og þegar stofnunin myndi hafa lögvarinn rétt og rekstrarlega getu til að nota þessar eignir aftur á líftíma viðskiptanna.

Stofnanir skulu taka tillit til gjaldföllnu fjárhæðanna sem um getur í g-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar á hreinum grunni ef 428. gr. e á við.

2. Þrátt fyrir c-lið 1. mgr. mega lögbær yfirvöld ákveða með samþykki viðkomandi seðlabanka að beita hærri stuðli nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar gagnvart tilskildum varasjóðum einkum að teknu tilliti til þess hvort kröfurnar um varasjóði gildi fyrir eins árs tímabil og þurfi því tilskilda tengda stöðuga fjármögnun.

Að því er varðar dótturfélög sem hafa aðalskrifstofu í þriðja landi, þegar tilskildir varasjóðir seðlabanka fá hærri stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar samkvæmt kröfunni um hreina stöðuga fjármögnun sem sett er fram í landslögum þess þriðja lands, skal taka tillit til þessa hærri stuðuls nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar í tengslum við samstæðu.

428. gr. s

5% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

1. Eftirtaldar eignir og liðir utan efnahagsreiknings skulu fá 5% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar:

a) kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem geta fengið 5 % frádrag vegna útreiknings á lausafjárþekjuhlutfalli í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr., óháð því hvort þau fullnægja skipulagskröfunum og kröfunum um samsetningu lausafjárforða sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð,

b) gjaldfallnar fjárhæðir vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf við viðskiptavini á fjármálamarkaði þegar þessi viðskipti hafa skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði aðrar en þær sem um getur í g-lið 1. mgr. 428. gr. r.,

c) ónotaður hluti umsaminna lána- og lausafjárfyrirgreiðslna samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,

d) afurðir sem tengjast viðskiptafjármögnun utan efnahagsreiknings sem um getur í I. viðauka með skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði.

Stofnanir skulu taka tillit til gjaldföllnu fjárhæðanna sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar á hreinum grunni ef 428. gr. e á við.

2. Að því er varðar öll jöfnunarsöfn afleiðusamninga skulu stofnanir nota 5% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar fyrir gangvirði þessara jöfnunarsafna afleiðusamninga, án frádráttar framlagðra tryggginga þegar þessi jöfnunarsöfn hafa neikvætt gangvirði. Að því er varðar þessa málsgrein skulu stofnanir ákvarða gangvirðið án frádráttar framlagðra tryggginga eða greiddra eða móttekinna uppgjörsfjárhæða sem tengjast breytingum á markaðsvirði slíkra samninga.

428. gr. t

7% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Kvaðalausar eignir sem eru hæfar sem sértryggð skuldabréf sem hágæða 1. stigs eignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. skulu fá 7% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar óháð því hvort þær fullnægja skipulagskröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. u

7,5% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Afurðir sem tengjast viðskiptafjármögnun utan efnahagsreiknings eins og um getur í I. viðauka með eftirstöðvatíma sem er a.m.k. sex mánuðir en skemmri en eitt ár skulu fá 7,5% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar.

428. gr. v

10% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir og liðir utan efnahagsreiknings skulu fá 10% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar:

a) gjaldfallnar fjárhæðir vegna viðskipta við viðskiptavini á fjármálamarkaði sem hafa skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði aðrar en þær sem um getur í g-lið 1. mgr. 428. gr. r og b-lið 1. mgr. 428. gr. s,

b) afurðir sem tengjast viðskiptafjármögnun í efnahagsreikningi með skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði,

c) afurðir sem tengjast viðskiptafjármögnun utan efnahagsreiknings eins og um getur í I. viðauka með eins árs eftirstöðvatíma eða meira.

428. gr. w

12% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem geta fengið 20% frádrag vegna útreiknings á lausafjárþekjuhlutfalli í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr., skulu fá 20% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar, óháð því hvort þau fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. x

15% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Kvaðalausar eignir sem geta verið hæfar sem 2. stigs (a) eignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. skulu fá 15% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar, óháð því hvort þær fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. y

20% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem geta fengið 20% frádrag vegna útreiknings á lausafjárþekjuhlutfalli í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr., skulu fá 20% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar, óháð því hvort þau fullnægja rekstarkröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. z

25% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Kvaðalausir 2. stigs (b) verðbréfavafningar samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. skulu fá 25% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar, óháð því hvort þær fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. aa

30% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir skulu fá 30% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar:

a) kvaðalaus hágæða sértryggð skuldabréf samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., óháð því hvort þau fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð,

b) kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem geta fengið 30% frádrag vegna útreiknings á lausafjárþekjuhlutfalli í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr., óháð því hvort þau fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. ab

35% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir skulu fá 35% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar:

a) kvaðalausir 2. stigs (b) verðbréfavafningar samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., óháð því hvort þær fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð,

b) kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem geta fengið 35 % frádrag vegna útreiknings á lausafjárþekjuhlutfalli samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., óháð því hvort þau fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. ac

40% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem geta fengið 40% frádrag vegna útreiknings á lausafjárþekjuhlutfalli samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., skulu fá 40% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar, óháð því hvort þau fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. ad

50% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir skulu fá 50% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar:

a) kvaðalausar eignir sem eru hæfar sem 2. stigs (b) eignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. að undanskildum 2. stigs (b) verðbréfavafningum og hágæða sértryggðum skuldabréfum samkvæmt þeirri framseldu gerð, óháð því hvort þær fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð,

b) innlán stofnunarinnar hjá öðrum fjármálastofnunum sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir rekstrarinnlán sem tilgreindar eru í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,

c) gjaldfallnar greiðslur vegna viðskipta með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár við:

i. ríkisstjórn aðildarríkis eða þriðja lands,

ii. héraðsstjórnir eða staðaryfirvöld í aðildarríki eða þriðja landi,

iii. opinbera aðila aðildarríkis eða þriðja lands,

iv. fjölþjóðlega þróunarbanka sem um getur í 2. mgr. 117. gr. og alþjóðastofnanir sem um getur í 118. gr.,

v. fyrirtæki, önnur en fjármálafyrirtæki, og lítil og meðalstór fyrirtæki,

vi. lánafélög með starfsleyfi frá lögbærum yfirvöldum, einkafjárfestingarfélög og viðskiptavinir sem eru innstæðumiðlarar að því marki sem þessar eignir falla ekki undir a-lið þessarar málsgreinar,

d) gjaldfallnar greiðslur vegna viðskipta með a.m.k. sex mánaða eftirstöðvatíma en skemmri en eitt ár við:

i. Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis,

ii. seðlabanka þriðja lands,

iii. viðskiptavini á fjármálamarkaði,

e) afurðir sem tengjast viðskiptafjármögnun í efnahagsreikningi með a.m.k. sex mánaða eftirstöðvatíma en skemmri en eitt ár,

f) kvaðabundnar eignir með a.m.k. sex mánaða eftirstöðvatíma en skemmri en eitt ár, nema þegar þessum eignum yrði úthlutaður hærri stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar í samræmi við 428. gr. ae til 428. gr. ah væru þær kvaðalausar, en í því tilviki gildir hærri stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem myndi gilda um þessar eignir ef þær væru kvaðalausar,

g) allar aðrar eignir með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár nema annað sé tilgreint í 428. gr. r til 428. gr. ac.

428. gr. ae

55% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem geta fengið 55% frádrag vegna útreiknings á lausafjárþekjuhlutfalli í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr., skulu fá 55% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar, óháð því hvort þau fullnægja rekstarkröfunum og kröfunum um samsetningu varaforða lauss fjár sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. af

65% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir skulu fá 65% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar:

a) kvaðalaus lán sem tryggð eru með veði í íbúðarhúsnæði eða kvaðalaus íbúðalán sem tryggð eru að fullu af viðurkenndum veitanda útlánavarnar eins og um getur í e-lið 1. mgr. 129. gr., með eins árs eftirstöðvatíma eða meira, að því tilskildu að þessum lánum sé úthlutað 35% áhættuvog eða minna í samræmi við 2. kafla II. bálks í þriðja hluta,

b) kvaðalaus lán með eins árs eftirstöðvatíma eða meira, að undanskildum lánum til viðskiptavina á fjármálasviði og lánum sem um getur í 428. gr. r til 428. gr. ad, að því tilskildu að þessum lánum sé úthlutað 35% áhættuvog eða minna í samræmi við 2. kafla II. bálks í þriðja hluta.

428. gr. ag

85% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir og liðir utan efnahagsreiknings skulu fá 85% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar:

a) allar eignir og liðir utan efnahagsreiknings, að meðtöldu reiðufé, sem lögð eru fram sem upphafstrygging fyrir afleiðusamninga, nema þær eignir sem myndu fá hærri stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar í samræmi við 428. gr. ah ef þær væru kvaðalausar, en í því tilviki gildir hærri stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem myndi gilda um þessar eignir ef þær væru kvaðalausar:

b) allar eignir og liðir utan efnahagsreiknings, að meðtöldu reiðufé, sem lagðar eru fram sem framlag í vanskilasjóð miðlægs mótaðila, nema þær eignir sem myndu fá hærri stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar í samræmi við 428. gr. ah ef þær væru kvaðalausar, en í því tilviki gildir hærri stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem ætti að gilda um þessar eignir ef þær væru kvaðalausar:

c) kvaðalaus lán með eins árs eftirstöðvatíma eða meira, að undanskildum lánum til viðskiptavina á fjármálasviði og lánum sem um getur í 428. gr. r til 428. gr. af sem ekki eru komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga og sem hefur verið úthlutað 35% áhættuvog eða meira í samræmi við 2. kafla II. bálks í þriðja hluta,

d) afurðir sem tengjast viðskiptafjármögnun í efnahagsreikningi með eins árs eftirstöðvatíma eða meira,

e) kvaðalaus verðbréf með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár eða meira sem ekki eru í vanskilum í samræmi við 178. gr. og sem ekki eru hæf sem lausafjáreignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,

f) kvaðalaus hlutabréf sem viðskipti eru með í kauphöll og sem ekki eru hæf sem 2. stigs (b) eignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,

g) hrávörur sem verslað er með hlutrænt, þ.m.t. gull en að undanskildum hrávöruafleiðum,

h) kvaðabundnar eignir með eftirstöðvatíma til eins árs eða meira í tryggingasafni sem fjármagnað er með sértryggðum skuldabréfum eins og um getur í 4. mgr. 52. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða sértryggðum skuldabréfum sem uppfylla kröfur um hæfi að því er varðar meðferðina sem sett er fram í 4. og 5. mgr. 129. gr. þessarar reglugerðar.

428. gr. ah

100% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

1. Eftirtaldar eignir skulu fá 100% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar:

a) ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla, allar kvaðabundnar eignir með eftirstöðvatíma til eins árs eða meira,

b) allar aðrar eignir en þær sem um getur í 428. gr. til 428. gr. ag, þ.m.t. lán til viðskiptavina á fjármálamarkaði sem hafa umsaminn eftirstöðvatíma til eins árs eða meira, vanefndar áhættuskuldbindingar, liðir sem dregnir eru frá eiginfjárgrunni, fastafjármunir, hlutabréf sem viðskipti eru með utan kauphallar, hlutdeild sem haldið er eftir, vátryggingaeignir, verðbréf í vanskilum.

2. Stofnanir skulu nota 100% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar gagnvart mismuninum, ef hann er jákvæður, milli summu gangvirðis þvert á öll jöfnunarsöfn með jákvæðu gangvirði og summu gangvirðis þvert á öll jöfnunarsöfn með neikvæðu gangvirði reiknuð í samræmi við 428. gr. d.

Eftirfarandi reglur skulu notaðar við útreikninginn sem um getur í fyrstu undirgrein:

a) viðbótartrygging sem stofnanir taka við frá mótaðilum sínum skal dregin frá gangvirði jöfnunarsafns með jákvætt gangvirði ef tryggingin sem tekið er við sem viðbótartrygging telst vera 1. stigs eign samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., að frátöldum hágæða sértryggðum skuldabréfum sem tilgreind eru í þeirri framseldu gerð og ef stofnunin hefur lögvarinn rétt og rekstrarlega getu til þess að nota aftur þá tryggingu,

b) allar viðbótartryggingar sem stofnanir hafa lagt fram hjá mótaðilum sínum skulu dregnar frá gangvirði jöfnunarsafns með neikvætt gangvirði.

5. KAFLI

Undanþága fyrir litlar og einfaldar stofnanir

428. gr. ai

Undanþága fyrir litlar og einfaldar stofnanir

Þrátt fyrir 3. og 4. kafla geta litlar og einfaldar stofnanir valið, að fengnu samþykki frá lögbæru yfirvaldi sínu, að reikna hlutfallið milli tiltækrar stöðugar fjármögnunar stofnunar eins og um getur í 6. kafla og nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar stofnunarinnar eins og um getur í 7. kafla, tilgreint í hundraðshlutum.

Lögbært yfirvald getur krafist þess að lítil og einföld stofnun hlíti kröfunni um hreina stöðuga fjármögnun sem grundvallast á tiltækri stöðugri fjármögnun eins og um getur í 3. kafla og nauðsynlegri stöðugri fjármögnun eins og um getur í 4. kafla ef það telur að einfaldaða aðferðin sé ekki fullnægjandi til að fanga fjármögnunaráhættu þeirrar stofnunar.

6. KAFLI

Tiltæk stöðug fjármögnun fyrir einfaldaðan útreikning á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar

1. þáttur

Almenn ákvæði

428. gr. aj

Einfaldaður útreikningur á fjárhæð tiltækrar stöðugrar fjármögnunar

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla skal fjárhæð tiltækrar stöðugrar fjármögnunar reiknuð út með því að margfalda bókfært virði ýmissa flokka eða tegunda skuldbindinga og eigin fjár með stuðlum aðgengilegrar stöðugrar fjármögnunar sem nota skal skv. 2. þætti. Heildarfjárhæð tiltækrar stöðugrar fjármögnunar skal vera summa veginna fjárhæða skuldbindinga og eiginfjárgrunns.

2. Skuldaviðurkenningar og önnur skuldabréf sem stofnunin gefur út, sem eingöngu eru seld á almennum markaði og haldið er á almennum reikningi, má fara með eins og gerninga sem tilheyra viðeigandi flokki almennra innlána. Setja skal takmarkanir þannig að engir aðrir en almennir viðskiptavinir geti keypt og haft þessa gerninga í sinni vörslu.

428. gr. ak

Eftirstöðvatími skuldbindingar eða eiginfjárgrunns

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla skulu stofnanir taka tillit til umsamins eftirstöðvatíma skuldbindinga sinna og eigin fjár til að ákvarða stuðlana fyrir tiltæka fjármögnun sem nota skal skv. 2. þætti.

2. Stofnanir skulu taka tillit til fyrirliggjandi valrétta þegar þær ákvarða eftirstöðvatíma skuldbindingar eða eiginfjárgrunns. Þetta gera þær út frá þeirri forsendu að mótaðilinn muni innleysa þá eins fljótt og auðið er. Að því er varðar valrétti sem stofnunin getur nýtt sér að vild skal stofnunin og lögbæru yfirvöldin taka tillit til orðsporsþátta sem geta takmarkað getu stofnunar til að nýta sér valréttinn, einkum væntingar markaðarins um að stofnunin ætti að innleysa ákveðnar skuldbindingar áður en binditíma þeirra lýkur.

3. Stofnanir skulu meðhöndla innstæður með föstum uppsagnarfresti í samræmi við uppsagnarfresti þeirra og bundin innlán í samræmi við eftirstöðvatíma þeirra. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir ekki taka tillit til valrétta sem nýttir eru fyrir tímann ef innstæðueigandinn verður að greiða verulega sekt fyrir snemmbæra úttekt sem á sér stað innan eins árs, eins og mælt er fyrir um í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., til að ákvarða eftirstöðvatíma almennra innlána.

4. Til að ákvarða stuðla fyrir tiltæka stöðuga fjármögnun sem nota skal skv. 2. þætti að því er varðar skuldbindingar með umsaminn binditíma sem nemur ári eða meira skal meðhöndla hvern hluta sem fellur í gjalddaga innan minna en sex mánaða og hvern hluta sem fellur í gjalddaga milli sex mánaða og eins árs sem lán með eftirstöðvatíma sem er annars vegar skemmri en sex mánuðir og hins vegar skemmri en eitt ár.

2. þáttur

Stuðlar fyrir útreikning á tiltækri stöðugri fjármögnun

428. gr. al

0% stuðull tiltækrar stöðugrar fjármögnunar

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum þætti skulu allar skuldbindingar án tilgreinds binditíma, þ.m.t. skortstöður og stöður með opinn binditíma fá stuðulinn 0% fyrir tiltæka stöðuga fjármögnun að frátöldu eftirfarandi:

a) frestuðum skattskuldbindingum sem meðhöndla skal í samræmi við næstu dagsetningu í framtíðinni þegar hægt er að innleysa slíkar skuldbindingar,

b) hlutdeild minnihluta sem meðhöndla skal í samræmi við skilmála viðkomandi gernings.

2. Frestaðar skattskuldbindingar og hlutdeild minnihluta eins og um getur í 1. mgr. skulu fá einn af einum eftirfarandi stuðlum:

a) 0% þegar raunverulegur eftirstöðvatími frestuðu skattskuldbindingarinnar eða hlutdeild minnihluta er skemmri en eitt ár,

b) 100% þegar raunverulegur eftirstöðvatími frestuðu skattskuldbindingarinnar eða hlutdeild minnihluta er eitt ár eða meira.

3. Eftirfarandi skuldbindingar, fjármagnsliðir eða gerningar skulu fá 0% stuðul tiltækrar stöðugrar fjármögnunar:

a) gjaldfallnar fjárhæðir á viðskiptadegi sem leiðir af kaupum á fjármálagerningum, erlendum gjaldmiðlum og hrávöru, sem búist er við að verði greiddar innan venjulegs greiðslutímabils eða -tíma sem venjulega á við að því er varðar viðkomandi gjaldeyrisviðskipti eða viðskipti, eða sem ekki hafa verið gerð upp en búist er við að verði gerð upp,

b) skuldbindingar sem flokkaðar eru sem þær séu víxltengdar eignir í samræmi við 428. gr. f,

c) skuldbindingar með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár sem látnar eru í té af:

   i. Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis,

   ii. Seðlabanka þriðja lands,

   iii. viðskiptavini á fjármálamarkaði,

d) allar aðrar skuldbindingar og fjármagnsliðir eða gerningar sem ekki er getið um í þessari grein og 428. gr. am til 428. gr. ap.

4. Stofnanir skulu nota 0% stuðul fyrir tiltæka stöðuga fjármögnun gagnvart algildi mismunarins, ef hann er neikvæður, milli summu gangvirðis þvert á öll jöfnunarsöfn með jákvæðu gangvirði og summu gangvirðis þvert á öll jöfnunarsöfn með neikvæðu virði reiknuð í samræmi við 428. gr. d.

Eftirfarandi reglur skulu notaðar við útreikninginn sem um getur í fyrstu undirgrein:

a) viðbótartrygging sem stofnanir taka við frá mótaðilum sínum skal dregin frá gangvirði jöfnunarsafns með jákvætt gangvirði ef tryggingin sem tekið er við sem viðbótartryggingu telst vera 1. stigs eign samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., að frátöldum sértryggðum skuldabréfum af mjög miklum gæðum sem tilgreind eru í þeirri framseldu gerð og ef stofnunin hefur lögvarinn rétt og rekstrarlega getu til þess að nota aftur þá tryggingu,

b) allar viðbótartryggingar sem stofnanir hafa lagt fram hjá mótaðilum sínum skulu dregnar frá gangvirði jöfnunarsafns með neikvætt gangvirði.

428. gr. am

50% stuðull tiltækrar stöðugrar fjármögnunar

Eftirfarandi skuldbindingar, fjármagnsliðir eða gerningar skulu fá 50% stuðul tiltækrar stöðugrar fjármögnunar:

a) móttekin innlán sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir rekstrarinnlán sem settar eru fram í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,

b) skuldbindingar og fjármagnsliðir eða gerningar með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár sem látnar eru í té af:

   i. ríkisstjórn aðildarríkis eða þriðja lands,

   ii. héraðsstjórnum eða staðaryfirvöldum í aðildarríki eða þriðja landi,

   iii. opinberum aðilum aðildarríkis eða þriðja lands,

   iv. fjölþjóðlegum þróunarbönkum sem um getur í 2. mgr. 117. gr. og alþjóðastofnunum sem um getur í 118. gr.,

v. fyrirtækjum í viðskiptum sem ekki eru á fjármálamarkaði,

vi. lánafélög með starfsleyfi frá lögbæru yfirvaldi, einkafjárfestingarfélög og viðskiptavinir sem eru innstæðumiðlarar, að frá töldum mótteknum innlánum sem fullnægja viðmiðununum um rekstrartengdar innstæður.

428. gr. an

90% stuðull tiltækrar stöðugrar fjármögnunar

Útistandandi smásöluinnlán, almenn innlán með föstum uppsagnarfresti sem er skemmri en eitt ár og bundin almenn innlán með eftirstöðvatíma sem er skemmri en eitt ár sem uppfylla viðeigandi viðmiðanir fyrir önnur almenn innlán sem settar eru fram í 1. mgr. 460. gr. skulu fá 90% stuðul tiltækrar stöðugrar fjármögnunar.

428. gr. ao

95% stuðull tiltækrar stöðugrar fjármögnunar

Útistandandi almenn innlán, almenn innlán með föstum uppsagnarfresti sem er skemmri en eitt ár og bundin almenn innlán með eftirstöðvatíma sem er skemmri en eitt ár sem uppfylla viðeigandi viðmiðanir fyrir önnur stöðug almenn innlán sem settar eru fram í 1. mgr. 460. gr. skulu fá 95% stuðul tiltækrar stöðugrar fjármögnunar.

428. gr. ap

100% stuðull tiltækrar stöðugrar fjármögnunar

Eftirfarandi skuldbindingar, fjármagnsliðir og gerningar skulu fá 100% stuðul tiltækrar stöðugrar fjármögnunar:

a) liðir stofnunarinnar í almennu eigin fé þáttar 1 fyrir aðlögunina sem krafist er í 32.–35. gr., frádrættina skv. 36. gr., og áður en undanþágunum og valmöguleikunum sem mælt er fyrir um í 48., 49. og 70. gr., hefur verið beitt,

b) liðir stofnunarinnar í viðbótareiginfé þáttar 1 fyrir frádrátt liðanna sem um getur í 56. gr. og áður en 79. gr. hefur verið beitt gagnvart þeim, að frátöldum hvers konar gerningum með beinum eða innbyggðum valréttum sem, væru þeir nýttir, myndu stytta raunverulegan eftirstöðvatíma í minna en eitt ár,

c) liðir stofnunarinnar í þætti 2 fyrir frádrættina sem um getur í 66. gr. og áður en 79. gr. hefur verið beitt gagnvart þeim, sem eru með eins árs eftirstöðvatíma eða meira, að frátöldum hvers konar gerningum með beinum eða innbyggðum valréttum sem, væru þeir nýttir, myndu stytta raunverulegan eftirstöðvatíma í minna en eitt ár,

d) allir aðrir fjármagnsgerningar stofnunarinnar sem eru með eins árs eftirstöðvatíma eða meira, að frátöldum hvers konar gerningum með beinum eða innbyggðum valréttum sem, væru þeir nýttir, myndu stytta raunverulegan eftirstöðvatíma í minna en eitt ár,

e) öll önnur tryggð og ótryggð lán og skuldbindingar með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár eða meira, þ.m.t. bundin innlán, nema annað sé tiltekið í 428. gr. al til 428. gr. ao.

7. KAFLI

Nauðsynleg stöðug fjármögnun fyrir einfaldaðan útreikning á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar

1. þáttur

Almenn ákvæði

428. gr. aq

Einfaldaður útreikningur á fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla skal fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar fyrir litlar og einfaldar stofnanir reiknuð út með því að margfalda bókfært virði ýmissa flokka eða tegunda eigna og liða utan efnahagsreiknings með stuðlum nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem nota skal í samræmi við 2. þátt. Heildar-fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar skal vera summa veginna fjárhæða eigna og liða utan efnahagsreiknings.

2. Eignir sem stofnanir hafa tekið að láni, þ.m.t. í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, sem fram koma í efnahagsreikningi þeirra og sem þær hafa ekki raunverulegt eignarhald á skulu undanskildar útreikningnum á fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar.

Eignir sem stofnanir hafa tekið að láni, þ.m.t. í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, sem ekki koma fram í efnahagsreikningi þeirra en sem þær hafa raunverulegt eignarhald á skulu fá stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem nota skal skv. 2. þætti.

3. Eignir sem stofnanir hafa lánað, þ.m.t. í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og sem þær hafa raunverulegt eignarhald á, jafnvel þótt þær séu ekki í efnahagsreikningi þeirra, skulu taldar vera kvaðabundnar eignir í skilningi þessa kafla og skulu fá stuðla nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem nota skal skv. 2. þætti. Annars skulu slíkar eignir undanskildar útreikningnum á fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar.

4. Eignir sem eru með kvaðabundinn sex mánaða eftirstöðvatíma eða lengri skulu annaðhvort fá úthlutaðan stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem nota ætti skv. 2. þætti gagnvart þessum eignum væru þær kvaðalausar eða stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem að öðrum kosti væri notaður gagnvart þessum kvaðabundnu eignum, eftir því hvor stuðullinn er hærri. Sama á við þegar eftirstöðvatími kvaðabundnu eignanna er skemmri en eftirstöðvatími viðskiptanna sem liggur til grundvallar kvöðinni.

Eignir sem eru með skemmri kvaðabundinn eftirstöðvatíma en sex mánuði skulu fá stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem nota skal skv. 2. gr. gagnvart sömu eignunum, væru þær kvaðalausar.

5. Ef stofnun notar aftur eða endurveðsetur eign sem tekin var að láni, þ.m.t. fjármögnunarviðskipti með verðbréf og eignin er færð á efnahagsreikning, skal fara með viðskiptin í tengslum við eignina sem tekin var að láni sem kvaðabundin, að því marki að viðskiptin geti ekki fallið í gjalddaga nema stofnunin skili eigninni sem tekin var að láni.

6. Eftirtaldar eignir skulu teljast vera kvaðalausar:

a) eignir sem eru hluti af safni sem eru tiltækar til tafarlausrar notkunar sem trygging til að afla viðbótarfjármögnunar samkvæmt umsömdum lánalínum eða þegar safnið er starfrækt af seðlabanka, óstaðfestar en ekki enn fjármagnaðar lánalínur sem aðgengilegar eru stofnuninni, að meðtöldum eignum sem lagðar eru fram af lánastofnun hjá miðlægri stofnun í samstarfsneti eða stofnanaverndarkerfi,

b) eignir sem lánastofnunin hefur fengið sem tryggingu til að milda útlánaáhættu í tryggðum lánveitingum, tryggðum fjármögnunarviðskiptum eða tryggingaskiptaviðskiptum og sem lánastofnunin getur ráðstafað,

c) eignir sem tengdar eru yfirveðsetningu sem ekki er skyldubundin vegna útgáfu sértryggðs skuldabréfs.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu lánastofnanir gera ráð fyrir að eignir í eignasafni séu bundnar kvöðum í vaxandi mæli eftir seljanleika þeirra á grundvelli lausafjárflokkunar samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. þar sem byrjað er á eignum sem ekki eru taldar hæfar til að teljast til lausafjárforða.

7. Ef um er að ræða óvenjulega tímabundnar aðgerðir sem framkvæmdar eru af Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis eða seðlabanka þriðja lands til að hann geti unnið samkvæmt umboði sínu á tímum þegar fjárhagserfiðleikar steðja að öllum markaðinum eða við sérstakar þjóðhagslegar aðstæður geta eftirtaldar eignir fengið lækkaðan stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar:

a) þrátt fyrir 428. gr. aw og a-lið 1. mgr. 428. gr. az, kvaðabundnar eignir að því er varðar aðgerðirnar sem um getur í þessari undirgrein,

b) þrátt fyrir 428. gr. aw og b-lið 428. gr. ay, fjárhæðir sem leiðir af aðgerðunum sem um getur í þessari undirgrein.

Lögbær yfirvöld skulu ákvarða stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar, sem notaður verður á eignirnar sem um getur í a- og b-lið fyrstu málsgreinar, í samráði við seðlabankann sem er mótaðili að viðskiptunum. Að því er varðar kvaðabundnar eignir sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar skal stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem á að nota ekki vera lægri en stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem ætti að nota skv. 2. þætti gagnvart þessum eignum ef þær væru kvaðalausar.

Þegar lögbær yfirvöld nota lægri stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar í samræmi við aðra undirgrein skulu þau fylgjast náið með áhrifunum af þessum lækkaða stuðli á stöðugar fjármögnunarstöður stofnananna og grípa til viðeigandi eftirlitsaðgerða ef nauðsyn krefur.

8. Stofnanir undanskilja eignir með tryggingu sem viðurkennd er sem viðbótartrygging og lögð er fram í samræmi við b-lið 4. mgr. 428. gr. k og 2. mgr. 428. gr. ah, eða sem framlögð upphafstrygging, eða framlag í vanskilasjóð miðlægs mótaðila í samræmi við a- og b-lið 428. gr. ag frá öðrum hlutum útreikningsins á fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar í samræmi við þennan kafla til þess að komast hjá hvers konar tvítalningu.

9. Stofnanir skulu fella inn í útreikninginn á fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar fjármálagerninga, erlenda gjaldmiðla og hrávörur sem kaupfyrirmæli hafa verið framkvæmd fyrir. Þær skulu undanskilja frá útreikningi fjárhæðar nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar fjármálagerninga, erlenda gjaldmiðla og hrávörur sem kaupfyrirmæli hafa verið framkvæmd fyrir, að því tilskildu að þessi viðskipti hafi ekki verið færð sem afleiður eða tryggð fjármögnunarviðskipti á efnahagsreikning stofnananna og að þessi viðskipti séu færð á efnahagsreikning við uppgjör þeirra.

10. Lögbær yfirvöld geta ákveðið að stuðlum nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar verði beitt gagnvart áhættuskuldbindingum utan efnahagsreiknings sem ekki er getið um í þessum kafla til að tryggja að þessar stofnanir hafi yfir að ráða viðeigandi fjárhæð tiltækrar stöðugrar fjármögnunar fyrir þann hluta þessara áhættuskuldbindinga sem búist er við að þurfi að fjármagna á eins árs tímabilinu fyrir hlutfall stöðugrar fjármögnunar. Til að ákvarða þessa þætti skulu lögbær yfirvöld einkum taka tillit til þess að orðspor stofnunarinnar gæti beðið verulega hnekki ef þessi fjármögnun er ekki veitt.

Lögbær yfirvöld skulu a.m.k. árlega gefa Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni skýrslu um allar tegundir áhættuskuldbindinga utan efnahagsreiknings sem þau hafa ákvarðað stuðul tiltekinnar stöðugrar fjármögnunar fyrir. Í skýrslunni skulu þau einnig greina frá aðferðafræðinni sem notuð er til að ákvarða þessa stuðla.

428. gr. ar

Eftirstöðvatími eignar

1. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla skulu stofnanir taka tillit til umsamins eftirstöðvatíma eigna sinna og viðskipta utan efnahagsreiknings þegar þær ákvarða stuðla tiltækrar fjármögnunar sem nota skal fyrir eignir þeirra og liði utan efnahagsreiknings skv. 2. þætti.

2. Stofnanir skulu meðhöndla eignir sem hafa verið aðgreindar í samræmi við 3. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 í samræmi við undirliggjandi áhættuskuldbindingu þessara eigna. Stofnanir skulu hins vegar láta þessar eignir fá hærri stuðla nauðsynlegrar fjármögnunar með hliðsjón af skilmálum kvaðarinnar sem ákvarðaðir eru af lögbærum yfirvöldum sem skulu taka tillit til hvort stofnunin getur ráðstafað eða skipt slíkum eignum að vild sem og skilmálum skuldbindinganna gagnvart viðskiptavinum stofnana sem krafan um aðgreiningu á við um.

3. Þegar stofnanir reikna út eftirstöðvatíma eignar skulu þær taka tillit til valrétta út frá þeirri forsendu að útgefandinn eða mótaðilinn muni nýta sér mögulegan valrétt til að framlengja binditíma eignar. Að því er varðar valrétti sem stofnunin getur nýtt sér að vild skal stofnunin og lögbæru yfirvöldin taka tillit til orðsporsþátta sem geta takmarkað getu stofnunarinnar til að nýta sér valréttinn, einkum væntingar markaðarins og viðskiptavina um að stofnunin ætti að framlengja binditíma tiltekinna eigna þegar binditíma þeirra lýkur.

4. Til að ákvarða stuðla fyrir tilskilda stöðuga fjármögnun sem nota skal í samræmi við 2. þátt að því er varðar afskriftalán með umsaminn binditíma sem nemur einu ári eða meira, skal meðhöndla þá hluta sem falla í gjalddaga innan minna en sex mánaða og milli sex mánaða og minna en eitt ár sem lán með eftirstöðvatíma sem er annars vegar skemmri en sex mánuðir og hins vegar skemmri en eitt ár.

2. þáttur

Stuðlar nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

428. gr. as

0% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

1. Eftirtaldar eignir skulu fá 0% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar:

a) kvaðalausar eignir sem eru hæfar sem hágæða 1. stigs lausafjáreignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. að undanskildum hágæða sértryggðum skuldabréfum sem tilgreind eru í þeirri framseldu gerð, óháð því hvort þær fullnægja rekstrarkröfunum sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

b) allir varasjóðir stofnunarinnar í vörslu Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkis eða seðlabanka þriðja lands, að meðtöldum tilskildum varasjóðum og umframvarasjóðum,

c) allar kröfur Seðlabanka Evrópu, seðlabanka aðildarríkis eða seðlabanka þriðja lands sem hafa skemmri eftirstöðvatíma en sex mánuði,

d) eignir sem flokkaðar eru sem þær séu innbyrðis háðar skuldbindingum í samræmi við 428. gr. f.

2. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. mega lögbær yfirvöld ákveða með samþykki viðkomandi seðlabanka að beita hærri stuðli nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar gagnvart tilskildum varasjóðum einkum að teknu tilliti til þess hvort kröfurnar um varasjóði gildi fyrir eins árs tímabil og þurfi því tilskilda tengda stöðuga fjármögnun.

Að því er varðar dótturfélög sem hafa aðalskrifstofu í þriðja landi, þegar tilskildir varasjóðir seðlabanka fá hærri stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar samkvæmt kröfunni um hreina stöðuga fjármögnun sem sett er fram í landslögum þess þriðja lands, skal taka tillit til þessa hærri stuðuls nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar í tengslum við samstæðu.

428. gr. at

5% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

1. Ónotaður hluti umsaminna lána- og lausafjárfyrirgreiðslna sem kveðið er á um í framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. skal fá 5% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar.

2. Að því er varðar öll jöfnunarsöfn afleiðusamninga skulu stofnanir nota 5% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar fyrir gangvirði þessara jöfnunarsafna afleiðusamninga, án frádráttar framlagðra tryggginga þegar þessi jöfnunarsöfn hafa neikvætt gangvirði. Að því er varðar þessa málsgrein skulu stofnanir ákvarða gangvirðið án frádráttar framlagðra tryggginga eða greiddra eða móttekinna uppgjörsfjárhæða sem tengjast breytingum á markaðsvirði slíkra samninga.

428. gr. au

10% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir og liðir utan efnahagsreiknings skulu fá 10% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar:

a) kvaðalausar eignir sem eru hæfar sem sértryggð skuldabréf sem hágæða 1. stigs eignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., óháð því hvort þær fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu lausafjárforða sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð,

b) afurðir sem tengjast viðskiptafjármögnun utan efnahagsreiknings sem um getur í I. viðauka.

428. gr. av

20% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Kvaðalausar eignir sem eru hæfar sem eignir á stigi 2A samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. og kvaðalaus hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt þeirri framseldu gerð skulu fá 20% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar, óháð því hvort þær fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu lausafjárforða sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. aw

50% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir skulu fá 50% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar:

a) tryggð og ótryggð lán með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár og að því tilskildu að þau séu kvaðabundin í skemmri tíma en eitt ár,

b) allar aðrar eignir með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár nema annað sé tilgreint í 428. gr. as til 428. gr. av,

c) kvaðabundnar eignir með a.m.k. sex mánaða skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár, nema þegar þessum eignum yrði úthlutaður hærri stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar í samræmi við 428. gr. ax, 428. gr. ay og 428. gr. az væru þær kvaðalausar, en í því tilviki gildir hærri stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem myndi gilda um þessar eignir ef þær væru kvaðalausar.

428. gr. ax

55% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Kvaðalausar eignir sem eru hæfar sem 2. stigs b eignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr. og hlutabréf eða hlutdeildarskírteini í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt þeirri framseldu gerð skulu fá 55% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar, óháð því hvort þær fullnægja rekstrarkröfunum og kröfunum um samsetningu lausafjárforða sem settar eru fram í þeirri framseldu gerð.

428. gr. ay

85% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

Eftirtaldar eignir og liðir utan efnahagsreiknings skulu fá 85 % stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar:

a) allar eignir og liðir utan efnahagsreiknings, að meðtöldu reiðufé, sem lögð eru fram sem upphafstrygging fyrir afleiðusamninga eða sem framlag í vanskilasjóð miðlægs mótaðila, nema þær eignir sem myndu fá hærri stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar í samræmi við 428. gr. az ef þær væru kvaðalausar, en í því tilviki gildir hærri stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem myndi gilda um þessar eignir ef þær væru kvaðalausar,

b) kvaðalaus lán með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár eða meira, að undanskildum lánum til viðskiptavina á fjármálamarkaði sem ekki eru komin meira en 90 daga fram yfir gjalddaga,

c) afurðir sem tengjast viðskiptafjármögnun í efnahagsreikningi með eins árs eftirstöðvatíma eða meira,

d) kvaðalaus verðbréf með skemmri eftirstöðvatíma en eitt ár eða meira sem ekki eru í vanskilum í samræmi við 178. gr. og sem ekki eru hæf sem lausafjáreignir samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,

e) kvaðalaus hlutabréf sem viðskipti eru með í kauphöll og sem ekki eru hæf sem eignir á stigi 2B samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr.,

f) hrávörur sem verslað er með hlutrænt, þ.m.t. gull en að undanskildum hrávöruafleiðum.

428. gr. az

100% stuðull nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar

1. Eftirtaldar eignir skulu fá 100% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar:

a) allar kvaðabundnar eignir með eftirstöðvatíma til eins árs eða meira,

b) allar aðrar eignir en þær sem um getur í 428. gr. as til 428. gr. ay, þ.m.t. lán til viðskiptavina á fjármálamarkaði sem hafa umsaminn eftirstöðvatíma til eins árs eða meira, vanefndar áhættuskuldbindingar, liðir sem dregnir eru frá eiginfjárgrunni, fastafjármunir, hlutabréf sem viðskipti eru með utan kauphallar, hlutdeild sem haldið er eftir, vátryggingaeignir, verðbréf í vanskilum.

2. Stofnanir skulu nota 100% stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar gagnvart mismuninum, ef hann er jákvæður, milli summu gangvirðis þvert á öll jöfnunarsöfn með jákvæðu gangvirði og summu gangvirðis þvert á öll jöfnunarsöfn með neikvæðu gangvirði reiknuð í samræmi við 428. gr. d.

Eftirfarandi reglur skulu notaðar við útreikninginn sem um getur í fyrstu undirgrein:

a) viðbótartrygging sem stofnanir taka við frá mótaðilum sínum skal dregin frá gangvirði jöfnunarsafns með jákvætt gangvirði ef tryggingin sem tekið er við sem viðbótartrygging telst vera 1. stigs eign samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., að frátöldum hágæða sértryggðum skuldabréfumsem tilgreind eru í þeirri framseldu gerð og ef stofnunin hefur lögvarinn rétt og rekstrarlega getu til þess að nota aftur þá tryggingu,

b) allar viðbótartryggingar sem stofnanir hafa lagt fram hjá mótaðilum sínum skulu dregnar frá gangvirði jöfnunarsafns með neikvætt gangvirði.“

117) Í stað sjöunda hluta kemur eftirfarandi:

„SJÖUNDI HLUTI

VOGUN

429. gr.

Útreikningur á vogunarhlutfalli

1. Stofnanir skulu reikna vogunarhlutfall sitt í samræmi við aðferðafræðina sem sett er fram í 2., 3. og 4. mgr.

2. Vogunarhlutfallið skal reiknað sem mælistærð fjármagns stofnunar, deilt með heildarmælistærð áhættuskuldbindingar þeirrar stofnunar og tilgreint í hundraðshlutum.

Stofnanir skulu reikna út vogunarhlutfallið á viðmiðunardagsetningu skýrslugjafarinnar.

3. Að því er varðar 2. mgr. skal mælistærð fjármagns vera eiginfjárþáttur 1.

4. Að því er varðar 2. mgr. skal heildarmælistærð áhættuskuldbindingar vera summa virðis áhættuskuldbindinga af:

a) eignum, að undanskildum afleiðusamningum sem tilgreindir eru í II. viðauka, lánaafleiðum og stöðum sem um getur í 429. gr. e, reiknuðum í samræmi við 1. mgr. 429. gr. b,

b) afleiðusamningum sem tilgreindir eru í II. viðauka og lánaafleiðum, þ.m.t. þeim samningum og lánaafleiðum sem eru utan efnahagsreiknings, reiknuðum í samræmi við 429. gr. c og 429. gr. d,

c) viðbótum fyrir útlánaáhættu mótaðila í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, þ.m.t. þeim sem eru utan efnahagsreiknings, reiknuðum í samræmi við 429. gr. e,

d) liðum utan efnahagsreiknings, að undanskildum afleiðusamningum sem tilgreindir eru í II. viðauka, lánaafleiðum, fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og stöðum sem um getur í 429. gr. d og 429. gr. g, reiknuðum í samræmi við 429. gr. f,

e) reglubundnum kaupum eða sölum sem bíða uppgjörs, reiknuðum í samræmi við 429. gr. g.

Stofnanir skulu meðhöndla gnóttsamninga í samræmi við a- til d-lið fyrstu undirgreinar, eftir því sem við á.

Stofnanir mega lækka áhættuskuldbindingarvirðið sem um getur í a- og d-lið fyrstu undirgreinar um samsvarandi fjárhæð almennrar aðlögunar á útlánaáhættu í tengslum við liði innan og utan efnahagsreiknings, eftir því sem við á, þó ekki niður fyrir 0 þegar leiðréttingin á útlánaáhættu hefur rýrt eiginfjárþátt 1.

5. Þrátt fyrir d-lið 4. mgr. gilda eftirfarandi ákvæði:

a) liður utan efnahagsreiknings í samræmi við d-lið 4. mgr. sem meðhöndlaður er sem afleiða í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð, skal falla undir meðferðina sem sett er fram í b-lið þeirrar mgr.,

b) ef viðskiptavinur stofnunar sem gegnir hlutverki stöðustofnunaraðila gengur beint inn í afleiðuviðskipti við miðlægan mótaðila og stofnunin ábyrgist frammistöðu viðskiptastaðna viðskiptavinar síns gagnvart miðlæga mótaðilanum sem leiðir af þessum viðskiptum skal stofnunin reikna áhættuskuldbindingu sína sem stafar af ábyrgðinni í samræmi við b-lið 4. mgr. á sama hátt og ef stofnunin hefði gengið beint inn í viðskiptin við viðskiptavininn, þ.m.t. að því er varðar móttöku eða veitingu viðbótartryggingar í reiðufé.

Meðferðin í b-lið fyrstu undirgreinar skal einnig gilda um stofnun sem gegnir hlutverki viðskiptavinar á hærra stigi sem ábyrgist frammistöðu viðskiptastaðna viðskiptavinar síns.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar og aðra undirgrein þessarar málsgreinar mega stofnanir eingöngu líta á tengda stofnun sem viðskiptavin ef sú stofnun fellur ekki undir eftirlit á samstæðugrunni á því stigi sem krafan sem sett er fram í d-lið 3. mgr. 92. gr. gildir um.

6. Að því er varðar e-lið 4. mgr. þessarar greinar og 429. gr. g merkja „reglubundin kaup eða sala“, kaup eða sölu á verðbréfum samkvæmt samningum með skilmálum sem kveða á um afhendingu verðbréfs innan tímabilsins sem venjulega gildir samkvæmt lögum eða venju á viðkomandi markaði.

7. Nema skýrt sé kveðið á um annað í þessum hluta skulu stofnanir reikna heildarmælistærð áhættuskuldbindingar í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a) áþreifanlegar eða fjárhagslegar tryggingar, ábyrgðir eða mildun útlánaáhættu, sem keypt er, skal ekki nota til að lækka heildarmælistærð áhættuskuldbindingar,

b) eignir skal ekki jafna með skuldbindingum.

8. Þrátt fyrir b-lið 7. mgr. mega stofnanir lækka áhættuvirði forfjármagnaðra lána eða millilána með jákvæða stöðu á sparireikningi skuldarans sem lánið var veitt til og eingöngu telja fjárhæðina sem þannig fæst með í heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) veiting lánsins sé háð því að sparireikningur sé opnaður hjá stofnuninni sem veitir lánið og bæði lánið og sparireikningurinn séu lögvernduð samkvæmt sömu sérlögum,

b) á lánstímanum geti skuldarinn ekki tekið út innstæður hvorki að hluta né að öllu leyti,

c) stofnunin getur á skilyrðislausan og óafturkræfan hátt notað innstæður á sparireikningnum til að gera upp hverja kröfu sem stafar af lánasamningnum í tilvikum sem falla undir sérlögin sem um getur í a-lið, þ.m.t. í tilviki vanskila skuldara eða ef hann verður ógjaldfær.

Með „forfjármögnun“ eða „millilánum“ er átt við lán sem veitt eru lántakandanum í takmarkaðan tíma til að brúa fjármögnunarþörf sína þar til endanlegt lán er veitt í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í sérlögunum um slík viðskipti.

429. gr. a

Áhættuskuldbindingar sem eru útilokaðar frá heildarmælistærð áhættuskuldbindingar

1. Þrátt fyrir 4. mgr. 429. gr. má stofnun útiloka einhverjar af eftirfarandi áhættuskuldbindingum frá heildarmælistærð áhættuskuldbindingar sinnar:

a) fjárhæðir sem dregnar eru frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1 í samræmi við d-lið 1. mgr. 36. gr.,

b) eignir sem dregnar eru frá við útreikninginn á mælistærð fjármagns sem um getur í 3. mgr. 429. gr.,

c) áhættuskuldbindingar sem fá 0% áhættuvog í samræmi við 6. eða 7. mgr. 113. gr.,

d) ef stofnunin er opinber þróunarlánastofnun, áhættuskuldbindingar sem stafa af eignum sem mynda kröfur á ríki, héraðsstjórnir, staðaryfirvöld eða opinbera aðila í tengslum við fjárfestingar opinbera geirans og stuðningslán,

e) ef stofnunin er ekki opinber þróunarlánastofnun, þeir hlutar áhættuskuldbindinga sem stafa af flutningi lána til annarra lánastofnana,

f) þá hluta áhættuskuldbindingar með ábyrgðum sem stafa af útflutningslánum sem uppfylla bæði eftirfarandi skilyrði:

i. ábyrgðina veitir hæfur veitandi ófjármagnaðrar útlánavarnar í samræmi við 201. og 202. gr. þ.m.t. útflutningslánastofnunum og ríkisstjórnum,

ii. 0% áhættuvog gildir um þann hluta áhættuskuldbindingarinnar sem er með ábyrgð í samræmi við 2. eða 4. mgr. 114. gr. eða 4. mgr. 116. gr.,

g) ef stofnunin er stöðustofnunaraðili fullgilds, miðlægs mótaðila, viðskiptastöður þeirrar stofnunar að því tilskildu að þær séu stöðustofnaðar hjá þeim fullgilda, miðlæga mótaðila og uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í c-lið 1. mgr. 306. gr.,

h) ef stofnunin er viðskiptavinur sem er hærra settur í stigskiptu skipulagi viðskiptavina, viðskiptastöður gagnvart stöðustofnunaraðila eða stofnun sem gegnir hlutverki hærra setts viðskiptavinar gagnvart þeirri stofnun, að því tilskildu að skilyrðin sem sett eru fram í 2. mgr. 305. gr. séu uppfyllt og að stofnunin sé ekki skyldug til að endurgreiða viðskiptavini sínum það tap sem hann verður fyrir komi til vanskila annaðhvort stöðustofnunaraðilans eða fullgilds, miðlægs mótaðila,

i) fjárvörslueignir sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

i. þær eru færðar á efnahagsreikning stofnunarinnar samkvæmt landsbundnum góðum reikningsskilavenjum í samræmi við 10. gr. tilskipunar 86/635/EBE,

ii. þær uppfylla skilyrði afskráningar sem sett eru fram í alþjóðlega reikningsskilastaðlinum, IFRS-staðli 9, eins og við á samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002,

iii. þær uppfylla skilyrði afskráningar sem sett eru fram í alþjóðlega reikningsskilastaðlinum, IFRS-staðli 10, eins og við á samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eftir atvikum,

j) áhættuskuldbindingar sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

i. þær eru áhættuskuldbindingar gagnvart opinberum aðila,

ii. þær eru meðhöndlaðar í samræmi við 4. mgr. 116. gr.,

iii. þær stafa af innstæðum sem stofnunin er lagalega skuldbundin til að yfirfæra til opinbers aðila, sem um getur í i. lið, í þeim tilgangi að fjármagna fjárfestingar í þágu almannahagsmuna,

k) umframtrygging sem lögð er fram hjá þríhliða umboðsmönnum sem hefur ekki verið lánuð út,

l) ef stofnun hefur samkvæmt viðeigandi reikningsskilaaðferð fært viðbótartryggingu sem greidd er í reiðufé til mótaðila sem móttekna eign, þá mótteknu eign að því tilskildu að skilyrðin sem sett eru fram í a- til e-lið 3. mgr. 429. gr. séu uppfyllt,

m) verðbréfaðar áhættuskuldbindingar sem leiðir af hefðbundnum verðbréfunum sem uppfylla skilyrðin fyrir umtalsverðri yfirfærslu áhættu sem sett er fram í 2. mgr. 244. gr.,

n) eftirfarandi áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabanka stofnunarinnar, sem stofnað var til eftir að undanþágan tók gildi og að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í 5. og 6. mgr.:

i. mynt og peningaseðlar sem eru lögmætir gjaldmiðlar í lögsögu seðlabankans,

ii. eignir sem eru kröfur á seðlabankann, þ.m.t. varaforða í vörslu seðlabankans,

o) þegar stofnunin hefur starfsleyfi í samræmi við 16. gr. og a-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, áhættuskuldbindingar stofnunarinnar vegna viðbótarbankaþjónustu sem tilgreind er í a-lið C-þáttar þeirrar reglugerðar sem tengist beint þeirri kjarna- eða viðbótarþjónustu sem tilgreind er í A- og B-þætti þess viðauka,

p) þegar stofnunin er tilnefnd í samræmi við b-lið 2. mgr. 54. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, áhættuskuldbindingar stofnunarinnar vegna viðbótarbankaþjónustu sem tilgreind er í a-lið C-þáttar í viðaukanum við þá reglugerð sem tengist beint kjarna- eða viðbótarþjónustu miðlægrar verðbréfamiðstöðvar, sem er með starfsleyfi í samræmi við 16. gr. þeirrar reglugerðar, og sem tilgreind er í A- og B-þætti þess viðauka.

Að því er varðar m-lið fyrstu undirgreinar skulu stofnanir telja með hvers konar áhættuskuldbindingar sem haldið er eftir í heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar.

2. Að því er varðar d- og e-lið 1. mgr. merkir „opinber þróunarlánastofnun“ lánastofnun sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

a) henni hefur verið komið á fót af ríkisstjórn aðildarríkis, héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi,

b) starfsemi hennar takmarkast við að greiða fyrir sértækum almennum markmiðum sem varða fjármál, félagsmál eða efnahagsmál í samræmi við lög og ákvæði sem gilda um þá stofnun, þ.m.t. samþykktir, án tillits til samkeppnissjónarmiða,

c) markmið hennar er ekki að hámarka hagnað eða markaðshlutdeild,

d) með fyrirvara um reglur Sambandsins um ríkisaðstoð þá ber ríkisstjórn, héraðsstjórn eða staðaryfirvöldum skylda til að vernda lífvænleika lánastofnunarinnar eða tryggja beint eða óbeint a.m.k. 90% af eiginfjárgrunnskröfum, fjármögnunarþörf eða veittum stuðningslánum lánastofnunarinnar,

e) hún tekur ekki tryggðar innstæður eins og skilgreint er í 5. lið 1 mgr. 2. gr. tilskipunar 2014/49/ESB eða landslögum til framkvæmdar þeirri tilskipun sem flokka má sem tímabundin innlán eða innlán inn á sparireikning eins og skilgreint er í a-lið 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB (*).

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar geta almenn samfélagsleg markmið tekið til veitingar á fjármögnun til tiltekinna atvinnuvega eða landsvæða í viðkomandi aðildarríki þeim til eflingar og í þróunarskyni.

Að því er varðar d- og e-lið 1. mgr. og með fyrirvara um reglur Sambandsins um ríkisaðstoð og skyldur aðildarríkjanna samkvæmt þeim mega lögbær yfirvöld, að beiðni stofnunar, meðhöndla einingar þeirrar stofnunar, sem eru rekstrarlega, skipulagslega og fjárhagslega óháðar og sjálfstæðar, sem opinbera þróunarlánastofnun, að því tilskildu að einingin uppfylli öll skilyrðin sem tilgreind eru í fyrstu undirgrein og að slík meðhöndlun hafi ekki áhrif á eftirlit með þeirri stofnun. Lögbær yfirvöld skulu án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni um allar ákvarðanir um að meðhöndla, með tilliti til þessarar undirgreinar, einingu stofnunar sem opinbera þróunarlánstofnun. Lögbæru yfirvöldin skulu endurskoða slíka ákvörðun árlega.

3. Að því er varðar d- og e-lið 1. mgr. og d-lið 2. mgr. merkja „stuðningslán“ lán sem veitt eru af opinberri þróunarlánastofnun eða einingu sem komið er á fót af ríkisstjórn aðildarríkis, héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi í aðildarríki, beint eða fyrir milligöngu lánastofnunar án tillits til samkeppni og hagnaðar til að greiða fyrir almennum markmiðum ríkisstjórnar aðildarríkis, héraðsstjórnar eða staðaryfirvalds í aðildarríki.

4. Stofnanir skulu ekki útiloka viðskiptastöðurnar sem um getur í g- og h-lið 1. mgr. þessarar greinar þegar skilyrðið sem sett er fram í þriðju undirgrein 5. mgr. 429. gr. er ekki uppfyllt.

5. Stofnanir geta undanskilið áhættuskuldbindingarnar sem taldar eru upp í n-lið 1. mgr. ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) lögbært yfirvald stofnunarinnar hefur ákveðið, að höfðu samráði við viðkomandi seðlabanka, og lýst því opinberlega yfir að sérstakar aðstæður ríki sem réttlæti að þær séu undanskildar til þess að auðvelda framkvæmd á peningamálastefnu,

b) undanþágan er veitt í takmarkaðan tíma sem er ekki lengri en eitt ár.

6. Áhættuskuldbindingar sem undanskildar eru skv. n-lið 1. mgr. skulu uppfylla bæði af eftirfarandi skilyrðum:

a) þær eru gefnar út í sama gjaldmiðli og innstæðurnar sem stofnun tekur við,

b) meðalbinditími þeirra er ekki umtalsvert lengri en meðalbinditími innstæðna sem stofnunin tekur við.

7. Þrátt fyrir d-lið 1. mgr. 92. gr. skal stofnun sem undanskilur áhættuskuldbindingarnar sem um getur í n-lið 1. mgr. þessarar greinar ávallt fullnægja eftirfarandi kröfu um aðlagað vogunarhlutfall á meðan undanþágan varir:

$$\mathrm{aLR} = 3\,\% \cdot \frac{\mathrm{EM_{LR}}}{\mathrm{EM_{LR}} - \mathrm{CB}}$$

þar sem:

aLR = aðlagaða vogunarhlutfallið,

EM_{LR} = heildarmælistærð áhættuskuldbindingar stofnunar eins og hún er skilgreind í 4. mgr. 429. gr., þ.m.t. áhættuskuldbindingar sem eru undanskildar í samræmi við n-lið 1. mgr. þessarar greinar, og

CB = fjárhæð áhættuskuldbindinga sem útilokaðar eru í samræmi við n-lið 1. mgr. þessarar greinar.

429. gr. b

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði eigna

1. Stofnanir skulu reikna áhættuskuldbindingarvirði eigna, að undanskildum samningum sem taldir eru upp í II. viðauka og stöðunum sem um getur í 429. gr. e, í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a) áhættuskuldbindingarvirði eigna merkir virði áhættuskuldbindingar í samræmi við fyrsta málslið 1. mgr. 111. gr.,

b) fjármögnunarviðskipti með verðbréf skulu ekki jöfnuð.

2. Fyrirkomulag samnýtingar reiðufjár sem stofnun býður upp á brýtur ekki í bága við skilyrðið sem sett er fram í b-lið 7. mgr. 429. gr. svo fremi sem fyrirkomulagið uppfylli bæði eftirfarandi skilyrði:

a) stofnunin sem gefur kost á samnýtingarfyrirkomulagi reiðufjár flytur kredit- og debetstöður margra einstakra reikninga eininga í samstæðunni sem taka þátt í fyrirkomulaginu („upprunalegir reikningar“) yfir í einn reikning og fastsetur þar með stöðurnar í upphaflegu reikningunum við núll,

b) stofnanirnar framkvæma aðgerðirnar sem um getur í a-lið þessarar undirgreinar daglega.

Að því er varðar þessa málsgrein og 3. mgr. merkir „samnýtingarfyrirkomulag reiðufjár“ fyrirkomulag þar sem kredit- og debetstöður margra einstakra reikninga eru sameinaðar með stýringu reiðufjár eða lauss fjár í huga.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar brýtur samnýtingarfyrirkomulag reiðufjár, sem uppfyllir ekki skilyrðið sem sett er fram í b-lið þessarar málsgreinar heldur skilyrðið sem sett er fram í a-lið hennar, ekki gegn skilyrðinu sem sett er fram í b-lið 7. mgr. 429 gr., að því tilskildu að fyrirkomulagið uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

a) stofnunin hafi lagalega framfylgjanlegan rétt til að jafna stöður í upphaflegu reikningunum með flutningi yfir í einn reikning á einhverjum tímapunkti,

b) ekkert misræmi sé á binditíma milli staðnanna í upphaflegu reikningunum,

c) stofnunin leggi á eða greiði vexti sem grundvallast á sameinuðu stöðunni í upphaflegu reikningunum,

d) lögbært yfirvald stofnunarinnar meti hvort flutningstíðni staðna í öllum upphaflegu reikningunum sé hæfileg þannig að eingöngu sameinuðu stöðurnar séu teknar með í samnýtingarfyrirkomulagi reiðufjár í heildarmælistærð áhættu-skuldbindingar.

4. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. mega stofnanir eingöngu reikna út virði áhættuskuldbindingar af viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum í reiðufé í tengslum við fjármögnunarviðskipti með verðbréf við sama mótaðila á hreinum grunni ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) viðskiptin hafi sama tiltekna lokauppgjörsdag,

b) rétturinn til að jafna saman fjárhæðinni sem skulduð er mótaðilanum með fjárhæðinni sem mótaðilinn skuldar er framfylgjanlegur samkvæmt lögum í venjubundnum viðskiptum og komi til vanskila, ógjaldfærni og gjaldþrots,

c) mótaðilarnir hafi í hyggju að jafna saman, gera upp samtímis, eða að viðskiptin falli undir uppgjörsfyrirkomulag sem hefur í för með sér virkt ígildi uppgjörs á hreinum grunni.

5. Að því er varðar c-lið 4. mgr. mega stofnanir eingöngu líta svo á að uppgjörsfyrirkomulag leiði til virks ígildis uppgjörs á hreinum grunni ef hrein niðurstaða sjóðstreymis viðskiptanna samkvæmt því fyrirkomulagi er á greiðsludeginum jafngild einstöku hreinu fjárhæðinni við uppgjör á hreinum grunni og að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) viðskiptin séu gerð upp í sama uppgjörskerfi eða uppgjörskerfum sem nota sameiginlega uppgjörsinnviði,

b) uppgjörsfyrirkomulagið sé stutt reiðufé eða lánafyrirgreiðslum innan dags sem ætlað er að tryggja að uppgjör viðskiptanna muni fara fram í lok hvers virks dags,

c) hvers konar vandamál sem stafa af verðbréfahluta fjármögnunarviðskipta með verðbréf hafi ekki áhrif á lúkningu uppgjörs á hreinum grunni á viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum í reiðufé.

Skilyrðið sem sett er fram í c-lið fyrstu undirgreinar er eingöngu uppfyllt þegar vanræksla á framkvæmd fjármögnunarviðskipta með verðbréf í uppgjörsfyrirkomulaginu kann að tefja uppgjör í þeim samsvarandi hluta reiðufjár eingöngu eða hafa í för með sér skyldu gagnvart uppgjörsfyrirkomulaginu sem stutt er tengdri lánafyrirgreiðslu.

Ef verðbréfahlutinn í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf í uppgjörsfyrirkomulaginu hefur ekki verið afgreiddur í lok uppgjörsfrestsins skulu stofnanir aðskilja þessi viðskipti og samsvarandi hluta í reiðufé frá jöfnunarsafninu og meðhöndla á vergum grunni.

429. gr. c

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði afleiðna

1. Stofnanir skulu reikna út áhættuskuldbindingarvirði samninga sem tilgreindir eru í II. viðauka og lánaafleiðna, að meðtöldum þeim sem eru utan efnahagsreiknings, í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 3. þætti 6. hluta II. bálks í þriðja hluta.

Við útreikning á virði áhættuskuldbindingar mega stofnanir taka tillit til áhrifanna af samningum fyrir skuldskeytingu og öðrum skuldajöfnunarsamningum í samræmi við 295. gr. Stofnanir skulu ekki taka tillit til skuldajöfnunar milli afurða en mega skuldajafna innan afurðaflokksins sem um getur í c-lið 25. liðar 272. gr. og lánaafleiðna þegar þær falla undir samningsbundinn skuldajöfnunarsamning milli afurða eins og um getur í c-lið 295. gr.

Stofnanir skulu telja selda valrétti með í heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar jafnvel þótt hægt sé að miða virði áhættuskuldbindingar þeirra við núll í samræmi við meðferðina sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 274. gr.

2. Þegar tryggingarákvæðið sem tengist afleiðusamningum lækkar fjárhæð eigna samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð skulu stofnanir snúa þeirri lækkun við.

3. Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar mega stofnanir sem reikna endurnýjunarkostnað afleiðusamninga í samræmi við 275. gr. eingöngu færa tryggingar sem tekið er við í reiðufé frá mótaðilum þeirra sem viðbótartryggingu sem um getur í 275. gr. þegar viðeigandi reikningsskilaumgjörð hefur ekki þegar viðurkennt viðbótartrygginguna sem lækkun á virði áhættuskuldbindingarinnar og ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) reiðufénu sem mótaðilinn móttekur er ekki haldið aðskildu, að því er varðar viðskipti sem ekki eru stöðustofnuð fyrir milligöngu fullgilds, miðlægs mótaðila,

b) viðbótartryggingin er reiknuð og henni skipt út a.m.k. daglega á grundvelli mats á markaðsvirði afleiðustaðna,

c) móttekin viðbótartrygging er í gjaldmiðli sem tilgreindur er í afleiðusamningnum, gildandi rammasamningi um jöfnun eða viðauka um lánastuðning (e. credit support annex) við hinn samþykkta rammasamning um jöfnun við fullgildan, miðlægan mótaðila,

d) móttekna viðbótartryggingin er heildarfjárhæðin sem nauðsynleg væri til að útrýma áhættunni sem grundvallast á matinu á markaðsvirði afleiðusamningsins með fyrirvara um viðmiðunar- og lágmarksfjárhæðir millifærslu sem eiga við um mótaðilann,

e) afleiðusamningurinn og viðbótartryggingin milli stofnunarinnar og mótaðilans að þeim samningi falla undir stakan jöfnunarsamning sem stofnunin má líta svo á að dragi úr áhættu, í samræmi við 295. gr.

Þegar stofnun lætur mótaðila í té tryggingu í reiðufé og sú trygging uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í a- til e-lið fyrstu undirgreinar skal stofnunin líta á þá tryggingu sem viðbótartryggingu sem lögð er fram hjá mótaðilanum og skal hún felld inn í útreikninginn á endurnýjunarkostnaðinum.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar telst stofnun hafa uppfyllt skilyrðin sem þar eru sett fram þegar viðbótartryggingunni er skipt að morgni þess viðskiptadags sem fer á eftir þeim viðskiptadegi þegar gengið var frá afleiðusamningnum, að því tilskildu að skiptin séu grundvölluð á virði samningsins í lok viðskiptadagsins þegar gengið var frá samningnum.

Að því er varðar d-lið fyrstu undirgreinar má stofnun viðurkenna fjárhæð óumdeildrar tryggingar sem skipst hefur verið á.

4. Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir ekki telja með móttekna tryggingu í útreikningnum á hreinum óháðum tryggingarfjárhæðum (e. *net independent collateral amount* (NICA)) nema þegar um er að ræða afleiðusamninga við viðskiptavini þegar þessir samningar eru stöðustofnaðir af fullgildum, miðlægum mótaðilum.

5. Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir miða virði margfaldarans sem er notaður við útreikninginn á mögulegri framtíðaráhættu í samræmi við 1. mgr. 278. gr. nema þegar um er að ræða afleiðusamninga við viðskiptavini þegar þessir samningar eru stöðustofnaðir af fullgildum, miðlægum mótaðilum.

6. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar mega stofnanir nota aðferðina, sem sett er fram í 4. eða 5. þætti 6. kafla II. bálks í þriðja hluta til að ákvarða virði áhættuskuldbindingar samninga sem taldir eru upp í 1. og 2. lið II. viðauka, en eingöngu ef þær nota þá aðferð einnig til að ákvarða áhættuskuldbindingarvirði þessara samninga í þeim tilgangi að uppfylla kröfuna vegna eiginfjárgrunns sem sett er fram í 92. gr.

Þegar stofnanir nota eina aðferðina sem um getur í fyrstu undirgrein skulu þær ekki lækka heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar með fjárhæð þess tryggingarfjár sem þær hafa móttekið.

429. gr. d

Viðbótarákvæði um útreikning á áhættuskuldbindingarvirði seldra lánaafleiðna

1. Að því er varðar þessa grein merkir „seld lánaafleiða“ alla fjármálagerninga sem stofnunin notar til að veita raunverulega útlánavörn þ.m.t. skuldatryggingar, heildarskiptasamningar og valréttir þegar stofnuninni er skylt að veita útlánavörn samkvæmt skilyrðum sem tilgreind eru í valréttarsamningnum.

2. Til viðbótar við útreikninginn sem mælt er fyrir um í 429. gr. c skulu stofnanir taka með við útreikninginn á áhættuskuldbindingarvirði seldra lánaafleiða þær raunverulegu grundvallarfjárhæðir sem vísað er til í seldu lánaafleiðunum, að frádreginni sérhverri breytingu á neikvæðu gangvirði sem hefur verið fellt inn í eiginfjárþátt 1 að því er varðar þessar seldu lánaafleiður.

Stofnanir skulu reikna raunverulega grundvallarfjárhæð seldra lánaafleiðna með því að aðlaga grundvallarfjárhæð þessara afleiðna þannig að þær endurspegli raunverulega áhættu samninganna sem vogaðir eru eða á annan hátt styrktir með fyrirkomulagi viðskiptanna.

3. Stofnanir mega lækka til fulls eða að hluta áhættuskuldbindingarvirðið sem reiknað er í samræmi við 2. mgr. um raunverulega grundvallarfjárhæð keyptra lánaafleiðna, að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) eftirstöðvatími keyptu lánaafleiðunnar er jafn eða lengri en eftirstöðvatími seldu lánaafleiðunnar,

b) lánaafleiðan sem keypt er fellur annars undir sömu eða íhaldssamari efnislega skilmála en þá sem gilda um samsvarandi seldar lánaafleiður,

c) keypt lánaafleiða er ekki keypt af mótaðila sem myndi útsetja stofnunina fyrir sérstakri fylgniáhættu eins og skilgreint er í b-lið 1. mgr. 291. gr.,

d) þegar raunveruleg grundvallarfjárhæð seldrar lánaafleiðu er lækkuð sem nemur neikvæðri breytingu á gangvirði sem felld er inn í eiginfjárþátt 1 hjá stofnuninni er raunveruleg grundvallarfjárhæð keyptrar lánaafleiðu lækkuð sem nemur jákvæðri breytingu á því gangvirði sem hefur verið felld inn í eiginfjárþátt 1,

e) keypt lánaafleiða er ekki felld inn í viðskipti sem hafa verið stöðustofnuð af stofnuninni fyrir hönd viðskiptavinar eða stöðustofnuð af stofnuninni í hlutverki sínu sem viðskiptavinur á hærra stigi í viðskiptavinafyrirkomulagi á mörgum stigum og þar sem raunveruleg grundvallarfjárhæð, sem samsvarandi seld lánaafleiða tengist, er útilokuð frá heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar í samræmi við g- eða h-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 429. gr. a, eftir því sem við á.

Að því er varðar útreikning á mögulegri framtíðaráhættu í samræmi við 1. mgr. 429. gr. c mega stofnanir útiloka frá jöfnunarsafninu þann hluta seldrar lánaafleiðu sem ekki er jöfnuð í samræmi við fyrstu undirgrein þessarar greinar og þar sem raunveruleg grundvallarfjárhæð er felld inn í heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar.

4. Að því er varðar b-lið 3. mgr. merkir „efnislegur skilmáli“ hvers konar einkenni lánaafleiðu sem skiptir máli fyrir mat á henni, þ.m.t. undirskipunarstig, verð valréttar, lánaatburður, undirliggjandi tilgreindur aðili eða samsteypa stofnana, og undirliggjandi tilgreindar skyldur eða safn þeirra, að grundvallarfjárhæð og eftirstöðvatíma lánaafleiðunnar undanskildum. Tvö tilvísunarnöfn skulu aðeins vera eins þegar þau vísa til sama lögaðilans.

5. Þrátt fyrir b-lið 3. mgr. mega stofnanir nota keyptar lánaafleiður á safn tilvísunarnafna til að jafna seldar lánaafleiður á stök tilvísunarnöfn í því safni þegar safn tilgreindra aðila og undirskipunarstigið í báðum viðskiptum er hið sama.

6. Stofnanir skulu ekki lækka hina raunverulegu grundvallarfjárhæð seldu lánaafleiðunnar þegar þær kaupa útlánavörn í gegnum heildarskiptasamning og skrá hreinar mótteknar greiðslur sem hreinar tekjur, en skrá ekki neina rýrnun á virði hinnar seldu lánaafleiðu sem endurspeglast í eiginfjárþætti 1.

7. Þegar um er að ræða keyptar lánaafleiður á safn tilgreindra skyldna mega stofnanir ekki lækka raunverulega grundvallarfjárhæð seldra lánaafleiðna á stakar tilgreindar skyldur um það sem nemur raunverulegri grundvallarfjárhæð keyptra lánaafleiðna í samræmi við 3. mgr. nema ef keypta vörnin jafngildi fjárhagslega því að kaupa aðskilda vörn á hverja einstaka skyldu í safninu.

429. gr. e

Viðbót við útlánaáhættu mótaðila vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf

1. Auk útreikningsins á virði áhættuskuldbindingar í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, þ.m.t. þeim sem eru utan efnahagsreiknings í samræmi við 1. mgr. 429. gr. b, skulu stofnanir fella inn í heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar viðbót fyrir útlánaáhættu mótaðila sem reiknuð er í samræmi við 2. eða 3. mgr. þessarar greinar, eftir því sem við á.

2. Stofnanir skulu reikna viðbótina vegna viðskipta við mótaðila sem ekki falla undir rammasamning um jöfnun sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 206. gr. í hverjum viðskiptum fyrir sig í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$E_i^* = \max\{0, E_i - C_i\}$$

þar sem:

E_i^* = viðbótin,

i = stuðullinn sem táknar viðskiptin,

E_i = gangvirði verðbréfa eða reiðufé sem lánað er mótaðilanum í tengslum við viðskipti i og

C_i = gangvirði verðbréfa eða reiðufé sem móttekið er frá mótaðilanum í tengslum við viðskipti i.

Stofnanir mega fastsetja E_i^* við núll ef E_i er reiðuféð sem lánað er mótaðilanum og tengt móttekið reiðufé er ekki hæft til skuldajöfnunar sem kveðið er á um í 4. mgr. 429. gr. b.

3. Stofnanir skulu reikna viðbótina vegna viðskipta við mótaðila sem falla undir rammasamning um jöfnun sem uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 206. gr. í hverjum samningi fyrir sig í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$E_i^* = \max\left\{0, \sum_i E_i - \sum_i C_i\right\}$$

þar sem:

E_i^* = viðbótin,

i = stuðullinn sem táknar jöfnunarsamninginn,

E_i = gangvirði verðbréfa eða reiðufjár sem lánað er mótaðilanum í tengslum við viðskiptin sem falla undir rammasamning um jöfnun i og

C_i = gangvirði verðbréfa eða reiðufé sem móttekið er frá mótaðilanum sem falla undir rammasamning um jöfnun i.

4. Að því er varðar 2. og 3. gr. tekur hugtakið „mótaðili“ einnig til þríhliða umboðsmanna sem taka við tryggingu í vörslu og stýra tryggingunni þegar um er að ræða þríhliða viðskipti.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar mega stofnanir nota aðferðina sem sett er fram í 222. gr., með fyrirvara um 20% neðri mörk fyrir gildandi áhættuvog, til að ákvarða viðbótina fyrir verðbréf, fjármögnunarviðskipti með verðbréf, þ.m.t. þau sem eru utan efnahagsreiknings. Stofnanir mega eingöngu nota þessa aðferð þegar þær nota hana einnig til að reikna virði áhættuskuldbindingar þessara viðskipta í þeim tilgangi að uppfylla kröfurnar vegna eiginfjárgrunns eins og sett er fram í a-, b- og c-lið 1. mgr. 92. gr.

6. Þegar reikningsskil vegna sölu eru gerð fyrir endurhverf viðskipti, samkvæmt viðeigandi reikningsskilaumgjörð, skal stofnun snúa við öllum sölutengdum reikningsskilafærslum.

7. Þegar stofnun kemur fram sem umboðsaðili fyrir tvo aðila í endurhverfum viðskiptum, lánveitingum, þ.m.t. þeim sem eru utan efnahagsreiknings, skal eftirfarandi eiga við um útreikninginn á heildarmælistærð áhættuskuldbindingar:

a) þegar stofnunin lætur viðskiptavini eða mótaðila í té bætur eða ábyrgð í tengslum við fjármögnunarviðskipti með verðbréf og bæturnar eða tryggingin takmarkast við mismuninn á virði verðbréfsins eða reiðufjárupphæðarinnar sem viðskiptavinur hefur lánað og virði tryggingarinnar sem lántakinn hefur látið í té, skal hún eingöngu taka með viðbótina sem reiknuð er í samræmi við 2. eða 3. mgr., eftir því sem við á, í heildarmælistærð áhættuskuld-bindingarinnar,

b) þegar stofnunin lætur ekki neinum hinna hlutaðeigandi aðila í té bætur eða ábyrgð skulu viðskiptin ekki tekin með í heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar,

c) þegar stofnunin er fjárhagslega útsett gagnvart undirliggjandi verðbréfi eða reiðufé í viðskiptunum, umfram áhættuskuldbindinguna sem viðbótin nær yfir, skal hún einnig taka með í heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar þá fjárhæð verðbréfsins eða reiðufjárins sem felur í sér þá áhættu sem að henni snýr,

d) þegar stofnun sem kemur fram sem umboðsaðili lætur báðum aðilum sem standa að fjármögnunarviðskiptum með verðbréf í té bætur eða ábyrgð skal hún reikna heildarmælistærð áhættuskuldbindingar sinnar í samræmi við a-, b- og c- lið sérstaklega fyrir báða aðila sem taka þátt í viðskiptunum.

429. gr. f

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði liða utan efnahagsreiknings

1. Stofnanir skulu reikna út áhættuskuldbindingarvirði liða utan efnahagsreiknings, í samræmi við 1. mgr. 111. gr. að undanskildum afleiðusamningum sem tilgreindir eru í II. viðauka, lánaafleiðum, fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og stöðum sem um getur í 429. gr. d.

Ef skuldbinding tengist framlengingu á annarri skuldbindingu gildir 9. mgr. 166. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. mega stofnanir lækka samsvarandi fjárhæð lánaáhættu utan efnahagsreiknings um samsvarandi fjárhæð sértækrar aðlögunar á útlánaáhættu. Útreikningurinn má ekki fara niður fyrir lágmarkið núll.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir nota 10% breytistuðul gagnvart liðum utan efnahagsreiknings með litla áhættu.

429. gr. g

Útreikningur á áhættuskuldbindingarvirði reglubundinna kaupa og sölu sem bíða uppgjörs

1. Stofnanir skulu fara með reiðufé sem tengist reglubundinni sölu og verðbréf sem tengjast reglubundnum kaupum sem halda áfram að vera á efnahagsreikningnum til uppgjörsdags eins og eignir í samræmi við a-lið 4. mgr. 429. gr.

2. Stofnanir sem, í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð, beita reikningshaldi sem miðast við viðskiptadag á reglubundin kaup og sölu sem bíða uppgjörs skulu snúa við jöfnun viðskiptakrafna í reiðufé vegna reglubundinnar sölu sem bíður uppgjörs og viðskiptaskulda í reiðufé vegna reglubundinna kaupa sem bíða uppgjörs sem leyfð eru samkvæmt þeirri reikningskilaumgjörð. Þegar stofnanir hafa snúið við reikningshaldslegu jöfnuninni mega þær jafna saman þessum viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum í reiðufé ef tengd reglubundin sala og kaup eru bæði gerð upp á grunni afhendingar gegn greiðslu.

3. Stofnanir sem í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð nota reikningshald sem miðast við uppgjörsdag á reglubundin kaup og sölu sem bíða uppgjörs skulu telja fullt nafnverð greiðsluskuldbindinga sem tengjast reglubundnum kaupum með í heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar.

Stofnanir geta einungis jafnað fullu nafnverði greiðsluskuldbindinga tengdum reglubundnum kaupum með fullu nafnverði viðskiptakrafna í reiðufé sem tengjast reglubundnum sölum sem bíða uppgjörs að báðum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) bæði reglubundnu kaupin og salan eru gerð upp á grunni afhendingar gegn greiðslu,

b) fjáreignir sem eru keyptar og seldar sem eru tengdar við viðskiptaskuldir og viðskiptakröfur í reiðufé eru metnar á gangvirði í gegnum hagnað eða tap og eru í veltubók stofnunarinnar.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánssamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 87/102/EBE (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66.)“

118) Eftirfarandi hluti bætist við á eftir 429. gr. g:

„SJÖUNDI HLUTI A

KRÖFUR UM SKÝRSLUGJÖF

430. gr.

Skýrslugjöf um varfærniskröfur og fjárhagsupplýsingar

1. Stofnanir skulu gefa lögbærum yfirvöldum sínum skýrslu um:

a) kröfur vegna eiginfjárgrunns, þ.m.t. vogunarhlutfallið eins og sett er fram í 92. gr. og sjöunda hluta,

b) kröfurnar sem mælt er fyrir um í 92. gr. a og 92. gr. b að því er varðar stofnanir sem falla undir þessar kröfur,

c) stórar áhættuskuldbindingar eins og kveðið er á um í 394. gr.,

d) lausafjárkröfur eins og kveðið er á um í 415. gr.,

e) samantekin gögn fyrir sérhvern landsbundinn fasteignamarkað eins og kveðið er á um í 1. mgr. 430. gr. a,

f) kröfurnar og leiðbeiningarnar sem kveðið er á um í tilskipun 2013/36/ESB sem teljast hæfar fyrir staðlaða skýrslugjöf, nema að því er varðar hvers konar auknar kröfur um skýrslugjöf sem settar eru fram í j-lið 104. gr. þeirrar tilskipunar,

g) hversu miklar kvaðir eru á eignum, þ.m.t. sundurliðun eftir tegund eignakvaða, s.s. endurhverf verðbréfakaup, verðbréfalánveiting, verðbréfaðar áhættuskuldbindingar eða lán.

Stofnanir sem eru undanþegnar skv. 5. mgr. 6. gr. skulu ekki falla undir skýrslugjafarkröfur varðandi vogunarhlutfallið sem kveðið er á um í a-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar á einingargrunni.

2. Til viðbótar við skýrslugjöf um vogunarhlutfallið sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. og til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að fylgjast með flökti á vogunarhlutfallinu, einkum í kringum viðmiðunardagsetningar skýrslugjafar, skulu stórar stofnanir skýra lögbærum yfirvöldum sínum frá tilteknum þáttum vogunarhlutfallsins sem grundvallast á meðaltölum á gagnaskilatímabilinu og gögnum sem notuð eru til að reikna út þessi meðaltöl.

3. Til viðbótar við skýrslugjöf um varfærniskröfur sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir veita lögbærum yfirvöldum fjárhagsupplýsingar ef þær eru:

a) stofnun sem fellur undir 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002,

b) lánastofnun sem gerir samstæðureikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla skv. b-lið 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

4. Lögbær yfirvöld mega krefjast þess að lánastofnanir sem ákvarða eiginfjárgrunn sinn á samstæðugrundvelli í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla skv. 2. mgr. 24. gr. veiti fjárhagsupplýsingar í samræmi við þessa grein.

5. Fjárhagsupplýsingarnar sem um getur í 3. og 4. mgr. skulu aðeins taka til upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að gefa heildstæða mynd af áhættusniði starfsemi stofnunarinnar og þeirri kerfisáhættu sem stofnanir valda í fjármála-geiranum eða raunhagkerfinu eins og sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 1093/2010.

6. Skýrslugjafarkröfunum sem mælt er fyrir um í þessari grein skal beitt gagnvart stofnunum á þann hátt að meðalhófs sé gætt að teknu tilliti til skýrslunnar sem um getur í 8. gr. og með hliðsjón af stærð, flækjustigi og eðli starfsemi þeirra og hversu mikil áhætta fylgir henni.

7. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina stöðluðu skýrslugjafarsniðin og -sniðmátin, leiðbeiningar um og aðferðir við notkun þessara sniða, tíðni og dagsetningar skýrslugjafar, skilgreiningar og upplýsingatæknilausnir, að því er varðar skýrslugjöfina sem mælt er fyrir um í 1. til 4. mgr.

Nýjar skýrslugjafarkröfur sem settar eru fram í slíkum tæknilegum framkvæmdarstöðlum koma ekki til framkvæmdar fyrr en sex mánuðum eftir gildistökudag þeirra.

Að því er varðar 2. gr. skulu tæknilegu framkvæmdarstaðlarnir tilgreina hvaða þætti vogunarhlutfallsins skal tilkynna með því að nota virði í lok dags eða lok mánaðar. Í þessu skyni skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin taka tillit til hvors tveggja eftirfarandi:

a) hversu næmur þátturinn er fyrir verulegum tímabundnum skerðingum á viðskiptamagni sem myndi leiða til þess að hættan á of mikilli vogun kæmi ekki nægilega vel fram á viðmiðunardagsetningu skýrslugjafar,

b) þróunar og niðurstaðna á alþjóðavettvangi.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja fram fyrir framkvæmdastjórnina drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í þessari málsgrein eigi síðar en 28. júní 2021, nema þegar um er að ræða:

a) vogunarhlutfallið sem skal lagt fram eigi síðar en 28. júní 2020.

b) skyldurnar sem mælt er fyrir um í 92. gr. a og b sem leggja skal fram eigi síðar en 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

8. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal meta kostnaðinn og ávinninginn af skýrslugjafarkröfunum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 680/2014 (*) í samræmi við þessa málsgrein og skýra framkvæmdastjórninni frá niðurstöðum sínum eigi síðar en 28. júní 2020. Þetta mat skal framkvæmt sérstaklega í tengslum við litlar og einfaldar stofnanir. Í þessu skyni skal í skýrslunni:

a) flokka stofnanir í flokka sem byggjast á stærð þeirra, flækjustigi og eðli og áhættustigi starfsemi þeirra,

b) meta skýrslugjafarkostnaðinn sem fellur til fyrir hvern flokk stofnana á viðkomandi tímabili til þess að fullnægja skýrslugjafarkröfunum sem settar eru fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014 að teknu tilliti til eftirfarandi meginreglna:

   i. skýrslugjafarkostnaðurinn skal mældur sem hlutfallið milli skýrslugjafarkostnaðarins og heildarkostnaðar stofnunarinnar á viðkomandi tímabili,

   ii. skýrslugjafarkostnaðurinn skal ná yfir öll útgjöld sem tengjast framkvæmd og rekstri á viðvarandi grundvelli á skýrslugjafarkerfum, þ.m.t. útgjöld vegna starfsfólks, upplýsingatæknikerfa, lögfræðiþjónustu, reikningshalds, reikningsskila og ráðgjafarþjónustu,

   iii. viðkomandi tímabil skal vísa til þeirra árstímabila þegar stofnanir stóðu undir kostnaði af skýrslugjöf til að undirbúa framkvæmd skýrslugjafarkrafnanna sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 680/2014 og til að halda áfram rekstri skýrslugjafarkerfanna á viðvarandi grundvelli,

c) meta hvort skýrslugjafarkostnaðurinn sem fellur til vegna hvers flokks stofnana hafi verið í réttu hlutfalli við þann ávinning sem fékkst af skýrslugjafarkröfunum að því er varðar varfærnieftirlit,

d) meta áhrifin af minni kröfum um skýrslugjöf varðandi kostnað og skilvirkni eftirlits og

e) semja tilmæli um hvernig draga má úr skýrslugjafarkröfum, a.m.k. fyrir litlar og einfaldar stofnanir; með það í huga skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin miða að a.m.k. áætlaðri 10% lækkun meðalkostnaðar en helst 20% kostnaðarlækkun. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal einkum meta hvort:

   i. veita megi litlum og einföldum stofnunum undanþágu frá skýrslugjafarkröfunum sem um getur í g-lið 1. mgr. ef kvaðir á eignum voru undir tilteknum mörkum,

   ii. hvort draga má úr tíðni skýrslugjafar, sem gerð er krafa um í samræmi við a-, c- og g-lið 1. mgr., hjá litlum og einföldum stofnunum.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal láta drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur í 7. mgr. fylgja þessari skýrslu.

9. Lögbær yfirvöld skulu hafa samráð við Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um hvort stofnanir, aðrar en þær sem um getur í 3. og 4. mgr., þurfi að veita fjárhagsupplýsingar á samstæðugrunni í samræmi við 3. mgr., að því tilskildu að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) viðkomandi stofnanir séu ekki nú þegar að veita skýrslur á samstæðugrunni,

b) viðkomandi stofnanir heyra undir reikningsskilaumgjörð í samræmi við tilskipun 86/635/EBE,

c) reikningsskil séu talin nauðsynleg til að fá heildaryfirsýn yfir áhættusnið starfsemi þessara stofnana og kerfisáhættuna sem fjármálageiranum eða raunhagkerfinu stafar af henni eins og sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 1093/2010.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina sniðin og sniðmátin sem stofnanirnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu nota í þeim tilgangi sem þar er kveðið á um.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana, sem um getur í annarri undirgrein, í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

10. Telji lögbært yfirvald upplýsingar sem ekki falla undir tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í 7. mgr. nauðsynlegar í þeim tilgangi sem um getur í 5. mgr. skal það tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni og Evrópska kerfisáhætturáðinu um viðbótarupplýsingar sem það telur nauðsynlegt að fram komi í tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem um getur þeirri málsgrein.

11. Lögbær yfirvöld mega veita undanþágu frá kröfunni um að leggja fram einhverja þá gagnapunkta sem um getur í skýrslugjafarsniðmátunum sem tilgreind eru í tæknilegu framkvæmdarstöðlunum þegar þessir gagnapunktar skarast. Í þessu tilliti skulu þessir gagnapunktar sem skarast merkja hvers konar gagnapunkta sem þegar eru aðgengilegir lögbærum yfirvöldum með öðrum hætti en með því að safna saman þessum skýrslugjafarsniðum, þ.m.t. þegar þessir gagnapunktar fást úr gögnum sem þegar eru aðgengileg lögbærum yfirvöldum á mismunandi sniðmátum eða eru misjafnlega nákvæm, lögbær yfirvöld mega eingöngu veita undanþágurnar sem um getur í þessari málsgrein ef gögn sem tekið er við, safnað eða sameinuð með öðrum aðferðum eru þau sömu og þessir gagnapunktar sem á annan hátt hefði verið tilkynnt um í samræmi við viðkomandi tæknilega framkvæmdarstaðla.

Lögbær yfirvöld, skilastjórnvöld og tilnefnd yfirvöld skulu skiptast á gögnum þegar því verður við komið til að draga úr skýrslugjafarkröfum. Ákvæðin um upplýsingaskiptin og þagnarskyldu sem mælt er fyrir um í II. þætti I. kafla VII bálks í tilskipun 2013/36/ESB gilda.

430. gr. a

Sérstakar skýrslugjafarskyldur

1. Stofnanir skulu á hverju ári gefa lögbærum yfirvöldum sínum skýrslu um eftirtalin samantekin gögn fyrir hvern landsbundinn fasteignamarkað þar sem þær eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta:

a) tap vegna áhættuskuldbindinga þar sem stofnun hefur viðurkennt íbúðarhúsnæði sem veð, allt að þeirri fjárhæð sem er lægri af fjárhæð veðsetts hluta og 80% af markaðsvirði eða 80% af veðlánsvirði, nema annað sé ákveðið skv. 2. mgr. 124. gr.,

b) heildartap vegna áhættuskuldbindinga þar sem stofnun hefur viðurkennt íbúðarhúsnæði sem veð, allt að þeim hluta áhættuskuldbindingarinnar sem álitinn er tryggður að fullu með íbúðarhúsnæði í samræmi við 1. mgr. 124. gr.,

c) áhættuskuldbindingarvirði allra útistandandi áhættuskuldbindinga þar sem stofnun hefur viðurkennt íbúðarhúsnæði sem veð, takmarkað við þann hluta sem álitinn er tryggður að fullu með íbúðarhúsnæði í samræmi við 1. mgr. 124. gr.,

d) tap vegna áhættuskuldbindinga þar sem stofnun hefur viðurkennt viðskiptahúsnæði sem veð, allt að þeirri fjárhæð sem er lægri af fjárhæð veðsetts hluta og 50% af markaðsvirði eða 60% af veðlánsvirði, nema annað sé ákveðið skv. 2. mgr. 124. gr.,

e) heildartap vegna áhættuskuldbindinga þar sem stofnun hefur viðurkennt viðskiptahúsnæði sem veð, allt að þeim hluta áhættuskuldbindingarinnar sem álitinn er tryggður að fullu með viðskiptahúsnæði í samræmi við 1. mgr. 124. gr.,

f) áhættuskuldbindingarvirði allra útistandandi áhættuskuldbindinga þar sem stofnun hefur viðurkennt viðskipta-húsnæði sem veð, takmarkað við þann hluta sem álitinn er tryggður að fullu með viðskiptahúsnæði í samræmi við 1. mgr. 124. gr.

2. Gefa skal lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki viðkomandi stofnunar skýrslu um þau gögn sem um getur í 1. mgr. Hafi stofnun útibú í öðru aðildarríki skal einnig gefa lögbærum yfirvöldum í gistiaðildarríkinu skýrslu um gögn er varða það útibú. Gefa skal sérstaka skýrslu um gögn fyrir hvern fasteignamarkað innan Sambandsins þar sem viðkomandi stofnun hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta.

3. Lögbær yfirvöld skulu á hverju ári birta samantekt yfir þau gögn, sem tilgreind eru í a- til f-lið 1. mgr., ásamt sögulegum gögnum ef þau liggja fyrir. Lögbært yfirvald skal, að beiðni annars lögbærs yfirvalds í aðildarríki eða Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar, láta því eða henni í té ítarlegri upplýsingar um aðstæður á fasteignamarkaði fyrir íbúðarhúsnæði eða viðskiptahúsnæði í því aðildarríki.

430. gr. b

Sértækar skýrslugjafarkröfur að því er varðar markaðsáhættu

1. Frá þeim degi þegar framselda gerðin sem um getur í 461. gr. a kemur til framkvæmda skulu stofnanir sem ekki uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 94. gr. né skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr. 325. gr. a gefa skýrslu um allar stöður sínar í veltubók og allar stöður sínar í fjárfestingarbók sem útsettar eru fyrir gjaldmiðla- eða hrávöruáhættu, með því að nota óhefðbundnu staðalaðferðina sem sett er fram í kafla 1 a í IV. bálki þriðja hluta á sama grunni og slíkar stofnanir gefa skýrslu um skyldurnar sem mælt er fyrir um í i-lið b-liðar og c-lið 3. mgr. 92. gr.

2. Stofnanir sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu skýra sérstaklega frá útreikningunum sem settir eru fram í a-, b- og c-lið 2. mgr. 325. gr. c vegna eignasafns allra staðna í veltubók eða fjárfestingarbók sem útsettar eru fyrir gjaldmiðla- og hrávöruáhættu.

3. Til viðbótar við kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir frá lokum þriggja ára tímabilsins sem fer á eftir gildistökudegi síðustu tæknilegu eftirlitsstaðlanna sem um getur í 325. gr. bd (7. mgr.), 325. gr. be (3. mgr.), 325. gr. bf (9. mgr.), 325. gr. bg (4. mgr.) gefa skýrslu fyrir þær stöður sem úthlutað er viðskiptaborðum sem hafa fengið leyfi lögbærra yfirvalda til að nota óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina í samræmi við 2. mgr. 325. gr. az, um niðurstöður útreikninganna sem grundvallast á notkun þessarar aðferðar sem kveðið er á um 1. kafla b í IV. bálki þriðja hluta á sama grundvelli og þeim sem þessar stofnanir nota til að gefa skýrslu um skyldurnar sem mælt er fyrir um í i. lið b-liðar og c-lið 3. mgr. 92. gr.

4. Að því er varðar skýrslugjafarkröfurnar í 3. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir gefa sérstaka skýrslu um útreikningana sem settir eru fram í i. og ii. lið a-liðar og i. og ii. lið b-liðar 1. mgr. 325. gr. ba og fyrir eignasöfn allra staðna í veltubók eða fjárfestingarbók sem útsettar eru fyrir gjaldmiðla- og hrávöruáhættu sem úthlutað er viðskiptaborðum sem stofnanirnar hafa fengið leyfi lögbærra yfirvalda til að nota óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina fyrir í samræmi við 2. mgr. 325. gr. az.

5. Stofnanir mega nota aðferðirnar sem um getur í 1. og 3. mgr. samhliða innan samstæðu, að því tilskildu að útreikningurinn samkvæmt aðferðinni sem um getur í 1. mgr. fari ekki yfir 90% af heildarútreikningnum. Að öðrum kosti skulu stofnanirnar nota aðferðina sem um getur í 1. mgr. fyrir allar stöður í veltubók sinni og allar stöður í fjárfestingarbók sem útsettar eru fyrir gjaldmiðla- eða hrávöruáhættu.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina samræmdu skýrslugjafarsniðin, leiðbeiningarnar og aðferðafræðina fyrir notkun þeirra, tíðni og dagsetningar skýrslugjafar og upplýsingatæknilausnir að því er varðar skýrslugjöfina sem mælt er fyrir um í þessari grein.

Nýjar skýrslugjafarkröfur sem settar eru fram í slíkum tæknilegum framkvæmdarstöðlum koma ekki til framkvæmdar fyrr en sex mánuðum eftir gildistökudag þeirra.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

430. gr. c

Hagkvæmniskýrsla um samþætt skýrslugjafarkerfi

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal taka saman skýrslu um hagkvæmni þess að þróa samræmt og samfellt kerfi til að safna hagskýrslugögnum, skilameðferðargögnum og varfærnisgögnum og skýra framkvæmdastjórninni frá niðurstöðum sínum eigi síðar en 28. júní 2020.

2. Þegar Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gerir hagkvæmniskýrslu sína skal hún eiga samstarf við lögbær yfirvöld og jafnframt yfirvöld sem bera ábyrgð á innstæðutryggingakerfum og skilakerfum, einkum seðlabankakerfi Evrópu. Skýrslan skal taka tillit til fyrri starfsemi seðlabankakerfis Evrópu að því er varðar samþætta gagnasöfnun og skal grundvallast á heildargreiningu á kostnaði og hagnaði og fela í sér a.m.k.:

a) yfirlit yfir magn og umfang fyrirliggjandi gagna sem lögbær yfirvöld hafa safnað saman í sínum lögsögum ásamt uppruna þeirra og sundurliðun,

b) samantekt á stöðluðu orðasafni yfir þau gögn sem taka skal saman til að auka samleitni skýrslugjafarkrafnanna að því er varðar reglubundnar skýrslugjafarskyldur og til að komast hjá ónauðsynlegum fyrirspurnum,

c) stofnun sameiginlegrar nefndar, sem í eru að minnsta kosti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og seðlabankakerfi Evrópu, vegna þróunar og framkvæmdar á hinu samþætta skýrslugjafarkerfi,

d) hvort hentugt sé og mögulegt að hanna miðlæga gagnasöfnunarstöð fyrir samþætta skýrslugjafarkerfið, þ.m.t. kröfur sem tryggja fullan trúnað um þau gögn sem safnað er, sterka sannvottun og stýringu á aðgangsrétti að kerfinu og netöryggi, sem

   i. hefur að geyma miðlæga gagnaskrá með öllum tölfræðilegum gögnum, gögnum um skilameðferð og varfærniseftirlit sem eru nægilega vel sundurliðuð og sem tiltekin stofnun gefur skýrslu um nægilega oft og uppfærir reglulega,

   ii. er tengiliður fyrir lögbær yfirvöld þegar þau taka á móti, vinna úr og safna saman öllum gagnabeiðnum þegar hægt er að para þeim saman við fyrirliggjandi skýrslugögn sem safnað hefur verið og sem gera lögbærum yfirvöldum kleift að fá skjótan aðgang að umbeðnum upplýsingum,

   iii. veita lögbærum yfirvöldum aukinn stuðning við framsendingu á gagnabeiðnum til stofnananna og færa umbeðin gögn inn í miðlægar gagnaskrár,

   iv. gegnir samræmingarhlutverki að því er varðar upplýsinga- og gagnaskipti milli lögbærra yfirvalda og

   v. tekur tillit til málsmeðferðar og úrvinnslu lögbærra yfirvalda og færir þau yfir í staðlað kerfi.

3. Eigi síðar en einu ári eftir að skýrslan sem um getur í þessari grein hefur verið lögð fram skal framkvæmdastjórnin, ef við á og að teknu tilliti til hagkvæmniskýrslunnar frá Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, leggja fram tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið um stofnun staðlaðs og samþætts skýrslugjafarkerfis fyrir kröfur um skýrslugjöf.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 680/2014 frá 16. apríl 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar skýrslugjöf um eftirlit með stofnunum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð. ESB L 191, 28.6.2014, bls. 1).“

119) Í stað áttunda hluta kemur eftirfarandi:

„ÁTTUNDI HLUTI

UPPLÝSINGAGJÖF STOFNANA

I. BÁLKUR

ALMENNAR MEGINREGLUR

431. gr.

Kröfur um upplýsingagjöf og stefnur

1. Stofnanir skulu birta opinberlega upplýsingarnar sem mælt er fyrir um í II. og III. bálki í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessum bálki með fyrirvara um undanþágurnar sem um getur í 432. gr.

2. Leyfi sem lögbær yfirvöld hafa veitt skv. þriðja hluta vegna gerninga og aðferða sem um getur í III. bálki skulu falla undir opinbera birtingu stofnana á upplýsingunum sem þar er mælt fyrir um.

3. Stjórn og framkvæmdastjórn skulu samþykkja formlega stefnur til að hlíta kröfunum um upplýsingagjöf sem mælt er fyrir um í þessum hluta og koma á og viðhalda innri verkferlum, kerfum og eftirliti til að sannprófa að upplýsingar stofnananna séu við hæfi og í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum hluta. Að minnsta kosti einn stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri vottar skriflega að viðkomandi stofnun hafi birt þær upplýsingar sem krafist er í þessum hluta í samræmi við formlegar stefnur og innri verkferla, kerfi og eftirlit. Skriflega staðfestingin og lykilþættir í formlegum stefnum stofnunarinnar til að hlíta kröfunum um upplýsingagjöf skulu felldar inn í upplýsingar stofnananna.

Upplýsingarnar sem á að birta í samræmi við þennan hluta skulu falla undir sams konar innri sannprófun og gildir um skýrslu framkvæmdastjórnar í reikningsskilum stofnunarinnar.

Stofnanir skulu einnig marka stefnur til að sannprófa hvort upplýsingagjöf þeirra gefi markaðsaðilum rétta mynd af áhættusniði þeirra. Ef stofnanir komast að niðurstöðu um að birting upplýsinga sem gerð er krafa um í þessum hluta gefi ekki rétta mynd af áhættusniði þeirra skulu þær birta upplýsingar til viðbótar þeim upplýsingum sem krafist er að verði birtar samkvæmt þessum hluta. Þess skal þó aðeins krafist að þær birti upplýsingar sem skipta máli og teljast ekki vera réttindaverndaðar eða trúnaðarmál í samræmi við 432. gr.

4. Öllum megindlegum upplýsingum skulu fylgja eigindlegar upplýsingar og allar aðrar viðbótarupplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar þeim sem nota þessar upplýsingar til að skilja megindlegu upplýsingarnar, þar sem einkum er getið um allar verulegar breytingar á tilteknum upplýsingum samanborið við upplýsingarnar sem voru í hinni fyrri upplýsingagjöf.

5. Stofnanir skulu, sé þess óskað, útskýra ákvarðanir sínar um mat fyrir litlum og meðalstórum fyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum sem sækja um lán og veita skriflegar útskýringar sé um það beðið. Umsýslukostnaður við þessar útskýringar skal vera í réttu hlutfalli við stærð lánsins.

432. gr.

Upplýsingar sem ekki skipta máli, eru réttindaverndaðar eða trúnaðarupplýsingar

1. Að undanskilinni upplýsingagjöfinni sem mælt er fyrir um í 435. gr. (c-lið 2. mgr.), 437. og 450. gr., mega stofnanir sleppa einni eða fleiri upplýsingagjöf í II. og III. bálki ef upplýsingarnar sem veittar eru með slíkri upplýsingagjöf teljast ekki vera mikilvægar.

Upplýsingar í upplýsingagjöf skulu teljast vera mikilvægar ef úrfelling þeirra eða rangfærsla gæti breytt eða haft áhrif á mat eða ákvörðun notanda sem reiðir sig á þessar upplýsingar í þeim tilgangi að taka fjárhagslegar ákvarðanir.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010, gefa út leiðbeiningar um hvernig stofnanir eiga að beita hugtakinu mikilvægar upplýsingar í tengslum við kröfurnar um upplýsingagjöf í II. og III. bálki.

2. Stofnanir geta einnig sleppt einum eða fleiri liðum upplýsinga sem um getur í II. og III. bálki ef þeir liðir innihalda upplýsingar sem taldar eru viðkvæmar upplýsingar eða trúnaðarupplýsingar í samræmi við þessa málsgrein, að undanskilinni upplýsingagjöf sem mælt er fyrir um í 437. og 450. gr.

Upplýsingar skulu teljast vera viðkvæmar fyrir stofnanir ef birting þeirra opinberlega myndi grafa undan samkeppnisstöðu þeirra. Viðkvæmar upplýsingar geta m.a. verið upplýsingar um afurðir eða kerfi sem gætu rýrt fjárfestingar stofnananna í þeim væri upplýsingunum miðlað til samkeppnisaðila.

Upplýsingar skulu teljast trúnaðarupplýsingar ef stofnanirnar hafa skyldur gagnvart viðskiptavinum eða önnur tengsl við mótaðila, sem fela í sér að trúnaður ríki um þær.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010 gefa út leiðbeiningar um hvernig stofnanir eiga að beita hugtakinu um viðkvæmar upplýsingar eða trúnaðarupplýsingar í tengslum við kröfur um upplýsingagjöf í II. og III. bálki.

3. Í þeim undantekningartilvikum sem um getur í 2. mgr. skal viðkomandi stofnun tilgreina, þegar hún birtir upplýsingar sínar, að tilteknir upplýsingaliðir séu ekki birtir, ástæður þess að þeir eru ekki birtir og birta almennari upplýsingar um efni krafnanna um upplýsingagjöf nema efni þeirra í sjálfu sér feli í sér viðkvæmar upplýsingar eða trúnaðarupplýsingar.

433. gr.

Tíðni og umfang upplýsingagjafar

Stofnanir skulu birta þær upplýsingar sem krafist er í II. og III. bálki á þann hátt sem um getur í 433. gr. a, 433. gr. b og 433. gr. c.

Árleg birting upplýsinga skal fara fram á sama degi og stofnanir birta reikningsskil sín eða eins fljótt og við verður komið þar á eftir.

Birting upplýsinga á hálfsárs fresti og ársfjórðungslega skal vera á sama degi og þegar stofnanirnar birta reikningsskil sín fyrir sama tímabil, eftir atvikum, eða eins fljótt og við verður komið þar á eftir.

Tímabilið frá þeim degi þegar upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt þessum hluta eru birtar og þar til viðkomandi reikningsskil eru birt skal vera hæfilegt og alla jafna ekki vera lengra en fresturinn sem lögbær yfirvöld kveða á um skv. 106. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

433. gr. a

Upplýsingagjöf stórra stofnana

1. Stórar stofnanir skulu birta upplýsingarnar sem tilgreindar eru hér að neðan með eftirfarandi tíðni:

a) árlega allar upplýsingarnar sem krafist er í þessum hluta,

b) á hálfsárs fresti upplýsingarnar sem um getur í:

i a-lið 437. gr.,

ii. e-lið 438. gr.,

iii. e- til l-lið 439. mgr.,

iv. 440. gr.,

v. c-, e-, f- og g-lið 442. gr.,

vi. e-lið 444. gr.,

vii. 445. gr.,

viii. a- og b-lið 1. mgr. 448. gr.,

ix. j- til l-lið 449. mgr.,

x. a- og b-lið 1. mgr. 451. gr.,

xi. 3. mgr. 451. gr. a,

xii. g-lið 452. gr.,

xiii. f- til j-lið 453. mgr.,

xiv. d-, e-, og g-lið 455. gr.,

c) ársfjórðungslega upplýsingarnar sem um getur í:

i. d- og h-lið 438. gr.,

ii. lykilmælikvörðunum sem um getur í 447. gr.,

iii. 2. mgr. 451. gr. a

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu stórar stofnanir aðrar en kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu birta upplýsingarnar sem tilgreindar eru hér að neðan með eftirfarandi tíðni:

a) árlega allar upplýsingarnar sem krafist er í þessum hluta,

b) lykilmælikvarðana sem um getur í 447. gr. á hálfsárs fresti.

3. Stórar stofnanir sem falla undir 92. gr. a eða 92. gr. b skulu birta upplýsingarnar sem krafist er í 437. gr. á hálfsárs fresti, nema fyrir lykilmælikvarðana sem um getur í h-lið 447. gr. en fyrir þá eru upplýsingar birtar ársfjórðungslega.

430. gr. b

Upplýsingagjöf lítilla og einfaldra stofnana

1. Litlar og einfaldar stofnanir skulu birta upplýsingarnar sem tilgreindar eru hér að neðan með eftirfarandi tíðni:

a) árlega upplýsingarnar sem um getur í:

i. a-, e- og f-lið 1. mgr. 435. gr.,

ii. d-lið 438. gr.,

iii. a- til d- lið og h-, i- og j-lið 1. mgr. 450. gr.,

b) á hálfsárs fresti fyrir lykilmælikvarðana sem um getur 447. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu litlar og einfaldar stofnanir sem ekki eru skráðar í kauphöll birta árlega upplýsingar um lykilmælikvarðana sem um getur 447. gr.

433. gr. c

Upplýsingagjöf annarra stofnana

1. Stofnanir sem ekki falla undir 433. gr. a eða 433. gr. b skulu birta upplýsingarnar sem tilgreindar eru hér að neðan með eftirfarandi tíðni:

a) árlega allar upplýsingarnar sem krafist er í þessum hluta,

b) á hálfsárs fresti fyrir lykilmælikvarðana sem um getur í 447. gr.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu aðrar stofnanir sem ekki eru skráðar í kauphöll birta árlega eftirfarandi upplýsingar:

a) a-, e- og f-lið 1. mgr. 435. gr.,

b) a-, b- og c-lið 2. mgr. 435. gr.,

c) a-lið 437. gr.,

d) c- og d-lið 438. gr.,

e) lykilmælikvarðana sem um getur í 447. gr.,

f) a- til d- lið og h- til k-lið 1. mgr. 450. gr.

434. gr.

Aðferð við upplýsingagjöf

1. Stofnanir skulu birta allar upplýsingarnar sem krafist er í II. og III. bálki á rafrænu formi og á einum miðli eða á einum stað. Þessi eini miðill eða staður skal vera sérstakt skjal sem veitir notendum sem á þurfa að halda skjótan aðgang að varfærnisupplýsingum, eða sérstakur hluti sem felldur er inn í eða látinn fylgja með reikningsskilum stofnananna eða fjárhagslegum skýrslum sem innihalda tilskilda upplýsingagjöf og sem þessir notendur eiga auðvelt með að greina.

2. Stofnanir skulu gera safn upplýsinganna sem krafist er að verði birtar í samræmi við þennan hluta aðgengilegt á vefsetrum sínum eða, ef þeim er ekki til að dreifa, á öðrum viðeigandi stað. Þetta safn skal vera aðgengilegt eigi skemur en svarar þeim geymslutíma sem kveðið er á um í landslögum vegna upplýsinga í fjárhagslegum skýrslum stofnananna.

434. gr. a

Samræmd snið fyrir upplýsingagjöf

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal semja drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem tilgreina samræmd snið fyrir skýrslugjöf og leiðbeiningar þar að lútandi um hvernig staðið skuli að upplýsingagjöfinni sem krafist er samkvæmt II. og III. bálki.

Þessi samræmdu snið fyrir upplýsingagjöf skulu veita notendum þeirra nægilegar heildstæðar og samanburðarhæfar upplýsingar til að þeir geti metið áhættusnið stofnana og að hve miklu leyti þær hlíta kröfunum sem mælt er fyrir um í fyrsta til sjöunda hluta. Til að auðvelda samanburð á upplýsingum skulu tæknilegu framkvæmdarstaðlarnir leitast við að tryggja samræmi milli sniða fyrir upplýsingagjöf og alþjóðlegra staðla um upplýsingagjöf.

Samræmd snið skulu vera á töfluformi eftir því sem við verður komið.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja þessi drög að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2020.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

II. BÁLKUR

TÆKNILEGAR VIÐMIÐANIR VARÐANDI GAGNSÆI OG BIRTINGU UPPLÝSINGA

435. gr.

Birting upplýsinga um markmið og stefnur við áhættustýringu

1. Stofnanir skulu birta upplýsingar um markmið sín og stefnur fyrir áhættustýringu fyrir hvern sérstakan flokk áhættu, þ.m.t. áhættu sem um getur í þessum bálki. Þessi upplýsingagjöf skal fela í sér:

a) áætlanirnar og vinnsluferli til að stýra þessum flokkum áhættu,

b) uppbyggingu og skipulag viðkomandi áhættustýringareiningar þ.m.t. upplýsingar um hæfi hennar, heimildir og ábyrgðarskyldu í samræmi við stofnsamninga stofnunarinnar og samþykktir,

c) gildissvið og eiginleika áhættuskýrslugjafar- og matskerfa,

d) stefnur vegna áhættuvarnar og áhættumildunar og áætlanir og vinnsluferli vegna eftirlits með áframhaldandi skilvirkni áhættuvarna og mildunar,

e) yfirlýsingu sem stjórnin samþykkir um hvort fyrirkomulag áhættustýringar sé fullnægjandi af hendi viðkomandi stofnunar og sem veitir fullvissu fyrir því að áhættustjórnunarkerfi sem komið er á sé fullnægjandi með tilliti til sniðs og stefnu stofnunarinnar,

f) gagnorða áhættuyfirlýsingu sem stjórnin samþykkir og lýsir gagnort heildaráhættusniði viðkomandi stofnunar sem tengist starfsstefnu hennar; þessi yfirlýsing skal fela í sér:

   i. lykilhlutföll og tölur sem veita utanaðkomandi hagsmunaaðilum ítarlega yfirsýn yfir áhættustjórnun stofnunarinnar, þ.m.t. hvernig áhættusnið stofnunarinnar fer saman við áhættuþolið sem stjórnin ákvarðar,

   ii. upplýsingar um viðskipti innan samstæðu og viðskipti við tengda aðila sem geta haft veruleg áhrif á áhættusnið samstæðunnar.

2. Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um stjórnarhætti sína:

a) fjölda stjórnarstaða sem aðilar í framkvæmdastjórninni gegna,

b) ráðningarstefnu fyrir val á aðilum í stjórnina og raunverulega þekkingu þeirra, færni og sérþekkingu,

c) stefnu um fjölbreytileika, með tilliti til vals á aðilum í stjórnina, almenn markmið hennar og viðeigandi markmið sem sett eru fram í þeirri stefnu og að hvaða marki náðst hefur að uppfylla þessi almennu og sértæku markmið,

d) hvort stofnunin hefur, eða hefur ekki, komið á fót sérstakri áhættunefnd og hve oft áhættunefndin hefur fundað,

e) lýsingu á flæði upplýsinga um áhættu til stjórnarinnar.

436. gr.

Birting upplýsinga um gildissvið

Stofnunin skal birta eftirfarandi upplýsingar um gildissvið þessarar reglugerðar sem hér segir:

a) heiti stofnunarinnar sem fellur undir þessa reglugerð,

b) afstemmingu milli samstæðureikningsskila sem gerð eru í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð og samstæðureikningsskila sem gerð eru í samræmi við kröfurnar um eftirlitsbundin samstæðureikningsskil skv. 2. og 3. þætti II. bálks í fyrsta hluta; þessi afstemming skal sýna mismuninn á reikningshaldslegum samstæðuskilum og eftirlitsbundnum samstæðureikningsskilum og lögaðilana sem falla undir gildissvið eftirlitsbundinna samstæðureikningsskila þegar þau eru frábrugðin reikningshaldslegum samstæðuskilum; yfirlit lögaðilanna sem felldir eru undir eftirlitsbundin samstæðureikningsskil skal lýsa aðferðinni við eftirlitsbundin samstæðureikningsskil þegar þau eru frábrugðin reikningshaldslegu aðferðinni við samstæðureikningsskil, hvort sem þessar einingar eru að fullu eða hlutfallslega undir samstæðureikningsskilum og hvort eignarhlutir þessara lögaðila eru dregnir frá eiginfjárgrunni,

c) sundurliðun eigna og skuldbindinga samstæðureikningsskilanna sem gerð eru í samræmi við kröfurnar um eftirlitsbundin samstæðureikningsskil skv. 2. og 3. þætti II. bálks í fyrsta hluta sundurliðuð eftir tegund áhættu eins og um getur í þessum hluta,

d) afstemmingu þar sem tilgreindar eru meginástæður á mismuninum milli fjárhæða bókfærðs virðis í reikningsskilunum samkvæmt eftirlitsbundnum samstæðureikningsskilum eins og skilgreint er í 2. og 3. þætti II. bálks í fyrsta hluta og fjárhæð áhættuskuldbindingarinnar sem notuð er vegna eftirlits; þessari afstemmingu skulu fylgja eigindlegar upplýsingar um þessar helstu ástæður fyrir mismuninum,

e) að því er varðar áhættuskuldbindingar í veltubók og fjárfestingarbók sem eru aðlagaðar í samræmi við 34. og 105. gr., sundurliðun fjárhæða efnisþátta í aðlögun stofnunarinnar á varfærnismati, eftir tegund áhættu, og allir efnisþættir aðskilið að því er varðar veltubók og fjárfestingarbók,

f) allar núverandi eða fyrirsjáanlegar raunverulegar eða lagalegar hindranir fyrir skjótri millifærslu eiginfjárgrunns eða endurgreiðslu skuldbindinga á milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækja þess,

g) samanlagða fjárhæð þess sem skortir upp á að raunverulegur eiginfjárgrunnur uppfylli lágmarkið í öllum dótturfyrirtækjum sem ekki eru talin með í samstæðunni ásamt nafni eða nöfnum þessara dótturfyrirtækja,

h) eftir atvikum þær aðstæður sem liggja til grundvallar notkun ákvæðanna í 7. gr. eða einstakra samstæðureikningsskilaaðferða sem mælt er fyrir um í 9. gr.

437. gr.

Birting upplýsinga um eiginfjárgrunn

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um eiginfjárgrunn sinn:

a) fulla afstemmingu liða í almennu eigin fé þáttar 1, liða í viðbótareiginfé þáttar 1, liða í þætti 2 og sía og frádráttar sem beitt er á eiginfjárgrunn stofnunarinnar skv. 32.–36. gr., 56., 66. og 79. gr og efnahagsreiknings í endurskoðuðum reikningsskilum stofnunarinnar,

b) lýsingu á helstu eiginleikum almennra eiginfjárgrunnsgerninga þáttar 1, viðbótareiginfjárgerninga þáttar 1 og gerninga undir þætti 2, sem stofnunin gefur út,

c) heildarskilmála og skilyrði allra eiginfjárgrunnsgerninga almenns þáttar 1, gerninga í viðbótareiginfé þáttar 1 og þáttar 2,

d) aðskilda upplýsingagjöf um eðli og fjárhæðir eftirfarandi:

i. hverja varfærnissíu sem beitt er skv. 32.–35. gr.,

ii. sérhvern frádrátt sem gerður er skv. 36., 56. og 66. gr.,

iii. liða sem ekki eru dregnir frá skv. 47., 48., 56. 66. og 79. gr.,

e) lýsingu á öllum takmörkunum sem beitt er á útreikninga á eiginfjárgrunni í samræmi við þessa reglugerð og gerningum, varfærnissíum og frádrætti sem þessar takmarkanir gilda um,

f) ítarlega skýringu á grundvellinum sem notaður er til að reikna út eiginfjárhlutföll ef þessi eiginfjárhlutföll eru reiknuð með því að nota þætti eiginfjárgrunns sem ákvarðaðir eru á öðrum grundvelli en þeim sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

437. gr. a

Birting upplýsinga um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

Stofnanir sem falla undir 92. gr. a eða 92. gr. b skulu birta eftirfarandi upplýsingar um eiginfjárgrunn sinn og hæfar skuldbindingar:

a) samsetningu eiginfjárgrunns síns og hæfra skuldbindinga, binditíma þeirra og helstu eiginleika,

b) stöðu hæfra skuldbindinga í forgangsröðun kröfuhafa,

c) heildarfjárhæð hverrar útgáfu hæfra skuldbindingargerninga sem um getur í 72. gr. b og fjárhæð þessara útgáfna sem er að finna í liðum hæfra skuldbindinga innan markanna sem tilgreind eru í 3. og 4. mgr. 72. gr. b,

d) heildarfjárhæð þeirra skuldbindinga sem undanskildar eru og um getur í 2. mgr. 72. gr. a.

438. gr.

Birting upplýsinga um kröfur vegna eiginfjárgrunns og fjárhæðir áhættuveginnar áhættuskuldbindingar

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar að því er varðar hlítingu þeirra við 92. gr. þessarar reglugerðar og við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 73. gr. og a-lið 1. mgr. 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB:

a) samantekt á aðferð þeirra til að meta hvort innra fjármagn veitir fullnægjandi stuðning við starfsemi þeirra í nútíð og framtíð,

b) fjárhæð viðbótarkrafna um eiginfjárgrunn sem byggja á eftirlitsferli eins og um getur í a-lið 1. mgr. 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB og samsetningu hennar með tilliti til eiginfjárgrunnsgerninga almenns eigin fjár þáttar 1, viðbótargerninga undir þætti 1 eða gerninga undir þætti 2,

c) að beiðni viðkomandi lögbærs yfirvalds, niðurstöður innra matsferlis stofnunarinnar fyrir eiginfjárþörf,

d) heildarfjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar og samsvarandi heildarkröfur vegna eiginfjárgrunns ákvarðaðar í samræmi við 92. gr. sem á að sundurliða eftir mismunandi áhættuflokkum sem kveðið er á um í þriðja hluta og, eftir atvikum, útskýringu á hvernig notkunin á neðri mörkum fyrir eigið fé og því að draga liði ekki frá eiginfjárgrunni hefur áhrif á útreikninginn á eiginfjárgrunni og fjárhæðum áhættuveginnar skuldbindingar,

e) áhættuskuldbindingar innan og utan efnahagsreiknings, fjárhæðir áhættuveginnar skuldbindingar og tengt áætlað tap fyrir hvern flokk sértækra útlána sem um getur í töflu 1 í 5. mgr. 153. gr. og áhættuskuldbindingar innan og utan efnahagsreiknings og fjárhæðir áhættuveginnar skuldbindingar fyrir þá flokka áhættuskuldbindinga vegna hlutabréfa sem um getur í 2. mgr. 155. gr,

f) áhættuskuldbindingarvirði og fjárhæð áhættuveginnar áhættuskuldbindingar vegna eiginfjárgrunnsgerninga í vörslu vátryggingafélags, endurtryggingafélags eða eignarhaldsfélags á vátryggingasviði sem stofnanirnar draga ekki frá eiginfjárgrunnsgerningum sínum í samræmi við 49. gr. við útreikning á gjaldþolskröfum sínum á einstaklingsgrunni, undirsamstæðugrunni eða samstæðugrunni,

g) viðbótarkröfur vegna eiginfjárgrunns og eiginfjárhlutfall fjármálasamsteypunnar eins og það er reiknað út í samræmi við 6. gr. tilskipunar 2002/87/EB og I. viðauka þeirrar tilskipunar þegar aðferð 1 eða 2 í þeim viðauka er notuð,

h) breytingar á fjárhæðum áhættuveginnar skuldbindingar á yfirstandandi birtingartímabili samanborið við birtingartímabilið næst á undan sem leiðir af notkun eigin líkana, þ.m.t. yfirlit yfir helstu þætti sem skýra þær breytingar.

439. gr.

Birting upplýsinga um áhættuskuldbindingar vegna útlánaáhættu mótaðila

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um áhættu þeirra vegna mótaðilaáhættu eins og um getur í 6. kafla II. bálks í þriðja hluta:

a) lýsingu á aðferðafræðinni sem notuð er við ákvörðun innra fjármagns og lánamarka vegna útlánaáhættu mótaðila, þ.m.t. aðferðunum sem notaðar eru til að tengja þessi mörk við áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila,

b) lýsingu á stefnum sem varða ábyrgðir og aðra þætti sem milda útlánaáhættu, s.s. stefnum til að afla trygginga og stofna varasjóð vegna útlána,

c) lýsingu á stefnum að því er varðar almenna fylgniáhættu og sértæka fylgniáhættu eins og skilgreint er í 291. gr.,

d) fjárhæð trygginga sem stofnun myndi þurfa að leggja fram ef lánshæfismat hennar lækkaði,

e) fjárhæð aðgreindra og óaðgreindra trygginga sem tekið er við og lagðar eru fram, sundurliðuð eftir tegund tryggingar, og sundurliðuð frekar milli trygginga sem notaðar eru fyrir afleiðuviðskipti og fjármögnunarviðskipti með verðbréf,

f) að því er varðar afleiðuviðskipti, áhættuskuldbindingarvirðið fyrir og eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu eins og ákvarðað er samkvæmt aðferðunum í þáttum 3 til 6 í 6. kafla, II. bálks í þriðja hluta, eftir því hver aðferðanna á við, og tengdar fjárhæðir áhættuskuldbindingarinnar, sundurliðaðar eftir viðeigandi aðferð,

g) að því er varðar fjármögnunarviðskipti með verðbréf, áhættuskuldbindingarvirðið fyrir og eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu eins og ákvarðað er samkvæmt aðferðunum í 4. til 6. kafla, II. bálks í þriðja hluta, eftir því hver aðferðanna er notuð, og tengdar fjárhæðir áhættuskuldbindingarinnar, sundurliðaðar eftir viðeigandi aðferð,

h) áhættuskuldbindingarvirðið eftir að tekið hefur verið tillit til áhrifa mildunar útlánaáhættu og tengdar áhættuskuldbindingar að því er varðar aðlögun á útlánavirði, aðskilið fyrir hverja aðferð eins og sett er fram í VI. bálki þriðja hluta,

i) virði áhættuskuldbindinga vegna miðlægra mótaðila og tengdar áhættuskuldbindingar sem falla undir 9. þátt 6. kafla II. bálks þriðja hluta, aðskilið fyrir fullgilda miðlæga mótaðila og miðlæga mótaðila sem ekki eru fullgildir, og sundurliðað eftir tegundum áhættu,

j) grundvallarfjárhæðir og gangvirði lánaafleiðuviðskipta, afleiðuviðskipti skulu sundurliðuð eftir tegund afurðar, innan hverrar afurðartegundar skulu lánaafleiðuviðskipti sundurliðuð nánar eftir útlánavörn sem keypt er og útlánavörn sem seld er,

k) mat á alfa ef stofnunin hefur hlotið leyfi lögbærra yfirvalda til að nota sitt eigið mat á alfa í samræmi við 9. mgr. 284. gr.,

l) aðskilið, þær upplýsingar sem er að finna í e-lið 444. gr. og g-lið 452. gr.,

m) að því er varðar stofnanir sem nota aðferðirnar sem settar eru fram í 4. til 5. þætti 6. kafla II. bálks þriðja hluta, umfang afleiðuviðskipta innan og utan efnahagsreiknings eins og það er reiknað í samræmi við 1. eða 2. mgr. 1. gr. 273. gr., eftir því sem við á.

Ef seðlabanki aðildarríkis veitir lausafjárfyrirgreiðslu í formi tryggðra veðskiptasamninga má lögbært yfirvald undanþiggja stofnanir frá kröfunum í d- og e-lið fyrstu undirgreinar þegar það lögbæra yfirvald telur að birting upplýsinganna sem þar um getur kunni að leiða í ljós að lausafjárfyrirgreiðsla í neyð hafi verið veitt. Í þessu skyni skal lögbæra yfirvaldið kveða á um viðeigandi viðmiðunarmörk og hlutlægar viðmiðanir.

440. gr.

Birting upplýsinga um sveiflujöfnunarauka

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar í tengslum við hlítingu þeirra við kröfurnar um sveiflujöfnunarauka sem um getur í 4. kafla VII. bálks í tilskipun 2013/36/ESB:

a) landfræðilega dreifingu fjárhæða áhættuskuldbindingarinnar og fjárhæða áhættuveginnar áhættuskuldbindingar lánaáhættu sinnar sem notaðar eru sem grundvöllur við útreikning á sveiflujöfnunarauka þeirra,

b) fjárhæð sértæks sveiflujöfnunarauka fyrir hverja stofnun.

441. gr.

Birting upplýsinga um vísbendingar um kerfislægt mikilvægi á alþjóðavísu

Kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu skulu árlega birta upplýsingar um gildi vísanna sem notaðir eru til að ákvarða stig þeirra í samræmi við greiningaraðferðafræðina sem um getur í 131. gr tilskipunar 2013/36/ESB.

442. gr.

Birting upplýsinga um áhættu vegna útlánaáhættu og þynningaráhættu

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar að því er varðar áhættuskuldbindingar þeirra vegna útlánaáhættu og þynningaráhættu:

a) umfang og skilgreiningar á hugtökunum „gjaldfallinn“ og „virðisrýrnun“ sem þær nota í reikningsskilum og muninum, ef einhver er, á hugtökunum „gjaldfallinn“ og „vanskil“ sem þær nota í tengslum við reikningsskil og eftirlit,

b) lýsingu á nálgunum og aðferðum sem notaðar eru við ákvörðun á sértækri og almennri aðlögun á útlánaáhættu,

c) upplýsingar um fjárhæð og gæði efndra og vanefndra áhættuskuldbindinga og áhættuskuldbindinga sem hlotið hafa ívilnun vegna lána, skuldabréfa og áhættuskuldbindinga utan efnahagsreiknings, þ.m.t. breytingar á samanlagðri virðisrýrnun, varúðarniðurfærslum og neikvæðum gangverðsbreytingum vegna útlánaáhættu og fjárhæðir veða og fjárhagslegra trygginga sem fengnar hafa verið,

d) greiningu á aldursdreifingu gjaldfallinna áhættuskuldbindinga,

e) vergt bókfært verð bæði skuldbindinga í vanskilum og skuldbindinga sem ekki eru í vanskilum, uppsafnaðar sértækar aðlaganir á útlánaáhættu, samanlagðar afskriftir á móti þessum áhættuskuldbindingum og hreint bókfært virði fjárhæðanna og dreifing eftir landsvæðum og tegund iðngreinar og að því er varðar lán, skuldabréf og áhættuskuldbindingar utan efnahagsreiknings,

f) allar breytingar á vergri fjárhæð áhættuskuldbindinga í vanskilum innan og utan efnahagsreiknings, þ.m.t. að lágmarki, upplýsingar um upphafsstöður og lokastöður þessara áhættuskuldbindinga, og verg fjárhæð allra þessara áhættuskuldbindinga sem aftur hafa fengið stöðuna ekki í vanskilum eða verið afskrifaðar,

g) sundurliðun lána og skuldabréfa samkvæmt eftirstöðvatíma.

443. gr.

Birting upplýsinga um kvaðabundnar og kvaðalausar eignir

Stofnanir skulu birta upplýsingar um kvaðabundnar og kvaðalausar eignir sínar. Í þessu skyni skulu þær nota bókfært verð fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga sundurliðað eftir gæðum eigna og heildarfjárhæð kvaðabundins og kvaðalauss bókfærðs verðs. Birting upplýsinga um kvaðabundnar og kvaðalausar eignir skal ekki sýna lausafjárfyrirgreiðslu í neyð sem veitt hefur verið af seðlabönkum.

444. gr.

Birting upplýsinga um notkun staðalaðferðarinnar

Lánastofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 2. kafla, II. bálks í þriðja hluta skulu birta eftirfarandi upplýsingar fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga sem tilgreindir eru í 112. gr.:

a) nöfn tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækjanna og útflutningslánastofnananna og ástæður breytinga á birtingartímabilinu,

b) þá flokka áhættuskuldbindinga sem hvert utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki og útflutningslánastofnun eru notaðar fyrir,

c) lýsingu á ferlinu sem beitt er við yfirfærslu lánshæfismats útgefanda og útgáfu yfir á liði sem ekki eru í veltubókinni,

d) tengsl ytra mats hvers tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis eða útflutningslánastofnunar við áhættuvogir sem samsvara lánshæfisþrepunum sem tilgreind eru í 2. kafla, II. bálks í þriðja hluta, að teknu tilliti til þess að ekki þarf að birta þessar upplýsingar ef stofnanirnar fylgja stöðluðu tengslunum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin birtir, og

e) virði áhættuskuldbindinga og virði áhættuskuldbindinga eftir mildun útlánaáhættu í tengslum við hvert lánshæfisþrep sem tilgreint er í 2. kafla, II. bálks í þriðja hluta, eftir flokki áhættuskuldbindingar, sem og áhættuskuldbindingarvirðið sem dregið er frá eiginfjárgrunni.

445. gr.

Birting upplýsinga um markaðsáhættu

Stofnanir sem reikna út kröfur vegna eiginfjárgrunns í samræmi við b- og c-lið 3. mgr. 92 gr. skulu birta þær kröfur sérstaklega fyrir hverja áhættu sem um getur í þeim liðum. Auk þess skal birta sérstaklega kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar sérstaka vaxtaáhættu verðbréfaðra staðna.

446. gr.

Birting upplýsinga um stýringu rekstraráhættu

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um stýringu rekstraráhættu sinnar:

a) aðferðirnar við mat á kröfunum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar rekstraráhættu sem stofnunin uppfyllir,

b) lýsingu á aðferðunum sem tilgreindar eru í 2. mgr. 312. gr., ef stofnunin notar þær, þ.m.t.umfjöllun um viðkomandi innri og ytri þætti sem tekið er mið af í þróuðu mæliaðferð stofnunarinnar,

c) þegar um notkun að hluta er að ræða, umfang og gildissvið mismunandi aðferða sem notaðar eru.

447. gr.

Birting upplýsinga um lykilmælistikur

Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um lykilmælistikur á töfluformi:

a) samsetningu eiginfjárgrunns síns og kröfur vegna eiginfjárgrunns eins og þær eru reiknaðar í samræmi við 92. gr.,

b) heildaráhættugrunn sem reiknaður er út í samræmi við 3. mgr. 92. gr.,

c) fjárhæð og samsetningu hærri eiginfjárgrunns sem stofnanirnar þurfa að hafa yfir að ráða í samræmi við a-lið 1. mgr. 104. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, eftir atvikum,

d) samanlögð krafa um eiginfjárauka sem stofnanirnar þurfa að hafa yfir að ráða í samræmi við 4. kafla VII. bálks í tilskipun 2013/36/ESB,

e) vogunarhlutfall sitt og heildarmælistærð áhættuskuldbindingar sem reiknuð er í samræmi við 429. gr.,

f) eftirfarandi upplýsingar í tengslum við lausafjárþekjuhlutfall sitt eins og það er reiknað í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr.:

i. meðaltal eða meðaltöl, eftir því sem við á, af lausafjárþekjuhlutfalli sínu sem byggt er á athugunum í lok mánaðar á næstliðnum 12 mánuðum fyrir hvern ársfjórðung viðkomandi birtingartímabils,

ii. meðaltal eða meðaltöl, eftir því sem við á, af heildarlausafjáreignum, eftir að viðkomandi frádragi hefur verið beitt sem reiknast með í lausafjárforða samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr, sem byggt er á athugunum í lok mánaðar á næstliðnum 12 mánuðum fyrir hvern ársfjórðung viðkomandi birtingartímabils,

iii. meðaltöl af útstreymi og innstreymi lauss fjár og hreint útstreymi lauss fjár eins og það er reiknað samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr., og sem byggt er á athugunum í lok mánaðar á næstliðnum 12 mánuðum fyrir hvern ársfjórðung viðkomandi birtingartímabils,

g) eftirfarandi upplýsingar í tengslum við kröfuna um stöðuga fjármögnun eins og hún er reiknuð í samræmi við IV. kafla sjötta hluta:

i. hlutfall stöðugrar hreinnar fjármögnunar í lok hvers ársfjórðungs á viðkomandi birtingartímabili,

ii. tiltæk stöðug fjármögnun í lok hvers ársfjórðungs á viðkomandi birtingartímabili,

iii. nauðsynleg stöðug fjármögnun í lok hvers ársfjórðungs á viðkomandi birtingartímabili,

h) eiginfjárgrunn sinn og hlutföll hæfra skuldbindinga og þátta þeirra, teljara og nefnara, eins og þau eru reiknuð í samræmi við 92. gr. a og 92. gr. b og sundurliðuð fyrir hverja skilasamstæðu, eftir atvikum.

448. gr.

Birting upplýsinga um áhættuskuldbindingar vegna vaxtaáhættu í stöðum utan veltubókar

1. Frá og með 28. júní 2021 skulu stofnanir birta eftirfarandi megindlegar og eigindlegar upplýsingar um áhættu sína vegna mögulegra breytinga á vöxtum sem hafa áhrif bæði á efnahagslegt virði eigin fjár og hreinar vaxtatekjur þeirra af starfsemi í fjárfestingarbók sem um getur í 84. gr. og 5. mgr. 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB:

a) breytingar á efnahagslegu virði eigin fjár sem reiknaðar eru samkvæmt þeim sex áfallasviðsmyndum í tengslum við eftirlit sem um getur í 5 mgr. 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB fyrir yfirstandandi og fyrri birtingartímabil,

b) breytingar á hreinum vaxtatekjum sem reiknaðar eru samkvæmt þeim tveimur áfallasviðsmyndum í tengslum við eftirlit sem um getur í 5 mgr. 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB fyrir yfirstandandi og fyrri birtingartímabil,

c) lýsingu á forsendum helstu líkana og stika, öðrum en þeim sem um getur í b- og c-lið 5. mgr. a í 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB sem notuð eru til að reikna breytingar á efnahagslegu virði eigin fjár og hreinum vaxtatekjum sem gerð er krafa um í a- og b-lið þessarar málsgreinar,

d) útskýringu á mikilvægi áhættumats sem birt er skv. a- og b-lið þessarar málsgreinar og á öllum mikilvægum frávikum í þessu áhættumati frá viðmiðunardagsetningunni fyrir síðustu birtingu,

e) lýsingu á því hvernig stofnanir skilgreina, meta, milda og hafa eftirlit með vaxtaáhættu viðskipta sinna í fjárfestingarbók með tilliti til eftirlits lögbærra yfirvalda í samræmi við 84. gr. tilskipunar 2013/36/ESB, þ.m.t.,

i. lýsingu á sértæku áhættumati sem stofnunin notar til að meta breytingar á efnahagslegu virði eiginfjár síns og á hreinum vaxtatekjum,

ii. lýsingu á forsendum helstu líkana og stika sem notuð eru í innramatskerfum stofnunarinnar sem væru ólík þeim sameiginlegu forsendum líkana og stika sem um getur í 5. mgr. a 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB í þeim tilgangi að reikna breytingar á efnahagslegu virði eigin fjár og á hreinum vaxtatekjum, þ.m.t. rökstuðningur fyrir þessum mismun,

iii. lýsingu á áfallasviðsmyndum í tengslum við vexti sem stofnanir nota til að meta vaxtaáhættu,

iv. lýsingu á áhrifum áhættuvarna gegn þessari vaxtaáhættu, þ.m.t. innri áhættuvarnir sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 106. gr.,

v. yfirlit yfir hversu oft vaxtaáhættan er metin,

f) lýsingu á heildaráhættustýringu þessarar áhættu og áætlanir um mildun hennar,

g) meðalfrest og lengsta frest fyrir endurverðlagningu innlána með óákveðinn binditíma.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar gilda kröfurnar sem settar eru fram í c- lið og i. til iv. lið e-liðar 1. mgr. þessarar greinar ekki um stofnanir sem nota stöðluðu aðferðafræðina eða einfölduðu aðferðafræðina sem um getur í 1. mgr. 84. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

449. gr.

Birting upplýsinga um áhættuskuldbindingar vegna verðbréfaðra staðna

Stofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga í samræmi við 5. kafla II. bálks í þriðja hluta eða kröfur vegna eiginfjárgrunns í samræmi við 337. eða 338. gr. skulu birta aðskilið eftirfarandi upplýsingar vegna starfsemi í veltubók og utan veltubókar:

a) lýsingu á verðbréfunarstarfsemi og endurverðbréfunarstarfsemi, þ.m.t. áhættustýring þeirra og fjárfestingarmarkmið í tengslum við þessa starfsemi, hlutverk þeirra í verðbréfunarviðskiptum og endurverðbréfunarviðskiptum, hvort þær nota einfalda, gagnsæja og staðlaða verðbréfun (e. *simple, transparent and standardised securitisation* (STS)) eins og skilgreint er í 10. lið 242. gr. og að hve miklu leyti þær nota verðbréfunarviðskipti við yfirfærslu á útlánaáhættu vegna verðbréfaðra áhættuskuldbindinga til þriðja aðila ásamt, eftir atvikum, sérstakri lýsingu á stefnu þeirra að því er varðar yfirfærslu áhættu þegar um er að ræða gerviverðbréfun,

b) tegund áhættu sem þær standa frammi fyrir í verðbréfunar- eða endurverðbréfunarstarfsemi sinni að því er varðar forgang viðkomandi verðbréfaðra staðna þar sem gerður er greinarmunur á STS-stöðum og stöðum sem eru ekki STS-stöður og:

i. áhættu sem haldið er eftir í viðskiptum sem þær sjálfar hafa hafið,

ii. áhættu vegna viðskipta sem þriðju aðilar hafa hafið,

c) aðferðir við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem þær beita í verðbréfunarstarfsemi sinni, þ.m.t. þær tegundir verðbréfaðra staðna sem hver aðferð á við og þar sem gerður er greinarmunur á STS-stöðum og stöðum sem eru ekki STS-stöður,

d) lista yfir sérstaka verðbréfunaraðila sem falla undir einhvern eftirtalinna flokka ásamt lýsingu á tegund áhættuskuldbindinga gagnvart þessum sérstöku verðbréfunaraðilum, þ.m.t. afleiðusamningar:

i. sérstaka verðbréfunaraðila sem afla sér áhættuskuldbindinga sem stofnanirnar eru upphafsaðilar að,

ii. sérstaka verðbréfunaraðila sem styrktir eru af stofnununum,

iii. sérstaka verðbréfunaraðila og aðra lögaðila sem stofnanir veita þjónustu í tengslum við verðbréfun, s.s. ráðgjafar-, eignastýringar- eða rekstrarþjónustu,

iv. sérstaka verðbréfunaraðila sem taldir eru með í eftirlitsbundnum samstæðureikningsskilum stofnananna,

e) lista yfir alla lögaðila sem stofnanirnar hafa upplýst um að hafi veitt stuðning í samræmi við 5. kafla II. bálks í þriðja hluta,

f) lista yfir lögaðila sem tengdir eru stofnununum og sem fjárfesta í verðbréfunum sem eiga uppruna sinn hjá stofnununum eða í verðbréfuðum stöðum sem gefnar eru út af sérstökum verðbréfunaraðilum sem styrktir eru af stofnununum,

g) samantekt um reikningsskilaaðferðir þeirra vegna verðbréfunarviðskipta, þ.m.t. ef við á aðgreining á verðbréfuðum og endurverðbréfuðum stöðum,

h) nöfn utanaðkomandi lánshæfismatsstofnana sem notaðar eru vegna verðbréfunar og tegundir áhættuskuldbindinga sem hver stofnun er notuð fyrir,

i) eftir atvikum, lýsingu á innramatsaðferðinni eins og hún er sett fram í 5. kafla II. bálks í þriðja hluta, þ.m.t. uppbygging innra matsferlis og tengsl milli innra mats og utanaðkomandi mats utanaðkomandi lánshæfismats-fyrirtækis sem birt er í samræmi við h-lið, eftirlitskerfi vegna innri matsferla að meðtalinni umfjöllun um óhæði, ábyrgð og endurskoðun á innri matsferlum, tegundir áhættuskuldbindinga sem innra mati er beitt á og álagsþættir sem eru notaðir til að ákvarða að hvaða marki lánshæfi skal endurbætt,

j) aðskilið fyrir veltubók og fjárfestingarbók, bókfært verð verðbréfaðra áhættuskuldbindinga, þ.m.t. upplýsingar um hvort stofnanir hafi yfirfært verulega útlánaáhættu í samræmi við 244. og 245. gr. þar sem stofnanir koma fram sem upphafsaðili, bakhjarl eða fjárfestir, aðskilið fyrir hefðbundnar verðbréfanir og gerviverðbréfanir og fyrir STS-stöður og stöður sem eru ekki STS-stöður, sundurliðað eftir tegund verðbréfaðra áhættuskuldbindinga,

k) að því er varðar starfsemi í fjárfestingarbók, eftirfarandi upplýsingar um:

   i. samanlagða fjárhæð verðbréfaðra staðna þegar stofnanir koma fram sem upphafsaðilar eða styrktaraðilar og tengdar áhættuvegnar eignir og eiginfjárkröfur samkvæmt eftirlitsbundinni nálgun, þ.m.t. áhættuskuldbindingar sem dregnar eru frá eiginfjárgrunni eða hafa 1250% áhættuvog, sundurliðað eftir hefðbundinni verðbréfun og gerviverðbréfun og eftir verðbréfuðum og endurverðbréfuðum áhættuskuldbindingum, aðskilið fyrir STS-stöður og stöður sem eru ekki STS-stöður og sundurliðað enn frekar í markvissan fjölda flokka áhættuvoga eða eiginfjárkrafna, fyrir hverja aðferð sem notuð er við útreikning á eiginfjárkröfum,

   ii. samanlagða fjárhæð verðbréfaðra staðna þegar stofnanir koma fram sem fjárfestar og tengdar áhættuvegnar eignir og eiginfjárkröfur samkvæmt eftirlitsbundinni nálgun, þ.m.t. áhættuskuldbindingar sem dregnar eru frá eiginfjárgrunni eða hafa 1250% áhættuvog, sundurliðað eftir hefðbundinni verðbréfun og gerviverðbréfun, verðbréfuðum og endurverðbréfuðum stöðum, og STS-stöðum og stöðum sem eru ekki STS-stöður og sundurliðað enn frekar í markvissan fjölda flokka áhættuvoga eða eiginfjárkrafna, fyrir hverja aðferð sem notuð er við útreikning á eiginfjárkröfum,

l) að því er varðar áhættuskuldbindingar sem stofnun hefur verðbréfað, fjárhæð áhættuskuldbindinga í vanskilum og fjárhæð sértækrar aðlögunar á útlánaáhættu sem stofnun hefur gert á yfirstandandi tímabili, í báðum tilvikum sundurliðað eftir tegund áhættuskuldbindingar.

449. gr. a

Birting upplýsinga um umhverfis-, félags- og stjórnunaráhættu (UFS-áhætta)

Frá 28. júní 2022 skulu stórar stofnanir sem hafa gefið út verðbréf sem tekin eru til viðskipta á skipulegum markaði í aðildarríki, eins og skilgreint er í 21. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, birta upplýsingar um UFS-áhættu, þ.m.t. náttúrulega áhættu og umbreytingaráhættu, eins og hún er skilgreind í skýrslunni sem um getur í 8. mgr. 98. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

Upplýsingarnar sem um getur í fyrstu málsgrein skulu birtar á ársgrundvelli fyrir fyrsta árið og á tveggja ára fresti eftir það.

450. gr.

Birting upplýsinga um launakjarastefnu

1. Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar um launakjarastefnu og -venjur sínar vegna þeirra flokka starfsfólks sem við störf sín hefur marktæk áhrif á áhættusnið stofnananna:

a) upplýsingar um ákvarðanatökuferlið sem fylgt er þegar launakjarastefnan er mótuð, ásamt fjölda funda sem aðalstofnunin sem hefur umsjón með launakjörum heldur á fjárhagsárinu, þ.m.t., eftir atvikum, upplýsingar um samsetningu og umboð launakjaranefndar, utanaðkomandi ráðgjafa sem veitt hefur þjónustu við mótun launakjarastefnunnar og hlutverk hlutaðeigandi hagsmunaaðila,

b) upplýsingar um tengsl milli launa starfsfólks og árangurs þeirra,

c) mikilvægustu einkenni á fyrirkomulagi launakjarakerfis, þ.m.t. upplýsingar um viðmiðanirnar sem notaðar eru við mat á frammistöðu og aðlögun á áhættu, stefnu varðandi frestun og forsendur ávinnslu,

d) hlutföllin milli fastra og breytilegra launakjara sem sett eru í samræmi við g-lið 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB,

e) upplýsingar um árangursviðmiðanir sem réttur til hlutabréfa, valréttar eða breytilegra þátta launakjara byggist á,

f) helstu breytur og rökstuðningur fyrir breytilegu kerfi og annarri umbun sem ekki er í reiðufé,

g) samanlagðar tölulegar upplýsingar um launakjör, sundurliðaðar eftir rekstrarsviði,

h) samanlagðar tölulegar upplýsingar um launakjör, sundurliðaðar eftir framkvæmdastjórn og starfsfólki sem við störf sín hefur marktæk áhrif á áhættusnið stofnananna, þar sem eftirfarandi er tilgreint:

   i. fjárhæðir launakjara sem veittar eru á viðkomandi fjárhagsári, skipt í föst launakjör, þ.m.t. lýsing á föstum þáttum, og breytileg launakjör, og fjölda viðtakenda,

   ii. fjárhæðir og tegundir breytilegra launakjara, skipt í reiðufé, hlutabréf, hlutabréfatengda gerninga og aðrar tegundir sem skipt er í þann hluta sem fæst strax greiddur og þann hluta sem frestað er,

   iii. fjárhæðir útistandandi frestaðra launakjara sem veittar eru á fyrri árangurstímabilum, skipt í þá fjárhæð sem fæst á fjárhagsárinu og þá fjárhæð sem fæst á næstu árum,

   iv. fjárhæðir frestaðra launakjara sem fást á fjárhagsárinu sem eru greiddar út á fjárhagsárinu og sem eru lækkaðar í samræmi við mat á framvindu aðlögunar,

   v. tryggð breytileg launakjör sem veitt eru á fjárhagsárinu, og fjöldi viðtakenda þeirra,

   vi. fjárhæðir greiðslna vegna samningsrofs sem veittar eru á fyrri tímabilum, sem hafa verið greiddar út á fjárhagsárinu,

   vii. fjárhæðir greiðslna vegna samningsrofs sem veittar eru á fjárhagsárinu, skipt í greiddar fjárhæðir og frestaðar fjárhæðir, fjöldi viðtakenda þessara greiðslna og hæsta greiðsla sem veitt hefur verið einum aðila,

i) fjölda einstaklinga sem hafa fengið 1 milljón evra eða meira í laun á fjárhagsári, sundurliðað í 500 000 evra launaþrep vegna launa á bilinu 1 milljón evra til 5 milljónir evra og sundurliðað í 1 milljónar evra launaþrep vegna launa sem eru 5 milljónir evra og hærri,

j) heildarlaunakjör hvers aðila í stjórninni eða framkvæmdastjórninni, fari viðkomandi aðildarríki eða lögbært yfirvald fram á það,

k) upplýsingar um hvort stofnunin nýtur hagræðis af undanþágunni sem mælt er fyrir um í 3 mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

Að því er varðar k-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu stofnanir sem njóta hagræðis af slíkri undanþágu tilgreina hvort þær njóta hagræðis af undanþágunni á grundvelli a- eða b-liðar 3 mgr. 94. gr. tilskipunar 2013/36/ESB. Þær skulu einnig tilgreina fyrir hvaða meginreglu um launakjör þær beita undanþágunni eða undanþágunum, fjölda starfsmanna sem njóta góðs af undanþágunni eða undanþágunum og heildarlaunakjör þeirra, skipt niður í föst launakjör og breytileg launakjör.

2. Að því er varðar stórar stofnanir skulu megindlegu upplýsingarnar um launakjör sameiginlegrar stjórnar stofnananna sem um getur í þessari grein einnig gerðar aðgengilegar almenningi og greinarmunur gerður á stjórnendum og þeim sem eru það ekki.

Stofnanir skulu fara að kröfunum sem settar eru fram í þessari grein með hætti sem á við um stærð þeirra, innra skipulag og þess hvers eðlis starfsemi þeirra er, umfangs hennar og þess hversu flókin hún er og án þess að hafa áhrif á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 (*).

451. gr.

Birting upplýsinga um vogunarhlutfallið

1. Stofnanir sem falla undir sjöunda hluta skulu birta eftirfarandi upplýsingar um vogunarhlutfall sitt eins og það er reiknað í samræmi við 429. gr. og stýringu þeirra á hættunni á of mikilli vogun:

a) vogunarhlutfallið og hvernig stofnanirnar beita 2. mgr. 499. gr.,

b) sundurliðun á heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar sem um getur í 4. mgr. 429. gr., ásamt samrýmingu þeirrar stærðar við viðeigandi upplýsingagjöf í birtum reikningsskilum,

c) eftir atvikum, fjárhæð áhættuskuldbindinganna sem reiknuð er í samræmi við 8. mgr. 429. gr. og 1. mgr. 429. gr. a og aðlagaða vogunarhlutfallið sem reiknað er í samræmi við 7. mgr. 429. gr. a,

d) lýsingu á ferlunum sem notaðir eru til að stýra hættunni á of mikilli vogun,

e) lýsingu á þáttunum sem höfðu áhrif á vogunarhlutfallið á tímabilinu sem vogunarhlutfallið, sem upplýsingar hafa verið birtar um, vísar til.

2. Opinberar þróunarlánastofnanir eins og þær eru skilgreindar í 2. mgr. 429. gr. a skulu birta vogunarhlutfallið án aðlögunarinnar á heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar sem ákvörðuð er í samræmi við d-lið fyrstu undirgreinar 429. gr. a.

3. Til viðbótar við a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar skulu stórar stofnanir birta vogunarhlutfallið og sundurliðunina á heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar sem um getur í 4. mgr. 429. gr. á grundvelli meðaltala sem reiknuð eru í samræmi við framkvæmdargerðina sem um getur í 430. gr.

451. gr. a

Birting upplýsinga um lausafjárkröfur

1. Stofnanir sem falla undir sjöunda hluta skulu birta upplýsingar um lausafjárþekjuhlutfall sitt, hlutfall stöðugrar fjármögnunar og stýringu á lausafjáráhættu í samræmi við þessa grein.

2. Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar í tengslum við lausafjárþekjuhlutfall sitt eins og það er reiknað í samræmi við framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. 460. gr.:

a) meðaltal eða meðaltöl, eftir því sem við á, af lausafjárþekjuhlutfalli sínu sem byggt er á athugunum í lok mánaðar á næstliðnum 12 mánuðum fyrir hvern ársfjórðung viðkomandi birtingartímabils,

b) meðaltal eða meðaltöl, eftir því sem við á, af heildarlausafjáreignum, eftir að viðkomandi frádragi hefur verið beitt sem reiknast með í lausafjárforða samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr, sem byggt er á athugunum í lok mánaðar á næstliðnum 12 mánuðum fyrir hvern ársfjórðung viðkomandi birtingartímabils og lýsingu á samsetningu þessa varaforða lauss fjár,

c) meðaltöl af útstreymi og innstreymi lauss fjár og hreint útstreymi lauss fjár eins og það er reiknað samkvæmt framseldu gerðinni sem um getur í 1. mgr. 460. gr, og sem byggt er á athugunum í lok mánaðar á næstliðnum 12 mánuðum fyrir hvern ársfjórðung viðkomandi birtingartímabils og lýsingu á samsetningu þess.

3. Stofnanir skulu birta eftirfarandi upplýsingar í tengslum við hlutfall stöðugrar fjármögnunar eins og það er reiknað í samræmi við IV. kafla sjötta hluta:

a) tölur um hlutfall stöðugrar fjármögnunar í ársfjórðungslok reiknað í samræmi við 2. kafla IV. bálks í sjötta hluta fyrir hvern ársfjórðung á viðeigandi birtingartímabili.

b) yfirlit yfir fjárhæð tiltækar stöðugrar fjármögnunar sem er reiknuð í samræmi við 3. kafla IV. bálks í sjötta hluta,

c) yfirlit yfir fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar sem er reiknuð í samræmi við 4. kafla IV. bálks í sjötta hluta.

4. Stofnanir skulu birta upplýsingar um ráðstafanir, kerfi, verkferla og áætlanir sem komið er á fót til að greina, meta, stýra og hafa eftirlit með lausafjáráhættu sinni í samræmi við 86. gr. tilskipunar 2013/36/ESB.

III. BÁLKUR

SKILYRÐI FYRIR NOTKUN TILTEKINNA GERNINGA EÐA AÐFERÐAFRÆÐI

452. gr.

Birting upplýsinga um notkun innramatsaðferðarinnar vegna útlánaáhættu

Stofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt innramatsaðferðinni vegna útlánaáhættu skulu birta eftirfarandi upplýsingar:

a) leyfi lögbærra yfirvalda á aðferðinni eða samþykktri umbreytingu,

b) að því er varðar hvern flokk áhættuskuldbindinga sem um getur í 147. gr., hundraðshlutfall heildaráhættuskuldbindingarvirðis hvers flokks áhættuskuldbindinga sem fellur undir staðalaðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. kafla II. bálks í þriðja hluta, eða innramatsaðferðina, sem mælt er fyrir um í 3. kafla II. bálks í þriðja hluta, ásamt þeim hluta hvers áhættuskuldbindingaflokks sem fellur undir framkvæmdaáætlun; hafi stofnanir fengið leyfi til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðla fyrir útreikninginn á fjárhæðum áhættuveginnar skuldbindingar skulu þær birta sérstaklega hundraðshlutfall heildaráhættuskuldbindingarvirðis hvers flokks áhættuskuldbindingar sem fellur undir það leyfi,

c) eftirlitskerfin vegna matskerfa á mismunandi stigum líkansþróunar, eftirlits og breytinga sem skulu innihalda upplýsingar um:

   i. tengslin milli deildar áhættustýringar og deildar innri endurskoðunar,

   ii. yfirlitið yfir matskerfi,

   iii. aðferðina við að tryggja að deildin sem annast endurskoðunina á líkönunum sé óháð deildunum sem bera ábyrgð á þróun líkananna,

   iv. verklagsregluna sem tryggir ábyrgðarskyldu deildanna sem annast þróun og endurskoðun á líkönunum,

d) hlutverk deildanna sem koma að þróun, samþykki og síðari breytingum á líkönum til að reikna útlánaáhættu,

e) umfang og meginefni skýrslugjafar sem tengist líkönum til að reikna útlánaáhættu,

f) lýsingu á innra matsferlinu eftir flokki áhættuskuldbindinga, þ.m.t. fjöldi helstu líkana sem notuð eru fyrir hvert eignasafn og stutt umfjöllun um helsta muninn á líkönunum innan sama eigna safns, sem nær yfir:

   i. skilgreiningar, aðferðir og gögn vegna sannprófunar á líkum á vanskilum sem skulu innihalda upplýsingar um hvernig líkur á vanskilum eru metnar fyrir eignasafn með lága vanskilaáhættu, hvort fyrir hendi séu eftirlitsbundin neðri mörk og þættir sem útskýra þann mun sem komið hefur í ljós að því er varðar líkur á vanskilum og raunverulegum vanskilahlutföllum á a.m.k. þremur síðustu tímabilum,

   ii. eftir atvikum, skilgreiningar, aðferðir og gögn vegna mats á og sannprófunar á tapi að gefnum vanefndum, s.s. aðferðir til að reikna efnahagssamdrátt, hvernig tap að gefnum vanefndum er metið fyrir eignasafn með lága vanskilaáhættu og tímann sem líður frá vanefndum fram að lúkningu áhættuskuldbindingarinnar,

   iii. eftir atvikum, skilgreiningar, aðferðir og gögn vegna mats á og sannprófunar á breytistuðlum, þ.m.t. forsendur sem notaðar eru til að leiða út þessar breytur,

g) eftir því sem við á, eftirfarandi upplýsingar að því er varðar hvern flokk áhættuskuldbindinga sem um getur í 147. gr.:

   i. heildaráhættuskuldbindingar sínar í efnahagsreikningi,

   ii. virði áhættuskuldbindinga sinna utan efnahagsreiknings áður en þær beita viðeigandi breytistuðli,

   iii. áhættuskuldbindingar sínar eftir að hafa beitt viðeigandi breytistuðli og mildun útlánaáhættu,

   iv. hvers konar líkan, breytu eða ílag sem skiptir máli til að skilja áhættuvogina og fjárhæðir áhættuskuldbindinga sem af því leiðir og birtar eru fyrir nægilega mörg þrep loforðagjafa (þ.m.t. vanskil) til að hægt sé að aðgreina útlánaáhættu á markvissan hátt,

v. aðskilið fyrir þessa flokka áhættuskuldbindinga að því er varðar lánastofnanir sem hafa fengið leyfi til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðla vegna útreiknings á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga og að því er varðar áhættuskuldbindingar sem stofnanir nota ekki slíkt mat fyrir, virðið sem um getur í i. til iv. lið sem háð er þessu leyfi,

h) samanburð á mati stofnana á líkum á vanskilum og raunverulegu vanskilahlutfalli fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga á lengra tímabili, ásamt aðskilinni birtingu á bili líknanna á vanskilum, samsvarandi ytra mat, vegið meðaltal og meðalgildi líkna á vanefndum, fjölda loforðsgjafa í lok undangengins árs og uppgjörsárs, fjölda loforðsgjafa í vanskilum, þ.m.t. nýir loforðsgjafar í vanskilum og ársmeðaltal fyrra vanskilahlutfalls.

Að því er varðar b-lið þessarar greinar skulu stofnanir nota áhættuskuldbindingarvirðið eins og það er skilgreint í 166. gr.

453. gr.

Birting upplýsinga um notkun aðferða til mildunar útlánaáhættu

Stofnanir sem beita aðferðum til mildunar útlánaáhættu skulu birta eftirfarandi upplýsingar:

a) helstu einkenni stefna og ferla fyrir skuldajöfnun innan og utan efnahagsreiknings og vísbendingu um að hvaða marki stofnanir beita skuldajöfnun í efnahagsreikningi,

b) helstu einkenni stefna og ferla fyrir mat og stýringu á hæfum tryggingum,

c) lýsingu á helstu tegundum trygginga sem stofnunin tekur við til að milda útlánaáhættu,

d) að því er varðar tryggingar og útlánaafleiður, helstu tegundir ábyrgðaraðila og mótaðila lánaafleiðna og lánshæfi þeirra sem notaðar eru til að draga úr eiginfjárkröfum, að frátöldum þeim sem notaðar eru sem hluti af gerviverðbréfunarfyrirkomulagi,

e) upplýsingar um samþjöppun markaðs- eða útlánaáhættu innan þeirrar mildunar á útlánaáhættu sem gripið er til,

f) að því er varðar stofnanir sem reikna út fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferðinni eða innramatsaðferðinni, heildarvirði áhættuskuldbindinga sem ekki er með neinni hæfri útlánavörn og heildaráhættuvirði með hæfri útlánavörn eftir beitingu jöfnunar flökts; upplýsingarnar sem kveðið er á um í þessum lið skulu veittar aðskilið fyrir lán og skuldabréf og innihalda sundurliðun áhættuskuldbindinga í vanskilum,

g) samsvarandi breytistuðul og mildun útlánaáhættu sem tengist áhættuskuldbindingunni og aðferðirnar til mildunar útlánaáhættu með og án staðgönguáhrifa,

h) að því er varðar stofnanir sem reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferðinni, virði áhættuskuldbindinga innan og utan efnahagsreiknings eftir áhættuskuldbindingarflokki fyrir og eftir beitingu breytistuðla og hvers konar tengd mildun útlánaáhættu,

i) að því er varðar stofnanir sem reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferðinni, fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga og hlutfallið milli fjárhæðar þeirrar áhættuvegnu áhættuskuldbindingar og virðis áhættuskuldbindingarinnar eftir beitingu á samsvarandi breytistuðli og mildun útlánaáhættu sem tengist áhættuskuldbindingunni; upplýsingarnar sem kveðið er á um í þessum lið skulu birtar aðskilið fyrir hvern flokk áhættuskuldbindinga,

j) að því er varðar stofnanir sem reikna fjárhæðir áhættuveginna áhættuskuldbindinga samkvæmt innramatsaðferðinni, fjárhæð áhættuveginna áhættuskuldbindinga fyrir og eftir viðurkenningu á áhrifunum af mildun útlánaáhættu á skuldaafleiður; ef lánastofnanir hafa fengið leyfi til að nota eigið mat á tapi að gefnum vanefndum og breytistuðla vegna útreiknings á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga skulu þær birta upplýsingarnar sem kveðið er á um í þessum lið aðskilið fyrir þá flokka áhættuskuldbindinga sem falla undir það leyfi.

454. gr.

Birting upplýsinga um notkun þróuðu mæliaðferðarinnar vegna rekstraráhættu

Stofnanir sem nota þróuðu mæliaðferðirnar sem eru settar fram í 321. til 324. gr. við útreikninga á kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar rekstraráhættu skulu birta lýsingu á notkun trygginga og annarra aðferða við yfirfærslu áhættu í því skyni að draga úr þessari áhættu.

455. gr.

Notkun á líkönum fyrir innrimarkaðsáhættu

Stofnanir sem reikna úr fjármagnsþörf sína í samræmi við 363. gr. skulu birta eftirfarandi upplýsingar:

a) fyrir hvert undirsafn:

i. einkenni líkananna sem notuð eru,

ii. eftir atvikum, vegna eigin líkana fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu og fyrir fylgniviðskipti, þær aðferðir sem notaðar eru og þær áhættur sem mældar eru með eigin líkani, þ.m.t. lýsing á aðferð stofnunarinnar við að ákvarða seljanleikatímabil (e. liquidity horizons), aðferðir sem notaðar eru til að ná fram mati á eigin fé sem er í samræmi við kröfur um fjárhagslegt heilbrigði og aðferðir við sannprófun líkansins,

iii. lýsingu á álagsprófunum sem beitt er á undirsafnið,

iv. lýsingu á aðferðunum sem notaðar eru við prófanir aftur í tímann og sannprófun á nákvæmni og samkvæmni eigin líkana og ferla við gerð líkananna,

b) gildissvið leyfis lögbærra yfirvalda,

c) lýsingu á því að hvaða marki og með hvaða aðferðum farið er að kröfunum sem settar eru fram í 104. og 105. gr.,

d) hæsta, lægsta og meðaltal eftirfarandi:

i. daglegs mats á vágildi á skýrslutímabilinu og við lok skýrslutímabilsins,

ii. daglegs mats á vágildi við erfiðar aðstæður á skýrslutímabilinu og við lok skýrslutímabilsins,

iii. áhættutölum fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu og fyrir sértæka áhættu fylgniviðskiptasafns á skýrslutímabilinu og eins og þær eru við lok skýrslutímabilsins,

e) þættina í kröfunni vegna eiginfjárgrunns eins og tilgreint er í 364. gr.,

f) vegið meðaltal seljanleikatímabils fyrir hvert undirsafn sem eigin líkön fyrir aukna vanskila- og tilfærsluáhættu og fyrir fylgniviðskipti ná yfir,

g) samanburð daglegra mælinga vágildis í dagslok við eins dags breytingar á verðgildi verðbréfasafnsins við lok næsta viðskiptadags ásamt greiningu mikilvægra yfirskota á skýrslutímabilinu.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).“

120) Eftirfarandi liður bætist við 456. gr.:

„k) breytingar á kröfum um birtingu upplýsinga sem mælt er fyrir um í II. og III. bálki í áttunda hluta til að taka mið af þróun eða breytingum á alþjóðlegum stöðlum um birtingu upplýsinga.“

121) Í stað i-liðar 457. gr. kemur eftirfarandi:

„i) annar hluti og 430. gr., einungis í kjölfar þróunar í reikningsskilastöðlum eða -kröfum sem taka mið af löggjöf Sambandsins.“

122) Ákvæðum 458. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2 Ef yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar greinir breytingar á styrkleika þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu í fjármálakerfinu sem gætu hugsanlega haft alvarlegar neikvæðar afleiðingar fyrir

fjármálakerfið og raunhagkerfið í ákveðnu aðildarríki og sem það yfirvald telur að ekki sé hægt að taka á með öðrum þjóðhagsvarúðartækjum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og í tilskipun 2013/36/ESB á eins skilvirkan hátt og með því að framkvæma strangari landsbundnar ráðstafanir skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og evrópska kerfisáhætturáðinu um það. Evrópska kerfisáhætturáðið skal framsenda tilkynninguna án tafar til Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar.

Tilkynningunni skulu fylgja eftirfarandi skjöl og innihalda, eftir því sem við á, viðeigandi eigindleg og megindleg sönnunargögn um:

a) breytingar á styrkleika þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu,

b) ástæður þess að slíkar breytingar gætu verið ógn við fjárhagslegan stöðugleika á landsvísu eða raunhagkerfið,

c) útskýringu á því hvers vegna yfirvöld telja að þjóðhagsvarúðartækin sem um getur í 124. og 164. gr. þessarar reglugerðar og 133. og 136. gr. tilskipunar 2013/36/ESB væru síður viðeigandi og skilvirk til að takast á við þessa áhættu heldur en drögin að landsbundnu ráðstöfunum sem um getur í d-lið þessarar málsgreinar,

d) drögin að landsráðstöfunum fyrir stofnanir sem hafa landsbundið starfsleyfi, eða hlutmengi þessara stofnana, sem ætlað er að takmarka breytingar á styrkleika áhættu og varðandi:

   i. stærð eiginfjárgrunns sem mælt er fyrir um í 92. gr.,

   ii. kröfurnar vegna stórra áhættuskuldbindinga sem mælt er fyrir um í 392. gr. og 395. til 403. gr.,

   iii. kröfur varðandi lausafjárstöðu sem mælt er fyrir um í sjötta hluta,

   iv. áhættuvogir til að nota á eignabólur í íbúðarhúsnæði- og atvinnuhúsnæðisgeiranum,

   v. kröfur um opinbera birtingu sem mælt er fyrir um í áttunda hluta,

   vi. stærð verndunarauka sem mælt er fyrir um í 129. gr. tilskipunar 2013/36/ESB eða

   vii. áhættuskuldbindingar innan fjármálageirans,

e) útskýringu á því hvers vegna drögin að ráðstöfunum sem yfirvaldið sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr., telur að séu viðeigandi, skilvirk og í réttu hlutfalli til að takast á við ástandið, og

f) mat á líklegum jákvæðum eða neikvæðum áhrifum draganna að ráðstöfunum á innri markaðinn sem byggist á upplýsingum sem eru aðgengilegar hlutaðeigandi aðildarríki.

b) Í stað 4. og 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„4 Ráðinu er veitt heimild, með auknum meirihluta atkvæða, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, til að samþykkja framkvæmdargerð til að hafna drögum að landsráðstöfununum sem um getur í d-lið 2. mgr.

Evrópska kerfisáhætturáðið og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skulu innan eins mánaðar frá móttöku tilkynningarinnar sem um getur í 2. mgr. veita ráðinu, framkvæmdastjórninni og hlutaðeigandi aðildarríki álit sitt á þeim atriðum sem um getur í a- til f-lið þeirrar málsgreinar.

Að teknu fullu tilliti til þess álits sem um getur í annarri undirgrein og liggi til þess sterk og nákvæm rök að ráðstafanirnar hafi neikvæð áhrif á innri markaðinn sem vegi þyngra en ávinningurinn af fjármálastöðugleika, sem leiðir til þess að minni þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhætta greinist, má framkvæmdastjórnin innan eins mánaðar leggja til við ráðið framkvæmdargerð til að hafna drögunum að landsráðstöfunum.

Komi tillaga framkvæmdastjórnarinnar ekki fram innan þess eins mánaðar tímabils má hlutaðeigandi aðildarríki strax samþykkja drögin að landsráðstöfunum til allt að tveggja ára tímabils eða þar til þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættan er ekki lengur fyrir hendi, ef það gerist fyrr.

Ráðið skal taka ákvörðun um tillögu framkvæmdastjórnarinnar innan eins mánaðar frá móttöku hennar og færa rök fyrir því að það hafnar eða hafnar ekki drögunum að landsráðstöfununum.

Ráðið skal einungis hafna drögunum að landsráðstöfununum ef það telur að eitt eða fleiri eftirfarandi skilyrða séu ekki uppfyllt:

a) breytingarnar á styrkleika þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu eru með þeim hætti að þær ógna fjármálastöðugleika á landsvísu,

b) þjóðhagsvarúðartækin sem kveðið er á um í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB eru ekki jafn viðeigandi eða skilvirk og drögin að landsráðstöfununum til að takast á við þá þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu sem greinst hefur,

c) drögin að landsráðstöfununum hafa ekki í för með sér hlutfallslega of mikil skaðleg áhrif á allt fjármálakerfið, eða hluta þess, í öðrum aðildarríkjum eða í Sambandinu í heild, sem mynda þannig eða skapa hindrun í vegi starfsemi innri markaðarins, og

d) málefnið varðar einungis eitt aðildarríki.

Mat ráðsins skal taka tillit til álits evrópska kerfisáhætturáðsins og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og byggjast á sönnunargögnum sem lögð eru fram í samræmi við 2. mgr. af hálfu yfirvaldsins sem tilnefnt er í samræmi við 1. mgr.

Komi framkvæmdargerð ráðsins um að hafna drögunum að landsráðstöfununum ekki fram innan eins mánaðar frá því að framkvæmdastjórnin tekur við tillögunni má hlutaðeigandi aðildarríki samþykkja ráðstafanir til að beita þeim á tímabili sem varir allt að tvö ár eða þar til þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættan er ekki lengur fyrir hendi, ef það gerist fyrr.

5. Önnur aðildarríki mega viðurkenna ráðstafanirnar sem samþykktar eru í samræmi við þessa grein og beita þeim á stofnanir sem hafa útibú með landsbundið starfsleyfi og staðsett eru í aðildarríki sem hefur heimild til að beita ráðstöfununum.“

c) Í stað 9. og 10. mgr. kemur eftirfarandi:

„9. Áður en heimildin sem gefin er út í samræmi við 4. mgr. rennur út skal viðkomandi aðildarríki, í samráði við evrópska kerfisáhætturáðið og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, endurmeta ástandið og má samþykkja, í samræmi við aðferðina sem um getur í 4. mgr., nýja ákvörðun um framlengingu gildistímabils landsráðstafananna í allt að tvö ár til viðbótar í hvert skipti. Eftir fyrstu framlenginguna skal framkvæmdastjórnin, í samráði við evrópska kerfisáhætturáðið og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, endurmeta ástandið a.m.k. á tveggja ára fresti þar á eftir.

10. Þrátt fyrir aðferðina sem sett er fram í 3. til 9. mgr. skal aðildarríkjum heimilt að auka áhættuvogirnar umfram það sem kveðið er á um í þessari reglugerð um allt að 25% að því er varðar þær áhættuskuldbindingar sem fjallað er um í iv. og vii. lið d-liðar 2. mgr. þessarar greinar og lækka mörkin fyrir stórar áhættuskuldbindingar sem kveðið er á um í 395. gr. um allt að 15% í allt að tvö ár eða þar til þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhætta er ekki lengur fyrir hendi, ef það gerist fyrr, að því tilskildu að skilyrðin og tilkynningarskyldan sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar sé uppfyllt.“

123) Ákvæðum 460. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1 Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 462. gr. til að tilgreina nánar almennu kröfuna sem sett er fram í 1. mgr. 412. gr. Framseldu gerðirnar sem samþykktar eru í samræmi við þessa málsgrein skulu byggðar á þeim liðum sem skýrsla er gefin um í samræmi við II. bálk sjötta hluta og III. viðauka og tilgreina nánar við hvaða aðstæður lögbær yfirvöld verða að setja lánastofnunum ákveðin mörk varðandi inn- og útstreymi til að greina sértækar áhættur sem þær eru berskjaldaðar fyrir og virða viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í 2. mgr. þessarar greinar.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja framseldar gerðir sem tilgreina nánar kröfurnar um laust fé að því er varðar beitingu 8. gr. (3. mgr.), 411. til 416. gr., 419. gr., 422. gr., 425. gr., 428. gr. a, 428. gr. f, 428. gr. g, 428. gr. j til 428. gr. n, 428. gr. p, 428.gr. r, 428. gr. s, 428. gr. w, 428. gr. ae, 428. gr. ag, 428. gr. ah, 428. gr. ak og 451. gr. a.“

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3 Framkvæmdastjórninni er falið vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 462. gr. um breytingu á listanum yfir afurðir eða þjónustu sem kveðið er á um í 2. mgr. 428. gr. f ef hún telur að eignir og skuldbindingar sem tengjast beint öðrum afurðum eða þjónustu uppfylli skilyrðin sem um getur í 1. mgr. 428. gr. f.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldu gerðina sem um getur í fyrstu undirgrein eigi síðar en 28. júní 2024.“

124) Eftirfarandi grein bætist við:

„*461. gr. a*

Óhefðbundin staðalaðferð að því er varðar markaðsáhættu

Að því er varðar skýrslugjafarkröfuna sem sett er fram í 1. mgr. 430. gr. b er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 462. gr. til að breyta þessari reglugerð með því að gera tæknilegar aðlaganir á 325. gr. e, 325. gr. g til 325. gr. j, 325. gr. p, 325. gr. q, 325. gr. ae, 325. gr. ai, 325. gr. ak, 325. gr. am, 325. gr. ap til 325. gr. at, 325. gr. av og 325. gr. ax og tilgreina áhættuvægi 11. undirflokks í töflu 4 í 325. gr. ah og áhættuvogir sértryggðra skuldabréfa sem gefin eru út af lánastofnunum í þriðju löndum í samræmi við 325. gr. ah og samsvörun sértryggðra skuldabréfa sem gefin eru út af lánastofnunum í þriðju löndum í samræmi við 325. gr. aj í tengslum við óhefðbundnu staðalaðferðina sem sett er fram í 1. kafla a IV. bálks í þriðja hluta að teknu tilliti til þróunar á alþjóðlegum eftirlitsstöðlum.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldu gerðina sem um getur í 1. mgr. eigi síðar en 31. desember 2019.“

125) Í stað 462. gr. kemur eftirfarandi:

„*462. gr.*

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 244. gr. (6. mgr.), 245. gr. (6. mgr.) í 456. gr., 457. gr., 459. gr., 460. gr. og í 461. gr. a til óákveðins tíma frá 28. júní 2013.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla það framsal valds sem um getur í 244. gr. (6. mgr.), 245. gr. (6. mgr.) í 456. gr., 457. gr., 459. gr., 460. gr. og í 461. gr. a. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 244. gr. (6. mgr.), 245. gr. (6. mgr.), 456. gr., 457. gr., 459. gr., 460. gr. og 461. gr. a skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

126) Í stað 1. mgr. 471. gr. kemur eftirfarandi:

„1 Þrátt fyrir 1. mgr. 49. gr. geta lögbær yfirvöld, á tímabilinu frá 31. desember 2018 til 31. desember 2024, kosið að draga ekki frá hlutdeild í eigin fé í vátryggingafélögum, endurtryggingafélögum og eignarhaldsfélögum á vátryggingasviði ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) skilyrðin sem mælt er fyrir um í a- og e-lið 1. mgr. 49. gr.,

b) lögbær yfirvöld telja áhættustjórnun og aðferðir við fjármálagreiningu sem stofnunin samþykkir sérstaklega til að hafa eftirlit með fjárfestingu í fyrirtækinu eða eignarhaldsfélagi, viðunandi,

c) hlutdeild í eigin fé sem stofnunin á í vátryggingafélaginu, endurtryggingafélaginu eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði er ekki meiri en 15% af almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 sem sá vátryggingaraðili gefur út 31. desember 2012 og á tímabilinu frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2024,

d) fjárhæð hlutdeildar í eigin fé sem ekki er dregið frá er ekki hærri en fjárhæðin í almennum eiginfjárgrunnsgerningum þáttar 1 í vátryggingafélaginu, endurtryggingafélaginu eða eignarhaldsfélagi á vátryggingasviði eins og hún er 31. desember 2012.“

127) Ákvæðum 493. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrsta málsliðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„Ákvæði þau um stórar áhættuskuldbindingar sem mælt er fyrir um í 387. til 403. gr. skulu ekki gilda um fjárfestingarfyrirtæki sem hafa eingöngu að aðalstarfsemi að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi í tengslum við fjármálagerningana sem tilgreindir eru í 5., 6., 7., 9. 10. og 11. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2014/65/EB og sem tilskipun ráðsins 2004/39/EBE (*) gilti ekki um 31. desember 2006.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE (Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1).“

b) Í stað c-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„c) áhættuskuldbindingar, þ.m.t. hlutdeild eða annars konar eignarhald, sem stofnun stofnar til gagnvart móðurfélagi sínu, öðrum dótturfélögum þess móðurfélags eða eigin dótturfélögum, og virkir eignarhlutar, að því tilskildu að þessi félög séu undir því eftirliti á samstæðugrunni sem haft er með lánastofnuninni sjálfri, í samræmi við þessa reglugerð, tilskipun 2002/87/EB eða sambærilegar, gildandi reglur í þriðja landi; farið skal með þær tegundir áhættuskuldbindinga, sem ekki uppfylla þessi skilyrði, hvort sem þær eru undanþegnar 1. mgr. 395. gr. þessarar reglugerðar eða ekki, sem áhættuskuldbindingar gagnvart þriðja aðila.“

128) Í stað 494. gr. kemur eftirfarandi:

„494. gr.

Umbreytingarákvæði að því er varðar kröfuna um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar

1. Þrátt fyrir 92. gr. a skulu stofnanir sem tilgreindar eru sem skilaeiningar sem eru kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu, frá 27. júní 2019 til 31. desember 2021, ávallt uppfylla eftirfarandi kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar:

a) 16% áhættutengda hlutfallið sem stendur fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar stofnunarinnar sem gefið er upp sem hundraðshluti fjárhæðar heildaráhættugrunns sem reiknuð er í samræmi við 3. og 4. mgr. 92. gr.,

b) 6% hlutfallið sem stendur fyrir eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar stofnunarinnar sem ekki er áhættutengt gefið upp sem hundraðshluti heildarmælistærðar áhættuskuldbindingar sem reiknuð er í samræmi við 4. mgr. 429. gr.

2. Frá 27. júní 2019 til 31. desember 2021 skal, þrátt fyrir 3. mgr. 72. gr. b., markið, sem fella má hæfa skuldbindingargerninga sem um getur í 3. mgr. 72. gr. b undir liði hæfra skuldbindinga, vera 2,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns sem reiknuð er í samræmi við 3. og 4. mgr. 92. gr.

3. Þrátt fyrir 3. mgr. 72. gr. b skulu skuldbindingar, þar til skilastjórnvald metur í fyrsta sinn hlítingu við skilyrðið sem um getur í c-lið þeirrar málsgreinar, teljast vera hæfir skuldbindingargerningar allt að samanlagðri fjárhæð sem til 31. desember 2021 fer ekki yfir 2,5% og eftir þá dagsetningu 3,5% af fjárhæð heildaráhættugrunns sem reiknuð er í samræmi við 3. og 4. mgr. 92. gr. að því tilskildu að þær uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í a- og b-lið 3. mgr. 72. gr. b.“

129) Eftirfarandi greinar bætast við:

„*494. gr. a*

Beiting eldri reglna um útgáfur á vegum sérstakra verðbréfunaraðila

1. Þrátt fyrir 52. gr. skulu fjármagnsgerningar sem ekki eru gefnir milliliðalaust út af stofnun teljast vera viðbótareiginfjárgerningur þáttar 1 til 31. desember 2021 en því aðeins ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) skilyrðin sem um getur í 1. mgr. 52. gr., nema að því er varðar skilyrðið um að gerningarnir séu gefnir út af stofnuninni milliliðalaust,

b) gerningarnir eru gefnir út á vegum aðila innan samstæðureikningsins skv. 2. kafla II. bálks í fyrsta hluta,

c) ágóðinn er þegar í stað til taks fyrir stofnunina, án takmarkana og á formi sem fullnægir skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein.

2. Þrátt fyrir 63. gr. skulu fjármagnsgerningar sem ekki eru gefnir út af stofnun milliliðalaust teljast vera hæfir sem gerningar undir þætti 2 til 31. desember en aðeins ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) skilyrðin sem um getur í 63. gr., nema að því er varðar skilyrðið um að gerningarnir séu gefnir út af stofnuninni milliliðalaust,

b) gerningarnir eru gefnir út á vegum aðila innan samstæðureikningsins skv. 2. kafla II. bálks í fyrsta hluta,

c) ágóðinn er þegar í stað til taks fyrir stofnunina, án takmarkana og á formi sem fullnægir skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein.

494. gr. b

Beiting eldri reglna um eiginfjárgrunn og hæfa skuldbindingargerninga

1. Þrátt fyrir 51. og 52. gr. skulu gerningar sem gefnir eru út fyrir 27. júní 2019 teljast vera hæfir sem viðbótareiginfjárgerningur þáttar 1 til 28. júní 2025 í síðasta lagi ef þeir uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 51. og 52. gr., nema að því er varðar skilyrðin sem um getur í p-, q- og r-lið 1. mgr. 52. gr.

2. Þrátt fyrir 62. og 63. gr. skulu gerningar sem gefnir eru út fyrir 27. júní 2019 teljast vera hæfir sem gerningar undir þætti 2 til 28. júní 2025 í síðasta lagi ef þeir uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 62. og 63. gr., nema að því er varðar skilyrðin sem um getur í n-, o- og p-lið 1. mgr. 63. gr.

3. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. 72. gr. a skulu skuldbindingar sem gefnar eru út fyrir 27. júní 2019 teljast geta verið hæfir skuldbindingagerningar ef þær uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 72. gr. b, nema að því er varðar skilyrðin sem um getur í b-lið ii. liðar og f- til m-lið 2. mgr. 72. gr. b.“

130) Í stað 497. gr. kemur eftirfarandi:

„*497. gr.*

Krafa vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila

1. Ef miðlægur mótaðili þriðja lands sækir um viðurkenningu í samræmi við 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 mega stofnanir líta á þann miðlæga mótaðila sem fullgildan miðlægan mótaðila frá þeim degi sem hann lagði fram umsókn sína um viðurkenningu til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og fram að einhverri eftirfarandi dagsetninga:

a) ef framkvæmdastjórnin hefur þá þegar samþykkt framkvæmdargerð sem um getur í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar þriðja landið þar sem miðlægi mótaðilinn hefur staðfestu og framkvæmdargerðin hefur öðlast gildi, þar til tveimur árum eftir framlagningu umsóknarinnar,

b) ef framkvæmdastjórnin hefur ekki þá þegar samþykkt framkvæmdargerð sem um getur í 6. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar þriðja landið þar sem miðlægi mótaðilinn hefur staðfestu eða ef framkvæmdargerðin hefur ekki enn öðlast gildi, eftir því hvor dagsetningin er á undan:

i. þar til tveimur árum eftir gildistökudag þessarar reglugerðar,

ii. að því er varðar miðlæga mótaðila sem lögðu fram umsóknina eftir 27. júní 2019, þar til tveimur árum eftir dagsetningu á framlagningu umsóknarinnar,

iii. að því er varðar þá miðlægu mótaðila sem lögðu fram umsóknina fyrir 27. júní 2019, þar til 28. júní 2021.

2. Ef miðlægur mótaðili sem um getur í þessari málsgrein á ekki vanskilasjóð og hefur ekki gert bindandi samkomulag við stöðustofnunaraðila sína sem gerir honum kleift að nota allar eða hluta upphafstrygginga frá stöðustofnunaraðilum sínum eins og þær væru forfjármagnað framlag skal stofnunin, þar til fresturinn sem um getur í 1 mgr. þessarar greinar rennur út, skipta formúlunni til útreiknings á kröfunni vegna eiginfjárgrunns í 2. mgr. 308. gr. út fyrir eftirfarandi formúlu:

$$K_{CM_i} = \max\left\{K_{CCP} \cdot \frac{IM_i}{DF_{CCP} + IM}\ ;\ 8\,\% \cdot 2\,\% \cdot IM_i\right\}$$

þar sem:

K_{CM_i} = krafan vegna viðbótareiginfjárgrunns,

K_{CCP} = áætlað fjármagn fullgilds miðlægs mótaðila sem hann tilkynnir stofnuninni í samræmi við 50. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 648/2012,

DF_{CCP} = forfjármagnað fjármagn miðlægs mótaðila sem hann tilkynnir stofnuninni í samræmi við 50. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 648/2012,

i = stuðullinn sem auðkennir stöðustofnunaraðilann,

IM_i = upphafstryggingin sem uppgjörsaðili i tilkynnir miðlægum mótaðila,

IM = heildarfjárhæð upphafstryggingar sem miðlægur mótaðili tilkynnir stofnuninni í samræmi við 5. lið a í 89. gr. reglugerð (ESB) nr. 648/2012.

3. Í undantekningartilvikum, þegar þörf krefur og meðalhófs er gætt má framkvæmdastjórnin, til að koma í veg fyrir röskun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, samþykkja með framkvæmdargerðum og með fyrirvara um rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 464. gr. ákvörðun um að framlengja einu sinni um 12 mánuði umbreytingarákvæðin sem sett eru fram í 1. mgr. þessarar greinar.“

131) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 498. gr. kemur eftirfarandi:

„1 Ákvæðin um kröfur vegna eiginfjárgrunns sem sett eru fram í þessari reglugerð skulu ekki gilda um verðbréfafyrirtæki sem hafa að aðalstarfsemi að veita eingöngu fjárfestingarþjónustu eða stunda starfsemi í tengslum við fjármálagerningana sem tilgreindir eru í 5., 6., 7., 9. 10. og 11. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB og sem tilskipun 2004/39/EB gilti ekki um 31. desember 2006.“

132) Ákvæði 3. mgr. 499. gr. falla brott.

133) Í stað 500. og 501. gr. kemur eftirfarandi:

„500. gr.

Aðlögun vegna sölu í miklu magni

1. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. 181. gr. má stofnun laga tap sitt að gefnum vanefndum með því að jafna að hluta eða til fulls áhrifunum af sölu á miklu magni vanefndra áhættuskuldbindinga móti endanlegu tapi að gefnum vanefndum sem nemur allt að mismuninum á meðaltali áætlaðs taps að gefnum vanefndum fyrir sambærilegar vanefndar áhættuskuldbindingar sem hafa ekki verið innleystar til fulls og meðaltali endanlegs taps að gefnum vanefndum, þ.m.t. á grundvelli taps sem hefur orðið vegna sölu í miklu magni, um leið og öll eftirfarandi skilyrði hafa verið uppfyllt:

a) stofnunin hefur tilkynnt lögbæra yfirvaldinu um áætlun þar sem fram kemur stærð, samsetning og dagsetning sölu vanefndra áhættuskuldbindinga,

b) dagsetningarnar fyrir vanefndar áhættuskuldbindingar eru eftir 23. nóvember 2016 en ekki síðar en 28. júní 2022,

c) samanlögð fjárhæð vanefndra áhættuskuldbindinga sem seldar eru frá dagsetningu fyrstu sölu í samræmi við áætlunina sem um getur í a-lið hafa farið yfir 20% af útistandandi fjárhæð allra vanefndra áhættuskuldbindinga frá degi fyrstu sölunnar sem um getur í a- og b-lið.

Aðlögunin sem um getur í fyrstu undirgrein má aðeins hafa verið framkvæmd til 28. júní 2022 og áhrif hennar mega vara eins lengi og samsvarandi áhættuskuldbindingar eru felldar inn í eigið mat stofnunarinnar á tapi að gefnum vanefndum.

2. Stofnanir skulu tilkynna lögbæra yfirvaldinu án tafar um það þegar skilyrðið sem um getur í c-lið 1. mgr. hefur verið uppfyllt.

501. gr.

Aðlögun áhættuveginna áhættuskuldbindinga sem ekki eru í vanskilum gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum

1. Stofnanir skulu aðlaga fjárhæðir áhættuveginna skuldbindinga (e. *risk-weighted exposure amounts* (RWEA)) sinna vegna áhættuskuldbindinga sem ekki eru í vanskilum gagnvart litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem eru reiknaðar í samræmi við 2. eða 3. kafla II. bálks í þriðja kafla, eftir því sem við á, í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$\mathrm{RWEA}^{*} = \mathrm{RWEA} \cdot \frac{\min\{\mathrm{E}^{*};\ \mathrm{EUR}\ 2\ 500\ 000\} \cdot 0{,}7619 + \max\{\mathrm{E}^{*} - \mathrm{EUR}\ 2\ 500\ 000;\ 0\} \cdot 0{,}85}{\mathrm{E}^{*}}$$

þar sem:

RWEA* = RWEA aðlöguð með stuðningsþætti fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og

E* er annað= af eftirfarandi
a) heildarfjárhæðin sem lítið eða meðalstórt fyrirtæki eða hópur tengdra viðskiptavina litla eða meðalstóra fyrirtækisins skuldar stofnuninni, dótturfyrirtæki hennar, móðurfyrirtæki og öðrum dótturfyrirtækjum þessara móðurfyrirtækja, þ.m.t. allar áhættuskuldbindingar í vanskilum, en að frátöldum kröfum eða ábyrgðarkröfum tryggðum með veði í íbúðarhúsnæði,
b) þar sem heildarfjárhæðin sem um getur í a-lið er jöfn 0, fjárhæð krafna eða ábyrgðarkrafna á hendur litla eða meðalstóra fyrirtækinu eða hópi tengdra viðskiptavina litla eða meðalstóra fyrirtækisins sem eru tryggðar með veði í íbúðarhúsnæði og undanskildar frá útreikningnum á heildarfjárhæðinni sem um getur í þeim lið.

2. Að því er varðar þessa grein:

a) skal áhættukrafan á lítið eða meðalstórt fyrirtæki annaðhvort talin með í smásölu- eða fyrirtækjaflokkum eða tryggð með veði í fasteign,

b) lítið eða meðalstórt fyrirtæki er skilgreint í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB (*); af þeim viðmiðum sem eru skráð í 2. gr. viðaukans við þau tilmæli skal einungis hafa hliðsjón af ársveltu,

c) stofnanir skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að ákvarða E* á réttan hátt og afla sér upplýsinganna sem gerð er krafa um í b-lið.

(*) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).“

134) Eftirfarandi grein bætist við:

„501. gr. a

Aðlögun á kröfum vegna eiginfjárgrunns fyrir útlánaáhættu að því er varðar áhættukröfur á einingar sem starfrækja eða fjármagna efnisleg mannvirki eða starfsstöðvar, kerfi og net sem veita eða styðja við nauðsynlega opinbera þjónustu

1. Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar útlánaáhættu sem reiknaðar eru í samræmi við II. eða III. hluta skulu margfaldaðar með stuðlinum 0,75, að því tilskildu að áhættukrafan hlíti öllum eftirfarandi viðmiðum:

a) áhættukrafan er felld annaðhvort undir flokk áhættukrafna fyrirtækja eða undir flokk sértækrar lánaáhættuskuldbindingar, að undanskildum áhættukröfum í vanskilum,

b) áhættukrafan er á einingu sem var sérstaklega mynduð til að fjármagna efnisleg mannvirki eða starfsstöðvar, kerfi og net sem veita eða styðja við nauðsynlega opinbera þjónustu,

c) meginuppspretta endurgreiðslu skuldbindingarinnar er gefin upp fyrir ekki minna en tvo þriðju af fjárhæðinni með þeim tekjum sem hinar fjármögnuðu eignir gefa af sér, fremur en með sjálfstæðri endurgreiðslugetu atvinnufyrirtækis á breiðari grunni, eða með styrkjum, fjárveitingum eða fjármögnun frá einni eða fleiri einingum sem tilgreindar eru í i. og ii. lið b-liðar 2. mgr.,

d) lánþeginn getur uppfyllt fjárskuldbindingar sínar jafnvel í verulega alvarlegum aðstæðum sem skipta máli að því er varðar áhættuna af verkefninu,

e) sjóðstreymið sem lánþeginn skapar er fyrirsjáanlegt og stendur undir öllum framtíðarlánagreiðslum yfir allan lánstímann,

f) áhættan af endurfjármögnun áhættukröfunnar er lítil eða milduð á tilhlýðilegan hátt að teknu tilliti til hvers konar styrkja eða fjármögnunar sem veitt er af hálfu einnar eða fleiri þeirra eininga sem taldar eru upp í i. og ii. lið b-liðar 2. mgr.,

g) samningsbundna fyrirkomulagið veitir lánveitendum meiri vernd þ.m.t. eftirfarandi:

   i. ef tekjur lánþegans koma ekki sem greiðslur frá miklum fjölda notenda skal samningsbundna fyrirkomulagið innihalda ákvæði sem á skilvirkan hátt verndar lánveitendur og hlutabréfafjárfesta gegn tapi sem orsakast af slitum verkefnisins af hálfu aðilans sem samþykkt hefur að kaupa vörurnar eða þjónustuna sem lánþeginn lætur í té,

   ii. lánþeginn hefur næga varasjóði sem eru fjármagnaðir til fulls með reiðufé eða fjármögnunarfyrirkomulagi til að mæta ófyrirséðum útgjöldum og rekstrarfjárþörf á líftíma eignanna sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar,

   iii. lánveitendur hafa umtalsverð yfirráð yfir þeim eignum og tekjum sem lánþeginn skapar,

   iv. lánveitendur njóta ávinnings af tryggingu að því marki sem heimilað er í gildandi lögum í eignum og samningum sem eru mikilvægir fyrir starfrækslu innviðanna eða hafa annað fyrirkomulag til staðar sem tryggir stöðu þeirra,

   v. hlutafé er veðsett lánveitendum þannig að þeir geta tekið yfir stjórn einingarinnar komi til gjaldþrots,

   vi. notkunin á nettó sjóðstreymi frá rekstrinum eftir lögboðnar greiðslur frá verkefninu, í öðrum tilgangi en til að standa undir lánaskuldbindingum, er takmörkuð,

   vii. samningsbundnar takmarkanir eru á getu lánþegans til að framkvæma aðgerðir sem geta valdið lánveitendum skaða, þ.m.t. takmarkanir á að veita ný lán án samþykkis lánveitenda sem fyrir eru,

h) skuldbindingin hefur forgang á allar aðrar kröfur nema lögbundnar kröfur og kröfur frá mótaðilum í afleiðusamningum,

i) ef lánþeginn er á uppbyggingarstigi skal hluthafinn uppfylla eftirfarandi viðmið, eða ef hluthafar eru fleiri en einn, skal hópur hluthafa í heild uppfylla eftirfarandi viðmið:

   i. hluthafarnir hafa áður haft árangursríka tilsjón með innviðaverkefnum, fjárhagslegan styrk og viðeigandi sérfræðikunnáttu,

   ii. hluthafarnir eru með litla vanskilaáhættu eða lítil hætta er á að lánþeginn verði fyrir verulegu tapi lendi þeir í vanskilum,

   iii. fullnægjandi fyrirkomulag er til staðar til að jafna hagsmuni hluthafa og hagsmuni lánveitenda,

j) lánþeginn hefur fullnægjandi öryggisráðstafanir til að tryggja að verkefninu verði lokið samkvæmt samþykktri forskrift, fjárhagsáætlun eða lokadegi; þ.m.t. nægar tryggingar fyrir því að reyndur smiður ljúki við verkefnið eða komi að verkefninu og viðeigandi samningsákvæði sem tryggja skaðabætur með vöxtum,

k) ef rekstraráhætta er umtalsverð, er henni stjórnað á tilhlýðilegan hátt,

l) lánþeginn notar gæðaprófaða tækni og hönnun,

m) allra nauðsynlegra leyfa og heimilda hefur verið aflað,

n) lánþeginn notar afleiður eingöngu í áhættuvarnarskyni,

o) lánþeginn hefur framkvæmt mat á því hvort eignirnar sem eru fjármagnaðar stuðla að eftirfarandi umhverfismarkmiðum:

i. mildun loftslagsbreytinga,

ii. aðlögun að loftslagsbreytingum,

iii. sjálfbærri notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda,

iv. umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi, forvörnunum gegn myndun úrgangs og endurvinnslu,

v. mengunarvörnum og eftirliti með mengun,

vi. verndun heilbrigðra vistkerfa.

2. Að því er varðar e-lið 1. mgr. skal sjóðstreymi sem myndast ekki teljast vera fyrirsjáanlegt nema ef verulegur hluti teknanna fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

a) eitt eftirfarandi viðmiða er uppfyllt:

i. tekjurnar byggjast á aðgengileika,

ii. tekjurnar falla undir reglur um arðsemi,

iii. tekjurnar falla undir algreiðslusamning,

iv. framleiðslustigið eða notkunin og verðið skulu, óháð hvort öðru, uppfylla eftirfarandi viðmið:

— reglur hafa verið settar um það,

— það er bundið í samningi,

— það er nægjanlega fyrirsjáanlegt vegna lágrar eftirspurnaráhættu,

b) ef tekjur lánþegans koma ekki sem greiðslur frá miklum fjölda notenda skal aðilinn sem samþykkir að kaupa vörurnar eða þjónustuna sem lánþeginn veitir vera einn af eftirfarandi:

i. seðlabanki, ríki, héraðsstjórn eða staðaryfirvald, að því tilskildu að þeim hafi verið úthlutað 0% áhættuvægi í samræmi við 114. og 115. gr. eða verið úthlutað lánshæfismati af utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem er a.m.k. á 3. þrepi útlánagæða,

ii. opinber aðili að því tilskildu að honum hafi verið úthlutað 20% áhættuvægi eða minna í samræmi við 116. gr. eða verið úthlutað lánshæfismati af utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem er a.m.k. á 3. þrepi útlánagæða,

iii. fjölþjóðlegur þróunarbanki sem um getur í 2. mgr. 117. gr.,

iv. alþjóðastofnun sem um getur í 118. gr.,

v. eining sem hefur verið úthlutað lánshæfismati af utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem er a.m.k. á 3. þrepi útlánagæða,

vi. eining sem er útskiptanleg án verulegrar breytingar á tekjustigi eða tímaplani tekna.

3. Stofnanir skulu gefa lögbærum yfirvöldum skýrslu á sex mánaða fresti um heildarfjárhæð áhættukrafna á stofnanir sem annast verkefni á sviði grunnvirkja í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 28. júní 2022, gefa skýrslu um áhrif eiginfjárkrafna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð á lánveitingar til stofnana sem annast verkefni á sviði grunnvirkja og leggja hana fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á.

5. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, að því er 4. mgr. varðar, leggja fyrir framkvæmdastjórnina skýrslu um eftirtalin atriði:

a) greiningu á framvindu þróunar og skilyrða á mörkuðum fyrir innviðalánveitingar og verkefnafjármögnun á því tímabili sem um getur í 4. mgr.,

b) greiningu á raunverulegri áhættu tengdri einingum sem um getur í b-lið 1. mgr. yfir heilt hagsveiflutímabil,

c) samkvæmni milli eiginfjárkrafna sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð hvað varðar niðurstöður greiningarinnar skv. a- og b-lið þessarar málsgreinar.

501. gr. b

Undanþága frá skýrslugjafarkröfum

Þrátt fyrir 430. gr. mega lögbær yfirvöld, á tímabilinu frá þeim degi þegar viðkomandi ákvæði þessarar reglugerðar koma til framkvæmda þar til fyrsta skýrslan er lögð fram sem tilgreinir tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í þeirri grein, veita undanþágu frá kröfunum um að veita upplýsingar á því formi sem tilgreint er á sniðmátinu í framkvæmdargerðinni sem um getur í 7. mgr. 430. gr. hafi þessi sniðmát ekki verið uppfærð í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.“

135) Eftirfarandi greinar bætast við á eftir II. bálki: SKÝRSLUGJÖF OG ENDURSKOÐUN:

„501. gr. c

Varfærnismeðferð áhættuskuldbindinga sem tengjast umhverfismarkmiðum og/eða félagslegum markmiðum

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal, að höfðu samráði við Evrópska kerfisáhætturáðið, meta á grundvelli tiltækra gagna og niðurstaðna hóps háttsettra sérfræðinga á vegum framkvæmdastjórnarinnar um sjálfbær fjármál hvort sértæk meðferð áhættuskuldbindinga sem tengjast eignum eða starfsemi sem í verulegum mæli tengist umhverfismarkmiðum og/eða félagslegum markmiðum sé réttlætanleg. Einkum skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin meta:

a) aðferðir við mat á raunverulegri áhættu vegna skuldbindinga sem tengjast eignum eða starfsemi sem í verulegum mæli tengist umhverfismarkmiðum og/eða félagslegum markmiðum samanborið við áhættu af öðrum skuldbindingum,

b) þróunina á viðeigandi viðmiðum fyrir efnislega áhættu og umbreytingaráhættu, þ.m.t. áhættan sem tengist afskriftum eigna vegna reglugerðarbreytinga,

c) möguleg áhrif sértækrar meðferðar áhættuskuldbindinga sem tengjast eignum eða starfsemi sem í verulegum mæli tengist umhverfismarkmiðum og/eða félagslegum markmiðum, á fjármálastöðugleika eða lánveitingar banka í Sambandinu.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja skýrslu um niðurstöður sínar fyrir Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2025.

Á grundvelli þessarar endurskoðunar skal framkvæmdastjórnin, ef við á, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið.“

136) Eftirfarandi grein bætist við:

„504. gr. a

Eignarhlutir í hæfum skuldbindingargerningum

Eigi síðar en 28. júní 2022 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um fjárhæðir og dreifingu eignarhluta hæfra skuldbindinga milli stofnana sem tilgreindar eru sem kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu og annarra kerfislega mikilvægra stofnana og um mögulegar hindranir á skilameðferð og hættu á smitáhrifum í tengslum við þessa eignarhluti.

Á grundvelli skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar skal framkvæmdastjórnin, eigi síðar en 28. júní 2023 leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um viðeigandi meðferð á slíkum eignarhlutum, ásamt tillögu að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.“

137) Í stað 507. gr. kemur eftirfarandi:

„507. gr.

Stórar áhættuskuldbindingar

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með notkun undanþáganna sem um getur í 390. gr. (6. mgr.) 400. gr. (f- til m-lið 1. mgr.) 400. gr. (c- til g-lið, i-, j- og k-lið 2. mgr.) og leggja, eigi síðar en 28. júní 2021, skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um mat á megindlegum áhrifum sem afnám þessara undanþága eða takmörkun á notkun þeirra myndi hafa. Í skýrslunni skal einkum meta, að því er varðar sérhverja undanþágu sem kveðið er á um í þessum greinum:

a) fjölda stórra áhættuskuldbindinga sem fá undanþágu í hverju aðildarríki,

b) fjölda stofnana sem nýta sér undanþáguna í hverju aðildarríki,

c) heildarfjárhæð áhættuskuldbindinga sem fá undanþágu í hverju aðildarríki.

2. Eigi síðar en 31. desember 2021 skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þeirra undanþága sem um getur í 4. mgr. 390. gr. og 2. mgr. 401. gr. að því er varðar aðferðirnar við útreikninginn á áhættuskuldbindingarvirði fjármögnunarviðskipta með verðbréf, einkum þörfina á því að taka tillit til breytinga í alþjóðlegum stöðlum sem tilgreina aðferðirnar fyrir slíkum útreikningi.“

138) Eftirfarandi málsgreinar bætast við 510. gr.:

„4 Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með fjárhæð nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar til að mæta þeirri fjármögnunaráhættu sem tengist afleiðusamningunum sem tilgreindir eru í II. viðauka og skuldaafleiðum á eins árs tímabilinu fyrir hlutfall stöðugrar fjármögnunar, einkum framtíðarfjármögnunaráhættu vegna þeirra afleiðusamninga sem um getur í 2. mgr. 428. gr. s og 2. mgr. 428. gr. at og gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um möguleikann á að samþykkja hærri stuðul nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar eða áhættunæmari ráðstöfun eigi síðar en 28. júní 2024. Í skýrslunni skal a.m.k. meta:

a) möguleikann á að greina á milli afleiðusamninga sem samkomulag um tryggingafé gildir um og þeirra sem samkomulag um tryggingafé gildir ekki um,

b) möguleikann á að afnema, auka við eða skipta út kröfunum sem settar eru fram í 2. mgr. 428. gr. s og 2. mgr. 428. gr. at,

c) möguleikann á að breyta á víðtækari hátt meðferð afleiðusamninga við útreikninginn á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar eins og sett er fram í 428. gr. d, 428. gr. k (4. mgr.) og 428. gr. s (2. mgr.), a- og b-lið 428. gr. ag, 428. gr. ah (2. mgr.), 428. gr. al (4. mgr.) og 428. gr. at (2. mgr.), a- og b-lið 428. gr. ay og 428. gr. az (2. mgr.), til að fanga betur fjármögnunaráhættuna sem tengist þessari fjármögnunaráhættu á eins árs tímabilinu fyrir hlutfall stöðugrar fjármögnunar,

d) áhrifin af fyrirhuguðum breytingum á fjárhæð stöðugrar fjármögnunar sem krafist er fyrir afleiðusamninga stofnana.

5. Hafi alþjóðlegir staðlar áhrif á meðferð afleiðusamninga sem tilgreindir eru í II. viðauka og skuldaafleiður að því er varðar útreikninginn á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar skal framkvæmdastjórnin, ef við á og að teknu tillit til skýrslunnar sem um getur í 4. mgr., þessara breytinga á alþjóðlegum stöðlum og fjölbreytni bankageirans í Sambandinu leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið um hvernig eigi að breyta ákvæðunum um meðferðina á afleiðusamningunum sem tilgreindir eru í II. viðauka og lánaafleiðum vegna útreikningsins á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar eins og sett er fram í IV. bálki sjötta hluta til að taka betur til greina fjármögnunaráhættuna sem tengist þessum viðskiptum.

6. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal vakta fjárhæð stöðugrar fjármögnunar sem þarf til að mæta fjármögnunar-áhættunni sem tengist fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, þ.m.t. eignir sem tekið er við eða látnar af hendi í þessum viðskiptum og ótryggðum viðskiptum með styttri en sex mánaða binditíma við viðskiptavini á fjármálamarkaði og gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um tilhlýðileika þessarar meðferðar eigi síðar en 28. júní 2023. Í skýrslunni skal a.m.k. meta:

a) möguleikann á að nota hærri eða lægri stuðla stöðugrar fjármögnunar vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf við viðskiptavini á fjármálamarkaði og vegna ótryggðra viðskipta með styttri en sex mánaða binditíma til að taka betur til greina fjármögnunaráhættu þeirra á eins árs tímabilinu fyrir hlutfall stöðugrar fjármögnunar og mögulegra smitáhrifa milli viðskiptavina á fjármálamarkaði,

b) möguleikann á að nota meðferðina sem sett er fram í g-lið 1. mgr. 428. gr. r. vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf sem tryggð eru með öðrum tegundum af eignum,

c) möguleikann á að nota stuðla stöðugrar fjármögnunar vegna liða utan efnahagsreiknings sem notaðir eru í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf í stað möguleikans á meðferðinni sem sett er fram í 5. mgr. 428. gr. p,

d) hentugleika ósamhverfrar meðferðar á milli skuldbindinga með styttri binditíma en sex mánuði að því tilskildu að viðskiptavinir á fjármálamarkaði sem falla undir 0% stuðul tiltækrar stöðugrar fjármögnunar í samræmi við c-lið 3. mgr. 428. gr. k og eignir sem stafa af viðskiptum með styttri binditíma en sex mánuði við viðskiptavini á fjármálamarkaði sem falla undir 0%, 5% eða 10% nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar í samræmi við 428. gr. r (g-lið 1. mgr.), 428. gr. s (c-lið 1. mgr.) og 428. gr. v (b-lið),

e) áhrifin af upptöku hærri eða lægri stuðla nauðsynlegrar fjármögnunar vegna fjármögnunarviðskipta með verðbréf, einkum þau sem eru með styttri binditíma en sex mánuði við viðskiptavini á fjármálamarkaði, á seljanleika eigna á markaði sem tekið er við sem tryggingu vegna þessara viðskipta, einkum ríkisskuldabréf og fyrirtækjaskuldabréf,

f) áhrifin af fyrirhuguðum breytingum á fjárhæð stöðugrar fjármögnunar sem krafist er fyrir þessi viðskipti stofnana, einkum að því er varðar verðbréf sem eru með styttri binditíma en sex mánuði við viðskiptavini á fjármálamarkaði, þegar tekið er við ríkisskuldabréfum sem tryggingu í þessum viðskiptum.

7. Eigi síðar en 28. júní 2024 skal framkvæmdastjórnin, ef við á og að teknu tilliti til skýrslunnar sem um getur í 6. mgr., allra alþjóðlegra staðla og fjölbreytileika bankageirans í Sambandinu, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið um hvernig breyta eigi ákvæðunum um meðferð fjármögnunarviðskipta með verðbréf, þ.m.t. eignir sem tekið er við eða látnar í té í þessum viðskiptum, og meðferðina á ótryggðum viðskiptum með styttri binditíma en sex mánuði við viðskiptavini á fjármálamarkaði vegna útreikningsins á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar eins og sett er fram í IV. bálki þriðja hluta þegar hún telur við hæfi, að því er varðar áhrif fyrirliggjandi meðferðar stofnana á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar og til að taka betur mið af fjármögnunaráhættunni sem tengist þessum viðskiptum.

8. Eigi síðar en 28. júní 2025 skal hækka tilskilda stuðla stöðugrar fjármögnunar sem notaðir eru í viðskiptunum sem um getur í 428. gr. r (g-lið 1. mgr.), 428. gr. s (b-lið 1. mgr.) og í 428. gr. v (a-lið) úr 0% í 10%, úr 5% í 15% og úr 10% í 15% eftir því sem við á nema annað sé tilgreint í lagagerð sem samþykkt er á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 7. mgr. þessarar greinar.

9. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal hafa eftirlit með fjárhæð stöðugrar fjármögnunar sem þarf til að mæta fjármögnunaráhættu sem tengist eignarhlutum stofnunarinnar í verðbréfum til að áhættuverja afleiðusamninga. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal gefa skýrslu um tilhlýðileika meðferðarinnar eigi síðar en 28. júní 2023. Í skýrslunni skal a.m.k. meta:

a) möguleg áhrif af meðferðinni á getu fjárfesta til að taka á sig áhættuskuldbindingu gagnvart eignum og áhrifin af meðferðinni á framboð lána í sambandi fjármagnsmarkaða,

b) möguleikann á að beita aðlöguðum kröfum um stöðuga fjármögnun gagnvart verðbréfum sem höfð eru til að áhættuverja afleiður sem eru fjármagnaðar með upphafstryggingu að öllu leyti eða að hluta,

c) möguleikann á að beita aðlöguðum kröfum um stöðuga fjármögnun gagnvart verðbréfum sem höfð eru til að áhættuverja afleiður sem ekki eru fjármagnaðar með upphafstryggingu,

10. Eigi síðar en 28. júní 2023 eða einu ári eftir samkomulag um alþjóðlega staðla sem þróaðir eru af Baselnefndinni um bankaeftirlit skal framkvæmdastjórnin, hvort heldur ber fyrr upp, ef við á og að teknu tilliti til skýrslunnar sem um getur í 9. mgr., allra alþjóðlegra staðla, fjölbreytileika bankageirans í Sambandinu og markmiða sambands fjármagnsmarkaða, leggja tillögu að nýrri löggjöf fyrir Evrópuþingið og ráðið um hvernig breyta eigi ákvæðunum um meðferð eignarhluta stofnana í verðbréfum til að áhættuverja afleiðusamninga vegna útreikningsins á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar eins og sett er fram í IV. bálki sjötta hluta þegar hún telur við hæfi, að því er varðar áhrif fyrirliggjandi meðferðar stofnana á hlutfalli stöðugrar fjármögnunar og til að taka betur mið af fjármögnunaráhættunni sem tengist þessum viðskiptum.

11. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal meta hvort réttlæta megi lækkun á stuðli nauðsynlegrar stöðugrar fjármögnunar vegna eigna sem notaðar eru vegna greiðslujöfnunar- og uppgjörsþjónustu í tengslum við góðmálma, s.s. gull, silfur, platínu og palladíum eða í tengslum við eignir sem notaðar eru til að fjármagna góðmálma, s.s. gull, silfur, platínu og palladíum með 180 daga gildistíma eða skemmri tíma. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal leggja skýrslu sína fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 28. júní 2021.“

139) Í stað 511. gr. kemur eftirfarandi:

„511. gr.

Vogun

1. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2020 um:

a) hvort rétt sé að koma á viðbót við vogunarhlutfallið vegna annarra kerfislega mikilvægra stofnana og

b) hvort skilgreiningin og útreikningurinn á heildarmælistærð áhættuskuldbindingarinnar sem um getur í 4. mgr. 429. gr, þ.m.t. meðferð þjónustu seðlabanka, sé við hæfi.

2. Að því er varðar skýrslugjöfina sem um getur í 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þróunar á alþjóðavettvangi og alþjóðlegra samþykktra staðla. Skýrslunni skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.“

140) Í stað 513. gr. kemur eftirfarandi:

„513. gr.

Þjóðhagsvarúðarreglur

1. Eigi síðar en 30. júní 2022 og á fimm ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við evrópska kerfisáhætturáðið og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, endurskoða hvort þær þjóðhagsvarúðarreglur, sem er að finna í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB, nægi til að draga úr kerfisáhættu í geirum, á svæðum og í aðildarríkjum, þ.m.t. mat á því:

a) hvort núgildandi þjóðhagsvarúðartæki í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB séu árangursrík, skilvirk og gagnsæ,

b) hvort umfang og möguleg stig í skörun milli ólíkra þjóðhagsvarúðartækja til að takast á við áþekka áhættu í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB séu fullnægjandi og, ef við á, leggja til nýjar þjóðhagsvarúðarreglur,

c) hvernig alþjóðlega viðurkenndir staðlar fyrir kerfistengdar stofnanir og ákvæði þessarar reglugerðar og tilskipunar 2013/36/ESB spila saman og, ef við á, leggja fram tillögu að nýjum reglum sem taka tillit til þessara alþjóðlega viðurkenndu staðla,

d) hvort bæta ætti öðrum tegundum gerninga, s.s. gerningum sem tengjast lántakendum, við þjóðhagsvarúðartækin sem kveðið er á um í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB auk þeirra gerninga sem tengjast fjármagni og skapa svigrúm fyrir samræmda notkun gerninganna á innri markaðinum; að teknu tilliti til þess hvort samræmdar skilgreiningar á þessum gerningum og skýrslugjöf um viðeigandi upplýsingar á vettvangi Sambandsins sé skilyrði fyrir upptöku slíkra gerninga,

e) hvort útvíkka ætti kröfuna um vogunarhlutfallsaukann sem um getur í 1. mgr. a í 92. gr. þannig að hún nái til kerfislega mikilvægra stofnana annarra en kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu og hvort kvörðun hans ætti að miðast við að hvaða marki stofnunin er kerfislega mikilvæg,

f) hvort breyta eigi núverandi valfrjálsri gagnkvæmni þjóðhagsvarúðarráðstafana í skyldubundna gagnkvæmni og hvort núverandi rammi Evrópska kerfisáhætturáðsins fyrir valfrjálsa gagnkvæmni sé viðeigandi grundvöllur fyrir því,

g) hvernig hægt er að láta Sambandinu og innlendum þjóðhagsvarúðaryfirvöldum í té tæki til að bregðast við nýrri kerfisáhættu sem leiðir af áhættuskuldbindingum lánastofnana gagnvart öðrum geira en bankageiranum, einkum af afleiðugerningum og fjármögnunarviðskiptum með verðbréf, eignastýringargeiranum og vátryggingargeiranum.

2. Eigi síðar en 31. desember 2022 og á fimm ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin á grundvelli samráðs við evrópska kerfisáhætturáðið og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um matið sem um getur í 1. mgr. og, ef við á, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögu að nýrri löggjöf.“

141) Í stað 514. gr. kemur eftirfarandi:

„514. gr.

Aðferð fyrir útreikninginn á áhættuskuldbindingarvirði afleiddra viðskipta

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal eigi síðar en 28. júní 2023 og á fimm ára fresti eftir það gefa framkvæmdastjórninni skýrslu um áhrif og kvörðun aðferðanna sem settar eru fram í 3., 4. og 5. gr. 6. kafla II. bálks í þriðja hluta til að reikna áhættuskuldbindingarvirði afleiddra viðskipta.

2. Framkvæmdastjórnin skal eftir því sem við á og á grundvelli skýrslu Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar leggja fram tillögu að nýrri löggjöf til að breyta aðferðunum sem settar eru fram í 3., 4. og 5. þætti 6. kafla II. bálks í þriðja hluta.“

142) Eftirfarandi grein bætist við:

„*518. gr. a*

Endurskoðun á ákvæðum um gagnkvæmar ábyrgðir

Eigi síðar en 28. júní 2022 skal framkvæmdastjórnin endurskoða og meta hvort rétt sé að krefjast þess að hæfar skuldbindingar megi fá eftirgjöf án þess að það virki ákvæði um gagnkvæmar ábyrgðir í öðrum samningum, í því skyni að styrkja sem verða má skilvirkni eftirgjafarúrræðisins og meta hvort ákvæði um ógagnkvæmar ábyrgðir sem vísa til hæfra skuldbindinga ættu að vera felld inn í skilmálana eða samninga sem gilda um aðrar skuldbindingar. Endurskoðuninni og matinu skal fylgja tillaga að nýrri löggjöf, eftir því sem við á.“

143) Eftirfarandi grein bætist við:

„*519. gr. b*

Kröfur vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu

1. Eigi síðar en 30. september 2019 skal Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gefa skýrslu um áhrifin á stofnanir í Sambandinu af alþjóðlegum stöðlum til að reikna kröfur vegna eiginfjárgrunns í tengslum við markaðsáhættu.

2. Eigi síðar en 30. júní 2020 skal framkvæmdastjórnin, að teknu tilliti til niðurstaðna skýrslunnar sem um getur í 1. mgr. og alþjóðlegu staðlanna og aðferðanna sem um getur í 1. kafla a og b í IV. bálki þriðja hluta leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu ásamt tillögu að nýrri löggjöf, eftir því sem við á, um hvernig innleiða skuli alþjóðlegu staðlana um viðeigandi kröfur vegna eiginfjárgrunns fyrir markaðsáhættu.“

144) Eftirfarandi fyrirsögn bætist við í tíunda hluta:

„II. BÁLKUR A

Framkvæmd reglna

519. gr. c

Hlítingarúrræði

1. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin skal þróa raftæknilegt tæki sem miðar að því að auðvelda stofnunum að hlíta þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB, sem og tæknilegum eftirlitsstöðlum og tæknilegum framkvæmdarstöðlum, viðmiðunarreglum og sniðmátum sem samþykkt eru til að framkvæma þessa reglugerð og téða tilskipun,

2. Í tækið sem um getur í 1. mgr. skal a.m.k. gera hverri stofnun kleift að:

a) greina á skjótan hátt viðeigandi ákvæði til að hlíta með tilliti til stærðar stofnunarinnar og viðskiptalíkans,

b) fylgja breytingunum sem gerðar eru í lagagerðum og tengdum framkvæmdarákvæðum, viðmiðunarreglum og sniðmátum.“

145) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 648/2012

Reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 50. gr. a kemur eftirfarandi:

„2 Miðlægur mótaðili skal reikna út áætlað fjármagn sem hér segir:

$$K_{CCP} = \sum_{i} EAD_i \cdot RW \cdot \text{eiginfjárhlutfall}$$

þar sem:

K_{CCP} = áætlaða fjármagnið,

i = stuðullinn sem auðkennir stöðustofnunaraðilann,

EAD_i = fjárhæð áhættuskuldbindingar miðlæga mótaðilans gagnvart stöðustofnunaraðila i, þ.m.t eigin viðskipti stöðustofnunaraðilans gagnvart miðlæga mótaðilanum, viðskipti viðskiptavinarins sem tryggð eru af stöðustofnunaraðilanum og allt virði tryggingar í vörslu miðlæga mótaðilans, þ.m.t. forfjármögnuð framlög stöðustofnunaraðilans í vanskilasjóð vegna þessara viðskipta, sem tengjast matinu í lok skyldubundins skýrslugjafardags áður en veðkalli af lokaveðkalli þess dags hefur verið skipt,

RW = 20% áhættuvog og

eiginfjárhlutfall = 8%.“

2) Í stað 50. gr. b kemur eftirfarandi:

„*50. gr. b*

Almennar reglur um útreikninginn á K_{CCP}

Eftirfarandi gildir að því er varðar útreikninginn á K_{CCP} sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 50. gr. a:

a) miðlægir mótaðilar skulu reikna út virði áhættuskuldbindinga sinna á stöðustofnunaraðila sína sem hér segir:

i. að því er varðar áhættuskuldbindingar sem stafa af samningum og viðskiptum sem tilgreind eru í a- og c-lið 1. mgr. 301. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, skulu miðlægir mótaðilar reikna virðið í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 3. þætti 6. kafla II. bálks í þriðja hluta þeirrar reglugerðar með því að nota áhættutímabil tryggingarfjár sem nemur 10 virkum dögum,

ii. að því er varðar áhættuskuldbindingar sem stafa af samningum og viðskiptum sem tilgreind eru í b-lið 1. mgr. 301. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu miðlægir mótaðilar reikna virðið (EAD_i) í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$EAD_i = \max\{EBRM_i - IM_i - DF_i; 0\}$$

þar sem:

EAD_i = áhættuskuldbindingarvirðið,

i = stuðullinn sem auðkennir stöðustofnunaraðilann,

$EBRM_i$ = virði áhættuskuldbindingar fyrir mildun áhættu, sem er jafnt virði áhættuskuldbindingar miðlægs mótaðila gagnvart uppgjörsaðila i sem leiðir af öllum samningum og viðskiptum við þann uppgjörsaðila, reiknað án hliðsjónar af tryggingum sem sá uppgjöraðili leggur fram,

IM_i = upphafstryggingar sem uppgjörsaðili i leggur fram hjá miðlægum mótaðila,

DF_i = forfjármagnað framlag uppgjörsaðila i í vanskilasjóð,

Sérhvert virði í þessari formúlu skal tengjast matinu í dagslok áður en veðkalli af lokaveðkalli þess dags hefur verið skipt,

iii. í aðstæðum sem um getur í þriðja málslið annarrar undirgreinar 1. mgr. 301. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu miðlægir mótaðilar reikna virði viðskiptanna sem um getur í fyrsta málslið þeirrar undirgreinar í samræmi við formúluna sem sett er fram í ii. lið a-liðar þessarar greinar og ákvarða $EBRM_i$ í samræmi við V. bálk í þriðja hluta þeirrar reglugerðar,

b) að því er varðar stofnanir, sem falla undir gildissvið reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, eru jöfnunarsöfnin hin sömu og þau sem skilgreind eru í 4. lið 272. gr. þeirrar reglugerðar,

c) miðlægur mótaðili sem hefur áhættuskuldbindingar á einn eða fleiri miðlæga mótaðila skal fara með þessar áhættuskuldbindingar líkt og áhættuskuldbindingar á stöðustofnunaraðila og taka með allt tryggingarfé eða forfjármögnuð framlög frá þessum miðlægu mótaðilum við útreikninginn á K_{CCP},

d) miðlægur mótaðili hefur komið á bindandi samningsbundnu fyrirkomulagi við stöðustofnunaraðila sína, sem heimilar honum að nota upphaflegt tryggingarfé frá þeim stöðustofnunaraðilum, í heild eða að hluta, á sama hátt og ef um forfjármögnuð framlög væri að ræða, skal líta á upphaflegt tryggingarfé sem forfjármögnuð framlög að því er varðar útreikninginn í 1. mgr. en ekki sem upphaflegt tryggingarfé,

e) þegar trygging er höfð í vörslu vegna reiknings sem hefur að geyma fleiri en eina tegund af samningum og viðskipti sem um getur í 1. mgr. 301. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal miðlægi mótaðilinn úthluta upphafstryggingunni sem stöðustofnunaraðilar hans eða viðskiptavinir hafa látið í té, eftir því sem við á, í hlutfalli við áhættuskuldbindingarvirði viðkomandi tegunda samninga og viðskipta sem reiknuð eru í samræmi við a-lið þessarar málsgreinar, án þess að taka tillit til upphaflegs tryggingarfjár í útreikningunum,

f) miðlægir mótaðilar sem hafa fleiri en einn vanskilasjóð skulu framkvæma útreikningana aðskilið fyrir hvern vanskilasjóð,

g) þegar stöðustofnunaraðili veitir viðskiptavini þjónustu og viðskiptin og trygging viðskiptavina hans eru í vörslu í undirreikningum sem eru aðskildir undirreikningum fyrir eigin viðskiptastarfsemi stöðustofnunaraðilans, skal hann framkvæma útreikninginn á EAD_i fyrir hvern undirreikning aðskilið og skal reikna heildarfjárhæð EAD_i stöðustofnunaraðilans sem summu áhættuskuldbindingarvirðis í undirreikningum viðskiptavinanna og áhættuskuldbindingarvirðis viðskiptastarfsemi í undirreikningi stöðustofnunaraðilans,

h) að því er varðar f-lið, þegar DF_i er ekki skipt milli undirreikninga viðskiptavinanna og eigin undirreikninga stöðustofnunaraðilans fyrir eigin viðskiptastarfsemi, skulu stöðustofnunaraðilar úthluta DF_i á hvern undirreikning samkvæmt viðeigandi hlutfalli upphafstryggingarinnar sem lögð er fram af stöðustofnunaraðilanum eða fyrir reikning stöðustofnunaraðilans,

i) miðlægir mótaðilar skulu ekki framkvæma útreikninginn í samræmi við 2. mgr. 50. gr. a þegar vanskilasjóðir standa eingöngu undir peningagreiðslum.

Að því er varðar ii. mgr. a-liðar þessarar greinar skulu miðlægir mótaðilar nota aðferðina sem tilgreind er í 223. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 með eftirlitsaðferð við jöfnun flökts sem sett er fram í 224. gr. þeirrar reglugerðar til að reikna út áhættuskuldbindingarvirðið.“

3) Í 1. mgr. 50. gr. c fellur d- og e-liður brott.

4) Í 50. gr. d fellur c-liður brott.

5) Í stað 5. mgr. a í 89. gr. kemur eftirfarandi:

„5. gr. a Á aðlögunartímabilinu sem kveðið er á um í 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skal miðlægi mótaðilinn sem um getur í þeirri grein fella inn í upplýsingarnar sem hann á að veita í samræmi við 1. mgr. 50. gr. c í þessari reglugerð heildarfjárhæð upphafstryggingar, eins og skilgreint er í 140. lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem hann hefur fengið frá stöðustofnunaraðilum sínum ef bæði eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) miðlægi mótaðilinn er ekki með vanskilasjóð,

b) miðlægi mótaðilinn hefur ekki gert bindandi samkomulag við stöðustofnunaraðila sína sem gerir honum kleift að nota allar eða hluta upphafstryggingarinnar frá þessum stöðustofnunaraðilum sínum á sama hátt og væru þær forfjármögnuð framlög.“

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 28. júní 2021 með þeim undanþágum sem tilgreindar eru í 3. til 8. gr.

3. Eftirfarandi liðir í 1. gr. þessarar reglugerðar skulu gilda frá 27. júní 2019:

a) 1. liður sem hefur að geyma ákvæði um gildissvið og eftirlitsheimildir,

b) 2. liður sem hefur að geyma skilgreiningarnar nema þær varði eingöngu ákvæði sem gilda í samræmi við þessa grein frá annarri dagsetningu, en í því tilviki skulu þau gilda frá þeirri dagsetningu,

c) b-liður 3. liðar, c-liður 6. liðar, 8. og 9. liður að því er varðar 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, 12. liður að því er varðar annan undirlið 1. mgr. 18. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 14. til 17. liður, 19. til 44. liður, 47. liður, 128. og 129. liður sem hafa að geyma ákvæðin um eiginfjárgrunn og ákvæði um innleiðingu nýrra krafna vegna eiginfjárgrunns og hæfra skuldbindinga,

d) 9. liður að því er varðar ákvæðin um áhrif nýrra reglna um verðbréfun eins og mælt er fyrir um í 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

e) 57. liður sem hefur að geyma ákvæðin um áhættuvogir fyrir fjölþjóðlega þróunarbanka og 58. liður sem hefur að geyma ákvæðin um áhættuvogir fyrir alþjóðastofnanir,

f) 53. liður að því er varðar 104. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 89. og 90. liður, 118. liður að því er varðar 430. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, og 124. liður sem hefur að geyma ákvæðin um skýrslugjafarkröfurnar vegna markaðsáhættu,

g) 130. liður sem hefur að geyma kröfur vegna eiginfjárgrunns vegna áhættuskuldbindingar miðlægra mótaðila,

h) 133. liður að því er varðar ákvæðin um sölu í miklu magni eins og mælt er fyrir um í 500. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

i) 134. liður að því er varðar 501. gr. b í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 sem hefur að geyma ákvæðin um undanþágu frá skýrslugjöf,

j) 144. liður sem hefur að geyma ákvæðin um hlítinagarrúrræðið,

k) ákvæðin þar sem gerð er krafa um að Evrópskar eftirlitsstofnanir eða Evrópska kerfisáhætturáðið leggi fyrir framkvæmdastjórnina drög að tæknilegum eftirlits- eða framkvæmdarstöðlum, ákvæðin þar sem gerð er krafa um að framkvæmdastjórnin taki saman skýrslur, ákvæðin sem veita framkvæmdastjórninni heimild til að samþykkja framseldar gerðir eða framkvæmdargerðir, ákvæðin um endurskoðun og tillögur að nýrri löggjöf og ákvæðin sem gera kröfu um að Evrópsku eftirlitsstofnanirnar gefi út viðmiðunarreglur, einkum b-liður 2. liðar, 12. liður að því er varðar 9. lið 18. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, b-liður 18. liðar, 31. liður að því er varðar 7. mgr. 72. gr. b í (ESB) nr. 575/2013, 38. liður að því er varðar 3. mgr. 78. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, b-liður 57. liðar, 60. liður að því er varðar 4. og 5 mgr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 63. liður að því er varðar 4. mgr. 132. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 67. liður að því er varðar 8. og 9. mgr. 164. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 74. liður að því er varðar 5. mgr. 277. gr. og 3. mgr. 279. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 89. liður að því er varðar 9. mgr. 325. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 90. liður að því er varðar 325. gr. u (5. mgr.), 325. gr. w (8. mgr.), 325. gr. ap (3. mgr.), 325. gr. az (8. og 9. mgr.), 325. gr. bd (7. mgr.), 325. gr. be (3. mgr.), 325. gr. bf (9. mgr.), 325. bg (4. mgr.), 325. bh (3. mgr.), 325. bk (3. mgr.), 325. gr. bp (12. mgr.) í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 93. liður að því er varðar 9. mgr. 390 gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013,

94. liður, 96. liður að því er varðar 4. mgr. 394. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, b. liður 98. liðar, 104. liður að því er varðar 4. mgr. 403. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, b-liður 109. gr., b-liður 111. gr., 118. liður að því er varðar 7. og 8. mgr. 430., 6. mgr. 430. gr. b og 430. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 119. liður að því er varðar 1. og 2. mgr.

432. gr. og 434. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 123. liður, 124. liður, 125. liður, 134. liður að því er varðar 4. og 5. mgr. 501. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 136. liður, 137. liður, 138. liður, 139. liður), 140. liður, 141. liður að því er varðar 1. mgr. 514. gr. í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, 142. liður, og 143. liður.

Með fyrirvara um f-lið fyrstu undirgreinar skulu ákvæðin um birtingu upplýsinga og skýrslugjöf gilda frá þeim degi þegar krafan um birtingu upplýsinga eða skýrslugjöf kemur til framkvæmda.

4. Eftirfarandi liðir í 1. gr. þessarar reglugerðar skulu gilda frá 28. desember 2020:

a) a-, b- og d-liður 6. liðar, 7. og 12. liður að því er varðar fyrstu undirgrein 1. mgr. og 2. til 8. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem hafa að geyma ákvæðin um varfærniskröfur vegna samstæðu,

b) 60. liður sem hefur að geyma ákvæðin um áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með veði í íbúðarhúsnæði, 67. liður sem hefur að geyma ákvæðin um tap að gefnum vanefndum og 122. liður sem hefur að geyma ákvæðin um þjóðhagsvarúðar- eða kerfisáhættu sem greind er á vettvangi aðildarríkis.

5. 46. liður b-liðar 1. gr. þessarar reglugerðar sem hefur að geyma ákvæðin um innleiðingu nýrra krafna vegna eiginfjárgrunns fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu gildir frá 1. janúar 2022.

6. 53. liður að því er varðar 104. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og 55. og 69. liður 1. gr. þessarar reglugerðar sem hefur að geyma ákvæðin um innleiðingu nýrra krafna vegna eiginfjárgrunns að því er varðar markaðsáhættu gilda frá 28. janúar 2023.

7. 18. liður 1. gr. þessarar reglugerðar, að því er varðar b-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 sem hefur að geyma ákvæðið um undanþágu frá frádrætti hugbúnaðareigna sem eru metnar á varfærinn hátt skal gilda frá gildistökudegi tæknilegu eftirlitsstaðlanna sem um getur í 4. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.“

8. 126. liður 1. gr. þessarar reglugerðar sem hefur að geyma ákvæðin um undanþágur frá frádrætti eignarhlutdeildar í eigin fé gildir afturvirkt frá 1. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. maí 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	G. CIAMBA
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

1) Í stað e-liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„e) valréttur að vöxtum.“

2) Í stað d-liðar 2. liðar kemur eftirfarandi:

„d) gjaldeyrisvalréttir.“

3) Í stað 3. liðar kemur eftirfarandi:

„3. Samningar sem eru svipaðs eðlis og þeir sem um getur í a- til e-lið 1. liðar og a- til d-lið 2. liðar í þessum viðauka en miðast við aðra viðmiðunarliði eða vísitölur. Þetta nær til, að lágmarki, allra gerninga sem tilgreindir eru í 4. til 7., 9. 10. og 11. lið C-þáttar I. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB sem ekki falla undir 1. eða 2. lið þessa viðauka.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2020/873 **2022/EES/29/04**

frá 24. júní 2020

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) 2019/876 að því er varðar tilteknar aðlaganir til að bregðast við COVID-19-heimsfaraldrinum

(Texti sem varðar EES) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ([4]) ásamt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB ([5]) myndar lagaramma um varfærnisreglur fyrir lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki („stofnanir“) sem starfa innan Sambandsins. Þessi varfærnisreglurammi, sem var samþykktur í kjölfar fjármálakreppunnar sem brast á árin 2007-2008 og byggist að miklu leyti á alþjóðlegum stöðlum sem Baselnefndin um bankaeftirlit samþykkti árið 2010, kallaður Basel III regluramminn, hefur átt þátt í því að auka viðnámsþrótt stofnana sem starfa innan Sambandsins og gera þær betur undirbúnar undir mögulega erfiðleika, þ.m.t. erfiðleika sem kunna að rísa vegna mögulegra kreppa í framtíðinni.

2) Frá því að reglugerð (ESB) nr. 575/2013 gekk í gildi hefur henni verið breytt nokkrum sinnum til að bregðast við þeim veikleikum sem enn voru í varfærnisregluramманum og hrinda í framkvæmd nokkrum útistandandi þáttum hnattrænna umbóta á fjármálaþjónustu sem eru nauðsynlegir til þess að tryggja viðnámsþrótt stofnana. Meðal þeirra breytinga var umbreytingarfyrirkomulag sem innleitt var í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2395 ([6]) til að milda áhrifin á eiginfjárgrunn vegna innleiðingar alþjóðlegs reikningsskilastaðals um fjármálagerninga (IFRS 9). Með breytingu sem gerð var á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/630 ([7]) er kveðið á um lágmarkstryggingavernd fyrir tapi vegna vanefndra áhættuskuldbindinga, svokallaðar varfærnisreglur um varúðarráðstafanir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 204, 26.6.2020, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2021 frá 29. oktober 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 180, 29.5.2020, bls. 4.

([2]) Álit frá 10. júní 2020 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*).

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. júní 2020 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 24. júní 2020.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1).

([5]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2395 frá 12. desember 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar umbreytingarfyrirkomulag til að milda áhrifin á eiginfjárgrunn vegna innleiðingar IFRS-staðals 9 og fyrir meðhöndlun tiltekinna áhættuskuldbindinga opinberra aðila sem tilgreindar eru í heimagjaldmiðli aðildarríkis sem stórra áhættuskuldbindinga (Stjtíð. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 27).

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/630 frá 17. apríl 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lágmarkstryggingavernd fyrir tapi vegna vanefndra áhættuskuldbindinga (Stjtíð. ESB L 111, 25.4.2019, bls. 4).

3) Enn fremur voru nokkrir lokaþættir Basel III reglurammans innleiddir í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 ([8]). Meðal þeirra þátta eru ný skilgreining á vogunarhlutfalli og vogunarhlutfallsauki sem hvort tveggja kemur í veg fyrir að stofnanir auki skuldsetningu úr hófi fram, auk ákvæða um hagstæðari varfærnismeðferð fyrir tilteknar hugbúnaðareignir og um hagstæðari meðferð vegna tiltekinna lána sem tryggð eru með lífeyri eða launum, endurskoðaður stuðningsþáttur fyrir lán til lítilla og meðalstórra fyrirtækja („stuðningsþáttur fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki“) og ný aðlögun á eiginfjárkröfum vegna útlánaáhættu áhættuskuldbindinga gagnvart aðilum sem reka eða fjármagna efnislega innviði eða aðstöðu, kerfi eða net sem veita eða styðja mikilvæga almannaþjónustu („stuðningsþáttur fyrir innviði“).

4) Hið mikla efnahagsáfall af völdum COVID-19-heimsfaraldursins og þær einstæðu aðgerðir sem gripið hefur verið til til að hefta útbreiðslu hans hafa haft víðtæk áhrif á efnahaginn. Fyrirtæki standa frammi fyrir röskun í aðfangakeðjum, tímabundnum lokunum og minni eftirspurn og heimili glíma við atvinnuleysi og tekjusamdrátt. Opinber yfirvöld á vettvangi Sambandsins og aðildarríkjanna hafa gripið til afgerandi aðgerða til að styðja við heimili og gjaldfær fyrirtæki til þess að takast á við þann alvarlega en tímabundna samdrátt sem hefur orðið í hagkerfinu og lausafjárskortinn í kjölfar hans.

5) Stofnanirnar munu gegna lykilhlutverki við að stuðla að bata. Jafnframt er líklegt að þær verði fyrir áhrifum af versnandi efnahagsástandi. Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([9]), Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ([10]) og lögbær yfirvöld hafa veitt stofnunum fjármagn tímabundið, lausafé og rekstrarstuðning til að tryggja að stofnanirnar geti haldið áfram að sinna hlutverki sínu í fjármögnun raunhagkerfisins þrátt fyrir meira krefjandi umhverfi. Einkum hafa framkvæmdastjórnin, Seðlabanki Evrópu og Evrópska bankaeftirlitsstofnunin veitt skýra leiðsögn um beitingu þess sveigjanleika sem þegar er að finna í reglugerð (ESB) nr. 575/2013 með því að gefa út skýringar og leiðbeiningar um beitingu varfærnisreglurammans í tengslum við COVID-19. Meðal slíkra leiðbeininga er túlkunarorðsending framkvæmdastjórnarinnar frá 28. apríl 2020 um beitingu reikningsskilaumgjarðar og varfærnisregluramma til að auðvelda lánveitingar banka í Evrópusambandinu - Stuðningur við fyrirtæki og heimili vegna COVID-19. Baselnefndin um bankaeftirlit hefur einnig veitt nokkuð svigrúm við beitingu á alþjóðlegum stöðlum til að bregðast við COVID-19-heimsfaraldrinum.

6) Mikilvægt er að stofnanir nýti fjármagn sitt þar sem þörfin fyrir það er mest og að reglurammi Sambandsins auðveldi það ásamt því að tryggja að stofnanirnar gæti varfærni. Auk þess sveigjanleika sem þegar er veittur í núgildandi reglum, myndu markvissar breytingar á reglugerðum (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) 2019/876 tryggja greiða samvirkni varfærnisreglurammans við ýmsar ráðstafanir til þess að takast á við COVID-19-heimsfaraldurinn.

7) Við hinar einstöku aðstæður COVID-19-heimsfaraldursins og fordæmalausar áskoranir var kallað eftir tafarlausum aðgerðum til að tryggja að stofnanir gætu veitt fjármagni til fyrirtækja og heimila með árangursríkum hætti og dregið úr efnahagsáfallinu sem COVID-19-heimsfaraldurinn hefur valdið.

8) Tryggingar sem ríki eða aðrir opinberir aðilar, sem eru taldir jafn traustir lántakendur samkvæmt staðalaðferðinni fyrir útlánaáhættu sem sett er fram í þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, veita í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn eru sambærilegar að því er varðar áhættumildunaráhrif við tryggingar sem opinberar útflutningslánastofnanir veita í samræmi við 47. gr. c í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Því þykir rétt að samræma kröfur um lágmarks tryggingavernd fyrir vanefndar áhættuskuldbindingar sem þjóðríki eða aðrir opinberir aðilar ábyrgjast við þær kröfur sem eiga við um vanefndar áhættuskuldbindingar sem opinberar útflutningslánastofnanir ábyrgjast.

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/876 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfall, hlutfall stöðugrar fjármögnunar, kröfur um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar, útlánaáhættu mótaðila, markaðsáhættu, áhættuskuldbindingar gagnvart miðlægum mótaðilum, áhættuskuldbindingar gagnvart sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, stórar áhættuskuldbindingar, skýrslugjafarskyldu og birtingarkröfur og reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 150, 7.6.2019, bls. 1).

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

9) Í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn hefur komið í ljós að möguleikinn á að undanskilja tímabundið tilteknar áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabönkum frá útreikningum á heildarmælistærð áhættuskuldbindinga stofnunar, eins og kveðið er á um í 429. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, eins og henni er breytt með reglugerð (ESB) 2019/876, gæti reynst vera lykilatriði við neyðaraðstæður. Hins vegar verður ákvörðunarréttur til að undanskilja slíkar áhættuskuldbindingar ekki virkur fyrr en 28. júní 2021. Því gætu lögbær yfirvöld ekki nýtt sér þetta úrræði fyrir þann dag til að takast á við auknar áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabönkum sem búast má við í kjölfar ráðstafana í peningamálastefnu sem gerðar eru til að draga úr efnahagslegum áhrifum COVID-19-heimsfaraldursins. Auk þess virðist virkni þessa úrræðis takmarkast af minni sveigjanleika, sem til kemur vegna samjöfnunarfyrirkomulags sem fylgir slíkum tímabundnum undanþágum sem myndi takmarka getu stofnana til að auka áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabönkum við neyðaraðstæður. Það gæti á endanum leitt til þess að stofnun neyðist til að draga úr útlánum til heimila og fyrirtækja. Þess vegna, til að koma í veg fyrir óæskilegar afleiðingar í tengslum við samjöfnunarfyrirkomulagið og til að tryggja að slík undanþága skili tilætluðum árangri þegar tekist er á við mögulega erfiðleika og áföll í framtíðinni, ætti að gera breytingar á samjöfnunarfyrirkomulaginu. Auk þess, til þess að tryggja að þessi valmöguleiki sé tiltækur meðan á COVID-19-heimsfaraldrinum stendur, ætti möguleikinn á að undanskilja tilteknar áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabönkum að vera fyrir hendi áður en vogunarhlutfallskrafa d-liðar 1. mgr. 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 tekur gildi 28. júní 2021. Ákvæði 429. gr. a ættu að gilda áfram eins og þau eru orðuð samkvæmt framseldri reglugerð (ESB) 2015/62 þar til hin breyttu ákvæði um útreikninga á vogunarhlutfalli koma til framkvæmda eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2019/876 ([11]).

10) Baselnefndin um bankaeftirlit endurskoðaði útreikninga á virði áhættuskuldbindinga vogunarhlutfalls árið 2017 vegna reglubundinna kaupa eða sölu sem bíða uppgjörs til þess að tryggja að meðferðin á þeim endurspegli vogunina sem er innbyggð í þessi viðskipti og að möguleg mismunandi reikningsskil hafi ekki áhrif á útreikninga meðal stofnana með sambærilegar stöður. Í Sambandinu var þessi endurskoðun innleidd með reglugerð (ESB) 2019/876. Hins vegar kemur þessi hagstæðari meðferð ekki til framkvæmdar fyrr en 28. júní 2021. Þar sem hin endurskoðaða útreikningsaðferð myndi endurspegla raunverulega vogun viðskipta betur og jafnframt auka getu stofnana til útlána og til að taka á sig tap á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn gengur yfir ættu stofnanirnar nú þegar að geta beitt endurskoðuðu útreikningsaðferðunum tímabundið áður en ákvæðin sem leidd eru í lög með reglugerð (ESB) 2019/876 taka gildi gagnvart öllum stofnunum Sambandsins.

11) Margar stofnanir sem starfa innan Sambandsins hafa fallið undir IFRS 9 frá 1. janúar 2018. Í samræmi við alþjóðlega staðla sem Baselnefndin um bankaeftirlit samþykkti var með reglugerð (ESB) 2017/2395 innleitt í reglugerð (ESB) 575/2013 umbreytingarfyrirkomulag til að draga úr mögulegum umtalsverðum neikvæðum áhrifum vænts útlánataps á almennt eigið fé þáttar 1 stofnana samkvæmt IFRS-staðli 9.

12) Beiting IFRS 9 á meðan efnahagssamdrátturinn vegna COVID-19-heimsfaraldursins stendur yfir gæti leitt til skyndilegrar aukningar á varúðarniðurfærslum vegna áætlaðs útlánataps þar sem vera kynni að reikna þyrfti vænt tap á líftíma fyrir margar áhættuskuldbindingar. Baselnefndin um bankaeftirlit, Evrópska bankaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hafa tekið skýrt fram að þess er vænst að stofnanir beiti ekki núgildandi aðferðum á vænt útlánatap með vélrænum hætti í sérstökum undantekningartilvikum svo sem vegna COVID-19-heimsfaraldursins heldur nýti þann sveigjanleika sem innbyggður er í IFRS 9, t.d. með því að taka tilhlýðilegt tillit til langtíma efnahagsþróunar. Baselnefndin um bankaeftirlit samþykkti 3. apríl 2020 að veita meiri sveigjanleika við framkvæmd umbreytingarfyrirkomulags til þess að taka inn áhrif IFRS 9 í skrefum. Til þess að draga úr mögulegum óstöðugleika á lögbundnu eigin fé sem gæti komið til ef COVID-19-heimsfaraldurinn leiðir til verulegrar aukningar á varúðarniðurfærslum vegna áætlaðs útlánataps er nauðsynlegt að framlengja umbreytingarfyrirkomulagið einnig í lögum Sambandsins.

13) Til að draga úr mögulegum áhrifum skyndilegrar aukningar á varúðarniðurfærslum vegna áætlaðs útlánataps á getu stofnana til útlána til viðskiptavina þegar þörfin er mest ætti að framlengja umbreytingarfyrirkomulagið um tvö ár og stofnanir ættu að geta bætt að fullu við almennt eigið fé þáttar 1 allri aukningu í nýjum varúðarniðurfærslum vegna áætlaðs útlánataps sem þær færa árin 2020 og 2021 fyrir fjáreignir sínar sem ekki eru virðisrýrðar. Þessar breytingar myndu draga frekar úr áhrifum COVID-19-heimsfaraldursins á mögulega aukna þörf stofnana til varúðarniðurfærslu samkvæmt IFRS 9 og jafnframt halda í umbreytingarfyrirkomulagið fyrir áætlað útlánatap sem komið var á áður en COVID-19-heimsfaraldurinn skall á.

([11]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/62 frá 10. október 2014 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar vogunarhlutfallið (Stjtíð. ESB L 11, 17.1.2015, bls. 37).

14) Stofnanir sem hafa áður ákveðið að nýta eða nýta ekki umbreytingarfyrirkomulagið ættu að geta dregið þá ákvörðun til baka hvenær sem er á nýja umbreytingartímabilinu með fyrirvara um að þær fái fyrirframheimild til þess frá lögbærum yfirvöldum sínum. Lögbær yfirvöld ættu að tryggja að slík ákvörðunarbreyting ráðist ekki af sjónarmiðum um eftirlitshögnun. Þar af leiðandi og með fyrirvara um fyrirframheimild frá lögbæra yfirvaldinu ættu stofnanir að geta ákveðið að hætta að nýta umbreytingarfyrirkomulagið.

15) Hin einstöku áhrif COVID-19-heimsfaraldursins koma einnig fram í gríðarlegum óstöðugleika á fjármálamörkuðum sem ásamt óvissu leiðir til aukinna vaxta á opinberar skuldir sem leiðir aftur til óinnleysts taps eignarhlutdeilda stofnana í opinberum skuldum. Til þess að draga úr verulegum neikvæðum áhrifum óstöðugleika ríkisskuldamarkaða, á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn gengur yfir, á lögbundið eigið fé stofnana og þar af leiðandi á svigrúm stofnana til útlána til viðskiptavina, ætti að koma aftur á fót tímabundinni varfærnisíu sem hindraði þau áhrif.

16) Stofnanir þurfa að framkvæma afturvirka prófun eigin líkana sinna daglega til að meta hvort þessi líkön leiði af sér nægilegar eiginfjárkröfur til að taka við tapi í veltubók. Ef ágallar í kröfum afturvirkrar prófunar, sem einnig nefnast yfirskot, kæmu fram oftar en sem nemur tiltekinni tölu á ári myndi það leiða til þess að viðbótar magnbundnum margfaldara væri beitt á eiginfjárkröfur að því er varðar markaðsáhættu þegar notað er eigið líkan. Kröfur afturvirkrar prófunar eru mjög sveiflumagnandi á tímum gríðarlegs óstöðugleika svo sem þeim sem COVID-19-heimsfaraldurinn hefur valdið. Í kjölfar efnahagsáfallsins hefur magnbundni markaðsáhættumargfaldarinn sem beitt er á eigin líkön hækkað umtalsvert. Basel III regluramminn um markaðsáhættu heimilar lögbærum yfirvöldum að jafna út slíka óvenjulega atburði í eigin líkönum fyrir markaðsáhættu en slíkt ákvörðunarvald eftirlitsyfirvalda er ekki fyllilega til staðar í reglugerð (ESB) nr. 575/2013. Því ætti að veita lögbærum yfirvöldum aukið svigrúm til að milda neikvæðar afleiðingar gríðarlegs óstöðugleika á markaði á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn gengur yfir með því að undanskilja yfirskot sem verða frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2021 sem ekki er hægt að rekja til annmarka í eigin líkönum. Á grundvelli reynslunnar af COVID-19-heimsfaraldrinum ætti framkvæmdastjórnin að meta hvort einnig ætti að veita slíkt svigrúm þegar gríðarlegur óstöðugleiki verður á markaði í framtíðinni.

17) Í mars 2020 endurskoðaði hópur seðlabankastjóra og forstöðumanna fjármálaeftirlita tímalínu framkvæmdar lokaatriða Basel III reglurammans. Þótt enn eigi eftir að innleiða flest lokaatriðin í lög Sambandsins hafa kröfur um vogunarhlutfallsauka fyrir kerfislega mikilvægar stofnanir á alþjóðavísu þegar verið innleiddar með breytingum sem gerðar eru með reglugerð (ESB) 2019/876. Þess vegna, og til þess að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði á alþjóðavettvangi fyrir stofnanir sem komið hefur verið á fót í Sambandinu sem starfa einnig utan Sambandsins, ætti að fresta gildistökudegi kröfunnar um vogunarhlutfallsauka sem sett er fram í þeirri reglugerð til 1. janúar 2023. Með frestun á beitingu kröfunnar um vogunarhlutfallsauka myndi misbrestur á að uppfylla þá kröfu, sbr. 141. gr. c tilskipunar 2013/36/ESB, ekki hafa neinar afleiðingar á frestunartímabilinu og engar tengdar hömlur á útgreiðslur sem settar eru fram í 141. gr. b. þeirrar tilskipunar vera til staðar.

18) Að því er varðar lán sem lánastofnanir veita lífeyrisþegum eða launþegum með ótímabundna ráðningarsamninga gegn skilyrðislausri millifærslu hluta lífeyris eða launa lánþegans til lánastofnunarinnar var 123. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 breytt með reglugerð (ESB) 2019/876 til að gera kleift að veita slíkum lánum hagstæðari meðferð. Beiting slíkrar meðferðar í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn myndi auka hvata fyrir stofnanir til að auka lánveitingar til launþega og lífeyrisþega. Því er nauðsynlegt að flýta gildistökudegi þeirra ákvæða svo stofnanir geti gripið til þeirra á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn gengur yfir.

19) Þar sem stuðningsþátturinn fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og stuðningsþátturinn fyrir innviði gerir hagstæðari meðferð tiltekinna áhættuskuldbindinga vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja og innviða mögulega, ætti beiting hans í tengslum við COVID-19-heimsfaraldurinn að vera hvati fyrir stofnanir að auka mjög þarfar lánveitingar. Því er nauðsynlegt að flýta gildistökudegi þessara tveggja stuðningsþátta svo stofnanir geti gripið til þeirra á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn gengur yfir.

20) Varfærnismeðferð fyrir tilteknar hugbúnaðareignir var breytt með reglugerð (ESB) 2019/876 til þess að styðja betur við umbreytingu í átt að stafrænni bankageira. Í því samhengi að stafræn þjónusta hefur verið tekin í notkun hraðar vegna opinberra ráðstafana sem samþykktar voru til að takast á við COVID-19-heimsfaraldurinn ætti að flýta gildistöku þeirra breytinga.

21) Opinber fjármögnun með útgáfu ríkisskuldabréfa í innlendum gjaldmiðli annars aðildarríkis gæti reynst nauðsynleg til að styðja við ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19-heimsfaraldursins. Til þess að komast hjá ónauðsynlegum hömlum á stofnanir sem fjárfesta í slíkum skuldabréfum þykir rétt að taka upp aftur umbreytingarfyrirkomulagið fyrir áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum og seðlabönkum þegar þær áhættuskuldbindingar eru gefnar upp í innlendum gjaldmiðli annars aðildarríkis að því er varðar meðferð slíkra áhættuskuldbindinga samkvæmt rammanum um útlánaáhættu og framlengja umbreytingarfyrirkomulagið að því er varðar meðferð slíkra áhættuskuldbindinga samkvæmt takmörkunum á stórum áhættuskuldbindingum.

22) Við hinar óvenjulegu aðstæður sem komið hafa upp vegna COVID-19-heimsfaraldursins er ætlast til þess að hagsmunaaðilar leggi sitt af mörkum til aðgerða til að ná bata. Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Seðlabanki Evrópu og önnur lögbær yfirvöld hafa gefið út tilmæli til stofnana um að stöðva tímabundið arðgreiðslur og endurkaup hlutabréfa á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn gengur yfir. Til þess að tryggja samræmda beitingu slíkra tilmæla ættu lögbær yfirvöld að nýta eftirlitsheimildir sínar til fulls, þ.m.t. heimildir til að setja bindandi hömlur á útgreiðslur eða skorður á breytileg launakjör, ef við á, í samræmi við tilskipun 2013/36/ESB. Á grundvelli reynslunnar af COVID-19-heimsfaraldrinum ætti framkvæmdastjórnin að meta hvort veita ætti lögbærum yfirvöldum viðbótar bindandi valdheimildir til þess að leggja hömlur á útgreiðslur við sérstakar aðstæður.

23) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að hámarka getu stofnana til lánveitinga og taka á sig tap vegna COVID-19-heimsfaraldursins og jafnframt tryggja áframhaldandi viðnámsþrótt slíkra stofnana, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þeirra og áhrifa er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

24) Til þess að hinar sérstöku stuðningsráðstafanir, sem samþykktar eru til að draga úr áhrifum COVID-19-heimsfaraldursins, nái fullri skilvirkni að því er varðar það að viðhalda viðnámsþrótti bankageirans og búa til hvata fyrir stofnanir til að halda áfram lánveitingum er nauðsynlegt að hin mildandi áhrif þessara ráðstafana endurspeglist strax í því hvernig lögbundnar eiginfjárkröfur eru ákvarðaðar. Með hliðsjón af því hve aðkallandi þessar aðlaganir á reglurammanum um varfærnisreglur eru ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

25) Í ljósi hinna brýnu, sérstöku aðstæðna, sem hafa skapast af völdum útbreiðslu COVID-19 heimsfaraldursins, var talið viðeigandi að veita undanþágu frá átta vikna frestinum, sem um getur í 4. gr. bókunar 1 um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu, sem fylgir sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu.

26) Því ætti að breyta reglugerðum (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) 2019/876 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 575/2013

Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er breytt sem hér segir:

1) Í stað inngangsorða 4. mgr. 47. gr. c kemur eftirfarandi:

„4. Þrátt fyrir 3. mgr. þessarar greinar skulu eftirfarandi stuðlar gilda um þann hluta vanefndrar áhættuskuldbindingar sem opinber útflutningslánastofnun ábyrgist eða tryggir eða sem hæfur veitandi útlánavarnar sem um getur í a- til e-lið 1. mgr. 201. gr. ábyrgist eða bakábyrgist ef ótryggðar áhættuskuldbindingar gagnvart honum myndu fá 0% áhættuvog skv. 2. kafla II. bálks þriðja hluta:“.

2) Í 114. gr. fellur 6. mgr. brott.

3) Í stað ii. liðar d-liðar fyrstu undirgreinar 1. mgr. 150. gr. kemur eftirfarandi:

„ii. áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum og seðlabönkum fái 0% áhættuvog skv. 2. eða 4. mgr. 114. gr.,“.

4) Ákvæðum 429. gr. a, með áorðnum breytingum samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/876, er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangsorðanna í n-lið 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„n) eftirfarandi áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabanka stofnunarinnar, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í 5. og 6. mgr.:“.

b) Ákvæðum 5. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi kemur í stað inngangsmálsliðarins:

„Stofnanir geta undanskilið áhættuskuldbindingar sem taldar eru upp í n-lið 1. mgr. ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:“.

ii. Eftirfarandi lið er bætt við:

„c) lögbært yfirvald stofnunarinnar hefur ákvarðað að höfðu samráði við viðkomandi seðlabanka á hvaða degi hinar sérstöku aðstæður teljast hafa hafist og tilkynnt um þá dagsetningu opinberlega; sá dagur skal vera við lok ársfjórðungs.“

c) Í stað skilgreininga á „EM_{LR}“ og „CB“ í 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„EM_{LR} = heildarmælistærð áhættuskuldbindingar stofnunar eins og hún er reiknuð í samræmi við 4. mgr. 429. gr., þ.m.t. áhættuskuldbindingar sem eru undanskildar í samræmi við n-lið 1. mgr. þessarar greinar, á þeim degi sem um getur í c-lið 5. mgr. þessarar greinar og

CB = dagsmeðaltal heildarvirðis áhættuskuldbindinga stofnunarinnar gagnvart seðlabanka sínum, reiknað yfir heilt bindiskyldutímabil seðlabankans sem kemur næst á undan þeim degi sem um getur í c-lið 5. mgr. sem hægt er að undanskilja í samræmi við n-lið 1. mgr.“

5) Ákvæði 467. gr. falla brott.

6) Í stað 468. gr. kemur eftirfarandi:

„468. gr.

Tímabundin meðferð óinnleysts hagnaðar og taps metið á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í ljósi COVID-19-heimsfaraldursins

1. Þrátt fyrir 35. gr. mega stofnanir, á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2022 („tímabil tímabundinnar meðferðar“) fjarlægja úr útreikningum á liðum í almennu eigin fé þáttar 1 fjárhæðina A sem er ákvörðuð í samræmi við eftirfarandi formúlu:

$$A = a \cdot f$$

þar sem:

a = fjárhæð óinnleysts hagnaðar og taps sem safnast hefur upp frá 31. desember 2019 sem flokkuð eru sem „breytingar á gangvirði fjármálagerninga sem metnir eru á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu“ í efnahagsreikningi, sem samsvarar áhættuskuldbindingum gagnvart ríkjum, héraðsstjórnum eða staðaryfirvöldum sem um getur í 2. mgr. 115. gr. þessarar reglugerðar og opinberum aðilum sem um getur í 4. mgr. 116. gr. þessarar reglugerðar, að frátöldum þeim fjáreignum sem eru virðisrýrðar, eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 („viðaukinn sem varðar IFRS 9“) og

f = stuðullinn fyrir hvert skýrslugjafarár á tímabili tímabundinnar meðferðar í samræmi við 2. mgr.

2. Stofnanir skulu beita eftirfarandi stuðlum f við útreikning á fjárhæð A sem um getur í 1. mgr.:

a) 1 á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2020,

b) 0,7 á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2021,

c) 0,4 á tímabilinu frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2022.

3. Ef stofnun ákveður að beita tímabundinni meðferð sem sett er fram í 1. mgr. skal hún upplýsa lögbæra yfirvaldið um ákvörðun sína a.m.k. 45 dögum áður en skiladagurinn rennur upp fyrir framlagningu upplýsinganna sem byggðar eru á þeirri meðferð. Með fyrirvara um fyrirframheimild frá lögbæra yfirvaldinu má stofnun snúa við upphaflegri ákvörðun sinni einu sinni á því tímabili sem tímabundinni meðferð er beitt. Stofnanir skulu tilkynna opinberlega ef þær beita þeirri meðferð.

4. Ef stofnun fjarlægir fjárhæð óinnleysts taps úr liðum í almennu eigin fé þáttar 1 í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skal hún endurreikna allar kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tilskipun 2013/36/ESB sem eru reiknaðar með notkun einhverra af eftirfarandi liðum:

a) fjárhæð frestaðrar skattinneignar sem er dregin frá liðum í almennu eigin fé þáttar 1 í samræmi við c-lið 1. mgr. 36. gr. eða áhættuvegin í samræmi við 4. mgr. 48. gr.,

b) fjárhæð sértækra leiðréttinga á útlánaáhættu.

Þegar viðkomandi krafa er endurreiknuð skal stofnunin ekki taka tillit til þeirra áhrifa sem varúðarniðurfærsla vegna áætlaðs útlánataps sem tengist áhættuskuldbindingum gagnvart ríkjum, héraðsstjórnum eða staðaryfirvöldum sem um getur í 2. mgr. 115. gr. þessarar reglugerðar og opinberum aðilum sem um getur í 4. mgr. 116. gr. þessarar reglugerðar, að undanskildum þeim fjáreignum sem eru virðisrýrðar eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS 9, hefur á þá liði.

5. Á tímabilunum sem sett eru fram í 2. mgr. þessarar greinar skulu stofnanir sem hafa ákveðið að beita tímabundnu meðferðinni sem sett er fram í 1. mgr. þessarar greinar, í viðbót við upplýsingarnar sem birta skal samkvæmt áttunda hluta, birta fjárhæðir eiginfjárgrunns, almenns eigin fjár þáttar 1 og eiginfjárþáttar 1, heildareiginfjárhlutfall, hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1, hlutfall eiginfjárþáttar 1 og vogunarhlutfallið sem þær væru með ef þær beittu ekki þessari meðferð.“

7) Ákvæðum 473. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað inngangsorðanna í fyrstu undirgrein kemur eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir ákvæði 50. gr. og þar til við lok umbreytingartímabilanna sem sett eru fram í 6. mgr. og 6. mgr. a þessarar greinar geta eftirfarandi stofnanir tekið með í sitt almenna eigið fé þáttar 1 fjárhæðina sem reiknuð er út í samræmi við þessa málsgrein:“.

ii. Í stað annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Fjárhæðin sem um getur í fyrstu undirgrein skal reiknuð út sem samtalan af eftirfarandi:

a) fyrir áhættuskuldbindingar sem falla undir áhættuvog í samræmi við 2. kafla II. bálks þriðja hluta, fjárhæðin (AB_{SA}) reiknuð út í samræmi við eftirfarandi reiknireglu:

$$AB_{SA} = \left(A_{2,SA} - t_1\right) \cdot f_1 + \left(A_{4,SA} - t_2\right) \cdot f_2 + \left(A_{SA}^{old} - t_3\right) \cdot f_1$$

þar sem:

$A_{2,SA}$ = fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við 2. mgr.,

$A_{4,SA}$ = fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við 4. mgr., á grundvelli fjárhæðanna sem reiknaðar eru í samræmi við 3. mgr.,

$$A_{SA}^{old} = \max\left\{P_{1.1.2020}^{SA} - P_{1.1.2018}^{SA}; 0\right\},$$

$P_{1.1.2020}^{SA}$ = samtala áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.5 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.3 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreigna sem eru virðisrýrðar eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS 9, 1. janúar 2020,

$P^{SA}_{1.1.2018}$ = samtala áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.5 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.3 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreigna sem eru virðisrýrðar eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS 9, 1. janúar 2018 eða á upphafsdegi beitingar IFRS 9, hvort sem ber upp síðar,

f_1 = gildandi stuðull sem mælt er fyrir um í 6. mgr.,

f_2 = gildandi stuðull sem mælt er fyrir um í 6. mgr. a,

t_1 = hækkun á almennu eigin fé þáttar 1 sem er vegna möguleika á að nýta fjárhæðina $A_{2,SA}$ sem skattfrádrátt,

t_2 = hækkun á almennu eigin fé þáttar 1 sem er vegna möguleika á að nýta fjárhæðina $A_{4,SA}$ sem skattfrádrátt,

t_3 = hækkun á almennu eigin fé þáttar 1 sem er vegna möguleika á að nýta fjárhæðina A^{old}_{SA} sem skattfrádrátt,

b) fyrir áhættuskuldbindingar sem falla undir áhættuvog í samræmi við 3. kafla II. bálks þriðja hluta, fjárhæðin (AB_{IRB}) reiknuð út í samræmi við eftirfarandi reiknireglu:

$$AB_{IRB} = \left(A_{2,IRB} - t_1\right) \cdot f_1 + \left(A_{4,IRB} - t_2\right) \cdot f_2 + \left(A^{old}_{IRB} - t_3\right) \cdot f_1$$

þar sem:

$A_{2,IRB}$ = fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við 2. mgr., sem er aðlöguð í samræmi við a-lið 5. mgr.,

$A_{4,IRB}$ = fjárhæðin sem reiknuð er í samræmi við 4. mgr., byggðri á fjárhæðunum sem reiknaðar eru í samræmi við 3. mgr. sem eru aðlagaðar í samræmi við b- og c-lið 5. mgr.,

$$A^{old}_{IRB} = \max\{P^{IRB}_{1.1.2020} - P^{IRB}_{1.1.2018}; 0\},$$

$P^{IRB}_{1.1.2020}$ = samtala áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.5 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðaður er í samræmi við lið 5.5.3 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreigna sem eru virðisrýrðar, eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS 9, lækkaðri um samtöluna á tengdum fjárhæðum áætlaðs taps fyrir sömu áhættuskuldbindingar sem reiknaðar eru út í samræmi við 5., 6. og 10. mgr. 158. gr. þessarar reglugerðar, 1. janúar 2020. Þegar útreikningar leiða til neikvæðrar tölu skal stofnunin setja virði $P^{IRB}_{1.1.2020}$ sem jafnt og núll,

$P^{IRB}_{1.1.2018}$ = samtala áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.5 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðaður er í samræmi við lið 5.5.3 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreignanna sem eru virðisrýrðar, eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS 9, 1. Janúar 2018 eða á þeim degi sem IFRS 9 var upphaflega beitt, hvort sem ber upp síðar, lækkaðri um samtöluna á tengdum fjárhæðum áætlaðs taps fyrir sömu áhættuskuldbindingar sem reiknað er út í samræmi við 5., 6. og 10. mgr. 158. gr. þessarar reglugerðar. Þegar útreikningar leiða til neikvæðrar tölu skal stofnunin setja virði $P^{IRB}_{1.1.2018}$ sem jafnt og núll,

f_1 = gildandi stuðull sem mælt er fyrir um í 6. mgr.,

f_2 = gildandi stuðull sem mælt er fyrir um í 6. mgr. a,

t_1 = hækkun á almennu eigin fé þáttar 1 sem er vegna möguleika á að nýta fjárhæðina $A_{2,IRB}$ sem skattfrádrátt,

t_2 = hækkun á almennu eigin fé þáttar 1 sem er vegna möguleika á að nýta fjárhæðina $A_{4,IRB}$ sem skattfrádrátt,

t_3 = hækkun á almennu eigin fé þáttar 1 sem er vegna möguleika á að nýta fjárhæðina A_{IRB}^{old} sem skattfrádrátt.“

b) Í stað a- og b-liðar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) samtala áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.5 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðaður er í samræmi við lið 5.5.3 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreigna sem eru virðisrýrðar, eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS 9, á skýrslugjafardegi og, þegar 468. gr. þessarar reglugerðar gildir, að undanskildu væntu útlánatapi sem ákvarðað er fyrir áhættuskuldbindingar sem eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2 A í viðaukanum sem varðar IFRS 9,

b) samtala áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.5 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.3 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreigna sem eru virðisrýrðar eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS 9 og þegar 468. gr. þessarar reglugerðar gildir, að undanskildu áætluðu útlánatapi sem er ákvarðað fyrir áhættuskuldbindingar sem metnar eru á gagnvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2. A og viðaukans sem varðar IFRS 9, 1. janúar 2020 eða á upphafsdegi beitingar IFRS 9, hvort sem ber upp síðar.“

c) Í stað b- og c-liða 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„b) stofnanir skulu skipta út fjárhæðinni sem reiknuð er út í samræmi við a-lið 3. mgr. þessarar greinar með samtölu áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.5 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.3 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreigna sem eru virðisrýrðar, eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS 9, og, þegar 468. gr. þessarar reglugerðar gildir, að undanskildu áætluðu útlánatapi sem ákvarðað er fyrir áhættuskuldbindingar sem eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2 A í viðaukanum sem varðar IFRS 9, lækkaðri um samtöluna á tengdum fjárhæðum áætlaðs taps fyrir sömu áhættuskuldbindingar sem reiknað er út í samræmi við 5., 6. og 10. mgr. 158. gr. á skýrsluskiladeginum. Ef niðurstaða útreikningsins er neikvæð tala skal stofnun setja virðið á fjárhæðinni sem um getur í a-lið 3. mgr. þessarar greinar sem jafnt og núll,

c) stofnanir skulu skipta út fjárhæðinni sem reiknuð er út í samræmi við b-lið 3. mgr. þessarar greinar með samtölu áætlaðs útlánataps 12 mánaða sem ákvarðað er í samræmi við lið 5.5.5 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 og niðurfærslufjárhæðar áætlaðs útlánataps yfir líftíma sem ákvörðuð er í samræmi við lið 5.5.3 í viðaukanum sem varðar IFRS 9 að undanskilinni niðurfærslu áætlaðs útlánataps yfir líftíma fjáreigna sem eru virðisrýrðar, eins og skilgreint er í viðbæti A við viðaukann sem varðar IFRS 9, og þegar 468. gr. þessarar reglugerðar gildir, að undanskildu áætluðu útlánatapi fyrir áhættuskuldbindingar sem eru metnar á gangvirði í gegnum aðra heildarafkomu í samræmi við lið 4.1.2 A í viðaukanum sem varðar IFRS 9, 1. janúar 2020 eða á upphafsdegi beitingar IFRS 9, hvort sem ber upp síðar, lækkaðri um samtöluna á tengdum fjárhæðum áætlaðs taps fyrir sömu áhættuskuldbindingar sem reiknað er út í samræmi við 5., 6. og 10. mgr. 158. gr. 1. janúar 2020 eða á þeim degi sem upphafleg beiting IFRS 9 hefst, hvort sem ber upp síðar. Ef niðurstaða útreikningsins er neikvæð tala skal stofnun setja virðið á fjárhæðinni sem um getur í b-lið 3. mgr. þessarar greinar sem jafnt og núll.“

d) Í stað 6. mgr. kemur eftirfarandi:

„6. Stofnanir skulu beita eftirfarandi stuðlum f_1 til að reikna út fjárhæðirnar AB_{SA} og AB_{IRB} sem um getur í a- og b-lið annarrar undirgreinar 1. mgr.:

a) 0,7 á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2020,

b) 0,5 á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2021,

c) 0,25 á tímabilinu frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2022,

d) 0 á tímabilinu frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2024.

Stofnanir með fjárhagsár sem hefst eftir 1. janúar 2020 en fyrir 1. janúar 2021 skulu aðlaga dagsetningarnar í a- til dliðar fyrstu undirgreinar svo að þær samsvari fjárhagsári þeirra, og skulu tilkynna aðlöguðu dagsetningarnar lögbærum yfirvöldum sínum og gera þær opinberar.

Stofnanir sem byrja að beita reikningsskilastöðlunum, eins og um getur í 1. mgr., 1. janúar 2021 eða síðar, skulu beita viðkomandi stuðlum í samræmi við b- til d-lið fyrstu undirgreinar og byrja með stuðulinn sem samsvarar árinu sem þessum reikningsskilastöðlum er beitt fyrst.“

e) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„6a. Stofnanir skulu beita eftirfarandi stuðlum f_2 til að reikna út fjárhæðirnar AB_{SA} og AB_{IRB} sem um getur í a- og blið annarrar undirgreinar 1. mgr.:

a) 1 á tímabilinu frá 1. janúar 2020 til 31. desember 2020,

b) 1 á tímabilinu frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2021,

c) 0,75 á tímabilinu frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2022,

d) 0,5 á tímabilinu frá 1. janúar 2023 til 31. desember 2023,

e) 0,25 á tímabilinu frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2024.

Stofnanir með fjárhagsár sem hefst eftir 1. janúar 2020 en fyrir 1. janúar 2021 skulu aðlaga dagsetningarnar í a- til eliðar fyrstu undirgreinar svo að þær samsvari fjárhagsári þeirra, og skulu tilkynna aðlöguðu dagsetningarnar lögbærum yfirvöldum sínum og gera þær opinberar.

Stofnanir sem byrja að beita reikningsskilastöðlunum, eins og um getur í 1. mgr., 1. janúar 2021 eða síðar skulu beita viðkomandi stuðlum í samræmi við b- til e-lið fyrstu undirgreinar og byrja með stuðulinn sem samsvarar árinu sem þessum reikningsskilastöðlum er beitt fyrst.“

f) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„7a. Þrátt fyrir b-lið 7. mgr. þessarar greinar, þegar kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og í tilskipun 2013/36/ESB eru endurreiknaðar, mega stofnanir úthluta 100% áhættuvog á fjárhæð AB_{SA} sem um getur í a-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar. Að því er varðar útreikning á heildarmælistærð áhættuskuldbindinga sem um getur í 4. mgr. 429. gr. þessarar reglugerðar skulu stofnanir bæta fjárhæðum AB_{SA} og AB_{IRB} sem um getur í a- og b-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. þessarar greinar við heildarmælistærð áhættuskuldbindinga.

Stofnanir geta aðeins einu sinni valið hvort þær noti útreikningana sem settir eru fram í b-lið 7. mgr. eða útreikningana sem settir eru fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Stofnanir skulu gera ákvörðun sína opinbera.“

g) Í stað 8. mgr. kemur eftirfarandi:

„8. Á tímabilunum sem sett eru fram í 6. mgr. og 6. mgr. a þessarar greinar skulu stofnanir sem hafa ákveðið að beita umbreytingarfyrirkomulaginu sem sett er fram í þessari grein, í viðbót við upplýsingarnar sem birta skal samkvæmt áttunda hluta, tilkynna lögbærum yfirvöldum og birta fjárhæðir eiginfjárgrunns, almenns eigin fjár þáttar 1 og eiginfjárþáttar 1, hlutfall almenns eigin fjár þáttar 1, hlutfall eiginfjárþáttar 1, heildareiginfjárhlutfallið og vogunarhlutfallið sem þær væru með ef þær beittu ekki þessari grein.“

h) Ákvæðum 9. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrstu og annarrar undirgreinar kemur eftirfarandi:

„9. Stofnanir skulu ákvarða hvort beita eigi fyrirkomulaginu sem sett er fram í þessari grein á umbreytingartímabilinu og skulu upplýsa lögbæra yfirvaldið um ákvörðun sína eigi síðar en 1. febrúar 2018. Ef stofnun hefur fengið fyrirframheimild frá lögbæra yfirvaldinu getur hún, á umbreytingartímabilinu, snúið við ákvörðun sinni. Stofnanir skulu birta opinberlega sérhverja ákvörðun sem tekin er í samræmi við þessa undirgrein.

Stofnun sem hefur ákveðið að beita umbreytingarfyrirkomulaginu sem sett er fram í þessari grein getur ákveðið að beita ekki 4. mgr. og skal í því tilviki upplýsa lögbæra yfirvaldið um ákvörðun sína eigi síðar en 1. febrúar 2018. Í slíku tilviki skal stofnunin setja $A_{4,SA}$, $A_{4,IRB}$, A_{SA}^{old}, A_{IRB}^{old}, t_2 og t_3 sem um getur í 1. mgr. sem jafnt og núll. Ef stofnun hefur fengið fyrirframheimild frá lögbæra yfirvaldinu getur hún, á umbreytingartímabilinu, snúið við ákvörðun sinni. Stofnanir skulu birta opinberlega sérhverja ákvörðun sem tekin er í samræmi við þessa undirgrein.“

ii. Eftirfarandi undirgreinar bætast við:

„Stofnun sem hefur ákveðið að beita umbreytingarfyrirkomulaginu sem sett er fram í þessari grein getur ákveðið að beita ekki 2. mgr. og skal í því tilviki upplýsa lögbæra yfirvaldið um ákvörðun sína án tafar. Í slíku tilviki skal stofnunin setja $A_{2,SA}$, $A_{2,IRB}$ og t_1 sem um getur í 1. mgr. sem jafnt og núll. Stofnun getur snúið við ákvörðun sinni á umbreytingartímabilinu að því gefnu að hún hafi fengið fyrirframheimild frá lögbæra yfirvaldinu.

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni a.m.k. árlega um beitingu þessarar greinar af hálfu stofnana sem sæta eftirliti þeirra."

8) Í 495. gr. fellur 2. mgr. brott.

9) Eftirfarandi greinar bætast við:

„500. gr. a

Tímabundin meðferð á opinberum skuldum sem gefnar eru út í gjaldmiðli annars aðildarríkis.

1. Þrátt fyrir 2. mgr. 114. gr., þar til 31. desember 2024, að því er varðar áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum og seðlabönkum aðildarríkja, þegar þær áhættuskuldbindingar eru gefnar upp og fjármagnaðar í innlendum gjaldmiðli annars aðildarríkis, gildir eftirfarandi:

a) til 31. desember 2022, skal beita 0% af áhættuvoginni sem þessum áhættuskuldbindingum er úthlutað í samræmi við 2. mgr. 114. gr., á virði áhættuskuldbindinganna,

b) á árinu 2023 skal beita 20% af áhættuvoginni sem þessum áhættuskuldbindingum er úthlutað í samræmi við 2. mgr. 114.gr., á virði áhættuskuldbindinganna,

c) á árinu 2024 skal beita 50% af áhættuvoginni sem þessum áhættuskuldbindingum er úthlutað í samræmi við 2. mgr. 114. gr., á virði áhættuskuldbindinganna.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. 395. gr. og 4. mgr. 493. gr. geta lögbær yfirvöld heimilað stofnunum að taka á sig áhættuskuldbindingar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar upp að eftirfarandi mörkum:

a) 100% af eiginfjárþætti 1 stofnunarinnar fram til 31. desember 2023,

b) 75% af eiginfjárþætti 1 stofnunarinnar milli 1. janúar og 31. desember 2024,

c) 50% af eiginfjárþætti 1 stofnunarinnar milli 1. janúar og 31. desember 2025.

Mörkin sem um getur í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skulu gilda um virði áhættuskuldbindinga eftir að tekið er tillit til áhrifanna af mildun útlánaáhættu í samræmi við 399. til 403. gr.

3. Þrátt fyrir ii. lið d-liðar 1. mgr. 150. gr. geta stofnanir, að fenginni fyrirframheimild frá lögbærum yfirvöldum og að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 150. gr., einnig beitt staðalaðferðinni á áhættuskuldbindingar gagnvart ríkjum og seðlabönkum þegar þessum áhættuskuldbindingum er úthlutað 0% áhættuvog skv. 1. mgr. þessarar greinar.

500. gr. b

Tilteknar áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabönkum tímabundið undanskildar heildarmælistærð áhættuskuldbindinga í ljósi COVID-19-heimsfaraldursins

1. Þrátt fyrir 4. mgr. 429. gr. má stofnun, þar til 27. júní 2021, undanskilja frá heildarmælistærð áhættuskuldbindinga eftirfarandi áhættuskuldbindingar stofnunarinnar gagnvart seðlabanka sínum, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í 2. og 3. mgr. þessarar greinar:

a) mynt og peningaseðla sem eru lögmætir gjaldmiðlar í lögsögu seðlabankans,

b) eignir sem eru kröfur á seðlabankann, þ.m.t. varaforða í vörslu seðlabankans.

Fjárhæðin sem stofnun undanskilur skal ekki vera hærri en dagleg meðalfjárhæð þeirra áhættuskuldbindinga sem taldar eru upp í a- og b-lið fyrstu undirgreinar á síðastliðnu heila bindiskyldutímabili seðlabanka stofnunarinnar.

2. Stofnun má undanskilja þær áhættuskuldbindingar sem taldar eru upp í 1. mgr. ef lögbært yfirvald stofnunarinnar hefur ákveðið, að höfðu samráði við viðkomandi seðlabanka, og lýst því opinberlega yfir að sérstakar aðstæður ríki sem réttlæti að þær séu undanskildar til þess að auðvelda framkvæmd peningamálastefnu.

Áhættuskuldbindingar sem undanskildar eru skv. 1. mgr. skulu uppfylla bæði af eftirfarandi skilyrðum:

a) þær eru gefnar út í sama gjaldmiðli og innstæðurnar sem stofnun tekur við,

b) meðalbinditími þeirra er ekki umtalsvert lengri en meðalbinditími innstæða sem stofnunin tekur við.

Stofnun sem undanskilur áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabanka sínum frá heildarmælistærð áhættuskuldbindinga í samræmi við 1. mgr. skal einnig birta vogunarhlutfallið sem hún væri með ef hún beitti ekki þessari grein.

500. gr. c

Yfirskot undanskilin útreikningum á samleggjanda í afturvirki prófun í ljósi COVID-19-heimsfaraldursins

Lögbær yfirvöld geta, þrátt fyrir 3. mgr. 366. gr., við sérstakar aðstæður og í stökum tilvikum leyft stofnunum að undanskilja yfirskot sem koma fram í afturvirkri prófun stofnana á hugsanlegum eða raunverulegum breytingum úr útreikningum á samleggjandanum sem settir eru fram í 3. mgr. 366. gr. að því tilskildu að þessi yfirskot séu ekki tilkomin vegna annmarka í eigin líkani og að því tilskildu að þau hafi átt sér stað milli 1. janúar 2020 og 31. desember 2021.

500. gr. d

Tímabundinn útreikningur á virði áhættuskuldbindinga vegna reglubundinna kaupa og sölu sem bíða uppgjörs í ljósi COVID-19-heimsfaraldursins

1. Þrátt fyrir 4. mgr. 429. gr. mega stofnanir, þar til 27. júní 2021, reikna út áhættuskuldbindingarvirði reglubundinna kaupa og sölu sem bíða uppgjörs í samræmi við 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

2. Stofnanir skulu fara með reiðufé sem tengist reglubundinni sölu og verðbréf sem tengjast reglubundnum kaupum, sem halda áfram að vera á efnahagsreikningnum til uppgjörsdags, eins og eignir í samræmi við a-lið 4. gr. 429. gr.

3. Stofnanir sem, í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð, beita reikningshaldi sem miðast við viðskiptadag á reglubundin kaup og sölur sem bíða uppgjörs skulu snúa við jöfnun viðskiptakrafna í reiðufé vegna reglubundinna sala sem bíða uppgjörs og viðskiptaskulda í reiðufé vegna reglubundinna kaupa sem bíða uppgjörs sem leyfð er samkvæmt þeirri reikningskilaumgjörð. Þegar stofnanir hafa snúið við reikningshaldslegu jöfnuninni mega þær jafna saman þessum viðskiptakröfum og viðskiptaskuldum í reiðufé ef tengdar reglubundnar sölur og kaup eru bæði gerð upp á grunni afhendingar gegn greiðslu.

4. Stofnanir sem, í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð, beita reikningshaldi sem miðast við uppgjörsdag á reglubundin kaup og sölur sem bíða uppgjörs skulu telja fullt nafnverð greiðsluskuldbindinga sem tengjast reglubundnum kaupum með í heildarmælistærð áhættuskuldbindinga.

Stofnanir geta einungis jafnað fullu nafnverði greiðsluskuldbindinga tengdum reglubundnum kaupum með fullu nafnverði viðskiptakrafna í reiðufé sem tengjast reglubundnum sölum sem bíða uppgjörs að báðum eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

a) bæði reglubundnu kaupin og sölurnar eru gerð upp á grunni afhendingar gegn greiðslu,

b) fjáreignir sem eru keyptar og seldar sem eru tengdar við viðskiptaskuldir og viðskiptakröfur í reiðufé eru metnar á gangvirði í gegnum hagnað eða tap og eru í veltubók stofnunar.

5. Að því er varðar þessa grein merkja „reglubundin kaup eða sala“, kaup eða sölu á verðbréfum samkvæmt samningi með skilmálum sem kveða á um afhendingu verðbréfs innan tímabils sem komið er á með almennum hætti í lögum eða venju á viðkomandi markaði.“

10) Eftirfarandi grein bætist við:

„518 gr. b.

Tilkynningar um yfirskot og eftirlitsheimildir til að takmarka útgreiðslur

Eigi síðar en 31. desember 2021 skal framkvæmdastjórnin skila Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um það hvort sérstakar aðstæður sem hafa valdið alvarlegri efnahagslegri truflun á eðlilegri virkni og heilbrigði fjármálamarkaða réttlæti:

a) að lögbærum yfirvöldum sé heimilt á slíku tímabili að undanskilja úr eigin líkani markaðsáhættu stofnana yfirskot sem eru ekki tilkomin vegna annmarka í þessum líkönum,

b) að veita lögbærum yfirvöldum viðbótar bindandi heimildir á slíku tímabili til að leggja hömlur á útgreiðslur stofnana.

Framkvæmdastjórnin skal íhuga frekari ráðstafanir ef við á.“

2. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2019/876

Ákvæðum 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/876 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3a. Eftirfarandi liðir í 1. gr. þessarar reglugerðar skulu gilda frá 27. júní 2020:

a) ákvæði 59. liðar að því er varðar hvernig ber að fara með tiltekin lán sem lánastofnanir veita lífeyrisþegum eða launþegum sem mælt er fyrir um í 123. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

b) ákvæði 133. liðar að því er varðar aðlögun á áhættuvegnum áhættuskuldbindingum vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem ekki eru í vanskilum eins og mælt er fyrir um í 501. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013,

c) ákvæði 134. liðar að því er varðar aðlaganir á eiginfjárkröfum fyrir lánaáhættu vegna áhættuskuldbindinga gagnvart aðilum sem reka eða fjármagna efnislega innviði eða aðstöðu, kerfi eða net sem veita eða styðja mikilvæga almannaþjónustu eins og mælt er fyrir um í 501. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.“

2) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Ákvæði b-liðar 46. liðar 1. gr. þessarar reglugerðar að því er varðar nýjar kröfur um eiginfjárgrunn kerfislega mikilvægra stofnana á alþjóðavísu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. a 92. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 skulu gilda frá 1. Janúar 2023.“

3) Í stað 7. mgr. kemur eftirfarandi:

„7. Ákvæði 18. liðar 1. gr. þessarar reglugerðar, að því er varðar b-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sem hefur að geyma ákvæðið um undanþágu frá frádrætti hugbúnaðareigna sem eru metnar á varfærinn hátt, skulu gilda frá gildistökudegi tæknilegu eftirlitsstaðlanna sem um getur í 4. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.“

3. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 27. júní 2020.

Þrátt fyrir að aðra málsgrein þessarar greinar skal 4. liður 1. gr. gilda frá 28. júní 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. júní 2020.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
D. M. SASSOLI	N. BRNJAC
forseti.	*forseti.*

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/16 **2022/EES/29/05**

frá 08. janúar 2021

um að mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir og hagnýtt fyrirkomulag varðandi gagnagrunn Sambandsins yfir dýralyf (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 frá 11. desember 2018 um dýralyf og um niðurfellingu á tilskipun 2001/82/EB ([1]), einkum 3. mgr. 55. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 er gerð sú krafa að Lyfjastofnun Evrópu komi á fót og viðhaldi, í samvinnu við aðildarríkin, gagnagrunni Sambandsins yfir dýralyf (hér á eftir nefndur vörugagnagrunnur Sambandsins).

2) Í 3. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin samþykki með framkvæmdargerðum nauðsynlegar ráðstafanir og hagnýtt fyrirkomulag við stofnsetningu og viðhald vörugagnagrunns Sambandsins.

3) Markmiðið með vörugagnagrunni Sambandsins er að efla innri markaðinn með því að veita upplýsingar um dýralyf sem eru í boði í aðildarríkjum og gera fagfólki í heilbrigðisþjónustu kleift að afla upplýsinga um dýralyf sem íhuga mætti til útfærslu á öðrum hugsanlegum meðferðarmöguleikum þegar engin hentug dýralyf eru leyfð í aðildarríki þeirra.

4) Vörugagnagrunnur Sambandsins ætti að auka heildargagnsæið með því að veita almenningi sem yfirgripsmestan aðgang að upplýsingunum sem í honum eru þegar lögbær yfirvöld hafa eytt út upplýsingum sem viðskiptaleynd hvílir á og persónuupplýsingum.

5) Vörugagnagrunnur Sambandsins ætti að innihalda samræmd og samhæfð gögn um gæði, veita getu sem býður upp á samvirkni við önnur landsbundin kerfi og kerfi Sambandsins sem nýta gögn um dýralyf og gera mögulega samþættingu við starfsemi stjórnsýslunetsins.

6) Í reglugerð (ESB) 2019/6 er einnig kveðið á um stofnsetningu annarra gagnagrunna. Til að tryggja samvirkni og gera tengingu vörugagnagrunns Sambandsins við þá gagnagrunna mögulega ætti að samræma uppbyggingu gagna á milli þessara mismunandi kerfa og nota til þess sömu viðmiðunargögn.

7) Vörugagnagrunnur Sambandsins ætti að virka og vera starfhæfur frá og með deginum þegar reglugerð (ESB) 2019/6 kemur til framkvæmda (28. janúar 2022) til að greiða fyrir þeim stjórnsýsluferlum sem kveðið er á um í henni. Einnig ætti að vera hægt að aðlaga hann að öllum breytingum sem verða innan stjórnsýslunetsins til að mæta þörfum lögbundnu rekstrarkerfanna á meðan þau eru í þróun og til að halda í við tæknilegar og vísindalegar framfarir. Þetta krefst

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 7, 11.1.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 4, 7.1.2019, bls. 43.

stigskiptrar nálgunar að því er varðar stofnsetningu og viðhald hans. Lyfjastofnun Evrópu ætti, þegar reglugerð (ESB) 2019/6 kemur til framkvæmda, að vera búin að tryggja að vörugagnagrunnur Sambandsins uppfylli hið minnsta allar virknikröfur út frá þeirri reglugerð. Eftir það ætti Lyfjastofnun Evrópu að halda áfram að þróa viðbótarvirkniþætti, þ.m.t. þá sem gætu dregið enn frekar úr stjórnsýsluálagi og orðið að framlagi til samræmingar ferla í gengum allt stjórnsýslunetið.

8) Til að létta stjórnsýsluálagi af lögbærum yfirvöldum ætti að leyfa að fyrstu innfærslur lögbærra yfirvalda til Lyfjastofnunar Evrópu er varða öll dýralyf fari fram í áföngum.

9) Vörugagnagrunnur Sambandsins ætti að samanstanda af tengdum þáttum sem munu greiða fyrir yfirgripsmikilli og samræmdri stjórnun á þeim upplýsingum sem verða geymdar. Hann ætti einnig að geta tekið við uppfærðum upplýsingum úr fyrirliggjandi efnisorðaskrám sem Lyfjastofnun Evrópu heldur utan um. Því ætti að líta á hann sem gagnagrunnskerfi frekar en sjálfstæða upplýsingatæknilausn.

10) Þróa ætti vörugagnagrunn Sambandsins með það að markmiði að forðast tvítekningu gagnainnfærslna í mismunandi kerfum Sambandsins. Þetta ætti að tryggja að hver tegund upplýsinga komi frá einni upplýsingaveitu og að gögn séu einungis færð inn einu sinni til að draga úr óhóflegu stjórnsýsluálagi og minnka líkurnar á ósamræmi. Gagnamengin í vörugagnagrunni Sambandsins ættu að vera þau nýjustu og réttustu sem í boði eru. Í þessu skyni ætti að bjóða upp á nýjustu gagnamengin í vörugagnagrunni Sambandsins til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að halda landsbundnum kerfum sínum samræmdum og samstilltum við vörugagnagrunn Sambandsins. Einnig ættu lögbær yfirvöld, framkvæmdastjórnin og markaðsleyfishafar að hafa möguleika á að nota sín eigin kerfi til að uppfæra vörugagnagrunn Sambandsins eftir því sem þörf er á.

11) Gögnin og skjölin í vörugagnagrunni Sambandsins skulu, að því marki sem mögulegt er, vera á sniði sem býður upp á tölvulæsileika. Aftur á móti getur hugsast að skjöl sem er krafist samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/6, einkum þau sem lögbærum yfirvöldum ber að leggja fram til fyrstu innfærslu í vörugagnagrunn Sambandsins, séu ekki öll til á slíku sniði. Því ætti sérstakt fyrirkomulag að vera fyrir hendi að því er varðar skjöl sem lögbærum yfirvöldum ber að leggja fram þegar fyrsta innfærsla gagna um dýralyf frá aðildarríkjum fer fram.

12) Í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/17 ([2]) myndu tilteknar breytingar, sem eru ekki matsskyldar, leiða til breytinga á gagnamengjunum í vörugagnagrunni Sambandsins á meðan aðrar myndu ekki gera það. Báðar tegundir gætu einnig krafist fylgiskjala. Markaðsleyfishafar ættu að skrá allar slíkar breytingar og þær ætti að færa inn í vörugagnagrunn Sambandsins til samþykkis eða höfnunar lögbærra yfirvalda eins og kveðið er á um í 61. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6. Einnig ættu markaðsleyfishafar að hafa heimild til að skrá síðari breytingar í vörugagnagrunn Sambandsins áður en lögbær yfirvöld hafa unnið úr þeim sem áður voru skráðar. Enn fremur gerir stjórnsýsluferlið ráð fyrir samhliða umsóknum um og úrvinnslu á breytingum sem eru matsskyldar, sem og flokkun þeirra og verkdeilingu. Því ætti vörugagnagrunnur Sambandsins að styðja lögbær yfirvöld í því að taka við samhliða breytingum.

13) Mismunandi aðilar ættu að hafa aðgang að vörugagnagrunni Sambandsins á mismunandi stigum eins og kveðið er á um í 56. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6. Því ætti Lyfjastofnun Evrópu, í samstarfi við lögbæru yfirvöldin og framkvæmdastjórnina og í samráði við markaðsleyfishafa, að semja og beita nákvæmri aðgangsstefnu áður en vörugagnagrunnur Sambandsins verður starfhæfur. Hún ætti að gera aðilum kleift að sinna skuldbindingum sínum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2019/6, samhliða því að vernda upplýsingar sem viðskiptaleynd hvílir á og persónuupplýsingar, og í henni ætti því að veita mismunandi aðgangsstig að ferlum vörugagnagrunns Sambandsins.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/17 frá 8. janúar 2021 um að koma á fót skrá yfir breytingar sem eru ekki matsskyldar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 (Stjtíð. ESB L 7, 11.1.2021, bls. 22).

14) Tryggja verður samfellu ef til þess kemur að vörugagnagrunnur Sambandsins eða einhverjir af þáttum hans verða óaðgengilegir. Því ætti Lyfjastofnun Evrópu að semja og beita viðunandi viðbúnaðarráðstöfunum áður en vörugagnagrunnur Sambandsins verður starfhæfur.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf sem um getur í 145. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „notandi“: hver sá aðili sem hefur samskipti við vörugagnagrunn Sambandsins í gegnum virknisvið hans,

b) „ofurnotandi“: einn notandi sem er tilnefndur af hverjum markaðsleyfishafa, lögbæru yfirvaldi, Lyfjastofnun Evrópu eða framkvæmdastjórninni og hefur leyfi Lyfjastofnunar Evrópu til að framkvæma aðgerðir í vörugagnagrunni Sambandsins í samræmi við þann rétt til aðgangs sem honum er veittur í gegnum notandalýsingu hans,

c) „stýrður notandi“: notandi sem ofurnotandi heimilar að framkvæma aðgerðir í vörugagnagrunni Sambandsins fyrir hönd ofurnotandans í samræmi við þann aðgangsrétt sem er veittur í gegnum notandalýsingu þess ofurnotanda,

d) „opið snið“: opið snið eins og það er skilgreint í 14. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/1024 ([3]),

e) „tölvulesanlegt snið“: tölvulesanlegt snið eins og það er skilgreint í 13. mgr. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2019/1024,

f) „formföst gögn“: gögn á fyrirframskilgreindu og stöðluðu sniði sem hægt er að þátta, raða og vinna með tölvum,

g) „kerfi Sambandsins“: upplýsingatæknikerfi Sambandsins sem eru undir stjórn Lyfjastofnunar Evrópu, framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkjanna,

h) „gögn, sem aðgangur hefur verið takmarkaður að“: öll gögn sem ekki eru skilgreind sem opinber, eins og sett er fram í aðgangsstefnunni sem um getur í 13. gr. þessarar reglugerðar.

2. gr.

Þróun, viðhald og uppfærsla vörugagnagrunns Sambandsins

1. Lyfjastofnun Evrópu skal, í síðasta lagi fyrir 28. janúar 2022, þróa og taka í notkun gagnagrunn sem uppfyllir hið minnsta þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

2. Eftir 28. janúar 2022 skal Lyfjastofnun Evrópu uppfæra fyrirliggjandi virkniþætti gagnagrunnsins og þróa aðra þá virkniþætti sem teljast viðeigandi og lögbæru yfirvöldin og framkvæmdastjórnin hafa samþykkt.

Lyfjastofnun Evrópu skal, í síðasta lagi fyrir 28. janúar 2022, í samráði við aðildarríkin, framkvæmdastjórnina og markaðsleyfishafa, þróa áætlun um frekari þróun og uppfærslu vörugagnagrunns Sambandsins. Lyfjastofnun Evrópu skal uppfæra þá áætlun á tveggja ára fresti og taka við það tillit til þeirrar framþróunar sem orðið hefur og þeirra þarfa sem borin

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1024 frá 20. júní 2019 um opin gögn og endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera (Stjtíð. ESB L 172, 26.6.2019, bls. 56).

hafa verið kennsl á í stjórnsýslunetinu sem um getur í X. kafla reglugerðar (ESB) 2019/6 og endurgjafar frá notendum vörugagnagrunns Sambandsins.

3. Þegar Lyfjastofnun Evrópu kemur vörugagnagrunni Sambandsins á fót skal hún, að því leyti sem mögulegt er, nota lausnir sem þegar liggja fyrir, eru í þróun innan stjórnsýslunetsins eða eru til á almennum markaði, að því tilskildu að þær uppfylli markmiðin með vörugagnagrunni Sambandsins.

3. gr.

Framlagning lögbærra yfirvalda á upplýsingum um dýralyf vegna fyrstu innfærslu gagna í vörugagnagrunn Sambandsins

1. Lögbæru yfirvöldin skulu leggja fram, á rafrænu formi, þær upplýsingar sem krafist er skv. 155. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 á sniðinu fyrir fyrstu innfærslu gagna í vörugagnagrunn Sambandsins sem Lyfjastofnun Evrópu mælir fyrir um.

Lyfjastofnun Evrópu skal, eigi síðar en 21. janúar 2021, mæla fyrir um snið gagnanna og skjalanna (hér eftir nefnt gagnamengi) sem saman mynda þær upplýsingar sem veita skal.

2. Lögbær yfirvöld skulu, áður en þau leggja fram gögn sín um dýralyf til Lyfjastofnunar Evrópu, kortleggja þau með tilliti til þeirra nákvæmu forskrifta sem mælt er fyrir um í II. og III. viðauka við þessa reglugerð.

Lyfjastofnun Evrópu skal sjá til þess að fyrir liggi stýrð efnisorð sem eru nauðsynleg til að kortleggja megi gögnin, þ.m.t. efnisorð fyrir efni og skipulagsgögn, með einkvæmum auðkennum fyrir efnisorð og gögn og að einungis sé hægt að velja þessi gildi úr fyrirframskilgreindu mengi gilda sem Lyfjastofnun Evrópu skilgreinir eða viðheldur.

3. Ef gagnamengi fyrir tiltekið dýralyf er ófullkomið af sögulegum ástæðum (vegna þess að ekki var gerð krafa um að lögbær yfirvöld eða markaðsleyfishafar skiluðu inn gögnum eða skjölum áður en beiting ákvæða reglugerðar (ESB) 2019/6 hófst) skulu lögbæru yfirvöldin merkja á skýran hátt þá gagnareiti í gagnamengjunum sem þau leggja fram sem engin gildi eru til staðar fyrir við fyrstu innfærslu.

4. Lögbæru yfirvöldin skulu leggja fram fyrirliggjandi skjöl á opnu og, fyrir eins mörg skjöl og mögulegt er, tölvulesanlegu sniði sem styður langtímavistun þeirra.

5. Lögbæru yfirvöldin skulu leggja fram upplýsingarnar á a.m.k. einu opinberu tungumáli Sambandsins.

6. Lyfjastofnun Evrópu skal, eigi síðar en 28. júlí 2021, gera aðgengilegt nauðsynlegt umhverfi og upplýsingatæknistuðning sem lögbæru yfirvöldin skulu nota til að prófa magnupphal upplýsinga vegna fyrstu innfærslu gagna í vörugagnagrunn Sambandsins.

4. gr.

Tímaáætlanir fyrir framlagningu vegna fyrstu innfærslu gagna um ýmsar tegundir dýralyfja

1. Auk krafnanna sem mælt er fyrir um í 155. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6:

a) skulu lögbæru yfirvöldin leggja fram til Lyfjastofnunar Evrópu, í síðasta lagi fyrir 28. janúar 2022, upplýsingar á rafrænu formi um:

   i. öll smáskammtadýralyf sem eru skráð í aðildarríki þeirra á þeim tíma,

   ii. öll dýralyf sem samhliða viðskipti eru stunduð með í aðildarríki þeirra á þeim tíma,

b) skulu lögbæru yfirvöldin leggja fram til Lyfjastofnunar Evrópu, eigi síðar en 28. janúar 2024, upplýsingar á rafrænu formi um öll dýralyf sem höfðu á þeim tíma verið undanþegin í aðildarríki þeirra frá ákvæðunum um markaðsleyfi.

2. Lögbæru yfirvöldin skulu nota sniðið sem um getur í 1. mgr. 3. gr. og nákvæmu forskriftirnar á þeim upplýsingum sem leggja skal fram, sem mælt er fyrir um í II. og III. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

Forgangsröð

Ef misræmi er milli gagnamengjanna sem þegar eru til í kerfum aðildarríkjanna og vörugagnagrunns Sambandsins skal það vera sá síðarnefndi sem gildir að því er varðar upplýsingarnar í honum.

Þetta skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin samstilli vörugagnagrunn Sambandsins við uppfærðar upplýsingar um dýralyf sem eru útkoma yfirstandandi stjórnsýsluferlis og eru í landsbundnum kerfum þeirra.

2. ÞÁTTUR

TÆKNIFORSKRIFTIR Í VÖRUGAGNAGRUNNI SAMBANDSINS

6. gr.

Notendaviðmót

1. Í vörugagnagrunni Sambandsins skulu vera myndræn notendaviðmót fyrir aðgang notenda í samræmi við aðgangsrétt þeirra sem komið er á fót með 12. og 13. gr.

2. Lyfjastofnun Evrópu skal sjá til þess að þróun, rekstur og viðhald vörugagnagrunns Sambandsins fari fram í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 ([4]).

3. Myndrænt notendaviðmót vörugagnagrunns Sambandsins skal styðja við skalanlega vefhönnun.

4. Myndrænt notendaviðmót vörugagnagrunns Sambandsins fyrir almenning skal vera aðgengilegt á öllum opinberum tungumálum Sambandsins.

5. Myndrænt notendaviðmót vörugagnagrunns Sambandsins fyrir ofurnotendur og stýrða notendur skal hið minnsta vera aðgengilegt á ensku.

7. gr.

Efnisþættir

Vörugagnagrunnur Sambandsins skal samanstanda af a.m.k. eftirfarandi þáttum:

a) aðgangsstýringarþætti sem stýrir, með notkun á sannvottunar- og leyfisveitingarferlum, aðgangi að gögnum eða virkniþáttum og tryggir að ofurnotendur og stýrðir notendur hafi viðeigandi aðgang að þeim upplýsingagögnum sem vörugagnagrunnur Sambandsins býður upp á og hafi rétt leyfi til að framkvæma aðgerðir í vörugagnagrunni Sambandsins,

b) gagna- og skjalaskilaþætti sem leyfir framlagningu gagna og skjala í vörugagnagrunn Sambandsins sem tengjast nýjum dýralyfjum, breytingum og öðrum breytingum eftir að markaðsleyfi er veitt sem eru gerðar á gagnamengjum sem þegar eru í vörugagnagrunni Sambandsins fyrir dýralyf,

c) gagna- og skjalasafnsþætti sem stýrir öllum gögnum og skjölum sem koma inn í vörugagnagrunn Sambandsins og notar a.m.k. eftirfarandi virkniþætti:

([4]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 frá 26. október 2016 um aðgengi vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir fartæki (Stjtíð. ESB L 327, 2.12.2016, bls. 1).

i. gagnaskráningarvirkni sem stýrir getunni til að skrá gögn, þ.m.t. mismunandi útgáfur,

ii. virkni til að fullgilda gæði gagna sem stýrir sjálfkrafa tæknilegri fullgildingu og gæðakönnun gagna áður en þau eru skráð í vörugagnagrunn Sambandsins,

iii) gagnaferilvirkni sem stýrir endurskoðunarslóðinni og rekjanleika breytinga á gögnum,

iv. skjalastjórnunarvirkni sem stjórnar geymslu, mismunandi útgáfum geymdra skjala til að greina á milli nýjustu viðurkenndra útgáfna, útgáfum sem áður voru viðurkenndar en nýjar útgáfur eru komnar í staðinn fyrir, sem og öllum útgáfum sem er hafnað vegna hafnana á breytingum sem eru ekki matsskyldar, og aðgangi að skjölum.

d) gátt fyrir vörugagnagrunn Sambandsins sem miðlar upplýsingum til notenda með gagnabirtingu, gagnaleit, -skoðun og -úttöku, sem og gagnagreiningu, og býður þeim upp á aðgang að tilteknum aðgerðum í samræmi við aðgangsrétt þeirra,

e) efnisþætti til að stjórna breytingum sem eru ekki matsskyldar sem gerir viðeigandi lögbæru yfirvaldi eða framkvæmdastjórninni, eftir því sem við á, kleift að fá tilkynningar um breytingar sem ekki eru matsskyldar og samþykkja eða hafna þeim áður en vörugagnagrunnur Sambandsins er uppfærður, til að uppfæra gagnamengin til samræmis við það og uppfæra tengd skjöl,

f) almennri einingu fyrir almenning sem er aðgengileg í gegnum gátt vörugagnagrunns Sambandsins og gerir almenningi kleift að skoða og framkvæma leitir í gögnum og skjölum um dýralyf sem eru aðgengileg öllum, sem um getur í 56. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6.

8. gr.

Virkniþættir vörugagnagrunns Sambandsins

Vörugagnagrunnur Sambandsins skal búa yfir a.m.k. þeim virkniþáttum sem taldir eru upp í I. viðauka.

9. gr.

Rafrænn búnaður til að skiptast á gögnum og skjölum við önnur kerfi

Lyfjastofnun Evrópu skal sjá til þess að:

a) rafræni búnaðurinn til að skiptast á gögnum og skjölum fylgi núverandi viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum um auðkenningu lyfja og skipti á upplýsingum um lyf eða viðeigandi hlutmengjum þeirra, að því marki sem ákjósanleg rekstrarhæfni vörugagnagrunns Sambandsins hefur ekki neikvæð áhrif á önnur kerfi Sambandsins,

b) uppbygging gagna sé samhæfð milli vörugagnagrunns Sambandsins og annara kerfa Sambandsins sem nota sömu viðmiðunargögn,

c) vörugagnagrunnur Sambandsins virki sem geymsla fyrir grunngögn Sambandsins þar sem upplýsingar um dýralyf eru skráðar,

d) vörugagnagrunnur Sambandsins bjóði upp á virkni til að auðvelda samvirkni við önnur kerfi,

e) vörugagnagrunnur Sambandsins taki inn viðmiðunargögn úr öðrum fyrirliggjandi gagnagrunnum eða upplýsingatæknitólum til að komast hjá tvítekningu gagnainnfærslu á vettvangi Sambandsins og tryggja gæði gagna,

f) vörugagnagrunnur Sambandsins geti tekið inn formföst gögn sem eru lögð fram í stjórnsýsluferlinu, eftir því sem við á,

g) vörugagnagrunnur Sambandsins miðli nauðsynlegum gögnum í lyfjagátargagnagrunn Sambandsins,

h) vörugagnagrunnur Sambandsins tengist gagnagrunni Sambandsins fyrir framleiðslu, innflutning og heildsöludreifingu,

i. vörugagnagrunnur Sambandsins búi yfir þjónustumiðuðum forritaskilum til gagna- og skjalaskipta við kerfin sem markaðsleyfishafar, lögbær yfirvöld, Lyfjastofnun Evrópu og framkvæmdastjórnin nota.

10. gr.

Snið fyrir rafræna framlagningu í vörugagnagrunn Sambandsins

Lyfjastofnun Evrópu skal sjá til þess að:

a) snið fyrir rafræna framlagningu samanstandi af skjölum og formföstum gögnum um dýralyf, eftir því sem við á,

b) gagnasniðið:

i. fylgi, að því marki sem ákjósanleg rekstrarhæfni vörugagnagrunns Sambandsins hefur ekki neikvæð áhrif á önnur kerfi Sambandsins, núverandi viðurkenndum alþjóðlegum stöðlum um auðkenningu lyfja og skipti á upplýsingum um lyf, eða viðeigandi hlutmengjum þeirra,

ii. noti, að því leyti sem mögulegt er, formföst gögn og stýrð efnisorð, þ.m.t. efnisorð fyrir efni og skipulagsgögn, til að tryggja gæði gagna,

c) skjölum sé skilað á opnu og tölvulesanlegu sniði sem styður langtímavistun þeirra.

3. ÞÁTTUR

HAGNÝTT FYRIRKOMULAG Á VIRKNI VÖRUGAGNAGRUNNS SAMBANDSINS

11. gr.

Vernd upplýsinga sem viðskiptaleynd hvílir á

Gögn um árlegt sölumagn dýralyfja í vörugagnagrunni Sambandsins skulu einungis vera sýnileg viðeigandi lögbærum yfirvöldum, framkvæmdastjórninni og Lyfjastofnun Evrópu, sem og markaðsleyfishöfum þeirra dýralyfja sem gögnin vísa til.

12. gr.

Öryggi upplýsingaskipta

1. Lyfjastofnun Evrópu skal, í samstarfi við lögbær yfirvöld og framkvæmdastjórnina og í samráði við markaðsleyfishafa, setja vörugagnagrunn Sambandsins í gegnum öryggisprófunarferli áður en rekstur hans hefst.

2. Lyfjastofnun Evrópu skal sjá til þess að þeir þættir vörugagnagrunns Sambandsins sem eru aðgengilegir í gegnum netið séu nægjanlega varðir fyrir áhættum af völdum tölvubrota yfir allan endingartíma gagnagrunnsins.

3. Lyfjastofnun Evrópu skal gera ofurnotendum og stýrðum notendum skylt að fara í gegnum sannvottunar- og leyfisveitingarferli í hvert skipti sem þeir nota vörugagnagrunn Sambandsins.

4. Lyfjastofnun Evrópu skal tryggja örugga geymslu og skipti allra gagna sem eru geymd í vörugagnagrunni Sambandsins og nota til þess öryggissamskiptareglur og reglur um tengjanleika úr opnum stöðlum, sem eru ekki háðir einkaleyfi, sem alþjóðlegar staðlastofnanir eða -samtök koma á fót.

5. Lyfjastofnun Evrópu skal takmarka aðgang að þeim tegundum upplýsinga sem einungis ofurnotendur og stýrðir notendur hafa aðgangsleyfi að og að þeirri virkni sem einungis þeir hafa leyfi til að nota. Aðgangsstefnan sem kveðið er á um í 13. gr. skal samræmast öryggisflokkunarstigi gagnanna sem þar sjást og fylgja öryggiskröfum Lyfjastofnunar Evrópu og þannig tryggja aðskilnað ábyrgðar og takmarka aðgang að gögnum.

6. Lyfjastofnun Evrópu skal sjá til þess að vörugagnagrunnur Sambandsins bjóði upp á skoðunarskrá og rekjanleika á:

a) stjórnsýsluaðgerðum sem ofurnotendur eða stýrðir notendur framkvæma í henni og

b) breytingum á gagnamengjum í henni sem ofurnotendur eða stýrðir notendur framkvæma.

13. gr.

Aðgangsstefna fyrir ofurnotendur og stýrða notendur

1. Lyfjastofnun Evrópu skal, í samstarfi við lögbæru yfirvöldin og framkvæmdastjórnina og í samráði við markaðsleyfishafa, þróa og viðhalda aðgangsstefnu.

2. Með aðgangsstefnunni skal koma upp þeim aðgangsstigum sem leyfð eru fyrir ofurnotendur á þann hátt að eðlileg virkni vörugagnagrunns Sambandsins sé tryggð ásamt því að vernda upplýsingar sem viðskiptaleynd hvílir á og persónuupplýsingar og tryggja að farið sé að forskriftum vörugagnagrunns Sambandsins sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

3. Lyfjastofnun Evrópu skal bera ábyrgð á stjórnun aðgangsréttar ofurnotenda að vörugagnagrunni Sambandsins eins og mælt er fyrir um í aðgangsstefnunni.

4. Ofurnotendur skulu bera ábyrgð á stjórnun aðgangsréttar stýrðra notenda að því er varðar gagnamengi dýralyfja sem þeir bera ábyrgð á. Þetta skal ekki létta lagalegri ábyrgð af ofurnotendum.

14. gr.

Aðgangur fyrir almenning

1. Almenningur skal geta skoðað og framkvæmt ítarleitir með einni eða fleiri leitarforsendum á grundvelli þeirra gagnareita í vörugagnagrunni Sambandsins sem innihalda upplýsingar sem eru aðgengilegar öllum, með möguleika á að flytja leitarniðurstöðurnar út.

2. Almenningur skal ekki þurfa skráningu, leyfi eða sannvottun til að fá aðgang að upplýsingum sem eru aðgengilegar öllum. Sá aðgangur skal einnig vera gjaldfrjáls.

4. ÞÁTTUR

NÁKVÆMAR FORSKRIFTIR FYRIR ÞEIM UPPLÝSINGUM SEM SKAL HAFA MEÐ, UPPFÆRA OG DEILA Í VÖRUGAGNAGRUNNI SAMBANDSINS

15. gr.

Nákvæmar forskriftir fyrir þeim upplýsingum sem skal hafa með, uppfæra og deila

1. Vörugagnagrunnur Sambandsins skal innihalda viðeigandi upplýsingar sem byggjast á gögnunum og skjölunum sem lögð eru fram í samræmi við 8., 58., 61., 62., 87. og 102. gr. og III. viðauka reglugerðar (ESB) 2019/6.

2. Auðkenna skal hvert dýralyf varanlega og á einkvæman hátt í vörugagnagrunni Sambandsins. Sú auðkenning skal vera nákvæm niður á stig stærðar pakkninga.

Markaðsleyfishafar skulu vísa til þessarar einkvæmu auðkenningar í öllum síðari framlagningum sem varða það dýralyf.

3. Í vörugagnagrunni Sambandsins skal auðkenna þau dýralyf sem eru leyfð í nokkrum aðildarríkjum samkvæmt sömu málsmeðferð við markaðsleyfisveitingu.

4. Viðhalda skal viðeigandi tilvísunum til að tengja saman skyld gögn og skjöl sem eru geymd í vörugagnagrunni Sambandsins.

5. Lyfjastofnun Evrópu skal sjá til þess að tilvísanir í dýralyf og skjöl haldist stöðugar á endingartíma lyfjanna.

16. gr.

Upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2019/6

Lyfjastofnun Evrópu skal sjá til þess að vörugagnagrunnur Sambandsins innihaldi þá gagnareiti sem eru tilgreindir í II. viðauka ásamt lýsingum þeirra og sniði gagnanna í þeim til að skrá þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6.

17. gr.

Gögn sem skal hafa með í vörugagnagrunni Sambandsins til viðbótar við þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6

Lyfjastofnun Evrópu skal sjá til þess að vörugagnagrunnur Sambandsins innihaldi, auk upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 sem eru skráðar í gegnum gagnareitina sem kveðið er á um í 16. gr., einnig a.m.k. þá gagnareiti sem eru tilgreindir í III. viðauka ásamt lýsingum á þeim og sniði gagnanna í þeim.

18. gr.

Ábyrgð á því að hafa með, uppfæra og deila upplýsingum

1. Frá og með 28. janúar 2022 skulu lögbær yfirvöld eða framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, innan 30 daga frá jákvæðri niðurstöðu úr ferlinu við veitingu markaðsleyfis í samræmi við III. kafla reglugerðar (ESB) 2019/6, skráningu í samræmi við V. kafla reglugerðar (ESB) 2019/6, leyfis til notkunar í samræmi við 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 eða samþykkis fyrir samhliða viðskiptum í samræmi við 102. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6, búa til nýjar færslur eða bráðabirgðafærslur, eftir því sem við á, í vörugagnagrunni Sambandsins fyrir lyf sem þau bera ábyrgð á og færa inn í hann upplýsingar og skjöl sem umsækjendur leggja fram til þeirra á rafrænu formi.

Viðkomandi lögbært yfirvald eða framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, skal uppfæra þessar færslur með matsskýrslunni um leið og hún liggur fyrir, en skal fyrst eyða öllum upplýsingum í henni sem viðskiptaleynd hvílir á.

2. Lyfjastofnun Evrópu skal, í samstarfi við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina, sjá til þess að viðskiptareglur séu skilgreindar og leiðbeiningar gefnar til að greiða fyrir samkvæmni gagna milli landsbundinna kerfa og vörugagnagrunns Sambandsins.

3. Lögbær yfirvöld, framkvæmdastjórnin og Lyfjastofnun Evrópu skulu sjá til þess að gögn sem eru færð inn í vörugagnagrunn Sambandsins samræmist sniðinu og forskriftunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

4. Uppfærslurnar á vörugagnagrunni Sambandsins sem um getur í 4. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 skulu gerðar innan 30 daga frá lokum málsmeðferðarinnar sem um getur í 1. mgr. 67. gr. sömu reglugerðar.

5. Markaðsleyfishafar skulu skrá allar breytingar á framboði á hverju dýralyfi í hverju viðkomandi aðildarríki um leið og þeir verða varir við þær.

6. Markaðsleyfishafar skulu skrá dagsetningar allra tímabundinna niðurfellinga eða afturkallana á viðkomandi markaðsleyfum um leið og þær breytingar eiga sér stað.

Ef markaðsleyfishafi uppfyllir ekki þessa skuldbindingu innan 30 daga skulu lögbær yfirvöld eða framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, skrá og uppfæra þessar upplýsingar.

Komi upp ágreiningur skulu færslur lögbærra yfirvalda í vörugagnagrunn Sambandsins ganga fyrir.

7. Lögbær yfirvöld viðtökuaðildarríkisins skulu bera ábyrgð á því að skrá nauðsynlegar upplýsingar um dýralyf sem samhliða viðskipti eru stunduð með og þau bera ábyrgð á.

8. Markaðsleyfishafar skulu bera ábyrgð á því að sjá til þess að gögn og skjöl sem þeir skrá í gagnamengi sem fyrir eru í vörugagnagrunni Sambandsins fyrir dýralyf þeirra séu rétt og uppfærð.

9. Þegar handhafar markaðsleyfa sem voru veitt í samræmi við III. kafla reglugerðar (ESB) 2019/6, skráninga fyrir smáskammtadýralyf í samræmi við V. kafla reglugerðar (ESB) 2019/6, dýralyfja sem um getur í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 eða samþykkis fyrir samhliða viðskiptum með dýralyf í samræmi við 102. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6, bera kennsl á vandamál tengd gæðum gagna eða skjala í færslum fyrir dýralyf þeirra í samræmi við 1. mgr., eða uppfærðum í samræmi við 4. mgr., skulu þeir umsvifalaust tilkynna það til viðeigandi lögbærra yfirvalda eða framkvæmdastjórnarinnar, eftir því sem við á, sem skulu leiðrétta gögnin án tafar eftir að hafa staðfest að beiðnirnar séu réttmætar.

10. Lyfjastofnun Evrópu skal sjá til þess að annað hvort ofurnotendur eða stýrðir notendur eða kerfi utan við vörugagnagrunn Sambandsins geti sinnt þeim ábyrgðum sem mælt er fyrir um í þessari grein. Meðhöndla skal aðgang slíkra kerfa að vörugagnagrunni Sambandsins eins og um ofurnotendur eða stýrða notendur sé að ræða.

19. gr.

Virkniþættir í vörugagnagrunni Sambandsins sem gera kleift að breyta upplýsingum um lyf eftir að markaðsleyfi er veitt

1. Lyfjastofnun Evrópu skal sjá til þess að í vörugagnagrunni Sambandsins:

a) geti lögbær yfirvöld, framkvæmdastjórnin og markaðsleyfishafar gert breytingar á gagnamengjum í a.m.k. eftirfarandi tilvikum sem skal einnig vera hægt að innleiða samhliða:

   i. breytingar sem eru ekki matsskyldar,

   ii. breytingar sem eru matsskyldar,

   iii. allar aðrar breytingar sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2019/6, einkum um árlegt sölumagn, upplýsingar um framboð, setningu á markað, stöðu markaðsleyfis,

b) geti lögbær yfirvöld og framkvæmdastjórnin gert aðrar breytingar til að uppfæra eða viðhalda gæðum gagnamengja í vörugagnagrunni Sambandsins,

c) geti markaðsleyfishafar hópað breytingar á gagnamengjum um dýralyf, s.s. til að færa inn sömu breytinguna fyrir nokkur dýralyf eða færa inn nokkrar breytingar á gagnamengi eins lyfs,

d) sé haldin aðgerðaskrá yfir skráðar breytingar sem eru ekki matsskyldar og niðurstöður þeirra sem tengjast viðkomandi dýralyfjum, ásamt aðgerðaskrá yfir þá ofurnotendur eða stýrða notendur sem skráðu þessar breytingar, samþykktu eða höfnuðu þeim, og hvenær breytingarnar voru gerðar,

e) geti markaðsleyfishafar skráð, í þættinum fyrir framlagningu gagna og skjala, nauðsynlegar málsmeðferðarupplýsingar um breytingar sem eru ekki matsskyldar, eins og þeim er lýst í viðeigandi reitum sem eru taldir upp í III. viðauka við þessa reglugerð, auk þess að færa inn drög að breytingum á gögnunum í vörugagnagrunni Sambandsins eða hlaða upp uppfærðum útgáfum af skjölunum sem eru geymd í vörugagnagrunninum á þeim tímapunkti þegar breytingar eru skráðar í hann,

f) sé hægt að gera drög að breytingum á gögnunum sem á að staðfesta eða nýjustu útgáfum skjala sem á að sýna og á áður samþykktum útgáfum skjala sem á að merkja og geyma sem úrelt þegar breytingar, sem eru ekki matsskyldar, berast og valda breytingum á þeim gagnamengjum sem þegar eru til í vörugagnagrunni Sambandsins,

g) sé hægt að skrá hafnanir á breytingum, sem eru ekki matsskyldar, sem myndu annars hafa leitt til breytinga á gagnamengjunum sem þegar eru í vörugagnagrunni Sambandsins með því að skrá að drögunum að breytingunum á gögnunum eða uppfærðum útgáfum, skjalanna, sem er hlaðið upp, sé hafnað,

h) sé hægt að uppfæra viðeigandi gögn eða skjöl sem eru geymd í vörugagnagrunni Sambandsins ef breytingar, sem eru matsskyldar, eru samþykktar og það veldur breytingum á þeim gagnamengjum sem þegar eru í vörugagnagrunninum og halda aðgerðaskrá yfir þá ofurnotendur eða stýrða notendur sem skráðu þessar breytingar, og hvenær breytingarnar voru gerðar,

i) séu sendar nauðsynlegar sjálfvirkar tilkynningar í samræmi við virkniþætti 4.1 og 4.2 sem kveðið er á um í I. viðauka.

2. Lyfjastofnun Evrópu skal, í samstarfi við lögbæru yfirvöldin og framkvæmdastjórnina og í samráði við markaðsleyfishafa, koma á meginreglum og nálgun við að stjórna stjórnsýsluferlinu þegar um samhliða breytingar er að ræða.

5. ÞÁTTUR

VIÐBÚNAÐARÁÆTLUN SEM Á AÐ NOTA EF EINHVER AF VIRKNIÞÁTTUM VÖRUGAGNAGRUNNS SAMBANDSINS ER ÓAÐGENGILEGUR

20. gr.

Viðbúnaðaráætlun ef vörugagnagrunnur Sambandsins bilar eða er óaðgengilegur

1. Lyfjastofnun Evrópu skal sjá til þess, í tilvikum sem hún ræður við, að vörugagnagrunnur Sambandsins verði ekki óaðgengilegur lengur en í þrjá virka daga.

2. Ef vörugagnagrunnur Sambandsins verður óaðgengilegur skal Lyfjastofnun Evrópu sjá til þess að allir notendur fái skýr skilaboð um það.

3. Lyfjastofnun Evrópu skal sjá til þess að gögnin og skjölin sem eru geymd í vörugagnagrunni Sambandsins séu endurheimtanleg.

4. Lyfjastofnun Evrópu skal, í samstarfi við lögbæru yfirvöldin og framkvæmdastjórnina og í samráði við markaðsleyfishafa, þróa nákvæmar viðbúnaðaráætlanir sem á að nota í tilvikum þar sem um er að ræða langvarandi bilun eða óaðgengileika vörugagnagrunns Sambandsins eða einhverra þátta hans eða virkniþátta af ástæðum sem stofnunin ræður ekki við.

5. Í hinum nákvæmu viðbúnaðaráætlunum skal lýsa þeim málsmeðferðarreglum sem skal fylgja til að tryggja samfellu stjórnsýsluferlanna sem vörugagnagrunnur Sambandsins styður, og nota til þess viðeigandi rafrænar aðferðir til vara.

21. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. janúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

I. VIÐAUKI

Virkniþættir vörugagnagrunns Sambandsins

Auðkenni virkni	Virkni	Lýsing á virkni
1.	**Gögn er varða ný lyf**	
1.1	Búa til nýja færslu fyrir dýralyf	Viðeigandi lögbært yfirvald eða framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, skal geta búið til nýjar færslur fyrir dýralyf að fenginni jákvæðri niðurstöðu úr ferlinu við veitingu markaðsleyfis í samræmi við III. kafla reglugerðar (ESB) 2019/6, skráningu í samræmi við V. kafla reglugerðar (ESB) 2019/6, leyfis til notkunar í samræmi við 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 eða samþykkis fyrir samhliða viðskiptum í samræmi við 102. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6. Þessar færslur skulu innihalda þá gagnareiti sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Það skal vera mögulegt að hlaða upp upplýsingunum úr gagnamengi á því sniði sem um getur í 10. gr. þessarar reglugerðar, í gegnum notendaviðmótið sem kveðið er á um í 6. gr. eða í gegnum forritaskilin sem um getur í i-lið 9. gr. þessarar reglugerðar.
1.2	Búa til bráðabirgðafærslu fyrir dýralyf	Tilvísunaraðildarríkið skal geta búið til, fyrir öll hlutaðeigandi aðildarríki, bráðabirgðafærslur með útgáfueftirliti fyrir dýralyf ef jákvæð útkoma fæst úr ferlinu fyrir veitingu markaðsleyfis samkvæmt valddreifðri ákvörðun, fyrir gagnkvæma viðurkenningu landsbundinna markaðsleyfa eða síðari viðurkenningu innan málsmeðferðar vegna gagnkvæmrar viðurkenningar og málsmeðferðar vegna markaðsleyfis samkvæmt valddreifðri ákvörðun sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. þætti III. kafla reglugerðar (ESB) 2019/6, í þeirri röð, á meðan beðið er eftir útgáfu markaðsleyfis í tilteknum aðildarríkjum. Þetta skal styðja við breytingaferli áður en markaðsleyfi er gefið út í tilteknum aðildarríkjum og tryggja gæði gagna. Þessar færslur skulu innihalda þá gagnareiti sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Það skal vera mögulegt að hlaða upp upplýsingunum úr gagnamengi á því sniði sem um getur í 10. gr. þessarar reglugerðar, í gegnum notendaviðmótið sem kveðið er á um í 6. gr. eða í gegnum forritaskilin sem um getur í i-lið 9. gr. þessarar reglugerðar.
1.3	Leggja fram gögn og skjöl um dýralyf til fyrstu innfærslu gagna	Lögbæru yfirvöldin eða framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, skulu geta lagt fram, á rafrænu sniði, gögn og skjöl til fyrstu innfærslu gagna í vörugagnagrunn Sambandsins í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þetta skal vera mögulegt með magnupphali í gegnum notendaviðmót eða skráaflutning.
1.4	Leggja fram upplýsingar um dýralyf sem samhliða viðskipti eru stunduð með	Þegar um er að ræða samhliða viðskipti eins og fjallað er um í 102. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 skal lögbæra yfirvaldið í viðtökuaðildarríkinu geta lagt fram í vörugagnagrunn Sambandsins, á rafrænu sniði, upplýsingar um dýralyfin sem samhliða viðskipti eru stunduð með í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
1.5	Nota stýrð efnisorð, efnisorð fyrir efni og skipulagsgögn	Nota skal stýrð efnisorð í vörugagnagrunni Sambandsins, þ.m.t. efnisorð fyrir efni og skipulagsgögn.

Auðkenni virkni	Virkni	Lýsing á virkni
1.6	Nota samhæfð gögn um lyf þegar jákvæð útkoma hefur fengist úr ferlinu fyrir markaðsleyfi samkvæmt valddreifðri ákvörðun, fyrir gagnkvæma viðurkenningu landsbundinna markaðsleyfa eða síðari viðurkenningu innan málsmeðferðar vegna gagnkvæmrar viðurkenningar og málsmeðferðar vegna markaðsleyfis samkvæmt valddreifðri ákvörðun	Í vörugagnagrunni Sambandsins skal vera leið til að tryggja samræmi gagna sem eru sameiginleg fyrir margar færslur um lyf þegar jákvæð útkoma hefur fengist úr ferlinu fyrir markaðsleyfi samkvæmt valddreifðri ákvörðun, fyrir gagnkvæma viðurkenningu landsbundinna markaðsleyfa eða síðari viðurkenningu innan málsmeðferðar vegna gagnkvæmrar viðurkenningar og málsmeðferðar vegna markaðsleyfis samkvæmt valddreifðri ákvörðun sem mælt er fyrir um í 3., 4. og 5. þætti III. kafla reglugerðar (ESB) 2019/6, í þeirri röð. Þetta skal styðja framlagningu breytinga. Þetta skal útiloka gögn og skjöl sem eru lögð fram til fyrstu innfærslu gagna.
1.7	Fullgilding gagna	Í vörugagnagrunni Sambandsins skal fullgilda ný gögn um dýralyf með gildum og reglum sem lögbæru yfirvöldin, framkvæmdastjórnin og Lyfjastofnun Evrópu koma sér saman um.
1.8	Láta í té gagnamengi til uppfærslu á gagnagrunnum lögbærra yfirvalda	Lögbær yfirvöld skulu geta fengið uppfærðu gagnamengin úr vörugagnagrunni Sambandsins á sniði sem gerir þeim kleift að beita uppfærslunni á sína eigin gagnagrunna.
1.9	Úthluta einkvæmu auðkenni fyrir lyf	Í vörugagnagrunni Sambandsins skal úthluta einkvæmum auðkennum fyrir dýralyf til að gera kleift að skiptast sjálfvirkt á gögnum á milli vörugagnagrunns Sambandsins og annarra gagnagrunna Sambandsins eða lögbærra yfirvalda.
1.10	Leggja fram gögn til lyfjagátargagnagrunns Sambandsins	Vörugagnagrunnur Sambandsins skal gera lyfjagátargagnagrunni Sambandsins kleift að sækja viðeigandi gögn um dýralyf (þ.m.t. um sölumagn).
2.	**Breytingar á upplýsingum um lyf eftir að markaðsleyfi er veitt**	
2.1	Skrá breytingu sem er ekki matsskyld	Þegar breyting er tekin með í skránni sem er tekin saman í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/17 skal markaðsleyfishafinn geta skráð hana í vörugagnagrunn Sambandsins.
2.2	Leggja fram gögn um lyf til að búa til breytingaferli	Markaðsleyfishafar skulu geta valið úr leyfðum dýralyfjum sínum og flutt út viðeigandi grunngögn sem á að breyta, ef við á.
2.3	Samþykkja eða hafna breytingum sem eru ekki matsskyldar	Mögulegt skal vera að samþykkja eða hafna breytingum sem eru ekki matsskyldar a.m.k. í gegnum notendaviðmótið sem kveðið er á um í 6. gr.
2.4	Skýrslugjöf um breytingar á gagnamengi	Lögbær yfirvöld skulu geta fengið skýrslu um breytingasögu gagnamengja sem þegar eru í vörugagnagrunni Sambandsins. Markaðsleyfishafar skulu geta fengið skýrslu um breytingasögu gagnamengja fyrir dýralyf þeirra sem þegar eru í vörugagnagrunni Sambandsins.
2.5	Uppfæra vörugagnagrunn Sambandsins í kjölfar breytinga sem eru matsskyldar eða framsals markaðsleyfa	Viðeigandi lögbært yfirvald skal geta uppfært vörugagnagrunn Sambandsins í kjölfar breytinga sem eru matsskyldar þegar þær hafa áhrif á gagnamengi fyrir dýralyf sem það ber ábyrgð á sem þegar eru í vörugagnagrunni Sambandsins. Þetta skal einnig ná til framsals markaðsleyfa.

Auðkenni virkni	Virkni	Lýsing á virkni
2.6	Safna upplýsingum um sölumagn	Handhafar markaðsleyfa sem voru veitt í samræmi við III. kafla reglugerðar (ESB) 2019/6, skráninga fyrir smáskammtadýralyf sem voru veittar í samræmi við V. kafla reglugerðar (ESB) 2019/6, dýralyfja sem um getur í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6, skulu geta skráð í vörugagnagrunn Sambandsins árlegt sölumagn á viðeigandi stigi fyrir hvert dýralyfja sinna.
2.7	Leggja fram upplýsingar um sölumagn til greiningar	Í vörugagnagrunni Sambandsins skal vera hægt að afla upplýsinga um sölumagn dýralyfja til greiningar.
2.8	Skrá upplýsingar um framboð	Markaðsleyfishafar skulu geta skráð og uppfært upplýsingar um framboð á hverju leyfðu dýralyfi þeirra á viðeigandi stigi í hverju viðeigandi aðildarríki. Lögbær yfirvöld skulu einnig geta skráð og uppfært þessar upplýsingar fyrir dýralyf sem þau bera ábyrgð á í sínum viðkomandi aðildarríkjum.
2.9	Skrá stöðu markaðsleyfa	Lögbær yfirvöld skulu geta skráð og uppfært stöðu markaðsleyfa fyrir dýralyf sem þau bera ábyrgð á. Markaðsleyfishafar skulu geta skráð og uppfært stöðu markaðsleyfa sinna fyrir dýralyf ef til tímabundinnar niðurfellingar eða afturköllunar viðkomandi markaðsleyfis kemur.
2.10	Samhliða vinnsla breytinga eftir að markaðsleyfi er veitt	Vörugagnagrunnur Sambandsins skal styðja við samhliða vinnslu breytinga eftir að markaðsleyfi er veitt.
2.11	Tengja breytingar við mörg markaðsleyfi	Í vörugagnagrunni Sambandsins skal vera hægt að tengja eina breytingu við ótakmarkaðan fjölda mismunandi markaðsleyfa.
2.12	Færa inn drög að breytingum á gögnum	Markaðsleyfishafar skulu geta fært inn drög að breytingum á gagnamengjum fyrir dýralyf þeirra sem þegar eru í vörugagnagrunni Sambandsins þegar þeir skrá breytingar sem eru ekki matsskyldar.
3.	**Aðgangsstýring**	
3.1	Aðgangur almennings	Almenningur skal geta leitað í og skoðað gögn sem eru aðgengileg öllum.
3.2	Aðgangur markaðsleyfishafa	Markaðsleyfishafar skulu hafa (les-)aðgang að öllum upplýsingum um dýralyf þeirra í kjölfar öruggrar sannvottunar og leyfisveitingar. Þeir skulu einnig hafa (skrif-)aðgang að völdum upplýsingum um dýralyf sín til að uppfylla skuldbindingar að lokinni markaðssetningu sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2019/6 í kjölfar öruggrar sannvottunar og leyfisveitingar.
3.3	Lesaðgangur lögbærra yfirvalda	Ofurnotendur eða stýrðir notendur lögbærra yfirvalda skulu, í kjölfar öruggrar sannvottunar og leyfisveitingar, hafa (les-)aðgang að öllum upplýsingum í vörugagnagrunni Sambandsins.

Auðkenni virkni	Virkni	Lýsing á virkni
3.4	Skrifaðgangur lögbærra yfirvalda	Ofurnotendur eða stýrðir notendur lögbærra yfirvalda skulu, í kjölfar öruggrar sannvottunar og leyfisveitingar, hafa (skrif-)aðgang að upplýsingum um dýralyf sem þeir bera ábyrgð á.
3.5	Stjórnun aðgangsréttar stýrðra notenda	Ofurnotendur skulu geta stjórnað aðgangi stýrðra notenda til að sjá um gögn um dýralyf fyrir þeirra hönd.
4.	**Leggja fram gögn til ofurnotenda og stýrðra notenda**	
4.1	Tilkynning um breytingar til lögbærra yfirvalda	Lögbærum yfirvöldum skal tilkynnt sjálfvirkt um: — breytingar sem markaðsleyfishafar gera á gagnamengjum í vörugagnagrunni Sambandsins fyrir dýralyf sem þau bera ábyrgð á, — breytingar sem eru ekki matsskyldar sem hafa verið skráðar í vörugagnagrunn Sambandsins að því er varðar dýralyf sem þau bera ábyrgð á, — niðurstöður breytinga, sem eru ekki matsskyldar, sem tilvísunar-aðildarríki skrá að því er varðar dýralyf sem þau bera ábyrgð á, — allar uppfærslur sem önnur lögbær yfirvöld eða Lyfjastofnun Evrópu framkvæma sem hluta af ráðstöfunum til að loka breytingarferli, sem er matsskylt, fyrir gagnamengi í vörugagnagrunni Sambandsins fyrir dýralyf sem þau bera ábyrgð á og — allar breytingar sem varða miðlægt leyfð dýralyf.
4.2	Tilkynningar til markaðsleyfishafa um breytingar	Markaðsleyfishöfum skal tilkynnt sjálfvirkt um allar breytingar sem viðeigandi lögbær yfirvöld, Lyfjastofnun Evrópu eða framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, gera á gagnamengjum fyrir dýralyf þeirra í vörugagnagrunni Sambandsins. Markaðsleyfishöfum skal einnig tilkynnt sjálfvirkt um niðurstöður breytinga sem eru ekki matsskyldar sem viðeigandi lögbært yfirvald eða framkvæmdastjórnin skráir, eftir því sem við á, að því er varðar dýralyf þeirra.
4.3	Leit í gögnum sem aðgangur hefur verið takmarkaður að	Ofurnotendur og stýrðir notendur skulu geta leitað, í samræmi við aðgangsrétt sinn, í gögnum í vörugagnagrunni Sambandsins sem aðgangur hefur verið takmarkaður að, og flutt út leitarniðurstöðurnar.

II. VIÐAUKI

Gagnareitir til að skrá upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6

Auðkenni gagnareits	Gagnareitur	Lýsing	Snið
1.	**Fyrir öll dýralyf**		
1.1	Svið lyfs	Yfirlýsing um að færslan varði dýralyf til að greina á milli dýralyfja og mannalyfja.	Stýrð efnisorð
1.2	Tegund lyfs	Greinarmunur gerður á leyfðum dýralyfjum, skráðum smáskammtadýralyfjum, dýralyfjum sem leyft er að notuð séu í aðildarríki í samræmi við 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 eða sem eru undanþegin ákvæðum 5. til 8. gr. tilskipunar 2001/82/EB í samræmi við 2. mgr. 4. gr. sömu tilskipunar, eftir því sem við á, og dýralyf sem stunduð eru samhliða viðskipti með.	Stýrð efnisorð
1.3	Heiti lyfs	Heiti dýralyfsins eins og það er samþykkt í Sambandinu eða í aðildarríki.	Frjáls texti
1.4	Virkt efni eða virk efni	Heiti virka efnisins eða virku efnanna.	Stýrð efnisorð fyrir efni
1.5	Styrkur/samsetning	Magn virkra efna í dýralyfi, sett fram á megindlegan hátt miðað við skammtaeiningu, sem magn eða þyngd, allt eftir lyfjaformi.	Formföst gögn
		Lífvirkni, styrkur eða títri ef um ónæmislyf fyrir dýr er að ræða.	Formföst gögn eða, ef það er ekki mögulegt af rökstuddum ástæðum, frjáls texti.
1.6	Framleiðslustaðir	Skrá yfir framleiðslustaði dýralyfsins.	Stýrð skipulagsgögn
1.7	Skjöl	Skjöl sem skulu fylgja skrám um dýralyf, þ.m.t. val á tegund (samantekt á eiginleikum lyfs, fylgiseðill, merkingar og matsskýrsla).	Stýrð efnisorð fyrir skjala-tegundir ásamt skjölum sem er hlaðið upp á sniðinu sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð
2.	**Einungis fyrir leyfð dýralyf**		
2.1	Dagsetningar setningar á markað	Dagsetningarnar þegar dýralyfið er sett á markað í hverju aðildarríki.	Dagsetning
2.2	Árlegt sölumagn	Árlegt sölumagn dýralyfja.	Formföst gögn

Auðkenni gagnareits	Gagnareitur	Lýsing	Snið
2.3	Dagsetning stöðu framboðs.	Dagsetning stöðu á markaði.	Dagsetning
2.4	Staða framboðs	Staða á markaði: framboð lyfs á markaði eftir aðildarríkjum.	Stýrð efnisorð

III. VIÐAUKI

Gagnareitir sem skal hafa með í vörugagnagrunni Sambandsins til viðbótar við þær upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 55. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6

Auðkenni gagnareits	Gagnareitur	Lýsing	Snið
3.	**Fyrir öll dýralyf**		
3.1	Fast auðkenni	Einkvæmt auðkenni dýralyfsins í vörugagnagrunni Sambandsins.	Formföst gögn
3.2	Auðkenni lyfs	Einkvæmt auðkenni fyrir sama dýralyfið í öllum aðildarríkjum til að greiða fyrir flokkun dýralyfja sem eru leyfð samkvæmt málsmeðferð með valddreifðri ákvörðun, gagnkvæmri viðurkenningu eða síðari viðurkenningarmálsmeðferð eða sem fóru í gegnum ferli til að samræma samantektir á eiginleikum þeirra.	Formföst gögn
3.3	Eigandi lyfs	Handhafi markaðsleyfis fyrir dýralyf, skráningar á smáskammtadýralyfi, dýralyfs sem um getur í 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 eða sem er undanþegið ákvæðum 5. til 8. gr. tilskipunar 2001/82/EB í samræmi við 2. mgr. 4. gr. sömu tilskipunar, eftir því sem við á.	Stýrð skipulagsgögn
3.4	Leyfisstaða	Staða markaðsleyfis dýralyfsins.	Stýrð efnisorð
3.5	Dagsetning breytingar á leyfisstöðu	Dagsetningin þegar staða markaðsleyfisins breyttist.	Dagsetning
3.6	Íkomuleið	Íkomuleiðir.	Stýrð efnisorð
3.7	Lyfjaform	Skammtaform lyfja.	Stýrð efnisorð
3.8	Marktegundir	Marktegundir.	Stýrð efnisorð
3.9	ATCvet-kóði	Líffærafræðilegur meðferðar- og efnakóði fyrir dýralyf.	Stýrð efnisorð
3.10	Biðtími til afurðanýtingar	Biðtími til afurðanýtingar fyrir hverja tegund, hverja íkomuleið og hverja matvöru. Einungis fyrir dýralyf sem ætluð eru til notkunar fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.	Formföst gögn eða, ef það er ekki mögulegt af rökstuddum ástæðum, frjáls texti.
3.11	PSMF-númer ([1])	Tilvísunarnúmer grunnskjals lyfjagátarkerfisins. Það skal geymt í vörugagnagrunni Sambandsins og miðlað til lyfjagátargagnagrunns Sambandsins í gegnum samtenginguna sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 74. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6.	Frjáls texti

Auðkenni gagnareits	Gagnareitur	Lýsing	Snið
3.12	Staðsetning PSMF	Þar sem grunnskjal lyfjagátarkerfisins er staðsett. Það skal geymt í vörugagnagrunni Sambandsins og miðlað til lyfjagátargagnagrunns Sambandsins í gegnum samtenginguna sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 74. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6.	Stýrð skipulagsgögn
3.13	Nafn ([2]) QPPV	Nafn einstaklingsins, sem hefur tilskilda menntun og hæfi, sem ber ábyrgð á lyfjagát. Það skal geymt í vörugagnagrunni Sambandsins og miðlað til lyfjagátargagnagrunns Sambandsins í gegnum samtenginguna sem kveðið er á um í 2. mgr. 74. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6.	Frjáls texti
3.14	Staðsetning QPPV	Þar sem einstaklingurinn, sem hefur tilskilda menntun og hæfi, sem ber ábyrgð á lyfjagát, er staðsettur. Hún skal geymd í vörugagnagrunni Sambandsins og tilkynnt til lyfjagátargagnagrunns Sambandsins í gegnum samtenginguna sem gert er ráð fyrir í 2. mgr. 74. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6.	Stýrð skipulagsgögn
3.15	Lýsing á pakkningu	Stærð pakkninga.	Frjáls texti fyrir lýsinguna og formföst gögn fyrir stærð pakkninga.
3.16	Lagaleg staða afhendingar	Flokkun dýralyfja: ávísanaskyld eða ekki ávísanaskyld.	Stýrð efnisorð
4.	**Upplýsingar um málsmeðferð við fyrstu leyfisveitingu**		
4.1	Tegund málsmeðferðar við fyrstu leyfisveitingu	Hvers konar málsmeðferð er beitt við fyrstu leyfisveitingu.	Stýrð efnisorð
4.2	Númer málsmeðferðar við leyfisveitingu	Númer fyrstu málsmeðferðar við veitingu markaðsleyfis.	Formföst gögn eða, ef það er ekki mögulegt af rökstuddum ástæðum, frjáls texti.
4.3	Dagsetning markaðsleyfis	Dagsetningin þegar fyrsta markaðsleyfið var veitt.	Dagsetning
4.4	Land þar sem leyfi var veitt	Landið þar sem markaðsleyfið var veitt, þ.m.t., eftir því sem við á, Evrópusambandið.	Stýrð efnisorð
4.5	Tilvísunaraðildarríki	Heiti tilvísunaraðildarríkisins. Einungis þegar um er að ræða markaðsleyfi samkvæmt valddreifðri ákvörðun, gagnkvæma viðurkenningu landsbundinna markaðsleyfa eða síðari viðurkenningu innan málsmeðferðar vegna gagnkvæmrar viðurkenningar og málsmeðferðar vegna markaðsleyfis samkvæmt valddreifðri ákvörðun.	Stýrð efnisorð

Auðkenni gagnareits	Gagnareitur	Lýsing	Snið
4.6	Hlutaðeigandi aðildarríki	Heiti hlutaðeigandi aðildarríkja. Einungis þegar um er að ræða markaðsleyfi samkvæmt valddreifðri ákvörðun, gagnkvæma viðurkenningu landsbundinna markaðsleyfa eða síðari viðurkenningu innan málsmeðferðar vegna gagnkvæmrar viðurkenningar og málsmeðferðar vegna markaðsleyfis samkvæmt valddreifðri ákvörðun.	Stýrð efnisorð
4.7	Lagagrundvöllur	Lagagrundvöllur markaðsleyfisins, þ.m.t. fyrir samheitalyf, blendingslyf og samsett lyf fyrir dýr og um umsóknir sem byggjast á upplýstu samþykki eða bókfræðilegum gögnum, sem og markaðsleyfi fyrir þröngan markað og í undantekningartilvikum.	Stýrð efnisorð
4.8	Leyfisnúmer	— Númer markaðsleyfis fyrir leyfð dýralyf. — Skráningarnúmer skráðra smáskammtadýralyfja. — Yfirlýsingarnúmer fyrir dýralyf sem leyft er að notuð séu í aðildarríki í samræmi við 6. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/6 eða sem eru undanþegin ákvæðum 5. til 8. gr. tilskipunar 2001/82/EB í samræmi við 2. mgr. 4. gr. sömu tilskipunar, eftir því sem við á. — Samþykkisnúmer fyrir dýralyf sem samhliða viðskipti eru stunduð með.	Frjáls texti
4.9	Auðkenni viðmiðunarlyfs	Auðkenni leyfða viðmiðunarlyfsins ef reiturinn fyrir lagagrundvöll vísar til samheitalyfs, blendingslyfs eða samsetts dýralyfs, sem og til umsókna sem byggjast á upplýstu samþykki. Auðkenni dýralyfja með sameiginlegan uppruna í viðtökuaðildarríkinu ef um er að ræða dýralyf sem samhliða viðskipti eru stunduð með.	Auðkenni
4.10	Auðkenni upprunalegs dýralyfs	Auðkenni dýralyfja með sameiginlegan uppruna í upprunaaðildarríkinu ef um er að ræða dýralyf sem samhliða viðskipti eru stunduð með.	Auðkenni
5.	**Upplýsingar um málsmeðferð við breytingar á upplýsingum eftir að markaðsleyfi er veitt (*margar, fyrir a.m.k. hverja breytingu sem ekki er matsskyld*)**		
5.1	Auðkenni framlagningar	Auðkenni sem framlagningarkerfið myndar.	Formföst gögn
5.2	Númer málsmeðferðar við leyfisveitingu	Númer málsmeðferðar fyrir markaðsleyfi samkvæmt miðlægri ákvörðun, valddreifðri ákvörðun, landsbundinni ákvörðun, gagnkvæmri viðurkenningu markaðsleyfa samkvæmt landsbundinni ákvörðun eða síðari viðurkenningu innan málsmeðferða vegna gagnkvæmrar viðurkenningar og málsmeðferða vegna markaðsleyfis samkvæmt valddreifðri ákvörðun.	Formföst gögn eða, ef það er ekki mögulegt, frjáls texti.

Auðkenni gagnareits	Gagnareitur	Lýsing	Snið
5.3	Yfirvald sem ber ábyrgð	Aðildarríki og lögbært yfirvald.	Stýrð efnisorð
5.4	Flokkunarkóði breytingar	Flokkunarkóði breytingar.	Stýrð efnisorð
5.5	Athugasemd með framlagningu	Athugasemd frá eiganda lyfs sem hluti af framlagningunni.	Frjáls texti
5.6	Dagsetning framkvæmdar	Dagsetningin þegar breytingin, sem er ekki matsskyld, kom til framkvæmdar.	Dagsetning
5.7	Dagsetning framlagningar	Dagsetning framlagningar sem framlagningarkerfið myndar.	Dagsetning
5.8	Ákvörðun	Samþykki eða höfnun.	Stýrð efnisorð
5.9	Dagsetning ákvörðunar	Dagsetningin þegar ákvörðunin var tekin.	Dagsetning
5.10	Höfundur ákvörðunar	Lögbæra yfirvaldið eða framkvæmdastjórnin sem tók ákvörðunina.	Stýrð efnisorð
6.	**Einungis fyrir dýralyf sem samhliða viðskipti eru stunduð með**		
6.1	Upprunalegur heildsali	Heildsali sem miðlar dýralyfinu sem samhliða viðskipti eru stunduð með í upprunaaðildarríkinu.	Stýrð skipulagsgögn
6.2	Viðtökuheildsali	Heildsali sem stundar samhliða viðskipti með dýralyfið í viðtökuaðildarríkinu.	Stýrð skipulagsgögn

([1]) PSMF = grunnskjal lyfjagátarkerfisins (e. *Pharmacovigilance System Master File*)
([2]) QPPV = Einstaklingur með tilskilda menntun og hæfi sem ber ábyrgð á lyfjagát (e. *Qualified Person Responsible for Pharmacovigilance*)

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2288 **2022/EES/29/06**

frá 21. desember 2021

um breytingu á viðaukanum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 að því er varðar viðurkenningartímabil bólusetningarvottorða sem gefin eru út með sniði stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID þar sem fram kemur hvenær röð grunnbólusetninga lauk (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. og 4. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Ramminn fyrir stafræna ESB-vottorðið vegna COVID sem komið er á með reglugerð (ESB) 2021/953 gerir kleift að gefa út, sannprófa yfir landamæri og viðurkenna þrjár tegundir COVID-19-vottorða. Eitt þeirra er bólusetningarvottorð, þ.e. vottorð sem staðfestir að handhafi þess hafi fengið COVID-19-bóluefni í aðildarríkinu sem gefur út vottorðið.

3) Samkvæmt reglugerð (ESB) 2021/953 á sérhvert aðildarríki, sjálfkrafa eða að beiðni hlutaðeigandi einstaklinga, að gefa út bólusetningarvottorð til handa einstaklingum sem fengið hafa COVID-19-bóluefni. Með tilliti til flokka persónuupplýsinga skal bólusetningarvottorðið innihalda deili á handhafa, upplýsingar um COVID-19-bóluefnið og fjölda skammta sem handhafi hefur fengið, sem og lýsigögn vottorðsins, s.s. útgefanda vottorðsins eða einkvæmt auðkenni þess. Þessar upplýsingar á að tilgreina í bólusetningarvottorðinu í samræmi við tiltekna gagnareiti sem settir eru fram í 1. lið viðaukans við reglugerð (ESB) 2021/953.

4) Þegar reglugerð (ESB) 2021/953 var samþykkt lágu fyrir ófullnægjandi gögn varðandi tímalengd verndar sem leiðir af því að ljúka röð grunnbólusetninga gegn COVID-19. Þar af leiðandi innihalda gagnareitirnir, sem hafa skal í bólusetningarvottorðum í samræmi við viðaukann við reglugerð (ESB) 2021/953, ekki gögn varðandi viðurkenningartímabil, ólíkt gagnareitunum sem hafa skal í vottorðum um bata.

5) Hinn 4. október 2021 komst mannalyfjanefnd Lyfjastofnunar Evrópu að þeirri niðurstöðu að íhuga megi örvunarbólusetningu vegna Comirnaty a.m.k. sex mánuðum eftir annan skammtinn fyrir fólk sem er 18 ára og eldra. Hinn 25. október 2021 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að íhuga megi örvunarbólusetningu með Spikevax fyrir fólk sem er 18 ára og eldra a.m.k. sex mánuðum eftir annan skammtinn. Hinn 15. desember 2021 komst nefndin að þeirri niðurstöðu að íhuga megi örvunarsetningu með COVID-19-bóluefninu Janssen a.m.k. tveimur mánuðum eftir fyrsta skammtinn fyrir fólk sem er 18 ára og eldra og að einnig megi gefa COVID-19-bóluefnið Janssen eftir tvo skammta af Comirnaty eða Spikevax.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 459. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2022 frá 23. febrúar 2022 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

6) Í þessu samhengi birti Sóttvarnastofnun Evrópu 24. nóvember 2021 skyndiáhættumat á núverandi faraldsfræðilegri stöðu SARS-CoV-2, spár varðandi hátíðarnar í árslok og áætlanir um viðbrögð á ESB-/EES-svæðinu ([2]), þar sem stofnunin benti á að ný gögn sýndu verulega aukningu til skamms tíma í vernd gegn sýkingu og alvarlegum sjúkdómi í kjölfar örvunarbólusetningar í öllum aldursflokkum. Samkvæmt Sóttvarnastofnun Evrópu ættu aðildarríki Sambandsins og EES-lönd að íhuga án tafar örvunarbólusetningu fyrir þá sem eru 40 ára og eldri, sem miðast við þá sem eru viðkvæmastir fyrir og eldri borgara, og gætu lönd einnig íhugað örvunarbólusetningu fyrir alla fullorðna sem eru 18 ára og eldri a.m.k. sex mánuðum eftir að þeir luku röð grunnbólusetninga, til að auka vernd gegn sýkingu vegna minnkandi ónæmis, sem gæti hugsanlega dregið úr smiti veirunnar meðal íbúa og komið í veg fyrir frekari sjúkrahússinnlagnir og dauðsföll.

7) Í skyndiáhættumati sínu frá 15. desember 2021 ([3]) benti Sóttvarnastofnun Evrópu á að samkvæmt fyrirliggjandi gögnum muni örvunarbólusetningar auka vernd gegn alvarlegum veikindum af völdum „delta“-afbrigðisins, sem er afbrigði sem veldur áhyggjum, og einnig benda bráðabirgðamöt til þess að örvunarbólusetningar gætu aukið vernd gegn „ómíkron“-afbrigðinu, sem er afbrigði sem veldur áhyggjum, þar sem þess er vænst að áhrif verði meiri á íbúa ef flestir fullorðnir íbúar fá örvunarbólusetningu á skömmum tíma. Samkvæmt Sóttvarnastofnun Evrópu styðja fyrirliggjandi gögn örugga og skilvirka örvunarbólusetningu strax þremur mánuðum eftir að röð grunnbólusetninga lýkur.

8) Í tengslum við örvunarbólusetningar samþykkja sífellt fleiri aðildarríki reglur um það hve lengi ætti að viðurkenna bólusetningarvottorð þar sem fram kemur hvenær röð grunnbólusetninga lauk, með tilliti til þess að sú vernd sem þær veita gegn sýkingu af völdum COVID-19 virðist fara minnkandi með tímanum. Þessar reglur gilda annaðhvort aðeins um landsbundna notkun eða einnig um viðurkenningu bólusetningarvottorða vegna ferðalaga.

9) Einhliða ráðstafanir á þessu sviði geta valdið verulegri truflun þar sem borgarar og fyrirtæki í Sambandinu standa frammi fyrir margs konar mismunandi ráðstöfunum. Ef samræmd nálgun á vettvangi Sambandsins liggur ekki fyrir væri borgurum skylt að sannprófa reglur sérhvers aðildarríkis til að ákvarða hvort haldið verði áfram að viðurkenna bólusetningarvottorð þeirra. Þessi óvissa ber einnig með sér hættu á því að það dragi úr trausti á stafræna ESB-vottorðinu vegna COVID og að grafið verði undan fylgni við nauðsynlegar lýðheilsuráðstafanir. Sérlega strangar reglur í einu aðildarríki gætu gert borgurum sem ferðast frá öðru aðildarríki ómögulegt að njóta góðs af afléttingu takmarkana fyrir bólusetta ferðamenn, þar sem þeir gætu enn ekki hafa verið í stöðu til að fá nauðsynlega örvunarbólusetningu fyrir ferðalagið. Þessi áhætta er sérstaklega skaðleg í aðstæðum þar sem veiran hefur þegar haft umtalsverð áhrif á hagkerfi Sambandsins.

10) Til að forðast mismunandi og truflandi ráðstafanir er því nauðsynlegt að koma á með tilliti til ferðalaga stöðluðu 270 daga viðurkenningartímabili bólusetningarvottorða þar sem fram kemur hvenær röð grunnbólusetninga lauk. Með þessu er tekið tillit til leiðbeininga Sóttvarnastofnunar Evrópu varðandi örvunarbólusetningar frá og með sex mánuðum eftir að röð grunnbólusetninga lauk og kveðið á um þriggja mánaða viðbótarfrest til að tryggja að hægt verði að aðlaga landsbundnar bólusetningarherferðir og að borgarar geti fengið aðgang að örvunarbólusetningum. Til að tryggja samræmda nálgun ættu aðildarríkin ekki að viðurkenna bólusetningarvottorð þar sem fram kemur hvenær röð grunnbólusetninga lauk ef meira en 270 dagar hafa liðið frá bólusetningunni sem þar er tilgreind. Jafnframt þessu og til að tryggja samræmda nálgun ættu aðildarríkin ekki að kveða á um viðurkenningartímabil sem er styttra en 270 dagar með tilliti til ferðalaga. Innan þessa staðlaða viðurkenningartímabils ætti aðildarríki að halda áfram að viðurkenna bólusetningarvottorð þar sem fram kemur hvenær röð grunnbólusetninga lauk jafnvel þótt þar sé nú þegar verið að gefa örvunarbólusetningu.

11) Aðildarríkin ættu tafarlaust að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja tiltækileika og aðgang að bólusetningu fyrir íbúahópa sem hafa áður útgefin bólusetningarvottorð sem nálgast mörk staðlaða viðurkenningartímabilsins, með fullu tilliti til ákvarðana hvers ríkis um forgangsröðun mismunandi íbúahópa við dreifingu bólusetninga í ljósi stefnu í hverju ríki og faraldsfræðilegrar stöðu. Aðildarríkin ættu einnig að upplýsa borgara um staðlaða viðurkenningartímabilið og nauðsyn þess að fá örvunarbólusetningu.

([2]) https://www.ecdc.europa.eu/en/publications-data/rapid-risk-assessment-sars-cov-2-november-2021
([3]) https://www.ecdc.europa.eu/en/publications-data/covid-19-assessment-further-emergence-omicron-18th-risk-assessment

12) Staðlaða 270 daga viðurkenningartímabilið ætti að gilda um vottorð þar sem fram kemur hvenær röð grunnbólusetninga lauk, hvort sem um er að ræða eins skammts grunnbólusetningarferli, röð tveggja skammta grunnbólusetninga eða, í samræmi við bólusetningaráætlun aðildarríkisins þar sem bólusetningin fer fram, eins skammts grunnbólusetningarferli með tveggja skammta bóluefni eftir að hafa áður sýkst af völdum SARS-CoV-2. Það ætti að gilda um öll bólusetningarvottorð, þ.e. án tillits til þess COVID-19-bóluefnis sem þar er tilgreint.

13) Eins og Sóttvarnastofnun Evrópu greindi frá gefst skammur tími til eftirfylgni eftir örvunarbólusetningu samkvæmt fyrirliggjandi rannsóknum og þörf er á frekari vöktun gagna til að ákvarða hversu lengi ónæmi er fyrir hendi í kjölfar örvunarbólusetningar með tilliti til sýkingar, milds sjúkdóms og alvarlegs sjúkdóms. Enn liggja engar rannsóknir fyrir sem fjalla með beinum hætti um virkni örvunarbólusetninga hvað varðar smit SARS-CoV-2-veirunnar og því er ekki mögulegt sem stendur að ákvarða viðurkenningartímabil fyrir vottorð þar sem örvunarbólusetning er tilgreind. Ný gögn um virkni örvunarbólusetninga við að endurheimta öfluga vernd gegn sýkingu gefa þó til kynna að einnig sé líklegt að þær hafi þýðingamikil áhrif á að takmarka áframhaldandi smit veirunnar. Ætla má að vernd sem fæst með örvunarbólusetningum geti varað lengur en sú vernd sem fæst með röð grunnbólusetninga. Því ætti á þessu stigi ekkert viðurkenningartímabil að eiga við um vottorð þar sem örvunarbólusetning er tilgreind, án tillits til þess hvort örvunarbólusetningin fór fram á því 270 daga viðurkenningartímabili sem á við um vottorð þar sem fram kemur hvenær röð grunnbólusetninga lauk eða hvort hún fór fram eftir það.

14) Auk þess ætti ekki að koma á viðurkenningartímabili vegna viðbótarskammta sem gefnir eru til að vernda betur einstaklinga sem sýna ófullnægjandi ónæmissvörun eftir lok grunnbólusetninga. Þörf fyrir að greina á milli slíkra viðbótarskammta og örvunarbólusetninga myndi skapa hættu á birtingu upplýsinga um heilbrigðisástand viðkomandi viðkvæmra hópa fyrir slysni. Litið skal svo á að vísanir í þessari reglugerð til örvunarbólusetninga nái einnig yfir slíka viðbótarskammta.

15) Nauðsynlegt er að vakta og endurmeta með reglubundnum hætti nálgun varðandi viðurkenningartímabilið til að meta hvort þörf kunni að vera á aðlögunum á grundvelli nýrrar vísindaþekkingar, þ.m.t. í tengslum við viðurkenningartímabil vegna vottorða þar sem örvunarbólusetning er tilgreind. Þar eð engar ráðleggingar liggja fyrir frá Lyfjastofnun Evrópu um að gefa einstaklingum yngri en 18 ára örvunarbólusetningu ætti við þetta endurmat einnig að meta hvort undanþágur frá staðlaða viðurkenningartímabilinu gætu verið réttlætanlegar fyrir þennan aldursflokk.

16) Staðlaða viðurkenningartímabilið ætti ekki að fella inn í bólusetningarvottorðið sem nýjan gagnareit en því ætti að beita á sannprófunarstiginu með því að aðlaga þau smáforrit fyrir fartæki sem notuð eru til að sannprófa stafrænu ESB-vottorðin vegna COVID. Ef viðeigandi bólusetningarvottorði, þar sem dagsetning bólusetningar fyrir 270 daga viðurkenningartímabilið er tilgreind, er framvísað hjá sannprófanda ætti viðkomandi smáforrit fyrir fartæki sem notað er til sannprófunar að gefa til kynna að vottorðið sé fallið úr gildi. Beiting staðlaðs viðurkenningartímabils á sannprófunarstiginu auðveldar eftirfylgni með frekari þróun vísindaþekkingar fremur en ef ákveðin lokadagsetning gildistíma er tilgreind á vottorðunum. Við beitingu staðlaða viðurkenningartímabilsins á sannprófunarstiginu ætti að breyta gagnareitnum fyrir dagsetningu bólusetningar. Þetta er æskilegra en að bæta við nýjum gagnareit sérstaklega fyrir lokadagsetningu gildistíma bólusetningarvottorðs. Að bæta við nýjum gagnareit myndi gefa til kynna þörf á því annaðhvort að endurútgefa bólusetningarvottorð sem þegar hafa verið gefin út eða koma á tæknikerfum sem geta túlkað á sama tíma bólusetningarvottorð sem þegar hafa verið gefin út án lokadagsetningar gildistíma og nýlega útgefin bólusetningarvottorð sem eru með lokadagsetningu gildistíma. Til að tryggja samræmda beitingu ætti að fella staðlaða viðurkenningartímabilið fyrir bólusetningarvottorð inn í smáforrit til sannprófunar í öllum aðildarríkjum.

17) Í samræmi við 10. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 skal viðurkenna bólusetningarvottorð, sem falla undir framkvæmdargerð sem samþykkt er samkvæmt þessum ákvæðum, með sömu skilyrðum og eiga við um stafræn ESB-vottorð vegna COVID. Til samræmis við það ætti ekki að viðurkenna slík vottorð ef þar hefur komið fram hvenær röð grunnbólusetninga lauk og ef meira en 270 dagar hafa liðið frá bólusetningunni sem þar er tilgreind.

18) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2021/953 til samræmis við það.

19) Samkvæmt 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 skal, ef brýna nauðsyn ber til, þegar um er að ræða nýja vísindaþekkingu, flýtimeðferðin sem kveðið er á um í 13. gr. þeirrar reglugerðar gilda um framseldar gerðir sem eru samþykktar skv. 2. mgr. 5. gr.

20) Í ljósi þess að nú þegar er greinilegur munur á viðbrögðum aðildarríkja við nýrri vísindaþekkingu um tímalengd verndar, sem fæst eftir að röð grunnbólusetninga gegn COVID-19 er lokið, er brýnt að nota málsmeðferðina sem kveðið er á um í 13. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953. Seinkun tafarlausra aðgerða gæti aukið þennan mun og myndi skaða traust á stafræna ESB-vottorðinu vegna COVID. Enn fremur myndu borgarar standa frammi fyrir lengra tímabili með einhliða reglum varðandi viðurkenningu bólusetningarvottorða þeirra.

21) Með hliðsjón af því hve aðstæður tengdar COVID-19-heimsfaraldrinum eru brýnar ætti þessi reglugerð að öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Til að nægilegur tími gefist fyrir tæknilega framkvæmd staðlaða viðurkenningartímabilsins ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda 1. febrúar 2022.

22) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([4]) og skilaði hún formlegum athugasemdum 14. desember 2021.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað h-liðar í 1. lið viðaukans við reglugerð (ESB) 2021/953 kemur eftirfarandi:

„h) dagsetning bólusetningar, þar sem fram kemur dagsetning nýjasta skammts sem gefinn hefur verið (einungis skal viðurkenna vottorð þar sem fram kemur hvenær röð grunnbólusetninga lauk ef ekki hafa liðið meira en 270 dagar frá dagsetningu nýjasta skammts í þeirri röð),“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. febrúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2301 **2022/EES/29/07**

frá 21. desember 2021

um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/1073 um tækniforskriftir og reglur um framkvæmd traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum c-lið 1. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er sett fram stafræna ESB-vottorðið vegna COVID sem þjónar þeim tilgangi að sanna að einstaklingur hafi fengið COVID-19 bóluefni, neikvæðar prófniðurstöður eða hefur náð sér eftir smit, í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir.

2) Til að stafræna ESB-vottorðið vegna COVID virki í öllu Sambandinu samþykkti framkvæmdastjórnin framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1073 ([2]) sem mælir fyrir um tækniforskriftir og reglur um útfyllingu, örugga útgáfu og sannprófun stafrænna ESB-vottorða vegna COVID, vernd persónuupplýsinga, ákvörðun sameiginlegrar skipanar einkvæms auðkennis vottorðs og útgáfu gilds, öruggs og samvirkandi strikamerkis.

3) Hinn 17. nóvember 2021 samþykkti framkvæmdastjórnin framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/2014 ([3]) þar sem settar eru fram samræmdar reglur um útfyllingu bólusetningarvottorða sem um getur í a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 og gefin eru út í kjölfar örvunarbólusetninga með COVID-19 bóluefni.

4) Eins og sett er fram í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2288 ([4]) skal staðlað 270 daga viðurkenningartímabil gilda um bólusetningarvottorð þar sem fram kemur hvenær röð grunnbólusetninga lauk, hvort sem um er að ræða eins skammts grunnbólusetningarferli, röð tveggja skammta grunnbólusetninga eða, í samræmi við bólusetningaráætlun aðildarríkisins þar sem bólusetningin fór fram, eins skammts grunnbólusetningarferli með tveggja skammta bóluefni eftir að hafa áður sýkst af völdum SARS-CoV-2. Á sama tíma verður ekki sett viðurkenningartímabil fyrir vottorð um örvunarbólusetningu eða viðbótarskammta sem gefnir eru til að vernda betur einstaklinga sem sýna ófullnægjandi ónæmissvörun eftir að röð grunnbólusetninga lýkur. Litið skal svo á að vísanir í þessari reglugerð til örvunarbólusetninga nái einnig yfir slíka viðbótarskammta.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 536. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2022 frá 23. febrúar 2022 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1073 frá 28. júní 2021 um tækniforskriftir og reglur um framkvæmd traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 (Stjtíð. ESB L 230, 30.6.2021, bls. 32).

([3]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2014 frá 17. nóvember 2021 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/1073 um tækniforskriftir og reglur um framkvæmd traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið var á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 (Stjtíð. ESB L 410, 18.11.2021, bls. 180).

([4]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2288 frá 21. desember 2021 um breytingu á viðaukanum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 að því er varðar viðurkenningartímabil bólusetningarvottorða sem gefin eru út með sniði stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID þar sem fram kemur hvenær röð grunnbólusetninga lauk (Stjtíð. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 459).

5) Aðlaga ætti samræmdu reglurnar um útfyllingu bólusetningarvottorða, sem um getur í a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953, til að geta í öllum tilvikum greint á milli vottorða sem gefin eru út á grundvelli þess að röð grunnbólusetninga er lokið og vottorða sem gefin eru út á grundvelli örvunarbólusetningar.

6) Aðildarríkin ættu að endurútgefa vottorð sem lúta öðrum reglum varðandi kóðun á örvunarbólusetningu til að koma í veg fyrir að staðlaða 270 daga viðurkenningartímabilið verði látið gilda um þau.

7) Því ætti að breyta framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/1073 til samræmis við það.

8) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 1. mgr. 42. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ([5]) og skilaði hún formlegum athugasemdum 14. desember 2021.

9) Í ljósi þess að hröð framkvæmd á breyttum tækniforskriftum fyrir stafræna ESB-vottorðið vegna COVID er nauðsynleg ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2021/1073 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 21. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

———

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtíð. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

VIÐAUKI

Í stað liðar 5.2 í II. viðauka við framkvæmdarákvörðun (ESB) nr. 2021/1073 kemur eftirfarandi:

„5.2. **Örvunarbólusetningar**

Þegar einstaklingur fær skammta eftir röð grunnbólusetninga skulu slíkar örvunarbólusetningar koma fram í samsvarandi vottorðum sem hér segir:

— 2/1 vísar til örvunarbólusetningar eftir eins skammts grunnbólusetningarferli eða örvunarbólusetningar eftir að grunnbólusetningarferli, sem samanstendur af einum skammti af tveggja skammta bóluefni, lýkur hjá einstaklingi sem hefur náð bata, í samræmi við þá aðferðarlýsingu sem aðildarríki fer eftir við bólusetningar. Eftir það skal sýna (X) skammta sem gefnir eru eftir fyrstu örvunarbólusetningu með (2+X)/(1) > 1 (t.d. 3/1).

— 3/3 vísar til örvunarbólusetningar eftir röð tveggja skammta grunnbólusetningar. Eftir það skal sýna (X) skammta sem gefnir eru eftir fyrstu örvunarbólusetningu með (3+X)/(3+X) = 1 (t.d. 4/4).

Aðildarríki skulu beita kóðunarreglunum sem settar eru fram í þessum þætti eigi síðar en 1. febrúar 2022.

Aðildarríki skulu, sjálfkrafa eða að beiðni hlutaðeigandi einstaklinga, endurútgefa vottorð þar sem örvunarbólusetning eftir eins skammts grunnbólusetningarferli er kóðuð þannig að ekki er hægt að greina hana frá lokum raðar grunnbólusetninga.

Að því er þennan viðauka varðar ætti að skilja tilvísanir til „örvunarbólusetninga“ sem svo að þær nái einnig yfir viðbótarskammta sem gefnir eru til að vernda betur einstaklinga sem sýna ófullnægjandi ónæmissvörun eftir að staðlaðri röð grunnbólusetninga lýkur. Aðildarríkin geta, innan lagarammans sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, gert ráðstafanir til að taka á stöðu viðkvæmra hópa sem geta fengið viðbótarskammt sem forgangsverkefni. Til dæmis getur aðildarríki, ef það ákveður að gefa einungis sérstökum undirhópum almennings viðbótarskammt, kosið, í samræmi við 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953, að gefa út bólusetningarvottorð sem vísa til slíkra viðbótarskammta aðeins þegar eftir því er leitað og ekki sjálfkrafa. Þegar slíkar ráðstafanir eru gerðar skulu aðildarríkin upplýsa hlutaðeigandi einstaklinga til samræmis við það, sem og um að þeim sé heimilt að nýta áfram vottorðið sem þeir fengu eftir að staðlaðri röð grunnbólusetninga lauk.“

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2296 **2022/EES/29/08**

frá 21. desember 2021

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Túniska lýðveldinu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða, sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra, ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur eiga aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Túniska lýðveldinu til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954 einnig að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út í Túniska lýðveldinu til handa ríkisborgurum þriðju landa, sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 1. nóvember 2021 lét Túniska lýðveldið framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu innan kerfis sem ber heitið „EVAX“. Túniska lýðveldið upplýsti framkvæmdastjórnina um að það líti svo á að COVID-19-vottorð þess séu gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Túniska lýðveldið hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð um bólusetningu, sem Túniska lýðveldið hefur gefið út í samræmi við „EVAX“-kerfið, innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 521. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2022 frá 23. febrúar 2022 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

4) Túniska lýðveldið upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu og kjarnsýrumögnunarpróf sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

5) Hinn 7. desember 2021 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Túniska lýðveldinu, gera tækniprof sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu sem Túniska lýðveldið hefur gefið út eru í samræmi við „EVAX“-kerfið sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, sem Túniska lýðveldið hefur gefið út í samræmi við „EVAX“-kerfið, innihaldi nauðsynleg gögn.

6) Auk þessa upplýsti Túniska lýðveldið framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þessi bóluefni eru nú Comirnaty, Spikevax, Vaxzevria, COVID-19-bóluefnið Janssen, CoronaVac, BBIBP-CorV, Sputnik V og Hayat-Vax.

7) Túniska lýðveldið upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það gefi ekki út samvirkandi prófvottorð fyrir kjarnsýrumögnunarpróf eða skyndipróf.

8) Enn fremur upplýsti Túniska lýðveldið framkvæmdastjórnina um að það gefi ekki út samvirkandi vottorð um bata.

9) Enn fremur upplýsti Túniska lýðveldið framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Túnis sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar sem fram koma í þeim aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, prófniðurstöðu eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð um bólusetningu, sem eru gefin út í Túniska lýðveldinu í samræmi við „EVAX“-kerfið, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð um bólusetningu sem gefin eru út af Túniska lýðveldinu í samræmi við „EVAX“-kerfið með þeim skilyrðum sem um getur í 5. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Túniska lýðveldið við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fresta beitingu þessarar ákvörðunar eða fella hana úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Til að tengja Túniska lýðveldið við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta skal á COVID-19-vottorð um bólusetningu, sem Túniska lýðveldið gefur út í samræmi við „EVAX“-kerfið, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Túniska lýðveldið við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 21. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2297 **2022/EES/29/09**

frá 21. desember 2021

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Montenegró (Svartfjallalandi) og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur eiga aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Montenegró (Svartfjallalandi) til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi einnig, á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954, að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Montenegró (Svartfjallalandi) til handa ríkisborgurum þriðju landa, sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 31. ágúst 2021 lét Montenegró (Svartfjallaland) framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata innan kerfis sem ber heitið „SafeGO MNE“. Montenegró (Svartfjallaland) upplýsti framkvæmdastjórnina um að það líti svo á að COVID-19-vottorð þess séu gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Montenegró (Svartfjallaland) hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem Montenegró (Svartfjallaland) hefur gefið út í samræmi við „SafeGO MNE“-kerfið, innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 524. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2022 frá 23. febrúar 2022 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

4) Montenegró (Svartfjallaland) upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að hún viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

5) Hinn 14. desember 2021 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Montenegró (Svartfjallalandi), gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata sem Montenegró (Svartfjallaland) hefur gefið út eru í samræmi við „SafeGO MNE“-kerfið, sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata, sem Montenegró (Svartfjallaland) hefur gefið út í samræmi við „SafeGO MNE“-kerfið, innihaldi nauðsynleg gögn.

6) Auk þessa upplýsti Montenegró (Svartfjallaland) framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þessi bóluefni eru nú Comirnaty, Vaxzevria, CoronaVac, BBIBP-CorV og Sputnik V.

7) Montenegró (Svartfjallaland) upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það gefi út samvirkandi prófvottorð fyrir kjarnsýrumögnunarpróf og skyndipróf sem skráð eru í sameiginlegu og uppfærðu skránni yfir COVID-19-skyndipróf sem samþykkt var af heilbrigðisöryggisnefndinni, sem komið er á fót með 17. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB ([3]), á grundvelli tilmæla ráðsins frá 21. janúar 2021 ([4]).

8) Enn fremur upplýsti Montenegró (Svartfjallaland) framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi vottorð um bata. Þessi vottorð gilda í allt að 180 daga frá fyrstu jákvæðu prófniðurstöðu.

9) Enn fremur upplýsti Montenegró (Svartfjallaland) framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Montenegró (Svartfjallalandi) sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar sem fram koma í þeim aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, próf eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem eru gefin út í Montenegró (Svartfjallalandi) í samræmi við „SafeGO MNE“-kerfið, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem gefin eru út af Montenegró (Svartfjallalandi) í samræmi við „SafeGO MNE“-kerfið, með þeim skilyrðum sem um getur í 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (5. mgr.) og 7. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Montenegró (Svartfjallaland) við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fresta beitingu þessarar ákvörðunar eða fella hana úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Til að tengja Montenegró (Svartfjallaland) við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

([3]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB frá 22. október 2013 um alvarlegar heilsufarsógnir sem ná yfir landamæri og niðurfellingu ákvörðunar nr. 2119/98/EB (Stjtíð. ESB L 293, 5.11.2013, bls. 1).

([4]) Tilmæli ráðsins frá 21. janúar 2021 um sameiginlegan ramma um notkun og gildingu skyndiprófa og gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum COVID-19 prófa innan ESB (Stjtíð. ESB C 24, 22.1.2021, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta skal á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem Montenegró (Svartfjallaland) gefur út í samræmi við „SafeGO MNE“-kerfið, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Montenegró (Svartfjallaland) við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 21. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2298 **2022/EES/29/10**

frá 21. desember 2021

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Austræna lýðveldinu Úrúgvæ og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur eiga aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Austræna lýðveldinu Úrúgvæ til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi einnig, á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954, að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Austræna lýðveldinu Úrúgvæ til handa ríkisborgurum þriðju landa, sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 8. október 2021 lét Austræna lýðveldið Úrúgvæ framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata innan kerfis sem ber heitið „Plataforma Nacional Coronavirus Uy“. Austræna lýðveldið Úrúgvæ upplýsti framkvæmdastjórnina um að það líti svo á að COVID-19-vottorð þess séu gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Austræna lýðveldið Úrúgvæ hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem Austræna lýðveldið Úrúgvæ hefur gefið út í samræmi við kerfið „Plataforma Nacional Coronavirus Uy“, innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 527. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2022 frá 23. febrúar 2022 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

4) Austræna lýðveldið Úrúgvæ upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, kjarnsýrumögnunarpróf og bata sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

5) Hinn 14. desember 2021 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Austræna lýðveldinu Úrúgvæ, gera tækniprófsem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata sem Austræna lýðveldið Úrúgvæ hefur gefið út eru í samræmi við kerfið „Plataforma Nacional Coronavirus Uy“ sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata sem Austræna lýðveldið Úrúgvæ hefur gefið út í samræmi við kerfið „Plataforma Nacional Coronavirus Uy“ innihaldi nauðsynleg gögn.

6) Auk þessa upplýsti Austræna lýðveldið Úrúgvæ framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi bólusetningar-vottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þessi bóluefni eru nú Comirnaty, Vaxzevria, Spikevax, COVID-19 bóluefnið Janssen, Covishield, BBIBP-CorV, CoronaVac, Covaxin, Sputnik V og Convidecia.

7) Austræna lýðveldið Úrúgvæ upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það gefi út samvirkandi prófvottorð fyrir kjarnsýrumögnunarpróf en ekki fyrir skyndipróf.

8) Enn fremur upplýsti Austræna lýðveldið Úrúgvæ framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi vottorð um bata. Þessi vottorð gilda í allt að 180 daga frá fyrstu jákvæðu prófniðurstöðu.

9) Enn fremur upplýsti Austræna lýðveldið Úrúgvæ framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Úrúgvæ sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar sem fram koma í þeim aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, prófniðurstöðu eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem eru gefin út í Austræna lýðveldinu Úrúgvæ í samræmi við kerfið „Plataforma Nacional Coronavirus Uy“ sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem eru gefin út í Austræna lýðveldinu Úrúgvæ í samræmi við kerfið „Plataforma Nacional Coronavirus Uy“ með þeim skilyrðum sem um getur í 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (5. mgr.) og 7. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Austræna lýðveldið Úrúgvæ við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fresta beitingu þessarar ákvörðunar eða fella hana úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Til að tengja Austræna lýðveldið Úrúgvæ við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta skal á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem eru gefin út í Austræna lýðveldinu Úrúgvæ í samræmi við kerfið „Plataforma Nacional Coronavirus Uy“, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Austræna lýðveldið Úrúgvæ við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 21. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2299 **2022/EES/29/11**

frá 21. desember 2021

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Taílandi og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur eiga aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Taílandi til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi einnig, á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954, að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata sem gefin eru út í Taílandi til handa ríkisborgurum þriðju landa, sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 4. nóvember 2021 lét Taíland framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata innan kerfis sem ber heitið „MOHPROMT“ (eða „Mor Prom“). Taíland upplýsti framkvæmdastjórnina um að það líti svo á að COVID-19-vottorð þess séu gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Taíland hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem Taíland hefur gefið út í samræmi við kerfið „MOHPROMT“ (eða „Mor Prom“), innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 530. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2022 frá 23. febrúar 2022 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

4) Taíland upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, próf og bata sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

5) Hinn 24. nóvember 2021 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Taílandi, gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata sem Taíland hefur gefið út eru í samræmi við kerfið „MOHPROMT“ (eða „Mor Prom“), sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu, próf og bata, sem Taíland hefur gefið út í samræmi við kerfið „MOHPROMT“ (eða „Mor Prom“), innihaldi nauðsynleg gögn.

6) Auk þessa upplýsti Taíland framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þessi bóluefni eru nú Comirnaty, Spikevax, Vaxzevria, COVID-19 bóluefnið Janssen, BBIBP-CorV og CoronaVac.

7) Taíland upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það gefi út samvirkandi prófvottorð fyrir kjarnsýrumögnunarpróf og fyrir skyndipróf sem skráð eru í sameiginlegu og uppfærðu skránni yfir COVID-19-skyndipróf sem samþykkt var af heilbrigðisöryggisnefndinni, sem komið er á fót með 17. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB ([3]), á grundvelli tilmæla ráðsins frá 21. janúar 2021 ([4]).

8) Enn fremur upplýsti Taíland framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi vottorð um bata. Þessi vottorð gilda í allt að 180 daga frá fyrstu jákvæðu prófniðurstöðu.

9) Enn fremur upplýsti Taíland framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Taílandi sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar sem fram koma í þeim aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, próf eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem eru gefin út í Taílandi í samræmi við kerfið „MOHPROMT“ (eða „Mor Prom“), sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem gefin eru út af Taílandi í samræmi við kerfið „MOHPROMT“ (eða „Mor Prom“), með þeim skilyrðum sem um getur í 5. gr. (5. mgr.), 6. gr. (5. mgr.) og 7. gr. (8. mgr.) reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Taíland við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fresta beitingu þessarar ákvörðunar eða fella hana úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Til að tengja Taíland við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

([3]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB frá 22. október 2013 um alvarlegar heilsufarsógnir sem ná yfir landamæri og niðurfellingu ákvörðunar nr. 2119/98/EB (Stjtíð. ESB L 293, 5.11.2013, bls. 1).

([4]) Tilmæli ráðsins frá 21. janúar 2021 um sameiginlegan ramma um notkun og gildingu skyndiprófa og gagnkvæma viðurkenningu á niðurstöðum úr COVID-19-prófum innan ESB (Stjtíð. ESB C 24, 22.1. 2021, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta skal á COVID-19-vottorð um bólusetningu, próf og bata, sem Taíland gefur út í samræmi við kerfið „MOHPROMT“ (eða „Mor Prom“), sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Taíland við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 21. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/2300 **2022/EES/29/12**

frá 21. desember 2021

um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Taívan (*) **og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) til að auðvelda frjálsa för á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir ([1]), einkum 2. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1. Í reglugerð (ESB) 2021/953 er mælt fyrir um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (hér á eftir nefnt „stafrænt ESB-vottorð vegna COVID“) í því skyni að auðvelda handhöfum þeirra að nýta sér rétt sinn til frjálsrar farar á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir. Hún á einnig að stuðla að því að auðvelda afléttingu í áföngum á takmörkunum á frjálsri för, sem aðildarríkin hafa sett í samræmi við lög Sambandsins til að hefta útbreiðslu SARS-CoV-2, með samræmdum hætti.

2) Reglugerð (ESB) 2021/953 heimilar viðurkenningu COVID-19-vottorða sem þriðju lönd gefa út til handa borgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra ef framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að umrædd COVID-19-vottorð séu gefin út í samræmi við staðla sem jafngilda þeim sem komið er á fót samkvæmt þeirri reglugerð. Enn fremur eiga aðildarríkin, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 ([2]), að beita þeim reglum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/953 gagnvart ríkisborgurum þriðju landa sem falla ekki undir gildissvið þeirrar reglugerðar en dvelja eða eru búsettir löglega á yfirráðasvæði þeirra og hafa rétt til að ferðast til annarra aðildarríkja í samræmi við lög Sambandsins. Af þeim sökum ættu sérhverjar niðurstöður um jafngildi sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu og próf sem gefin eru út í Taívan til handa ríkisborgurum Sambandsins og aðstandendum þeirra. Á sama hátt ættu slíkar niðurstöður um jafngildi einnig, á grundvelli reglugerðar (ESB) 2021/954, að eiga við um COVID-19-vottorð um bólusetningu og próf sem gefin eru út í Taívan til handa ríkisborgurum þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.

3) Hinn 17. nóvember 2021 lét Taívan framkvæmdastjórninni í té ítarlegar upplýsingar um útgáfu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu og próf innan kerfis sem ber heitið „Taiwan Digital COVID-19 Certificate System“. Taívan upplýsti framkvæmdastjórnina um að það líti svo á að COVID-19-vottorð þess séu gefin út í samræmi við staðal og tæknikerfi sem eru samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gera kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Taívan hefur í þessu tilliti upplýst framkvæmdastjórnina um að COVID-19-vottorð um bólusetningu og próf, sem Taívan hefur gefið út í samræmi við kerfið „Taiwan Digital COVID-19 Certificate System“, innihaldi þau gögn sem fram koma í viðaukanum við reglugerð (ESB) 2021/953.

(*) Ekki ber að túlka ákvörðun þessa með þeim hætti að hún endurspegli opinbera afstöðu Evrópusambandsins til lagalegrar stöðu Taívans.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 458, 22.12.2021, bls. 533. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2022 frá 23. febrúar 2022 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og VIII. viðauki (Staðfesturéttur) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/954 frá 14. júní 2021 um ramma um útgáfu, sannprófun og viðurkenningu samvirkandi COVID-19-vottorða um bólusetningu, próf og bata (stafrænt ESB-vottorð vegna COVID) vegna ríkisborgara þriðju landa sem dvelja eða búa löglega á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna á meðan COVID-19-heimsfaraldurinn stendur yfir (Stjtíð. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 24).

4) Taívan upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það viðurkenni vottorð um bólusetningu, kjarnsýrumögnunarpróf og bata sem aðildarríkin og EES-löndin gefa út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

5) Hinn 10. desember 2021 lét framkvæmdastjórnin, í kjölfar beiðni frá Taívan, gera tæknipróf sem sýndu fram á að COVID-19-vottorðin um bólusetningu og próf sem Taívan hefur gefið út eru í samræmi við kerfið „Taiwan Digital COVID-19 Certificate System“, sem er samvirkandi við traustrammann sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953 og gerir kleift að sannprófa ósvikni, gildi og heilleika vottorðanna. Framkvæmdastjórnin staðfesti einnig að COVID-19-vottorðin um bólusetningu og próf, sem Taívan hefur gefið út í samræmi við kerfið „Taiwan Digital COVID-19 Certificate System“, innihaldi nauðsynleg gögn.

6) Auk þessa upplýsti Taívan framkvæmdastjórnina um að það gefi út samvirkandi bólusetningarvottorð fyrir COVID-19-bóluefni. Þessi bóluefni eru nú Comirnaty, Spikevax, Vaxzevria og bóluefnið MVC-COVID-19.

7) Taívan upplýsti framkvæmdastjórnina einnig um að það gefi út samvirkandi prófvottorð fyrir kjarnsýrumögnunarpróf en ekki fyrir skyndipróf.

8) Enn fremur upplýsti Taívan framkvæmdastjórnina um að það gefi ekki út samvirkandi vottorð um bata.

9) Enn fremur upplýsti Taívan framkvæmdastjórnina um að þegar sannprófendur í Taívan sannprófa vottorð verði persónuupplýsingar sem fram koma í þeim aðeins unnar til að sannprófa og staðfesta bólusetningu, próf eða bata handhafa og verði ekki geymdar eftir það.

10) Þannig eru til staðar nauðsynlegir þættir til að ákveða að líta skuli á COVID-19-vottorð um bólusetningu og próf, sem eru gefin út í Taívan í samræmi við kerfið „Taiwan Digital COVID-19 Certificate System“, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953.

11) Því ætti að viðurkenna COVID-19-vottorð um bólusetningu og próf, sem gefin eru út af Taívan í samræmi við kerfið „Taiwan Digital COVID-19 Certificate System“, með þeim skilyrðum sem um getur í 5. mgr. 5. gr. og 5. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

12) Til að þessi ákvörðun öðlist gildi ætti að tengja Taívan við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

13) Til að vernda hagsmuni Sambandsins, einkum á sviði lýðheilsu, er framkvæmdastjórninni heimilt að beita heimildum sínum til að fresta beitingu þessarar ákvörðunar eða fella hana úr gildi ef skilyrði 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953 eru ekki lengur uppfyllt.

14) Til að tengja Taívan við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID, sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953, eins fljótt og unnt er ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 14. gr. reglugerðar (ESB) 2021/953.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Líta skal á COVID-19-vottorð um bólusetningu og próf, sem Taívan gefur út í samræmi við kerfið „Taiwan Digital COVID-19 Certificate System“, sem jafngild þeim sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/953 til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins.

2. gr.

Tengja skal Taívan við traustramma stafræna ESB-vottorðsins vegna COVID sem komið er á fót með reglugerð (ESB) 2021/953.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 21. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/858 **2022/EES/29/13**

frá 30. maí 2018

um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í samræmi við 2. mgr. 26. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins myndar innri markaðurinn svæði án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, frjáls för fólks, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar eru tryggð. Reglur innri markaðar ættu að vera gagnsæjar, einfaldar, samræmdar og skilvirkar og veita þannig réttarvissu og skýrleika í þágu fyrirtækja og neytenda.

2) Í því skyni var heildarramma ESB um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki komið á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ([3]).

3) Árið 2013 lagði framkvæmdastjórnin mat á lagaramma Sambandsins um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, sem sýndi að ramminn sem komið var á fót með tilskipun 2007/46/EB er viðeigandi til að ná meginmarkmiðum um samræmingu, skilvirka starfsemi innri markaðarins og sanngjarna samkeppni og framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu að lagaramminn ætti því að gilda áfram.

4) Við matið var þó einnig komist að þeirri niðurstöðu að þörf sé á að innleiða ákvæði er varða markaðseftirlit til að koma til viðbótar við gerðarviðurkenningarkröfurnar; að þörf sé á að skýra afturköllunar- og verndarráðstafanameðferðirnar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 303, 19.8.2016, bls. 86.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 19. apríl 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 22. maí 2018.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) (Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1).

ásamt skilyrðunum fyrir rýmkun á viðurkenningum fyrirliggjandi gerða ökutækja; að þörf sé á að bæta framfylgd rammans um gerðarviðurkenningu með því að samræma og efla gerðarviðurkenningaraðferðirnar og aðferðirnar til að tryggja samræmi framleiðslu sem yfirvöld og tækniþjónustur aðildarríkja beita; að þörf sé á að skilgreina með skýrum hætti hlutverkin og ábyrgðirnar sem eiga við um markaðsaðila í aðfangakeðjunni og þeirra yfirvalda og aðila sem taka þátt í framfylgdinni á rammanum, sem tryggir sjálfstæði þeirra yfirvalda og aðila og kemur í veg fyrir hagsmunaárekstra; að þörf sé á að bæta hentugleika annarra viðurkenningaráætlana (litlar landsbundnar framleiðsluraðir og skráningarviðurkenningar ökutækis (e. *individual vehicle approval*) [áður þýtt sem einstök viðurkenning ökutækis] og hentugleika fjölþrepa gerðarviðurkenningarferlisins til að veita markaðskimum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum tilhlýðilegan sveigjanleika án þess þó að brengla jöfnu samkeppnisskilyrðin.

5) Til viðbótar hafa nýleg vandamál við framkvæmdina á rammanum um ESB-gerðarviðurkenningu leitt í ljós tiltekna veikleika og þau hafa einnig sýnt fram á þörfina á grundvallarendurskoðun á rammanum til að tryggja að hann sé traustur, gagnsær, fyrirsjáanlegur og sjálfbær og að með honum fáist öflugt öryggisstig ásamt heilbrigðis- og umhverfisvernd.

6) Með þessari reglugerð eru innleiddar ýmsar verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir ranga beitingu á kröfum sem lagðar eru á í ferlinu við að veita viðurkenningar á ökutækjum, kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum. Mikilvægt er að þessar verndarráðstafanir séu skilvirkar til að koma í veg fyrir misnotkun á viðurkenningarferlinu í framtíðinni.

7) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um samræmdar reglur og meginreglur um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, ásamt skráningarviðurkenningu ökutækis, með það fyrir augum að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins í þágu fyrirtækja og neytenda og til að bjóða upp á öflugt öryggisstig og heilbrigðis- og umhverfisvernd.

8) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um tæknilegar kröfur og stjórnsýslukröfur um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum til farþegaflutninga (flokkur M) og á vélknúnum ökutækjum til farmflutninga (flokkur N) og eftirvögnum þeirra (flokkur O), og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki með það fyrir augum að tryggja öflugt öryggisstig og vistvænleika.

9) Landsyfirvöld ættu að beita og framfylgja kröfunum í þessari reglugerð á samræmdan hátt í öllu Sambandinu til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði og til að koma í veg fyrir beitingu mismunandi staðla í öllu Sambandinu. Þau ættu að hafa fullt samstarf við gagnaskiptatorgið vegna framkvæmdar („framkvæmdartorgið“) og við framkvæmdastjórnina við úttektarstörf og eftirlitsstarfsemi hennar.

10) Þessi reglugerð ætti að styrkja núverandi ramma um ESB-gerðarviðurkenningu, sérstaklega með innleiðingu ákvæða um markaðseftirlit. Innleiða ætti markaðseftirlit á sviði vélknúinna ökutækja með því að tilgreina skuldbindingar markaðsaðila í aðfangakeðjunni, skuldbindingar eftirlitsyfirvalda í aðildarríkjunum og þær ráðstafanir sem gripið verður til þegar vörur sem tengjast vélknúnum ökutækjum finnast á markaðnum sem alvarleg öryggis- eða umhverfisáhætta stafar af, sem grafa undan neytendavernd, eða sem uppfylla ekki gerðarviðurkenningarkröfurnar.

11) Til að tryggja skilvirka framkvæmd á gerðarviðurkenningarkröfunum ætti að efla núverandi ákvæði um samræmi framleiðslu, m.a. með því að kveða á um skyldubundnar, reglulegar úttektir á aðferðum við samræmiseftirlit og áframhaldandi samræmi viðkomandi vara sem tengjast vélknúnum ökutækjum og með því að styrkja kröfurnar sem varða hæfi, skyldur og frammistöðu tækniþjónusta sem annast prófanir fyrir heildargerðarviðurkenningu ökutækis á ábyrgð viðurkenningaryfirvalda. Eðlileg starfsemi tækniþjónustna er mikilvæg til að tryggja öflugt öryggisstig og öfluga umhverfisvernd og tiltrú borgara á kerfið. Mæla skal fyrir um viðmiðanir fyrir tilnefningu tækniþjónustu, sem kveðið er á um í tilskipun 2007/46/EB, með ítarlegri hætti í þessari reglugerð til að tryggja að þeim sé beitt með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum. Þar sem starf tækniþjónusta í aðildarríkjum verður sífellt flóknara hafa matsaðferðir þeirra tilhneigingu til að verða smám saman ólíkari. Því er nauðsynlegt að kveða á um málsmeðferðarskyldur sem tryggja upplýsingaskipti og eftirlit með starfsvenjum aðildarríkjanna varðandi mat, tilnefningu, tilkynningar og vöktun á tækniþjónustum þeirra. Þessar málsmeðferðarskyldur ættu að eyða öllu ósamræmi sem fyrir er í aðferðum sem notaðar eru af tækniþjónustum og við túlkun viðmiðana fyrir tilnefningu þeirra. Til að tryggja fullnægjandi eftirlit og jöfn samkeppnisskilyrði í öllu Sambandinu ætti mat á tækniþjónustu sem sækir um að fela í sér matsheimsókn.

12) Ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningar er nauðsynlegt að sannprófa að breytingar sem gerðar eru fyrir lokaþrep smíðinnar hafi ekki áhrif á virkni gerðarviðurkenndra kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga þannig að þær ógildi áður veitta gerðarviðurkenningu.

13) Vaxandi þörf er á eftirliti og vöktun með tækniþjónustum því að tækniframfarir hafa aukið áhættuna á að tækniþjónustur búi ekki yfir nauðsynlegri hæfni til að prófa nýja tækni eða tæki sem verða til á gildissviði tilnefningar þeirra. Þar eð tækniframfarir stytta líftíma vara og þar sem tímabilið milli matsheimsókna í eftirlitsskyni og vöktunarinnar er breytilegt ættu tilnefningar á tækniþjónustum að gilda í takmarkaðan tíma sem ætti að tryggja að hæfni tækniþjónusta sé metin með reglulegu millibili.

14) Tilnefning og vöktun aðildarríkja á tækniþjónustum, í samræmi við ítarlegar og strangar viðmiðanir, ætti því að vera háð eftirliti m.a. sem skilyrði fyrir endurnýjun tilnefningar þeirra, Styrkja ætti stöðu tækniþjónustna gagnvart framleiðendum, þ.m.t. með tilliti til réttar þeirra og skyldu til að inna af hendi fyrirvaralausar skoðanir á verksmiðjum og til að framkvæma raunverulegar prófanir eða prófanir á rannsóknarstofu á vörum sem tengjast vélknúnum ökutækjum sem falla undir þessa reglugerð til að tryggja áframhaldandi reglufylgni framleiðenda eftir að þeir hafa fengið gerðarviðurkenningu á ökutækjavörur sínar.

15) Aðildarríkin ættu að vinna saman og með framkvæmdastjórninni í þeim tilgangi að efla gagnsæi og gagnkvæmt traust og samstilla og þróa enn frekar viðmiðanir sínar við mat, tilnefningu og tilkynningu tækniþjónustna, ásamt málsmeðferðarreglum um rýmkun og endurnýjun. Aðildarríki ættu að hafa samráð sín á milli og við framkvæmdastjórnina um vafamál, sem hafa almenna þýðingu viðvíkjandi framkvæmd þessarar reglugerðar, og upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina. Mikilvægt er að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin noti sameiginlegt öruggt kerfi til rafrænna upplýsingaskipta til að auðvelda og auka samvinnu á sviði stjórnsýslu eftir viðeigandi framkvæmdartímabil til að stjórnun upplýsingaskipta verði árangursríkari og skilvirkari á grundvelli einfaldra og samræmdra málsmeðferðarreglna. Til að greiða fyrir aðgengi að upplýsingum og gagnsæi þeirra ættu þær að vera tiltækar sem formföst gögn sem leita má í með rafrænum hætti.

16) Faggildingarstofur og viðurkenningaryfirvöld sem sjá um tilnefningar ættu að skiptast á upplýsingum sem skipta máli fyrir matið á hæfni tækniþjónustna ef tilnefning á tækniþjónustu er byggð á faggildingu í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ([1]).

17) Aðildarríkin ættu að hafa möguleikann á að leggja gjöld á tilnefningu og vöktun tækniþjónusta til að tryggja sjálfbærni vöktunar á þeim tækniþjónustum af hálfu aðildarríkja og til að koma á fót jöfnum samkeppnisskilyrðum fyrir tækniþjónustur.

18) Leiki vafi á um hæfi tækniþjónustu, þrátt fyrir ráðstafanir aðildarríkjanna til að tryggja samræmda beitingu krafna og áframhaldandi beitingu þeirra, ætti framkvæmdastjórnin að eiga möguleika á að rannsaka einstök mál.

19) Mikilvægt er að skipulagning og starfsemi tækniþjónusta tryggi óhlutdrægni og óhæði til að tryggja að prófanir og skýrslur sem tækniþjónustur leggja fram séu ekki undir áhrifum ólögmætra aðstæðna. Tækniþjónustur ættu að hafa fullnægjandi rekstrarkerfi, þ.m.t. ákvæði um þagnarskyldu, svo að þær geti unnið verk sín á samfelldan og kerfisbundinn hátt. Til að gera tækniþjónustum kleift að gegna starfi sínu með tilhlýðilegum hætti ætti starfsfólk þeirra ávallt að sýna fram á viðeigandi þekkingu, hæfni og óhæði.

20) Til að tryggja að kröfum þessarar reglugerðar sé uppfyllt er nauðsynlegt að notast við framfylgdarfyrirkomulag til að tryggja að reglum sé fylgt. Lykilhlutverk viðurkenningaryfirvalda ætti áfram að vera að tryggja að farið sé að gerðarviðurkenningunni og kröfunum um samræmi framleiðslu í þeirri löggjöf sem gildir á sviði vélknúinna ökutækja, þar sem sú skylda er nátengd veitingu gerðarviðurkenningar og krefst ítarlegrar þekkingar á innihaldi hennar. Því er mikilvægt að frammistaða viðurkenningaryfirvalda sé sannprófuð reglulega.

21) Til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar og til að tryggja samræmda beitingu hennar innan Sambandsins og til að greiða fyrir miðlun bestu starfsvenja ætti framkvæmdastjórnin að skipuleggja og framkvæma mat á verklagsreglum sem viðurkenningaryfirvöld setja í samræmi við þessa reglugerð. Innan framkvæmdartorgsins ætti að ræða niðurstöðuna úr slíku mati, þ.m.t. tilmæli sem ekki eru bindandi. Mat ætti að fara fram með reglubundnum hætti og tillit tekið til meginreglunnar um meðalhóf, fjölda og margbreytileika gerðarviðurkenninganna sem veittar eru og allra tilvika um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum sem koma í ljós við sannprófun á að farið sé að tilskildum ákvæðum.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

22) Til að tryggja að mat framkvæmdastjórnarinnar sé skilvirkt en lágmarka um leið stjórnsýsluálagið er mikilvægt að viðurkenningaryfirvöldin og framkvæmdastjórnin eigi skilvirka samvinnu meðan á matinu stendur, sérstaklega meðan matið á sér stað á athafnasvæði viðkomandi viðurkenningaryfirvalds. Mat framkvæmdastjórnarinnar ætti að fara fram í samræmi við gildandi lög og samræmast m.a. vinnutíma eða tungumáli landsyfirvaldanna. Framkvæmdastjórnin ætti að bera kostnaðinn af þessu mati, þ.m.t. þann kostnað sem tengist skjalaþýðingu.

23) Verið er að efla kerfið til sannprófunar á að farið sé að tilskildum ákvæðum með viðurkenningu á formlegu ferli við faggildingu tækniþjónustna eða með innleiðingu á reglulegu jafningjamati að því er varðar mat og vöktun viðurkenningaryfirvalda á tækniþjónustum. Markmiðið er að tryggja að öll viðurkenningaryfirvöld beiti samræmdu stigi að því er varðar gæði og strangleika við að framfylgja gerðarviðurkenningarkröfunum.

24) Nánari samræming milli landsyfirvalda með upplýsingaskiptum og samræmdum mati undir stjórn samræmingaryfirvalds er undirstaða þess að tryggja samfellt, öflugt öryggisstig og heilbrigðis- og umhverfisvernd á innri markaðnum. Hún myndi einnig leiða til skilvirkari notkunar á takmörkuðum auðlindum á landsvísu. Í því skyni ætti að koma á fót ráðgefandi framkvæmdartorgi fyrir aðildarríki og framkvæmdastjórnina með það að markmiði að efla bestu starfsvenjur, upplýsingaskipti og samræmingarstarfsemi sem tengist framkvæmd löggjafar um gerðarviðurkenningu. Það óformlega samstarf sem nú er milli aðildarríkjanna yrði betra í því sambandi ef um það yrði settur formlegri rammi. Framkvæmdartorgið ætti að samanstanda af fulltrúum sem tilnefndir eru af aðildarríkjunum sem fulltrúar viðurkenningaryfirvalda og markaðseftirlitsyfirvalda þeirra. Velja ætti þá fulltrúa sem sitja tiltekinn fund á grundvelli þeirra málefna sem rædd eru á framkvæmdartorginu. Til að hægt sé að njóta góðs af mismunandi sjónarmiðum og tillögum er gagnlegt að tilteknum utanaðkomandi áheyrnarfulltrúum sé reglulega boðið að sækja framkvæmdartorgið hvenær sem starfsemi þessara áheyrnarfulltrúa viðkemur þeim málefnum sem fyrirhugað er að ræða.

25) Til að forðast mögulega hagsmunaárekstra ættu viðurkenningaryfirvöld og markaðseftirlitsyfirvöld ekki að tengjast þegar þau sinna verkefnum sínum. Kjósi aðildarríki að setja þau yfirvöld undir sömu stofnun ætti aðildarríkið a.m.k. að sjá til þess að sú stofnun hafi uppbyggingu sem tryggir að starfsemi yfirvaldanna verði áfram aðgreinanleg frá hvorri annarri með tilliti til beinnar stjórnar og ákvarðanatöku þeirra.

26) Reglurnar um markaðseftirlit í Sambandinu og eftirlit með vörum, sem koma inn á markað Sambandsins, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 765/2008, gilda um vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og um kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki. Þær reglur ættu ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin velji hvaða lögbæru yfirvöld eigi að framkvæma þessi verkefni. Markaðseftirlit er valdsvið sem má skiptast milli ýmissa landsyfirvalda til að taka tillit til þeirra landsbundnu markaðseftirlitskerfa í aðildarríkjunum sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 765/2008. Skilvirk samræming og vöktun á vettvangi Sambandsins og á landsvísu ætti að tryggja að viðurkenningaryfirvöld og markaðseftirlitsyfirvöld framfylgi nýja rammanum fyrir gerðarviðurkenningu og markaðseftirlit.

27) Nauðsynlegt er að fella inn reglur um markaðseftirlit í þessa reglugerð til að styrkja réttindi og skyldur landsyfirvaldanna, til að tryggja skilvirka samræmingu starfsemi þeirra á sviði markaðseftirlits og til að skýra nánar gildandi málsmeðferðarreglur.

28) Mikilvægt er að markaðseftirlitsyfirvöldin og viðurkenningaryfirvöldin geti framkvæmt á tilhlýðilegan hátt þau verkefni sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Aðildarríki ættu einkum að veita þeim þau úrræði sem þarf til að það sé hægt.

29) Leggja ætti fram gerðarviðurkenningarskjöl á rafrænu formi og þau gerð aðgengileg öllum, með fyrirvara um undanþágur varðandi vernd viðskiptaleyndarmála og vernd persónuupplýsinga, til að auka gagnsæi viðurkenningarferlisins og til að greiða fyrir upplýsingaskiptum og óháðri sannprófun af hálfu markaðseftirlitsyfirvalda, viðurkenningaryfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar.

30) Skyldur landsyfirvalda varðandi markaðseftirlit sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru sértækari en þær skyldur sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 765/2008. Þetta er afleiðing þess að taka þarf til greina sérstöku eiginleikana í rammanum fyrir gerðarviðurkenningu og að bæta þarf við þann ramma skilvirku fyrirkomulagi fyrir markaðseftirlit sem tryggir trausta sannprófun á að farið sé að tilskildum ákvæðum um þær ökutækjavörur sem falla undir þessa reglugerð.

Til að tryggja framkvæmd rammans er nauðsynlegt að markaðseftirlitsyfirvöld sannprófi að farið sé að tilskildum ákvæðum um vörurnar sem tengjast vélknúnum ökutækjum án tillits til þess hvort gerðarviðurkenning þeirra hafi verið veitt fyrir eða eftir þann dag þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

31) Til þess að framkvæmd markaðseftirlits virki sem skyldi er nauðsynlegt að sannprófa, á grundvelli trausts áhættumats, að farið sé að tilskildum ákvæðum um ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar á markaðnum. Sú sannprófun á að farið sé að tilskildum ákvæðum, sem bætt er við með því að ákvarða lágmarksfjölda af athugunum á ökutækjum á ári, yrði einnig til að stuðla að því að skyldurnar varðandi markaðseftirlit séu framkvæmdar á skilvirkan hátt í öllu Sambandinu.

32) Í ljósi þeirra sérstöku eiginleika og hugsanlegu áhættu sem tengist losun ætti nægilega hátt hlutfall af lágmarksfjöldanum af athugunum að vera úthlutað til prófana sem tengjast losun. Til að tryggja að ökutæki uppfylli tilskilin ákvæði að öllu leyti ætti sérhver einstök athugun að taka til sannprófunar á að allar kröfurnar fyrir gerðarviðurkenningu sem gilda um ökutækið sem prófað er að því er varðar losun séu uppfylltar.

33) Allar prófanir sem framkvæmdar eru á ökutæki í einhverju aðildarríkjanna ætti að vera hægt að nota í þeim tilgangi að grípa til ráðstafana til úrbóta og takmarkandi ráðstafana í öðru aðildarríki. Niðurstöður athugana sem gerðar eru á ökutækjum í einu aðildarríki ættu að teljast fullnægjandi til að grípa til ráðstafana til úrbóta og takmarkandi ráðstafana í öðru aðildarríki. Því ætti ekki að vera nauðsynlegt að flytja ökutækin sem um ræðir til eftirlits sem framkvæmt er fyrir hönd annars aðildarríkis.

34) Einkum er mikilvægt að landsyfirvöld og framkvæmdastjórnin líti svo á að prófanir og skoðanir ökutækja í notkun séu hluti af aðferðum þeirra til að sannprófa að farið sé að tilskildum ákvæðum. Val á ökutækjum sem eiga að gangast undir sannprófun á að farið sé að tilskildum ákvæðum ætti að byggjast á viðeigandi áhættumati þar sem tekið er tillit til alvarleika þess að hugsanlega sé ekki farið að tilskildum ákvæðum og hversu líklegt er að það eigi sér stað ásamt öðrum mögulegum vísbendingum, s.s. innleiðingu ökutækja með nýrri tækni uppsettri, allri forsögu eða skýrslum um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum, niðurstöðum úr fjarkönnunarprófunum og þeim áhyggjuefnum sem viðurkenndir þriðju aðilar hafa tilgreint.

35) Að auki ætti framkvæmdastjórnin, til að sannreyna að viðeigandi kröfur séu uppfylltar, að skipuleggja og framkvæma sannprófanir og skoðanir á samræmi sem eru óháðar þeim sem aðildarríkin framkvæma samkvæmt skyldum sínum varðandi markaðseftirlit. Ef slíkar prófanir og skoðanir eru gerðar á skráðum ökutækjum í samráði við handhafa skráningarvottorðs ökutækisins er mikilvægt að taka tillit til þess að breytt ökutæki henta mögulega ekki fyrir slíka sannprófun á að farið sé að tilskildum ákvæðum. Einnig er mikilvægt að taka tillit til þess hvaða afleiðingar það hefur fyrir handhafa skráningarskírteinis ökutækisins, einkum þegar um einstakling er að ræða, ef viðeigandi leið til að velja ökutæki er annaðhvort með opinberri auglýsingu eða fyrir milligöngu yfirvalda aðildarríkjanna. Ef þær prófanir og skoðanir staðfesta að ekki hefur verið farið að tilskildum ákvæðum eða ef komist er að því að gerðarviðurkenning hefur verið veitt á grundvelli rangra gagna ætti framkvæmdastjórninni að vera heimilt að grípa til aðgerða til úrbóta í öllu Sambandinu í því skyni að koma viðkomandi ökutækjum aftur í samræmi við kröfur og til að rannsaka ástæður þess að gerðarviðurkenningin var röng. Tryggja ætti viðeigandi fjármögnun í fjárlögum Sambandsins til að gera kleift að framkvæma slíkar prófanir og skoðanir á að farið sé að tilskildum ákvæðum.

36) Í því skyni að styðja aðildarríki í því verki að greina temprunarbúnað birti framkvæmdastjórnin þann 26. janúar 2017 leiðbeiningar um mat á aukalosunaraðferðum og hvort temprunarbúnaður sé til staðar að því er varðar beitingu reglugerðar (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6). Í samræmi við þær leiðbeiningar og í þeim tilgangi að greina temprunarbúnað ætti prófunarstarfsemi framkvæmdastjórnarinnar, gerðarviðurkenningaryfirvaldanna og tækniþjónustnanna að vera áfram ófyrirsjáanleg í eðli sínu og ætti einnig að taka til breyttra prófunarskilyrða sem fela í sér breytileika á eðlisfræðilegum skilyrðum og á prófunarmæliþáttum.

37) Til að tryggja öflugt notkunaröryggi ökutækja, til að tryggja vernd farþega ökutækisins og annarra vegfarenda og til að tryggja umhverfis- og heilbrigðisvernd, ætti áfram að samræma og aðlaga tæknilegar kröfur og umhverfisstaðla sem gilda um ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar þannig að þeir endurspegli framfarir í tækni og vísindum.

38) Það ætti ekki að hafa áhrif á markmið þessarar reglugerðar að hægt sé að setja upp tiltekin kerfi, íhluti, aðskildar tæknieiningar, hluti og búnað á eða í ökutæki eftir að ökutækið hefur verið sett á markað, hefur verið skráð eða tekið í notkun. Því ætti að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að kerfin, íhlutirnir, aðskildu tæknieiningarnar eða

hlutirnir og búnaðurinn sem hægt er að setja upp á eða í ökutækjum og sem geta verulega hamlað virkni kerfa sem nauðsynleg eru vegna umhverfisverndar eða notkunaröryggis falli undir eftirlit viðurkenningaryfirvalds áður en þau eru sett á markað, skráð eða tekin í notkun.

39) Þær ráðstafanir skulu aðeins gilda um takmarkaðan fjölda hluta eða búnaðar. Ef um er að ræða alvarlega áhættu ætti forgangsverkefni framkvæmdastjórnarinnar að vera að útbúa skrá yfir þá hluti eða búnað og samsvarandi kröfur að höfðu samráði við hagsmunaaðila. Þegar framkvæmdastjórnin útbýr skrána skal hún einkum tryggja að varahlutir og búnaður, sem eru nauðsynlegir vegna mengunarvarna og öryggis, uppfylli frammistöðuforskriftir upprunalegu hlutanna og búnaðarins. Framkvæmdastjórnin ætti einnig hafa samráð við hagsmunaaðila á grundvelli skýrslu og ætti að leitast við að skapa hæfilegt jafnvægi á milli krafna sem lúta að umferðaröryggi og umhverfisvernd ásamt hæfilegu jafnvægi á milli hagsmuna neytenda, framleiðenda og dreifingaraðila, samtímis því að viðhalda samkeppni á eftirmarkaði.

40) ESB-gerðarviðurkenningarkerfið verður að gera hverju aðildarríki kleift að staðfesta að þær prófanir og skoðanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð hafi verið framkvæmdar á hverja gerð ökutækis og hverja gerð kerfis, íhlutar og aðskilinnar tæknieiningar sem ætluð er fyrir slíka gerð ökutækis til að sannprófa að gerðin sé í samræmi við gerðarviðurkenningarkröfurnar í þessari reglugerð og að framleiðandi gerðarinnar hafi fengið gerðarviðurkenningar-vottorð fyrir hana. ESB-gerðarviðurkenningarkerfið skyldar framleiðendur til að framleiða ökutæki þeirra, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar í samræmi við viðurkenndu gerðina. Framleiðandi ökutækis þarf að votta þetta með því að gefa út samræmisvottorð fyrir sérhvert ökutæki. Leyft ætti að vera að bjóða fram sérhvert ökutæki sem hefur gilt samræmisvottorð á markaði og skrá það í Sambandinu.

41) Notkun leitarbærra gagnasafna á Netinu ætti að vera skyldubundin í því skyni að einfalda upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda í tengslum við gerðarviðurkenningu og til að gera viðeigandi upplýsingar aðgengilegar almenningi eftir viðeigandi framkvæmdartímabil. Til að varðveita trúnaðargögn er mikilvægt að öll gagnaskipti séu framkvæmd samkvæmt öruggum samskiptareglum um gagnaskipti. Leggja ætti sérstaka áherslu á að uppræta gagnamisnotkun, þ.m.t. að forðast það að gerðar séu margar fyrstu skráningar þegar samræmisvottorð eru notuð á rafrænu formi.

42) Samræmi framleiðslu er einn af hornsteinum ESB-gerðarviðurkenningarkerfisins og því ættu ráðstafanirnar sem framleiðandinn kemur á fót til að tryggja slíkt samræmi að vera samþykktar af lögbæru yfirvaldi eða af tækniþjónustu með tilskilin réttindi sem tilnefnd er í þeim tilgangi og þær ráðstafanir ættu að vera reglulega sannprófaðar með reglubundnum, óháðum úttektum. Auk þess ættu viðurkenningaryfirvöld að tryggja sannprófun á áframhaldandi samræmi viðkomandi vara sem tengjast vélknúnum ökutækjum.

43) Fyrir áframhaldandi gildi gerðarviðurkenninga þarf framleiðandinn að upplýsa það yfirvald sem samþykkti gerð ökutækis hans um allar breytingar á eiginleikum þeirrar gerðar eða á kröfunum um öryggi og vistvænleika sem gilda um þá gerð, svo hægt sé að sannprófa að þessi gerð ökutækis haldi áfram að uppfylla allar viðeigandi kröfur. Auk þess ætti að skýra nánar skilyrðin fyrir breytingu á gerðarviðurkenningum til að tryggja samræmda beitingu verklagsreglnanna og framfylgd gerðarviðurkenningarkrafnanna í öllu Sambandinu, einkum til að tryggja ítrustu beitingu þeirra reglna sem greina á milli breyttra gerðarviðurkenninga og nýrra gerðarviðurkenninga. Til að tryggja að nýjustu kröfurnar séu innleiddar fyrir öll ný ökutæki á tilteknum tíma er nauðsynlegt að stjórnvaldsfyrirmæli sem talin eru upp í II. viðauka innihaldi ekki einungis dagsetningu fyrir beitingu nýrra krafna á nýjar gerðarviðurkenningar heldur einnig dagsetningu sem nýjar kröfur verða lögboðnar frá og með til að hægt sé að bjóða fram á markaði, skrá eða taka í notkun ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar.

44) Matið á alvarlegri áhættu varðandi öryggi og skaðleg áhrif á lýðheilsu og umhverfið sem tilkynnt er um ætti að vera framkvæmt á landsvísu, en tryggja ætti samræmingu á vettvangi Sambandsins ef áhætta eða skaðleg áhrif sem tilkynnt er um kunna að ná út fyrir yfirráðasvæði eins aðildarríkis, með það markmið að deila tilföngum og tryggja samkvæmni varðandi þær aðgerðir til úrbóta sem gripið er til í því skyni að milda greindu áhættuna eða skaðlegu áhrifin.

45) Til að tryggja að öll ökutæki, kerfi, íhlutir, og aðskildar tæknieiningar sem sett eru á markað bjóði upp á öflugt öryggisstig og umhverfisvernd ætti framleiðandinn eða einhver annar markaðsaðili í aðfangakeðjunni að gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta, þ.m.t. innköllun ökutækja, ef ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining skapar alvarlega áhættu fyrir neytendur eða umhverfið eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 765/2008. Viðurkenningaryfirvöld

ættu að hafa vald til að meta og sannprófa hvort að þær ráðstafanir til úrbóta séu fullnægjandi. Viðurkenningaryfirvöldin í öðrum aðildarríkjum ættu að hafa heimild til að grípa til ráðstafana til úrbóta og takmarkandi ráðstafana, telji þau að ráðstafanir framleiðandans til úrbóta séu ekki nægilegar.

46) Ef ráðstöfunum til úrbóta er beitt ættu handhafar skráninga fyrir viðkomandi ökutæki ekki að bera kostnaðinn af viðgerðunum á ökutækjum þeirra, þ.m.t. í tilvikum þar sem viðgerðir hafa verið gerðar á kostnað handhafa skráningarinnar áður en ráðstöfunin til úrbóta er samþykkt. Þetta ætti ekki að koma í veg fyrir að neytendur geti treyst á úrræði sem byggjast á samningalögum, eftir því sem við á samkvæmt lögum Sambandsins eða landslögum.

47) Gefa ætti framleiðendum ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum kost á tilhlýðilegum sveigjanleika með öðrum viðurkenningaráætlunum. Þeir ættu að geta haft hag af kostum innri markaðarins, að því tilskildu að ökutæki þeirra uppfylli sérstöku ESB-gerðarviðurkenningarkröfurnar um ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum. Í sérstökum tilvikum þykir rétt að heimila landsbundna gerðarviðurkenningu lítillar framleiðsluraðar. Öll einfölduð ferli fyrir ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum ætti að takmarka við tilvik þar sem um afar takmarkaða framleiðslu er að ræða, í samræmi við þessa reglugerð, til að koma í veg fyrir misnotkun. Því er nauðsynlegt að skilgreina nákvæmlega hugtakið um ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum með tilliti til fjölda framleiddra ökutækja, þeirra krafna sem þarf að uppfylla og skilyrða fyrir setningu þessara ökutækja á markað. Jafn mikilvægt er að tilgreina aðra viðurkenningaráætlun vegna einstakra ökutækja, þá sérstaklega til að veita nægjanlegan sveigjanleika við viðurkenningu á ökutækjum sem smíðuð eru í mörgum þrepum.

48) Sambandið er samningsaðili að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu frá 20. mars 1958 um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluti sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og gekk að skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu viðurkenninga sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta („endurskoðaður samningur frá 1958“) ([1]). Sambandið hefur samþykkt verulegan fjölda reglugerða sem fylgja með í viðauka endurskoðaða samningsins frá 1958 og þess vegna hefur Sambandið skyldu til að samþykkja að gerðarviðurkenningar sem veittar eru í samræmi við þær reglugerðir uppfylli viðeigandi kröfur Sambandsins. Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 ([2]) felldi Sambandið niður sérstakar tilskipanir þess sem fjalla um gerðarviðurkenningu og lét skyldubundna beitingu viðeigandi reglugerða Sameinuðu þjóðanna koma í stað þeirra, í þeim tilgangi að einfalda ramma Sambandsins fyrir gerðarviðurkenningu og að laga Sambandið að alþjóðlegum ramma Sameinuðu þjóðanna. Til að draga úr stjórnsýsluálagi vegna gerðarviðurkenningarferlisins ætti framleiðendum ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga, eftir því sem við á, að vera heimilt að sækjast eftir gerðarviðurkenningu með beinum hætti í samræmi við þessa reglugerð, með því að afla viðurkenningar samkvæmt viðeigandi reglugerðum Sameinuðu þjóðanna sem um getur í viðaukunum við þessa reglugerð.

49) Af þessum sökum ætti að taka reglugerðir Sameinuðu þjóðanna og breytingar á þeim sem Sambandið hefur samþykkt eða sem Sambandið beitir í samræmi við ákvörðun 97/836/EB upp í löggjöf Evrópusambandsins um gerðarviðurkenningar. Til samræmis við það ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins í því skyni að breyta viðaukunum við þessa reglugerð til að tryggja að tilvísanirnar í reglugerðir Sameinuðu þjóðanna og viðkomandi breytingar á þeim í skránni yfir viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæli séu uppfærðar reglulega.

50) Ótakmarkaður aðgangur að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis á stöðluðu formi, sem nota má til að heimta tæknilegu upplýsingarnar, og virk samkeppni á markaði að því er varðar þjónustur sem veita slíkar upplýsingar eru nauðsynleg til að bæta starfsemi innri markaðarins, einkum að því er varðar frjálsa vöruflutninga, staðfesturétt og frelsi til að veita þjónustu. Hingað til hefur verið mælt fyrir um kröfurnar vegna miðlunar upplýsinga um viðgerðir og viðhald í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 ([3]) og (EB) nr. 595/2009 ([4]). Steypa ætti þeim kröfum saman í þessari reglugerð og breyta reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 til samræmis við það.

([1]) Ákvörðun ráðsins 97/836/EB frá 27. nóvember 1997 með hliðsjón af aðild Evrópubandalagsins að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluta sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og með hliðsjón af aðild að samningnum og skilyrðunum um gagnkvæma viðurkenningu á viðurkenningum sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta („endurskoðaður samningur frá 1958“) (Stjtíð. EB L 346, 17.22.1997, bls. 78).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB (Stjtíð. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1).

51) Tækniframfarir sem leiða til nýrra aðferða eða tækni fyrir greiningu og viðgerðir ökutækja ættu ekki að draga úr markmiðum þessarar reglugerðar að því er varðar aðgang óháðra rekstraraðila að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis.

52) Til að tryggja virka samkeppni á markaði fyrir upplýsingaþjónustu um viðgerðir og viðhald ökutækis og í því skyni að skýra að viðkomandi upplýsingar nái einnig til upplýsinga sem þurfi að veita óháðum rekstraraðilum öðrum en viðgerðarverkstæðum, svo að tryggt sé að óháður markaður fyrir viðgerðir og viðhald ökutækja geti, í heild sinni, keppt við viðurkennda seljendur, óháð því hvort framleiðendur ökutækja veiti slíkar upplýsingar beint til viðurkenndra seljenda og viðgerðarverkstæða eða noti sjálfir slíkar upplýsingar fyrir viðgerðir og viðhald, er nauðsynlegt að greina nánar frá þeim upplýsingum sem á að veita í þeim tilgangi að öðlast aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja.

53) Við skoðun ökutækja, einkum íhluta þeirra sem tengjast öryggi og umhverfi, er talið nauðsynlegt að prófunarmiðstöðvar og viðkomandi lögbær yfirvöld hafi aðgang að tæknilegum upplýsingum hvers einstaks ökutækis, eins og sett er fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB ([1]). Til að greiða fyrir því að kröfurnar sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun séu uppfylltar ættu óháðu rekstraraðilarnir að hafa aðgang að viðeigandi tæknilegum upplýsingum sem þörf er á við undirbúning ökutækja fyrir prófanir á akstursháfni.

54) Þar sem ekki liggur fyrir neitt sameiginlegt skipulagt ferli fyrir skipti á gögnum um ökutækjaíhluti á milli framleiðenda ökutækja og óháðra rekstraraðila þykir rétt að þróa meginreglur um slík gagnaskipti. Staðlasamtök Evrópu ættu að þróa formlega sameiginlegt framtíðarskipulag fyrir staðlað gagnaskiptasnið, þótt í þessu umboði, sem veitt er Evrópsku staðlasamtökunum, sé ekki ákvarðað fyrirfram hvernig staðallinn skuli vera. Einkum og sér í lagi ætti starf Staðlasamtaka Evrópu að endurspegla jafnt hagsmuni og þarfir ökutækjaframleiðenda og óháðra rekstraraðila og ætti einnig að skoða lausnir á borð við opin gagnasnið, sem lýst er með vel skilgreindum lýsigögnum sem gera ráð fyrir fyrirliggjandi grunnvirkjum í upplýsingatækni.

55) Til að tryggja skilvirkni þessarar reglugerðar ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar gerðarviðurkenningarkröfur varðandi vistvænleika og öryggisframmistöðu ökutækja og eftirvagna þeirra og kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem ætlaðar eru í slík ökutæki. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin efni til viðeigandi samráðs meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í stofnanasamstarfssamningnum frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu ([2]). Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða ættu Evrópuþingið og ráðið m.a. að taka við öllum skjölum á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkja og sérfræðingar þeirra að hafa kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

56) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([3]).

57) Aðildarríkin ættu að mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á þessari reglugerð og ættu að tryggja að reglunum sé framfylgt. Þessi viðurlög ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Sérstaklega ættu þau að endurspegla áhættuna fyrir öryggi, heilsu og umhverfið sem sá fjöldi ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga sem settur er á markað og uppfyllir ekki kröfurnar getur valdið. Aðildarríki ættu árlega að tilkynna framkvæmdastjórninni um þau viðurlög sem lögð eru á til að vakta samræmið í framkvæmd þeirra reglna.

58) Við framkvæmd sannprófunar á samræmi ætti tækniþjónustum að vera heimilt að velja mæliþætti prófananna að vild og á ófyrirsjáanlegan hátt innan sviðsins sem kveðið er á um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum. Þetta ætti að gera þeim kleift að sannprófa að prófuðu ökutækin séu í samræmi við alla mæliþættina, þ.m.t. mæliþættina sem samsvarast versta tilviki prófunarinnar.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB frá 3. apríl 2014 um reglubundnar prófanir á akstursháfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um niðurfellingu á tilskipun 2009/40/EB (Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 51).

([2]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5. 2016, bls. 1.

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

59) Til að tryggja að þau ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar fari að þessari reglugerð í öllum tilvikum ættu þau teljast ekki uppfylla viðeigandi kröfur ef viðeigandi yfirvöld geta ekki sannprófað niðurstöður úr prófunum jafnvel þótt allir prófunarmæliþættir hafi verið endurgerðir eða tekið sé tillit til þeirra. Nauðsynlegt er að beita viðurlögum á markaðsaðila og tækniþjónustur sem falsa niðurstöður úr prófun eða leggja fram rangar upplýsingar eða röng gögn fyrir gerðarviðurkenningu.

60) Til að tryggja skýrleika, skynsemi og einföldun ætti að fella tilskipun 2007/46/EB úr gildi og þessi reglugerð koma í hennar stað. Samþykkt þessarar reglugerðar tryggir að ákvæði hennar gilda beint, ásamt því að þeim má breyta á tímalegan og skilvirkari hátt til að taka betur tillit til tækniframfara og þróunar á sviði reglusetningar með tilliti til endurskoðaða samningsins frá 1958.

61) Í því skyni að styðja ráðstafanir til úrbóta og takmarkandi ráðstafanir á vettvangi Sambandsins ætti framkvæmdastjórnin að hafa vald til að leggja samræmdar stjórnsýslusektir á þá markaðsaðila sem ljóst þykir að hafi brotið í bága við þessa reglugerð án tillits til þess hvar ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining fékk gerðarviðurkenningu upprunalega. Veita ætti framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins til að koma til viðbótar þessari reglugerð með því að mæla fyrir um verklagið og aðferðirnar fyrir útreikninga og innheimtu á þeim stjórnsýslusektum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

62) Þegar ráðstafanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð hafa í för með sér vinnslu persónuupplýsinga ætti að framkvæma þær í samræmi við reglugerðir Evrópuþingsins ([1]) og ráðsins (ESB) 2016/679 og (EB) nr. 45/2001 ([2]) auk landsbundinna framkvæmdarráðstafanna þeirra. Mikilvægt er að framleiðendur framkvæmi allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að reglunum um úrvinnslu og sendingu persónuupplýsinga sem verða til meðan ökutækið er í notkun.

63) Dagurinn þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda ætti að vera á eftir gildistökudeginum til að gera aðildarríkjum og landsyfirvöldum ásamt markaðsaðilum kleift að undirbúa sig fyrir gildistöku þeirra nýju reglna sem innleiddar eru með þessari reglugerð.

64) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að mæla fyrir um stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur um gerðarviðurkenningu á nýjum ökutækjum í flokkum M, N og O og um gerðarviðurkenningu á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, og einnig um markaðseftirlit með slíkum ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur fyrir gerðarviðurkenningu á öllum nýjum ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem um getur í 1. mgr. 2. gr. og setningu þeirra á markað og fyrir skráningarviðurkenningar ökutækja.

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ákvæði varðandi setningu á markað og það að taka í notkun hluti og búnað sem geta skapað alvarlega áhættu fyrir rétta virkni mikilvægra kerfa í þeim ökutækjum sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. Desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

2. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur fyrir markaðseftirlit með ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem eru háðar viðurkenningu. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur fyrir markaðseftirlit með hlutum og búnaði fyrir slík ökutæki.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um ökutæki í flokkum M og N og eftirvagna þeirra í flokki O, sem ætluð eru til notkunar á opinberum vegum, þ.m.t. þau sem eru hönnuð og smíðuð í einu eða fleiri þrepum, og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem og hluti og búnað sem hannaður er og smíðaður fyrir slík ökutæki og eftirvagna þeirra.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi ökutæki:

a) ökutæki fyrir landbúnað eða skógrækt eins og þau eru skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 ([1]),

b) ökutæki á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjól eins og þau eru skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 ([2]),

c) beltaökutæki,

d) ökutæki sem eru hönnuð og smíðuð eða breytt einungis fyrir her.

3. Hvað varðar eftirfarandi ökutæki getur framleiðandinn sótt um gerðarviðurkenningu eða skráningarviðurkenningu ökutækis samkvæmt þessari reglugerð að því tilskildu að þau ökutæki uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð:

a) ökutæki sem eru hönnuð og smíðuð aðallega til notkunar á byggingarsvæðum eða í grjótnámum, höfnum eða flugvöllum,

b) ökutæki sem eru hönnuð og smíðuð eða breytt fyrir almannavarnir, slökkvilið og liðsafla, sem sér um að halda uppi allsherjarreglu,

c) öll sjálfknúin ökutæki sem eru sérstaklega hönnuð og smíðuð sem vinnuvélar og sökum smíðaeiginleika þeirra henta ekki til farþega- eða vöruflutninga og sem er ekki vélbúnaður sem festur eru á undirvagn fyrir vélknúin ökutæki.

Slík samþykki skulu ekki að hafa áhrif á beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB ([3])

4. Framleiðandi getur sótt um skráningarviðurkenningu ökutækis samkvæmt þessari reglugerð fyrir eftirfarandi ökutæki:

a) ökutæki sem eingöngu eru ætluð til kappaksturs á vegum,

b) frumgerðir ökutækja, sem notaðar eru á vegum á ábyrgð framleiðanda í tengslum við sérstaka prófunaráætlun, að því tilskyldu að þær hafi verið hannaðar og smíðaðar sérstaklega í þeim tilgangi.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð, og í þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka ef ekki er kveðið á um annað í þeim, er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „gerðarviðurkenning“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar uppfylli viðkomandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 frá 5. febrúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt (Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 1).

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 168/2013 frá 15. janúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og fjórhjólum (Stjtíð. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 52).

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/42/EB frá 17. maí 2006 um vélarbúnað og um breytingu á tilskipun 95/16/EB (Stjtíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 24).

2) „ESB-gerðarviðurkenning“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar uppfylli viðkomandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur í þessari reglugerð,

3) „landsbundin gerðarviðurkenning“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar uppfylli viðkomandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur sem mælt er fyrir um í lögum aðildarríkis og takmarkast gildi slíkrar viðurkenningar við yfirráðasvæði aðildarríkisins,

4) „gerðarviðurkenningarvottorð“: skjalið þar sem viðurkenningaryfirvaldið vottar opinberlega að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar hafi verið gerðarviðurkennd,

5) „samræmisvottorð“: skjal, gefið út af framleiðanda sem vottar að framleitt ökutæki sé í samræmi við viðurkennda gerð ökutækis og uppfylli öll stjórnvaldsfyrirmæli sem voru í gildi á þeim tíma þegar það var framleitt,

6) „skráningarviðurkenning ökutækis“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að tiltekið ökutæki, hvort sem það er einkvæmt eða ekki, uppfylli viðkomandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur fyrir ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis eða landsbundna skráningarviðurkenningu ökutækis,

7) „heildargerðarviðurkenning ökutækis“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að ófullbúin gerð ökutækis, fullbúin gerð ökutækis eða gerð ökutækis fullbúin í áföngum uppfylli viðeigandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur þessarar reglugerðar,

8) „fjölþrepa gerðarviðurkenning“: aðferð eins eða fleiri viðurkenningaryfirvalda til að votta hvort ófullbúin gerð ökutækis eða gerð ökutækis, sem er fullbúið í áföngum, eftir því á hvaða smíðaþrepi ökutækið er, uppfylli viðeigandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur,

9) „gerðarviðurkenning í áföngum“: aðferð sem felst í að öllum ESB-gerðarviðurkenningarvottorðum eða SÞ-gerðarviðurkenningarvottorðum er safnað í áföngum fyrir þau kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem tilheyra ökutæki og leiðir á lokaþrepi þess til heildargerðarviðurkenningar ökutækisins,

10) „gerðarviðurkenning í einum áfanga“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta í einni aðgerð að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar í heild sinni uppfylli viðkomandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur,

11) „blönduð gerðarviðurkenning“: gerðarviðurkenning í áföngum þar sem ein eða fleiri gerðarviðurkenningar kerfa hafa verið fengnar á lokaþrepi heildargerðarviðurkenningar ökutækis án þess að nauðsynlegt sé að gefa út ESB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir þau kerfi,

12) „gerðarviðurkenning kerfis“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að gerð kerfis uppfylli viðeigandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur þessarar reglugerðar,

13) „gerðarviðurkenning aðskilinnar tæknieiningar“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að gerð aðskilinnar tæknieiningar uppfylli viðeigandi stjórnsýslufyrirmæli og tæknilegar kröfur í tengslum við eina eða fleiri tilgreindar gerðir ökutækja,

14) „gerðarviðurkenning íhlutar“: aðferð viðurkenningaryfirvalds til að votta að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar uppfylli viðkomandi stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur,

15) „ökutæki“: öll vélknúin ökutæki eða eftirvagnar þeirra,

16) „vélknúið ökutæki“: aflknúið ökutæki sem er hannað og smíðað til að ganga fyrir eigin afli, er með a.m.k. fjögur hjól, er fullbúið, fullbúið í áföngum eða ófullbúið, og er hannað fyrir hámarkshraða sem er yfir 25 km/klst.,

17) „eftirvagn“: ökutæki á hjólum sem er ekki sjálfknúið en er smíðað til þess að vera dregið af vélknúnu ökutæki sem snýst á láréttum ási í lóðlínu á lengdarmiðjuplaninu og snýst á lóðréttum ási sem er samsíða lengdarmiðjuplani vélknúna ökutækisins sem dregur eftirvagninn,

18) „kerfi“: samstæður búnaðar sem sameiginlega gegna sérstöku hlutverki eða hlutverkum í ökutæki, og verður að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eða einhverjum af stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka,

19) „íhlutur“: búnaður sem er ætlaður til að vera hluti af ökutæki og sem má gerðarviðurkenna einan og sér óháð ökutæki og sem verður að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eða einhverjum af stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka, ef skýrt er kveðið á um það í sérstökum stjórnvaldsfyrirmælunum,

20) „aðskilin tæknieining“: búnaður sem er ætlaður til að vera hluti af ökutæki og sem má gerðarviðurkenna sérstaklega, en einungis í tengslum við eina eða fleiri tilteknar gerðir ökutækja, og sem verður að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eða einhverjum af stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka, ef skýrt er kveðið á um það í sérstökum stjórnvaldsfyrirmælum,

21) „hlutir“: vörur sem notaðar eru til samsetningar, viðgerðar og viðhalds á ökutæki og sem varahlutir,

22) „búnaður“: vörur aðrar en hlutir sem hægt er að bæta við ökutæki eða setja upp á því,

23) „varahlutir“: vörur sem á að setja í eða á ökutæki í stað upphaflegra hluta þess, þ.m.t. vörur sem eru nauðsynlegar í ökutæki, að undanskildu eldsneyti,

24) „grunnökutæki“: ökutæki sem notað er á fyrsta þrepi fjölþrepa gerðarviðurkenningar,

25) „ófullbúið ökutæki“: ökutæki sem vantar eitt þrep hið minnsta til að geta talist fullbúið og uppfyllir viðeigandi tæknilegar kröfur þessarar tilskipunar,

26) „fjölþrepa fullbúið ökutæki“: ökutæki sem búið er að fara í gegnum öll þrep fjölþrepa gerðarviðurkenningar og uppfyllir allar viðeigandi tæknilegar kröfur þessarar reglugerðar,

27) „fullbúið ökutæki“: ökutæki sem þarf ekki að vera fullbúið í áföngum til að uppfylla viðeigandi tæknilegar kröfur þessarar reglugerðar,

28) „síðasta ökutæki gerðar“: ökutæki sem er hluti af birgðum sem ekki er hægt eða er ekki lengur hægt að setja á markað, skrá eða taka í notkun vegna þess að nýjar tæknilegar kröfur hafa tekið gildi sem ökutækið hefur ekki verið viðurkennt samkvæmt,

29) „ökutæki, sem gengur fyrir óhefðbundnu eldsneyti“: ökutæki, sem hannað er til að geta gengið fyrir a.m.k. einni eldsneytistegund sem er annaðhvort loftkennd við lofthita og loftþrýsting eða að verulegu leyti framleidd úr annarri olíu en jarðefnaolíu,

30) „ökutæki sem framleitt er í lítilli framleiðsluröð“: gerð ökutækis sem gert er aðgengilegt á markaði, skráð eða tekið í notkun í eintakafjölda sem fer ekki fram úr þeim árlegu magntakmörkunum sem mælt er fyrir um í V. viðauka,

31) „ökutæki til sérstakra nota“: ökutæki í flokki M, N eða O sem eru með tiltekna tæknilega eiginleika sem gerir kleift að framkvæma hlutverk sem þarfnast sérstaks fyrirkomulags eða búnaðar,

32) „gerð ökutækis“: tiltekinn hópur ökutækja sem eiga a.m.k. þau einkenni sameiginleg sem tilgreind eru í B-hluta I. viðauka, þ.m.t. hópur ökutækja sem inniheldur afbrigði og útfærslur eins og þar um getur,

33) "festivagn": eftirvagn og ás eða ásar þess eru staðsettir fyrir aftan þungamiðju ökutækisins (með jafnri hleðslu) og sem er með tengibúnaði sem leyfir að láréttir og lóðréttir kraftar flytjist yfir á dráttarbifreiðina,

34) „markaðseftirlit“: sú starfsemi sem markaðseftirlitsyfirvöld annast og þær ráðstafanir sem þau gera til að tryggja að ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar ásamt hlutum og búnaði sem boðið er fram á markaði uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í viðeigandi samhæfingarlöggjöf Sambandsins og skapi ekki hættu fyrir heilbrigði, öryggi, umhverfið né aðra þætti er varða hagsmuni almennings,

35) „markaðseftirlitsyfirvald“: landsyfirvald eða landsyfirvöld sem bera ábyrgð á markaðseftirliti á yfirráðasvæði aðildarríkisins,

36) „viðurkenningaryfirvald“: yfirvaldið eða yfirvöldin í aðildarríki sem aðildarríkið hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni um og sem hefur valdsvið sem nær til allra þátta gerðarviðurkenningarinnar á ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskildri tæknieiningu, eða skráningarviðurkenningu ökutækis, sem nær til heimildarferlisins fyrir íhluti og búnað, að gefa út og, ef við á, afturkalla eða neita um viðurkenningarvottorð, að vera tengiliðurinn við viðurkenningaryfirvöldin í hinum aðildarríkjunum, að tilnefna tækniþjónustuna og að tryggja að framleiðandinn uppfylli skyldur sínar varðandi samræmi framleiðslunnar,

37) „landsyfirvald“: viðurkenningaryfirvald eða annað yfirvald sem kemur að og ber ábyrgð á markaðseftirliti, eftirliti á landamærum eða skráningu í aðildarríki að því er varðar ökutæki, kerfi, íhluti, aðskildar tæknieiningar, hluti eða búnað,

38) „tækniþjónusta“: stofnun eða aðili sem er tilnefndur af viðurkenningaryfirvaldi sem prófunarstofa til að annast prófanir eða sem samræmismatsstofa til að framkvæma frummat og aðrar prófanir eða skoðanir,

39) „faggildingarstofa í aðildarríki“: faggildingarstofa í aðildarríki eins og hún er skilgreind í 11. lið 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008,

40) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem er ábyrgur fyrir öllum þáttum gerðarviðurkenningarinnar á ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu, eða skráningarviðurkenningu ökutækis, eða heimildarferlisins fyrir hluta og búnað, ábyrgur fyrir samræmi framleiðslunnar og sem ber einnig ábyrgð á málefnum varðandi markaðseftirlit með því ökutæki, kerfi, íhlut og aðskildu tæknieiningu sem framleidd er, hvort sem einstaklingurinn eða lögaðilinn kemur með beinum hætti að öllum þrepum hönnunarinnar og smíði þess ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem um er að ræða,

41) „fulltrúi framleiðanda“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem framleiðandi útnefnir á viðeigandi hátt sem fulltrúa sinn gagnvart viðurkenningaryfirvaldinu og kemur fram fyrir hans hönd í málum sem þessi reglugerð tekur til,

42) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem setur ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilda tæknieiningu, hluta eða búnað sem er framleiddur í þriðja landi á markaðinn,

43) „dreifingaraðili“: söluaðili eða einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en framleiðandinn eða innflytjandinn, sem býður fram ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilda tæknieiningu, hluta eða búnað fram á markaðinn,

44) „markaðsaðili“: framleiðandi, fulltrúi framleiðanda, innflytjandi eða dreifingaraðili,

45) „óháður rekstraraðili“: einstaklingar eða lögaðilar aðrir en viðurkenndir seljendur eða viðgerðarverkstæði sem beint eða óbeint koma að viðgerðum og viðhaldi ökutækja, þ.m.t. viðgerðarverkstæði, framleiðendur eða dreifingaraðilar viðgerðarbúnaðar, verkfæra eða varahluta, ásamt útgefendum tækniupplýsinga, bifreiðaklúbbum, vegaþjónustufyrirtækjum, rekstraraðilum sem annast eftirlits- og prófunarþjónustu, rekstraraðilum sem annast þjálfun þeirra sem annast uppsetningu, framleiðslu eða viðgerðir á búnaði fyrir ökutæki sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti; einnig viðurkennd viðgerðarverkstæði, seljendur og dreifingaraðilar innan dreifingarkerfis tiltekins ökutækjaframleiðanda ef þeir veita viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir ökutæki sem tilheyra dreifingarkerfi annars ökutækjaframleiðanda sem þeir eru ekki aðilar að,

46) „viðurkennt viðgerðarverkstæði“: einstaklingur eða lögaðili sem veitir viðgerðar- og viðhaldsþjónustu og sem starfar innan dreifingarkerfis framleiðandans,

47) „óháð viðgerðarverkstæði“: einstaklingur eða lögaðili sem veitir viðgerðar- og viðhaldsþjónustu og sem starfar ekki innan dreifingarkerfis framleiðandans,

48) „upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis": allar upplýsingar, þ.m.t. allar síðari breytingar og viðbætur við þær, sem nauðsynlegar eru vegna greininga, viðhalds og skoðunar á ökutæki og undirbúnings fyrir prófun á akurshæfni þess, viðgerða, endurstillinga eða endurfrumstillinga ökutækis eða þegar þörf er á við fjarstuðning við greiningu ökutækis, eða þegar hlutum og búnaði er komið fyrir í ökutæki, og sem framleiðandinn hefur á boðstólum fyrir viðurkennda viðgerðar- eða söluaðila eða þriðju aðila, eða sem framleiðandinn notar við viðgerðir og viðhald,

49) „upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis“: upplýsingar sem verða til í kerfi sem er um borð í ökutæki eða sem er tengt við hreyfil og sem getur greint bilun og, eftir atvikum, getur sent merki með viðvörunarkerfi þegar slík bilun á sér stað, getur fundið sennilegt bilunarsvæði með upplýsingum sem geymdar eru í tölvuminni og getur miðlað þeim upplýsingum utan ökutækisins eða hreyfilsins,

50) „að setja á markað“: að bjóða fram ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilda tæknieiningu, hluta eða búnað innan Sambandsins í fyrsta sinn,

51) „að bjóða fram á markaði“: öll afhending ökutækis, kerfis, íhlutar, aðskilinnar tæknieiningar, hluta eða búnaðar til dreifingar eða notkunar á markaði á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,

52) „að taka í notkun“: fyrsta notkun ökutækis, kerfis, íhlutar, aðskilinnar tæknieiningar, hluta eða búnaðar í ætluðum tilgangi innan Sambandsins,

53) „skráning“: opinbert leyfi til að taka í notkun viðurkennt ökutæki til aksturs á vegum, en í því koma fram auðkenni þess og raðnúmer sem því er úthlutað og nefnist skráningarnúmer, hvort heldur er varanlegt eða tímabundið,

54) „sýndarprófunaraðferð“: tölvuhermun, þ.m.t. útreikningar sem sýna fram á að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfylli tæknilegar kröfur þeirra stjórnsýslufyrirmæla sem talin eru upp í II. viðauka án þess að gerð sé krafa um að nota raunverulegt ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu,

55) „aðrar kröfur“: stjórnsýsluákvæði og tæknilegar kröfur sem miða að því að tryggja, eftir því sem við verður komið, sambærilegt notkunaröryggi, umhverfisvernd og öryggi á vinnustað við það sem kveðið er á um í einum eða fleiri af þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka,

56) „matsheimsókn“: sannprófun sem fer fram á athafnasvæði tækniþjónustu eða undirverktaka hennar eða dótturfélaga,

57) „matsheimsókn í eftirlitsskyni“: reglubundin, kerfisbundin matsheimsókn sem er hvorki matsheimsókn vegna fyrstu tilnefningar tækniþjónustu eða eins undirverktaka hennar eða dótturfyrirtækis né matsheimsókn vegna endurnýjunar á þeirri tilnefningu,

58) „framleiðsludagur ökutækisins“: sá dagur þegar framleiðslu ökutækis var lokið í samræmi við þá viðurkenningu sem framleiðandinn fékk.

4. gr.

Ökutækjaflokkar

1. Í reglugerð þessari gilda eftirtaldir ökutækjaflokkar:

a) Flokkur M samanstendur af vélknúnum ökutækjum sem eru hönnuð og smíðuð einkum í þeim tilgangi að flytja fólk og farangur þess, skipt upp í:

(i) Flokkur M_1: vélknúin ökutæki sem ekki eru í fleiri en átta sæti til viðbótar við sæti ökumannsins og án rýmis fyrir standandi farþega, óháð því hvort að fjöldi sæta er takmarkaður við sæti ökumannsins,

(ii) Flokkur M_2: vélknúin ökutæki sem í eru fleiri en átta sæti til viðbótar við sæti ökumannsins og með hámarksmassa sem er ekki yfir 5 tonnum, óháð því hvort að rými er fyrir standandi farþega í þeim vélknúnu ökutækjum og

(iii) Flokkur M_3: vélknúin ökutæki sem í eru fleiri en átta sæti til viðbótar við sæti ökumannsins og með hámarksmassa sem er yfir 5 tonnum, óháð því hvort að rými er fyrir standandi farþega í þeim vélknúnu ökutækjum,

b) Flokkur N samanstendur af vélknúnum ökutækjum sem eru hönnuð og smíðuð einkum í þeim tilgangi að flytja vörur, skipt upp í:

(i) Flokkur N_1: vélknúin ökutæki með hámarksmassa ekki yfir 3,5 tonnum,

(ii) Flokkur N_2: vélknúin ökutæki með hámarksmassa yfir 3,5 tonnum en ekki yfir 12 tonnum og

(iii) Flokkur N_3: vélknúin ökutæki með hámarksmassa yfir 12 tonnum.

c) Flokkur O samanstendur af eftirvögnum, skipt upp í:

(i) Flokkur O_1: eftirvagnar með hámarksmassa ekki yfir 0,75 tonnum

(ii) Flokkur O_2: eftirvagnar með hámarksmassa yfir 0,75 tonnum en ekki yfir 3,5 tonnum.

(iii) Flokkur O_3: eftirvagnar með hámarksmassa yfir 3,5 tonnum en ekki yfir 10 tonnum.

(iv) Flokkur O_4: eftirvagnar með hámarksmassa yfir 10 tonnum.

2. Viðmiðunin fyrir flokkun ökutækja, gerðir ökutækja, afbrigði og útfærslur ökutækja er sett fram í I. viðauka.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta I. viðauka í tengslum við gerðir ökutækja og gerðir yfirbygginga þannig að tekið sé tillit til tækniframfara.

II. KAFLI

ALMENNAR SKULDBINDINGAR

5. gr.

Tæknilegar kröfur

1. Ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar skulu uppfylla kröfurnar í þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

2. Sérstaklega í eftirfarandi tilvikum skal litið á að ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar fari ekki að þessari reglugerð:

a) ef þau víkja frá einstökum atriðum í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðunum og fylgiskjölum þeirra eða víkja frá lýsandi atriðum í prófunarskýrslunum um meira en það sem heimilt er í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum,

b) ef frammistöðuviðmiðunin eða viðmiðunarmörkin fyrir raðframleiðslu sem mælt er fyrir um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum hafa ekki verið uppfyllt samkvæmt þeim skilyrðum sem sett er fram í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum,

c) ef einhverjar þeirra upplýsinga sem framleiðandinn veitir í upplýsingaskjalinu eru ekki samanburðarnákvæmar samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum viðurkenningaryfirvalda, markaðseftirlitsyfirvalda eða framkvæmdastjórnarinnar.

Einungis skal taka tillit til athugana, prófana, skoðana og mats sem viðurkenningaryfirvöld, markaðseftirlitsyfirvöld eða framkvæmdastjórnin framkvæmir eða sem framkvæmd eru fyrir þeirra hönd, þegar metið er hvort að farið sé að tilskildum ákvæðum að því er varðar þessa málsgrein.

3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta II. viðauka í því skyni að taka tillit til tækniþróunar og þróunar á sviði reglusetningar með því að innleiða og uppfæra tilvísanir í stjórnvaldsfyrirmæli sem innihalda þær kröfur sem ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar þurfa að uppfylla.

6. gr.

Skyldur aðildarríkja

1. Aðildarríki skulu koma á fót eða tilnefna þeirra eigin viðurkenningaryfirvöld og markaðseftirlitsyfirvöld. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þegar þeim yfirvöldum er komið á eða þau tilnefnd.

Sú tilkynning skal innihalda heiti þeirra yfirvalda, heimilisfang þeirra, þ.m.t. netfang, ásamt ábyrgðarsviði þeirra. Framkvæmdastjórnin skal birta skrá og samskiptaupplýsingar um viðurkenningaryfirvöldin og markaðseftirlitsyfirvöldin á vefsetri sínu.

Aðildarríki skulu tryggja að viðurkenningaryfirvöld þeirra og markaðseftirlitsyfirvöld fylgi algerri aðgreiningu hlutverka og ábyrgða, og að þau starfi óháð hvoru öðru. Þau yfirvöld geta verið undir sömu stofnun að því tilskildu að starfsemi þeirra lúti óháðri stjórn sem hluti af öðrum stofnunum.

2. Aðildarríki þar sem fleiri en eitt viðurkenningaryfirvald ber ábyrgð á viðurkenningu ökutækis, þ.m.t. skráningarviðurkenningu ökutækis, skal tilnefna eitt þeirra sem hefur valdsvið til að veita gerðarviðurkenningar sem það viðurkenningaryfirvald sem ber ábyrgð á upplýsingaskiptunum við viðurkenningaryfirvöldin í öðrum aðildarríkjum að því er varðar 11. gr. og sem skal uppfylla þær skyldur sem settar eru fram í XV. kafla.

3. Aðildarríki þar sem fleiri en eitt markaðseftirlitsyfirvald ber ábyrgð á markaðseftirliti skal tilnefna eitt þeirra yfirvalda sem það markaðseftirlitsyfirvald sem ber ábyrgð á upplýsingaskiptum við markaðseftirlitsyfirvöldin í öðrum aðildarríkjum í þeim tilgangi sem um getur í 11. gr.

4. Aðildarríkin skulu einungis heimila að ökutæki, íhlutir og aðskildar tæknieiningar sem fara að þessari reglugerð séu sett á markað, skráð eða tekin í notkun.

5. Aðildarríkin skulu ekki banna, takmarka eða hindra að ökutæki, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar sem fara að þessari reglugerð séu sett á markað, skráð eða tekin í notkun, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í XI. kafla.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar er aðildarríkjum heimilt að ákveða að leyfa ekki að nota við akstur á vegum, setja á markað, skrá eða að taka í notkun ökutæki sem hafa verið gerðarviðurkennd í samræmi við þessa reglugerð, en sem ná fram úr þeim samræmdu málum, þyngdum og álagi á ásum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við tilskipun ráðsins 96/53/EB ([1]).

6. Aðildarríki skulu skipuleggja og framkvæma markaðseftirlit og eftirlit með ökutækjum, kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum sem koma á markaðinn, í samræmi við þessa reglugerð og við III. kafla reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

7. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að markaðseftirlitsyfirvöldin hafi rétt á, telji þau það nauðsynlegt og réttlætanlegt, að fara inn á athafnasvæði markaðsaðila á yfirráðasvæði þeirra og taka öll nauðsynleg sýni af ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum vegna samræmisprófunar.

8. Aðildarríkin skulu endurskoða og meta reglulega framkvæmd starfsemi sinnar á sviði gerðarviðurkenninga. Framkvæma skal slíkar endurskoðanir og mat a.m.k. á fjögurra ára fresti og senda skal niðurstöðurnar til framkvæmdastjórnarinnar og til gagnaskiptatorgsins vegna framkvæmdar sem um getur í 11. gr. („framkvæmdartorgið“).

Aðildarríkin skulu gera samantekt aðgengilega almenningi yfir niðurstöður reglubundinna endurskoðana og mats.

Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og framkvæmdartorgið um hvernig aðildarríkin takast á við öll tilmæli sem um getur í 5. mgr. 11. gr. sem framkvæmdartorgið leggur fram.

9. Aðildarríkin skulu fara yfir og meta reglulega framkvæmd starfsemi sinnar á sviði markaðseftirlits. Framkvæma skal slíkar endurskoðanir og mat a.m.k. á fjögurra ára fresti og senda skal niðurstöðurnar til framkvæmdastjórnarinnar og til framkvæmdartorgsins.

Aðildarríkin skulu gera samantekt aðgengilega almenningi yfir niðurstöður reglubundinna endurskoðana og mats.

Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og framkvæmdartorgið um hvernig aðildarríkin takast á við öll tilmæli sem um getur í 5. mgr. 11. gr. sem framkvæmdartorgið leggur fram.

10. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um sameiginlegar viðmiðanir um sniðmát fyrir tilkynningar um endurskoðanir og mat sem um getur í 8. og 9. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

7. gr.

Skyldur viðurkenningaryfirvalda

1. Viðurkenningaryfirvöld skulu aðeins viðurkenna ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem fara að þessari reglugerð.

2. Viðurkenningaryfirvöld skulu framkvæma skyldur sínar á óháðan og óhlutdrægan hátt. Þau skulu virða þagnarskyldu í því skyni að vernda viðskiptaleyndarmál, með fyrirvara um þá skuldbindingu sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 9. gr. til að gera upplýsingar aðgengilegar framkvæmdastjórninni og með fyrirvara um aðrar viðeigandi kröfur um upplýsingagjöf sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins til að vernda hagsmuni notenda í Sambandinu.

Viðurkenningaryfirvöld skulu starfa saman á skilvirkan og árangursríkan hátt og skulu deila upplýsingum sem skipta máli fyrir hlutverk þeirra og starfsemi.

3. Í þeim tilgangi að gera markaðseftirlitsyfirvöldum kleift að annast eftirlit skulu viðurkenningaryfirvöld láta þeim í té þær nauðsynlegu upplýsingar sem tengjast gerðarviðurkenningu ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem falla undir sannprófanir til eftirlits með því að farið sé að tilskildum ákvæðum. Meðal þeirra upplýsinga skulu a.m.k. vera upplýsingarnar sem eru í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og fylgiskjölum þess sem um getur í 1. mgr. 28. gr. Viðurkenningaryfirvöld skulu veita markaðseftirlitsyfirvöldunum þessar upplýsingar án ástæðulausrar tafar.

([1]) Tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í Bandalaginu (Stjtíð. EB L 235, 17.9.1996, bls. 59).

4. Ef viðurkenningaryfirvald sem í samræmi við XI. kafla hefur verið upplýst um grun að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining skapi alvarlega áhættu eða að fari ekki að tilskildum ákvæðum skal viðurkenningaryfirvaldið gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að endurskoða veittu gerðarviðurkenninguna og, eftir því sem við á, leiðrétta eða afturkalla gerðarviðurkenninguna með hliðsjón af ástæðunum fyrir þeim frávikum sem sýnt er fram á og alvarleika þeirra.

8. gr.

Skyldur markaðseftirlitsyfirvalda

1. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu framkvæma reglulegar athuganir til að sannprófa að ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar uppfylli viðeigandi kröfur. Slíkar athuganir skulu vera framkvæmdar á fullnægjandi hátt með sannprófun skjala og, eftir því sem við á, með prófunum á rannsóknarstofu og prófunum á vegum sem framkvæmdar eru á grundvelli tölfræðilega marktækra sýna.

Við framkvæmd slíkra athugana skulu markaðseftirlitsyfirvöld hafa hliðsjón af:

a) meginreglum sem hafa verið settar um áhættumat,

b) rökstuddum kvörtunum og

c) öllum öðrum viðeigandi upplýsingum, þ.m.t. upplýsingaskiptum á framkvæmdartorginu og prófunarniðurstöðum sem birtar eru af viðurkenndum þriðju aðilum sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdargerðunum sem um getur í 10. mgr. 13. gr.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. skulu markaðseftirlitsyfirvöld í hverju aðildarríki framkvæma a.m.k. lágmarksfjölda prófana á ökutækjum á hverju ári. Sá lágmarksfjöldi prófana í hverju aðildarríki skal vera ein prófun á hver 40000 af nýjum vélknúnum ökutækjum sem skráð eru í því aðildarríki á næstliðnu ári, en skulu ekki vera færri en fimm prófanir.

Í hverri prófun skal sannprófað að farið sé að þeim viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

3. Markaðseftirlitsyfirvöld sem framkvæma fleiri en fimm prófanir á ári skulu framkvæma a.m.k. 20% af lágmarksfjölda prófana í formi losunartengdra prófana sem eru sambærilegar gerðarviðurkenningaprófunum sem ná yfir allar viðeigandi losunartengdar kröfur um prófuðu gerðina, sem mælt er fyrir um í þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

4. Markaðseftirlitsyfirvaldi í einu aðildarríki er heimilt að gera samkomulag við markaðseftirlitsyfirvald í öðru aðildarríki um að það markaðseftirlitsyfirvald í því aðildarríki framkvæmi prófanirnar sem krafist er skv. 2. og 3. mgr.

5. Markaðseftirlitsyfirvaldi í aðildarríki er heimilt að gera samkomulag við framkvæmdastjórnina um að framkvæmda-stjórnin framkvæmi prófanir sem krafist er skv. 3. mgr. á kostnað þess aðildarríkis. Allar prófanir sem framkvæmdar eru samkvæmt þessari málsgrein skulu teknar með í reikninginn hvað varðar þann lágmarksfjölda prófana sem krafist er samkvæmt 2. mgr.

6. Árlega skal hvert aðildarríki útbúa heildstætt yfirlit yfir það markaðseftirlit sem aðildarríkið hefur í hyggju sem skal leggja fyrir framkvæmdartorgið eigi síðar en 1. mars.

7. Á tveggja ára fresti skal hvert aðildarríki taka saman skýrslu um niðurstöður sínar eftir allar sannprófanir til eftirlits með því að farið sé að tilskildum ákvæðum sem aðildarríkið hefur framkvæmt á næstliðnum tveimur árum. Þá skýrslu skal leggja fyrir framkvæmdartorgið eigi síðar en 30. september eftir að tveggja ára tímabilinu, sem skýrslan tekur til, lýkur.

8. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu krefja markaðsaðila um að láta þeim í té þau gögn, upplýsingar og aðrar tækniforskriftir, þ.m.t. aðgengi að hugbúnaði og reikniritum, sem yfirvöldin líta á að sé nauðsynlegt í þeim tilgangi að annast starfsemi á sviði markaðseftirlitsins.

9. Varðandi gerðarviðurkennd ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar ættu markaðseftirlitsyfirvöld að taka tilhlýðilegt tillit til samræmisvottorða, gerðarviðurkenningarmerkja eða gerðarviðurkenningarvottorða sem markaðsaðilar leggja fram.

10. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að vara við notendur á yfirráðasvæðum aðildarríkja þeirra, innan fullnægjandi tímaramma, um hættur sem þau eða framkvæmdastjórnin hafa auðkennt í tengslum við hvers konar ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu til að koma í veg fyrir eða draga úr áhættunni á áverka eða öðrum skaða, þ.m.t. með því að gera slíkar upplýsingar aðgengilegar á vefsetri markaðseftirlitsyfirvaldsins.

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu starfa með markaðsaðilum varðandi aðgerðir sem ættu að koma í veg fyrir eða draga úr þeirri áhættu sem skapast af ökutækjum, kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum sem þeir markaðsaðilar hafa boðið fram á markaði.

11. Ef markaðseftirlitsyfirvöld í einu aðildarríki ákveða að taka ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu af markaði, í samræmi við XI. kafla, skulu þau upplýsa viðkomandi markaðsaðila og viðeigandi viðurkenningaryfirvaldi um það.

12. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu framkvæma skyldur sínar á óháðan og óhlutdrægan hátt. Þau skulu virða þagnarskyldu í því skyni að vernda viðskiptaleyndarmál, með fyrirvara um þá skuldbindingu sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 9. gr. til að gera upplýsingar aðgengilegar framkvæmdastjórninni og með fyrirvara um aðrar viðeigandi kröfur um upplýsingagjöf sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins til að vernda hagsmuni notenda í Sambandinu.

13. Markaðseftirlitsyfirvöld í mismunandi aðildarríkjum skulu samræma starfsemi þeirra á sviði markaðseftirlits, vinna saman og deila árangri þeirrar starfsemi með hvert öðru og með framkvæmdartorginu. Eftir því sem við á skulu markaðseftirlitsyfirvöld vera einhuga um verkdeilingu og sérhæfingu.

14. Ef fleiri en eitt yfirvald í aðildarríki ber ábyrgð á markaðseftirliti og eftirliti á ytri landamærum skulu þessi yfirvöld vinna saman á skilvirkan og árangursríkan hátt og skulu deila upplýsingum sem skipta máli fyrir hlutverk þeirra og starfsemi.

15. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um sameiginlegar viðmiðanir til að koma á fullnægjandi umfangi sannprófana til eftirlits með því að farið sé að tilskildum ákvæðum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og þar sem mælt er fyrir um sameiginlegar viðmiðanir um sniðmát fyrir yfirlitið og gagnaskilin sem um getur, eftir því sem við á, í 6. og 7. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

9. gr.

Sannprófun framkvæmdastjórnarinnar á að farið sé að tilskildum ákvæðum

1. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja og framkvæma, á eigin kostnað, sannprófanir og skoðanir til að prófa að ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar uppfylli viðeigandi kröfur.

Framkvæma skal prófanirnar og skoðanirnar m.a. með prófunum á rannsóknarstofu og prófunum á vegum á grundvelli tölfræðilega marktækra sýna og bæta skal við þær með sannprófun skjala.

Við framkvæmd slíkra prófana og skoðana skal framkvæmdastjórnin hafa hliðsjón af:

a) meginreglum sem hafa verið settar um áhættumat,

b) rökstuddum kvörtunum og

c) öllum öðrum viðeigandi upplýsingum, þ.m.t. upplýsingaskiptum á framkvæmdartorginu, prófunarniðurstöðum sem birtar eru af viðurkenndum þriðju aðilum sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í framkvæmdargerðunum sem um getur í 10. mgr. 13. gr., upplýsingum um nýja tækni á markaðnum og skýrslum sem leiða af fjarkönnun á vegum.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að fela tækniþjónustum framkvæmd prófana eða skoðana og í því tilviki skal tækniþjónustan koma fram fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar. Ef framkvæmdastjórnin felur tækniþjónustum framkvæmd prófana eða skoðana, að því er varðar þessa grein, skal framkvæmdastjórnin tryggja að sú tækniþjónusta sem er notuð sé ekki sama tækniþjónustan sem framkvæmdi upphaflegu gerðarviðurkenningarprófunina.

Þær prófanir og skoðanir mega vera framkvæmdar:

a) á nýjum ökutækjum sem framleiðendur eða aðrir markaðsaðilar leggja fram, eins og kveðið er á um í 2. mgr.,

b) á skráðum ökutækjum með samþykki handhafa skráningarvottorðs ökutækisins.

2. Sé óskað eftir því skulu framleiðendur eða aðrir markaðsaðilar sem eru handhafar gerðarviðurkenninga láta framkvæmdastjórninni í té, gegn sanngjörnum bótum, tölfræðilega marktækan fjölda raðsmíðaðra ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem framkvæmdastjórnin velur og sem eru dæmigerð fyrir þau ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem tiltæk eru til að setja á markað með þeirri gerðarviðurkenningu. Slík ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar skulu afhent til prófunar á þeim tíma og stað og á því tímabili sem krafist er af hálfu framkvæmdastjórnarinnar.

3. Áður en framkvæmdastjórnin framkvæmir sínar prófanir og skoðanir skal hún tilkynna um þær til aðildarríkisins sem veitti gerðarviðurkenninguna og til aðildarríkisins þar sem ökutækið, kerfið, íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin var boðin fram á markaði.

Aðildarríkin skulu vinna saman með framkvæmdastjórninni þegar framkvæmdastjórnin framkvæmir prófanirnar og skoðanirnar.

4. Í þeim tilgangi að gera framkvæmdastjórninni kleift að annast prófanir og eftirlit samkvæmt þessari grein skulu aðildarríki án ástæðulausrar tafar láta henni í té þær nauðsynlegu upplýsingar sem tengjast gerðarviðurkenningunni á þeim ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem falla undir sannprófun á að farið er að tilskildum ákvæðum. Meðal þeirra upplýsinga skulu a.m.k. vera upplýsingarnar sem eru í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og fylgiskjölum þess, sem um getur í 1. mgr. 28. gr.

5. Framleiðendur skulu gera aðgengileg fyrir framkvæmdastjórnina, án endurgjalds og án ástæðulausrar tafar, öll gögn sem eru nauðsynleg í þeim tilgangi að sannprófa það að farið er að tilskildum ákvæðum og sem eru ekki aðgengileg í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og fylgiskjölum þess, sem um getur í 1. mgr. 28. gr.

Slík gögn skulu innihalda alla mæliþætti og allar stillingar sem þörf er á til að líkja nákvæmlega eftir prófunarskilyrðunum sem voru í gildi þegar gerðarviðurkenningarprófunin var framkvæmd. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem tilgreina þau gögn sem gera á aðgengileg, með fyrirvara um vernd viðskiptaleyndarmála og varðveislu persónuupplýsinga samkvæmt lögum Sambandsins og landslögum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal hefja ferlið sem mælt er fyrir um í 53. og 54. gr., komist hún að því að ökutækin, kerfin, íhlutirnir eða aðskildu tæknieiningarnar uppfylli ekki þær gerðarviðurkenningarkröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og komist hún að því að ökutækin, kerfin, íhlutirnir eða aðskildu tæknieiningarnar uppfylli ekki gerðarviðurkenninguna eða að gerðarviðurkenningin hafi verið veitt á grundvelli rangra gagna.

Ef prófanirnar og skoðanirnar gefa tilefni til efasemda um réttleika sjálfrar gerðarviðurkenningarinnar skal framkvæmdastjórnin án tafar tilkynna hlutaðeigandi viðurkenningaryfirvaldi eða viðurkenningaryfirvöldum ásamt framkvæmdartorginu.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna viðeigandi viðurkenningaryfirvöldum og markaðseftirlitsyfirvöldum til þess að þau geri viðeigandi ráðstafanir til að vara við notendur í Sambandinu, innan fullnægjandi tímaramma, um öll tilvik þar sem framkvæmdastjórnin hefur auðkennt að ekki er farið að tilskildum ákvæðum í tengslum við hvers konar ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu til að koma í veg fyrir eða draga úr áhættunni á áverka eða öðrum skaða.

Framkvæmdastjórnin skal gera aðgengilega öllum skýrslu um niðurstöður sínar í kjölfar allra sannprófana á samræmi sem hún hefur framkvæmt og skal senda aðildarríkjunum og framkvæmdartorginu niðurstöður sínar. Sú skýrsla skal innihalda upplýsingar um þau ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildu tæknieiningar sem voru metin og upplýsingar um hlutaðeigandi framleiðanda, ásamt stuttri lýsingu á niðurstöðunum, þ.m.t. eðli þeirra tilvika þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, ef einhver eru.

10. gr.

Mat framkvæmdastjórnarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja og framkvæma mat á þeim verklagsreglum sem komið er á fót af viðurkenningaryfirvöldum sem hafa veitt ESB-gerðarviðurkenningar á þeim fimm árum sem eru undanfarandi matinu, sérstaklega á verklagsreglunum við veitingu gerðarviðurkenninga, við framkvæmd samræmismats og við tilnefningu og vöktun á tækniþjónustum. Slík mat skal fela í sér úttekt með slembiúrtaki á samræmi veittra gerðarviðurkenninga við gildandi kröfur sem um getur í c-lið 2. mgr. 26. gr. á þeim fimm árum sem eru undanfarandi matinu.

2. Matið skal miða að því að aðstoða viðurkenningaryfirvöldin sem veita ESB-gerðarviðurkenningar til að tryggja samræmda beitingu þessarar reglugerðar og til að deila bestu starfsvenjum.

3. Framkvæma skal matið í samræmi við lög viðkomandi aðildarríkis, að teknu tilhlýðilegu tilliti til réttinda viðkomandi yfirvalda og skal það vera í samræmi við meðalhófsregluna. Framkvæmdastjórnin skal sinna skyldum sínum á óháðan og óhlutdrægan hátt og skal virða þagnarskyldu í því skyni að vernda viðskiptaleyndarmál í samræmi við gildandi lög. Framkvæmdastjórnin skal bera kostnaðinn vegna slíks mats.

4. Viðkomandi viðurkenningaryfirvöld skulu greiða fyrir matinu með því að vinna með framkvæmdastjórninni og að veita henni alla nauðsynlega aðstoð og láta henni í té öll nauðsynleg skjöl.

5. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að starfsfólkið sem tekur þátt í matinu sé nægilega hæft og fái fullnægjandi leiðbeiningar. Framkvæmdastjórnin skal nægilega löngu áður en matið fer fram, upplýsa aðildarríkin og viðkomandi viðurkenningaryfirvöld um á hvaða degi matið á að hefjast ásamt deili á því starfsfólki sem á að framkvæma matið. Matið sem fram fer á athafnasvæði viðkomandi viðurkenningaryfirvalds skal að öllu jöfnu ekki vara lengur en tvo daga og skal ekki í neinum tilvikum vara lengur en þrjá daga.

6. Hvert það viðurkenningaryfirvald sem hefur veitt a.m.k. eina ESB-gerðarviðurkenningu á fimm ára tímabili skal metið einu sinni af framkvæmdastjórninni á því tímabili.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein getur matið á viðurkenningaryfirvaldi átt sér stað sjaldnar ef framkvæmdastjórnin telur að fyrsta matið á því yfirvaldi sýni fram á að verklagsreglurnar sem komið hefur verið á tryggi skilvirka beitingu þessarar reglugerðar, að teknu tilliti til hversu umfangsmiklar og víðtækar veittar ESB-gerðarviðurkenningar eru.

7. Framkvæmdastjórnin skal senda framkvæmdartorginu niðurstöðuna úr matinu, þ.m.t. öll tilmæli, og skal gera samantekt á niðurstöðunni aðgengilega öllum. Framkvæmdartorgið skal kanna niðurstöðu matsins.

8. Aðildarríkin skulu leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og framkvæmdartorgið um hvernig aðildarríkin takast á við öll tilmæli sem eru í niðurstöðu matsins.

9. Að teknu tilhlýðilegu tilliti til athugunarefna framkvæmdartorgsins skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir um sameiginlegar viðmiðanir til að ákvarða umfangið á og aðferðafræðina við matið, samsetningu matshópsins, matsáætlunina sem nær yfir a.m.k. fimm ára tímabil og við hvaða sérstöku skilyrði má draga úr því hversu oft slíkt mat fer fram. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

11. gr.

Gagnaskiptatorg vegna framkvæmdar

1. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót, veita forstöðu og stýra gagnaskiptatorgi vegna framkvæmdar („framkvæmdartorgið“).

Framkvæmdartorgið skal samanstanda af fulltrúum sem hvert aðildarríki tilnefnir fyrir hönd viðurkenningaryfirvalda og markaðseftirlitsyfirvalda þeirra.

Bjóða má tækniþjónustum, viðurkenndum þriðju aðilum sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þeim framkvæmdargerðum sem um getur í 10. mgr. 13. gr., fulltrúum Evrópuþingsins, iðnaðarins og viðkomandi markaðsaðila, ásamt hagsmunaaðilum sem koma að öryggis- og umhverfismálum, hvenær sem við á, að sækja framkvæmdartorgið sem áheyrnarfulltrúar í samræmi við starfsreglurnar sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar.

Markmiðið með ráðgjafaverkefnum framkvæmdartorgsins skal vera það að ýta undir bestu starfsvenjur til að auðvelda samræmda túlkun og framkvæmd þessarar reglugerðar, upplýsingaskipti um vandkvæði samfara framfylgd, samvinnu einkum hvað varðar mat, tilnefningu og vöktun á tækniþjónustum, þróunina á starfsaðferðum og verkfærum, þróunina á verklagsreglum um rafræn upplýsingaskipti og matið á samræmdum framfylgdarverkefnum og viðurlögum.

2. Framkvæmdartorgið skal taka til athugunar:

a) málefni sem tengjast samræmdri túlkun á þeim kröfum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og í þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka við framkvæmd á þeim kröfum,

b) árangur þeirrar starfsemi sem varðar gerðarviðurkenningu og markaðseftirlit sem aðildarríki framkvæma í samræmi við 8. og 9. mgr. 6. gr.,

c) niðurstöður prófana og skoðana sem framkvæmdastjórnin framkvæmir í samræmi við 9. gr.,

d) það mat sem framkvæmdastjórnin framkvæmir í samræmi við 10. gr.,

e) prófunarskýrslur, lagðar fram af viðurkenndum þriðju aðilum sem uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þeim framkvæmdargerðum sem um getur í 10. mgr. 13. gr., varðandi að hugsanlega sé ekki farið að tilskildum ákvæðum,

f) árangur starfseminnar á sviði samræmi framleiðslu sem viðurkenningaryfirvöld annast í samræmi við 31. gr.,

g) þær upplýsingar sem aðildarríki leggja fram skv. 6. mgr. 67. gr. um aðferðir þeirra við mat, tilnefningu og tilkynningu tækniþjónustna og við vöktun á tækniþjónustum,

h) málefni sem skipta almennt máli að því er varðar framkvæmd á þeim kröfum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð í tengslum við mat, tilnefningu og vöktun á tækniþjónustum í samræmi við 10. mgr. 67. gr. og 4. mgr. 78. gr.,

i) brot markaðsaðila,

j) framkvæmd ráðstafana til úrbóta eða takmarkandi ráðstafana sem mælt er fyrir um í XI. kafla,

k) áætlanagerð, samræmingu og árangur starfsemi á sviði markaðseftirlits,

l) málefni varðandi aðgengi að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis sem sett eru fram í XIV. kafla og einkum málefni varðandi framkvæmd verklagsreglnanna sem komið er á fót skv. 65. gr.

3. Á grundvelli þeirra skýrslna sem aðildarríki leggja fram í samræmi við 7. mgr. 8. gr. skal framkvæmdastjórnin gera yfirlitsskýrslu um starfsemi á sviði markaðseftirlits aðgengilega öllum annað hvert ár.

4. Framkvæmdastjórnin skal árlega leggja samantekt yfir starfsemi framkvæmdartorgsins fyrir Evrópuþingið.

5. Framkvæmdartorginu er heimilt að láta í ljós álit eða gefa út tilmæli sem hluta af ráðgjafaverkefnum þess og að teknu tilliti til athugunarefnanna samkvæmt 2. mgr.

Framkvæmdartorgið skal gera sitt ýtrasta til að ná samstöðu þegar látið er í ljós álit eða gefin eru út tilmæli. Ef ekki er hægt að ná neinni slíkri samstöðu skal framkvæmdartorgið láta í ljós álit sitt eða gefa út tilmæli sín með einföldum meirihluta aðildarríkjanna. Hvert aðildarríki fer með eitt atkvæði. Aðildarríki með ólíka afstöðu geta farið þess á leit að afstaða þeirra og grundvöllurinn sem hún byggist á séu skráð í áliti eða tilmælum framkvæmdartorgsins.

6. Framkvæmdastjórnin skal taka tilhlýðilegt tillit til þeirra álita sem framkvæmdartorgið lætur í ljós í samræmi við 5. mgr.

7. Framkvæmdartorgið setur sér starfsreglur.

12. gr.

Gagnaskipti á Netinu

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu nota sameiginlega örugga kerfið til rafrænna upplýsingaskipta sem um getur í 27. gr. fyrir ESB-gerðarviðurkenningarvottorð og fylgiskjöl þeirra sem um getur í 1. mgr. 28. gr., þ.m.t. fyrir allar prófunarskýrslur ásamt breytingum, synjunum eða afturköllunum á nokkurri ESB-gerðarviðurkenningu.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríki skulu nota kerfi Bandalagsins fyrir skjót skipti á upplýsingum (RAPEX), sem komið er á fót skv. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB ([1]), og upplýsinga- og fjarskiptakerfið um markaðseftirlit (ICSMS), sem komið er á fót skv. reglugerð (EB) nr. 765/2008, fyrir markaðseftirlit, innköllun og aðra viðeigandi starfsemi milli markaðseftirlitsyfirvalda, aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar.

2. Frá 5. júlí 2026 skulu aðildarríki gera aðgengilegt öllum með verksmiðjunúmeri ökutækis samræmisvottorðið fyrir hvert ökutæki sem formföst gögn á rafrænu formi í sameiginlega örugga kerfinu til rafrænna upplýsingaskipta, í samræmi við 37. gr.

Frá 5. júlí 2026 skulu aðildarríki gera aðgengilegt öllum upplýsingarnar í samræmisvottorðinu fyrir hvert ökutæki, að undanskildum verksmiðjunúmerum ökutækja, sem formföst gögn á rafrænu formi í sameiginlega örugga kerfinu til rafrænna upplýsingaskipta, í samræmi við 37. gr.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem komið er á sniðinu og viðmiðununum fyrir almennum aðgangi að þeim upplýsingum sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein þessarar málsgreinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru (Stjtíð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4).

3. Framkvæmdastjórnin skal grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana til að koma á tengingu milli sameiginlega örugga kerfisins til rafrænna upplýsingaskipta, sem um getur í 27. gr., kerfi Bandalagsins fyrir skjót skipti á upplýsingum og upplýsinga- og fjarskiptakerfisins um markaðseftirlit, í því skyni að auðvelda starfsemi á sviði markaðseftirlits og tryggja samræmingu, samkvæmni og nákvæmni þeirra upplýsinga sem veittar eru neytendum og þriðju aðilum.

4. Aðildarríki skulu nota sameiginlega örugga kerfið til rafrænna upplýsingaskipta sem um getur í 27. gr. til að útbúa skrá, aðgengilega öllum frá og með 1. september 2022, yfir þær ESB-gerðarviðurkenningar sem þau hafa veitt, breytt, neitað um eða afturkallað fyrir ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar, ásamt skrá yfir þær tækniþjónustur sem hafa framkvæmt prófanirnar fyrir viðeigandi ESB-gerðarviðurkenningar.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem komið er á sniðinu og viðmiðunum fyrir almennum aðgangi að þeim upplýsingum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal þróa úrræði til að gera aðgengilegar almenningi prófunarniðurstöður og kvartanir varðandi frammistöðu ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga frá viðurkenndum þriðju aðilum sem uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í framkvæmdargerðunum sem um getur í 10. mgr. 13. gr.

13. gr.

Almennar skyldur framleiðenda

1. Framleiðendur skulu tryggja að ökutækin, kerfin, íhlutirnir og aðskildu tæknieiningarnar sem þeir hafa framleitt og sem sett eru á markað hafi verið framleidd og viðurkennd í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, þá sérstaklega í samræmi við kröfurnar í 5. gr.

2. Framleiðendur skulu vera ábyrgir gagnvart viðurkenningaryfirvaldinu fyrir öllum þáttum viðurkenningaraðferðarinnar svo og fyrir samræmi framleiðslunnar.

Þegar um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu skulu framleiðendur einnig vera ábyrgir fyrir viðurkenningu og samræmi framleiðslu þeirra kerfa, íhluta eða aðskildu tæknieininga sem þeir hafa bætt við á smíðaþrepi ökutækisins. Framleiðendur sem breyta íhlutum, kerfum eða aðskildum tæknieiningum sem þegar hafa verið samþykkt á fyrri þrepum, skulu ábyrgir fyrir gerðarviðurkenningunni og samræmi framleiðslu þessara breyttu íhluta, kerfa eða aðskildu tæknieininga. Framleiðendur á fyrra þrepi skulu leggja fram upplýsingar til framleiðenda á síðari þrepum varðandi hvers konar breytingu sem getur haft áhrif á gerðarviðurkenningu íhlutar, gerðarviðurkenningu kerfis eða gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar eða á heildargerðarviðurkenningu ökutækis. Slíkar upplýsingar skal veita um leið og nýja rýmkunin á heildargerðarviðurkenningu ökutækis hefur verið veitt og eigi síðar en á fyrsta framleiðsludegi ófullbúna ökutækisins.

3. Framleiðendur sem breyta ófullbúnu ökutæki með þeim hætti að það fari í annan ökutækjaflokk, með þeim afleiðingum að kröfurnar sem þegar hafa verið metnar á fyrra gerðarviðurkenningarstigi breytast, skulu einnig bera ábyrgð á að kröfurnar sem eiga við flokkinn sem breytta ökutækið er í séu uppfylltar.

4. Að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu á ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum skal framleiðandi með staðfestu utan Sambandsins tilnefna einn fulltrúa með staðfestu í Sambandinu sem fulltrúa sinn í samskiptum sínum við viðurkenningaryfirvaldið. Framleiðandinn skal einnig tilnefna einn fulltrúa með staðfestu innan Sambandsins fyrir markaðseftirlit, sem getur verið sami fulltrúinn og sá sem tilnefndur er fyrir ESB-gerðarviðurkenningu.

5. Framleiðendur skulu sjá til þess að ökutæki þeirra, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar séu ekki hönnuð fyrir áætlanir eða aðrar aðferðir sem breyta frammistöðunni sem kemur fram meðan á prófun stendur þannig að þau fari ekki að þessari reglugerð þegar þau eru notuð við aðstæður sem búast má við með sanngjörnum hætti í venjulegri notkun.

6. Framleiðendur skulu koma á fót verklagsreglum til að tryggja að raðframleiðsla ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga samræmist áfram viðurkenndu gerðinni.

7. Framleiðendur skulu rannsaka allar kvartanir sem þeir fá varðandi áhættu, atvik sem grunur er um eða tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum í tengslum við þau ökutæki, kerfi, íhluti, aðskildu tæknieiningar, hluti eða búnað sem þeir hafa sett á markað.

Framleiðendur skulu halda skrá yfir slíkar kvartanir, þ.m.t. lýsingu á vandamálinu fyrir hverja kvörtun og þær upplýsingar sem þörf er á til að auðkenna nákvæmlega viðkomandi gerð ökutækis, kerfis, íhlutar, aðskildu tæknieiningar, hluta eða búnaðar, og ef um er að ræða rökstuddar kvartanir skulu framleiðendur upplýsa dreifingaraðila og innflytjendur sína um slíkt.

8. Til viðbótar við lögboðna merkiplötu sem framleiðendur festa á ökutæki sín og gerðarviðurkenningarmerki sem þeir festa á íhluti sína eða aðskildar tæknieiningar í samræmi við 38. gr., skulu þeir tilgreina nafn, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang sitt í Sambandinu þar sem ná má í þá, á ökutækjum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem þeir setja á markað eða, ef það er ekki mögulegt, á pakkningum eða í skjölum sem fylgja íhlut eða aðskilinni tæknieiningu.

9. Framleiðendur skulu sjá til þess að á meðan ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru á þeirra ábyrgð ógni geymslu- eða flutningsskilyrði ekki samræmi þeirra við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

10. Án þess að hafa áhrif á ákvæði 5. mgr. 9. gr. og með fyrirvara um vernd viðskiptaleyndarmála og varðveislu persónuupplýsinga skv. lögum Sambandsins og landslögum skulu framleiðendur gera aðgengileg gögn sem nauðsynleg eru þriðju aðilum til að framkvæma prófanir á að hugsanlega sé ekki farið að tilskildum ákvæðum, þ.m.t. mæliþætti og stillingar sem eru nauðsynleg til að líkja nákvæmlega eftir prófunarskilyrðunum sem voru í gildi þegar gerðarviðurkenningarprófunin var framkvæmd.

Að því er varðar fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir sem tilgreina þau gögn sem á að gera aðgengileg án endurgjalds, ásamt þeim kröfum sem þriðju aðilar eiga að uppfylla til að sýna fram á að þeir hafi lögmæta hagsmuni á sviði almannaöryggis eða umhverfisverndunar og að þeir notist við viðunandi prófunaraðstöðu. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

14. gr.

Skyldur framleiðenda varðandi ökutæki þeirra, kerfi, íhluti, aðskildar tæknieiningar, hluti og búnað sem uppfylla ekki kröfur um samræmi eða sem fela í alvarlega áhættu

1. Ef ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hlutar eða búnaður sem settur hefur verið á markað eða sem tekinn hefur verið í notkun er ekki í samræmi við þessa reglugerð eða ef gerðarviðurkenningin hefur verið veitt á grundvelli rangra gagna skal framleiðandinn tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem þörf er á til að færa ökutækið, kerfið, íhlutinn, aðskildu tæknieininguna, hlutana eða búnaðinn til samræmis við reglugerðina eða afturkalla það af markaði eða innkalla eins og við á.

Framleiðandinn skal tafarlaust senda tilkynningu til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti gerðarviðurkenninguna þar sem fram koma upplýsingar í smáatriðum um ósamræmið og um allar ráðstafanir sem gerðar hafa verið.

2. Ef ökutækið, kerfið, íhluturinn, aðskilda tæknieiningin, hlutarnir eða búnaðurinn skapar alvarlega áhættu skal framleiðandinn tafarlaust veita viðurkenningaryfirvöldunum og markaðseftirlitsyfirvöldunum nákvæmar upplýsingar um þá áhættu og um allar ráðstafanir sem gripið hefur verið til vegna hennar.

3. Framleiðendur skulu varðveita ESB-gerðarviðurkenningarvottorðin og fylgiskjöl þeirra sem um getur í 1. mgr. 28. gr. í 10 ár eftir lok gildistíma ESB-gerðarviðurkenningar fyrir ökutæki og í fimm ár eftir lok gildistíma ESB-gerðarviðurkenningar fyrir kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu.

Í 10 ár frá framleiðsludegi ökutækisins skulu framleiðendur ökutækis hafa tiltæk fyrir viðurkenningaryfirvöld afrit af þeim samræmisvottorðum sem um getur í 36. gr.

4. Í kjölfar rökstuddrar beiðni frá landsyfirvaldi eða framkvæmdastjórninni, skulu framleiðendur afhenda því yfirvaldi eða framkvæmdastjórninni, í gegnum viðurkenningaryfirvald, eintak af ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu eða heimildinni sem um getur í 1. mgr. 55. gr. sem sýnir fram á að ökutækið, kerfið, íhluturinn, aðskilda tæknieiningin, hlutarnir eða búnaðurinn samræmist kröfum, á tungumáli landsbundna yfirvaldsins eða framkvæmdastjórnarinnar.

Í kjölfar rökstuddrar beiðni frá landsyfirvaldi skulu framleiðendur vinna saman með því yfirvaldi að því er varðar allar aðgerðir sem gripið er til, í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, í því skyni að útiloka áhættu sem ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hluti eða búnaður sem þeir hafa sett á markað, hefur í för með sér.

15. gr.

Skyldur fulltrúa framleiðanda

1. Fulltrúi framleiðanda skal inna af hendi þau verkefni sem tilgreind eru í umboðinu frá framleiðandanum. Þetta umboð skal a.m.k. kveða á um að fulltrúinn:

a) hafi aðgang að ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og fylgiskjölum þess sem um getur í 1. mgr. 28. gr. ásamt aðgangi að samræmisvottorðinu á einu af opinberum tungumálum Sambandsins; slík gögn skal gera aðgengileg viðurkenningaryfirvaldinu og markaðseftirlitsyfirvöldunum í 10 ár eftir lok gildistíma ESB-gerðarviðurkenningar fyrir ökutæki og í fimm ár eftir lok gildistíma ESB-gerðarviðurkenningar fyrir kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu,

b) afhendi viðurkenningaryfirvaldi, gegn framvísun rökstuddrar beiðni frá því yfirvaldi, allar upplýsingar, öll gögn og allar aðrar tækniforskriftir, þ.m.t. aðgang að hugbúnaði og reikniritum, sem þörf er á til að sýna fram á samræmi framleiðslu á ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu,

c) eigi samstarf við viðurkenningaryfirvöldin eða markaðseftirlitsyfirvöldin, að beiðni þeirra, um allar aðgerðir sem gripið er til í því skyni að uppræta þá alvarlegu áhættu sem skapast af ökutækjum, kerfum, íhlutum, aðskildum tæknieiningum, hlutum eða búnaði sem falla undir það umboð,

d) upplýsi framleiðandann þegar í stað um kvartanir og skýrslur sem varða áhættu, atvik sem grunur er um eða tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum í tengslum við ökutæki, kerfi, íhluti, aðskildar tæknieiningar, hluti eða búnað sem falla undir það umboð,

e) hafi rétt til að fella umboðið úr gildi án viðurlaga ef framleiðandinn fer í bága við skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð.

2. Fulltrúi framleiðanda sem fellir umboðið úr gildi á grundvelli ástæðnanna sem um getur í e-lið 1. mgr. skal án tafar tilkynna það bæði til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti gerðarviðurkenninguna og til framkvæmdastjórnarinnar.

Þær upplýsingar sem leggja skal fram skulu innihalda a.m.k.:

a) dagsetningu uppsagnar umboðsins,

b) til hvaða dags megi tilgreina fráfarandi fulltrúa framleiðanda í upplýsingum sem framleiðandi lætur í té, þ.m.t öllu kynningarefni,

c) skjalaflutning, þ.m.t. trúnaðarkvaðir og eignarréttur,

d) skyldur fulltrúa fráfarandi framleiðandans eftir lok umboðsins til að áframsenda til framleiðanda eða fulltrúa framleiðandans sem við tekur allar kvartanir og skýrslur um áhættu og atvik sem grunur er um varðandi ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilda tæknieiningu, hluta eða búnað sem falla undir tilnefningu fulltrúa fráfarandi framleiðandans sem hans fulltrúa.

16. gr.

Skyldur innflytjenda

1. Innflytjendur skulu einungis setja á markað þau ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem fara að þessari reglugerð.

2. Áður en að gerðarviðurkennt ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining er sett á markað skal innflytjandi sannprófa að það falli undir gilt ESB-gerðarviðurkenningarvottorð og að kerfið, íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin hafi það gerðarviðurkenningarmerki sem krafist er og uppfylli kröfur 8. mgr. 13. gr.

Ef um er að ræða ökutæki skal innflytjandi sannprófa að því fylgi það samræmisvottorð sem krafist er.

3. Ef að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfyllir ekki kröfur þessarar reglugerðar, og er einkum ekki í samræmi við gerðarviðurkenningu skulu innflytjendur ekki setja ökutækið, kerfið, íhlutinn eða aðskildu tæknieininguna á markað, heimila notkun þeirra eða skráningu fyrr en samræmi við kröfur hefur verið tryggt.

4. Ef alvarleg áhætta skapast af ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu, hluta eða búnaði skulu innflytjendur ennfremur tilkynna um það til framleiðanda og markaðseftirlitsyfirvalda. Fyrir ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar með gerðarviðurkenningu skulu innflytjendur einnig tilkynna það til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti gerðarviðurkenninguna.

5. Innflytjendur skulu tilgreina nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang þar sem ná má í þá, á ökutækinu, íhlutnum, aðskildu tæknieiningunni, hlutanum eða búnaðinum eða, ef það er ekki mögulegt, á umbúðunum eða í skjali sem þeim fylgja.

6. Innflytjendur skulu tryggja að ökutækinu, kerfinu, íhlutnum eða aðskildu tæknieiningunni fylgi leiðbeiningar og upplýsingar, eins og krafist er í 59. gr., á opinberu tungumáli eða tungumálum hlutaðeigandi aðildarríkis.

7. Til að vernda heilsu og öryggi neytenda skulu innflytjendur halda skrá yfir kvartanir og innkallanir varðandi ökutæki, kerfi, íhluti, aðskildar tæknieiningar, hluti eða búnað sem þeir hafa sett á markað og skulu upplýsa dreifingaraðila sína um slíkar kvartanir og innkallanir.

8. Innflytjendur skulu tafarlaust upplýsa viðeigandi framleiðanda um allar kvartanir sem þeir hafa fengið varðandi áhættu, atvik sem grunur er um eða tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum í tengslum við þau ökutæki, kerfi, íhluti, aðskildu tæknieiningar, hluti eða búnað sem þeir hafa sett á markað.

9. Innflytjendur skulu sjá til þess að á meðan ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru á þeirra ábyrgð ógni geymslu- eða flutningsskilyrði ekki samræmi þeirra við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

17. gr.

Skyldur innflytjenda varðandi ökutæki þeirra, kerfi, íhluti, aðskildar tæknieiningar, hluti og búnað sem uppfylla ekki kröfur um samræmi eða sem fela í alvarlega áhættu

1. Ef ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hlutar eða búnaður sem innflytjendur hafa sett á markað er ekki í samræmi við þessa reglugerð skulu innflytjendurnir tafarlaust gera þær ráðstafanir til úrbóta sem þörf er á til að færa ökutækið, kerfið, íhlutinn, aðskildu tæknieininguna, hlutana eða búnaðinn til samræmis við reglugerðina, undir umsjón framleiðandans, eða afturkalla það af markaði eða innkalla eins og við á. Innflytjendur skulu tilkynna framleiðandanum og viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna.

2. Ef alvarleg áhætta skapast af ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu, hlutum eða búnaði sem sett hefur verið á markað skulu innflytjendur tafarlaust veita framleiðendum og viðurkenningaryfirvöldum og markaðseftirlitsyfirvöldum nákvæmar upplýsingar um þá alvarlegu áhættu.

Innflytjendur skulu einnig tilkynna viðurkenningaryfirvöldunum og markaðseftirlitsyfirvöldunum um allar aðgerðir sem gripið er til og veita upplýsingar, einkum um alvarlegu áhættuna sem og allar ráðstafanir sem framleiðandinn hefur gripið til.

3. Í 10 ár eftir lok gildistíma ESB-gerðarviðurkenningar á ökutæki og í fimm ár eftir lok gildistíma ESB-gerðarviðurkenningarinnar á kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu skulu innflytjendur varðveita afrit af ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og fylgiskjölunum þess, sem um getur í 1. mgr. 28. gr., og skulu tryggja að hægt sé að gera þau aðgengileg viðurkenningaryfirvaldinu og markaðseftirlitsyfirvöldunum að fenginni beiðni.

4. Innflytjendur skulu, í kjölfar rökstuddrar beiðni frá landsyfirvaldi, afhenda því yfirvaldi allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfylli kröfur, á tungumáli þess yfirvalds.

Í kjölfar rökstuddrar beiðni frá landsyfirvaldi skulu innflytjendur vinna saman með því yfirvaldi að því er varðar allar aðgerðir sem gripið er til, í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, í því skyni að útiloka áhættu sem ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hluti eða búnaður sem þeir hafa sett á markað, hefur í för með sér.

18. gr.

Skyldur dreifingaraðila

1. Áður en ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining er boðin fram á markaði skulu dreifingaraðilar sannprófa að ökutækið, kerfið, íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin hafi þá lögboðnu merkiplötu eða gerðarviðurkenningarmerki sem gerð er krafa um, að þeim fylgi þau skjöl sem krafist er sem og leiðbeiningar og öryggisupplýsingar, eins og krafist er í 59. gr., á opinberu tungumáli eða tungumálum viðeigandi aðildarríkisins og að innflytjandinn og framleiðandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í annars vegar 8. mgr. 13. gr. og 5. mgr. 16. gr. hins vegar.

2. Dreifingaraðilar skulu tafarlaust upplýsa viðeigandi framleiðanda um allar kvartanir sem þeir hafa fengið varðandi áhættu, atvik sem grunur er um eða tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum varðandi ökutæki, kerfi, íhluti, aðskildu tæknieiningar, hluti eða búnað sem þeir hafa boðið fram á markaði.

3. Dreifingaraðilar skulu sjá til þess að á meðan ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar eru á þeirra ábyrgð ógni geymslu- eða flutningsskilyrði ekki samræmi þeirra við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

19. gr.

Skyldur dreifingaraðila varðandi ökutæki þeirra, kerfi, íhluti, aðskildar tæknieiningar, hluti og búnað sem uppfylla ekki kröfur um samræmi eða sem fela í alvarlega áhættu

1. Ef ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hlutar eða búnaður er ekki í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð skulu dreifingaraðilar tilkynna það til framleiðandans, innflytjandans og þess viðurkenningaryfirvalds sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna, og skulu ekki bjóða fram á markaði þau ökutæki, kerfi, íhluti, aðskildu tæknieiningar, hluta eða búnað fyrr en þau hafa verið færð til samræmis við þær kröfur.

2. Ef dreifingaraðilar hafa boðið fram á markaði ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilda tæknieiningu, hluta eða búnað sem er ekki í samræmi við þessa reglugerð skulu þeir dreifingaraðilar tilkynna það til framleiðandans, innflytjandans og þess viðurkenningaryfirvalds sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna.

3. Ef alvarleg áhætta skapast af ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu, hlutum eða búnaði skulu dreifingaraðilar tafarlaust veita nákvæmar upplýsingar um það handa framleiðandanum, innflytjandanum og viðurkenningaryfirvöldunum og markaðseftirlitsyfirvöldunum í þeim aðildarríkjum þar sem það ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilda tæknieining, hluti eða búnaður hefur verið boðið fram á markaði.

Dreifingaraðilar skulu einnig tilkynna þeim um allar aðgerðir sem gripið er til og veita upplýsingar um allar ráðstafanir sem framleiðandinn hefur gripið til.

4. Í kjölfar rökstuddrar beiðni frá landsyfirvaldi skulu dreifingaraðilar vinna saman með því yfirvaldi að því er varðar allar aðgerðir sem gripið er til, í samræmi við 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, í því skyni að útiloka áhættu sem ökutæki, kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hluti eða búnaður sem þeir hafa sett á markað, hefur í för með sér.

20. gr.

Tilvik þar sem skyldur framleiðenda gilda um innflytjendur og dreifingaraðila

Í skilningi þessarar reglugerðar telst innflytjandi eða dreifingaraðili vera framleiðandi og skal hann gegna skyldum framleiðandans skv. 8., 13. og 14. gr. í eftirfarandi tilvikum:

a) ef innflytjandinn eða dreifingaraðilinn býður fram á markaði eða ber ábyrgð á að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining sé tekin í notkun, undir eigin nafni eða vörumerki, eða breytir ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu þannig að þau uppfylli e.t.v. ekki lengur viðeigandi kröfur eða

b) ef innflytjandinn eða dreifingaraðilinn býður fram á markaði eða ber ábyrgð á að kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining sé tekin í notkun á grundvelli SÞ-gerðarviðurkenningar sem veitt var framleiðanda utan Sambandsins og ekki er mögulegt að tilgreina fulltrúa framleiðanda á yfirráðasvæði Sambandsins.

21. gr.

Markaðsaðilar tilgreindir

Í 10 ár eftir að ökutæki er sett á markað og í fimm ár eftir að kerfi, íhlutur, aðskilin tæknieining, hluti eða búnaður er sett á markað skulu markaðsaðilar veita upplýsingar um eftirfarandi, að fenginni beiðni frá viðurkenningaryfirvaldi eða markaðseftirlitsyfirvaldi:

a) auðkenni allra markaðsaðila sem hafa séð þeim fyrir ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu, hluta eða búnaði,

b) auðkenni allra markaðsaðila sem þeir hafa séð fyrir ökutæki, kerfi, íhlut, aðskilinni tæknieiningu, hluta eða búnaði.

III. KAFLI

AÐFERÐIR VIÐ VEITINGU ESB-GERÐARVIÐURKENNINGAR

22. gr.

Aðferðir við veitingu ESB-gerðarviðurkenningar

1. Ef framleiðandinn sækir um heildargerðarviðurkenningu ökutækis getur hann valið eina af eftirfarandi aðferðum:

a) gerðarviðurkenningu í áföngum,

b) gerðarviðurkenningu í einum áfanga,

c) blandaða gerðarviðurkenningu.

Þar að auki getur framleiðandinn valið fjölþrepa gerðarviðurkenningu fyrir ófullbúið ökutæki eða fjölþrepa fullbúið ökutæki.

2. Með fyrirvara um kröfur þeirra stjórnvaldsfyrirmæla sem talin eru upp í II. viðauka er einungis gerðarviðurkenning í einum áfanga viðeigandi fyrir gerðarviðurkenningu kerfis, gerðarviðurkenningu íhlutar og gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar.

3. Veita skal fjölþrepa gerðarviðurkenningu í tengslum við ófullbúna eða fullbúna gerð ökutækis sem, með hliðsjón af því hvaða smíðaþrepi ökutækið er á, er í samræmi við einstök atriði í upplýsingamöppunni sem um getur í 24. gr. og sem uppfyllir tæknilegu kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðkomandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

Fjölþrepa gerðarviðurkenning skal einnig gilda um fullbúin ökutæki sem annar framleiðandi hefur breytt eftir að smíði þeirra er lokið.

4. Einungis skal veita ESB-gerðarviðurkenningu fyrir síðasta smíðaþrepið eftir að viðurkenningaryfirvaldið hefur sannprófað, í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í IX. viðauka, að gerð ökutækisins sem er viðurkennd á síðasta smíðaþrepi uppfylli allar viðeigandi tæknilegar kröfur þegar viðurkenningin er veitt. Sannprófun skal fela í sér sannprófun skjala vegna allra krafna sem eiga við um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir ófullbúna gerð ökutækis sem veitt er með fjölþrepa aðferð, þ.m.t. þegar hún er veitt fyrir annan flokk ökutækis.

5. Valið á aðferðinni fyrir ESB-gerðarviðurkenningu sem um getur í 1. mgr. skal ekki hafa áhrif á þær viðeigandi kröfur sem viðurkennd gerð ökutækis þarf að uppfylla þegar heildargerðarviðurkenning ökutækis er veitt.

6. Einn framleiðandi má einnig nota fjölþrepa gerðarviðurkenningu, að því tilskildu að hún sé ekki notuð til að sniðganga kröfurnar sem gilda um ökutæki sem smíðuð eru í einu þrepi. Ökutæki sem smíðuð eru af einum framleiðanda teljast ekki hafa verið smíðuð í mörgum þrepum að því er varðar 41., 42. og 49. gr.

23. gr.

Umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu

1. Framleiðandinn skal leggja fyrir viðurkenningaryfirvaldið umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu og upplýsingamöppuna sem um getur í 24. gr.

2. Einungis skal leggja fram eina umsókn að því er varðar tiltekna gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar. Þá umsókn skal aðeins leggja fram í einu aðildarríki og hún einungis lögð fyrir eitt viðurkenningaryfirvald í því aðildarríki.

Ekki má leggja fram nýja umsókn í öðru aðildarríki að því er varðar sömu gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar þegar:

a) viðurkenningaryfirvald hefur neitað að veita gerðarviðurkenningu á þeirri gerð,

b) viðurkenningaryfirvald hefur dregið til baka gerðarviðurkenningu á þeirri gerð eða

c) framleiðandinn hefur afturkallað umsókn um gerðarviðurkenningu á þeirri gerð.

Viðurkenningaryfirvaldið skal hafna umsókn um gerðarviðurkenningu á mismunandi gerðarheiti eða afbrigði að því er tekur til fyrri umsóknar ef breytingarnar eru ekki nægar til að teljast vera ný gerð af ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu.

3. Umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu á tiltekinni gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar skal innihalda yfirlýsingu frá framleiðandanum þar sem í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. er vottað að:

a) framleiðandinn hefur ekki sótt um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir sömu gerðina hjá einhverju öðru viðurkenningaryfirvaldi og ekkert annað viðurkenningaryfirvald hefur veitt framleiðandanum slíka viðurkenningu,

b) ekkert viðurkenningaryfirvald hefur neitað að veita gerðarviðurkenningu á þeirri gerð,

c) ekkert viðurkenningaryfirvald hefur dregið til baka gerðarviðurkenningu á þeirri gerð og

d) framleiðandinn hefur ekki afturkallað umsókn um gerðarviðurkenningu á þeirri gerð.

4. Sérstök umsókn skal lögð fram fyrir hverja gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem á að viðurkenna.

24. gr.

Upplýsingamappa

1. Upplýsingamappan skal innihalda eftirfarandi:

a) upplýsingaskjal, í samræmi við það sniðmát sem mælt er fyrir um í þeim framkvæmdargerðum sem um getur í 4. mgr., um gerðarviðurkenningu í einum áfanga eða blandaða heildargerðarviðurkenningu ökutækis eða um heildargerðarviðurkenningu ökutækis í áföngum eða, ef um er að ræða gerðarviðurkenningu á kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu, í samræmi við þau viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæli sem talin eru upp í II. viðauka,

b) öll gögn, teikningar, ljósmyndir og aðrar viðeigandi upplýsingar,

c) að því er varðar ökutæki, upplýsingar um aðferðina eða aðferðirnar sem valdar eru í samræmi við 1. mgr. 22. gr.,

d) allar viðbótarupplýsingar sem viðurkenningaryfirvaldið fer fram á með skírskotun til ESB-gerðarviðurkenningaraðferðarinnar.

2. Upplýsingaskjalið sem um getur í a-lið 1. mgr. um heildargerðarviðurkenningu ökutækis skal innihalda allar upplýsingar um einkenni gerðar ökutækisins sem eru viðurkenningaryfirvaldinu nauðsynlegar til að greina gerð ökutækisins og til að framkvæma gerðarviðurkenningaraðferðina á tilhlýðilegan hátt.

3. Framleiðandinn skal leggja fram upplýsingamöppuna til viðurkenningaryfirvaldsins á rafrænu formi sem það yfirvald telur viðunandi. Viðurkenningaryfirvaldið getur einnig samþykkt þær upplýsingamöppur sem eru lagðar fram á pappír.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um sniðmát upplýsingaskjalsins og alla aðra hluta upplýsingamöppunnar, ásamt samræmdu rafrænu sniði að því er varðar 3. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðina eigi síðar en 5. júlí 2020.

25. gr.

Viðbótarupplýsingar sem á að leggja fram með umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu

1. Umsókn um gerðarviðurkenningu í áföngum skal fylgja, til viðbótar við upplýsingamöppuna sem um getur í 24. gr., öll ESB-gerðarviðurkenningarvottorðin eða SÞ-gerðarviðurkenningarvottorðin ásamt fylgiskjölum þeirra sem krafist er samkvæmt þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

Ef um er að ræða gerðarviðurkenningu kerfis, gerðarviðurkenningu íhlutar eða gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar samkvæmt þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka skal viðurkenningaryfirvaldið hafa aðgang að upplýsingamöppunni og, ef við á, ESB-gerðarviðurkenningarvottorðunum og fylgiskjölum þeirra þar til heildargerðarviðurkenning ökutækis er annað hvort veitt eða henni synjað.

2. Umsókn um blandaða gerðarviðurkenningu skal fylgja, til viðbótar við upplýsingamöppuna sem um getur í 24. gr., ESB-gerðarviðurkenningarvottorðin eða SÞ-gerðarviðurkenningarvottorðin ásamt fylgiskjölum þeirra sem krafist er samkvæmt þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

Umsókn fyrir kerfi sem engu ESB-gerðarviðurkenningarvottorði eða SÞ-gerðarviðurkenningarvottorði hefur verið framvísað fyrir skal fylgja, til viðbótar við upplýsingamöppuna sem um getur í 24. gr., þær upplýsingar sem krafist er fyrir viðurkenninguna á þeim kerfum meðan á viðurkenningu ökutækis stendur, ásamt prófunarskýrslu í stað fyrir ESB-gerðarviðurkenningarvottorð eða SÞ-gerðarviðurkenningarvottorð.

3. Umsókn um fjölþrepa gerðarviðurkenningu skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

a) í fyrsta þrepi: þeir hlutar upplýsingamöppunnar og ESB-gerðarviðurkenningarvottorðanna, SÞ-gerðarviðurkenningarvottorðanna eða, ef við á, prófunarskýrslnanna sem eiga við eftir því hversu langt smíði grunnökutækisins er komin,

b) í öðru þrepi og síðari þrepum: þeir hlutar upplýsingamöppunnar og ESB-gerðarviðurkenningarvottorðanna eða SÞ-gerðarviðurkenningarvottorðanna sem eiga við það þrep sem smíðin er á, ásamt afriti af ESB-heildargerðarviðurkenningarvottorði ökutækis sem var gefið út á síðara þrepi smíðinnar, sem og ítarlegar upplýsingar um allar breytingar eða viðbætur sem framleiðandinn hefur framkvæmt á ökutækinu.

Veita skal þær upplýsingar sem tilgreindar eru í þessari málsgrein í samræmi við 3. mgr. 24.gr.

4. Viðurkenningaryfirvaldið og tækniþjónustur skulu hafa aðgang að þeim hugbúnaði og reikniritum ökutækisins sem þau telja vera nauðsynleg í þeim tilgangi að geta sinnt starfsemi sinni.

Til að ákveða hvaða prófanir eru nauðsynlegar eða til að auðvelda framkvæmd þeirra prófana er viðurkenningaryfirvaldinu og tækniþjónustu einnig heimilt að krefja framleiðandann um að leggja fram skjöl eða aðrar viðbótarupplýsingar sem þörf er á til að leyfa viðurkenningaryfirvaldinu eða tækniþjónustu að þróa viðeigandi skilning á kerfunum, þ.m.t. á þróunarferli og útfærslu kerfanna, ásamt hlutverki hugbúnaðar og reiknirita sem eru nauðsynleg til að sannprófa samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð.

IV. KAFLI

FRAMKVÆMD AÐFERÐA VIÐ ESB-GERÐARVIÐURKENNINGU

26. gr.

Almenn ákvæði um framkvæmd aðferða við ESB-gerðarviðurkenningu

1. Einungis má veita eina ESB-gerðarviðurkenningu fyrir hverja gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar.

2. Viðurkenningaryfirvald sem hefur borist umsókn í samræmi við 23. gr. skal einungis veita ESB-gerðarviðurkenningu eftir að hafa sannprófað allt eftirfarandi:

a) fyrirkomulag vegna samræmis framleiðslu sem um getur í 31. gr.,

b) að yfirlýsingin sem um getur í 3. mgr. 23. gr. hafi verið lögð fram,

c) að gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar uppfylli viðeigandi kröfur,

d) ef um er að ræða heildargerðarviðurkenningar ökutækis í samræmi við gerðarviðurkenningaraðferðirnar sem eru í áföngum, sem eru blandaðar eða sem eru fjölþrepa skal viðurkenningaryfirvaldið sannprófa í samræmi við 4. mgr. 22. gr. að kerfin, íhlutirnir og aðskildu tæknieiningarnar falli undir aðskildar og gildar gerðarviðurkenningar sem veittar hafa verið samkvæmt þeim kröfum sem eru í gildi þegar heildargerðarviðurkenning ökutækis er veitt.

3. Aðferðirnar að því er varða ESB-gerðarviðurkenningu, sem settar eru fram í III. viðauka, og aðferðirnar að því er varða fjölþrepa gerðarviðurkenningu, sem settar eru fram í IX. viðauka, gilda.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta III. og IX. viðauka þannig að tekið sé tillit til þróunar á sviði reglusetningar og tækniþróunar með því að uppfæra aðferðirnar sem þar eru tilgreindar að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu og fjölþrepa gerðarviðurkenningu.

4. Viðurkenningaryfirvaldið skal setja saman upplýsingasafn sem samanstendur af upplýsingamöppunni sem um getur í 24. gr., ásamt prófunarskýrslunum og öllum öðrum skjölum sem tækniþjónustan bætti við upplýsingamöppuna meðan á störfum hennar stóð.

Geyma má upplýsingasafnið með rafrænum hætti. Það skal innihalda atriðaskrá þar sem snið hvers skjals og allar blaðsíður þess koma skýrt fram og þar sem allar breytingar á ESB-gerðarviðurkenningunni eru skráðar í tímaröð.

Viðurkenningaryfirvald skal hafa upplýsingasafnið aðgengilegt í 10 ár frá því að gildistíma viðeigandi ESB-gerðarviðurkenningar lýkur.

5. Viðurkenningaryfirvaldið skal neita að veita ESB-gerðarviðurkenningu ef það telur að alvarleg áhætta fyrir öryggi eða skaðleg áhrif á umhverfið eða lýðheilsu skapist engu að síður af gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem uppfyllir viðeigandi kröfur. Í slíku tilfelli skal það án tafar senda viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni ítarlegt skjal þar sem fram koma ástæður fyrir ákvörðuninni og rökstuðningur fyrir niðurstöðu þess.

6. Ef um er að ræða gerðarviðurkenningaraðferðir sem eru í áföngum, sem eru blandaðar og sem eru fjölþrepa skal viðurkenningaryfirvaldið neita í samræmi við 4. mgr. 22. gr. að veita ESB-gerðarviðurkenningu ef það telur að kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar uppfylli ekki þær kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð.

Viðurkenningaryfirvaldið skal biðja þau viðurkenningaryfirvöld sem veittu gerðarviðurkenningar fyrir kerfin, íhlutina eða aðskildu tæknieiningarnar um að þau fari eftir 2. mgr. 54. gr.

27. gr.

Tilkynning um ESB-gerðarviðurkenningu sem hefur verið veitt, breytt, synjað og afturkölluð

1. Við útgáfu eða breytingu á ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu skal viðurkenningaryfirvaldið láta viðurkenningaryfirvöldum annarra aðildarríkja, markaðseftirlitsyfirvöldum og framkvæmdastjórninni í té eintak af ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu fyrir hverja gerð ökutækis, kerfis, íhlutar og aðskilinnar tæknieiningar sem viðurkenningaryfirvaldið hefur veitt gerðarviðurkenningu og fylgiskjöl þess, þ.m.t. prófunarskýrslurnar sem um getur í 30. gr. Gera skal það afrit aðgengilegt með sameiginlega örugga kerfinu til rafrænna upplýsingaskipta í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar.

2. Viðurkenningaryfirvaldið skal án tafar tilkynna viðurkenningaryfirvöldunum í hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni ef það synjar eða afturkallar ESB-gerðarviðurkenningu, og gera grein fyrir ástæðunum fyrir ákvörðun sinni, með sameiginlega örugga kerfinu til rafrænna upplýsingaskipta í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 3. mgr.

3. Að því er varðar sameiginlega örugga kerfið til rafrænna upplýsingaskipta skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir þar sem kveðið er á um sniðið á rafrænu skjölunum sem gera á aðgengileg, fyrirkomulagið við upplýsingaskiptin, aðferðirnar við að upplýsa yfirvöld um veitingu ESB-gerðarviðurkenningar og um breytingar, synjanir og afturköllun þeirra og um þær öryggisráðstafanir sem eru viðeigandi. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðina eigi síðar en 5. júlí 2020.

28. gr.

ESB-gerðarviðurkenningarvottorð

1. ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið skal innihalda eftirfarandi fylgiskjöl:

a) upplýsingasafnið sem um getur í 4. mgr. 26. gr.,

b) prófunarskýrslurnar sem um getur í 30. gr. ef um er að ræða gerðarviðurkenningu kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar eða blaðið með prófunarniðurstöðunum ef um er að ræða heildargerðarviðurkenningu ökutækis,

c) nafn og sýnishorn af undirskrift þess eða þeirra sem hafa heimild til að skrifa undir samræmisvottorð og yfirlýsing um stöðu þeirra innan fyrirtækisins, ef um er að ræða heildargerðarviðurkenningu ökutækis.

d) útfyllt sýnishorn af samræmisvottorðinu fyrir gerð ökutækisins, ef um er að ræða heildargerðarviðurkenningu ökutækis.

2. ESB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir eitt einstakt ökutæki skal fá einkvæmt númer í samræmi við samræmt númerakerfi sem skal a.m.k. gera kleift að tilgreina aðildarríkið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna og gera kleift að tilgreina þær kröfur sem gerð ökutækisins, kerfisins, íhlutarins eða aðskildu tæknieiningarinnar samræmist.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um sniðmát fyrir ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið, samræmda númerakerfið og blaðið með prófunarniðurstöðunum, eftir því sem við á, þ.m.t. viðeigandi rafræn snið. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðina eigi síðar en 5. júlí 2020.

4. Að því er varðar hverja gerð ökutækis, kerfis, íhlutar og aðskilinnar tæknieiningar skal viðurkenningaryfirvaldið:

a) fylla út alla viðeigandi hluta ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins, þ.m.t. fylgiskjöl þess,

b) taka saman atriðaskrá með upplýsingasafninu eins sem og um getur í 4. mgr. 26. gr.,

c) gefa út útfyllt ESB-gerðarviðurkenningarvottorð ásamt fylgiskjölum þess til handa framleiðandans án tafar.

5. Ef um er að ræða ESB-gerðarviðurkenningu sem hefur takmarkað gildi í samræmi við 39. gr., 43. gr. eða III. hluta II. viðauka, eða sem tiltekin ákvæði þessarar reglugerðar eða þau stjórnvaldsfyrirmæli sem talin eru upp í II. viðauka gilda ekki um, skal ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið tilgreina þær takmarkanir eða viðeigandi ákvæði sem gilda ekki.

6. Ef framleiðandi ökutækis velur blönduðu gerðarviðurkenningaraðferðina skal viðurkenningaryfirvaldið fella inn í upplýsingasafnið, sem um getur í 4. mgr. 26. gr., tilvísanir í þær prófunarskýrslur, sem um getur í 30. gr., um kerfin, íhlutina eða aðskildu tæknieiningarnar sem ekki hafa fengið útgefið ESB-gerðarviðurkenningarvottorð. Í upplýsingasafninu skal viðurkenningaryfirvaldið einnig tilgreina með skýrum hætti tæknilegu kröfurnar í þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka, sem ökutækið er prófað samkvæmt.

7. Ef framleiðandi ökutækis velur gerðarviðurkenningu í einum áfanga skal viðurkenningaryfirvaldið láta fylgja með ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu skrá yfir viðeigandi stjórnsýslufyrirmæli í samræmi við sniðmátið sem kemur fram í þeim framkvæmdargerðum sem um getur í 3. mgr.

29. gr.

Sértæk ákvæði varðandi ESB-gerðarviðurkenningar á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum

1. ESB-gerðarviðurkenning skal veitt að því er varðar kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu sem er í samræmi við efnisatriðin í upplýsingamöppunni sem um getur í 24. gr. og uppfyllir tæknilegu kröfurnar sem mælt er fyrir um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

2. Þegar íhlutir eða aðskildar tæknieiningar, hvort sem þær eru ætlaðar til viðgerða, þjónustu eða viðhalds, falla einnig undir gerðarviðurkenningu kerfis að því er varðar ökutæki, er ekki krafist frekari gerðarviðurkenningu íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar nema kveðið sé á um slíka gerðarviðurkenningu í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

3. Þegar íhlutur eða aðskilin tæknieining þjónar einungis hlutverki sínu í sambandi við aðra hluta ökutækisins, eða bíður þannig upp á tiltekna eiginleika, og því er einungis hægt að sannreyna að farið sé að ákvæðum þegar íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin vinnur með öðrum hlutum ökutækisins, skal takmarka gildissvið ESB-gerðarviðurkenningarinnar á íhlutnum eða á aðskildu tæknieiningunni eftir því.

Í slíkum tilvikum skal taka fram í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu takmarkanir á notkun íhlutarins eða aðskildu tæknieiningarinnar sem og þau sérstöku skilyrði sem gilda um áfestingu þess íhlutar eða þeirrar aðskildu tæknieiningar á ökutæki.

Ef sá íhlutur eða sú aðskilda tæknieining er uppsett í ökutæki skal viðurkenningaryfirvaldið sannreyna, við viðurkenningu á ökutæki, að íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin uppfylli allar viðeigandi takmarkanir á notkun eða skilyrðum fyrir uppsetningu.

30. gr.

Prófanir sem krafist er fyrir ESB-gerðarviðurkenningu

1. Að því er varðar veitingu ESB-gerðarviðurkenninga skal viðurkenningaryfirvaldið sannprófa samræmi við tæknilegu kröfurnar í þessari reglugerð með viðeigandi prófunum sem tækniþjónustur framkvæma.

2. Í prófunarskýrslunni skal skrá grundvallarþætti prófananna, þ.m.t. tæknilegu kröfurnar sem sannprófað hefur verið með þeim prófunum að séu uppfylltar.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um sniðið á prófunarskýrslunum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðina eigi síðar en 5. júlí 2020.

4. Framleiðandinn skal láta viðurkenningaryfirvaldinu í té og veita viðkomandi tækniþjónustum þau ökutæki, kerfi, íhluti, eða aðskildar tæknieiningar og krafist er samkvæmt þeim viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka til að unnt sé að framkvæma nauðsynlegar prófanir.

5. Nauðsynlegar prófanirnar skulu framkvæmdar á ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem eru dæmigerð fyrir þá gerð sem á að viðurkenna.

6. Ef lagt er fram gildissvið fyrir mæliþættina og fyrir skilyrðin sem notuð eru til að framkvæma viðeigandi prófanir sem um getur í 1. mgr. getur tækniþjónustan valið hvaða gildi sem er innan þess sviðs.

7. Að beiðni framleiðandans og með fyrirvara um samþykki viðurkenningaryfirvaldsins má notast við sýndarprófunaraðferðir í samræmi við VIII. viðauka í stað prófananna sem um getur í 1. mgr.

8. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta VIII. viðauka þannig að tekið sé tillit til tækniþróunar og þróunar á sviði reglusetningar með því að uppfæra skrána yfir stjórnvaldsfyrirmæli sem heimila framleiðanda eða tækniþjónustu að beita sýndarprófunum og við hvaða sérstöku skilyrði eigi að beita þessum sýndarprófunaraðferðum.

31. gr.

Fyrirkomulag vegna samræmis framleiðslu

1. Viðurkenningaryfirvald sem hefur veitt ESB-gerðarviðurkenningu skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við IV. viðauka til að sannprófa, í samvinnu við viðurkenningaryfirvöld hinna aðildarríkjanna ef þarf, að framleiðandinn framleiði ökutækin, kerfin, íhlutina eða aðskildu tæknieiningarnar í samræmi við viðurkenndu gerðina.

2. Viðurkenningaryfirvald sem hefur veitt heildargerðarviðurkenningu ökutækis skal sannprófa að tölfræðilega marktækur fjöldi sýna af ökutækjum og samræmisvottorðum uppfylli ákvæði 36. gr. og 37. gr. og skal sannprófa að gögnin í þessum samræmisvottorðum séu rétt.

3. Viðurkenningaryfirvald sem hefur veitt ESB-gerðarviðurkenningu skal grípa til nauðsynlegra ráðstafana, ef nauðsyn krefur í samstarfi við viðurkenningaryfirvöld annarra aðildarríkja, til að sannprófa að fyrirkomulagið sem um getur í 1. og 2. mgr. í þessari grein dugi áfram til að ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar í framleiðslu haldi áfram að vera í samræmi við viðurkennda gerð og að samræmisvottorð uppfylli áfram 36. og 37. gr.

4. Til að sannprófa að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining sé í samræmi við viðurkenndu gerðina skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma þær athuganir eða prófanir á sýnishornum sem tekin eru á athafnasvæði framleiðandans, þ.m.t. á framleiðslustöðvum, sem krafist er fyrir ESB-gerðarviðurkenningu.

Í samræmi við IV. viðauka skal viðurkenningaryfirvaldið gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framkvæma slíkar athuganir eða prófanir með þeirri tíðni sem tilgreind er í stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka eða minnst á þriggja ára fresti ef engin tíðni er tilgreind í þeim fyrirmælum.

5. Til að sannprófa að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining sé í samræmi við viðurkenndu gerðina skal viðurkenningaryfirvaldið eða tækniþjónusturnar:

a) stilla gildin þannig að þau séu handahófskennd innan tiltekins sviðs við framkvæmd athugana eða prófana, sé gildissvið sett fram í þeim prófunaraðferðum sem mælt er fyrir um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka og

b) hafa aðgang að hugbúnaði, reikniritum, gögnum og öllum viðbótarupplýsingum í samræmi við 4. mgr. 25. gr.

6. Viðurkenningaryfirvald sem hefur veitt ESB-gerðarviðurkenningu skal grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að sannprófa að framleiðandinn fari að skuldbindingunum sem settar eru fram í XIV. kafla. Viðurkenningaryfirvaldið skal einkum sannprófa hvort að framleiðandinn hafi breytt eða bætt við upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækisins og upplýsingarnar um viðgerðir og viðhald ökutækis í því skyni að fara að þeim skuldbindingum.

7. Ef viðurkenningaryfirvald sem hefur veitt ESB-gerðarviðurkenningu kemst að þeirri niðurstöðu að framleiðandinn framleiðir ekki lengur ökutækin, kerfin, íhlutina eða aðskildu tæknieiningarnar í samræmi við viðurkenndu gerðina eða kröfurnar í þessari reglugerð, eða kemst að þeirri niðurstöðu að samræmisvottorðin uppfylla ekki lengur 36. og 37. gr., jafnvel þó framleiðslu sé haldið áfram skal viðurkenningaryfirvaldið grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að ráðstöfunum vegna samræmis framleiðslu sé réttilega fylgt, annars skal það afturkalla gerðarviðurkenninguna. Viðurkenningaryfirvaldið getur ákveðið að grípa til allra nauðsynlegra takmarkandi ráðstafana í samræmi við XI. kafla.

8. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta IV. viðauka þannig að tekið sé tillit til tækniþróunar og þróunar á sviði reglusetningar með því að uppfæra aðferðirnar til að tryggja samræmi framleiðslu.

32. gr.

Gjöld

1. Leggja skal gjöldin fyrir starfsemi á sviði ESB-gerðarviðurkenninga á þá framleiðendur sem hafa sótt um ESB-gerðarviðurkenningu í hlutaðeigandi aðildarríki.

Aðildarríkin skulu tryggja að nægilegt fjármagn sé tiltækt til að standa straum af kostnaðinum vegna starfsemi á sviði markaðseftirlits. Með fyrirvara um landslög er heimilt að endurheimta þann kostnað með gjöldum sem aðildarríkið þar sem ökutækin eru sett á markað má leggja á.

2. Aðildarríkin geta lagt umsýslugjöld á tækniþjónustu sem sækir um að vera tilnefnd til að standa að öllu leyti eða að hluta til undir kostnaði sem tengist starfsemi landsyfirvalda sem bera ábyrgð á tækniþjónustu í samræmi við þessa reglugerð.

V. KAFLI

GILDI ESB-GERÐARVIÐURKENNINGA OG BREYTINGAR Á ÞEIM

33. gr.

Almenn ákvæði um breytingar á ESB-gerðarviðurkenningum

1. Framleiðandi skal án tafar tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna um allar breytingar á efnisatriðunum sem talin eru upp í upplýsingasafninu sem um getur í 4. mgr. 26. gr., þ.m.t. um allar breytingar á ítarlegu upplýsingamöppunni samkvæmt stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka.

Viðurkenningaryfirvaldið skal ákveða hvort að sú breyting útheimtir breytingu annaðhvort í formi endurskoðunar eða rýmkunar á ESB-gerðarviðurkenningunni í samræmi við 34. gr. eða skal ákveða hvort sú breyting útheimtir nýja ESB-gerðarviður-kenningu.

2. Umsókn um breytingu skal einungis leggja fyrir viðurkenningaryfirvaldið sem veitti fyrirliggjandi ESB-gerðarviðurkenninguna.

3. Ef viðurkenningaryfirvald kemst að því að breyting útheimtir það að skoðanir eða prófanir séu endurteknar skal viðurkenningaryfirvaldið upplýsa framleiðandann um það.

4. Ef viðurkenningaryfirvald kemst að því, á grundvelli þeirra skoðana eða prófana sem um getur í 3. mgr. í þessari grein, að kröfurnar um ESB-gerðarviðurkenningu séu áfram uppfylltar skulu aðferðirnar gilda sem um getur í 34. gr.

5. Ef viðurkenningaryfirvaldið kemst að því að rýmkun á fyrirliggjandi gerðarviðurkenningu geti ekki náð yfir breytingarnar á þeim einstöku atriðum sem skráð eru í upplýsingasafninu skal viðurkenningaryfirvaldið neita að breyta ESB-gerðarviðurkenningunni og skal fara fram á að framleiðandinn sæki um nýja ESB-gerðarviðurkenningu.

34. gr.

Endurskoðun og rýmkun ESB-gerðarviðurkenninga

1. Breyting skal tilgreind sem „endurskoðun“ ef viðurkenningaryfirvald kemst að því að viðkomandi gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar uppfyllir áfram viðeigandi kröfur fyrir þá gerð og að þess vegna þurfi ekki að endurtaka neinar skoðanir eða prófanir, þrátt fyrir breytingarnar á skráðum efnisþáttum í upplýsingasafninu sem um getur í 4. mgr. 26. gr.

Í slíku tilviki skal viðurkenningaryfirvaldið gefa út endurskoðaðar síður úr upplýsingasafninu, eins og nauðsyn krefur og án tafar, og merkja hverja endurskoðaða síðu þannig að eðli breytingarinnar og dagsetning endurútgáfunnar sjáist greinilega, en annars skal viðurkenningaryfirvaldið gefa út samsteypta og uppfærða útgáfu af upplýsingasafninu, ásamt nákvæmri lýsingu á breytingunum.

2. Breytingin felur í sér „rýmkun“ ef viðurkenningaryfirvaldið kemst að þeirri niðurstöðu að upplýsingarnar sem skráðar eru í upplýsingasafninu hafi breyst og ef eitthvað af eftirtöldu gildir:

a) þörf er á frekari skoðunum eða prófunum til að sannprófa að áfram sé farið að kröfunum sem fyrirliggjandi ESB-gerðarviðurkenning hefur verið byggð á,

b) einhverjar upplýsingar í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu, nema í fylgiskjölum þess, hafa breyst eða

c) nýjar kröfur samkvæmt einhverjum stjórnsýslufyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka taka gildi varðandi viðurkennda gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar.

Ef um er að ræða rýmkun, skal viðurkenningaryfirvaldið án tafar gefa út uppfært ESB-gerðarviðurkenningarvottorð, sem skal vera merkt með númeri rýmkunar sem hækkar í samræmi við fjölda rýmkana sem þegar hafa verið veittar. Ástæðan fyrir rýmkuninni, dagsetning endurútgáfunnar og, ef við á, gildistíminn skal koma fram með skýrum hætti í því viðurkenningarvottorði.

3. Þegar breyttar síður upplýsingasafnsins eru gefnar út eða samsteypt, uppfærð útgáfa af upplýsingasafninu er gefin út skal atriðaskránni með upplýsingasafninu vera breytt þannig að gefin sé til kynna dagsetning nýjustu rýmkunar eða endurskoðunar eða dagsetning nýjustu samsteyptu, uppfærðu útgáfunnar.

4. Ekki er þörf á rýmkun á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis ef nýju kröfurnar, sem um getur í c-lið 2. mgr., skipta ekki máli, út frá tæknilegu sjónarmiði, fyrir þessa gerð ökutækis eða þær varða aðra ökutækjaflokka en þann sem ökutækið tilheyrir.

35. gr.

Gerðarviðurkenning fellur úr gildi

1. Viðurkenningaryfirvaldið skal sannprófa að gerð ökutækisins uppfylli öll stjórnvaldsfyrirmælin sem eiga við um þá gerð, að sjö árum liðnum frá nýjustu uppfærslu á upplýsingasafninu ef um ræðir ESB-heildargerðarviðurkenningarvottorð fyrir ökutæki í flokkum M_1 og N_1, og að 10 árum liðnum fyrir ökutæki í flokkum M_2, M_3, N_2, N_3 og O.

Ekki er nauðsynlegt að endurtaka prófanirnar sem um getur í 30. gr. ef viðurkenningaryfirvaldið framkvæmir sannprófunina sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

2. ESB-gerðarviðurkenning skal falla úr gildi við hverja af eftirfarandi aðstæðum:

a) ef nýjar kröfur verða skyldubundnar sem eiga við um viðurkennda gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem er boðin fram á markaði, skráð eða tekin í notkun og ekki er hægt að rýmka gildissvið ESB-gerðarviðurkenningarinnar á þeim grundvelli sem mælt er fyrir um í c-lið 2. mgr. 34. gr.,

b) ef niðurstaðan úr sannprófun sem er framkvæmd í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar er sú að ökutækið uppfyllir ekki öll stjórnvaldsfyrirmælin sem eiga við um þá gerð,

c) ef framleiðslu ökutækja í samræmi við viðurkennda gerð ökutækis er endanlega hætt af frjálsum vilja, sem líta skal á að hafi átt sér stað ef ekkert ökutæki viðkomandi gerðar hefur verið framleitt á síðustu tveimur árum; slíkar gerðarviðurkenningar skulu þó halda gildi sínu að því er varðar að ökutækin séu skráð eða tekin í notkun á meðan a-liður þessarar málsgreinar á ekki við,

d) ef ESB-gerðarviðurkenningin hefur verið afturkölluð í samræmi við 7. mgr. 31. gr.,

e) ef ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið fellur úr gildi vegna takmörkunar sem um getur í 6. mgr. 39. gr.,

f) ef gerðarviðurkenningin er talin hafa verið byggð á röngum yfirlýsingum, fölsuðum prófunarniðurstöðum eða ef gögnum var haldið eftir sem hefði leitt til þess að neitað væri að veita gerðarviðurkenningu.

3. Ef heildargerðarviðurkenning ökutækis á aðeins einu afbrigði gerðar ökutækis eða einni útgáfu afbrigðis verður ógild skal heildargerðarviðurkenning ökutækis á viðkomandi gerð ökutækisins aðeins ógild að því er varðar viðkomandi afbrigði eða útfærslu.

4. Ef framleiðslu á tiltekinni gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar er endanlega hætt skal framleiðandi tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti ESB-gerðarviðurkenningu ökutækisins án tafar.

Innan mánaðar frá móttöku tilkynningarinnar sem um getur í fyrsta undirlið skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenningu fyrir þá gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar tilkynna viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna um það.

5. Í tilvikum þar sem ljóst er að ESB-gerðarviðurkenningarvottorð fellur brátt úr gildi, tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna um það án tafar.

6. Þegar viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna tekur á móti tilkynningunni frá framleiðandanum skal það yfirvald án tafar senda viðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna allar viðeigandi upplýsingar til að hægt sé að bjóða fram á markaði, skrá eða taka í notkun ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar, eins og við á.

Ef um er að ræða ökutæki skal orðsendingin sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar tilgreina framleiðsludaginn og verksmiðjunúmer síðasta ökutækisins sem framleitt var, eins og skilgreint er í 2. lið 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 19/2011 ([1]).

VI. KAFLI

SAMRÆMISVOTTORÐ OG MERKINGAR

36. gr.

Samræmisvottorð á pappír

1. Framleiðandinn skal gefa út samræmisvottorð á pappír með hverju ökutæki, hvort sem það er fullbúið, ófullbúið eða fullbúið í áföngum, sem framleitt er í samræmi við viðurkennda gerð ökutækis. Í því skyni skal framleiðandinn nota sniðmátið sem sett er fram í framkvæmdargerðunum sem um getur í 4. mgr.

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 19/2011 frá 11. janúar 2011 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar lögboðna merkiplötu framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

Í samræmisvottorðinu á pappír skal vera nákvæm lýsing á helstu eiginleikum ökutækisins, sem og tæknilegri frammistöðu þess. Samræmisvottorðið á pappír skal innihalda framleiðsludag ökutækisins. Samræmisvottorðið á pappír skal vera þannig gert að komið sé í veg fyrir fölsun.

Kaupandi skal fá samræmisvottorðið á pappír án endurgjalds með ökutækinu. Afhending vottorðsins má ekki vera háð því að skýrt sé farið fram á það eða að framleiðanda séu veittar frekari upplýsingar.

2. Ef framleiðandinn gerir samræmisvottorðið aðgengilegt sem formföst gögn á rafrænu formi í samræmi við 1. mgr. 37. gr. skal framleiðandinn vera undanþeginn, frá 5. júlí 2026, frá þeirri skyldu í 1. mgr. þessarar greinar að gefa út samræmisvottorðið á pappír til að fylgja hverju ökutæki.

3. Í tíu ár frá framleiðsludegi ökutækisins skal framleiðandinn, að beiðni eiganda þess, gefa út eftirrit af samræmisvottorðinu á pappír, gegn greiðslu sem ekki er hærri en kostnaðurinn sem fylgir útgáfu eftirritsins af vottorðinu. Orðið „eftirrit“ skal vera greinilegt á framhlið sérhvers eftirrits af vottorði.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir varðandi samræmisvottorðið á pappír, þar sem einkum er mælt fyrir um:

a) sniðmátið fyrir samræmisvottorðið,

b) öryggisþætti til að koma í veg fyrir fölsun samræmisvottorðsins og

c) forskriftina um hvernig undirritun samræmisvottorðsins skuli fara fram.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Samþykkja skal fyrstu framseldu gerðina fyrir 1. september 2020.

5. Samræmisvottorðið á pappír skal vera á a.m.k. einu af opinberu tungumálum Sambandsins.

6. Einstaklingur eða einstaklingar sem hafa heimild til að undirrita samræmisvottorð á pappír skulu starfa hjá framleiðandanum og skulu hafa fullt umboð til þess að bera lagalega ábyrgð framleiðanda að því er varðar hönnun og smíði eða framleiðslusamræmi ökutækisins.

7. Samræmisvottorðið skal fylla út í heild sinni og skal ekki innihalda takmarkanir að því er varðar notkun ökutækis aðrar en þær takmarkanir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eða í einhverjum þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

8. Ef um er að ræða ófullbúið grunnökutæki skal framleiðandinn einungis fylla í þá reiti samræmisvottorðsins á pappír sem skipta máli með hliðsjón af hversu fullbúið ökutækið er.

9. Ef um er að ræða ófullbúið ökutæki eða fjölþrepa fullbúið ökutæki skal framleiðandi einungis fylla út þá reiti samræmisvottorðsins á pappír sem varða viðbætur eða breytingar sem gerðar eru á viðkomandi þrepi viðurkenningar og, ef við á, láta fylgja með vottorðinu öll samræmisvottorð sem veitt voru á fyrri þrepum.

37. gr.

Samræmisvottorð á rafrænu formi

1. Frá 5. júlí 2026 og með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. 36. gr. skal framleiðandinn, endurgjaldslaust og án ástæðulausrar tafar eftir framleiðsludag ökutækisins, gera samræmisvottorðið aðgengilegt sem formföst gögn á rafrænu formi, í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 8. mgr., fyrir það viðurkenningaryfirvald sem veitt hefur heildargerðarviðurkenningu ökutækis.

2. Með fyrirvara um 1. mgr. 36. gr. er öllum framleiðendum heimilt að gera samræmisvottorð aðgengileg í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar fyrir 5. júlí 2026.

3. Viðurkenningaryfirvaldið skal gera samræmisvottorðið aðgengilegt sem formföst gögn á rafrænu formi í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 8. mgr. þannig að viðurkenningaryfirvöldin, markaðseftirlitsyfirvöldin og skráningaryfirvöldin í aðildarríkjunum og framkvæmdastjórnin hafi aðgang að samræmisvottorðinu.

4. Aðildarríki geta veitt framleiðendum undanþágu frá þeirri skyldu sem sett er fram í 1. mgr. þessarar greinar að því er varðar gerðir ökutækja sem hafa landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum í samræmi við 42. gr.

5. Viðurkenningaryfirvaldið sem tekur við samræmisvottorði sem formföstum gögnum á rafrænu formi í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 8. mgr. þessarar greinar skal veita lesaðgang að samræmisvottorðinu eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 12. gr. Ef um er að ræða ökutæki sem smíðuð eru í mörgum þrepum skal veita framleiðanda á síðari þrepum slíkan aðgang.

6. Öll gagnaskipti í samræmi við þessa grein skal framkvæma samkvæmt öruggum samskiptareglum um gagnaskipti.

7. Aðildarríki skulu skipuleggja og byggja upp gagnanet sín til að greiða fyrir móttöku á gögnum samræmisvottorðanna sem formföstum gögn á rafrænu formi í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 8. mgr. frá og með 1. september 2025, helst með því að nota fyrirliggjandi kerfi fyrir skipti á formföstum gögnum.

8. Að teknu tilliti til þeirra gagna sem krafist er að séu veitt í samræmisvottorðinu á pappír skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir varðandi samræmisvottorð sem formföst gögn á rafrænu formi þar sem einkum er mælt fyrir um:

a) grundvallarsnið og grundvallaruppbyggingu á gagnastökum samræmisvottorðanna á rafrænu formi og skilaboðin sem notuð eru við gagnaskiptin,

b) lágmarkskröfur um örugg gagnaskipti, þ.m.t. forvarnir gegn spillingu og misnotkun á gögnum og ráðstafanir til að tryggja áreiðanleika rafrænu gagnanna, s.s. með notkun stafrænnar undirskriftar,

c) leiðirnar til að skiptast á gögnum samræmisvottorðsins á rafrænu formi,

d) lágmarkskröfurnar um einkvæmt auðkenni tengt ökutæki og sniðið á upplýsingum handa kaupandanum í samræmi við 5. mgr.,

e) lesaðganginn, sem um getur í 5. mgr.,

f) undanþágur fyrir framleiðendur tiltekinna ökutækjaflokka og gerða ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Samþykkja skal fyrstu framseldu gerðirnar fyrir 1. september 2020.

9. Aðildarríki skulu geta skipst á samræmisvottorðum á rafrænu formi við önnur aðildarríki í samræmi við þessa grein eigi síðar en frá 5. Júlí 2026.

10. Frá 5. júlí 2026 skal framleiðandinn gefa út eftirrit af samræmisvottorðinu á pappír í undantekningartilvikum óski landsyfirvald þess.

38. gr.

Lögboðnar merkiplötur og aukaplötur framleiðanda, merkingar og gerðarviðurkenningarmerki íhluta og aðskilinna tæknieininga

1. Framleiðandi ökutækis skal festa lögboðna merkiplötu á sérhvert ökutæki sem framleitt er í samræmi við viðurkenndu gerðina, aukaplötur þar sem við á, og merki eða tákn með þeim merkingum sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð og í þeim viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

2. Framleiðandi íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar skal festa á sérhvern íhlut eða aðskilda tæknieiningu, sem framleidd er í samræmi við viðurkennda gerð, gerðarviðurkenningarmerkið sem krafist er samkvæmt viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka

Ef ekki er gerð krafa um slíkt gerðarviðurkenningarmerki skal framleiðandinn a.m.k. festa viðskiptaheiti sitt eða vörumerki, ásamt gerðarnúmeri eða kenninúmeri á íhlutinn eða aðskildu tæknieininguna.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um fyrirmyndina að ESB-gerðarviður-kenningarmerkinu. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdargerðina eigi síðar en 5. júlí 2020.

4. Markaðsaðilar skulu einungis setja á markað eða bjóða fram á markaði ökutæki, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem eru merkt í samræmi við þessa reglugerð.

VII. KAFLI

NÝ TÆKNI EÐA NÝ HÖNNUN

39. gr.

Undanþágur fyrir nýja tækni eða nýja hönnun

1. Framleiðandi getur sótt um ESB-gerðarviðurkenningu að því er varðar gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem felur í sér nýja tækni eða nýja hönnun sem er ósamrýmanleg einum eða fleiri stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

2. Viðurkenningaryfirvald skal veita ESB-gerðarviðurkenninguna sem um getur í 1. mgr. ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) í umsókninni um ESB-gerðarviðurkenningu koma fram ástæður þess að nýja tæknin eða nýja hönnunin gera það að verkum að ökutækin, kerfin, íhlutirnir eða aðskildu tæknieiningarnar eru ósamrýmanleg einum eða fleiri stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka,

b) í umsókninni um ESB-gerðarviðurkenninguna er áhrifum nýju tækninnar eða nýju hönnunarinnar á öryggi og umhverfi lýst sem og aðgerðum sem gripið er til svo tryggja megi a.m.k. jafnt hátt stig öryggis og umhverfisverndar og kveðið er á um í þeim kröfum sem sótt er um undanþágu frá,

c) lýsingar á prófunum og niðurstöður þeirra eru kynntar þannig að þær sýni fram á að skilyrðin í b-lið séu uppfyllt.

3. Veiting ESB-gerðarviðurkenningar sem veitir undanþágu fyrir nýja tækni eða nýja hönnun skal vera með fyrirvara um heimild framkvæmdastjórnarinnar.

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framkvæmdargerðir til að ákveða hvort veita skal leyfið sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

4. Þar til framkvæmdargerðir sem um getur í 3. mgr. eru samþykktar má viðurkenningaryfirvaldið veita ESB-gerðarviðurkenningu til bráðabirgða og sem gildir einungis á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem viðurkenningaryfirvaldið tilheyrir, að því er varðar gerð ökutækis sem heyrir undir þá undanþágu sem sótt er um. Viðurkenningaryfirvaldið skal án tafar senda framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum tilkynningu um það með skrá sem inniheldur upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr.

Það skal koma fram í fyrirsögn ESB-gerðarviðurkenningarvottorðs og samræmisvottorðs að slíkt ESB-gerðarviðurkenningarvottorð sé veitt til bráðabirgða og gildi aðeins á takmörkuðu svæði.

5. Viðurkenningaryfirvöldum í öðrum aðildarríkjum er heimilt að samþykkja ESB-gerðarviðurkenninguna til bráðabirgða sem um getur í 4. mgr. á yfirráðasvæðum sínum, að því tilskildu að þau tilkynni samþykki þeirra skriflega til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna til bráðabirgða.

6. Eftir því sem við á skal tilgreina í framkvæmdargerðunum sem um getur í 3. mgr. hvort að heimildir sæti einhverjum takmörkunum, sérstaklega að því er varðar hámarksfjölda þeirra ökutækja sem heimildirnar ná yfir. ESB-gerðarviðurkenningin skal í öllum tilfellum hafa a.m.k. 36 mánaða gildistíma.

7. Ef framkvæmdastjórnin samþykkir framkvæmdargerðir sem um getur í 3. mgr. til að neita að veita heimildirnar skal viðurkenningaryfirvaldið tafarlaust upplýsa handhafa ESB-gerðarviðurkenningarinnar til bráðabirgða, sem um getur í 4. mgr., að samþykki ESB-gerðarviðurkenningarinnar til bráðabirgða skuli vera afturkölluð að sex mánuðum liðnum frá dagsetningu framkvæmdargerðarinnar.

Þó skal heimila að ökutæki, sem framleidd hafa verið í samræmi við ESB-gerðarviðurkenninguna til bráðabirgða áður en hún verður ógild, séu sett á markað, skráð eða tekin í notkun í hverju því aðildarríki sem hefur samþykkt ESB-gerðarviðurkenninguna til bráðabirgða í samræmi við 5. mgr.

40. gr.

Síðari breyting stjórnvaldsfyrirmæla

1. Ef framkvæmdastjórnin hefur heimilað veitingu ESB-gerðarviðurkenningar í samræmi við 39. gr. skal hún tafarlaust gera nauðsynlegar ráðstafanir til að laga viðkomandi stjórnvaldsfyrirmæli að nýjustu tækniþróun.

Ef undanþágan skv. 39. gr. tengist reglugerð Sameinuðu þjóðanna skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögur um að breyta viðeigandi reglugerð Sameinuðu þjóðanna í samræmi við viðkomandi málsmeðferð samkvæmt endurskoðaða samningnum frá 1958.

2. Aflétta skal öllum takmörkunum á stjórnvaldsfyrirmælunum sem um getur í 3. mgr. 39. gr. þegar viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum hefur verið breytt.

3. Ef ekki hafa verið gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til að aðlaga stjórnvaldsfyrirmælin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar er framkvæmdastjórninni heimilt, að beiðni aðildarríkisins sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna til bráðabirgða, að samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða hvort að veita eigi leyfið fyrir rýmkuninni á gildistíma ESB-gerðarviðurkenningarinnar til bráðabirgða. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

VIII. KAFLI

ÖKUTÆKI SEM FRAMLEIDD ERU Í LITLUM FRAMLEIÐSLURÖÐUM

41. gr.

ESB-gerðarviðurkenning ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum

1. Að beiðni framleiðanda og innan árlegra magntakmarkana á ökutækjaflokkum M, N og O sem setta eru fram í 1. lið A-hluta V. viðauka skulu aðildarríki veita ESB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis sem framleitt er í lítilli framleiðsluröð sem uppfyllir a.m.k. tæknilegu kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. viðbæti við I. hluta II. viðauka.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um ökutæki til sérstakra nota.

3. ESB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum skal fá einkvæmt númer í samræmi við samræmt númerakerfi sem skal a.m.k. gera kleift að tilgreina aðildarríkið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna og gera kleift að tilgreina þær kröfur sem gerð ökutækisins, kerfisins, íhlutarins eða aðskildu tæknieiningarinnar samræmist.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um sniðmát og númerakerfi fyrir ESB-gerðarviðurkenningarvottorð ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

5. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta 1. viðbæti við I. hluta II. viðauka í þeim tilgangi að setja fram tæknilegu kröfurnar um ökutækjaflokka M, N og O og til samræmis við það að breyta 1. lið A-hluta V. viðauka að því er varðar árlegu magntakmarkanirnar.

42. gr.

Landsbundin gerðarviðurkenning ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum

1. Framleiðendur geta sótt um landsbundna gerðarviðurkenningu ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum innan þeirra árlegu magntakmarkana sem settar eru fram í 2. lið A-hluta V. viðauka. Þær takmarkanir skulu gilda þegar ökutæki, af gerð sem er viðurkennd á markaði hvers aðildarríkis á tilteknu ári, eru boðin fram á markaði, skráð eða tekin í notkun.

2. Aðildarríki geta ákveðið að undanskilja allar gerðir ökutækja sem um getur í 1. mgr. frá því að þurfa að uppfylla eina eða fleiri af kröfunum í þessari reglugerð eða eina eða fleiri af kröfunum sem mælt er fyrir um í stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka, að því tilskildu að aðildarríkin hafi mælt fyrir um aðrar viðeigandi kröfur.

3. Að því er varðar landsbundna gerðarviðurkenningu á ökutækjum sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum skal viðurkenningaryfirvaldið samþykkja kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem eru gerðarviðurkenndar í samræmi við stjórnvaldsfyrirmælin sem talin eru upp í II. viðauka.

4. Landsbundið gerðarviðurkenningarvottorð fyrir ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum skal fá einkvæmt númer í samræmi við samræmt númerakerfi sem skal a.m.k. gera kleift að tilgreina aðildarríkið sem veitti gerðarviðurkenninguna og gera kleift að auðkenna að viðurkenningin hafi verið veitt fyrir litla landsbundna framleiðsluröð.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir, þar sem mælt er fyrir um sniðmát og samræmt númerakerfi fyrir landsbundið gerðarviðurkenningarvottorð fyrir ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum, sem skal hafa fyrirsögnina „landsbundið gerðarviðurkenningarvottorð fyrir ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum“ og tilgreina innihald og eðli undanþáganna sem veittar eru samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Aðildarríki geta áfram ákvarðað snið landsbundinna gerðarviðurkenningarvottorða þar til framkvæmdastjórnin samþykkir slíkar framkvæmdargerðir.

43. gr.

Gildi landsbundinnar gerðarviðurkenningar ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum

1. Landsbundin gerðarviðurkenning ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum skal aðeins gilda á yfirráðasvæði aðildarríkis þess viðurkenningaryfirvalds sem veitir gerðarviðurkenninguna.

2. Að beiðni framleiðanda skal viðurkenningaryfirvaldið senda eintak af landsbundna gerðarviðurkenningarvottorðinu til viðurkenningaryfirvalda þess aðildarríkis sem framleiðandinn velur, þ.m.t. viðeigandi hluta þess upplýsingasafns sem um getur í 4. mgr. 26. gr., annað hvort með ábyrgðarpósti eða tölvupósti.

3. Viðurkenningaryfirvöld aðildarríkjanna skulu samþykkja landsbundna gerðarviðurkenningu nema þau hafi gilda ástæðu til að ætla að landsbundnu tæknilegu kröfurnar sem gerð ökutækisins hefur verið viðurkennd í samræmi við séu ekki jafngildar þeirra eigin kröfum.

4. Innan tveggja mánaða frá móttöku þeirra skjala sem um getur í 2. mgr. skulu viðurkenningaryfirvöld þeirra aðildarríkja sem framleiðandinn velur tilkynna ákvörðun sína um hvort gerðarviðurkenningin er samþykkt eða ekki til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti landsbundnu gerðarviðurkenninguna. Ef ekki hefur verið tilkynnt um neina slíka ákvörðun innan þessa tveggja mánaða tímabils skal litið svo á að landsbundna gerðarviðurkenningin hafi verið samþykkt.

5. Að beiðni umsækjanda sem óskar eftir því að setja ökutæki með landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir litla framleiðsluröð á markað, skrá eða taka það í notkun í öðru aðildarríki skal viðurkenningaryfirvaldið, sem veitti landsbundnu gerðarviðurkenninguna fyrir ökutæki sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum, afhenda landsyfirvaldi í hinu aðildarríkinu eintak af gerðarviðurkenningarvottorðinu ásamt viðeigandi hlutum upplýsingasafnsins.

Landsyfirvald hins aðildarríkisins skal heimila að slíkt ökutæki sé sett á markað, skráð eða tekið í notkun, nema landsyfirvaldið hafi gilda ástæðu til að ætla að landsbundnu tæknilegu kröfurnar sem gerð ökutækisins hefur verið viðurkennt í samræmi við séu ekki jafngildar þeirra eigin kröfum.

IX. KAFLI

SKRÁNINGARVIÐURKENNINGAR ÖKUTÆKJA

44. gr.

ESB-skráningarviðurkenningar ökutækja

1. Aðildarríki skulu veita ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis handa ökutæki sem er í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti við I. hluta II. viðauka eða, hvað varðar ökutæki til sérstakra nota, í III. hluta II. viðauka.

Þessi kafli gildir ekki um ófullbúin ökutæki:

2. Eigandi ökutækisins, framleiðandinn, fulltrúi framleiðandans eða innflytjandinn skal leggja fram umsókn um ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis.

3. Aðildarríki skulu ekki framkvæma eyðileggingarprófanir til að ákvarða hvort að ökutækið uppfyllir kröfurnar sem um getur í 1. mgr., heldur skulu þau nota allar viðeigandi upplýsingar sem umsækjandinn leggur fram í þeim tilgangi.

4. Vottorð um ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis skal fá einkvæmt númer í samræmi við samræmt númerakerfi sem skal a.m.k. gera kleift að tilgreina aðildarríkið sem veitti ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis.

5. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um sniðmát og númerakerfi fyrir vottorðin um ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Samþykkja skal fyrstu framseldu gerðirnar eigi síðar en 5. júlí 2020.

6. Aðildarríki skulu heimila að ökutæki sem hafa gilt vottorð um ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis séu sett á markað, skráð eða tekin í notkun.

7. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta I. hluta II. viðauka í þeim tilgangi að setja fram tæknilegu kröfurnar um ökutæki í flokkum M, N og O.

45. gr.

Landsbundnar skráningarviðurkenningar ökutækis

1. Aðildarríki geta ákveðið að undanskilja tiltekið ökutæki, hvort sem það er einkvæmt eða ekki, frá því að þurfa að uppfylla eina eða fleiri af kröfunum í þessari reglugerð eða eina eða fleiri af kröfunum sem mælt er fyrir um í stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka, að því tilskildu að aðildarríkin hafi lagt á aðrar viðeigandi kröfur.

2. Eigandi ökutækisins, framleiðandinn, fulltrúi framleiðandans eða innflytjandinn skal leggja fram umsókn um landsbundna skráningarviðurkenningu ökutækis.

3. Aðildarríki skulu ekki framkvæma eyðileggingarprófanir til að ákvarða hvort að ökutækið uppfyllir aðrar kröfurnar sem um getur í 1. mgr., heldur skulu þau nota allar viðeigandi upplýsingar sem umsækjandinn leggur fram í þeim tilgangi.

4. Að því er varðar landsbundna skráningarviðurkenningu ökutækis samkvæmt þessari grein skal viðurkenningaryfirvaldið samþykkja kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem eru gerðarviðurkenndar í samræmi við stjórnvaldsfyrirmælin sem talin eru upp í II. viðauka.

5. Ef ökutækið samræmist þeirri lýsingu sem fylgir umsókninni og uppfyllir aðrar viðeigandi kröfur skal aðildarríki án tafar veita landsbundið vottorð um skráningarviðurkenningu ökutækis.

6. Landsbundið vottorð um skráningarviðurkenningu ökutækis skal fá einkvæmt númer í samræmi við samræmt númerakerfi sem skal a.m.k. gera kleift að tilgreina aðildarríkið sem veitti viðurkenninguna og gera kleift að tilgreininga þær kröfur sem ökutækið samræmist.

7. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um sniðmát og númerakerfi fyrir landsbundið vottorð um skráningarviðurkenningu ökutækis. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Aðildarríki geta áfram ákvarðað snið vottorða um landsbundnar skráningarviðurkenningar ökutækja þar til framkvæmdastjórnin samþykkir slíkar framkvæmdargerðir.

46. gr.

Gildi landsbundinna skráningarviðurkenninga ökutækis

1. Landsbundin skráningarviðurkenning ökutækis skal aðeins gilda á yfirráðasvæði þess aðildarríkis sem veitti skráningar-viðurkenningu ökutækisins.

2. Að fenginni beiðni umsækjanda sem óskar eftir því að bjóða fram á markaði, skrá eða setja í notkun ökutæki, sem hefur hlotið landsbundna skráningarviðurkenningu ökutækis, í öðru aðildarríki skal aðildarríkið sem veitti viðurkenninguna láta umsækjandanum í té yfirlýsingu varðandi þær tæknilegu kröfur sem ökutækið hefur verið viðurkennt samkvæmt.

3. Aðildarríki skal heimila að ökutæki, sem veitt hefur verið landsbundin skráningarviðurkenning ökutækis í samræmi við 45. gr. í öðru aðildarríki, sé boðið fram á markaði, skráð eða tekið í notkun á yfirráðasvæði þess nema ef aðildarríkið hefur gilda ástæðu til að ætla að aðrar viðeigandi kröfur sem ökutækið hefur verið viðurkennt samkvæmt séu ekki sambærilegar við þeirra eigin kröfur eða að ökutækið uppfylli ekki þær kröfur.

4. Þessi grein gildir um ökutæki sem hafa verið gerðarviðurkennd í samræmi við þessa reglugerð og sem hefur verið breytt áður en þau eru fyrst skráð eða tekin í notkun.

47. gr.

Sértæk ákvæði

1. Aðferðirnar sem settar eru fram í 44. og 45. gr. geta gilt um tiltekið ökutæki sem smíðað er í mörgum þrepum.

2. Aðferðirnar sem settar eru fram í 44. og 45. gr. skulu ekki koma í staðinn fyrir milliþrep í eðlilegri framvindu fjölþrepa gerðarviðurkenningar og skal ekki nota til viðurkenningar á fyrsta framleiðsluþrepi ökutækis.

X. KAFLI

AÐ BJÓÐA ÖKUTÆKI FRAM Á MARKAÐI, SKRÁ ÞAÐ EÐA TAKA ÞAÐ Í NOTKUN

48. gr.

Að bjóða ökutæki önnur en síðustu ökutæki gerðar fram á markaði, skrá þau eða taka þau í notkun

1. Með fyrirvara um 51., 52. og 53. gr. skal aðeins setja á markað, skrá eða taka í notkun ökutæki sem heildargerðarviðurkenning ökutækis er skyldubundin fyrir eða sem framleiðandinn hefur fengið þá gerðarviðurkenningu fyrir, ef þeim fylgir gilt samræmisvottorð sem gefið er út í samræmi við 36. og 37. gr.

Heimilt er að synja um skráningu og það að taka í notkun ófullbúin ökutæki svo lengi sem ökutækin eru ófullbúin. Skráningu ófullbúinna ökutækja og það að taka þau í notkun skal ekki nota til að sniðganga beitingu 49. gr.

2. Fjöldi þeirra ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum sem boðin eru fram á markaði, skráð, eða tekin í notkun á sama árinu skal ekki fara fram úr þeim árlegu magntakmörkunum sem mælt er fyrir um í V. viðauka.

49. gr.

Að bjóða síðustu ökutæki gerðar fram á markaði, skrá þau eða taka þau í notkun

1. Með fyrirvara um þær takmarkanir sem tilgreindar eru í B-hluta V. viðauka, og í takmarkaðan tíma eins og tilgreint er í 2. mgr., mega aðildarríki skrá og heimila að ökutæki séu boðin fram á markaði eða tekin í notkun sem samrýmast gerð ökutækis sem hefur ESB-gerðarviðurkenningu sem er ekki lengur í gildi.

Fyrsta undirgrein gildir aðeins um ökutæki sem voru á yfirráðasvæði Bandalagsins og höfðu ESB-gerðarviðurkenningu sem var í gildi á þeim tíma sem þau voru framleidd og höfðu ekki verið skráð eða tekin í notkun fyrr en fyrrgreind ESB-gerðarviðurkenning var fallin úr gildi.

2. Þegar um er að ræða fullbúin ökutæki, skal 1. mgr. gilda í einungis 12 mánuði frá því að ESB-gerðarviðurkenning fellur úr gildi og þegar um er að ræða fjölþrepa fullbúin ökutæki, í 18 mánuði frá þeirri dagsetningu.

3. Framleiðandi sem óskar eftir að nýta sér ákvæði 1. mgr. skal leggja fram beiðni þar um til lögbærra yfirvalda allra aðildarríkjanna sem í hlut eiga áður en viðkomandi ökutæki eru skráð eða tekin í notkun. Í beiðninni skal tilgreina þær tæknilegu eða efnahagslegu ástæður sem koma í veg fyrir að þessi ökutæki uppfylli nýju tæknilegu kröfurnar.

Hlutaðeigandi aðildarríki skulu ákveða innan þriggja mánaða frá móttöku slíkrar beiðni hvort og, sé sú raunin, hversu mörg slík ökutæki þau heimila að séu skráð eða tekin í notkun á yfirráðasvæðum sínum.

4. Aðildarríkin skulu beita viðeigandi ráðstöfunum til að tryggja skilvirkt eftirlit með fjölda þeirra ökutækja sem eru skráð eða tekin í notkun innan ramma þeirrar gerðarviðurkenningaraðferðar sem sett er fram í þessari grein.

50. gr.

Að bjóða fram á markaði eða taka í notkun íhluti og aðskildar tæknieiningar

1. Íhluti og aðskildar tæknieiningar, þ.m.t. þau sem ætluð eru á eftirmarkaðinn, má aðeins setja á markað eða taka í notkun ef kröfur viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæla sem taldar eru upp í II. viðauka eru uppfylltar og þau merkt í samræmi við 38. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem eru sérstaklega smíðaðar eða hannaðar fyrir ökutæki sem falla ekki undir þessa reglugerð.

3. Aðildarríki mega heimila það að bjóða fram á markaði eða að taka í notkun íhluti og aðskildar tæknieiningar sem eru undanþegin skv. 39. gr. eða sem á að nota í ökutækjum sem falla undir viðurkenningar sem veittar eru skv. 41., 42., 44. og 45. gr. varðandi þann íhlut eða þá aðskildu tæknieiningu sem um er að ræða.

4. Aðildarríki geta einnig heimilað það að bjóða fram á markaði eða að taka í notkun íhluti og aðskildar tæknieiningar sem á að nota í ökutækjum sem ekki þurfti að gerðarviðurkenna samkvæmt þessari reglugerð eða samkvæmt tilskipun 2007/46/EB þegar þau ökutæki voru boðin fram á markaði, skráð eða tekin í notkun.

5. Aðildarríki mega einnig heimila það að bjóða fram á markaði eða að taka í notkun íhluti til endurnýjunar og aðskildar tæknieiningar sem á að nota í ökutækjum sem veitt voru gerðarviðurkenningar áður en kröfurnar í viðeigandi stjórnvalds-fyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka tóku gildi, í samræmi við kröfurnar í viðkomandi fyrirmælum sem voru í gildi þegar gerðarviðurkenningarnar voru upphaflega veittar.

XI. KAFLI

VERNDARÁKVÆÐI

51. gr.

Landsbundið mat varðandi ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem grunur leikur á að alvarleg áhætta skapist af eða fari ekki að tilskildum ákvæðum

Ef markaðseftirlitsyfirvöld í einu aðildarríki hafa nægilegar ástæður, byggt á þeirra eigin starfsemi á sviði markaðseftirlits, eða byggt á upplýsingum sem viðurkenningaryfirvald eða framleiðandi veitir, eða byggt á kvörtunum, til að ætla að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining skapi alvarlega áhættu fyrir heilsu eða öryggi einstaklinga eða fyrir aðra þætti verndunar almannahagsmuna sem falla undir þessa reglugerð eða uppfylli ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu markaðseftirlitsyfirvöldin meta viðkomandi ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu gagnvart þeim viðeigandi kröfum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Viðkomandi markaðsaðilar og viðurkenningaryfirvöld skulu eiga náið samstarf við markaðseftirlitsyfirvöldin, sem skal fela í sér að senda áfram allar niðurstöður úr viðeigandi skoðunum eða prófunum sem framkvæmdar eru í samræmi við 31. gr.

Ákvæði 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 gilda um áhættumatið á viðkomandi ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu.

52. gr.

Landsbundnar málsmeðferðir til þess að meðhöndla ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem alvarleg áhætta skapast af eða sem fara ekki að tilskildum ákvæðum

1. Ef markaðseftirlitsyfirvaldið í einu aðildarríki kemst að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa framkvæmt mat samkvæmt 51. gr., að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining skapi alvarlega áhættu fyrir heilsu eða öryggi einstaklinga eða fyrir aðra þætti verndunar almannahagsmuna sem falla undir þessa reglugerð skal markaðseftirlitsyfirvaldið án tafar krefjast að viðkomandi markaðsaðilar grípi tafarlaust til allra viðeigandi ráðstafana til úrbóta til að tryggja að viðkomandi ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining skapi ekki lengur þá áhættu.

2. Ef markaðseftirlitsyfirvaldið í einu aðildarríki, eftir að hafa framkvæmt mat samkvæmt 51. gr., kemst að þeirri niðurstöðu að ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining fari ekki að þessari reglugerð en feli ekki í sér alvarlega áhættu eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal markaðseftirlitsyfirvaldið án tafar krefjast þess að viðkomandi markaðsaðili grípi til allra viðeigandi ráðstafana til úrbóta innan hæfilegs tíma til að koma ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu aftur í samræmi við þessa reglugerð. Það tímabil skal vera í réttu hlutfalli við alvarleika þess að ekki er farið að tilskildum ákvæðum til að tryggja að viðkomandi ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining fari að tilskildum ákvæðum þegar þau eru sett á markað, skráð eða tekin í notkun.

Markaðsaðilar skulu, í samræmi við þær skyldur sem settar eru fram í 13. til 21. gr., tryggja að gripið sé til allra viðeigandi ráðstafana til úrbóta að því er varðar öll viðkomandi ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem þeir markaðsaðilar hafa sett á markað, skráð eða tekið í notkun í Sambandinu.

3. Ef markaðsaðilar grípa ekki til fullnægjandi ráðstafana til úrbóta innan þess frests sem um getur í 1. eða 2. mgr., eða ef áhættan útheimtir hraðar aðgerðir, skulu landsyfirvöld grípa til allra viðeigandi bráðabirgðaráðstafana til að banna eða takmarka að viðkomandi ökutæki, kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar séu boðin fram á landsbundnum markaði, skráð eða tekin í notkun á markaði í hverju aðildarríki, eða til að taka þau af þeim markaði eða innkalla þau.

Ákvæði 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 gilda að því er varðar þær takmarkandi ráðstafanir sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um flokkun á alvarleika þess að ekki er farið að tilskildum ákvæðum og þær viðeigandi ráðstafanir sem landsyfirvöld eiga að gera til að tryggja samræmda beitingu þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

53. gr.

Ráðstafanir til úrbóta og takmarkandi ráðstafanir á vettvangi Sambandsins

1. Aðildarríkið sem grípur til ráðstafana til úrbóta og takmarkandi ráðstafana í samræmi við 52. gr. skal án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum með upplýsinga- og fjarskiptakerfinu um markaðseftirlit. Það skal einnig tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti viðurkenninguna án tafar um niðurstöður sínar.

Í upplýsingunum, sem veittar eru, skulu koma fram allar tiltækar upplýsingar, einkum gögn sem eru nauðsynleg til að sanngreina viðkomandi ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskilda tæknieiningu, uppruna þeirra, eðli meintra tilvika þar sem ekki var farið að ákvæðum og áhættunnar sem því fylgir, eðli og gildistíma landsbundinna ráðstafana til úrbóta og takmarkandi ráðstafana aðildarríkis sem gripið hefur verið til, ásamt rökstuðningi viðkomandi markaðsaðila.

2. Aðildarríkið sem grípur til ráðstöfunar til úrbóta eða takmarkandi ráðstöfunar skal einnig tilgreina hvort að áhættan eða það að ekki er farið að tilskildum ákvæðum stafi af eftirfarandi:

a) ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining uppfylla ekki kröfur varðandi heilsu og öryggi einstaklinga, umhverfisvernd eða aðra þætti verndunar almannahagsmuna sem reglugerð þessi nær yfir eða

b) annmarkar eru á viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

3. Aðildarríki önnur en það aðildarríki sem grípur til ráðstafana til úrbóta eða takmarkandi ráðstafana skulu innan mánaðar frá tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um allar ráðstafanir til úrbóta eða takmarkandi ráðstafanir sem þau hafa samþykkt og allar viðbótarupplýsingar sem þau hafa yfir að ráða að því er varðar hvernig viðkomandi ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining fer ekki að ákvæðum og áhættunnar sem því fylgir og, komi upp ágreiningur um tilkynnta landsráðstöfun aðildarríkis, um andmæli þeirra.

4. Ef annað aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hafa ekki hreyft andmælum innan eins mánaðar frá tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. að því er varðar tilkynnta landsráðstöfun skal sú ráðstöfun teljast réttlætanleg. Hin aðildarríkin skulu tryggja að án tafar sé gripið til svipaðra ráðstafana til úrbóta eða takmarkandi ráðstafana innan yfirráðasvæðis þeirra að því er varðar viðkomandi ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskilda tæknieiningu.

5. Ef annað aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hreyfir andmælum innan eins mánaðar frá tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. að því er varðar tilkynnta landsráðstöfun, eða ef framkvæmdastjórnin telur að tilkynnt ráðstöfun stangist á við lög Sambandsins skal framkvæmdastjórnin án tafar hafa samráð við viðkomandi aðildarríki og viðeigandi markaðsaðila.

Á grundvelli samráðsins sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða samræmdar ráðstafanir til úrbóta og takmarkandi ráðstafanir á vettvangi Sambandsins. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna viðkomandi markaðsaðila eða markaðsaðilum án tafar um ákvörðunina sem um getur í annarri undirgrein. Aðildarríki skulu framkvæma slíkar gerðir án tafar og skulu upplýsa framkvæmdastjórnina til samræmis við það.

Ef framkvæmdastjórnin telur að tilkynnt landsráðstöfun sé ekki réttlætanleg skal viðkomandi aðildarríki afturkalla eða aðlaga ráðstöfunina í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í annarri undirgrein.

6. Ef framkvæmdastjórnin kemst að því eftir að hafa framkvæmt prófanir og skoðanir í samræmi við 9. gr. að ráðstafanir til úrbóta og takmarkandi ráðstafanir séu nauðsynlegar á vettvangi Sambandsins skal hún án tafar hafa samráð við hlutaðeigandi aðildarríki og viðeigandi markaðsaðila.

Á grundvelli samráðs sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða ráðstafanir til úrbóta og takmarkandi ráðstafanir á vettvangi Sambandsins. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna viðkomandi markaðsaðila eða markaðsaðilum án tafar um ákvörðunina sem um getur í annarri undirgrein. Aðildarríki skulu framkvæma slíkar gerðir án tafar og skulu upplýsa framkvæmdastjórnina til samræmis við það.

7. E rekja má áhættuna eða að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum til annmarka á stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka skal framkvæmdastjórnin leggja til viðeigandi ráðstafanir með eftirfarandi hætti:

a) þegar um er að ræða réttargerðir Sambandsins skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögu um nauðsynlegar breytingar á viðkomandi gerðum,

b) þegar um er að ræða reglugerðir Sameinuðu þjóðanna skal framkvæmdastjórnin leggja til nauðsynleg drög að breytingum á viðkomandi reglugerðum Sameinuðu þjóðanna í samræmi við viðeigandi málsmeðferð samkvæmt endurskoðaða samningnum frá 1958.

8. Ef ráðstöfun til úrbóta telst réttlætanleg í samræmi við þessa grein eða fellur undir framkvæmdargerðirnar eins og um getur í 5. eða 6. mgr. skal sú ráðstöfun vera aðgengileg handhöfum skráninga fyrir viðkomandi ökutæki án endurgjalds. Ef viðgerðir hafa verið gerðar á kostnað skráningarhafans áður en ráðstafanirnar til úrbóta eru samþykktar skal framleiðandinn endurgreiða kostnað slíkra viðgerða upp að kostnaði þeirra viðgerða sem krafist er í þeirri ráðstöfun til úrbóta.

54. gr.

ESB-gerðarviðurkenning sem fer ekki að tilskildum ákvæðum

1. Ef viðurkenningaryfirvald kemst að því að gerðarviðurkenning sem hefur verið veitt fari ekki að ákvæðum þessarar reglugerðar skal viðurkenningaryfirvaldið neita að taka þá viðurkenningu gilda.

2. Viðurkenningaryfirvaldið skal tilkynna synjun sína til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna, til viðurkenningaryfirvaldanna í hinum aðildarríkjunum og til framkvæmdastjórnarinnar. Ef viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna staðfestir innan eins mánaðar frá tilkynningunni að gerðarviðurkenningin fari ekki að tilskildum ákvæðum skal það viðurkenningaryfirvald afturkalla gerðarviðurkenninguna.

3. Ef viðurkenningaryfirvaldið sem veitti ESB-gerðarviðurkenninguna hreyfir andmælum innan eins mánaðar frá tilkynningunni sem um getur í 2. mgr. skal framkvæmdastjórnin án tafar hafa samráð við aðildarríkin, þá einkum við viðurkenningaryfirvaldið sem veitti gerðarviðurkenninguna og við viðeigandi markaðsaðila.

4. Á grundvelli samráðsins sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða hvort að neitunin að taka ESB-gerðarviðurkenninguna gilda sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar sé réttlætanleg. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna viðkomandi markaðsaðilum án tafar um ákvörðunina sem um getur í fyrstu undirgrein. Aðildarríkin skulu framkvæma slíkar gerðir án tafar og skulu upplýsa framkvæmdastjórnina til samræmis við það.

5. Ef framkvæmdastjórnin kemst að því eftir að hafa framkvæmt prófanir og skoðanir í samræmi við 9. gr. að gerðarviðurkenning sem veitt hefur verið fari ekki að ákvæðum þessarar reglugerðar skal hún án tafar hafa samráð við aðildarríkin, þá einkum við viðurkenningaryfirvaldið sem veitti gerðarviðurkenninguna og við viðeigandi markaðsaðila.

Á grundvelli samráðsins sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerð til að taka ákvörðun um synjun á viðurkenningu gerðarviðurkenningarinnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

6. Ákvæði 51., 52. og 53. gr. gilda um ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem falla undir gerðarviðurkenningu sem fer ekki að tilskildum ákvæðum og sem þegar eru aðgengilegar á markaði.

55. gr.

Að setja á markað eða taka í notkun hluti og búnað sem geta skapað verulega hættu fyrir rétta virkni mikilvægra kerfa

1. Ekki skal setja hluti eða búnað, sem stofnað geta réttri virkni kerfa sem nauðsynleg eru vegna öryggis ökutækisins eða vegna vistvænleika þess í alvarlega hættu, á markað, ekki skal taka þá í notkun og skulu þeir bannaðir, nema viðurkenningaryfirvald hafi gefið heimild fyrir þeim í samræmi við 56. gr.

2. Slíkar heimildir skulu einungis gilda um þann takmarkaða fjölda hluta eða búnaðar sem eru í skránni sem um getur í 4. mgr.

3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., sem bæta við þessa reglugerð með því að mæla fyrir um kröfur varðandi heimild fyrir hlutum og búnaði sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

Þær kröfur má byggja á stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka eða þær geta samanstaðið af samanburði á vistvænleika eða öryggisframmistöðu hlutanna eða búnaðarins við vistvænleika eða öryggisframmistöðu upprunalegu hlutanna eða búnaðarins, eins og við á. Í báðum tilfellum skulu kröfurnar tryggja að hlutir eða búnaður dragi ekki úr virkni þeirra kerfa sem nauðsynleg eru öryggi ökutækisins eða vistvænleika.

4. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta VI. viðauka þannig að tekið sé tillit til tækniþróunar og þróunar á sviði reglusetningar með því að mæla fyrir um og uppfæra skrána yfir hluti og búnað á grundvelli mats á eftirfarandi:

a) að hvaða marki alvarleg áhætta er fyrir hendi sem steðjar að öryggi ökutækja eða vistvænleika þeirra þegar þeir hlutir eða sá búnaður sem um ræðir er festur á þau,

b) möguleg áhrif á neytendur og framleiðendur á eftirmarkaði vegna mögulegrar heimildar fyrir hlutunum og búnaðinum skv. 1. mgr. 56. gr.

5. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um upprunalega hluti eða búnað eða þá hluti eða búnað sem tilheyra kerfi sem hefur verið gerðarviðurkennt í samræmi við stjórnvaldsfyrirmælin sem talin eru upp í II. viðauka, nema þar sem gerðarviðurkenningarnar tengjast öðrum þáttum en alvarlegu áhættunni sem um getur í 1. mgr.

Upprunalegir hlutir eða búnaður, að því er varðar þessa grein, á við um hluti eða búnað sem eru framleiddir í samræmi við forskriftir og framleiðslustaðla sem framleiðandi ökutækisins veitir við samsetningu ökutækisins sem um ræðir.

6. Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gilda ekki um hluti eða búnað sem eru sérstaklega framleiddir fyrir kappakstursökutæki. Hlutir eða búnaður sem taldir eru upp í VI. viðauka og eru notaðir bæði við kappakstur og við akstur á vegum skulu einungis gerðir aðgengilegir á markaði fyrir ökutæki sem ætluð eru til notkunar á opinberum vegum ef þeir uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar og sem framkvæmdastjórnin hefur heimilað. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða hvort veita eigi þessar heimildir. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

56. gr.

Tengdar kröfur um hluti eða búnað sem skapað geta verulega hættu fyrir rétta virkni nauðsynlegra kerfa

1. Framleiðandi hluta eða búnaðar getur sótt um þá heimild sem um getur í 1. mgr. 55. gr. með því að láta viðurkenningaryfirvaldi í té umsókn með prófunarskýrslu, sem tækniþjónusta hefur unnið, og sem staðfestir að hlutirnir eða búnaðurinn, sem sótt er um leyfi fyrir, uppfylli kröfurnar sem um getur í 3. mgr. 55. gr. Slíkum framleiðanda er aðeins heimilt að leggja fram eina umsókn fyrir hverja gerð hluta eða búnaðar og aðeins til eins viðurkenningaryfirvalds.

2. Í umsókninni um heimildina skulu koma fram upplýsingar um framleiðanda hlutanna eða búnaðarins, gerð, auðkennið og hlutanúmer hlutanna eða búnaðarins, sem og nafn á framleiðanda ökutækisins, gerð ökutækisins og, eftir því sem við á, smíðaárið og aðrar upplýsingar sem gera kleift að auðkenna ökutækið sem fyrirhugað er að festa þessa hluti eða búnað á.

Viðurkenningaryfirvaldið skal heimila að hlutirnir eða búnaðurinn séu settir á markað eða teknir í notkun ef það telur, að teknu tilliti til prófunarskýrslunnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og til annarra vísbendinga, að hlutirnir eða búnaðurinn sem um ræðir uppfylla kröfurnar sem um getur í 3. mgr. 55. gr.

Viðurkenningaryfirvaldið skal án tafar gefa út heimild til framleiðanda.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir þar sem mælt er fyrir um sniðmát og númerakerfi fyrir heimildina sem um getur í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

3. Framleiðandi skal tafarlaust tilkynna viðurkenningaryfirvaldinu sem veitti heimildina um allar breytingar sem hafa áhrif á skilyrðin fyrir útgáfu heimildarinnar. Viðurkenningaryfirvaldið skal ákveða hvort það þurfi að endurskoða eða endurútgefa heimildina og hvort þörf sé á frekari prófunum.

Framleiðandinn skal tryggja að hlutir og búnaður séu framleiddir og verði áfram framleiddir samkvæmt skilyrðunum fyrir útgáfu heimildarinnar.

4. Áður en viðurkenningaryfirvaldið gefur leyfi skal það staðfesta að fyrirkomulag og aðferðir séu til staðar til að tryggja skilvirkt eftirlit með samræmi framleiðslu.

Komist viðurkenningaryfirvald að því að skilyrðin fyrir útgáfu leyfisins eru ekki lengur uppfyllt, skal það fara fram á að framleiðandinn grípi til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að hlutirnir eða búnaðurinn verði færður til samræmis. Ef nauðsyn krefur skal það afturkalla leyfið.

5. Að fenginni beiðni frá landsyfirvaldi annars aðildarríkis skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti heimildina senda afrit af þeirri veittu heimild, ásamt fylgiskjölum þess, með sameiginlegu öruggu kerfi til rafrænna upplýsingaskipta, innan eins mánaðar frá því að beiðnin barst. Afritið getur einnig verið örugg rafræn skrá.

6. Viðurkenningaryfirvald sem er ósammála heimildinni sem annað aðildarríki gefur út skal vekja athygli framkvæmdastjórnarinnar á ástæðunum fyrir því að það er ósammála. Framkvæmdastjórnin skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að greiða úr ósamkomulaginu. Ef nauðsyn krefur og að höfðu samráði við viðeigandi viðurkenningaryfirvöld er framkvæmdastjórninni heimilt að meðal annars samþykkja framkvæmdargerðir þar sem krafist er afturköllunar á heimildinni. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

7. Þar til skránni sem um getur í 4. mgr. 55. gr. hefur verið komið á fót geta aðildarríki viðhaldið eigin ráðstöfunum varðandi hluti eða búnað sem getur haft áhrif á rétta virkni kerfa sem nauðsynleg eru öryggi ökutækisins eða vistvænleika þess.

XII. KAFLI

ALÞJÓÐAREGLUR

57. gr.

Reglugerðir Sameinuðu þjóðanna sem krafist er fyrir ESB-gerðarviðurkenningu

1. Reglugerðir Sameinuðu þjóðanna eða breytingar á þeim sem Sambandið hefur samþykkt eða sem Sambandið beitir og sem taldar eru upp í II. viðauka skulu teljast til krafna fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækis, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga.

2. Ef Sambandið hefur samþykkt reglugerð Sameinuðu þjóðanna eða breytingar á henni að því er varðar heildargerðarviðurkenningu ökutækis skal framkvæmdastjórnin samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 82. gr. til að bæta við þessa reglugerð með því að gera þá reglugerð Sameinuðu þjóðanna eða breytingarnar á henni lögboðnar eða með því að breyta þessari reglugerð.

Í þessum framseldu gerðum skal tilgreina dagsetningarnar þegar sú reglugerð Sameinuðu þjóðanna eða breytingar eiga að vera lögboðnar og þær skulu innihalda umbreytingarákvæði, eftir því sem við á og eftir atvikum að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu, fyrstu skráningu ökutækja eða að þau séu tekin í notkun og þegar kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar eru boðin fram á markaði.

58. gr.

Jafngildi reglugerða Sameinuðu þjóðanna að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu

1. Reglugerðir Sameinuðu þjóðanna sem taldar eru upp í II. hluta II. viðauka eru viðurkenndar sem jafngildar samsvarandi stjórnvaldsfyrirmælum að því marki sem þær hafa sama gildissvið og viðfangsefni.

2. Viðurkenningaryfirvöld aðildarríkjanna skulu samþykkja gerðarviðurkenningar sem veittar eru í samræmi við reglugerðir Sameinuðu þjóðanna sem um getur í 1. mgr. og, ef við á, skal samþykkja viðkomandi viðurkenningarmerki í stað samsvarandi gerðarviðurkenninga og viðurkenningarmerkja sem veitt voru í samræmi við þessa reglugerð og stjórnvaldsfyrirmælin sem talin eru upp í II. viðauka.

XIII. KAFLI

MIÐLUN TÆKNILEGRA UPPLÝSINGA

59. gr.

Upplýsingar ætlaðar notendum

1. Framleiðandinn skal ekki veita neinar tæknilegar upplýsingar sem tengjast efnisatriðunum um gerð ökutækis, kerfis, íhlutar, aðskilinnar tæknieiningar, hluta eða búnaðar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eða í þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka og sem víkja frá efnisatriðum gerðarviðurkenningarinnar sem viðurkenningaryfirvaldið hefur veitt.

2. Framleiðandinn skal gera allar viðkomandi upplýsingar og nauðsynlegar leiðbeiningar aðgengilegar notendum þar sem lýst er sérstökum skilyrðum eða takmörkunum sem tengjast notkun ökutækis, kerfis, íhlutar, aðskilinnar tæknieiningar, hluta eða búnaðar.

3. Upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. skulu veittar á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem ökutækið, kerfið, íhluturinn, aðskilda tæknieiningin, hlutinn eða búnaðurinn verður settur á markað, skráður eða tekinn í notkun. Þær skulu einnig veittar í notendahandbókinni.

60. gr.

Upplýsingar ætlaðar framleiðendum

1. Framleiðendur ökutækja skulu gera allar upplýsingar aðgengilegar framleiðendum kerfa, íhluta, aðskilinna tæknieininga, hluta eða búnaðar sem eru nauðsynlegar við ESB-gerðarviðurkenningu kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga eða til að fá heimildina sem um getur í 1. mgr. 55. gr.

Framleiðendur ökutækja geta krafist þess að framleiðendur kerfa, íhluta, aðskilinna tæknieininga, hluta eða búnaðar geri bindandi samning um að vernda trúnað upplýsinga sem eru ekki aðgengilegar almenningi, þ.m.t. upplýsinga sem tengjast hugverkaréttindum.

2. Framleiðendur kerfa, íhluta, aðskilinna tæknieininga, hluta eða búnaðar skulu veita framleiðendum ökutækja allar ítarlegar upplýsingar um takmarkanir sem gilda um gerðarviðurkenningar þeirra og sem er annaðhvort vísað til í 3. mgr. 29. gr. eða eru lagðar á með stjórnsýslufyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka.

XIV. KAFLI

AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM UM INNBYGGÐ GREININGARKERFI ÖKUTÆKIS OG UM VIÐGERÐIR OG VIÐHALD ÖKUTÆKIS

61. gr.

Skyldur framleiðenda um að veita upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald ökutækis

1. Framleiðendur skulu veita sjálfstæðum rekstraraðilum óhindraðan og staðlaðan aðgang, án mismununar, að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis, greiningarbúnað og öðrum búnaði, verkfærum, þ.m.t. ítarlegum tilvísunum og aðgengilegu niðurhali af viðeigandi hugbúnaði og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis. Upplýsingar skulu settar fram á auðveldan og aðgengilegan hátt með gagnasöfnum sem eru tölvulæsileg og sem hægt er að vinna úr á rafrænan hátt. Óháðir rekstraraðilar skulu hafa aðgang að fjargreiningarþjónustu sem framleiðendur og viðurkenndir seljendur og viðgerðarverkstæði nota.

Framleiðendur skulu veita staðlaðan, öruggan og fjartengdan búnað til að gera óháðum viðgerðarverkstæðum kleift að ljúka aðgerðum sem fela í sér aðgang að öryggiskerfi ökutækisins.

2. Þar til framkvæmdastjórnin hefur samþykkt viðeigandi staðal frá Staðlasamtökum Evrópu eða sambærilegri staðlastofnun skulu upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækisins og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis settar fram á auðveldan og aðgengilegan hátt þannig að óháðir rekstraraðilar geti unnið úr þeim án þess að leggja meira á sig en eðlilegt getur talist.

Upplýsingarnar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og upplýsingarnar um viðgerðir og viðhald ökutækis skulu gerðar aðgengilegar á vefsetrum framleiðenda á stöðluðu formi eða, ef það er ekki gerlegt sökum eðlis upplýsinganna, á öðru viðeigandi formi. Fyrir óháða rekstraraðila aðra en viðgerðarverkstæði skulu þessar upplýsingar einnig veittar á tölvulæsilegu formi sem hægt er að vinna úr á rafrænan hátt með algengum upplýsingatæknitólum og -hugbúnaði og sem gerir óháðum rekstraraðilum kleift að framkvæma þau verkefni sem tengjast viðskiptum þeirra í aðfangakeðju á eftirmarkaði.

3. Í eftirfarandi tilvikum skal þó vera nóg að framleiðandinn leggi fram tilskildu upplýsingarnar án tafar á auðveldan og aðgengilegan hátt þegar óháður rekstraraðili óskar eftir því:

a) fyrir gerðir ökutækja sem falla undir landsbundna gerðarviðurkenningu ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum eins og um getur í 42. gr.,

b) fyrir ökutæki til sérstakra nota,

c) fyrir gerðir ökutækja í flokkum O_1 og O_2 sem nota ekki greiningartæki eða efnisleg eða þráðlaus samskipti við rafstýrieininguna eða -einingarnar í þeim tilgangi að greina eða endurforrita ökutækin sín,

d) fyrir lokaþrep gerðarviðurkenningar í fjölþrepa gerðarviðurkenningaraðferð þar sem lokaþrepið tekur einungis til yfirbyggingar sem inniheldur engin rafræn stjórnkerfi ökutækisins og öll rafræn stjórnkerfi ökutækisins í grunnökutækinu haldast óbreytt.

4. Í X. viðauka er mælt fyrir um nánari útfærslu á tæknilegum kröfum um aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og upplýsingum um viðgerðir og viðhald, einkum tækniforskriftir um hvernig veita skuli upplýsingar úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald.

5. Einnig skulu framleiðendur koma á framfæri efni til þjálfunar við óháða rekstraraðila og viðurkennda seljendur og viðgerðarverkstæði.

6. Framleiðendur skulu sjá til þess að upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækisins og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækisins séu ávallt aðgengilegar, nema þegar upplýsingakerfið þarfnast viðhalds.

Framleiðendur skulu gera allar síðari breytingar og viðbætur við upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis aðgengilegar á vefsetrum sínum um leið og þær eru gerðar aðgengilegar viðurkenndum viðgerðarverkstæðum.

7. Að því er varðar framleiðslu og viðhald hluta til endurnýjunar eða viðgerða, sem samrýmast innbyggða greiningarkerfinu, greiningartæki og prófunarbúnað, skulu framleiðendur veita öllum framleiðendum og viðgerðarverkstæðum íhluta, greiningartækja eða prófunarbúnaðar, sem hagsmuna eiga að gæta, viðeigandi upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis, án mismununar.

8. Að því er varðar hönnun, framleiðslu og viðgerð búnaðar fyrir ökutæki sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti skulu framleiðendur veita öllum framleiðendum og viðgerðarverkstæðum búnaðar fyrir slík ökutæki, ásamt þeim sem sjá um uppsetningu búnaðarins, viðeigandi upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis, án mismununar.

9. Ef viðgerðar- og viðhaldsskrár ökutækis eru geymdar í miðlægu gagnasafni framleiðanda ökutækisins eða fyrir hans hönd skulu sjálfstæð viðgerðarverkstæði hafa aðgang að slíkum gögnum án endurgjalds og hafa kost á að skrá inn upplýsingar um viðgerðir og viðhald sem þau hafa framkvæmt.

10. Þessi kafli gildir ekki um ökutæki sem falla undir skráningarviðurkenningar ökutækis.

11. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta X. viðauka þannig að tekið sé tillit til tækniþróunar og þróunar á sviði reglusetningar eða að komið sé veg fyrir misnotkun með því að uppfæra kröfurnar varðandi aðganginn að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis, þ.m.t. þær viðgerðar- og viðhaldsaðgerðir sem studdar eru með þráðlausu víðneti, og með því að samþykkja og samþætta þá staðla sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til núverandi upplýsingatækni, fyrirsjáanlegrar tækniþróunar að því er varðar ökutæki, núverandi ISO-staðla og möguleikans á ISO-staðli á heimsvísu.

62. gr.

Skyldur að því er varðar handhafa nokkurra gerðarviðurkenninga

1. Framleiðandinn sem ber ábyrgð á viðkomandi gerðarviðurkenningu á kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu eða ber ábyrgð á tilteknu þrepi ökutækis skal, ef um er að ræða blandaða gerðarviðurkenningu, gerðarviðurkenningu í áföngum eða fjölþrepa gerðarviðurkenningu bera ábyrgð á miðlun upplýsinga til bæði endanlega framleiðandans og óháðu rekstraraðilanna um þær upplýsingar um viðgerðir og viðhald sem varða tiltekna kerfið, íhlutinn eða aðskildu tæknieininguna eða sem varða tiltekna þrepið.

2. Ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu skal endanlegur framleiðandi vera ábyrgur fyrir því að veita aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis að því er varðar eigin framleiðsluþrep og tengingu við fyrri þrep.

63. gr.

Gjald fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis

1. Framleiðandinn má innheimta sanngjarnt og hóflegt gjald fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis öðrum en færslunum sem um getur í 10. mgr. 61. gr. Það gjald skal ekki verða til að letja óháða rekstraraðila til að nýta sér slíkar upplýsingar með því að vera ekki í neinu samræmi við notkun þeirra á upplýsingunum. Landsyfirvöldum, framkvæmdastjórninni og tækniþjónustum skal boðið aðgengi án endurgjalds að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis.

2. Framleiðandinn skal veita aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis, þ.m.t. viðskiptaþjónustu á borð við endurforritun eða tækniaðstoð, klukkustundir, daga, mánuði eða ár í senn og skal gjaldið fyrir aðgang að þeim upplýsingum vera breytilegt í samræmi við þann tíma sem aðgangur er veittur.

Til viðbótar við aðgang sem miðast við tíma mega framleiðendur bjóða aðgang sem miðast við færslur, en þá er gjaldfært fyrir hverja færslu í staðinn fyrir þann tíma sem aðgangur er veittur.

Ef framleiðandinn býður upp á bæði aðgangskerfin skulu sjálfstæði viðgerðarverkstæði velja aðgangskerfi sem geta annaðhvort miðast við tíma eða miðast við færslur.

64. gr.

Sönnun um uppfyllingu skyldna sem varða upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis

1. Framleiðandinn sem sótt hefur um ESB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu skal afhenda viðurkenningaryfirvaldinu sönnun um að farið sé að ákvæðum þessa kafla innan sex mánaða frá dagsetningu viðkomandi gerðarviðurkenningar.

2. Ef ekki er sýnt fram á að farið sé að ákvæðum innan þess tíma sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal viðurkenningaryfirvaldið grípa til viðeigandi ráðstafana í samræmi við 65. gr.

65. gr.

Uppfylling skuldbindinga varðandi aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis

1. Viðurkenningaryfirvald getur hvenær sem er, hvort sem er að eigin frumkvæði, á grundvelli kvörtunar, eða á grundvelli mats frá tækniþjónustu, athugað hvort framleiðandi uppfylli ákvæðin í þessum kafla og við vottorð framleiðandans um aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis sem um getur í 1. viðbæti við X. viðauka.

2. Ef viðurkenningaryfirvald kemst að því að framleiðandinn hafi ekki uppfyllt skuldbindingar sínar varðandi aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti viðeigandi gerðarviðurkenningu grípa til viðeigandi ráðstafana til að ráða bót á ástandinu.

Þessar ráðstafanir geta m.a. verið afturköllun eða tímabundin niðurfelling gerðarviðurkenningarinnar, sektir eða aðrar ráðstafanir sem samþykktar eru skv. 84. gr.

3. Ef óháður rekstraraðili eða atvinnugreinasamtök sjálfstæðra rekstraraðila leggja fram kvörtun til viðurkenningaryfirvaldsins um að framleiðandinn fari ekki að ákvæðum þessa kafla skal viðurkenningaryfirvaldið gera úttekt til að sannprófa hvort að framleiðandinn fari að tilskildum ákvæðum. Viðurkenningaryfirvald skal fara þess á leit við viðurkenningaryfirvaldið sem veitti heildargerðarviðurkenninguna að það rannsaki kvörtunina og biðji í kjölfarið um sönnunargögn frá framleiðanda ökutækisins sem sýna fram á að hann hafi yfir að ráða kerfi sem sé í samræmi við þessa reglugerð. Innan þriggja mánaða frá því að beiðnin er lögð fram skal senda niðurstöður þeirrar rannsóknar til landsbundna viðurkenningaryfirvaldsins og óháða rekstraraðilans eða atvinnugreinasamtakanna sem um er að ræða.

4. Viðurkenningaryfirvaldinu er heimilt við framkvæmd úttektarinnar að biðja tækniþjónustu eða annan óháðan sérfræðing að framkvæma mat til að staðfesta hvort farið hafi verið að þessum skuldbindingum að því er varðar aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis.

66. gr.

Samráðsvettvangur um aðgang að upplýsingum um ökutæki

1. Samráðsvettvangur um aðgang að upplýsingum um ökutæki varðandi upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis, sem komið er á fót í samræmi við 9. mgr. 13. gr. í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 ([1]), skal einnig fjalla um öll ökutæki sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

Samráðsvettvangurinn skal haga starfsemi sinni í samræmi við X. viðauka við þessa reglugerð.

2. Samráðsvettvangurinn um aðgang að upplýsingum um ökutæki skal taka til skoðunar hvort aðgangur að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis hefur áhrif á þær framfarir sem hafa orðið í fækkun á ökutækjaþjófnaði og leggja fram tillögur um hvernig bæta má kröfurnar varðandi aðgang að slíkum upplýsingum. Samráðsvettvangurinn um aðgang að upplýsingum um ökutæki skal einkum veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um innleiðingu ferlis til að faggildingarstofur geti samþykkt og veitt óháðum rekstraraðilum leyfi til fá aðgang að upplýsingum um öryggisþætti ökutækja.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að ákveða að fara með umfjöllun og niðurstöður samráðsvettvangsins um aðgang að upplýsingum um ökutæki sem trúnaðarmál.

XV. KAFLI

MAT, TILNEFNING, TILKYNNING AND VÖKTUN TÆKNIÞJÓNUSTA

67. gr.

Gerðarviðurkenningaryfirvald sem ber ábyrgð á tækniþjónustum

1. Viðurkenningaryfirvaldið sem aðildarríkið tilnefnir í samræmi við 2. mgr. 6. gr. (vísað til sem „gerðarviðurkenningaryfirvald“ að því er varðar þennan kafla) skal bera ábyrgð á mati, tilnefningu, tilkynningu og vöktun á tækniþjónustum, þ.m.t., eftir því sem við á, undirverktökum eða dótturfélögum þessara tækniþjónustna. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið getur ákveðið að faggildingarstofa í aðildarríki eigi að framkvæma matið og vöktunina á tækniþjónustum og á undirverktökum eða dótturfélögum þessara tækniþjónustna, eftir því sem við á.

2. Gerðarviðurkenningaryfirvöld skulu gangast undir jafningjamat að því er varðar hvers konar starfsemi sem þau annast sem tengist matinu og vöktuninni á tækniþjónustum.

Jafningjamat skal ná yfir matið sem gerðarviðurkenningaryfirvöld hafa framkvæmt í samræmi við 4. mgr. 73. gr. á aðgerðum tækniþjónustna í heild eða að hluta til, þ.m.t. hæfni starfsfólksins, réttleika prófunarinnar og skoðunaraðferða og réttleika prófunarniðurstaðna byggt á skilgreindum ramma stjórnvaldsfyrirmæla sem talin eru upp í I. hluta II. viðauka.

Undanþágu frá jafningjamati fær starfsemi sem tengist mati og vöktun á tækniþjónustum sem einungis fást við landsbundnar skráningarviðurkenningar (e. *individual approval)* sem veittar voru í samræmi við 45. gr. eða við landsbundnar gerðarviðurkenningar ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum sem veittar voru í samræmi við 42. gr.

Hvers konar mat gerðarviðurkenningaryfirvalda á faggildum tækniþjónustum skal vera undanþegið frá jafningjamati.

3. Gerðarviðurkenningaryfirvöld skulu ekki gangast undir jafningjamat þegar þau tilnefna einungis tækniþjónustur á grundvelli faggildingar tækniþjónustnanna.

4. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal ekki veita ráðgjafarþjónustu á viðskipta- eða samkeppnisgrundvelli.

5. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal hafa yfir að ráða nægilegum fjölda af starfsfólki til að framkvæma þau verkefni sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 frá 18. júlí 2008 um framkvæmd og breytingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja (Stjtíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1.).

6. Sérhvert aðildarríki skal veita framkvæmdastjórninni, samráðsvettvanginum og öðrum aðildarríkjum sem óska þess upplýsingar um aðferðir sínar við mat, tilnefningu og tilkynningu tækniþjónustna og um vöktun á tækniþjónustum og um allar breytingar á þeim aðferðum.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir til að mæla fyrir um fyrirmyndina að tilhögun upplýsingamiðlunar um aðferðir aðildarríkjanna sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

7. Gerðarviðurkenningaryfirvöld sem falla undir jafningjamat skulu ákvarða verklagsreglur um innri endurskoðun í samræmi við 2. viðbæti við III. viðauka. Slíkar innri endurskoðanir skal framkvæma að minnsta kosti einu sinni á ári. Þó er heimilt að draga úr tíðninni á innri endurskoðunum ef gerðarviðurkenningaryfirvaldið getur sýnt fram á að verið sé að beita stjórnunarkerfi þess á markvissan hátt og hefur reynst stöðugt.

8. Jafningjamatshópur sem samanstendur af tveimur gerðarviðurkenningaryfirvöldum frá öðrum aðildarríkjum skal framkvæma jafningjamat á gerðarviðurkenningaryfirvaldi á a.m.k. fimm ára fresti.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að ákveða að taka þátt í jafningjamatshópnum á grundvelli áhættumatsgreiningar.

Jafningjamatið skal innt af hendi á ábyrgð viðurkenningaryfirvaldsins sem sætir mati og skal fela í sér heimsókn á athafnasvæði tækniþjónustu, sem jafningjamatshópurinn velur.

Gerðarviðurkenningaryfirvöld sem falla ekki undir jafningjamat í samræmi við 3. mgr. skulu ekki vera talin með í neinni starfsemi sem tengist jafningjamatshópnum.

9. Að teknu tilhlýðilegu tilliti til athugunarefna samráðsvettvangsins er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem sett er fram áætlun fyrir jafningjamat sem nær yfir a.m.k. fimm ár, um viðmiðanir varðandi samsetninguna á jafningjamatshópnum, aðferðafræðina sem notuð er við jafningjamatið, áætlunina, tíðnina og önnur verkefni sem tengjast jafningjamatinu. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

10. Samráðsvettvangurinn skal rannsaka niðurstöðuna úr jafningjamatinu. Framkvæmdastjórnin skal taka saman samantektir á niðurstöðunni úr jafningjamati og birta þær opinberlega.

68. gr.

Tilnefning tækniþjónustu

1. Gerðarviðurkenningaryfirvöld skulu tilnefna tækniþjónustur fyrir einn eða fleiri af eftirfarandi flokkum starfsemi með hliðsjón af valdsviði þeirra:

a) flokkur A: prófanir sem um getur í þessari reglugerð og í þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka sem tækniþjónustur framkvæma í eigin starfsstöðvum,

b) flokkur B: umsjón með þeim prófunum, þ.m.t. undirbúningi prófana, sem um getur í þessari reglugerð eða í stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka, ef slíkar prófanir eru framkvæmdar í starfsstöð framleiðanda eða í starfsstöð þriðja aðila,

c) flokkur C: reglulegt mat á og eftirlit með verklagsreglum framleiðanda við eftirlit með samræmi framleiðslu,

d) flokkur D: umsjón með eða framkvæmd prófana eða skoðana til að hafa eftirlit með samræmi framleiðslu.

2. Hvert aðildarríki má tilnefna gerðarviðurkenningaryfirvald til að gegna hlutverki tækniþjónustu fyrir einn eða fleiri flokka starfsemi sem um getur í 1. mgr.

3. Tækniþjónustu skal komið á fót samkvæmt lögum aðildarríkis og hafa réttarstöðu lögaðila, að undanskilinni tækniþjónustu sem tilheyrir gerðarviðurkenningaryfirvaldi og að undanskilinni faggildri innri tækniþjónustu framleiðanda eins og um getur í 72. gr.

4. Tækniþjónusta skal hafa ábyrgðartryggingu sem er tengd starfsemi hennar nema aðildarríki hennar taki á sig ábyrgð samkvæmt landslögum eða ef aðildarríkið sjálft ber beina ábyrgð á samræmismatinu.

5. Að því er varðar 74. gr. má aðeins tilnefna og tilkynna tækniþjónustur þriðja lands, aðrar en þær sem tilnefndar eru í samræmi við 72. gr., ef möguleikinn á að tilnefna slíkar tækniþjónustur er veittur með tvíhliða samningi á milli Sambandsins og þriðja landsins sem um er að ræða. Þetta skal ekki koma í veg fyrir að tækniþjónusta sem komið er á fót samkvæmt lögum aðildarríkis í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar stofni dótturfélög í þriðju löndum að því tilskildu að tilnefnda tækniþjónustan stjórni dótturfélögunum með beinum hætti.

69. gr.

Óhæði tækniþjónustna

1. Tækniþjónusta, þ.m.t. starfsfólk hennar, skal vera sjálfstæð og skal annast þá starfsemi sem hún er tilnefnd til að sinna, af faglegri ráðvendni á hæsta stigi og með nauðsynlegri tæknileg færni á viðkomandi sviði sem hún starfar á og laus við allan þrýsting og hvatningu, einkum fjárhagslega, sem kynni að hafa áhrif á mat þeirra eða niðurstöður matsstarfsemi þeirra, einkum þrýsting og hvatningu frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta varðandi niðurstöður þessarar starfsemi.

2. Tækniþjónusta skal vera þriðji aðili eða stofnun þriðja aðila sem kemur ekki að ferlinu fyrir hönnun, framleiðslu, afhendingu eða viðhald þess ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskildu tæknieiningar sem tækniþjónustan metur, prófar eða skoðar.

Stofnun eða aðili sem tilheyrir atvinnugreinasamtökum eða fagfélagi sem kemur fram fyrir hönd fyrirtækja sem fást við hönnun, framleiðslu, afhendingu eða viðhald þeirra ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskildu tæknieininga sem slík stofnun eða slíkur aðili metur, prófar eða hefur eftirlit með, getur talist uppfylla kröfur fyrstu undirgreinar, að því tilskildu að gerðarviðurkenningaryfirvaldi viðkomandi aðildarríkis sé sýnt fram á að stofnunin eða aðilinn sé óháður og laus við hagsmunaárekstra.

3. Tækniþjónusta, æðstu stjórnendur hennar eða starfsfólk sem ber ábyrgð á að framkvæma þá starfsemi sem tækniþjónustan er tilnefnd til að sinna í samræmi við 1. mgr. 68. gr., skulu ekki koma að hönnun, framleiðslu, afhendingu eða viðgerð ökutækjanna, kerfanna, íhlutanna eða aðskildu tæknieininganna sem tækniþjónustan sér um að meta, né vera fulltrúar þeirra aðila sem fást við slíka starfsemi. Þetta skal ekki koma í veg fyrir notkun þeirra ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskildu tæknieininga sem eru nauðsynleg vegna starfrækslu tækniþjónustunnar eða notkun slíkra ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga í persónulegum tilgangi.

4. Tækniþjónusta skal tryggja að starfsemi dótturfélaga eða undirverktaka hennar hafi ekki áhrif á trúnað, hlutlægni eða óhlutdrægni þeirra flokka starfseminnar sem hún er tilnefnd til að sinna.

5. Starfsfólk tækniþjónustu skal gæta þagnarskyldu um allar upplýsingar sem það aflar sér í starfi samkvæmt þessari reglugerð, nema gagnvart tilnefndum viðurkenningaryfirvöldum og, ef við á, gagnvart faggildingarstofu í aðildarríki eða þar sem lög Sambandsins eða landslög kveða á um annað.

70. gr.

Hæfi tækniþjónustna

1. Tækniþjónusta skal vera fær um að framkvæma alla þá starfsemi sem hún sækir um að fá tilnefningu fyrir, í samræmi við 1. mgr. 68. gr. Hún skal sýna viðurkenningaryfirvaldinu eða faggildingarstofunni í aðildarríki, sem sér um matið eða vöktuninni á þeirri tækniþjónustu, fram á að hún uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

a) starfsfólk hennar hafi viðeigandi fagkunnáttu, sértæka tækniþekkingu og starfsþjálfun og nægilega og viðeigandi reynslu til að framkvæma þá starfsemi sem hún sækist eftir tilnefningu fyrir,

b) hún hafi lýsingar á þeim verklagsreglum sem eiga við um framkvæmd þeirrar starfsemi sem hún sækist eftir tilnefningu fyrir, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þess um hversu flókna tækni er að ræða í viðkomandi ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu, og hvort um fjölda- eða raðframleiðslu er að ræða. Tækniþjónustan skal sýna fram á gagnsæi og samanburðarnákvæmni þeirra verklagsreglna,

c) hún hafi nauðsynleg úrræði til að framkvæma þau verkefni sem tengjast þeim flokki eða flokkum starfsemi sem hún sækist eftir tilnefningu fyrir og að hún hafi aðgang að öllum nauðsynlegum búnaði eða aðstöðu.

2. Tækniþjónusta skal einnig sýna fram á að hún hafi þá viðeigandi fagkunnáttu, sértæku tækniþekkingu og staðfestu reynslu til að framkvæma prófanir og skoðanir við mat á samræmi ökutækjanna, kerfanna, íhlutanna og aðskildu tæknieininganna við þessa reglugerð og skal sýna fram á að hún uppfylli þá staðla sem skráðir eru í 1. viðbæti við III. viðauka. Staðlarnir sem taldir eru upp í 1. viðbæti við III. viðauka gilda hins vegar ekki að því er varðar síðasta þrepið í landsbundinni fjölþrepa aðferð sem um getur í 1. mgr. 47. gr.

3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 82. gr. til að breyta III. viðauka að því er varðar kröfurnar um matið á tækniþjónustunum.

71. gr.

Dótturfélög og undirverktakar tækniþjónustu

1. Tækniþjónustur geta, í samkomulagi við gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi þær, falið undirverktaka þá flokka starfsemi sem tækniþjónusturnar hafa verið tilnefndar til að sinna í samræmi við 1. mgr. 68. gr., eða falið dótturfélagi þá starfsemi.

2. Ef tækniþjónusta felur undirverktaka sérstök verkefni innan þeirra flokka starfsemi sem hún hefur verið tilnefnd til að sinna eða nýtir sér dótturfélag fyrir þau verkefni, skal hún tryggja að undirverktakinn eða dótturfélagið uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 68., 69. og 70. gr. og skal upplýsa gerðarviðurkenningaryfirvaldið um það.

3. Tækniþjónustur skulu bera fulla ábyrgð á þeim verkefnum sem undirverktakar eða dótturfélög þeirra framkvæma, án tillits til staðfestustaðar þeirra.

4. Tækniþjónustur skulu hafa tiltæk, fyrir gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi þær, öll skjöl sem skipta máli varðandi matið sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið framkvæmir eða faggildingin sem faggildingarstofa í aðildarríki framkvæmir á undirverktakanum eða dótturfélaginu og þeim verkefnum sem þau sinna.

72. gr.

Innri tækniþjónusta framleiðanda

1. Faggilt innri tækniþjónusta framleiðanda getur verið tilnefnd sem tækniþjónusta fyrir starfsemi í flokki A eins og um getur í a-lið 1. mgr. 68. gr. og einungis að því er varðar stjórnvaldsfyrirmælin sem talin eru upp í VII. viðauka. Innri tækniþjónusta skal vera aðskilinn og sérstakur hluti af fyrirtæki framleiðandans og skal ekki koma að hönnun, framleiðslu, afhendingu eða viðhaldi þess ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskildu tæknieiningar sem hún metur.

2. Innri tækniþjónusta, sem um getur í 1. mgr., skal uppfylla eftirtalin kröfur:

a) hún skal hafa faggildingu faggildingarstofu í aðildarríki og vera í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. og 2. viðbæti við III. viðauka,

b) innri tækniþjónustan, þ.m.t. starfsfólk hennar, er auðgreinanleg eftir þeirri stofnun eða fyrirtæki sem hún tilheyrir og býr yfir aðferðum við skýrslugjöf innan fyrirtækis framleiðandans sem hún er hluti af sem tryggja óhlutdrægni hennar og sýna viðkomandi gerðarviðurkenningaryfirvaldi og faggildingarstofu í aðildarríki fram á þá óhlutdrægni,

c) hvorki innri tækniþjónustan né starfsfólk hennar taka þátt í neinni starfsemi sem gæti haft áhrif á sjálfstætt mat þeirra eða heilindi í tengslum við þá starfsemi sem þau hafa verið tilnefnd til að sinna,

d) hún veitir eingöngu fyrirtæki framleiðandans, sem hún er hluti af, þjónustu sína.

3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 82. gr., til að breyta VII. viðauka þannig að tekið sé tillit til tækniþróunar og þróunar á sviði reglusetningar með því að uppfæra skrána yfir stjórnvaldsfyrirmæli og takmarkanir sem þar er að finna.

73. gr.

Mat og tilnefning tækniþjónusta

1. Tækniþjónustan sem sækir um skal leggja formlega umsókn fyrir viðurkenningaryfirvald þess aðildarríkis þar sem hún sækir um tilnefningu í samræmi við 4. lið í 2. viðbæti við III. viðauka. Í umsókninni skal tilgreina þá flokka starfsemi sem tækniþjónustan sækist eftir tilnefningu fyrir.

2. Áður en gerðarviðurkenningaryfirvald tilnefnir tækniþjónustu skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið eða faggildingarstofan í aðildarríki meta tækniþjónustuna í samræmi við gátlista fyrir mat sem nær a.m.k. yfir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti við III. viðauka. Matið skal fela í sér matsheimsókn á athafnasvæði tækniþjónustunnar sem sækir um og, ef við á, allra dótturfélaga eða undirverktaka, hvort sem þau eru staðsett í Sambandinu eða utan þess.

3. Tækniþjónustan sem sækir um skal, í tilvikum þar sem faggildingarstofa í aðildarríki framkvæmir matið, afhenda gerðarviðurkenningaryfirvaldinu gilt faggildingarvottorð og tilheyrandi matsskýrslu til staðfestingar á að tækniþjónustan uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti við III. viðauka fyrir þá flokka starfsemi sem tækniþjónustan sem sækir um sækist eftir tilnefningu fyrir.

4. Gerðarviðurkenningaryfirvald þess aðildarríkis sem tækniþjónustan sem sækir um hefur óskað eftir tilnefningu frá skal, í tilvikum þar sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið framkvæmir matið, formlega skipa sameiginlegan matshóp sem samanstendur af fulltrúum gerðarviðurkenningaryfirvalda a.m.k. tveggja annarra aðildarríkja og fulltrúum framkvæmdastjórnarinnar.

Ef tækniþjónustan sækir um tilnefningu í öðru aðildarríki en staðfestuaðildarríki hennar skal einn af fulltrúum sameiginlega matshópsins vera frá gerðarviðurkenningaryfirvaldi þessa staðfestuaðildarríkis nema ef það gerðarviðurkenningaryfirvald ákveður að taka ekki þátt í sameiginlega matshópnum.

Sameiginlegi matshópurinn skal taka þátt í matinu á tækniþjónustunni sem sækir um, þ.m.t. matsheimsókninni. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi tækniþjónustuna og sem tilheyrir aðildarríkinu þar sem tækniþjónustan, sem sækir um, hefur óskað eftir tilnefningu skal veita sameiginlega matshópnum alla nauðsynlega aðstoð og veita aðgang með tímanlegum hætti að öllum skjölum sem eru nauðsynleg til að meta tækniþjónustuna sem sækir um.

5. Í tilvikum þar sem matið er framkvæmt af því gerðarviðurkenningaryfirvaldi sem tilnefnir tækniþjónustur sem sækja um að framkvæma prófanir eingöngu fyrir landsbundnar skráningarviðurkenningar ökutækis í samræmi við 45. gr. skal gerðarviðurkenningaryfirvald þess aðildarríkis þar sem tækniþjónusta, sem sækir um, hefur óskað eftir tilnefningu vera undanþegið frá skyldunni um að skipa sameiginlegan matshóp. Tækniþjónusturnar sem athuga einungis rétta uppsetningu íhluta í flokkum O_1 og O_2 skulu einnig vera undanþegnar frá mati.

6. Ef tækniþjónustan hefur óskað eftir tilnefningu frá einu eða fleiri af gerðarviðurkenningaryfirvöldum aðildarríkja öðrum en staðfestuaðildarríki hennar í samræmi við 2. mgr. 74. gr. skal matið aðeins framkvæmt einu sinni, að því tilskildu að þetta mat hafi náð yfir allt gildissvið tilnefningar tækniþjónustunnar.

7. Sameiginlegi matshópurinn skal taka fyrir niðurstöður varðandi að tækniþjónustan sem sækir um uppfyllir ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í 68. til 72. gr., í 80. og 81. gr. og í 2. viðbæti við III. viðauka meðan á matsferlinu stendur. Fjalla skal um slíkar niðurstöður innan sameiginlega matshópsins.

8. Eftir matsheimsóknina skal sameiginlegi matshópurinn taka saman skýrslu þar sem sett er fram að hvaða marki tækniþjónustan sem sækir um uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 68. til 72. gr., í 80. og 81. gr. og í 2. viðbæti við III. viðauka.

9. Skýrslan sem um getur í 8. mgr. skal innihalda samantekt á öllum tilgreindum tilvikum þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, ásamt tilmælum um það hvort umsækjandinn geti verið tilnefndur sem tækniþjónusta.

10. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal tilkynna framkvæmdastjórninni um nöfn og sérfræðiþekkingu fulltrúa sinna sem eiga að taka þátt í sérhverjum sameiginlegum matshópi.

11. Gerðarviðurkenningaryfirvald aðildarríkisins þar sem tækniþjónustan sem sækir um hefur óskað eftir tilnefningu skal, í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti við III. viðauka, senda skýrsluna um útkomu matsins til framkvæmdastjórnarinnar og, sé þess óskað, til gerðarviðurkenningaryfirvalda hinna aðildarríkjanna. Sú skýrsla skal innihalda skjalfesta sönnun varðandi hæfi tækniþjónustunnar og þær ráðstafanir sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið hefur komið á fót til að hafa reglulegt eftirlit með tækniþjónustunni.

12. Gerðarviðurkenningaryfirvöldunum í hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni er heimilt að endurskoða matsskýrsluna og skjalfestu sönnunina, bera upp spurningar eða vekja máls á áhyggjuefnum og biðja um frekari skjalfestar sannanir innan eins mánaðar frá viðtökudegi matsskýrslunnar og skjalfestu sönnunarinnar.

13. Gerðarviðurkenningaryfirvald aðildarríkisins þar sem tækniþjónustan sem sækir um hefur óskað eftir tilnefningu skal gefa svar innan fjögurra vikna viðvíkjandi spurningum, áhyggjuefnum og óskum um frekari skjalfestar sannanir.

14. Innan fjögurra vikna frá viðtöku svarsins sem um getur í 13. mgr. er gerðarviðurkenningaryfirvöldum hinna aðildarríkjanna eða framkvæmdastjórninni heimilt að beina tilmælum, hvert um sig eða sameiginlega, til gerðarviðurkenningaryfirvalds aðildarríkisins þar sem tækniþjónustan sem sækir um hefur óskað eftir tilnefningu. Það gerðarviðurkenningaryfirvald skal taka tillit til tilmælanna þegar það tekur ákvörðun um tilnefningu tækniþjónustunnar. Ef það gerðarviðurkenningaryfirvald ákveður að fylgja ekki tilmælunum sem hin aðildarríkin eða framkvæmdastjórnin hefur beint til þess skal það tilgreina ástæðurnar fyrir því innan tveggja vikna frá ákvörðun sinni.

15. Tilnefning á tækniþjónustum skal gilda í fimm ár að hámarki.

16. Það gerðarviðurkenningaryfirvald sem sækist eftir tilnefningu sem tækniþjónusta í samræmi við 2. mgr. 68. gr. skal sýna fram á að það sé í samræmi við þessa reglugerð með mati sem framkvæmt er af óháðum úttektaraðilum. Úttektaraðilar mega tilheyra sömu stofnun að því tilskildu að þeir lúti stjórn sem er óháð starfsfólkinu sem annast starfsemina sem metin er og að því tilskildu að þeir uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti við III. viðauka.

74. gr.

Tilkynning til framkvæmdastjórnarinnar varðandi tilnefningu tækniþjónustna

1. Gerðarviðurkenningaryfirvöldin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um nafn, heimilisfang, þ.m.t. netfang, ábyrgðaraðila og flokk starfsemi sérhverrar tækniþjónustu sem þau hafa tilnefnt. Í tilkynningunni skal tilgreina skýrt gildissvið tilnefningarinnar, starfsemina og aðgerðirnar á sviði samræmismatsins, gerð ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga og þau viðfangsefni sem talin eru upp í II. viðauka sem tækniþjónusturnar hafa verið tilgreindar fyrir, sem og alla undirverktaka eða dótturfélög tækniþjónustnanna og allar síðari breytingar á einhverjum af þeim upplýsingum.

Senda skal slíka tilkynningu áður en viðkomandi tilnefnd tækniþjónusta stundar þá starfsemi sem um getur í 1. mgr. 68. gr.

2. Tækniþjónustan getur verið tilnefnd af einu eða fleirum gerðarviðurkenningaryfirvöldum aðildarríkja öðrum en staðfestuaðildarríki hennar, að því tilskildu að allt gildissvið tilnefningarinnar sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið veitir falli undir faggildingu í samræmi við 3. mgr. 73. gr. eða falli undir mat sem gert er í samræmi við 4. mgr. 73. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta á vefsetri sínu og uppfæra skrá yfir samskiptaupplýsingar tilnefndra tækniþjónustna, undirverktaka og dótturfélaga þeirra sem hafa fengið tilkynningu um þá skrá í samræmi við þessa grein.

75. gr.

Breytingar og endurnýjun á tilnefningum tækniþjónustna

1. Ef gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefnir, hefur komist að raun um eða hefur verið tilkynnt að tækniþjónusta uppfylli ekki lengur kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skal það gerðarviðurkenningaryfirvald takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilnefninguna, eins og við á, háð því hversu alvarlegur misbrestur er á því að þessar kröfur séu uppfylltar.

Gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og gerðarviðurkenningaryfirvöldunum í hinum aðildarríkjunum um alla takmörkun, tímabundna sviptingu eða afturköllun á tilnefningu.

Framkvæmdastjórnin skal uppfæra skrána sem um getur í 3. mgr. 74. gr.

2. Ef um er að ræða takmörkun, tímabundna sviptingu eða afturköllun á tilnefningunni eða ef tækniþjónustan hefur lagt niður starfsemi skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið hafa skrárnar yfir þá tækniþjónustu til reiðu fyrir viðurkenningaryfirvöldin eða fyrir markaðseftirlitsyfirvöldin, eða færa þær skrár til annarrar tækniþjónustu sem framleiðandinn velur í samráði við þá tækniþjónustu.

3. Innan þriggja mánaða frá tilkynningunni sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið meta hvort það að tækniþjónustan fari ekki að tilskildum ákvæðum hafi áhrif á ESB-gerðarviðurkenningarvottorð sem gefin eru út á grundvelli þeirra skýrslna um skoðun og prófun sem tækniþjónustan gefur út, með fyrirvara um breytta tilnefningu, og gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal einnig upplýsa hin gerðarviðurkenningaryfirvöldin og framkvæmdastjórnina til samræmis við það.

Innan tveggja mánaða frá því að hafa tilkynnt um breytingarnar á tilnefningunni skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og hin gerðarviðurkenningaryfirvöldin um niðurstöður sínar varðandi það að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum. Gerðarviðurkenningaryfirvald sem tilnefndi ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem þegar hafa verið sett á markað skal, ef nauðsyn krefur til að tryggja öryggi þeirra, gefa viðkomandi gerðarviðurkenningaryfirvöldum fyrirmæli um að fella tímabundið úr gildi eða afturkalla innan hæfilegs tíma öll ESB-gerðarviðurkenningarvottorð sem gefin voru út með óréttmætum hætti.

4. Ef tilnefning tækniþjónustna hefur verið takmörkuð, felld tímabundið úr gildi eða afturkölluð skulu ESB-gerðarviðurkenningarvottorðin, sem gefin eru út á grundvelli skýrslna um skoðun og prófun sem þær tækniþjónustur gefa út, halda gildi nema gerðarviðurkenningarnar falli úr gildi í samræmi við f-lið 2. mgr. 35. gr.

5. Rýmkun á gildissviði tilnefningar tækniþjónustunnar sem leiðir til tilnefningar á viðbótarundirflokk þeirrar starfsemi sem um getur í 1. mgr. 68. gr. skal metin í samræmi við aðferðina sem sett er fram í 73. gr.

Rýmkun á gildissviði tilnefningar tækniþjónustunnar eingöngu að því er varðar stjórnvaldsfyrirmælin sem talin eru upp í II. viðauka má framkvæma í samræmi við aðferðirnar sem mælt er fyrir um í 2. viðbæti við III. viðauka og með fyrirvara um tilkynninguna sem um getur í 74. gr.

6. Einungis skal endurnýja tilnefninguna á tækniþjónustu eftir að gerðarviðurkenningaryfirvaldið hefur sannprófað að tækniþjónustan haldi áfram að uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð. Framkvæma skal það mat í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 73. gr.

76. gr.

Vöktun á tækniþjónustum

1. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi tækniþjónusturnar skal vakta þær samfellt til að tryggja uppfyllingu þeirra krafna sem mælt er fyrir um í 68. til 72. gr, í 80. og 81. gr. og í 2. viðbæti við III. viðauka.

Fyrsta undirgrein þessarar málsgreinar gildir ekki um neina starfsemi tækniþjónustna sem faggildingaraðilar vakta í samræmi við 1. mgr. 67. gr. í þeim tilgangi að tryggja uppfyllingu þeirra krafna sem mælt er fyrir um í 68. til 72. gr., í 80. og 81. gr. og í 2. viðbæti við III. viðauka.

Sé þess óskað skulu tækniþjónustur láta í té allar viðeigandi upplýsingar og skjöl sem þörf er á til að gera gerðarviðurkenningaryfirvaldi sem tilnefndi þær eða faggildingarstofu í aðildarríki kleift að sannprófa að þær kröfur séu uppfylltar.

Tækniþjónustur skulu upplýsa gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi þær eða faggildingarstofuna í aðildarríki án tafar um allar breytingar, einkum að því er varðar starfsfólk þeirra, aðstöðu, dótturfélög eða undirverktaka sem geta haft áhrif á að farið sé að þeim kröfum sem settar eru fram í 68. til 72. gr., í 80. og 81. gr. og í 2. viðbæti við III. viðauka, eða getu þeirra til að framkvæma samræmismatsverkefnin varðandi ökutækin, kerfin, íhlutina og aðskildu tæknieiningarnar sem þau hafa verið tilnefnd fyrir.

2. Tækniþjónustur skulu svara án tafar beiðnum gerðarviðurkenningaryfirvalds eða framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við það samræmismat sem þær hafa framkvæmt.

3. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi tækniþjónustuna skal tryggja að hún sinni skyldum sínum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. þessarar greinar, nema lögmæt ástæða sé fyrir því að það sé ekki gert.

Ef það gerðarviðurkenningaryfirvald viðurkennir lögmæta ástæðu skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

Framkvæmdastjórnin skal án tafar hafa samráð við aðildarríkin. Á grundvelli þessa samráðs skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða hvort lögmæta ástæðan er réttlætanleg eða ekki. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

Tækniþjónustan og gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi hana geta óskað eftir því að farið sé með allar upplýsingar, sem sendar eru til gerðarviðurkenningaryfirvaldsins eða annars aðildarríkis eða til framkvæmdastjórnarinnar, sem trúnaðarmál.

4. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi tækniþjónustuna skal, a.m.k. á 30 mánaða fresti, meta hvort hver tækniþjónusta sem það ber ábyrgð á haldi áfram að uppfylla þær kröfur sem eru settar fram í 68. til 72. gr, í 80. og 81. gr. og í 2. viðbæti við III. viðauka. Það mat skal fela í sér matsheimsókn til hverrar tækniþjónustu sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið ber ábyrgð á.

Innan tveggja mánaða frá lokum matsins á tækniþjónustunni skal hvert aðildarríki gefa skýrslu um sína vöktunarstarfsemi til framkvæmdastjórnarinnar og til hinna aðildarríkjanna. Þessar skýrslur skulu innihalda samantekt matsins, sem skal gert aðgengilegt öllum.

77. gr.

Hæfi tækniþjónustu véfengt

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við gerðarviðurkenningaryfirvaldið í viðkomandi aðildarríki, rannsaka öll tilvik þar sem henni hefur verið bent á athugunarefni sem varða hæfi tækniþjónustu eða hvort að tækniþjónusta uppfylli þær kröfur og ábyrgðir sem á henni hvíla samkvæmt þessari reglugerð. Framkvæmdastjórninni er einnig heimilt að hefja slíkar rannsóknir að eigin frumkvæði.

Framkvæmdastjórnin skal rannsaka ábyrgð tækniþjónustunnar ef sýnt hefur verið fram á eða það er rökstudd ástæða til að telja að gerðarviðurkenning hefur verið veitt á grundvelli rangra gagna, að prófunarniðurstöðurnar hafi verið falsaðar eða að gögnunum eða tækniforskriftunum hafi verið haldið eftir, sem hefði leitt til þess að neitað væri að veita gerðarviðurkenningu.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi tækniþjónustuna sem hluta af rannsókninni sem um getur í 1. mgr. Sé þess óskað skal það gerðarviðurkenningaryfirvald láta framkvæmdastjórninni í té allar viðeigandi upplýsingar sem varða framkvæmd á kröfunum og uppfyllingu þeirra varðandi óhæði og hæfi viðkomandi tækniþjónustunnar.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að farið sé með allar viðkvæmar upplýsingar, sem fást úr rannsóknum hennar, sem trúnaðarmál.

4. Ef framkvæmdastjórnin kemst að raun um það að tækniþjónusta uppfylli ekki eða sé hætt að uppfylla kröfurnar vegna tilnefningar hennar, eða að hún beri ábyrgð á einhverjum þeirra aðstæðna sem um getur í 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin upplýsa aðildarríki gerðarviðurkenningaryfirvaldsins sem tilnefndi tækniþjónustuna um það.

Framkvæmdastjórnin skal óska eftir því, ef nauðsyn krefur, að það aðildarríki grípi til takmarkandi ráðstafana, þ.m.t. takmörkun, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun á tilnefningunni.

Ef aðildarríki gerir ekki viðeigandi takmarkandi ráðstafanir er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir til að ákveða að takmarka, fella tímabundið niður eða afturkalla tilnefningu viðkomandi tækniþjónustunnar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hlutaðeigandi aðildarríki um þessar framkvæmdargerðir og til samræmis við það skal uppfæra þær birtu upplýsingar sem um getur í 3. mgr. 74. gr.

78. gr.

Upplýsingaskipti um mat, tilnefningu og vöktun á tækniþjónustum

1. Gerðarviðurkenningaryfirvöld skulu hafa samráð sín á milli og við framkvæmdastjórnina um spurningar sem almennt varða framkvæmd þeirra krafa sem settar eru fram í þessari reglugerð í tengslum við matið, tilnefninguna og vöktunina á tækniþjónustum.

2. Gerðarviðurkenningaryfirvöld skulu tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni um fyrirmyndina að gátlistanum fyrir mat, sem er notaður í samræmi við 2. mgr. 73. gr., eigi síðar en 5. júlí 2020 og síðan um aðlaganir á þessum gátlista þar til framkvæmdastjórnin hefur samþykkt samræmdan gátlista fyrir mat. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framkvæmdargerðir til að staðfesta sniðmátið á samræmda gátlistanum fyrir mat. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 83. gr.

3. Bendi matsskýrslurnar, sem um getur í 8. mgr. 73. gr., til ósamræmis í almennum starfsvenjum gerðarviðurkenningaryfirvalda er aðildarríkjunum eða framkvæmdastjórninni heimilt að óska eftir upplýsingaskiptum.

Samráðsvettvangurinn skal samræma upplýsingaskiptin.

79. gr.

Samstarf við faggildingarstofur aðildarríkja

1. Ef tilnefning tækniþjónustu er byggð á faggildingu í skilningi reglugerðar (EB) nr. 765/2008 skulu faggildingarstofan í aðildarríki og gerðarviðurkenningaryfirvaldið hafa fullt samstarf og skulu skiptast á viðeigandi upplýsingum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 765/2008, þ.m.t. atviksskýrslur og aðrar upplýsingar sem tengjast málum undir stjórn tækniþjónustunnar þegar slíkar upplýsingar skipta máli fyrir matið á frammistöðu tækniþjónustunnar.

2. Aðildarríki skulu tryggja að gerðarviðurkenningaryfirvald aðildarríkisins, þar sem tækniþjónustan hefur staðfestu, upplýsi faggildingarstofuna í aðildarríki sem ber ábyrgð á faggildingu tiltekinnar tækniþjónustu um allar niðurstöður sem skipta máli fyrir faggildinguna. Faggildingarstofan í aðildarríki skal upplýsa gerðarviðurkenningaryfirvald aðildarríkisins, þar sem tækniþjónustan hefur staðfestu, um niðurstöður sínar.

80. gr.

Rekstrarlegar skuldbindingar tækniþjónustu

1. Tækniþjónustur skulu framkvæma þær aðgerðir sem þær hafa verið tilnefndar til í samræmi við 1. mgr. 68. gr.

2. Tækniþjónustur skulu ávallt:

a) heimila gerðarviðurkenningaryfirvaldinu sem sér um tilnefningar að fylgjast með vinnu tækniþjónustunnar þegar hún framkvæmir gerðarviðurkenningarprófanir og

b) þegar þess er óskað, veita gerðarviðurkenningaryfirvaldinu sem sér um tilnefningar upplýsingar um þá flokka starfsemi sem þær hafa verið tilnefndar til.

3. Komist tækniþjónusta að þeirri niðurstöðu að framleiðandi uppfylli ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð skal hún upplýsa gerðarviðurkenningaryfirvaldið um þetta til að það gerðarviðurkenningaryfirvald geti krafið framleiðandann um að gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal neita að gefa út gerðarviðurkenningarvottorð ef ekki hefur verið gripið til þessara viðeigandi ráðstafana til úrbóta.

81. gr.

Upplýsingaskyldur tækniþjónustu

1. Tækniþjónustur skulu tilkynna gerðarviðurkenningaryfirvaldinu sem tilnefndi þær um eftirfarandi:

a) allt ósamræmi sem finnst og kann að krefjast synjunar, takmörkunar, tímabundinnar niðurfellingar eða afturköllunar á gerðarviðurkenningarvottorði,

b) aðstæður sem hafa áhrif á gildissvið tilnefningarinnar og skilyrði fyrir tilnefningu hennar,

c) beiðnir sem þeim hafa borist frá markaðseftirlitsyfirvöldum um upplýsingar varðandi starfsemi þeirra.

2. Fari gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem tilnefndi tækniþjónustuna fram á það skal hún veita upplýsingar um starfsemi innan gildissviðs tilnefningar hennar eða um aðra starfsemi sem hún sinnir, þ.m.t. starfsemi sem nær yfir landamæri og undirverktakastarfsemi.

XVI. KAFLI

FRAMSELT VALD OG FRAMKVÆMDARVALD

82. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir sem um getur í 4. gr. (2. mgr.), 5. gr. (3. mgr.), 26. gr. (3. mgr.), 30. gr. (8. mgr.), 31. gr. (8. mgr.), 41. gr. (5. mgr.), 44. gr. (7. mgr.), 55. gr. (3. og 4. mgr.), 57. gr. (2. mgr.), 61. gr. (11. mgr.), 70. gr. (3. mgr.), 72. gr. (3. mgr.) og 85. gr. (2. mgr.) í fimm ár frá 4. júlí 2018. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþingið eða ráðið getur hvenær sem er afturkallað framsal valds sem um getur í 4. gr. (2. mgr.), 5. gr. (3. mgr.), 26. gr. (3. mgr.), 30. gr. (8. mgr.), 31. gr. (8. mgr.), 41. gr. (5. mgr.), 44. gr. (7. mgr.), 55. gr. (3. og 4. mgr.), 57. gr. (2. mgr.), 61. gr. (11. mgr.), 70. gr. (3. mgr.), 72. gr. (3. mgr.) og 85. gr. (2. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún þegar í stað tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 4. gr. (2. mgr.), 5. gr. (3. mgr.), 26. gr. (3. mgr.), 30. gr. (8. mgr.), 31. gr. (8. mgr.), 41. gr. (5. mgr.), 44. gr. (7. mgr.), 55. gr. (3. og 4. gr.), 57. gr. (2. mgr.), 61. gr. (11. mgr.), 70. gr. (3. mgr.), 72. gr. (3. mgr.) og 85. gr. (2. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

83. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar tækninefndar um vélknúin ökutæki. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

XVII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

84. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum markaðsaðila og tækniþjónustna á þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif. Einkum skulu þessi viðurlög vera í réttu hlutfalli við alvarleika þess að ekki er farið að tilskildum ákvæðum og fjölda ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga sem uppfylla ekki ákvæði og boðin eru fram á markaði í viðkomandi aðildarríki. Eigi síðar en 1. september 2020 skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um umræddar reglur og um þær ráðstafanir og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar á þeim.

2. Brot markaðsaðila og tækniþjónustna, sem viðurlög gilda um, skulu vera a.m.k. eftirfarandi:

a) lagðar eru fram rangar yfirlýsingar meðan á viðurkenningarferlinu stendur eða þegar ráðstöfunum til úrbóta eða takmarkandi ráðstöfunum er beitt í samræmi við XI. kafla,

b) prófunarniðurstöður vegna gerðarviðurkenningar eða markaðseftirlits eru falsaðar,

c) ekki eru látin af hendi gögn eða tækniforskriftir sem gætu valdið innköllun ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga, eða valdið synjun eða afturköllun ESB-gerðarviðurkenningarvottorðs,

d) tækniþjónustur fara ekki að tilskildum ákvæðum að því er varðar kröfurnar um tilnefningu þeirra.

3. Til viðbótar við þau brot sem sett eru fram í 2. mgr. skulu brot markaðsaðila, sem viðurlög gilda einnig um, vera a.m.k. eftirfarandi:

a) synjun um veitingu aðgangs að upplýsingum,

b) að bjóða fram á markaði ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem þarf að viðurkenna án þess að slík viðurkenning sé til staðar eða falsa gögn, samræmisvottorð, lögboðnar merkiplötur eða viðurkenningarmerki í þessum tilgangi.

4. Aðildarríki skulu árlega leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um þau viðurlög sem þau hafa beitt á næstliðnu ári. Ef engum viðurlögum var beitt á tilteknu ári er þess ekki krafist að aðildarríki leggi skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina.

5. Á hverju ári skal framkvæmdastjórnin útbúa yfirlitsskýrslu um þau viðurlög sem aðildarríki hafa beitt. Sú skýrsla getur innihaldið tilmæli fyrir aðildarríkin og skal lögð fyrir samráðsvettvanginn.

85. gr.

Stjórnsýslusektir til að styðja við ráðstafanir til úrbóta og takmarkandi ráðstafanir á vettvangi Sambandsins

1. Þegar framkvæmdastjórnin tekur ákvarðanir í samræmi við 53. gr. er henni heimilt að leggja á stjórnsýslusektir á viðkomandi markaðsaðila vegna þess að ökutækið, kerfið, íhluturinn eða aðskilda tæknieiningin uppfyllir ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Þessar stjórnsýslusektir skulu vera skilvirkar, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif. Sektirnar skulu einkum vera í réttu hlutfalli við þann fjölda ökutækja sem uppfylla ekki ákvæði sem eru skráð á markaði Sambandsins eða þann fjölda kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga sem uppfylla ekki ákvæði sem gerð eru aðgengileg á markaði Sambandsins.

Stjórnsýslusektirnar sem framkvæmdastjórnin beitir skulu ekki vera til viðbótar við viðurlögin sem aðildarríkin beita í samræmi við 84. gr. fyrir sama brotið. Þær stjórnsýslusektir sem framkvæmdastjórnin leggur á skulu ekki fara yfir 30 000 evrur á hvert ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu sem uppfyllir ekki ákvæði.

Framkvæmdastjórninni er ekki heimilt að höfða mál, hefja þau að nýju eða halda þeim áfram samkvæmt þessari grein gegn markaðsaðilum vegna brota gegn þessari reglugerð sem, á grundvelli fyrri ákvörðunar sem ekki er lengur hægt að vefengja, viðkomandi markaðsaðilar hafa verið beittir viðurlögum fyrir eða lýst hefur verið yfir að þeir beri ekki ábyrgð á í samræmi við 84. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 82. gr., á grundvelli þeirra meginreglna sem settar eru fram í 3. mgr. þessarar greinar, sem koma til viðbótar þessari reglugerð með því að mæla fyrir um verklagið við og aðferðirnar fyrir útreikninga og innheimtu á þeim stjórnsýslusektum sem um getur í 1. mgr. þessar greinar.

3. Eftirfarandi meginreglur gilda fyrir framseldu gerðirnar, sem um getur í 2. mgr.:

a) með verklagsreglu framkvæmdastjórnarinnar skal rétturinn til góðrar stjórnsýslu vera virtur, einkum rétturinn til að flytja mál sitt og rétturinn til aðgangs að skýrslunni, að teknu tilliti til réttmætra ástæðna er varða trúnað, þagnarskyldu og viðskiptaleynd,

b) við útreikning á viðeigandi stjórnsýslusekt skal framkvæmdastjórnin fylgja meginreglum um skilvirkni, meðalhóf og letjandi áhrif, að teknu tilliti til, þar sem við á, alvarleika og áhrifa brotsins, góða trú markaðsaðilans, kostgæfni og samstarfsvilja markaðsaðilans, endurtekningu, tíðni eða tímalengd brotsins sem og fyrri viðurlög sem lögð hafa verið á sama markaðsaðilann,

c) innheimta skal stjórnsýslusektir án ástæðulausrar tafar með því að fastsetja eindaga fyrir greiðslu og, eins og við á, með því að bjóða upp á möguleikann á að skipta niður greiðslunum í nokkrar afborganir og áfanga.

4. Fjárhæðir stjórnsýslusekta skulu reiknast sem tekjur í almennum fjárlögum Sambandsins.

86. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 715/2007

1. Reglugerð (EB) nr. 715/2007 er breytt sem hér segir:

1) Í stað titilsins komi eftirfarandi:

„Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 frá 20. júní 2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6)“,

2) í stað 2. mgr. 1. gr. komi eftirfarandi:

„2. Í þessari reglugerð er að auki mælt fyrir um reglur fyrir samræmi ökutækja í notkun, fyrir endingu mengunarvarnarbúnaðar, fyrir innbyggt greiningarkerfi ökutækis (OBD) og fyrir mælingu á eldsneytiseyðslu.“

3) í 3. gr. falli 14. og 15. liður brott,

4) ákvæði III. kafla falla brott,

5) í 2. mgr. 13. gr. falli e-liður brott.

2. Líta skal á tilvísanir í niðurfelldu ákvæðin í reglugerð (EB) nr. 715/2007 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í 1. lið í XI. viðauka þessarar reglugerðar.

87. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 595/2009

1. Reglugerð (EB) nr. 595/2009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað titilsins komi eftirfarandi:

„Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB“,

2) í stað annarrar málsgreinar 1. gr. komi eftirfarandi:

„Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um reglur fyrir samræmi ökutækja og hreyfla í notkun, fyrir endingu mengunarvarnarbúnaðar, fyrir innbyggt greiningarkerfi ökutækis (OBD) og fyrir mælingu á eldsneytiseyðslu og koltvísýringslosun.“

3) í 3. gr. falli liðir 11 og 13 brott,

4) Ákvæði 6. gr. falli brott,

5) í 2. mgr. 11. gr. falli e-liður brott.

2. Líta skal á tilvísanir í niðurfelldu ákvæðin í reglugerð (EB) nr. 595/2009 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í 2. lið í XI. viðauka þessarar reglugerðar.

88. gr.

Niðurfelling á tilskipun 2007/46/EB

Tilskipun 2007/46/EB er felld úr gildi frá og með 1. september 2020.

Líta skal á tilvísanir í tilskipun 2007/46/EB sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í 3. lið í XI. viðauka þessarar reglugerðar.

89. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Þessi reglugerð skal ekki ógilda neina heildargerðarviðurkenningu ökutækis eða ESB-gerðarviðurkenningu sem veitt er ökutækjum eða kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum fyrir 31. ágúst 2020.

2. Viðurkenningaryfirvöld skulu veita rýmkun og endurskoðun á heildargerðarviðurkenningum ökutækja og ESB-gerðarviðurkenningum á þeim ökutækjum, kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í samræmi við 33. og 34. gr.

3. Tækniþjónustur sem hafa þegar verið tilnefndar fyrir 4. júlí 2018 skulu falla undir matið sem um getur í 73. gr.

Tilnefningu á tækniþjónustum sem hafa þegar verið tilnefndar fyrir 4. júlí 2018 skal endurnýja eigi síðar en 5. júlí 2022 ef þessar tækniþjónustur uppfylla viðeigandi kröfur sem settar eru fram í þessari reglugerð.

Tilnefningu á tækniþjónustu sem gerð er fyrir 4. júlí 2018 skal fella úr gildi eigi síðar en 5. júlí 2022.

90. gr.

Skýrslugjöf

1. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um beitingu þeirra gerðarviðurkenningaraðferða og markaðseftirlitsaðferða sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð fyrir 1. september 2025.

2. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem veittar eru skv. 1. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin leggja matsskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, eigi síðar en 1. september 2026, um beitingu þessarar reglugerðar, þ.m.t. virkni sannprófunarinnar um að farið sé að tilskildum ákvæðum í samræmi við 9. gr.

91. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2020.

Frá 5. júlí 2020 skulu landsbundin yfirvöld þó ekki synja um veitingu ESB-gerðarviðurkenningar eða landsbundinnar gerðarviðurkenningar fyrir nýja gerð ökutækis eða hindra að það sé skráð, sett á markað eða tekið í notkun ef ökutækið sem um er að ræða er í samræmi við þessa reglugerð, fari framleiðandi fram á það.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 30. maí 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
A. TAJANI	L. PAVLOVA
forseti.	*forseti.*

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. viðauki	Almennar skilgreiningar, viðmiðanir fyrir flokkun ökutækja, gerðir ökutækja og gerðir yfirbygginga
1. viðbætir:	Aðferð við athugun á því hvort hægt sé að flokka ökutæki sem torfærutæki
2. viðbætir:	Tölustafir sem bætt er við kóðana sem notaðir eru fyrir mismunandi tegundir yfirbygginga
II. viðauki	Kröfur fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga
I. hluti	Stjórnvaldsfyrirmæli fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja sem framleidd eru í ótakmörkuðum framleiðsluröðum
1. viðbætir:	Stjórnvaldsfyrirmæli fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum skv. 41. gr.
2. viðbætir:	Kröfur fyrir ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis skv. 44. gr.
II. hluti	Skrá yfir reglugerðir Sameinuðu þjóðanna sem viðurkennt er að komið geti í stað tilskipana eða reglugerða sem um getur í I. hluta
III. hluti	Skrá yfir stjórnvaldsfyrirmæli með kröfum að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja til sérstakra nota
1. viðbætir:	Húsbifreiðar, sjúkrabifreiðar, líkvagnar
2. viðbætir:	Brynvarin ökutæki
3. viðbætir:	Ökutæki með hjólastólaaðgengi
4. viðbætir:	Önnur ökutæki til sérstakra nota (þ.m.t. sérstakir hópar, burðartæki fyrir margs konar búnað og dregin hjólhýsi)
5. viðbætir:	Færanlegir kranar
6. viðbætir:	Ökutæki til þungaflutninga
III. viðauki	Aðferðir sem fylgja skal að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu
1. viðbætir:	Staðlar sem tækniþjónusturnar sem um getur í 68. gr. þurfa að uppfylla
2. viðbætir:	Aðferð við mat á tækniþjónustu
IV. viðauki	Aðferðir til að tryggja samræmi framleiðslu
V. viðauki	Mörk lítilla framleiðsluraða og síðustu ökutækja gerðar
VI. viðauki	Skrá yfir hluti eða búnað sem getur skapað alvarlega áhættu fyrir rétta virkni kerfa sem eru nauðsynleg fyrir öryggi ökutækis eða vistvænleika þess, afkastakröfur á slíkum hlutum eða búnaði, viðeigandi prófunaraðferðir og ákvæði um merkingar og umbúðir
VII. viðauki	Stjórnvaldsfyrirmæli þar sem tilnefna má framleiðanda sem tækniþjónustu
Viðbætir:	Tilnefning innri tækniþjónustu framleiðanda sem tækniþjónustu og undirverktakastarfsemi
VIII. viðauki	Skilyrði fyrir því að framleiðandi eða tækniþjónusta noti sýndarprófunaraðferðir
1. viðbætir:	Almenn skilyrði fyrir notkun sýndarprófunaraðferða

2. viðbætir:	Sérstök skilyrði fyrir notkun sýndarprófunaraðferða
3. viðbætir:	Fullgildingarferli
IX. viðauki	Aðferðir sem beita skal við fjölþrepa gerðarviðurkenningu
Viðbætir:	Fyrirmynd að viðbótarauðkennisplötu framleiðanda
X. viðauki	Aðgangur að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis
1. viðbætir:	Vottorð framleiðanda um aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis.
2. viðbætir:	Upplýsingar úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækisins
XI. viðauki	Samsvörunartafla

I. VIÐAUKI

ALMENNAR SKILGREININGAR, VIÐMIÐANIR FYRIR FLOKKUN ÖKUTÆKJA, GERÐIR ÖKUTÆKJA OG GERÐIR YFIRBYGGINGA

INNGANGSHLUTI

Skilgreiningar og almenn ákvæði

1. Skilgreiningar

1.1. „Sætisrými“: sérhver staður sem rúmar sitjandi einstakling sem er að minnsta kosti jafn stór og:

a) mannslíkan sem samsvarar 50. hundraðshlutamarki karla ef um er að ræða ökumann,

b) mannslíkan sem samsvarar 5. hundraðshlutamarki kvenna, í öllum öðrum tilvikum.

1.2. „Sæti“: grind með áklæði, sem er ýmist hluti af yfirbyggingu ökutækis eða ekki, sem er ætluð sem sæti fyrir einn einstakling.

Undir þetta falla bæði stök sæti og bekksæti ásamt fellisætum og sætum sem hægt er að fjarlægja.

1.3. „Vörur“: fyrst og fremst hlutir sem hægt er að flytja.

Undir hugtakið falla vörur í lausri vigt, framleiðsluvörur, vökvar, lifandi dýr, uppskera, óskiptanlegur farmur.

1.4. „Hámarksmassi“: tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu.

2. Almenn ákvæði

2.1. Sætafjöldi

2.1.1. Kröfurnar varðandi sætafjölda gilda um sæti sem eru hönnuð til notkunar þegar ökutækinu er ekið á vegi.

2.1.2. Þær gilda ekki um sæti sem eru ætluð til notkunar þegar ökutækið er kyrrstætt og sem eru auðkennd með skýrum hætti fyrir notendur, annað hvort með táknmynd eða merki með viðeigandi texta.

2.1.3. Eftirfarandi kröfur gilda að því er varðar talningu á sætisrýmum:

a) hvert stakt sæti telst eitt sætisrými,

b) ef um er að ræða bekksæti skal hvert rými sem er a.m.k. 400 mm á breidd, mælt við sætispúðann, teljast eitt sætisrými.

Þetta skilyrði kemur ekki í veg fyrir að framleiðandinn notist við almennu ákvæðin sem um getur í lið 1.1,

c) þó skal rými eins og um getur í b-lið ekki teljast sem eitt sætisrými ef:

i. bekksætið er gætt eiginleikum sem koma í veg fyrir að neðsti hluti mannslíkansins sitji eðlilega, s.s. fastur kassi fyrir stjórnborð, svæði án bólstrunar eða klæðning sem rýfur nafnyfirborð sætisins,

ii. hönnun botnsins beint fyrir framan ætlað sæti (t.d. ef þar eru göng) kemur í veg fyrir að hægt sé að koma fótum mannslíkansins fyrir á eðlilegan hátt.

2.1.4. Að því er varðar ökutæki sem falla undir reglugerðir Sameinuðu þjóðanna nr. 66 og nr. 107 skal málið sem um getur í b-lið liðar 2.1.3 samræmt lágmarksrýminu sem krafist er fyrir einn einstakling í mismunandi undirflokkum ökutækja.

2.1.5. Ef sætisfestingar fyrir sæti sem hægt er að fjarlægja eru til staðar í ökutæki skal sætið sem hægt er að fjarlægja talið með við ákvörðun á sætafjölda.

2.1.6. Rými sem ætlað er fyrir hjólastól í notkun skal teljast eitt sætisrými.

2.1.6.1. Þetta ákvæði er með fyrirvara um kröfurnar í liðum 3.6.1 og 3.7 í 8. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107.

2.2. Hámarksmassi

2.2.1. Ef um er að ræða dráttareiningu fyrir festivagn skal hámarksmassi festivagns sem dráttarstóllinn ber talinn með í hámarksmassanum sem notaður er til að flokka ökutækið.

2.2.2. Ef um er að ræða vélknúið ökutæki sem getur dregið eftirvagn með miðlægum ási eða tengivagn með ósveigjanlegt dráttarbeisli skal hámarksmassinn, sem flyst til dráttarbifreiðar um tengið, talinn með í hámarksmassanum sem notaður er til að flokka ökutækið.

2.2.3. Ef um er að ræða festivagn, eftirvagn með miðlægum ási og tengivagn með ósveigjanlegt dráttarbeisli skal hámarksmassinn sem notaður er til að flokka ökutækið samsvara hámarksmassanum sem yfirfærist á jörð af hjólum á ás eða ásahópum þegar það er tengt við dráttarbifreiðina.

2.2.4. Ef um er að ræða hjólafleka skal hámarksmassi festivagns sem dráttarstóllinn ber talinn með í hámarksmassanum sem notaður er til að flokka ökutækið.

2.3. Sérstakur búnaður

2.3.1. Ökutæki sem einkum eru búin föstum búnaði, s.s. vélbúnaði eða tækjum, skulu teljast vera í flokki N eða O.

2.4. Einingar

2.4.1. Nema annað sé tekið fram skulu allar mælieiningar og tákn sem tengjast þeim vera í samræmi við tilskipun ráðsins 80/181/EBE ([1]).

3. Flokkun í ökutækjaflokka

3.1. Framleiðandinn ber ábyrgð á flokkun gerðar ökutækis í tiltekinn flokk.

Í þeim tilgangi skal uppfylla allar viðkomandi viðmiðanir sem lýst er í þessum viðauka.

3.2. Viðurkenningaryfirvald getur óskað eftir viðeigandi viðbótarupplýsingum frá framleiðanda í því skyni að sýna fram á að flokka þurfi gerð ökutækis sem ökutæki til sérstakra nota í sérhópnum (kóði SG).

A-HLUTI

Viðmiðanir fyrir flokkun ökutækja

1. Ökutækjaflokkar

Ökutæki skulu vera flokkuð í samræmi við flokkunina sem um getur í 4. gr., að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu og landsbundna gerðarviðurkenningu, ásamt ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis og landsbundinni skráningarviðurkenningu ökutækis.

Aðeins er hægt að veita viðurkenningu fyrir þá flokka sem um getur í 1. mgr. 4. gr.

2. Undirflokkar ökutækja

2.1. Torfærutæki

„Torfærutæki“: ökutæki sem tilheyrir flokki M eða N sem eru með tiltekna tæknilega eiginleika sem gerir kleift að nota þau utan venjulegra vega.

Fyrir þessa ökutækjaflokka skal bæta bókstafnum „G“ sem viðskeyti við bókstaf og tölustaf sem tilgreinir ökutækjaflokkinn.

Viðmiðanir fyrir flokkun ökutækja í undirflokkinn torfærutæki eru tilgreind í 4. lið þessa hluta.

2.2. Ökutæki til sérstakra nota

2.2.1. Fyrir ófullbúin ökutæki sem ætlað er að falli í undirflokk ökutækja til sérstakra nota skal bæta bókstafnum „S“ sem viðskeyti við bókstaf og tölustaf sem tilgreinir ökutækjaflokkinn.

Mismunandi gerðir ökutækja til sérstakra nota eru skilgreindar og taldar upp í 5. lið.

([1]) Tilskipun ráðsins 80/181/EBE frá 20. desember 1979 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi mælieiningar og um ógildingu tilskipunar 71/354/EBE (Stjtíð. EB L 39, 15.2.1980, bls. 40).

2.3. Torfærutæki til sérstakra nota

2.3.1. „Torfærutæki til sérstakra nota“: ökutæki sem tilheyrir annað hvort flokki M eða N og eru með þá tilteknu tæknilegu eiginleika sem um getur í liðum 2.1 og 2.2.

Fyrir þessa ökutækjaflokka skal bæta bókstafnum „G“ sem viðskeyti við bókstaf og tölustaf sem tilgreinir ökutækjaflokkinn.

Jafnframt skal fyrir ófullbúin ökutæki, sem ætlað er að falli í undirflokk ökutækja til sérstakra nota, bæta við bókstafnum „S“ sem seinna viðskeyti.

3. Viðmiðanir fyrir flokkun ökutækja í flokk N

3.1. Flokkun ökutækjagerðar í flokk N skal gerð á grundvelli tæknilegra eiginleika ökutækisins eins og um getur í liðum 3.2 til 3.6.

3.2. Meginreglan er að rýmið eða rýmin þar sem öll sætin eru skuli vera aðskilin algerlega frá hleðslurýminu.

3.3. Þrátt fyrir kröfurnar í lið 3.2 má flytja fólk og vörur í sama rými með þeim skilyrðum að í hleðslurýminu sé festingarbúnaður sem er hannaður til að verja farþega gegn tilfærslu á farmi við akstur, þ.m.t. við skarpa hemlun og í beygjum.

3.4. Festingarbúnaður - búnaður til að binda niður farm - sem ætlaður er til að festa farm eins og krafist er í lið 3.3 ásamt skilveggjum, sem ætlaður er ökutækjum allt að 7,5 tonnum, skal hannaður í samræmi við 3. og 4. lið alþjóðlega staðalsins ISO 27956:2009 “Road vehicles – Securing of cargo in delivery vans – Requirements and test methods”.

3.4.1. Staðfesta má kröfurnar sem um getur í lið 3.4 með samræmisyfirlýsingu sem framleiðandinn veitir.

3.4.2. Framleiðandanum er, sem valkostur við kröfurnar í lið 3.4, heimilt að sýna viðurkenningaryfirvaldi fram á með fullnægjandi hætti að uppsettur festingarbúnaður veiti sambærileg vernd og kveðið er á um í staðlinum sem vísað er til.

3.5. Fjöldi sæta að frátöldu sæti ökumanns skal ekki vera meiri en:

a) 6 ef um er að ræða ökutæki í flokki N_1,

b) 8 ef um er að ræða ökutæki í flokki N_2 eða N_3.

3.6. Ökutækin skulu vera með farmflutningsgetu sem er jafn mikil eða meiri en geta til farþegaflutninga í kílóum.

3.6.1. Í þessu skyni skulu eftirfarandi jöfnur gilda í öllum útfærslum, einkum þegar setið er í öllum sætum:

a) ef $N = 0$:

$P - M \geq 100$ kg

b) ef $0 < N \leq 2$:

$P - (M + N \times 68) \geq 150$ kg

c) ef $N > 2$:

$P - (M + N \times 68) \geq N \times 68$

þar sem merking skammstafana er sem hér segir:

„P“ er tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu,

„M“ er massi ökutækis, tilbúins til aksturs,

„N“ er fjöldi sæta, að frátöldu sæti ökumanns.

3.6.2. Massi búnaðar sem settur er á ökutækið til að bera varning (t.d. tankur, yfirbygging o.s.frv.), til að eiga við varning (t.d. krani, lyfta o.s.frv.) og til að festa varning (t.d. festingarbúnaður fyrir farm) skal talinn með í M.

3.6.3. Massi búnaðar sem er ekki notaður í þeim tilgangi sem um getur í lið 3.6.2 (s.s. loftdæla, spil, rafall, útsendingarbúnaður o.s.frv.) skal ekki talinn með í M að því er varðar beitingu á jöfnunum sem um getur í lið 3.6.1.

3.7. Uppfylla skal kröfurnar sem um getur í liðum 3.2 til 3.6 fyrir öll afbrigði og útfærslur ökutækjagerðar.

3.8. Viðmiðanir fyrir flokkun ökutækja í flokk N_1.

3.8.1. Flokka skal ökutæki í flokk N_1 þegar allar viðeigandi viðmiðanir eru uppfylltar.

Ef ein eða fleiri viðmiðanir eru ekki uppfylltar skal ökutækið flokkað í flokk M_1.

3.8.2. Til viðbótar við almennu viðmiðanirnar sem um getur í liðum 3.2 til 3.6 skal uppfylla viðmiðanirnar sem tilgreindar eru í þessum lið að því er varðar flokkun ökutækja sem eru þannig að rýmið þar sem ökumaðurinn er og farmurinn eru í einni einingu (þ.e. yfirbygging „BB“).

3.8.2.1. Þótt veggur eða skilrúm sem aðskilur að fullu eða að hluta til, sé fest á milli sætisraðar og farmrýmis er samt sem áður skylt að uppfylla tilskildar viðmiðanir.

3.8.2.2. Viðmiðanirnar eru sem hér segir:

a) lestun vara skal vera möguleg um aftari dyr, afturhlera eða hliðardyr, sem eru hannaðar og smíðaðar í þeim tilgangi,

b) ef um er að ræða aftari dyr eða afturhlera skal lestunaropið uppfylla eftirfarandi kröfur:

i. ef ökutækið er búið aðeins einni sætaröð eða aðeins ökumannssæti skal lágmarkshæð lestunaropsins vera a.m.k. 600 mm,

ii. ef ökutækið er búið tveimur eða fleiri sætaröðum skal lágmarkshæð lestunaropsins vera a.m.k. 800 mm og skal flatarmál opsins vera a.m.k. 12 800 cm^2,

c) Farmrýmið skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

„farmrými“: sá hluti ökutækisins sem er fyrir aftan sætaröð/sætaraðir eða fyrir aftan ökumannssætið ef ökutækið er aðeins búið einu ökumannssæti,

i. hleðsluflöturinn í farmrýminu skal almennt vera sléttur,

ii. ef ökutækið er búið aðeins einni sætaröð eða einu sæti skal lágmarkslengd farmrýmisins vera a.m.k. 40% af hjólhafinu,

iii. ef ökutækið er búið tveimur eða fleiri sætaröðum skal lágmarkslengd farmrýmisins vera a.m.k. 30% af hjólhafinu.

Ef auðvelt er að fjarlægja öftustu sætaröðina úr ökutækinu án þess að nota sérstök áhöld skulu kröfur varðandi lengd farmrýmis uppfylltar þegar öll sætin eru í ökutækinu,

iv. uppfylla skal kröfurnar varðandi lengd farmrýmis þegar sætin í fremstu röð eða öftustu röð, eftir því sem við á, eru upprétt í eðlilegri stöðu til venjulegra nota fyrir farþega ökutækisins.

3.8.2.3. Sérstök skilyrði fyrir mælingu

3.8.2.3.1. Skilgreiningar

a) „Hæð lestunarops“: lóðrétt fjarlægð milli tveggja láréttra plana sem snerta annars vegar hæsta punkt neðri hluta dyragáttarinnar og hins vegar lægsta punkt efri hluta dyragáttarinnar,

b) „flatarmál lestunarops“: mesta flatarmál hornréttrar vörpunar af stærsta mögulega opi þegar aftari dyr eða afturhleri eru alveg opin á lóðrétt plan sem er hornrétt á miðlínu ökutækisins,

c) „hjólhaf“: að því er varðar beitingu jafnanna í liðum 3.8.2.2 og 3.8.3.1, fjarlægðin á milli:

i. miðlínu framássins og miðlínu annars ássins, ef um er að ræða ökutæki með tvo ása eða

ii. miðlínu framáss og miðlínu sýndaráss, sem er jafn langt frá öðrum og þriðja ás, ef um er að ræða ökutæki með þrjá ása.

3.8.2.3.2. Sætisstillingar

a) Stilla skal sætin í ystu stöðu aftur.

b) Stilla skal sætisbakið, ef það er stillanlegt, þannig að hægt sé að koma fyrir þrívíðu H-punkts-tæki með horn bolsins í 25 gráðum.

c) Sætisbakið, ef það er ekki stillanlegt, skal vera í stöðunni sem það er hannað í af framleiðanda ökutækisins.

d) Ef hægt er að stilla hæð sætisins skal það stillt í lægstu stöðu.

3.8.2.3.3. Skilyrði að því er varðar ökutæki

a) Ökutækið skal vera hlaðið sem samsvarar hámarksmassa þess.

b) Hjól ökutækisins skulu snúa beint fram.

3.8.2.3.4. Kröfurnar í lið 3.8.2.3.2 gilda ekki ef ökutækið er útbúið með vegg eða skilrúmi.

3.8.2.3.5. Mæling á lengd farmrýmisins

a) Ef ökutækið er ekki útbúið með skilrúmi eða vegg skal mæla lengdina frá lóðréttu plani sem snertir aftasta punkt efst á sætisbakinu aftur að innri fleti eða dyrum eða afturhlera í lokaðri stöðu.

b) Ef ökutækið er útbúið með skilrúmi eða vegg skal mæla lengdina frá lóðréttu plani sem snertir aftasta punkt skilrúmsins eða veggjarins aftur að innri fleti eða dyrum eða afturhlera, eftir því sem við á, í lokaðri stöðu.

c) Uppfylla skal kröfur varðandi lengd að lágmarki eftir láréttri línu í lóðréttu lengdarplani gegnum miðlínu ökutækisins, í sömu hæð og hleðslugólfið.

3.8.3. Til viðbótar við almennu viðmiðanirnar sem um getur í liðum 3.2 til 3.6 skal uppfylla viðmiðanirnar sem tilgreindar eru í liðum 3.8.3.1 til 3.8.3.4 að því er varðar flokkun ökutækja sem eru þannig að rýmið þar sem ökumaðurinn er og farmurinn eru í ekki einni einingu (þ.e. yfirbygging „BE“).

3.8.3.1. Ef ökutækið er með lokaða gerð yfirbyggingar gildir eftirfarandi:

a) lestun farms skal vera möguleg um aftari dyr, afturhlera eða þil eða með öðrum hætti,

b) lágmarkshæð lestunaropsins vera a.m.k. 800 mm og skal flatarmál opsins vera a.m.k. 12 800 cm^2,

c) lágmarkslengd farmrýmisins skal vera a.m.k. 40% af hjólhafinu.

3.8.3.2. Ef ökutækið er með opna gerð farmrýmis gilda aðeins ákvæðin sem um getur í a- og c-lið liðar 3.8.3.1.

3.8.3.3. Við beitingu ákvæðanna sem um getur í lið 3.8.3 skulu skilgreiningarnar í lið 3.8.2.3.1 gilda.

3.8.3.4. Hins vegar skal uppfylla kröfur varðandi lengd farmrýmisins eftir láréttri línu í lengdarplani gegnum miðlínu ökutækisins, í sömu hæð og hleðslugólfið.

4. Viðmiðanir fyrir flokkun ökutækja í undirflokk torfærutækja

4.1. Ökutæki í flokkum M_1 eða N_1 skulu flokkuð í undirflokk torfærutækja ef þau uppfylla um leið eftirfarandi skilyrði:

a) a.m.k. einn framás og a.m.k. einn afturás eru hannaðir til að vera drifnir samtímis, án tillits til hvort hægt sé að aftengja einn aflás,

b) þau hafi a.m.k. einn lásbúnað fyrir mismunadrif eða búnað sem virkar á svipaðan hátt,

c) þau geti farið upp a.m.k. 25% halla sem stakt ökutæki,

d) þau uppfylli fimm af eftirfarandi sex kröfum:

i. flái að framan skal vera 25 gráður hið minnsta,

ii. flái að aftan skal vera 20 gráður hið minnsta,

iii. fríhorn skal vera 20 gráður hið minnsta,

iv. lágmarkshæð frá jörðu undir framás skal vera 180 mm hið minnsta,

v. lágmarkshæð frá jörðu undir afturás skal vera 180 mm hið minnsta,

vi. lágmarkshæð frá jörðu milli ásanna skal vera 200 mm hið minnsta.

4.2. Ökutæki í flokkum M_2, N_2 eða M_3 með hámarksmassa sem er ekki yfir 12 tonnum skulu flokkuð í undirflokk torfærutækja er þau uppfylla annaðhvort skilyrði a-liðar eða skilyrðin í bæði b- og c-liðar:

a) allir ásar eru drifnir samtímis, án tillits til hvort hægt sé að aftengja einn eða fleiri aflása,

b) i. a.m.k. einn framás og a.m.k. einn afturás eru hannaðir til að vera drifnir samtímis, án tillits til hvort hægt sé að aftengja einn aflás,

ii. þau hafi a.m.k. einn lásbúnað fyrir mismunadrif eða búnað sem hefur sömu virkni,

iii. þau geti farið upp 25% halla sem stakt ökutæki,

c) þau uppfylli a.m.k. fimm af eftirfarandi sex kröfum ef hámarksmassi þeirra er ekki yfir 7,5 tonnum og a.m.k. fjórum ef hámarksmassi þeirra er yfir 7,5 tonnum:

i. flái að framan skal vera 25 gráður hið minnsta,

ii. flái að aftan skal vera 25 gráður hið minnsta,

iii. fríhorn skal vera 25 gráður hið minnsta,

iv. lágmarkshæð frá jörðu undir framás skal vera 250 mm hið minnsta,

v. lágmarkshæð frá jörðu milli ása skal vera 300 mm hið minnsta,

vi. lágmarkshæð frá jörðu undir afturás skal vera 250 mm hið minnsta.

4.3. Ökutæki í flokkum M_3 eða N_3 með hámarksmassa sem er yfir 12 tonnum skulu flokkuð í undirflokk torfærutækja er þau uppfylla annaðhvort skilyrði a-liðar eða skilyrðin í bæði b- og c-lið:

a) allir ásar eru drifnir samtímis, án tillits til hvort hægt sé að aftengja einn eða fleiri aflása,

b) i. a.m.k. helmingur ásanna (eða tveir ásar af þremur ef um er að ræða ökutæki með þrjá ása og þrír ásar ef um er að ræða ökutæki með fimm ása) eru hannaðir til að vera drifnir samtímis, án tillits til hvort hægt sé að aftengja einn aflás,

ii. þau hafi a.m.k. einn lásbúnað fyrir mismunadrif eða búnað sem virkar á svipaðan hátt,

iii. þau geti farið upp 25% halla sem stakt ökutæki,

c) þau uppfylli a.m.k. fjórar af eftirfarandi sex kröfum:

i. flái að framan skal vera 25 gráður hið minnsta,

ii. flái að aftan skal vera 25 gráður hið minnsta,

iii. fríhorn skal vera 25 gráður hið minnsta,

iv. lágmarkshæð frá jörðu undir framás skal vera 250 mm hið minnsta,

v. lágmarkshæð frá jörðu milli ása skal vera 300 mm hið minnsta,

vi. lágmarkshæð frá jörðu undir afturás skal vera 250 mm hið minnsta.

4.4. Aðferðin við eftirlit með því hvort farið sé að rúmfræðilegu ákvæðunum sem um getur í þessum hluta skal sett fram í 1. viðbæti.

4.5. Líta skal á að kröfurnar í a-lið liðar 4.1, a- og b-lið liðar 4.2, og a- og b-lið liðar 4.3 um ása sem knúnir eru samtímis hafi verið uppfylltar ef eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt:

a) yfirfærsla dráttarafls til allra ása fer aðeins fram með vélrænum hætti sem skilar dráttarafli í miklum torfæru eða

b) hvert hjól á ásnum sem um er að ræða er knúið með einum vökvaknúnum hreyfli eða rafhreyfli.

Ef ásarnir, samkvæmt kröfunum í a-lið liðar 4.1, a- og b-lið liðar 4.2 og a- og b-lið liðar 4.3 um ása sem knúnir eru samtímis, eru ekki knúnir með einungis vélrænum hætti skal knúningsafl einstakra hjóla vera hannað til notkunar í mikilli torfæru. Í slíku tilviki skal vera tryggt að a.m.k. 75% af heildardráttarafli geti verið fært yfir á hjólin sem um er að ræða þegar dráttarskilyrði undir hinum hjólunum gera það ekki kleift að yfirfæra dráttarafl á tilhlýðilegan hátt um þessi hjól.

Aukadrifkerfið, samkvæmt b-lið liðar 4.5, skal ekki gera það kleift að aftengja dráttaraflið með sjálfvirkum hætti þar til ökutækið nær 75% af hámarkshönnunarhraða ökutækis eða þar til það nær 65 km/klst.

5. Ökutæki til sérstakra nota

	Heiti	Kóði	Skilgreining
5.1.	Húsbíll	SA	Ökutæki í flokki M með vistarverum með a.m.k. eftirtöldum búnaði: a) sætum og borði, b) svefnaðstöðu sem fæst með því að breyta sætum, c) eldunaraðstöðu, d) geymsluaðstöðu. Þessi búnaður skal vera tryggilega festur við vistarverurnar. Þó má borðið vera hannað á þann hátt að auðvelt sé að losa það.
5.2.	Brynvarið ökutæki	SB	Ökutæki sem ætlað er til verndar farþegum eða varningi í flutningum og með skothelda brynklæðningu.
5.3.	Sjúkrabifreið	SC	Ökutæki í flokki M, ætlað til flutnings sjúkra eða slasaðra og sérstaklega útbúið í þeim tilgangi.
5.4.	Líkvagn	SD	Ökutæki í flokki M, ætlað til líkflutninga og sérstaklega útbúið í þeim tilgangi.
5.5.	Ökutæki með hjólastólaaðgengi	SH	Ökutæki í flokki M_1, smíðuð eða breytt sérstaklega svo þau rúmi einn eða fleiri einstaklinga í hjólastól þegar ekið er á vegi.
5.6.	Dregið hjólhýsi	SE	Ökutæki í flokki O eins skilgreint er í íðorði 3.2.1.3 í alþjóðlega staðlinum ISO 3833:1977.
5.7.	Færanlegur krani	SF	Ökutæki í flokki N_3 sem er ekki ætlað til flutninga á vörum og er búið krana sem er með álagsvægið 400 kNm eða meira.
5.8.	Sérhópur	SG	Ökutæki til sérstakra nota sem fellur ekki undir skilgreiningarnar sem nefndar eru í þessum hluta.
5.9.	Hjólafleki	SJ	Ökutæki í flokki O sem búið er dráttarstól, sem ber festivagn í því skyni að breyta honum í eftirvagn.

	Heiti	Kóði	Skilgreining
5.10.	Eftirvagn fyrir þungaflutninga	SK	Ökutæki í flokki O_4 sem ætlað er til flutninga á óskiptanlegum farmi sem sætir takmörkunum að því er varðar hraða og umferð vegna stærðar þess. Undir þetta falla einnig vökvaknúnir einingavagnar án tillits til fjölda eininga.
5.11.	Vélknúið ökutæki fyrir þungaflutninga	SL	Dráttarbifreið eða dráttareining fyrir festivagna í flokki N_3 sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði: a) hún hafi fleiri en tvo ása og a.m.k. helmingur ásanna (tveir ásar af þremur ef um er að ræða ökutæki með þrjá ása og þrír ásar af fimm ef um er að ræða ökutæki með fimm ása) eru hannaðir til að vera knúnir samtímis, án tillits til hvort hægt sé að aftengja einn aflás, b) hún er hönnuð til að draga og ýta eftirvagni fyrir þungaflutninga í flokki O_4, c) hún hafi lágmarkshreyfilafl sem nemur 350 kW og d) hún geti verið búin viðbótartengibúnaði að framan fyrir þungan dráttarmassa.
5.12.	Burðartæki fyrir margs konar búnað	SM	Torfærutæki í flokki N (eins og skilgreint er í lið 2.3) sem er hannað og smíðað til að draga, ýta, flytja eða virkja tiltekinn útskiptanlegan búnað: a) með minnst tvö svæði til festinga fyrir þennan búnað, b) með staðlaða, vélræna, vökvaknúna og/eða rafræna skilfleti (t.d. aflúttak) til að knýja eða virkja útskiptanlega búnaðinn og c) sem uppfyllir skilgreininguna í lið 3.1.4 í alþjóðlega staðlinum ISO 3833-1977 (sérstakt ökutæki). Ef ökutækið er búið aukahleðslupalli skal hámarkslengd hans ekki fara yfir: a) 1,4 sinnum sporvídd ökutækisins að framan eða aftan, hvort sem er stærra, ef um er að ræða ökutæki með tvo ása eða b) 2,0 sinnum sporvídd ökutækisins að framan eða aftan, hvort sem er stærra, ef um er að ræða ökutæki með fleiri en tvo ása.

6. Athugasemdir

6.1. Gerðarviðurkenningu skal ekki veita:

a) hjólaflekum eins og þeir eru skilgreindir í lið 5.9 í þessum hluta,

b) hengivögnum eins og þeir eru skilgreindir í lið 5.4 í C-hluta,

c) eftirvögnum sem geta flutt farþega þegar ekið er á vegi.

6.2. Liður 6.1 er með fyrirvara um 42. gr. um landsbundna gerðarviðurkenningu lítilla framleiðsluraða.

B-HLUTI

Viðmiðanir fyrir gerðir ökutækja, afbrigði og útfærslur

1. Flokkur M_1

1.1. Gerð ökutækis

1.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:

a) heiti fyrirtækis framleiðandans.

Verði breyting á lögformlegu eignarhaldi á fyrirtækinu er þess ekki krafist að ný viðurkenning sé veitt,

b) hönnun og samsetningu nauðsynlegra hluta yfirbyggingarinnar ef um er að ræða sjálfberandi yfirbyggingu,

Það sama skal gilda um ökutæki með yfirbyggingu sem er boltuð á eða soðin við aðskilinn ramma.

1.1.2. Þrátt fyrir kröfurnar í b-lið liðar 1.1.1 má telja ökutæki tilheyra sömu gerð ef framleiðandinn notar gólfhluta yfirbyggingarinnar ásamt nauðsynlegum grundvallarhlutum, sem mynda fremri hluta yfirbyggingarinnar beint fyrir framan framrúðuna, við smíði á mismunandi tegundum yfirbygginga (t.d. ökutæki með fernum dyrum eða ökutæki með tvennum dyrum). Framleiðandinn skal leggja fram sönnun þess efnis.

1.1.3. Til gerðar skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útfærsla.

1.2. Afbrigði

1.2.1. Til „afbrigðis“ innan gerðar ökutækis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi smíðaeiginleika:

a) fjölda hliðardyra eða gerð yfirbyggingar eins og skilgreint er í 2. lið C-hluta þegar framleiðandinn notast við viðmiðunina í lið 1.1.2,

b) hreyfil með tilliti til eftirfarandi smíðaeiginleika:

i. gerð orkugjafa (brunahreyfill, rafmagnshreyfill eða annað),

ii. vinnsluhátt (rafkveikja, þjöppukveikja eða annað),

iii. fjölda og fyrirkomulag strokka, ef um er að ræða brunahreyfil (L4, V6 eða annað),

c) fjölda ása,

d) fjölda og samtengingu aflása,

e) fjölda stýriása,

f) smíðaþrep (t.d. fullbúið/ófullbúið),

g) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.

1.3. Útfærsla

1.3.1. Til „útfærslu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:

a) tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu,

b) slagrými hreyfils ef um er að ræða brunahreyfil,

c) hámarkshreyfilafköst eða samfellt hámarksnafnafl (rafmagnshreyfill),

d) tegund eldsneytis (bensín, gasolía, fljótandi jarðolíugas, knúið tveimur tegundum eldsneytis eða annað),

e) hámarksfjölda sæta,

f) hljóðstig á ferð,

g) magn losunar með útblæstri (t.d. Euro 5, Euro 6 eða annað),

h) veginn eða blandaður akstur, losun koltvísýrings við blandaðan akstur,

i. raforkunotkun (veginn, blandaður akstur),

j) veginn eða blandaður akstur, eldsneytisnotkun við blandaðan akstur.

Sem valkost við viðmiðunina í h-, i- og j-lið skulu ökutæki sem eru flokkuð í útfærslu prófuð sameiginlega með tilliti til útreiknings á koltvísýringslosun, raforku- og eldsneytisnotkun þeirra, samkvæmt 6. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ([1]).

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 frá 1. júní 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 692/2008 (Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1).

2. Flokkar M_2 og M_3

2.1. Gerð ökutækis

2.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:

a) heiti fyrirtækis framleiðandans.

Verði breyting á lögformlegu eignarhaldi á fyrirtækinu er þess ekki krafist að ný viðurkenning sé veitt,

b) flokk,

c) eftirfarandi þætti í smíði og hönnun:

i. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta sem mynda undirvagninn,

ii. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta yfirbyggingarinnar ef um er að ræða sjálfberandi yfirbyggingu,

d) fjölda hæða (ein eða tvær),

e) fjölda eininga (ekki liðskipt/liðskipt),

f) fjölda ása,

g) aðferð við afhendingu orku (í ökutæki/utan ökutækis),

2.1.2. Til gerðar ökutækis skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útfærsla.

2.2. Afbrigði

2.2.1. Til „afbrigðis“ innan gerðar ökutækis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi smíðaeiginleika:

a) gerð yfirbyggingar eins og skilgreint er í 3. lið C-hluta,

b) undirflokk eða samsetningu undirflokka ökutækja eins og skilgreint er í lið 2.1.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107 (aðeins ef um er að ræða fullbúin ökutæki eða fjölþrepa fullbúin ökutæki),

c) smíðaþrep (t.d. fullbúið/ófullbúið/fullbúið í áföngum),

d) hreyfil með tilliti til eftirfarandi smíðaeiginleika:

i. gerð orkugjafa (brunahreyfill, rafmagnshreyfill eða annað),

ii. vinnsluhátt (rafkveikja, þjöppukveikja eða annað),

iii. fjölda og fyrirkomulag strokka, ef um er að ræða brunahreyfil (L6, V8 eða annað),

e) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.

2.3. Útfærsla

2.3.1. Til „útfærslu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega alla eftirfarandi eiginleika:

a) tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu,

b) hvort ökutækið geti dregið eftirvagn eða ekki,

c) slagrými hreyfils ef um er að ræða brunahreyfil,

d) hámarkshreyfilafköst eða samfellt hámarksnafnafl (rafmagnshreyfill),

e) tegund eldsneytis (bensín, gasolía, fljótandi jarðolíugas, knúið tveimur tegundum eldsneytis eða annað),

f) hljóðstig á ferð,

g) magn losunar með útblæstri (t.d. Euro IV, Euro V eða annað).

3. Flokkur N_1

3.1. Gerð ökutækis

3.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:

a) heiti fyrirtækis framleiðandans.

Verði breyting á lögformlegu eignarhaldi á fyrirtækinu er þess ekki krafist að ný viðurkenning sé veitt,

b) hönnun og samsetningu nauðsynlegra hluta yfirbyggingarinnar ef um er að ræða sjálfberandi yfirbyggingu,

c) hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta undirvagns ef um er að ræða yfirbyggingu sem er ekki sjálfberandi.

3.1.2. Þrátt fyrir kröfurnar í b-lið liðar 3.1.1 má telja ökutæki tilheyra sömu gerð ef framleiðandinn notar gólfhluta yfirbyggingarinnar ásamt nauðsynlegum grundvallarhlutum, sem mynda fremri hluta yfirbyggingarinnar beint fyrir framan framrúðuna, við smíði á mismunandi tegundum yfirbygginga (t.d. sendibifreið eða undirvagn með stýrishúsi, mismunandi hjólhaf og mismunandi þakhæð). Framleiðandinn skal leggja fram sönnun þess efnis.

3.1.3. Til gerðar ökutækis skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útfærsla.

3.2. Afbrigði

3.2.1. Til „afbrigðis“ innan gerðar ökutækis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi smíðaeiginleika:

a) fjölda hliðardyra eða gerð yfirbyggingar eins og skilgreint er í 4. lið C-hluta (að því er varðar fullbúin ökutæki eða fjölþrepa fullbúin ökutæki) þegar framleiðandinn notast við viðmiðunina í lið 3.1.2,

b) smíðaþrep (t.d. fullbúið/ófullbúið/fullbúið í áföngum),

c) hreyfil með tilliti til eftirfarandi smíðaeiginleika:

i. gerð orkugjafa (brunahreyfill, rafmagnshreyfill eða annað),

ii. vinnsluhátt (rafkveikja, þjöppukveikja eða annað),

iii. fjölda og fyrirkomulag strokka, ef um er að ræða brunahreyfil (L6, V8 eða annað),

d) fjölda ása,

e) fjölda og samtengingu aflása,

f) fjölda stýriása.

g) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.

3.3. Útfærsla

3.3.1. Til „útfærslu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:

a) tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu,

b) slagrými hreyfils ef um er að ræða brunahreyfil,

c) hámarkshreyfilafköst eða samfellt hámarksnafnafl (rafmagnshreyfill),

d) tegund eldsneytis (bensín, gasolía, fljótandi jarðolíugas, knúið tveimur tegundum eldsneytis eða annað),

e) hámarksfjölda sæta,

f) hljóðstig á ferð,

g) magn losunar með útblæstri (t.d. Euro 5, Euro 6 eða annað),

h) veginn eða blandaður akstur, losun koltvísýrings við blandaðan akstur,

i. raforkunotkun (veginn, blandaður akstur),

j) veginn eða blandaður akstur, eldsneytisnotkun við blandaðan akstur,

k) sérstök nýsköpunartækni er fyrir hendi, eins og tilgreint er í 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 ([1]).

Sem valkost við viðmiðunina í h-, i- og j-lið skulu ökutæki sem eru flokkuð í útfærslu prófuð sameiginlega með tilliti til útreiknings á koltvísýringslosun, raforku- og eldsneytisnotkun þeirra, samkvæmt 6. undirviðauka XXI. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/1151.

4. Flokkar N_2 og N_3

4.1. Gerð ökutækis

4.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:

a) heiti fyrirtækis framleiðandans.

Verði breyting á lögformlegu eignarhaldi á fyrirtækinu er þess ekki krafist að ný viðurkenning sé veitt,

b) flokk,

c) hönnun og smíði undirvagns sem er sameiginleg í tiltekinni vörulínu,

d) fjölda ása,

4.1.2. Til gerðar ökutækis skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útfærsla.

4.2. Afbrigði

4.2.1. Til „afbrigðis“ innan gerðar ökutækis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi smíðaeiginleika:

a) yfirbyggingu eða tegund yfirbyggingar eins og skilgreint er í 4. lið C-hluta og í 2. viðbæti (aðeins að því er varðar fullbúin ökutæki eða fjölþrepa fullbúin ökutæki),

b) smíðaþrep (t.d. fullbúið/ófullbúið/fullbúið í áföngum),

c) hreyfil með tilliti til eftirfarandi smíðaeiginleika:

i. gerð orkugjafa (brunahreyfill, rafmagnshreyfill eða annað),

ii. vinnsluhátt (rafkveikja, þjöppukveikja eða annað),

iii. fjölda og fyrirkomulag strokka, ef um er að ræða brunahreyfil (L6, V8 eða annað),

d) fjölda og samtengingu aflása,

e) fjölda stýriása,

f) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.

4.3. Útfærsla

4.3.1. Til „útfærslu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:

a) tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu,

b) hvort það geti dregið eftirfarandi eftirvagna:

i. eftirvagn án hemla,

ii. eftirvagn með ýtihemlakerfi (eða ágangshemlakerfi) eins og skilgreint er í lið 2.12 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13,

iii. eftirvagn með samtengt eða hálfsamtengt hemlakerfi eins og skilgreint er í liðum 2.9 og 2.10 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13,

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 510/2011 frá 11. maí 2011 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra léttra atvinnuökutækja sem hluta af samþættri stefnu Sambandsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum (Stjtíð. L 145, 31.5.2011, bls. 1).

iv. eftirvagn í flokki O_4 sem veldur því ekki að hámarkshleðslumassi vagnalestarinnar fari yfir 44 tonn,

v. eftirvagn í flokki O_4 sem veldur því að hámarkshleðslumassi vagnalestarinnar fari yfir 44 tonn.

c) slagrými hreyfils,

d) hámarkshreyfilafköst,

e) tegund eldsneytis (bensín, gasolía, fljótandi jarðolíugas, knúið tveimur tegundum eldsneytis eða annað),

f) hljóðstig á ferð,

g) magn losunar með útblæstri (t.d. Euro IV, Euro V eða annað).

5. Flokkar O_1 og O_2

5.1. Gerð ökutækis

5.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:

a) heiti fyrirtækis framleiðandans.

Verði breyting á lögformlegu eignarhaldi á fyrirtækinu er þess ekki krafist að ný viðurkenning sé veitt,

b) flokk,

c) gerð eins og skilgreint er í 5. lið C-hluta,

d) eftirfarandi þætti í smíði og hönnun:

i. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta sem mynda undirvagninn,

ii. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta yfirbyggingarinnar ef um er að ræða sjálfberandi yfirbyggingu,

e) fjölda ása.

5.1.2. Til gerðar ökutækis skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útfærsla.

5.2. Afbrigði

5.2.1. Til „afbrigðis“ innan gerðar ökutækis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi smíðaeiginleika:

a) tegund yfirbyggingar eins og um getur í 2. viðbæti (að því er varðar fullbúin ökutæki eða fjölþrepa fullbúin ökutæki),

b) smíðaþrep (t.d. fullbúið/ófullbúið/fullbúið í áföngum),

c) gerð hemlakerfis (t.d. án hemla/ýtihemlun/aflhemlun),

d) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.

5.3. Útfærsla

5.3.1. Til „útfærslu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:

a) tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu,

b) gerð fjöðrunar (loft, stál- eða gúmmífjöðrun, vindustöng eða annað),

c) gerð dráttarbeislis (þríhyrningur, stöng eða annað).

6. Flokkar O_3 og O_4

6.1. Gerð ökutækis

6.1.1. Með „gerð ökutækis“ er átt við ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:

a) heiti fyrirtækis framleiðandans.

Verði breyting á lögformlegu eignarhaldi á fyrirtækinu er þess ekki krafist að ný viðurkenning sé veitt,

b) flokk,

c) gerð eftirvagns með tilliti til skilgreininganna í 5. lið C-hluta,

d) eftirfarandi þætti í smíði og hönnun:

i. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta sem mynda undirvagninn,

ii. hönnun og smíði nauðsynlegra grundvallarhluta yfirbyggingarinnar ef um er að ræða eftirvagna með sjálfberandi yfirbyggingu,

e) fjölda ása.

6.1.2. Til gerðar ökutækis skal teljast a.m.k. eitt afbrigði og ein útfærsla.

6.2. Afbrigði

6.2.1. Til „afbrigðis“ innan gerðar ökutækis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi smíðaeiginleika og hönnunareinkenni:

a) tegund yfirbyggingar eins og um getur í 2. viðbæti (að því er varðar fullbúin ökutæki eða fjölþrepa fullbúin ökutæki),

b) smíðaþrep (t.d. fullbúið/ófullbúið/fullbúið í áföngum),

c) gerð fjöðrunar (stál, loft eða vökvafjöðrun),

d) eftirfarandi tæknilega eiginleika:

i. hvort hægt sé að lengja undirvagninn eða ekki,

ii. hæð gólfsins (venjuleg, fyrir lágan farm, o.s.frv.).

e) ef um er að ræða ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum, framleiðanda og gerð ökutækis á fyrra stigi.

6.3. Útgáfur

6.3.1. Til „útfærslu“ innan afbrigðis skal flokka ökutæki sem eiga sameiginlega eftirfarandi eiginleika:

a) tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu,

b) niðurskiptingar eða samsetningar niðurskiptinga sem um getur í liðum 3.2 og 3.3 í I. viðauka við tilskipun 96/53/EB sem ásbil flokkast undir að því er varðar bil milli tveggja samliggjandi ása í ásahóp,

c) skilgreiningu ása að því er varðar:

i. lyftiása (fjöldi og staðsetning),

ii. ása með hleðslufærslu (fjöldi og staðsetning),

iii. stýriása (fjöldi og staðsetning).

7. Sameiginlegar kröfur fyrir alla flokka ökutækja

7.1. Ef ökutæki fellur í nokkra flokka vegna hámarksmassa þess eða sætafjölda eða hvors tveggja getur framleiðandinn kosið að nota viðmiðanir annars hvors ökutækjaflokksins vegna skilgreiningar á afbrigðum og útfærslum.

7.1.1. Dæmi:

a) ökutæki „A“ getur hlotið gerðarviðurkenningu sem N_1 (3,5 tonn) og N_2 (4,2 tonn) með tilliti til hámarksmassa þess. Í því tilviki má nota mæliþættina sem um getur í flokki N_1 fyrir ökutækið sem fellur undir flokk N_2 (eða öfugt),

b) ökutæki „B“ getur hlotið gerðarviðurkenningu sem M_1 og M_2 með tilliti til fjölda sæta (7 + 1 eða 10 + 1) og þá má nota mæliþættina sem um getur í flokki M_1 fyrir ökutækið sem fellur undir flokk M_2 (eða öfugt).

7.2. Ökutæki í flokki N getur hlotið gerðarviðurkenningu samkvæmt ákvæðunum fyrir flokk M_1 eða M_2 eftir því sem við á, ef ætlunin er að breyta því í ökutæki í þeim flokki í næsta þrepi í fjölþrepa gerðarviðurkenningarferli.

7.2.1. Þessi valkostur er aðeins leyfður fyrir ófullbúin ökutæki.

Slík ökutæki skulu auðkennd með tilteknum afbrigðiskóða sem gefinn er af framleiðanda grunnökutækisins.

7.3. Heiti gerða, afbrigða og útfærslna

7.3.1. Framleiðandinn skal úthluta hverri gerð, afbrigði og útfærslu ökutækis alstafakóða, sem samanstendur af rómverskum stöfum og/eða arabískum tölustöfum.

Heimilt er að nota sviga og bandstrik ef þau koma ekki í staðinn fyrir bókstaf eða tölustaf.

7.3.2. Heildarkóðinn skal tilgreina eftirfarandi: Gerð-afbrigði-útfærslu (e. Type-Variant-Version, skammstafað TVV).

7.3.3. TVV-kóðinn skal með skýrum og ótvíræðum hætti auðkenna einstaka samsetningu tæknilegra eiginleika með tilliti til þeirra viðmiðana sem skilgreindar eru í þessum hluta.

7.3.4. Sami framleiðandi má nota sama kóðann til að auðkenna gerð ökutækis þegar það fellur undir tvo eða fleiri flokka.

7.3.5. Sami framleiðandi skal ekki nota sama kóðann til að auðkenna gerð ökutækis fyrir fleiri en eina gerðarviðurkenningu innan sama flokks ökutækja.

7.4. Fjöldi rittákna í TVV-kóða

7.4.1. Fjöldi rittákna skal ekki vera meiri en:

a) 15 fyrir kóða ökutækjagerðarinnar,

b) 25 fyrir kóða hvers afbrigðis,

c) 35 fyrir kóða hverrar útfærslu.

7.4.2. Í heild skal TVV-alstafakóðinn ekki samanstanda af fleiri en 75 rittáknum.

7.4.3. Ef TVV-kóðinn er notaður í heild sinni skal vera bil á milli gerðar, afbrigðis og útfærslu.

Dæmi um TVV-kóða: 159AF[…bil]0054[…bil]977K(BE).

C-HLUTI

Skilgreiningar á gerðum yfirbygginga

1. Almennt

1.1. Gerð yfirbyggingar ásamt kóða yfirbyggingar skal tilgreina með kóðum.

Skráin með kóðum gildir aðallega um fullbúin ökutæki og fjölþrepa fullbúin ökutæki.

1.2. Að því er varðar ökutæki í flokki M skal gerð yfirbyggingar tilgreind með tveimur bókstöfum eins og tilgreint er í liðum 2 og 3.

1.3. Að því er varðar ökutæki í flokkum N og O skal gerð yfirbyggingar tilgreind með tveimur bókstöfum eins og um getur í liðum 4 og 5.

1.4. Ef nauðsyn krefur (einkum fyrir gerðir yfirbyggingar sem um getur liðum 4.1 og 4.6 annars vegar og liðum 5.1 til 5.4 hins vegar) skal bæta við tveimur tölustöfum.

1.4.1. Mælt er fyrir um skrána með tölustöfum í 2. viðbæti.

1.5. Að því er varðar ökutæki til sérstakra nota skal gerð yfirbyggingar sem á að nota tengjast flokki ökutækisins.

2. Ökutæki sem tilheyra flokki M_1

Til-vísun	Kóði	Heiti	Skilgreining
2.1.	AA	Stallbakur	Ökutæki eins og skilgreint er í íðorði 3.1.1.1 í alþjóðlega staðlinum ISO 3833:1977, með a.m.k. fjórum hliðargluggum.
2.2.	AB	Hlaðbakur	Stallbakur samkvæmt skilgreiningu í 2.1 með lúgu að aftan.

Til-vísun	Kóði	Heiti	Skilgreining
2.3.	AC	Skutbifreið	Ökutæki eins og skilgreint er í íðorði 3.1.1.4 í alþjóðlega staðlinum ISO 3833:1977.
2.4.	AD	Ökutæki með tvennum dyrum (e. *coupé*)	Ökutæki eins og skilgreint er í íðorði 3.1.1.5 í alþjóðlega staðlinum ISO 3833:1977.
2.5.	AE	Blæjubifreið	Ökutæki eins og skilgreint er í íðorðum nr. 3.1.1.6 í alþjóðlega staðlinum ISO 3833:1977. Þó má blæjubifreið vera án dyra.
2.6.	AF	Fjölnota ökutæki	Ökutæki, önnur en AG og þau sem um getur í AA–AE, ætluð til flutninga á farþegum og farangri þeirra eða einstaka sinnum vörum, í einu rými.
2.7.	AG	Skutbifreið með pall	Ökutæki eins og skilgreint er í íðorði nr. 3.1.1.4.1 í alþjóðlega staðlinum ISO 3833:1977. Þó skal farangursrýmið vera alveg aðskilið frá farþegarýminu. Að auki þarf viðmiðunarpunktur ökumannssætisins ekki að vera a.m.k. 750 mm yfir undirlaginu sem ökutækið stendur á.

3. Ökutæki sem tilheyra flokki M_2 eða M_3

Til-vísun	Kóði	Heiti	Skilgreining
3.1.	CA	Einnar hæðar ökutæki	Ökutæki þar sem farþegarýmið er á einni hæð eða þannig komið fyrir að það sé ekki á tveimur hæðum þar sem önnur er yfir hinni.
3.2.	CB	Tveggja hæða ökutæki	Ökutæki sem skilgreint er í lið 2.1.6 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107
3.3.	CC	Einnar hæðar liðskipt ökutæki	Ökutæki með eina hæð sem skilgreint er í lið 2.1.3 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107.
3.4.	CD	Tveggja hæða liðskipt ökutæki	Ökutæki sem skilgreint er í lið 2.1.3.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107.
3.5.	CE	Einnar hæðar lággólf-sökutæki	Ökutæki með eina hæð sem skilgreint er í lið 2.1.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107.
3.6.	CF	Tveggja hæða lággólf-sökutæki	Ökutæki með tvær hæðir sem skilgreint er í lið 2.1.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107.
3.7.	CG	Liðskipt einnar hæðar lággólfsökutæki	Ökutæki sem sameinar tæknilegu eiginleikana í liðum 3.3 og 3.5 í þessari töflu.
3.8.	CH	Liðskipt tveggja hæða lággólfsökutæki	Ökutæki sem sameinar tæknilegu eiginleikana í liðum 3.4 og 3.6 í þessari töflu.
3.9.	CI	Einnar hæðar ökutæki, opið að ofan	Ökutæki sem er með þak að hluta til eða án þaks.

Til-vísun	Kóði	Heiti	Skilgreining
3.10.	CJ	Tveggja hæða ökutæki, opið að ofan	Ökutæki þar sem efri hæðin er með þak að hluta til eða án þaks.
3.11.	CX	Undirvagn strætisvagns	Ófullbúið ökutæki sem er eingöngu með grind með bitum eða rörum, aflrás, ása, sem fyrirhugað er að verði fullgert með yfirbyggingu, sem er sérsmíðuð fyrir þarfir flutningsaðilans.

4. Vélknúin ökutæki í flokki N_1, N_2 eða N_3

Til-vísun	Kóði	Heiti	Skilgreining
4.1.	BA	Vöruflutningabifreið	Ökutæki sem er hannað og smíðað eingöngu eða aðallega til að flytja vörur. Einnig getur það dregið eftirvagn.
4.2.	BB	Sendibifreið	Vöruflutningabifreið þar sem rýmið þar sem ökumaðurinn er og farmrýmið eru í einni einingu.
4.3.	BC	Dráttareining fyrir festivagna	Dráttarbifreið sem er hönnuð og smíðuð eingöngu eða aðallega til að draga festivagna.
4.4.	BD	Dráttarbifreið	Dráttarbifreið sem er hönnuð og smíðuð eingöngu til að draga eftirvagna aðra en festivagna.
4.5.	BE	Pallbíll	Ökutæki með hámarksmassa sem er ekki yfir 3500 kg, þar sem sætin og farmrýmið eru ekki í einu rými.
4.6.	BX	Undirvagn með stýrishúsi eða undirvagn með vélarhlíf	Ófullbúið ökutæki sem er eingöngu með stýrishús (fullbúið eða að hluta til), grind, aflrás, ása, sem fyrirhugað er að verði fullgert með yfirbyggingu, sem er sérsmíðuð fyrir þarfir flutningsaðilans.

5. Ökutæki í flokki O

Til-vísun	Kóði	Heiti	Skilgreining
5.1.	DA	Festivagn	Eftirvagn sem er hannaður og smíðaður til þess að tengjast dráttareiningu eða hjólafleka þannig að verulegt lóðrétt álag sé á dráttarbifreiðinni eða hjólaflekanum. Tengið sem notað er fyrir samtengdu ökutækin skal samanstanda af tengipinna og dráttarstól.
5.2.	DB	Tengivagn	Eftirvagn með a.m.k. tveimur ásum, þar af a.m.k. einn stýranlegur: a) búinn dráttarbúnaði sem hreyfa má lóðrétt (miðað við eftirvagninn) og b) sem flytur minna en 100 daN sem lóðrétt stöðuálag yfir á dráttarbifreiðina.
5.3.	DC	Eftirvagn með miðlægum ási	Tengivagn þar sem ási eða ásum er komið fyrir nálægt þyngdarmiðju ökutækisins (með jafna hleðslu) þannig að aðeins lítið lóðrétt álag, ekki yfir 10% af hámarksmassa eftirvagns, þó mest 1000 daN (hvort sem er minna), færist yfir á dráttarbifreiðina.

Til-vísun	Kóði	Heiti	Skilgreining
5.4.	DE	Tengivagn með ósveigjanlegt dráttarbeisli	Tengivagn með einn ás eða ásahóp sem er búinn dráttarbeisli, sem vegna hönnunar þess færir stöðuálag sem er ekki meira en 4000 daN yfir á dráttarbifreiðina, og sem fellur ekki undir skilgreininguna á eftirvagni með miðlægum ási. Tengið sem notað er fyrir samtengdu ökutækin skal ekki samanstanda af tengipinna og dráttarstól.

1. viðbætir

Aðferð við athugun á því hvort hægt sé að flokka ökutæki sem torfærutæki

1. Almennt

1.1. Að því er varðar flokkun ökutækis sem torfærutækis skal beita aðferðinni sem lýst er í þessum viðbæti.

2. Prófunarskilyrði fyrir rúmfræðilegar mælingar

2.1. Ökutæki sem tilheyra flokkum M_1 eða N_1 skulu vera óhlaðin með mannslíkan sem samsvarar 50. hundraðshlutamarki karla í ökumannssæti og vera með kælivökva, smurolíu, eldsneyti og varahjól (ef það er sett í sem upprunalegur búnaður).

Í stað mannslíkansins má nota sambærilegan búnað með sama massa.

2.2. Ökutæki önnur en þau sem um getur í lið 2.1 skulu hlaðin að tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu.

Dreifing massans á ásana skal vera sem samsvarar verstu hugsanlegu tilvikum að því er varðar samræmi við viðkomandi viðmiðanir.

2.3. Láta skal tækniþjónustuna fá dæmigert ökutæki fyrir gerðina sem á að viðurkenna, í því ástandi sem tilgreint er í lið 2.1 eða 2.2. Ökutækið skal vera í kyrrstöðu og hjól þess skulu snúa beint fram.

Yfirborðið þar sem mælingin fer fram skal vera eins flatt og lárétt og hægt er (með hámark 0,5% halla).

3. Mæling á fláa að framan og aftan og á fríhorni

3.1. Flái að framan skal mældur í samræmi við lið 6.10 í alþjóðlega staðlinum ISO 612:1978.

3.2. Flái að aftan skal mældur í samræmi við lið 6.11 í alþjóðlega staðlinum ISO 612:1978.

3.3. Fríhorn skal mælt í samræmi við lið 6.9 í alþjóðlega staðlinum ISO 612:1978.

3.4. Við mælingar á fláa að aftan skal stilla undirakstursvörn að aftan, sem er með stillanlega hæð, í efri stöðuna.


3.5. Ekki skal litið svo á að fyrirmælin í lið 3.4 feli í sér skyldu að grunnökutækið sé með undirakstursvörn að aftan sem upprunalegan búnað. Hins vegar skal framleiðandi grunnökutækisins tilkynna framleiðanda á næsta stigi um að ökutækið verði að vera í samræmi við kröfur um fláa að aftan ef það er búið undirakstursvörn að aftan.

4. Mæling á hæð yfir jörð

4.1. Hæð yfir jörð milli ása

4.1.1. „Hæð yfir jörð milli ása“: stysta fjarlægð milli jarðflatar og lægsta fasta punkts ökutækisins.


Við beitingu á skilgreiningunni skal miða við fjarlægð á milli aftasta áss fremri ásahóps og fremsta áss aftari ásahóps.



4.1.2. Enginn ósveigjanlegur hluti ökutækisins skal skaga út á skyggða svæðið á myndinni.

4.2. Hæð yfir jörð undir einum ás

4.2.1. „Hæð yfir jörð undir einum ás“: fjarlægð fyrir neðan hæsta punkt í boga hrings sem liggur gegnum miðju gripflatar hjólanna á einum ás (innri hjóla séu þau tvö) og snertir lægsta, fasta punkt ökutækisins á milli hjólanna.



4.2.2. Þar sem það á við skal mæla lágmarkshæð frá jörð fyrir hvern ás í ásahópi.

5. Klifurgeta

5.1. „Klifurgeta“ er geta ökutækis til að fara upp halla.

5.2. Klifurgeta ófullbúinna og fullbúinna ökutækja í flokkum M_2, M_3, N_2 og N_3 skal athuguð með prófun.

5.3. Tækniþjónustan skal framkvæma prófunina á ökutæki sem er dæmigert fyrir þá gerð sem á að prófa.

5.4. Ef framleiðandinn óskar eftir því er heimilt, samkvæmt þeim skilyrðum sem tilgreind eru í VIII. viðauka, að sýna fram á klifurgetu gerðar ökutækis með sýndarprófun.

6. Prófunarskilyrði og viðmiðanir fyrir staðist/ekki staðist

6.1. Skilyrðin í II. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 ([1]) skulu gilda.

6.2. Ökutæki skal fara upp hallann með jöfnum hraða án þess að neitt hjól renni til hliðar eða spóli.

———

([1]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 frá 12. desember 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar massa og mál vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 353, 21.12.2012, bls. 31).

2. viðbætir

Tölustafir sem bætt er við kóðana sem notaðir eru fyrir mismunandi tegundir yfirbygginga

01 Flatur pallur.

02 Skúffa.

03 Kassi.

04 Loftkæld yfirbygging með einangruðum veggjum og búnaði til að viðhalda hitastigi innra rýmis.

05 Loftkæld yfirbygging með einangruðum veggjum án búnaðar til að viðhalda hitastigi innra rýmis.

06 Með hliðartjöldum.

07 Með skiptanlega yfirbyggingu.

08 Fyrir gámaflutninga.

09 Ökutæki með krókheysi.

10 Sturtubíll.

11 Tankur.

12 Tankur ætlaður til flutninga á hættulegum farmi.

13 Ökutæki til flutninga á búfénaði.

14 Ökutæki til flutninga á ökutækjum.

15 Steypubíll.

16 Steypudæla.

17 Timburflutningar.

18 Sorpbíll.

19 Götusópur, gatna- og holræsahreinsun.

20 Loftdæla.

21 Ökutæki til flutninga á bátum.

22 Ökutæki til flutninga á svifflugum.

23 Ökutæki fyrir smásölu- eða sýningastarfsemi.

24 Björgunarbíll.

25 Stigabíll.

26 Kranabíll (annar en færanlegur krani eins og skilgreint er í lið 5.7 í A-hluta).

27 Körfubíll.

28 Borkrani.

29 Eftirvagn með lágu gólfi.

30 Glerflutningabíll.

31 Dælubifreið.

99 Yfirbygging sem er ekki talin í þessari skrá.

———

II. VIÐAUKI

KRÖFUR FYRIR ESB-GERÐARVIÐURKENNINGU ÖKUTÆKJA, KERFA, ÍHLUTA EÐA AÐSKILINNA TÆKNIEININGA

I. HLUTI

Stjórnvaldsfyrirmæli fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja sem framleidd eru í ótakmörkuðum framleiðsluröðum

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Gildissvið										Aðskilin tæknieining eða íhlutur
			M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4	
1A	Hljóðstig	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 540/2014 (*)	X	X	X	X	X	X					X
2A	Losun léttra ökutækja (Euro 5 og Euro 6)/aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 715/2007	X (1)	X (1)		X (1)	X (1)						X
3A	Varnir gegn eldhættu (eldsneytisgeymar fyrir fljótandi eldsneyti)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	
3B	Undirakstursvarnarbúnaður að aftan og uppsetning hans, undirakstursvörn að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 58	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
4A	Flötur fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1003/2010 (**)	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	
5A	Stýrisbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 540/2014 frá 16. apríl 2014 um hljóðstig vélknúinna ökutækja og hljóðdeyfikerfa til endurnýjunar og breytingu á tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu tilskipunar 70/157/EBE (Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 131).

(**) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1003/2010 frá 8. nóvember 2010 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar flöt fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að aftan á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 291, 9.11.2010, bls. 22).

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Gildissvið										Aðskilin tæknieining eða íhlutur
			M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4	
6A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja (þrep, fótpallar og handföng)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 130/2012 (*)	X			X	X	X					
6B	Læsingar dyra og hurðafestingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11	X			X							
7A	Hljóðmerkjabúnaður og merki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28	X	X	X	X	X	X					X
8A	Búnaður til að auka sjónsvið og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46	X	X	X	X	X	X					X
9A	Hemlun ökutækja og eftirvagna	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13		X ([3])	X ([3])	X ([3])	X ([3])	X ([3])	X ([3])	X ([3])	X ([3])	X ([3])	
9B	Hemlun fólksbifreiða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H	X ([4])			X ([4])							
10A	Rafsegulsviðssamhæfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
12A	Innréttingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21	X										
13A	Varnir gegn notkun vélknúinna ökutækja án leyfis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 18		X ([4A])	X ([4A])		X ([4A])	X ([4A])					X
13B	Varnir gegn notkun vélknúinna ökutækja án leyfis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 116	X			X							X

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 130/2012 frá 15. febrúar 2012 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar aðgang að og stýrihæfni vélknúinna ökutækja og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 43, 16.2.2012, bls. 6).

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Gildissvið										Aðskilin tæknieining eða íhlutur
			M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4	
14A	Vernd ökumannsins gegn stýrisbúnaðinum við högg	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 12	X			X							
15A	Sæti, sætisfestingar og höfuðpúðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17	X	X ([4B])	X ([4B])	X	X	X					
15B	Sæti í stórum farþegabifreiðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 80		X	X								
16A	Útstæðir hlutar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 26	X										X
17A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja (bakkgír)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012	X	X	X	X	X	X					
17B	Hraðamælibúnaður og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 39	X	X	X	X	X	X					
18A	Lögboðin merkiplata framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 19/2011	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	
19A	Öryggisbeltafestingar, Isofix-festibúnaður og festingar fyrir efri Isofix-reim	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 14	X	X	X	X	X	X					
20A	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á ökutækjum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	
21A	Endurskinsbúnaður fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 3	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Gildissvið										Aðskilin tæknieining eða íhlutur
			M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4	
22A	Breiddarljósker að framan og aftan, hemlaljósker og yfirstærðarljósker fyrir ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 7	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
22B	Ljósker fyrir dagljósabúnað fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 87	X	X	X	X	X	X					X
22C	Hliðarljósker fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 91	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
23A	Stefnuljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 6	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
24A	Lýsing fyrir skráningarmerki að aftan á aflknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 4	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
25A	Aðalljósker af samlokugerð fyrir aflknúin ökutæki sem gefa frá sér evrópskan ósamhverfan lágljósageisla eða háljósageisla eða bæði	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 31	X	X	X	X	X	X					X
25B	Glóþráðarperur til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 37	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
25C	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með gasúrhleðsluljósgjafa	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 98	X	X	X	X	X	X					X
25D	Gasúrhleðsluljósgjafar til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar með gasúrhleðslu fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 99	X	X	X	X	X	X					X

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Gildissvið										Aðskilin tæknieining eða íhlutur
			M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4	
25E	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með ósamhverfan lágljósageisla og/eða háljós og sem eru með glóþráðarperur og/eða ljósdíóðueiningar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 112	X	X	X	X	X	X					X
25F	Aðlögunarhæf framljósakerfi fyrir vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 123	X	X	X	X	X	X					X
26A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 19	X	X	X	X	X	X					X
27A	Dráttarbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1005/2010 (*)	X	X	X	X	X	X					
28A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 38	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
29A	Bakkljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 23	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
30A	Stöðuljósker fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 77	X	X	X	X	X	X					
31A	Öryggisbelti, aðhaldsbúnaður, aðhaldsbúnaður fyrir börn og Isofix-aðhaldsbúnaður fyrir börn	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16	X	X	X	X	X	X					X

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1005/2010 frá 8. nóvember 2010 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar dráttarbúnað vélknúinna ökutækja og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 291, 9.11.2010, bls. 36).

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Gildissvið										Aðskilin tæknieining eða íhlutur
			M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4	
32A	Sjónsvið fram á við	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 125	X										
33A	Staðsetning og auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 121	X	X	X	X	X	X					
34A	Afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 672/2010 (*)	X	(5)	(5)	(5)	(5)	(5)					
35A	Framrúðuþurrku og -sprautubúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1008/2010 (**)	X	(6)	(6)	(6)	(6)	(6)					X
36A	Hitakerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
37A	Hjólhlífar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1009/2010 (***)	X										
38A	Höfuðpúðar, hvort sem þeir eru sambyggðir sætinu eða ekki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 25	X										

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 672/2010 frá 27. júlí 2010 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar afísingar- og móðuhreinsunarkerfi fyrir framrúðu tiltekinna vélknúinna ökutækja og framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 196, 28.7.2010, bls. 5).

(**) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1008/2010 frá 9. nóvember 2010 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar framrúðuþurrku og -sprautubúnað tiltekinna vélknúinna ökutækja og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 292, 10.11.2010, bls. 2).

(***) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1009/2010 frá 9. nóvember 2010 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar hjólhlífar tiltekinna vélknúinna ökutækja og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 292, 10.11.2010, bls. 21).

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Gildissvið										Aðskilin tæknieining eða íhlutur
			M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4	
41A	Losun þungra ökutækja (Euro VI)/ aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 595/2009	X (9)	X (9)	X	X (9)	X (9)	X					X
42A	Hliðarvörn á vörubifreiðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 73					X	X			X	X	X
43A	Hjól- og aurhlífabúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 109/2011 (*)				X	X	X	X	X	X	X	X
44A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012	X										
45A	Öryggisgler og ísetning þess í ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 43	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
46A	Áfesting hjólbarða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 458/2011 (**)	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	
46B	Loftfylltir hjólbarðar fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra (flokkur C_1)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 30	X			X			X	X			X
46C	Loftfylltir hjólbarðar fyrir atvinnu-ökutæki og eftirvagna þeirra (flokkar C_2 og C_3)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 54		X	X	X	X	X			X	X	X

(*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 109/2011 frá 27. janúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 að því er varðar gerðarviðurkenningarkröfur tiltekinna flokka vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra varðandi hjól- og aurhlífabúnað (Stjtíð. ESB L 34, 9.2.2011, bls. 2).

(**) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 458/2011 frá 12. maí 2011 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra með tilliti til áfestingar hjólbarða og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 124, 13.5.2011, bls. 11)

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Gildissvið										Aðskilin tæknieining eða íhlutur
			M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4	
46D	Hávaðamengun frá hjólbörðum í snúningi, veggrip á blautu yfirborði og snúningsmótstaða (flokkar C_1, C_2 og C_3)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 117	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
46E	Varaeining til tímabundinna nota, öryggishjólbarðar/öryggishjólbarðakerfi og vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 64	X ([9A])			X ([9A])							X
47A	Hraðatakmörkunarbúnaður fyrir ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 89		X	X		X	X					X
48A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012		X	X	X	X	X	X	X	X	X	
49A	Atvinnuökutæki með tilliti til útstæðra hluta framan við afturþil stýrishúss	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 61				X	X	X					
50A	Véltengiíhlutir fyrir samtengd ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55	X ([10])	X ([10])	X ([10])	X ([10])	X ([10])	X ([10])	X	X	X	X	X
50B	Tengibúnaður, uppsetning á viður-kenndri gerð tengibúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 102					X ([10])	X ([10])			X ([10])	X ([10])	X
51A	Brunaeiginleikar efna sem eru notuð við innréttingar á vélknúnum ökutækjum í tilteknum flokkum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 118			X								
52A	M_2 og M_3 ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107		X	X								

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Gildissvið										Aðskilin tæknieining eða íhlutur
			M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4	
52B	Styrkur burðarvirkis yfirbyggingar á stórum farþegabifreiðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 66		X	X								
53A	Verndun ökumanns og farþega við árekstur að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 94	X (11)										
54A	Verndun ökumanns og farþega við árekstur frá hlið	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95	X (12)			X (12)							
56A	Ökutæki til flutninga á hættulegum farmi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 105				X (13)	X (13)	X (13)	X (13)	X (13)	X (13)	X (13)	
57A	Undirakstursvarnarbúnaður að framan og uppsetning hans, undirakstursvörn að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 93					X	X					X
58	Vernd gangandi vegfarenda	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 (*)	X			X							X
59	Endurvinnanleiki	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/64/EB (**)	X			X							

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 frá 14. janúar 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar vernd gangandi vegfarenda og annarra óvarinna vegfarenda, breytingu á tilskipun 2007/46/EB og niðurfellingu á tilskipunum 2003/102/EB og 2005/66/EB (Stjtíð. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 1)

(**) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/64/EB frá 26. október 2005 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til endurnotanleika, endurvinnanleika og endurnýtanleika þeirra og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (Stjtíð. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 10).

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Gildissvið										Aðskilin tæknieining eða íhlutur
			M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4	
61	Loftræstikerfi	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB (*)	X			X (14)							
62	Vetniskerfi	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 79/2009 (**)	X	X	X	X	X	X					
63	Almennt öryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009	X (15)	X (15)	X (15)	X (15)	X (15)	X (15)	X (15)	X (15)	X (15)	X (15)	
64	Gírskiptivísar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 65/2012 (***)	X										
65	Háþróuð neyðarhemlunarkerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 347/2012 (****)		X	X		X	X					
66	Akreinavarakerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 351/2012 (*****)		X	X		X	X					

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB frá 17. maí 2006 um losun frá loftræstikerfum í vélknúnum ökutækjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (Stjtíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 12).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 79/2009 frá 14. janúar 2009 um gerðarviðurkenningu vetnisknúinna ökutækja og um breytingu á tilskipun 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 32).

(***) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 65/2012/EB frá 24. janúar 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins 661/2009/EB að því er varðar gírskiptivísa og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 28, 31.1.2012, bls. 24).

(****) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 347/2012 frá 16. apríl 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 í tengslum við gerðarviðurkenningarkröfur vegna tiltekinna flokka vélknúinna ökutækja að því er varðar háþróuð neyðarhemlunarkerfi (Stjtíð. ESB L 109, 21.4.2012, bls. 1).

(*****) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 351/2012 frá 23. apríl 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 að því er varðar gerðarviðurkenningarkröfur vegna uppsetningar á akreinavörum í vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. ESB L 110, 24.04.2012, bls. 18).

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Gildissvið										Aðskilin tæknieining eða íhlutur
			M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4	
67	Sértækir íhlutir fyrir fljótandi jarðolíugas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 67	X	X	X	X	X	X					X
68	Viðvörunarbúnaður ökutækja	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 97	X			X							X
69	Rafmagnsöryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 100	X	X	X	X	X	X					
70	Sértækir íhlutir fyrir þjappað jarðgas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 110	X	X	X	X	X	X					X
71	Styrkleiki stýrishúss	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 29				X	X	X					
72	eCall-kerfi	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/758 (*)	X			X							

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/758 frá 29. apríl 2015 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar að taka í notkun kerfi í ökutæki fyrir neyðarnúmer fyrir ökumenn á vegum (eCall) sem byggist á 112 neyðarnúmeraþjónustunni og um breytingu á tilskipun 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 77).

Skýringar

X Viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæli.

(1) Fyrir ökutæki með viðmiðunarmassa ekki meiri en 2610 kg. Að ósk framleiðanda getur reglugerð (EB) nr. 715/2007 gilt um ökutæki með viðmiðunarmassa ekki meiri en 2840 kg.

(2) Ef um er að ræða ökutæki sem útbúin eru fyrir fljótandi jarðolíugas eða þjappað jarðgas er gerð krafa um gerðarviðurkenningu ökutækis í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna fyrir nr. 67 eða reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 110.

(3) Gerð er krafa um uppsetningu rafræns stöðugleikabúnaðar í samræmi við 12. og 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 661/2009.

(4) Gerð er krafa um uppsetningu rafræns stöðugleikabúnaðar í samræmi við 12. og 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 661/2009.

(4A) Ef varnarbúnaður er settur í skal hann uppfylla kröfur reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 18.

(4B) Þessi reglugerð gildir um sæti sem falla ekki undir gildissvið reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 80.

(5) Ökutæki í þessum flokki skulu búin viðeigandi afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu.

(6) Ökutæki í þessum flokki skulu búin viðeigandi sprautu- og þurrkubúnaði á framrúðum.

(9) Fyrir ökutæki með viðmiðunarmassa sem er meiri en 2610 kg, sem eru ekki með gerðarviðurkenningu (að beiðni framleiðandans og að því tilskildu að viðmiðunarmassi þeirra sé ekki yfir 2840 kg) samkvæmt reglugerð (EB) nr. 715/2007.

(9A) Gildir aðeins þegar slík ökutæki eru með búnað sem fellur undir reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 64. Vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum fyrir ökutæki í flokki M_1 er skyldubundið í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 661/2009.

(10) Gildir aðeins um ökutæki sem eru með tengi.

(11) Gildir um ökutæki með tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu sem er ekki meiri en 2,5 tonn.

(12) Gildir aðeins um ökutæki þar sem viðmiðunarpunktur sætis („R“-punktur) fyrir lægsta sætið er ekki meira en 700 mm frá jörðu.

(13) Gildir aðeins þegar framleiðandi sækir um gerðarviðurkenningu ökutækja sem ætluð eru til flutninga á hættulegum farmi.

(14) Gildir einungis um ökutæki í flokki N_1, undirflokki I, eins og lýst er í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 715/2007.

(15) Skyldubundið er að uppfylla reglugerð (EB) nr. 661/2009, þó er ekki mælt fyrir um gerðarviðurkenningu samkvæmt þessu liðanúmeri þar sem liðanúmerið stendur fyrir safnið af stökum liðum 3A, 3B, 4A, 5A, 6A, 6B, 7A, 8A, 9A, 9B, 10A, 12A, 13A, 13B, 14A, 15A, 15B, 16A, 17A, 17B, 18A, 19A, 20A, 21A, 22A, 22B, 22C, 23A, 24A, 25A, 25B, 25C, 25D, 25E, 25F, 26A, 27A, 28A, 29A, 30A, 31A, 32A, 33A, 34A, 35A, 36A, 37A, 38A, 42A, 43A, 44A, 45A, 46A, 46B, 46C, 46D, 46E, 47A, 48A, 49A, 50A, 50B, 51A, 52A, 52B, 53A, 54A, 56A, 57A og 64 til 71. Þær raðir breytinga á reglugerðum Sameinuðu þjóðanna sem skylt er að beita eru taldar upp í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 661/2009. Þær raðir breytinga sem samþykktar eru síðar eru viðurkenndar sem valkostur.

1. viðbætir

Stjórnvaldsfyrirmæli fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum skv. 41. gr.

Tafla 1

Ökutæki í flokki M_1

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
1A	Hljóðstig	Reglugerð (ESB) nr. 540/2014		A
2A	Losun léttra ökutækja (Euro 5 og Euro 6)/aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 715/2007		A
			a) Innbyggt greiningarkerfi	Ökutækið skal búið innbyggðu greiningarkerfi sem uppfyllir kröfurnar í 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 692/2008 (innbyggða greiningarkerfið skal hannað þannig að það skrái að lágmarki bilun hreyfilstjórnunarkerfis). Skilflötur innbyggða greiningarkerfisins skal geta átt samskipti við algeng greiningartæki.
			b) Samræmi ökutækja í notkun	Á ekki við
			c) Aðgangur að upplýsingum	Það nægir að framleiðandinn veiti greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald.
			d) Aflmæling	(Þegar framleiðandi ökutækis notar hreyfla frá öðrum framleiðanda). Gögn úr prófunarbekk frá framleiðanda hreyfilsins eru samþykkt að því tilskildu að hreyfilstýringarkerfi hreyfilsins sé eins (þ.e. með a.m.k. sömu rafstýrieiningu (ECU)). Gera má prófun á hreyfilaflsafköstum á aflmælissamstæðu. Taka skal tillit til afltaps í gírskiptingunni.
3A	Varnir gegn eldhættu (eldsneytisgeymar fyrir fljótandi eldsneyti)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34	a) Eldsneytisgeymar fyrir fljótandi eldsneyti	B
			b) Uppsetning í ökutæki	B

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
3B	Undirakstursvarnarbúnaður að aftan og uppsetning hans, undirakstursvörn að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 58		B
4A	Flötur fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1003/2010		B
5A	Stýrisbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79		C
			a) Vélræn kerfi	Ákvæði 5. liðar reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 79 gilda. Gera skal allar prófanir sem mælt er fyrir um í lið 6.2 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79 og kröfurnar í lið 6.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79 gilda.
			b) Flókin rafræn stjórnkerfi ökutækis	Ákvæði 6. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79 gilda. Eftirlit með því að farið sé að þessum kröfum má einungis vera framkvæmt af tækniþjónustu.
6B	Læsingar dyra og hurðafestingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11		C
			a) Almennar kröfur (5. liður reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 11)	Allar kröfurnar gilda.
			b) Kröfur um frammistöðu (6. liður reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 11)	Einungis kröfurnar í liðum 6.1.5.4 og 6.3 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11 gilda.
7A	Hljóðmerkjabúnaður og merki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28	a) Íhlutir	X
			b) Uppsetning í ökutæki	B
8A	Búnaður til að auka sjónsvið og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46	a) Íhlutir	X
			b) Uppsetning í ökutæki	B

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
9B	Hemlun fólksbifreiða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H	a) Hönnunar- og prófunarkröfur	A
			b) Rafrænn stöðugleikabúnaður og hjálparátakskerfi fyrir hemla	Ekki er gerð krafa um ísetningu rafræns stöðugleikabúnaðar og hjálparátakskerfis fyrir hemla. Ef þau eru sett í skulu þau uppfylla kröfur reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H.
10A	Rafsegulsviðssamhæfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10		B
12A	Innréttingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21		C
			a) Innréttingar	
			i. Kröfur að því er varðar radíus og framskot rofa, toghnappa og þess háttar, stjórntækja og innréttinga almennt	Fella má niður kröfurnar í liðum 5.1 til 5.6 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21 að beiðni framleiðandans. Kröfurnar í lið 5.2 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21 gilda, að undanskildum liðum 5.2.3.1, 5.2.3.2 og 5.2.4 í þeirri reglugerð.
			ii. Prófanir á orkugleypni efri hluta mælaborðsins	Aðeins skal gera prófanir á orkugleypni efri hluta mælaborðsins ef ökutækið er ekki útbúið með a.m.k. tveimur öryggispúðum að framan eða tveimur föstum fjögurra punkta beltum.
			iii. Prófanir á orkugleypni afturhluta sæta	Á ekki við
			b) Rafstýrðar rúður, þaklúgur og skilveggir	Allar kröfur í lið 5.8 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21 gilda.
13B	Varnir gegn notkun vélknúinna ökutækja án leyfis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 116		A Beita má ákvæðunum í lið 8.3.1.1.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 116 í stað liðar 8.3.1.1.2 þeirrar reglugerðar óháð gerð aflrásar.

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
14A	Vernd ökumannsins gegn stýrisbúnaðinum við högg	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 12		C
				Gera þarf prófanir ef ökutækið hefur ekki verið prófað samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 94 (sbr. lið 53A)
15A	Sæti, sætisfestingar og höfuðpúðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17		C
			a) Almennar kröfur i. Nákvæm skilgreining	Kröfurnar í lið 5.2 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17 gilda, að undanskildum lið 5.2.3 í þeirri reglugerð.
			ii. Styrkleikaprófanir á sætisbökum og höfuðpúðum	Kröfurnar í lið 6.2 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17 gilda.
			iii. Prófanir á stillingum og læsingum	Prófunin skal gerð í samræmi við kröfurnar í 7. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17.
			b) Höfuðpúðar i. Nákvæm skilgreining	Kröfurnar í liðum 5.4, 5.5, 5.6, 5.10, 5.11 og 5.12 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17 gilda, að undanskildum lið 5.5.2 í þeirri reglugerð.
			ii. Styrkleikaprófanir á höfuðpúðum	Framkvæma skal prófunina sem mælt er fyrir um í lið 6.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17.
			c) Sérkröfur varðandi vörn farþega gegn farangri sem færist til	Fella má niður kröfurnar í 9. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 26 að beiðni framleiðandans.
16A	Útstæðir hlutar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 26		C
			a) Almennar forskriftir	Kröfurnar í 5. lið reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 26 gilda.
			b) Sérstakar forskriftir	Kröfurnar í 6. lið reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 26 gilda.
17A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja (bakkgír)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012		D

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
17B	Hraðamælibúnaður og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 39		B
18A	Lögboðin merkiplata framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 19/2011		B
19A	Öryggisbeltafestingar, Isofix-festibúnaður og festingar fyrir efri Isofix-reim	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 14		B
20A	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á ökutækjum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48		B Setja skal upp dagljósabúnað í nýja gerð ökutækis.
21A	Endurskinsbúnaður fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 3		X
22A	Breiddarljósker að framan og aftan, hemlaljósker og yfirstærðarljósker fyrir ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 7		X
22B	Ljósker fyrir dagljósabúnað fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 87		X
22C	Hliðarljósker fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 91		X
23A	Stefnuljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 6		X
24A	Lýsing fyrir skráningarmerki að aftan á aflknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 4		X

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
25A	Aðalljósker af samlokugerð fyrir aflknúin ökutæki sem gefa frá sér evrópskan ósamhverfan lágljósageisla eða háljósageisla eða bæði	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 31		X
25B	Glóþráðarperur til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 37		X
25C	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með gasúrhleðsluljósgjafa	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 98		X
25D	Gasúrhleðsluljósgjafar til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar með gasúrhleðslu fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 99		X
25E	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með ósamhverfan lágljósageisla og/eða háljós og sem eru með glóþráðarperur og/eða ljósdíóðueiningar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 112		X
25F	Aðlögunarhæf framljósakerfi fyrir vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 123		X
26A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 19		X
27A	Dráttarbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1005/2010		B
28A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 38		X

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
29A	Bakkljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 23		X
30A	Stöðuljósker fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 77		X
31A	Öryggisbelti, aðhaldsbúnaður, aðhaldsbúnaður fyrir börn og Isofix-aðhaldsbúnaður fyrir börn	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16	a) Íhlutir	X
			b) Kröfur um uppsetningu	B
32A	Sjónsvið fram á við	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 125		A
33A	Staðsetning og auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 121		A
34A	Afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 672/2010		C
			a) Afísing framrúðu	Aðeins liður 1.1.1 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 672/2010 gildir, að því tilskildu að heitu loftstreymi sé beint á allan flöt framrúðunnar eða allur flötur hennar rafhitaður.
			b) Móðuhreinsun framrúðu	Aðeins liður 1.2.1 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 672/2010 gildir, að því tilskildu að heitu loftstreymi sé beint á allan flöt framrúðunnar eða allur flötur hennar rafhitaður.
35A	Framrúðuþurrku og -sprautubúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1008/2010		C
			a) Framrúðuþurrkubúnaður	Liðir 1.1 til 1.1.10 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1008/2010 gilda. Aðeins skal framkvæma prófunina sem lýst er í lið 2.1.10 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1008/2010.
			b) Framrúðusprautubúnaður	Liður 1.2 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1008/2010 gildir, að undanskildum liðum 1.2.2, 1.2.3 og 1.2.5.

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
36A	Hitakerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122		C Ekki er gerð krafa um ísetningu hitakerfis.
			a) Öll hitakerfi	Kröfurnar í liðum 5.3 og 6 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122 gilda.
			b) Hitakerfi sem brenna fljótandi jarðolíugasi	Kröfurnar í 8. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122 gilda.
37A	Hjólhlífar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1009/2010		B
38A	Höfuðpúðar, hvort sem þeir eru sambyggðir sætinu eða ekki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 25		X
41A	Losun þungra ökutækja (Euro VI)/aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 595/2009		A Að undanskildum þeim kröfum sem tengjast innbyggðum greiningarkerfum og aðgangi að upplýsingum.
			Aflmæling	(Þegar framleiðandi ökutækis notar hreyfla frá öðrum framleiðanda). Gögn úr prófunarbekk frá framleiðanda hreyfilsins eru samþykkt að því tilskildu að hreyfilstýringarkerfi hreyfilsins sé eins (þ.e. með a.m.k. sömu rafstýrieiningu (ECU)). Gera má prófun á hreyfilaflsafköstum á aflmælissamstæðu. Taka skal tillit til afltaps í gírskiptingunni.
44A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012		B Falla má frá prófun á því að taka af stað í brekku með hámarksmassa vagnalestar, eins og lýst er í lið 5.1 í A-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1230/2012, að beiðni framleiðandans.
45A	Öryggisgler og ísetning þess í ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 43	a) Íhlutir	X
			b) Uppsetning	B
46A	Áfesting hjólbarða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 458/2011		B Dagsetningar fyrir innleiðingu í skrefum skulu vera þær sem settar eru fram í 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 661/2009.

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
46B	Loftfylltir hjólbarðar fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra (flokkur C_1)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 30	Íhlutir	X
46D	Hávaðamengun frá hjólbörðum í snúningi, veggrip á blautu yfirborði og snúningsmótstaða (flokkar C_1, C_2 og C_3)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 117	Íhlutir	X
46E	Varaeining til tímabundinna nota, öryggishjólbarðar/öryggishjólbarðakerfi og vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 64	Íhlutir	X
			Ísetning vöktunarkerfis fyrir þrýsting í hjólbörðum	B Ekki skal gerð krafa um ísetningu vöktunarkerfis fyrir þrýsting í hjólbörðum.
50A	Véltengiíhlutir fyrir samtengd ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55	a) Íhlutir	X
			b) Uppsetning	B
53A	Verndun ökumanns og farþega við árekstur að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 94		C Kröfurnar í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 94 gilda að því er varðar ökutæki sem búin eru öryggispúðum að framan. Ökutæki sem ekki eru búin öryggispúðum skulu uppfylla kröfurnar í lið 14A í þessari töflu.
54A	Verndun ökumanns og farþega við árekstur frá hlið	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95		C
			Prófun með líkani af höfði	Framleiðandinn skal veita tækniþjónustunni viðeigandi upplýsingar varðandi hugsanlegan árekstur höfuðs brúðunnar við burðarvirki ökutækisins eða hliðarrúðuna, ef hún er úr lagskiptu gleri. Ef sýnt hefur verið fram á að slíkur árekstur er líklegur skal gera hlutaprófun þar sem notast er við prófun með líkani af höfði, sem lýst er í lið 3.1 í 8. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95, og skal uppfylla viðmiðunina sem tilgreind er í lið 5.2.1.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95. Að höfðu samráði við tækniþjónustuna má nota prófunaraðferðina sem lýst er í 4. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21 í stað prófunarinnar í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95.

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
58	Vernd gangandi vegfarenda	Reglugerð (EB) nr. 78/2009	a) Tæknilegar kröfur sem gilda um ökutæki	Á ekki við
			b) Varnarbúnaður að framan	X
59	Endurvinnanleiki	Tilskipun 2005/64/EB		Á ekki við - Aðeins 7. gr. um endurnotkun íhluta gildir.
61	Loftræstikerfi	Tilskipun 2006/40/EB		A
62	Vetniskerfi	Reglugerð (EB) nr. 79/2009		X
63	Almennt öryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009		Sjá skýringu ([15]) við töfluna í þessum hluta með stjórnvalds-fyrirmælum fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja sem framleidd eru í ótakmörkuðum framleiðsluröðum.
64	Gírskiptivísar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 65/2012		Á ekki við
67	Sértækir íhlutir fyrir fljótandi jarð-olíugas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 67	a) Íhlutir	X
			b) Uppsetning	A
68	Viðvörunarbúnaður ökutækja	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 97	a) Íhlutir	X
			b) Uppsetning	B
69	Rafmagnsöryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 100		B
70	Sértækir íhlutir fyrir þjappað jarðgas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 110	a) Íhlutir	X
			b) Uppsetning	A
72	eCall-kerfi	Reglugerð (ESB) 2015/758		Á ekki við

Skýringar

X

Stjórnvaldsfyrirmælin gilda að fullu sem hér segir:

a) gefa skal út gerðarviðurkenningarvottorð,

b) tækniþjónustan eða framleiðandinn skulu framkvæma prófanir og athuganir samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 67. til 81. gr.,

c) uppkast að prófunarskýrslu skal gert í samræmi við III. viðauka,

d) tryggja skal samræmi framleiðslu.

A

Stjórnvaldsfyrirmælin gilda sem hér segir:

a) uppfylla skal allar kröfur stjórnvaldsfyrirmælanna nema annað sé tekið fram,

b) ekki er gerð krafa um gerðarviðurkenningarvottorð,

c) tækniþjónustan eða framleiðandinn skulu gera prófanir og athuganir samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 67. til 81. gr.,

d) uppkast að prófunarskýrslu skal gert í samræmi við III. viðauka,

e) tryggja skal samræmi framleiðslu.

B

Stjórnvaldsfyrirmælin gilda sem hér segir:

Eins og á við um bókstafinn „A“ með þeirri undantekningu að framleiðandinn getur sjálfur framkvæmt prófanir og athuganir, með fyrirvara um samþykki viðurkenningaryfirvaldsins.

C

Stjórnvaldsfyrirmælin gilda sem hér segir:

a) aðeins skal uppfylla tæknilegar kröfur stjórnvaldsfyrirmælanna, án tillits til umbreytingarákvæða,

b) ekki er gerð krafa um gerðarviðurkenningarvottorð,

c) tækniþjónustan eða framleiðandinn skulu gera prófanir og athuganir (sjá ákvarðanir varðandi bókstafinn „B“),

d) uppkast að prófunarskýrslu skal gert í samræmi við III. viðauka,

e) tryggja skal samræmi framleiðslu.

D

Sama og á við ákvarðanir varðandi bókstafina „B“ og „C“, með þeirri undantekningu að nægilegt er að framleiðandinn leggi fram samræmisyfirlýsingu. Ekki er gerð krafa um prófunarskýrslu.

Viðurkenningaryfirvaldið eða tækniþjónustan geta óskað eftir viðbótarupplýsingum eða frekari sönnunum, ef þörf krefur.

Á ekki við

Stjórnvaldsfyrirmælin gilda ekki. Þó gæti hins vegar verið kveðið á um að uppfylla skuli einn eða fleiri sértæka þætti sem eru í stjórnvaldsfyrirmælunum.

Þær raðir breytinga á reglugerðum Sameinuðu þjóðanna sem á að nota eru taldar upp í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 661/2009. Þær raðir breytinga sem samþykktar eru síðar eru viðurkenndar sem valkostur.

Tafla 2

Ökutæki í flokki N_1 (1)

Liður	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
1A	Hljóðstig	Reglugerð (ESB) nr. 540/2014		A
2A	Losun léttra ökutækja (Euro 5 og Euro 6)/aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 715/2007		A
			a) Innbyggt greiningarkerfi	Ökutækið skal búið innbyggðu greiningarkerfi sem uppfyllir kröfurnar í 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 692/2008 (innbyggða greiningarkerfið skal hannað þannig að það skrái að lágmarki bilun hreyfilstjórnunarkerfis). Skilflötur innbyggða greiningarkerfisins skal geta átt samskipti við algeng greiningartæki.
			b) Samræmi ökutækja í notkun	Á ekki við
			c) Aðgangur að upplýsingum	Það nægir að framleiðandinn veiti greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis.
			d) Aflmæling	(Þegar framleiðandi ökutækis notar hreyfla frá öðrum framleiðanda). Gögn úr prófunarbekk frá framleiðanda hreyfilsins eru samþykkt að því tilskildu að hreyfilstýringarkerfi hreyfilsins sé eins (þ.e. með a.m.k. sömu rafstýrieiningu (ECU)). Gera má prófun á hreyfilaflsafköstum á aflmælissamstæðu. Taka skal tillit til afltaps í gírskiptingunni.
3A	Varnir gegn eldhættu (eldsneytis-geymar fyrir fljótandi eldsneyti)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34	a) Eldsneytisgeymar fyrir fljótandi eldsneyti	B
			b) Uppsetning í ökutæki	B
3B	Undirakstursvarnarbúnaður að aftan og uppsetning hans, undirakstursvörn að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 58		B

(1) Skýringarnar varðandi töfluna „Stjórnvaldsfyrirmæli fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja sem framleidd eru í ótakmörkuðum framleiðsluröðum“ í þessum hluta gilda einnig um þessa töflu. Bókstafirnir í þessari töflu hafa sömu merkingu og í töflu 1 í þessum viðbæti.

Liður	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
4A	Flötur fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1003/2010		B
5A	Stýrisbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79		C
			a) Vélræn kerfi	Ákvæði 5. liðar reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 79.01 gilda. Gera skal allar prófanir sem mælt er fyrir um í lið 6.2 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79 og kröfurnar í lið 6.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79 gilda.
			b) Flókin rafræn stjórnkerfi ökutækis	Kröfurnar í 6. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79 gilda. Eftirlit með því að farið sé að þessum kröfum má einungis vera framkvæmt af tækniþjónustu.
6B	Læsingar dyra og hurðafestingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11		C
			a) Almennar kröfur (5. liður reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 11)	Allar kröfurnar gilda.
			b) Kröfur um frammistöðu (6. liður reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 11)	Einungis kröfurnar í liðum 6.1.5.4 og 6.3 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11 gilda.
7A	Hljóðmerkjabúnaður og merki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28	a) Íhlutir	X
			b) Uppsetning í ökutæki	B
8A	Búnaður til að auka sjónsvið og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46	a) Íhlutir	X
			b) Uppsetning í ökutæki	B
9A	Hemlun ökutækja og eftirvagna	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13	a) Hönnunar- og prófunar-kröfur	A
			b) Rafrænn stöðugleikabúnaður	Ekki er gerð krafa um ísetningu rafræns stöðugleikabúnaðar. Ef hann er settur í skal hann uppfylla kröfur reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 13.

Liður	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
9B	Hemlun fólksbifreiða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H	a) Hönnunar- og prófunar-kröfur	A
			b) Rafrænn stöðugleikabúnaður og hjálparátakskerfi fyrir hemla	Ekki er gerð krafa um ísetningu rafræns stöðugleikabúnaðar og hjálparátakskerfis fyrir hemla. Ef þau eru sett í skulu þau uppfylla kröfur reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H.
10A	Rafsegulsviðssamhæfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10		B
13B	Varnir gegn notkun vélknúinna ökutækja án leyfis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 116		A Beita má ákvæðunum í lið 8.3.1.1.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 116 í stað liðar 8.3.1.1.2 þeirrar reglugerðar óháð gerð aflrásar.
14A	Vernd ökumannsins gegn stýrisbún-aðinum við högg	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 12		C
			a) Höggprófun með hindrun	Gerð er krafa um prófun.
			b) Höggprófun þar sem bolur rekst á stýrishjól	Ekki krafist ef stýrishjólið er með öryggispúða.
			c) Prófun með líkani af höfði	Ekki krafist ef stýrishjólið er með öryggispúða.
15A	Sæti, sætisfestingar og höfuðpúðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17		B
17A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja (bakkgír)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012		D
17B	Hraðamælibúnaður og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 39		B
18A	Lögboðin merkiplata framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 19/2011		B

Liður	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
19A	Öryggisbeltafestingar, Isofix-festibúnaður og festingar fyrir efri Isofix-reim	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 14		B
20A	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á vélknúnum ökutækjum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48		B Setja skal upp dagljósabúnað í nýja gerð ökutækis.
21A	Endurskinsbúnaður fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 3		X
22A	Breiddarljósker að framan og aftan, hemlaljósker og yfirstærðarljósker fyrir ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 7		X
22B	Ljósker fyrir dagljósabúnað fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 87		X
22C	Hliðarljósker fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 91		X
23A	Stefnuljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 6		X
24A	Lýsing fyrir skráningarmerki að aftan á aflknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 4		X
25A	Aðalljósker af samlokugerð fyrir aflknúin ökutæki sem gefa frá sér evrópskan ósamhverfan lágljósageisla eða háljósageisla eða bæði	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 31		X
25B	Glóþráðarperur til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 37		X

Liður	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
25C	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með gasúrhleðsluljósgjafa	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 98		X
25D	Gasúrhleðsluljósgjafar til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar með gasúrhleðslu fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 99		X
25E	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með ósamhverfan lágljósageisla og/eða háljós og sem eru með glóþráðarperur og/eða ljósdíóðueiningar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 112		X
25F	Aðlögunarhæf framljósakerfi fyrir vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 123		X
26A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 19		X
27A	Dráttarbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1005/2010		B
28A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 38		X
29A	Bakkljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 23		X
30A	Stöðuljósker fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 77		X
31A	Öryggisbelti, aðhaldsbúnaður, aðhaldsbúnaður fyrir börn og Isofix-aðhaldsbúnaður fyrir börn	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16	a) Íhlutir	X
			b) Kröfur um uppsetningu	B

Liður	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
33A	Staðsetning og auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 121		A
34A	Afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 672/2010		Á ekki við Ökutækið skal búin viðeigandi afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu.
35A	Framrúðuþurrku og -sprautubúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1008/2010		Á ekki við Ökutækið skal búið viðeigandi framrúðuþurrku og -sprautubúnaði.
36A	Hitakerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122		C Ekki er gerð krafa um ísetningu hitakerfis.
			a) Öll hitakerfi	Kröfurnar í liðum 5.3 og 6 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122 gilda.
			b) Hitakerfi sem brenna fljótandi jarðolíugasi	Kröfurnar í 8. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122 gilda.
41A	Losun þungra ökutækja (Euro VI)/ aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 595/2009		A Að undanskildum þeim kröfum sem tengjast innbyggðum greiningarkerfum og aðgangi að upplýsingum.
			Aflmæling	(Þegar framleiðandi ökutækis notar hreyfla frá öðrum framleiðanda). Gögn úr prófunarbekk frá framleiðanda hreyfilsins eru samþykkt að því tilskildu að hreyfilstýringarkerfi hreyfilsins sé eins (þ.e. með a.m.k. sömu rafstýrieiningu (ECU)). Gera má prófun á hreyfilaflsafköstum á aflmælissamstæðu. Taka skal tillit til afltaps í gírskiptingunni.
43A	Hjól- og aurhlífabúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 109/2011		B

Liður	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
45A	Öryggisgler og ísetning þess í ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 43	a) Íhlutir	X
			b) Uppsetning	B
46A	Áfesting hjólbarða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 458/2011		B Dagsetningar fyrir innleiðingu í skrefum skulu vera þær sem settar eru fram í 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 661/2009.
46B	Loftfylltir hjólbarðar fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra (flokkur C_1)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 30	Íhlutir	X
46C	Loftfylltir hjólbarðar fyrir atvinnu-ökutæki og eftirvagna þeirra (flokkar C_2 og C_3)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 54	Íhlutir	X
46D	Hávaðamengun frá hjólbörðum í snúningi, veggrip á blautu yfirborði og snúningsmótstaða (flokkar C_1, C_2 og C_3)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 117	Íhlutir	X
46E	Varaeining til tímabundinna nota, öryggishjólbarðar/öryggishjólbarðakerfi og vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 64	Íhlutir	X
			Ísetning vöktunarkerfis fyrir þrýsting í hjólbörðum	B Ekki skal gerð krafa um ísetningu vöktunarkerfis fyrir þrýsting í hjólbörðum.
48A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012		B
			Prófun á því að taka af stað í brekku með hámarksmassa vagnalestar	Falla má frá prófun á því að taka af stað í brekku með hámarks-massa vagnalestar, eins og lýst er í lið 5.1 í A-hluta 1. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1230/2012, að beiðni framleiðandans.
49A	Atvinnuökutæki með tilliti til útstæðra hluta framan við afturþil stýrishúss	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 61		C
			a) Almennar forskriftir	Kröfurnar í 5. lið reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 61 gilda.
			b) Sérstakar forskriftir	Kröfurnar í 6. lið reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 61 gilda.

Liður	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
50A	Véltengiíhlutir fyrir samtengd ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55	a) Íhlutir	X
			b) Uppsetning	B
54A	Verndun ökumanns og farþega við árekstur frá hlið	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95	C	C
			Prófun með líkani af höfði	Framleiðandinn skal veita tækniþjónustunni viðeigandi upplýsingar varðandi hugsanlegan árekstur höfuðs brúðunnar við burðarvirki ökutækisins eða hliðarrúðuna, ef hún er úr lagskiptu gleri. Ef sýnt hefur verið fram á að slíkur árekstur er líklegur skal gera hlutaprófun þar sem notast er við prófun með líkani af höfði, sem lýst er í lið 3.1 í 8. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95, og skal uppfylla viðmiðunina sem tilgreind er í lið 5.2.1.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95. Að höfðu samráði við tækniþjónustuna má nota prófunaraðferðina sem lýst er í 4. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21 í stað prófunarinnar í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95 sem getið er hér að framan.
56A	Ökutæki til flutninga á hættulegum farmi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 105		A
58	Vernd gangandi vegfarenda	Reglugerð (EB) nr. 78/2009	a) Tæknilegar kröfur sem gilda um ökutæki	Á ekki við
			b) Varnarbúnaður að framan	X
59	Endurvinnanleiki	Tilskipun 2005/64/EB		Á ekki við Aðeins 7. gr. um endurnotkun íhluta gildir.
61	Loftræstikerfi	Tilskipun 2006/40/EB		B

Liður	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	Sérstök atriði	Gildissvið og sértækar kröfur
62	Vetniskerfi	Reglugerð (EB) nr. 79/2009		X
63	Almennt öryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009		Sjá skýringu ([15]) við töfluna í þessum hluta með stjórnvalds-fyrirmælum fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja sem framleidd eru í ótakmörkuðum framleiðsluröðum.
67	Sértækir íhlutir fyrir fljótandi jarð-olíugas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 67	a) Íhlutir	X
			b) Uppsetning	A
68	Viðvörunarbúnaður ökutækja	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 97	a) Íhlutir	X
			b) Uppsetning	B
69	Rafmagnsöryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 100		B
70	Sértækir íhlutir fyrir þjappað jarðgas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 110	a) Íhlutir	X
			b) Uppsetning	A
71	Styrkleiki stýrishúss	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 29		C
72	eCall-kerfi	Reglugerð (ESB) 2015/758		Á ekki við

2. viðbætir

Kröfur fyrir ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis skv. 44. gr.

1. UMSÓKN

Að því er varðar beitingu þessa viðbætis telst ökutæki vera nýtt ef:

a) það hefur aldrei áður verið skráð eða

b) það hefur verið skráð í minna en sex mánuði þegar sótt eru um skráningarviðurkenningu ökutækis.

Ökutæki skal teljast skráð þegar það hefur hlotið varanlegt, bráðabirgða eða skammtíma opinbert leyfi til að taka í notkun ökutæki til aksturs á vegum, en í því koma fram auðkenni þess og skráningarnúmerið sem því er úthlutað ([1]).

([1]) Ef skráningarskjal er ekki fyrir hendi má lögbært yfirvald vísa í tiltæk skrifleg sönnunargögn um framleiðsludag eða skrifleg sönnunargögn um fyrstu kaup.

2. STJÓRNSÝSLUÁKVÆÐI

2.1. Flokkun ökutækisins

Flokka skal ökutæki í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í I. viðauka sem hér segir:

a) skal taka tillit til raunverulegs fjölda sæta og

b) skal tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu vera hámarksmassi sem framleiðandi gefur upp í upprunalandi og sem er tiltækur í opinberum gögnum hans.

Ef ekki er hægt að ákvarða ökutækjaflokk auðveldlega vegna hönnunar á yfirbyggingu, skulu skilyrðin gilda sem sett eru fram í I. viðauka.

2.2. Umsókn um skráningarviðurkenningu ökutækis

a) Umsækjandinn skal leggja fram umsókn hjá viðurkenningaryfirvaldinu ásamt öllum viðkomandi gögnum sem nauðsynleg eru fyrir vinnslu viðurkenningaraðferðarinnar.

Ef framlögð gögn eru ófullnægjandi, fölsuð eða svikin skal hafna umsókn um viðurkenningu.

b) Aðeins má leggja fram eina umsókn fyrir tiltekið ökutæki og aðeins í einu aðildarríki. Viðurkenningaryfirvaldinu er heimilt að krefja umsækjandann um skriflega skuldbindingu þess efnis að einungis ein umsókn verði lögð fram í aðildarríki viðurkenningaryfirvaldsins.

Einstakt ökutæki telst vera raunverulegt ökutæki þar sem verksmiðjunúmer ökutækisins er auðkennt með skýrum hætti.

Hins vegar mega allir umsækjendur sækja um ESB-skráningarviðurkenningu ökutækis í öðru aðildarríki að því er varðar annað tiltekið ökutæki sem hefur sömu eða sambærilega tæknilega eiginleika og það ökutæki sem ESB-skráningarviðurkenning ökutækis hefur verið veitt fyrir.

c) Viðurkenningaryfirvaldið skal mæla fyrir um fyrirmynd að umsóknareyðublaðinu og uppsetningu skrárinnar.

Upplýsingarnar sem beðið er um varðandi ökutækið mega einungis samanstanda af viðeigandi vali af upplýsingunum sem eru í I. viðauka.

d) Tæknilegu kröfurnar sem þarf að uppfylla eru þær sem mælt er fyrir um í 4. lið.

Tæknilegu kröfurnar skulu vera þær sem gilda um ökutæki af þeirri gerð ökutækis sem er í framleiðslu, í tengslum við dagsetninguna þegar umsóknin er lögð fram.

e) Að því er varðar þær prófanir sem krafist er í stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í þessum viðauka, skal umsækjandinn leggja fram samræmisyfirlýsingu við viðurkennda alþjóðlega staðla eða reglugerðir. Eingöngu framleiðandi ökutækis má gefa út viðkomandi yfirlýsingu.

„Samræmisyfirlýsing“ er yfirlýsing sem gefin er út af skrifstofu eða deild innan fyrirtækis framleiðandans sem hefur fullt umboð frá stjórnendum til þess að bera lagalega ábyrgð framleiðanda að því er varðar hönnun og smíði ökutækis.

Stjórnvaldsfyrirmælin sem leggja þarf slíka yfirlýsingu fram fyrir skulu vera þau sem um getur í 4. lið.

Ef samræmisyfirlýsingin leiðir til óvissu er hægt að krefja umsækjandann um að hann fái frá framleiðandanum sönnunargögn, þ.m.t. prófunarskýrslu, til þess að renna stoðum undir yfirlýsingu framleiðandans.

2.3. Tækniþjónusta sem treyst er fyrir skráningarviðurkenningum ökutækja

a) Tækniþjónusta sem treyst er fyrir skráningarviðurkenningum ökutækja skal vera í flokki A eins og um getur í 1. mgr. 68. gr.

b) Þrátt fyrir kröfurnar um að sýna fram á samræmi þeirra við staðlana sem taldir eru upp í 1. viðbæti við III. viðauka skal tækniþjónusta uppfylla eftirfarandi staðla:

i. EN ISO/IEC 17025:2005 ef hún gerir prófanir sjálf,

ii. EN ISO/IEC 17020:2012 ef hún hefur eftirlit með því að ökutæki uppfylli kröfurnar í þessum viðbæti.

c) Ef gera þarf sértækar prófanir sem krefjast sérstakrar færni að beiðni umsækjanda, skulu þær gerðar hjá einni af tækniþjónustunum sem tilkynntar eru framkvæmdastjórninni að vali umsækjanda.

2.4. Prófunarskýrslur

a) Uppkast að prófunarskýrslum skal gert í samræmi við lið 5.10.2 í staðli EN ISO/IEC 17025:2005.

b) Uppkast að prófunarskýrslum skal gert á einu af tungumálum Sambandsins sem ákvarðað er af viðurkenningar-yfirvaldinu.

Hafi prófunarskýrsla verið gefin út í öðru aðildarríki en því sem treyst er fyrir skráningarviðurkenningu ökutækisins, við beitingu á c-lið liðar 2.3, getur viðurkenningaryfirvald krafist þess að umsækjandi leggi fram nákvæma þýðingu á prófunarskýrslunni.

c) Prófunarskýrslur skulu innihalda lýsingu á ökutækinu sem er prófað ásamt auðkenni þess. Hlutum sem gegna mikilvægu hlutverki að því er varðar niðurstöður prófana skal lýst og auðkennisnúmer þeirra gefið upp.

d) Að beiðni umsækjanda má leggja prófunarskýrslu sem gefin er út fyrir kerfi í tengslum við tiltekið ökutæki fram í fleira en eitt skipti af sama eða öðrum umsækjanda að því er varðar einstaka viðurkenningu á öðru ökutæki.

Í slíku tilviki skal viðurkenningaryfirvald tryggja að tæknilegir eiginleikar ökutækisins séu skoðaðir á tilhlýðilegan hátt með tilliti til prófunarskýrslunnar.

Skoðun ökutækisins og gögn sem fylgja prófunarskýrslunni skulu sýna fram á að ökutækið sem sótt er um einstaka viðurkenningu fyrir hafi sömu eiginleika og ökutækið sem lýst er í skýrslunni.

e) Aðeins má leggja fram staðfest eintök af prófunarskýrslu.

f) Prófunarskýrslur sem um getur í d-lið taka ekki til skýrslna sem gerðar eru til þess að veita skráningarviðurkenningu ökutækis.

2.5. Í ferlinu við skráningarviðurkenningu ökutækis skal hvert tiltekið ökutæki vera skoðað af tækniþjónustunni.

Óheimilt er að gefa undanþágur frá þessari meginreglu.

2.6. Ef viðurkenningaryfirvaldið telur fullvíst að ökutækið uppfylli tæknilegu kröfurnar sem tilgreindar eru í þessum viðbæti og samræmist lýsingunni í umsókninni skal það veita viðurkenningu í samræmi við 44. gr.

2.7. Uppkast að viðurkenningarvottorði skal gert í samræmi við 44. gr.

2.8. Viðurkenningaryfirvald skal halda skrá yfir allar viðurkenningar sem veittar eru skv. 44. gr.

3. ENDURSKOÐUN Á TÆKNILEGUM KRÖFUM

Skrá yfir tæknilegar kröfur í 4. lið skal endurskoðuð reglulega til þess að taka tillit til niðurstaðna yfirstandandi samhæfingarvinnu Alþjóðaráðsins um samhæfingu reglugerða um ökutæki (WP.29) í Genf og þróun löggjafar í þriðju löndum.

4. TÆKNILEGAR KRÖFUR

I. hluti: Ökutæki sem tilheyra flokki M_1

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
1	Tilskipun ráðsins 70/157/EBE (1) (Leyfilegt hljóðstig)	Prófun á ferð a) Prófun skal gerð í samræmi við „Aðferð A“ sem um getur í 3. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 51. Mörkin eru þau sem tilgreind eru í lið 2.1 í I. viðauka við tilskipun 70/157/EBE. Heimila skal 1 desíbel til viðbótar leyfilegum mörkum. b) Prófunarbrautin skal vera í samræmi við 8. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 51. Nota má prófunarbraut með öðrum forskriftum með því skilyrði að tækniþjónustan hafi gert samsvörunarprófanir. Ef þörf er á skal beita leiðréttingarstuðli. c) Ekki þarf að meðhöndla útblásturskerfi sem innihalda trefjaefni eins og mælt er fyrir um í 5. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 51. Prófun í kyrrstöðu Prófun skal gerð í samræmi við lið 3.2 í 3. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 51.
2A	Reglugerð (EB) nr. 715/2007 (Losun léttra ökutækja (Euro 5 og Euro 6)/aðgangur að upplýsingum)	Losun gegnum útblástursrör a) Gera skal prófun I í samræmi við III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 með spillistuðlunum sem um getur í lið 1.4 í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. Nota skal mörkin sem eru tilgreind í töflu I og töflu II í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 715/2007. b) Ekki skal krefjast þess að sýnt sé fram á 3000 km akstur ökutækis eins og um getur í lið 3.1.1 í 4. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 83. c) Eldsneytið sem nota skal við prófunina skal vera viðmiðunareldsneytið sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. d) Setja skal aflmæli upp í samræmi við tæknilegar kröfur sem settar eru fram í lið 3.2 í 4. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 83. e) Ekki skal framkvæma prófunina sem um getur í a-lið ef hægt er að sýna fram á að ökutækið sé í samræmi við lagasafn Kaliforníufylkis sem um getur í 2.1.1 lið í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. Losun við uppgufun Í ökutækjum með bensínhreyfli skal þess krafist að mengunarvarnarkerfi fyrir losun við uppgufun (t.d. viðarkolahylki) sé fyrir hendi. Losun frá sveifarhúsi Krefjast skal þess að til staðar sé búnaður til að endurvinna lofttegundir frá sveifarhúsi. Innbyggt greiningarkerfi a) Ökutækið skal búið innbyggðu greiningarkerfi. b) Skilflötur innbyggða greiningarkerfisins skal geta átt samskipti við algeng greiningartæki sem notuð eru við reglubundnar tækniskoðanir. Reykþéttni a) Ökutæki sem búin eru dísilhreyfli skulu prófuð í samræmi við prófunar-aðferðirnar sem um getur í 2. viðbæti við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
		b) Leiðrétt gildi gleypnistuðuls skal fest á með áberandi hætti og á stað sem auðvelt er að komast að. Losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun a) Prófun skal gerð í samræmi við XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. b) Ekki skal krefjast þess að sýnt sé fram á 3000 km akstur ökutækis eins og óskað er eftir í lið 3.1.1 í 4. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 83. c) Ef ökutækið er í samræmi við lagasafn Kaliforníufylkis sem um getur í lið 2.1.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 og því ekki krafist að prófanir séu gerðar á losun gegnum útblástursrör skulu aðildarríki reikna losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun með formúlunni sem sett er fram í skýringum ([b]) og ([c]). Aðgangur að upplýsingum Ákvæðin varðandi aðgang að upplýsingum gilda ekki. Aflmæling a) Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda þar sem fram koma hámarkshreyfilafköst í kW ásamt samsvarandi snúningshraða á mínútu. b) Einnig má umsækjandi leggja fram línurit um hreyfilafköst sem veitir sömu upplýsingar.
3A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34 (Eldsneytisgeymar/undirakstursvörn)	Eldsneytisgeymar a) Eldsneytisgeymar skulu fara að 5. lið I. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34, að liðum 5.1, 5.2 og 5.12 undanskildum. Einkum skulu þeir vera í samræmi við liði 5.9 og 5.9.1 en ekki skal framkvæma lekaprófun. b) Tankar fyrir fljótandi jarðolíugas eða þjappað jarðgas skulu gerðar-viðurkenndir í samræmi við annars vegar reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 67, röð breytinga 01, eða reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 110 ([a]) hins vegar. Sértæk ákvæði fyrir eldsneytisgeyma úr plastefni Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að eldsneytisgeymirinn í tiltekna ökutækinu, en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir það, sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: — FMVSS nr. 301 (heilleiki eldsneytiskerfa) eða — Ákvæði 5. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34. Undirakstursvörn Afturhluti ökutækis skal smíðaður í samræmi við 8. og 9. lið í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34.
3B	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 58 (Undirakstursvörn að aftan)	Afturhluti ökutækis skal smíðaður í samræmi við 2. lið í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 58. Það nægir að kröfurnar sem settar eru fram í lið 2.3 séu uppfylltar.
4A	Reglugerð (ESB) nr. 1003/2010 (Flötur fyrir skráningarmerki að aftan)	Flötur, halli, sýnileikahorn og staðsetning skráningarmerkis skal vera í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1003/2010.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
5A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79 (Stýrisbúnaður)	Vélræn kerfi a) Stýrisbúnaður skal smíðaður þannig að hann miðjustilli sig sjálfur. Til að hafa eftirlit með að farið sé að þessu ákvæði skal framkvæma prófun í samræmi við liði 6.1.2 og 6.2.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79. b) Bilun í aflstýrisbúnaði skal ekki valda algjörum missi á stjórn ökutækisins. Flókinn rafrænn stjórnbúnaður fyrir ökutæki (e. *„drive-by wire“ devices*). Flókinn rafrænn stjórnbúnaður skal aðeins heimilaður ef hann er í samræmi við 6. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79.
6A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11 (Læsingar hurða og lamir)	Samræmi við lið 6.1.5.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11.
7A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28 (Hljóðmerki)	Íhlutir Hljóðmerkjabúnaður þarf ekki að vera gerðarviðurkenndur í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28. Hins vegar skal hann gefa frá sér samfellt hljóð eins og krafist er í lið 6.1.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28. Uppsetning í ökutæki a) Framkvæma skal prófun í samræmi við lið 6.2 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28. b) Hámarkshljóðþrýstingur skal vera í samræmi við lið 6.2.7.
8A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46 (Búnaður til að auka sjónsvið)	Íhlutir a) Ökutækið skal búið baksýnisspeglum sem kveðið er á um í lið 15.2 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46. b) Ekki er krafist gerðarviðurkenningar á þeim í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46. c) Krappageisli speglanna skal ekki valda umtalsverðri bjögun á myndinni. Ef tækniþjónustan óskar eftir því skal athuga krappageislann í samræmi við aðferðina sem lýst er í 7. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46. Krappageislinn skal ekki vera minni en sá sem krafist er í lið 6.1.2.2.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46. Uppsetning í ökutæki Framkvæma skal mælingu til að tryggja að sjónsviðin uppfylli lið 15.2.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46.
9B	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H (Hemlun)	Almenn ákvæði a) Hemlakerfi skal smíðað í samræmi við 5. lið í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H. b) Ökutæki skulu búin rafrænu læsivörðu hemlakerfi sem nær til allra hjóla. c) Afköst hemlakerfisins skulu uppfylla III. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H. d) Í því skyni skal framkvæma prófanir í akstri á braut með yfirborði þar sem veggrip er mikið. Prófun á stöðuhemli skal framkvæmd í 18% halla (upp og niður). Einungis skal framkvæma þær prófanir sem um getur í liðunum „akstursheimill“ og „stöðuhemill“ hér á eftir. Í öllum tilvikum skal ökutækið vera fullhlaðið.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
		e) Aksturspróf unin sem um getur í d-lið skal ekki framkvæmd ef umsækjandi getur lagt fram yfirlýsingu frá framleiðanda sem sýnir fram á að ökutækið sé í samræmi við annað hvort reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H að meðtöldum 5. viðbæti eða FMVSS nr. 135. Akstursheimill a) Framkvæma skal „prófun 0“ sem mælt er fyrir um í liðum 1.4.2 og 1.4.3 í 3. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H. b) Að auki skal framkvæma „prófun I“ eins og lýst er í lið 1.5 í 3. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H. Stöðuheimill Prófun skal gerð í samræmi við lið 2.3 í 3. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H.
10A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10 (Rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi))	Íhlutir a) Rafmagns- eða rafeindaundireiningar þurfa ekki að vera gerðarviðurkenndar í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10. b) Rafmagns- eða rafeindaundireiningar skulu þó uppfylla reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10. Losun rafsegulgeislunar Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu framleiðanda sem sýnir fram á að ökutækið sé í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10 eða eftirfarandi staðla: — Breiðbandsrafsegulgeislun: CISPR 12 eða SAE J551-2 eða — Mjóbandsrafsegulgeislun: CISPR 12 (utan ökutækis) eða 25 (innbyggt) eða SAE J551-4 og SAE J1113-41. Ónæmisprófun Ónæmisprófanir skulu felldar niður.
12A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21 (Innréttingar)	Innréttingar a) Að því er varðar kröfur um orkugleypni skal ökutækið teljast vera í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21 ef ökutækið er búið minnst tveimur öryggispúðum að framan, einum sem felldur er í stýrishjólið og öðrum í mælaborði. b) Ef ökutækið er einungis búið einum öryggispúða sem felldur er í stýrishjólið skal mælaborðið gert úr orkugleypnum efnum. c) Tækniþjónustan skal hafa eftirlit með því að engar skarpar brúnir séu á svæðunum sem skilgreind eru í liðum 5.1 til 5.7 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21. Rafknúin stjórntæki a) Rafstýrðar rúður, þaklúgur og skilveggir skulu prófuð í samræmi við lið 5.8 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21. Næmi sjálfvirks enduropnunarbúnaðar sem um getur í lið 5.8.3 má víkja frá kröfunum sem settar eru fram í lið 5.8.3.1.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21. b) Rafknúnar rúður sem ekki er hægt að loka þegar slökkt er á kveikjunni skulu undanþegnar kröfum varðandi sjálfvirkan enduropnunarbúnað.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
13A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 18 (Þjófavörn og ræsivarnarbúnaður)	a) Til að koma í veg fyrir notkun í leyfisleysi skal ökutækið búið: — læsibúnaði í samræmi við skilgreininguna í lið 2.3 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 18 og — ræsivarnarbúnaði sem uppfyllir tæknilegu kröfurnar í 5. lið í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 18. b) Ef, í samræmi við a-lið, þörf er á að setja ræsivarnarbúnað í sem endurbótarhlut skal hann vera af viðurkenndri gerð í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 18, nr. 97, eða nr. 116.
14A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 12 (Höggmildandi stýrisbúnaður)	a) Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki, en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir það, sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: — Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 12, — FMVSS nr. 203 (verndun ökumanns fyrir höggi frá stýrisbúnaði) þ.m.t. FMVSS nr. 204 (tilfærsla stýrisbúnaðar aftur á bak), — Ákvæði 11. gr. JSRRV. b) Framkvæma má prófun í samræmi við 3. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 12 á raðsmíðuðu ökutæki ef umsækjandi fer fram á það. Prófunin skal framkvæmd af tækniþjónustu sem hefur verið tilnefnd til að framkvæma þessa prófun. Sú tækniþjónusta skal gefa út nákvæma skýrslu til handa umsækjandans.
15A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17 (Styrkleiki sætis — höfuðpúðar)	Sæti, sætisfestingar og stillibúnaður Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki, en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir það, sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: — Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17 eða — FMVSS nr. 207 (sætiskerfi). Höfuðpúðar a) Ef yfirlýsingin er byggð á FMVSS nr. 207 skulu höfuðpúðarnir að auki uppfylla kröfurnar í 5. lið og 4. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17. b) Aðeins skal framkvæma prófanirnar sem lýst er í liðum 5.12, 6.5, 6.6 og 6.7. í reglugerð Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 17. c) Í öðrum tilvikum skal umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki, en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir það, sé í samræmi við FMVSS nr. 202a (höfuðpúðar).
16A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17 (Útstæðir hlutar)	a) Ytra borð yfirbyggingarinnar skal vera í samræmi við almennar kröfur í 5. lið í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17. b) Ef tækniþjónustan óskar eftir því skal athuga ákvæðin sem um getur í liðum 6.1, 6.5, 6.6, 6.7, 6.8 og 6.11 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17.
17A, 17B	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 39 (Hraðamælir — bakkgír)	Hraðamælibúnaður a) Skífan skal vera í samræmi við liði 5.1 til 5.1.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 39. b) Ef tækniþjónustan vill sannprófa að hraðamælir sé kvarðaður með fullnægjandi nákvæmni, getur hún krafist þess að prófanirnar sem kveðið er á um í lið 5.2 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 39 séu framkvæmdar. Bakkgír Gíragangverkið skal innihalda bakkgír.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
18A	Reglugerð (ESB) nr. 19/2011 (Lögboðnar merkiplötur)	VIN a) Ökutækið skal búið verksmiðjunúmeri ökutækis sem samanstendur af minnst 8 og mest 17 rittáknum. Verksmiðjunúmer ökutækis með 17 rittáknum skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í alþjóðlegu stöðlunum ISO 3779:1983 og 3780:1983. b) Verksmiðjunúmer ökutækis skal staðsett á auðsýnilegum og aðgengilegum stað þannig að ekki sé hægt að afmá það og að það eyðist ekki. c) Ef ekkert verksmiðjunúmer ökutækis er stimplað á undirvagn eða yfirbyggingu getur aðildarríki krafist þess af umsækjandanum að verksmiðjunúmer ökutækis sé sett á eftir á við beitingu landslaga. Í slíkum tilvikum skal lögbært yfirvald í aðildarríkinu hafa eftirlit með aðgerðinni. Lögboðin merkiplata Ökutækið skal búið auðkenniplötu sem framleiðandi ökutækisins festir á. Ekki skal farið fram á neinar viðbótarplötur eftir að viðurkenningaryfirvaldið hefur veitt viðurkenninguna.
19A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 14 (Öryggisbeltafestingar)	Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki, en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir það, sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: — Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 14. — FMVSS nr. 210 (festingar fyrir sætisbeltasamstæðu) eða — grein 22-3 í JSRRV.
20A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48 (Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar)	a) Ljósabúnaður skal uppfylla kröfur reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 48, röð breytinga 03, að undanþegnum kröfunum í 5. og 6. viðauka við þá reglugerð. b) Engar undanþágur skulu heimilaðar að því er varðar fjölda, helstu hönnunareiginleika, rafmagnstengingar, og lit ljóss sem er varpað eða endurvarpað af ljósum og merkjabúnaði sem um getur í 21. til 26. lið og í 28. til 30. lið. c) Ljós og merkjabúnaður sem settur er í sem endurbótarhlutur í þeim tilgangi að uppfylla kröfurnar í a-lið skal bera ESB-gerðarviðurkenningarmerki. d) Ljósker sem búin eru gasúrhleðsluljósgjafa eru aðeins heimiluð í tengslum við uppsetningu á hreinsunarbúnaði fyrir aðalljósker og sjálfvirkum hallastillingarbúnaði fyrir aðalljósker eftir því sem við á. e) Lágljós aðalljóskerja skulu löguð að löglegri akstursstefnu í landinu þar sem ökutækið fær viðurkenningu.
21A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 3 (Glitaugu)	Ef nauðsyn krefur skal setja tvö viðbótarglitaugu með ESB-viðurkenningarmerki að aftan og skal staðsetning þeirra vera í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48.
22A	Reglugerðir Sameinuðu þjóðanna nr. 7, nr. 87 og nr. 91 (Yfirstærðarljósker, stöðuhliðarljósker að framan og aftan, hemlaljósker, hliðarljósker, ljósker fyrir dagljósabúnað)	Kröfurnar sem settar eru fram í reglugerðum Sameinuðu þjóðanna nr. 7, nr. 87 og nr. 91 gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
23A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 6 (Stefnuljós)	Kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 6 gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna.
24A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 4 (Ljósker við skráningarmerki að aftan)	Kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 4 gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna.
25C, 25E, 25F	Reglugerðir Sameinuðu þjóðanna nr. 98, nr. 112 og nr. 123 (Aðalljósker (þ.m.t perur))	a) Lýsingin af lágljósum aðalljóskerjanna sem fest eru á ökutækið skal könnuð skv. 6. lið reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 112 varðandi aðalljósker sem gefa frá sér ósamhverfan lágljósageisla. Vísa má í vikmörkin í 5. viðauka þeirrar reglugerðar í því skyni. b) Lágljós aðalljóskerja sem falla undir reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 98 eða nr. 123 skulu uppfylla sömu kröfuna.
26A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 19 (Þokuljósker að framan)	Kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 19 gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna ef þau eru sett á.
27A	Reglugerð (ESB) nr. 1005/2010 (Dráttarkrókar)	Kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 1005/2010 gilda ekki.
28A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 38 (Þokuljósker að aftan)	Kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 38 gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna.
29A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 23 (Bakkljósker)	Kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 23 gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna ef þau eru sett á.
30A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 77 (Stöðuljósker)	Kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 77 gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna ef þau eru sett á.
31A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16 (Öryggisbelti og aðhaldsbúnaður)	Íhlutir a) Ekki skal vera krafið um gerðarviðurkenningu á sætisbeltum í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16 b) Hins vegar skulu öll öryggisbelti bera auðkennismerkimiða. c) Vísanir á merkimiðanum skulu vera í samræmi við ákvörðun varðandi öryggisbeltafestingar (viðvíkjandi 19. færslu). Kröfur um uppsetningu a) Ökutækið skal búið öryggisbeltum í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í XVI. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16. b) Ef setja þarf tiltekinn fjölda öryggisbelta í sem endurbótarhlut í samræmi við a-lið, skulu þau vera af viðurkenndri gerð í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16.
32A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 125 (Sjónsvið fram á við)	a) Engar hindranir á 180° sjónsviði ökumanns fram á við eins og það er skilgreint í lið 5.1.3 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 125 skulu heimilar. b) Þrátt fyrir a-lið skulu A-stoðir og búnaður sem talin eru upp í lið 5.1.3 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 125 ekki teljast vera hindranir. c) A-stoðir skulu ekki vera fleiri en tvær.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
33A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 121 (Auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar)	a) Tákn, þ.m.t. litir samsvarandi gaumljósa sem skyldubundið er að séu til staðar samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 121 skulu vera í samræmi við þá reglugerð Sameinuðu þjóðanna. b) Ef svo er ekki skal tækniþjónustan sannreyna að tákn, gaumljós og álestrartæki sem eru innbyggð í ökutækið veiti ökumanni auðskiljanlegar upplýsingar um virkni viðkomandi stjórntækja.
34A	Reglugerð (ESB) nr. 672/2010 (Afísing/móðuhreinsun)	Ökutækið skal búið fullnægjandi afísingar- og móðuhreinsunarbúnaði á framrúðum. Afísingarbúnaður framrúðu sem er að lágmarki í samræmi við lið 1.1.1 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 672/2010 skal teljast vera fullnægjandi. Móðuhreinsunarbúnaður framrúðu sem er að lágmarki í samræmi við lið 1.2.1 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 672/2010 skal teljast vera fullnægjandi.
35A	Reglugerð (ESB) nr. 1008/2010 (Sprautur/þurrkur)	Ökutækið skal búið fullnægjandi sprautu- og þurrkubúnaði á framrúðum. Sprautu- og þurrkunarbúnaður sem er að lágmarki í samræmi við skilyrðin í lið 1.1.5 í III. viðauka við tilskipun (ESB) nr. 1008/2010 skal teljast vera fullnægjandi.
36A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122 (Hitakerfi)	a) Farþegarými skal búið hitunarkerfi. b) Brennsluhitarar og uppsetning þeirra skulu vera í samræmi við 7. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122. Að auki skulu brennsluhitarar og hitunarkerfi með fljótandi jarðolíugasi uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 8. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122. c) Viðbótarhitunarkerfi sem sett eru í sem endurbótarhlutir skulu vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þeirri reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122.
37A	Reglugerð (ESB) nr. 1009/2010 (Hjólhlífar)	a) Ökutækið skal hannað þannig að aðrir vegfarendur séu varðir gegn steinum, aur, ís, snjó og vatni sem kastast frá því og til að draga úr hættu af snertingu við hjól á hreyfingu. b) Tækniþjónustunni er heimilt að hafa eftirlit með samræmi við tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1009/2010. c) Ákvæði 3. liðar I. viðauka þeirrar reglugerðar gilda ekki.
38A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 25 (Höfuðpúðar)	Kröfur reglugerðar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 25 gilda ekki.
44A	Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012 (Massar og mál)	a) Uppfylla skal kröfurnar í 1. lið A-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1230/2012. b) Að því er varðar a-lið skal taka eftirfarandi massa til athugunar: — massa ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, sem skilgreindur er í 4. lið í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1230/2012 eins og hann er mældur af tækniþjónustunni og — massa með hleðslu sem gefinn er upp af framleiðanda ökutækis eða sýndur á merkiplötu framleiðanda ásamt sjálflímandi miðum eða upplýsingum sem eru tiltækar í handbók eiganda. Þessi massi skal teljast tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu. c) Engar undanþágur skulu heimilaðar að því er varðar leyfileg hámarksmál.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
45A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 43 (Rúður úr öryggisgleri)	Íhlutir a) Rúður skulu gerðar úr hertu eða lagskiptu öryggisgleri. b) Aðeins skal vera heimilt að setja rúður úr plasti aftan við B-stoð. c) Ekki skal vera krafist að rúður séu viðurkenndar samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 43. Uppsetning a) Kröfurnar um uppsetningu sem settar eru fram í 21. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 43 gilda. b) Engar litaðar filmur sem draga úr gegnumferð ljóss undir áskilið lágmark skulu heimilaðar á framrúðu og á rúðum fyrir framan B-stoð.
46	Tilskipun 92/23/EBE (Hjólbarðar)	Íhlutir Hjólbarðar skulu bera EB-gerðarviðurkenningarmerki sem inniheldur s-merki (fyrir hljóð). Uppsetning a) Stærðarmál, tala fyrir hleðslugetu og hraðaflokkur hjólbarða skulu uppfylla kröfurnar í IV. viðauka við tilskipun 92/23/EBE. b) Tákn fyrir hraðaflokk á hjólbarðanum skal samrýmast hámarkshönnunarhraða ökutækisins. Þessi krafa gildir þrátt fyrir að hraðatakmarkari sé til staðar. c) Framleiðandi ökutækisins skal tilgreina hámarkshraða ökutækisins. Hins vegar má tækniþjónustan meta hámarkshönnunarhraða ökutækisins með því að nota hámarksafköst hreyfilsins, hámarksfjölda snúninga á mínútu og gögn varðandi hreyfiaflskeðjuna.
50A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55 (Tengingar)	Aðskildar tæknieiningar a) Tengi frá framleiðanda upprunalega búnaðarins sem ætluð eru til að draga eftirvagn þar sem hámarksmassi er ekki yfir 1500 kg skulu ekki þurfa að vera gerðarviðurkennd samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55. Tengi telst búnaður frá framleiðanda upprunalega búnaðarins ef því er lýst í handbók eiganda eða jafngildu fylgiskjali sem kaupandi fær frá framleiðanda ökutækisins. Ef slíkt tengi er viðurkennt með ökutækinu skal viðeigandi texti vera í viðurkenningarvottorðinu þar sem fram kemur að eigandi beri ábyrgð á að tryggja samhæfi við tengibúnaðinn sem festur er á eftirvagninn. b) Önnur tengi en þau sem um getur í a-lið, sem og tengi sem sett eru í sem endurbótarhlutir, skulu gerðarviðurkennd í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55. Uppsetning á ökutækinu Tækniþjónustan skal hafa eftirlit með því að uppsetning tengibúnaðar sé í samræmi við 6. lið í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55.
53A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 94 (Högg að framan) ([e])	a) Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki, en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir það, sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: — Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 94, — FMVSS nr. 208 (árekstrarvörn farþega), — Ákvæði 18. gr. JSRRV.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
		b) Framkvæma má prófun í samræmi við 5. lið í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 94 á raðsmíðuðu ökutæki ef umsækjandi fer fram á það. Prófunin skal framkvæmd af tækniþjónustu sem hefur verið tilnefnd til að framkvæma þessa prófun. Sú tækniþjónusta skal gefa út nákvæma skýrslu til handa umsækjandans.
54A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95 (Högg frá hlið)	a) Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki, en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir það, sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: — Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95, — FMVSS nr. 214 (vörn fyrir höggi frá hlið), — Ákvæði 18. gr. JSRRV. b) Framkvæma má prófun í samræmi við 5. lið í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95 á raðsmíðuðu ökutæki ef umsækjandi fer fram á það. Prófunin skal framkvæmd af tækniþjónustu sem hefur verið tilnefnd til að framkvæma þessa prófun. Sú tækniþjónusta skal gefa út nákvæma skýrslu til handa umsækjandans.
58	Reglugerð (EB) nr. 78/2009 (Vernd gangandi vegfarenda)	Hjálparátak við hemlun Ökutæki skulu búin rafrænu læsivörðu hemlakerfi sem nær til allra hjóla. Vernd gangandi vegfarenda Kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 78/2009 skulu gilda. Varnarbúnaður að framan Varnarbúnaður að framan sem settur er á ökutæki skal vera gerðarviðurkenndur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 78/2009 og skal uppsetning hans vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 6. lið I. viðauka þeirrar reglugerðar.
59	Tilskipun 2005/64/EB (Endurvinnanleiki)	Kröfur þeirrar tilskipunar gilda ekki.
61	Tilskipun 2006/40/EB (Loftræstikerfi)	Kröfur þeirrar tilskipunar gilda.
72	Reglugerð (ESB) 2015/758 (eCall-kerfi)	Kröfur þeirrar reglugerðar gilda ekki.

([1]) Tilskipun ráðsins 70/157/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um leyfilegt hljóðstig og útblásturskerfi vélknúinna ökutækja (Stjtíð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 16).

II. hluti: Ökutæki sem tilheyra flokki N_1

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
2A	Reglugerð (EB) nr. 715/2007 (Losun léttra ökutækja (Euro 5 og Euro 6)/aðgangur að upplýsingum)	Losun gegnum útblástursrör a) Gera skal prófun 1 í samræmi við III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 með spillistuðlunum sem um getur í lið 1.4 í VII. viðauka við þá reglugerð Nota skal losunarmörkin sem eru tilgreind í töflu 1 og töflu 2 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 715/2007. b) Ekki skal krefjast þess að sýnt sé fram á 3000 km akstur ökutækis eins og um getur í lið 3.1.1 í 4. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 83. c) Eldsneytið sem nota skal við prófunina skal vera viðmiðunareldsneytið sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
		d) Setja skal aflmæli upp í samræmi við tæknilegar kröfur í lið 3.2 í 4. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 83. e) Ekki skal framkvæma prófunina sem um getur í a-lið ef hægt er að sýna fram á að ökutækið sé í samræmi við lagasafn Kaliforníufylkis sem um getur í 2. lið í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. Losun við uppgufun Í ökutækjum með bensínhreyfli skal þess krafist að mengunarvarnarkerfi fyrir losun við uppgufun (t.d. viðarkolahylki) sé fyrir hendi. Losun frá sveifarhúsi Krefjast skal þess að til staðar sé búnaður til að endurvinna lofttegundir frá sveifarhúsi. OBD Ökutækið skal búið innbyggðu greiningarkerfi. Skilflötur innbyggða greiningarkerfisins skal geta átt samskipti við algeng greiningartæki sem notuð eru við reglubundnar tækniskoðanir. Reykþéttni a) Ökutæki sem búin eru dísilhreyfli skulu prófuð í samræmi við prófunar-aðferðirnar sem um getur í 2. viðbæti við IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. b) Leiðrétt gildi gleypnistuðuls skal fest á með áberandi hætti og á stað sem auðvelt er að komast að. Losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun a) Prófun skal gerð í samræmi við XII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008. b) Ekki skal krefjast þess að sýnt sé fram á 3000 km akstur ökutækis eins og óskað er eftir í lið 3.1.1 í 4. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 83. c) Ef ökutækið er í samræmi við lagasafn Kaliforníufylkis sem um getur í lið 2.1.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 og því ekki krafist að prófanir séu gerðar á losun gegnum útblástursrör skulu aðildarríki reikna losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun með formúlunni sem sett er fram í skýringum ([b]) and ([c]). Aðgangur að upplýsingum Ákvæðin varðandi aðgang að upplýsingum gilda ekki. Aflmæling a) Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda þar sem fram koma hámarkshreyfilafköst í kW ásamt samsvarandi snúningshraða á mínútu. b) Einnig má umsækjandi leggja fram línurit um hreyfilafköst sem veitir sömu upplýsingar.
3A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34 (Eldsneytisgeymar/undirakstursvörn)	Eldsneytisgeymar a) Eldsneytisgeymar skulu fara að 5. lið I. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34, að liðum 5.1, 5.2 og 5.12 undanskildum. Einkum skulu þeir vera í samræmi við liði 5.9 og 5.9.1 en ekki skal framkvæma lekaprófun. b) Tankar fyrir fljótandi jarðolíugas eða þjappað jarðgas skulu gerðar-viðurkenndir í samræmi við annars vegar reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 67 röð breytinga 01 eða reglugerð nr. 110 hins vegar ([a]).

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
		Sértæk ákvæði fyrir eldsneytisgeyma úr plastefni Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að eldsneytisgeymirinn í tiltekna ökutækinu, en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir það, sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: — FMVSS nr. 301 (heilleiki eldsneytiskerfa). — Ákvæði 5. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34. Undirakstursvörn a) Afturhluti ökutækis skal smíðaður í samræmi við 8. og 9. lið í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34.
4A	Reglugerð (ESB) nr. 1003/2010 (Flötur fyrir skráningarmerki að aftan)	Flötur, halli, sýnileikahorn og staðsetning skráningarmerkis skal vera í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1003/2010.
5A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79 (Stýriskraftur)	Vélræn kerfi a) Stýrisbúnaður skal smíðaður þannig að hann miðjustilli sig sjálfur. Til að hafa eftirlit með að farið sé að þessu ákvæði skal framkvæma prófun í samræmi við liði 6.1.2 og 6.2.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79. b) Bilun í aflstýrisbúnaði skal ekki valda algjörum missi á stjórn ökutækisins. Flókinn rafrænn stjórnbúnaður fyrir ökutæki (e. *„drive-by wire“ devices*). Flókinn rafrænn stjórnbúnaður skal aðeins heimilaður ef hann er í samræmi við 6. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79.
6A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11 (Læsingar hurða og lamir)	Samræmi við lið 6.1.5.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11
7A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28 (Hljóðmerki)	Íhlutir Hljóðmerkjabúnaður þarf ekki að vera gerðarviðurkenndur í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28. Hins vegar skal hann gefa frá sér samfellt hljóð eins og krafist er í lið 6.1.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28. Uppsetning í ökutæki a) Framkvæma skal prófun í samræmi við lið 6.2 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28. b) Hámarkshljóðþrýstingur skal vera í samræmi við lið 6.2.7.
8A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46 (Búnaður til að auka sjónsvið)	Íhlutir a) Ökutækið skal búið baksýnisspeglum sem kveðið er á um í lið 15.2 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46. b) Ekki er krafist gerðarviðurkenningar á þeim í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46. c) Krappageisli speglanna skal ekki valda umtalsverðri bjögun á myndinni. Ef tækniþjónustan óskar eftir því skal athuga krappageislann í samræmi við aðferðina sem lýst er í 1. viðbæti við 7. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46. Krappageislinn skal ekki vera minni en sá sem krafist er í lið 6.1.2.2.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46. Uppsetning í ökutæki Framkvæma skal mælingu til að tryggja að sjónsviðin uppfylli lið 15.2.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
9B	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H (Hemlun)	Almenn ákvæði a) Smíða skal hemlakerfið í samræmi við 5. lið í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H. b) Ökutæki skulu búin rafrænu læsivörðu hemlakerfi sem nær til allra hjóla. c) Afköst hemlakerfisins skulu uppfylla III. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H. d) Í þessu skyni skal framkvæma prófanir í akstri á braut með yfirborði þar sem veggrip er mikið. Prófun á stöðuhemli skal framkvæmd í 18% halla (upp og niður). Einungis skal framkvæma þær prófanir sem um getur í liðunum „akstursheimill“ og „stöðuhemill“ hér að neðan. Í öllum tilvikum skal ökutækið vera fullhlaðið. e) Akstursprófunin sem um getur í c-lið skal ekki framkvæmd ef umsækjandi getur lagt fram yfirlýsingu frá framleiðanda sem sýnir fram á að ökutækið sé í samræmi við annað hvort reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H að meðtöldum 5. viðbæti eða FMVSS nr. 135. Akstursheimill a) Framkvæma skal „prófun 0“ sem mælt er fyrir um í liðum 1.4.2 og 1.4.3 í 3. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H. b) Að auki skal framkvæma „prófun I“ eins og lýst er í lið 1.5 í 3. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H. Stöðuhemill Prófun skal gerð í samræmi við lið 2.3 í 3. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H.
10A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10 (Rafsegultruflanir (rafsegulsviðssamhæfi))	Íhlutir a) Rafmagns- eða rafeindaundireiningar þurfa ekki að vera gerðarviðurkenndar í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10. b) Rafmagns- eða rafeindaundireiningar skulu þó uppfylla reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10. Losun rafsegulgeislunar Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu framleiðanda sem sýnir fram á að ökutækið sé í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10 eða eftirfarandi staðla: — Breiðbandsrafsegulgeislun: CISPR 12 eða SAE J551-2, — Mjóbandsrafsegulgeislun: CISPR 12 (utan ökutækis) eða 25 (innbyggt) eða SAE J551-4 og SAE J1113-41. Ónæmisprófun Ónæmisprófanir skulu felldar niður.
13B	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 116 (Þjófavörn og ræsivarnarbúnaður)	a) Til að koma í veg fyrir notkun í leyfisleysi skal ökutækið búið læsibúnaði í samræmi við skilgreininguna í lið 5.1.2 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 116. b) Ef ræsivarnarbúnaður er settur í skal hann uppfylla tæknilegu kröfurnar í lið 8.1.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 116.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
14A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 12 (Höggmildandi stýrisbúnaður)	a) Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki, en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir það, sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: — Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 12, — FMVSS nr. 203 (verndun ökumanns fyrir höggi frá stýrisbúnaði) þ.m.t. FMVSS nr. 204 (tilfærsla stýrisbúnaðar aftur á bak), — Ákvæði 11. gr. JSRRV. b) Framkvæma má prófun í samræmi við 3. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 12 á raðsmíðuðu ökutæki ef umsækjandi fer fram á það. Prófunin skal framkvæmd af tækniþjónustu sem hefur verið tilnefnd til að framkvæma þessa prófun. Sú tækniþjónusta skal gefa út nákvæma skýrslu til handa umsækjandans.
15A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17 (Styrkleiki sæta — höfuðpúðar)	Sæti, sætisfestingar og stillibúnaður Sæti og stillanleg kerfi þeirra skulu vera í samræmi við lið 5.3 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17. Höfuðpúðar a) Höfuðpúðar skulu uppfylla kröfurnar í 5. lið í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17 og 4. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17. b) Aðeins skal framkvæma prófanirnar sem lýst er í liðum 5.12, 6.5, 6.6 og 6.7 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 17.
17A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 39 (Hraðamælir — bakkgír)	Hraðamælibúnaður a) Skífan skal vera í samræmi við liði 5.1 til 5.1.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 39. b) Ef tækniþjónustan hefur rökstudda ástæðu til að ætla að hraðamælir sé ekki kvarðaður með fullnægjandi nákvæmni, getur hún krafist þess að prófanirnar sem kveðið er á um í lið 5.2 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 39 séu framkvæmdar. Bakkgír Gíragangverkið skal innihalda bakkgír.
18A	Reglugerð (ESB) nr. 19/2011 (Lögboðnar merkiplötur)	VIN a) Ökutækið skal búið verksmiðjunúmeri ökutækis sem samanstendur af minnst 8 og mest 17 rittáknum. Verksmiðjunúmer ökutækis með 17 rittáknum skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í alþjóðlegu stöðlunum ISO 3779:1983 og 3780:1983. b) Verksmiðjunúmer ökutækisins skal staðsett á auðsýnilegum og aðgengilegum stað þannig að ekki sé hægt að afmá það og að það eyðist ekki. c) Ef ekkert verksmiðjunúmer ökutækis er stimplað á undirvagn eða yfirbyggingu getur aðildarríki farið fram á að það sé sett á eftir á við beitingu landslaga. Í slíkum tilvikum skal lögbært yfirvald í aðildarríkinu hafa eftirlit með aðgerðinni. Lögboðin merkiplata Ökutækið skal búið auðkenniplötu sem framleiðandi ökutækisins festir á. Ekki skal krefjast viðbótarplatna eftir að viðurkenning hefur verið veitt.
19A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 14 (Öryggisbeltafestingar)	Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki, en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir það, sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: — Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 14,

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
		— FMVSS nr. 210 (festingar fyrir sætisbeltasamstæðu), — Ákvæði 22-3 gr. í JSRRV.
20A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48 (Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar)	a) Ljósabúnaður skal uppfylla grunnkröfur reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 48, röð breytinga 03, að undanþegnum kröfunum í 5. og 6. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48. b) Engar undanþágur skulu heimilaðar að því er varðar fjölda, helstu hönnunareiginleika, rafmagnstengingar, og lit ljóss sem er varpað eða endurvarpað af ljósum og merkjabúnaði sem um getur í 21. til 26. lið og í 28. til 30. lið. c) Ljós og merkjabúnaður sem settur er í sem endurbótarhlutur í þeim tilgangi að uppfylla kröfurnar í a-lið skal bera ESB-gerðarviðurkenningarmerki. d) Ljósker sem búin eru gasúrhleðsluljósgjafa eru aðeins heimiluð í tengslum við uppsetningu á hreinsunarbúnaði fyrir aðalljósker og sjálfvirkum hallastillingarbúnaði fyrir aðalljósker eftir því sem við á. e) Lágljós aðalljóskerja skulu löguð að löglegri akstursstefnu í landinu þar sem ökutækið fær viðurkenningu.
21A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 3 (Glitaugu)	Ef nauðsyn krefur skal setja tvö viðbótarglitaugu með EB-viðurkenningarmerki að aftan og skal staðsetning þeirra vera í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48.
22A	Reglugerðir Sameinuðu þjóðanna nr. 7, nr. 87 og nr. 91 (Yfirstærðarljósker, stöðuhliðarljósker að framan og aftan, hemlaljósker, hliðarljósker, ljósker fyrir dagljósabúnað)	Kröfurnar sem settar eru fram í reglugerðum Sameinuðu þjóðanna nr. 7, nr. 87 og nr. 91 gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna.
23A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 6 (Stefnuljós)	Kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 6 gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna.
24A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 4 (Ljósker við skráningarmerki að aftan)	Kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 4 gilda ekki. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna.
25C, 25E, 25F	Reglugerðir Sameinuðu þjóðanna nr. 98, nr. 112 og nr. 123 (Aðalljósker (þ.m.t perur))	a) Lýsingin af lágljósum aðalljóskerjanna sem fest eru á ökutækið skal könnuð samkvæmt ákvæðum 6. liðar reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 112 varðandi aðalljósker sem gefa frá sér ósamhverfan lágljósageisla. Vísa má í vikmörkin í 5. viðauka þeirrar reglugerðar í því skyni. b) Sama krafan gildir um lágljós aðalljóskerja sem falla undir reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 98 eða nr. 123.
26A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 19 (Þokuljósker að framan)	Ákvæði reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 19 skulu felldar niður. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna ef þau eru sett á.
27A	Reglugerð (ESB) nr. 1005/2010 (Dráttarkrókar)	Kröfurnar í reglugerð (ESB) nr. 1005/2010 skulu gilda.
28A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 38 (Þokuljósker að aftan)	Ákvæði reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 38 skulu felldar niður. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
29A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 23 (Bakkljósker)	Ákvæði reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 23 skulu felldar niður. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna ef þau eru sett á.
30A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 77 (Stöðuljósker)	Ákvæði reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 77 skulu felldar niður. Hins vegar skal tækniþjónustan hafa eftirlit með réttri virkni ljósanna ef þau eru sett á.
31A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16 (Öryggisbelti og aðhaldsbúnaður)	Íhlutir a) Ekki skal vera krafið um gerðarviðurkenningu á sætisbeltum í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16. b) Hins vegar skulu öll öryggisbelti bera auðkennismerkimiða. c) Vísanir á merkimiðanum skulu vera í samræmi við ákvörðun varðandi öryggisbeltafestingar (viðvíkjandi 19. færslu). Kröfur um uppsetningu a) Ökutækið skal búið öryggisbeltum í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í XVI. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16. b) Ef setja þarf tiltekinn fjölda öryggisbelta í sem endurbótarhlut í samræmi við a-lið, skulu þau vera af viðurkenndri gerð í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16.
33A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 121 (Auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar)	a) Tákn, þ.m.t. litir samsvarandi gaumljósa sem skyldubundið er að séu til staðar samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 121 skulu vera í samræmi við þá reglugerð Sameinuðu þjóðanna. b) Ef svo er ekki skal tækniþjónustan sannreyna að tákn, gaumljós og álestrartæki sem eru innbyggð í ökutækið veiti ökumanni auðskiljanlegar upplýsingar um virkni viðkomandi stjórntækja.
34A	Reglugerð (ESB) nr. 672/2010 (Afísing/móðuhreinsun)	Ökutækið skal búið fullnægjandi afísingar- og móðuhreinsunarbúnaði á framrúðum.
35A	Reglugerð (ESB) nr. 1008/2010 (Sprautur/þurrkur)	Ökutækið skal búið fullnægjandi sprautu- og þurrkubúnaði á framrúðum.
36A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122 (Hitakerfi)	a) Farþegarými skal búið hitunarkerfi. b) Brennsluhitarar og uppsetning þeirra skulu vera í samræmi við 7. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122. Að auki skulu brennsluhitarar og hitunarkerfi með fljótandi jarðolíugasi uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 8. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122. c) Viðbótarhitunarkerfi sem sett eru í sem endurbótarhlutir skulu vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122.
41A	Reglugerð (EB) nr. 595/2009 (Losun þungra ökutækja (Euro VI) – innbyggt greiningarkerfi)	Losun gegnum útblástursrör a) Gera skal prófun í samræmi við III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011[(1)1] með spillistuðlunum sem settir eru fram í lið 3.6.1 í VI. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011. b) Nota skal mörkin sem sett eru fram í töflunni í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009.

[(1)] Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um breytingu á I. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 167, 25.6.2011, bls. 1).

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
		c) Eldsneytið sem nota skal við prófunina skal vera viðmiðunareldsneytið sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við reglugerð (ESB) 582/2011. Koltvísýringslosun Losun koltvísýrings og eldsneytisnotkun skulu ákvarðast í samræmi við VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011. OBD a) Ökutækið skal búið innbyggðu greiningarkerfi. b) Skilflötur innbyggða greiningarkerfisins skal geta átt samskipti við ytra skönnunartæki fyrir innbyggt greiningarkerfi, eins og lýst er í X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011. Kröfur til að tryggja rétta framkvæmd NO_x-varnarráðstafana Ökutækið skal búið kerfi sem tryggir rétta virkni NO_x-varnarráðstafana í samræmi við XIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011. Aflmæling a) Umsækjandi skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðanda þar sem fram koma hámarks hreyfilafköst í kW ásamt samsvarandi snúningshraða. b) Einnig má umsækjandi leggja fram línurit um hreyfilafköst sem veitir sömu upplýsingar.
45A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 43	Íhlutir a) Rúður skulu gerðar úr hertu eða lagskiptu öryggisgleri. b) Aðeins skal vera heimilt að setja rúður úr plasti aftan við B-stoð. c) Ekki skal vera krafist að rúður séu viðurkenndar samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 43. Uppsetning a) Kröfurnar um uppsetningu sem sett er fram í 21. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 43 gilda. b) Engar litaðar filmur sem draga úr gegnumferð ljóss undir áskilið lágmark skulu heimilaðar á framrúðu og á rúðum fyrir framan B-stoð.
46A	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 458/2011 (Áfesting hjólbarða)	Uppsetning a) Stærðarmál, burðarstuðull og hraðaflokkur hjólbarða skulu uppfylla kröfurnar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 458/2011. b) Tákn fyrir hraðaflokk á hjólbarðanum skal samrýmast hámarkshönnunar-hraða ökutækisins. c) Þessi krafa gildir þrátt fyrir að hraðatakmarkari sé til staðar. d) Framleiðandi ökutækisins skal tilgreina hámarkshraða ökutækisins. Hins vegar má tækniþjónustan meta hámarkshönnunarhraða ökutækisins með því að nota hámarksafköst hreyfilsins, hámarksfjölda snúninga á mínútu og gögn varðandi hreyfiaflskeðjuna.
46B	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 30 (C_1 hjólbarðar)	Íhlutir Gerðarviðurkenningarmerki skal vera á hjólbörðum.
46D	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 117 (Hávaðamengun frá hjólbörðum í snúningi, veggrip á blautu yfirborði og snúnings-mótstaða)	Íhlutir Gerðarviðurkenningarmerki skal vera á hjólbörðum.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
46E	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 64 (Varaeining til tímabundinna nota, öryggis-hjólbarðar, hávaðamengun frá hjólbörðum í snúningi, veggrip á blautu yfirborði og snúningsmótstaða)	Íhlutir Gerðarviðurkenningarmerki skal vera á hjólbörðum. Ekki skal gerð krafa um ísetningu vöktunarkerfis fyrir þrýsting í hjólbörðum.
48A	Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012 (Massar og mál)	a) Uppfylla skal kröfurnar í A-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1230/2012. Þó þarf ekki að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 5. lið í A-hluta I. viðauka. b) Að því er varðar a-lið skal taka eftirfarandi massa til athugunar: — massa ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, sem skilgreindur er í 4. lið í 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1230/2012 eins og hann er mældur af tækniþjónustunni og — hámarksmassa með hleðslu sem gefinn er upp af framleiðanda ökutækis eða sýndur á merkiplötu framleiðanda ásamt sjálflímandi miðum eða upplýsingum sem eru tiltækar í handbók eiganda. Þessi massi skal teljast tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu. c) Tæknilegar breytingar sem umsækjandi gerir til þess að lækka tæknilega leyfilegan hámarksmassa ökutækisins með hleðslu í 3,5 tonn eða minna þannig að veita megi ökutækinu skráningarviðurkenningu ökutækis skulu ekki heimilaðar. d) Engar undanþágur skulu heimilaðar að því er varðar leyfileg hámarksmál.
49A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 61 (Útstæðir hlutar á stýrishúsum)	a) Uppfylla skal almennu kröfurnar sem settar eru fram í 5. lið í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17. b) Ef tækniþjónustan óskar eftir því skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í liðum 6.1, 6.5, 6.6, 6.7, 6.8 og 6.11 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17.
50A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55 (Tengingar)	Aðskildar tæknieiningar a) Tengi frá framleiðanda upprunalega búnaðarins sem ætluð eru til að draga eftirvagn með hámarksmassa sem er ekki yfir 1500 kg skulu ekki þurfa að vera gerðarviðurkennd samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55. b) Tengi telst búnaður frá framleiðanda upprunalega búnaðarins ef því er lýst í handbók eiganda eða í jafngildu fylgiskjali sem kaupandi fær frá framleiðanda ökutækisins. c) Ef slíkt tengi er viðurkennt með ökutækinu skal viðeigandi texti vera í viðurkenningarvottorðinu þar sem fram kemur að eigandi beri ábyrgð á að tryggja samhæfi við tengibúnaðinn sem festur er á eftirvagninn. d) Önnur tengi en þau sem um getur í a-lið, sem og tengi sem sett eru í sem endurbótarhlutir, skulu gerðarviðurkennd í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55. Uppsetning á ökutækinu Tækniþjónustan skal hafa eftirlit með því að uppsetning tengibúnaðar sé í samræmi við 6. lið í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55.
54	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95 (Högg frá hlið)	a) Umsækjandinn skal leggja fram yfirlýsingu frá framleiðandanum sem sýnir fram á að tiltekið ökutæki, en tilgreina þarf verksmiðjunúmer ökutækis fyrir það, sé í samræmi við minnst eitt af eftirtöldu: — Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95.

Liður	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Aðrar kröfur
		— FMVSS nr. 214 (vörn fyrir höggi frá hlið). — Ákvæði 18. gr. JSRRV. b) Framkvæma má prófun í samræmi við 5. lið í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95 á raðsmíðuðu ökutæki ef umsækjandi fer fram á það. c) Prófunin skal framkvæmd af tækniþjónustu sem hefur verið tilnefnd til að framkvæma þessa prófun. Sú tækniþjónusta skal gefa út nákvæma skýrslu til handa umsækjandans.
56A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 105 (Ökutæki sem ætluð eru til flutninga á hættulegum farmi)	Ökutæki sem ætluð eru til flutninga á hættulegum farmi skulu vera í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 105.
58	Reglugerð (EB) nr. 78/2009 (Vernd gangandi vegfarenda)	Hjálparátak við hemlun Ökutæki skulu búin rafrænu læsivörðu hemlakerfi sem nær til allra hjóla. Vernd gangandi vegfarenda Fram til 24. febrúar 2018 skulu kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 78/2009 ekki gilda um ökutæki með hámarksmassa sem er ekki yfir 2500 kg og til 24. ágúst 2019 um ökutæki með hámarksmassa sem er yfir 2500 kg. Varnarbúnaður að framan Varnarbúnaður að framan sem settur er á ökutæki skal hins vegar vera gerðarviðurkenndur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 78/2009 og skal uppsetning hans vera í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 6. lið I. viðauka þeirrar reglugerðar.
59	Tilskipun 2005/64/EB (Endurvinnanleiki)	Kröfur þeirrar tilskipunar gilda ekki.
61	Tilskipun 2006/40/EB (Loftræstikerfi)	Kröfur þeirrar tilskipunar gilda.
72	Reglugerð (ESB) 2015/758 (eCall-kerfi)	Kröfur þeirrar reglugerðar gilda ekki.

Skýringar við 2. viðbæti

1. Skammstafanir í þessum viðbæti:

„OEM“: upprunalegur búnaður frá framleiðanda

„FMVSS“: Alríkisstaðlar um öryggi ökutækja (e. *Federal Motor Vehicle Safety Standard*) frá samgönguráðuneyti Bandaríkjanna

„JSRRV“: Japanskar öryggisreglur fyrir ökutæki (e. *Japan Safety regulations for Road Vehicles*)

„SAE“: Samband ökutækjatæknifræðinga (e. *Society of Automotive Engineers*)

„CISPR“: Alþjóðafastanefnd um rafsegultruflanir (fr. *Comité international spécial des perturbations radioélectriques*).

2. Athugasemdir:

a) yfirfara skal allan búnað fyrir fljótandi jarðolíugas eða þjappað jarðgas með hliðsjón af reglugerð Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 67, nr. 110 eða nr. 115 eftir því sem við á,

b) formúlan sem nota á við mat á losun koltvísýrings skal vera sem hér segir:

bensínhreyfill og beinskiptur gírkassi:

$CO_2 = 0{,}047\ m + 0{,}561\ p + 56{,}621$

bensínhreyfill og sjálfskiptur gírkassi:

$CO_2 = 0{,}102\ m + 0{,}328\ p + 9{,}481$

bensínhreyfill og fjölknúið rafökutæki:

$CO_2 = 0{,}116\ m - 57{,}147$

dísilhreyfill og beinskiptur gírkassi:

$CO_2 = 0{,}108\ m - 11{,}371$

dísilhreyfill og sjálfskiptur gírkassi:

$CO_2 = 0{,}116\ m - 6{,}432$

þar sem: CO_2 er massi koltvísýringslosunar í blönduðum akstri í g/km, „m“ er massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs í kg og „p“ eru hámarkshreyfilafköst í kW.

Massi koltvísýrings í blönduðum akstri skal reiknaður með einum aukastaf og námundaður að næstu heilu tölu sem hér segir:

i. Ef talan sem kemur á eftir kommunni er lægri en 5 er samtalan námunduð niður.

ii. Ef talan sem kemur á eftir kommunni er jöfn 5 eða hærri en 5 er samtalan námunduð upp.

c) Formúlan sem nota á við mat á eldsneytisnotkun skal vera sem hér segir:

$CFC = CO_2 \times k^{-1}$

þar sem: CFC er eldsneytisnotkun í blönduðum akstri í l/100 km, CO_2 er massi koltvísýringslosunar við blandaðan akstur í g/km eftir að hann hefur verið námundaður í samræmi við regluna sem um getur í athugasemd (2 b), „k“ er reiknistuðull sem jafngildir:

23,81 ef um er að ræða bensínhreyfil,

26,49 ef um er að ræða dísilhreyfil.

Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri skal reiknuð með tveimur aukastöfum og síðan námunduð sem hér segir:

i. Ef talan, sem kemur á eftir fyrsta aukastaf, er lægri en 5 er samtalan námunduð niður.

ii. Ef talan, sem kemur á eftir fyrsta aukastaf, er jöfn 5 eða hærri en 5 er samtalan námunduð upp.

II. HLUTI

Skrá yfir reglugerðir Sameinuðu þjóðanna sem viðurkennt er að komið geti í stað tilskipana eða reglugerða sem um getur í I. hluta

Þar sem vísað er til sértilskipunar eða sérreglugerðar í töflunni í I. hluta skal viðurkenning sem er veitt samkvæmt eftirfarandi reglugerðum Sameinuðu þjóðanna sem Sambandið hefur samþykkt sem samningsaðili að „endurskoðuðu samkomulagi frá 1958“ með skírskotun til ákvörðunar 97/836/EB eða eftirfylgjandi ákvörðunum ráðsins sem um getur í 3. mgr. 3. gr. í þeirri tilskipun teljast jafngild ESB-gerðarviðurkenningu sem veitt er samkvæmt viðkomandi sértilskipun eða sérreglugerð.

Allar frekari breytingar á reglugerðum Sameinuðu þjóðanna, sem taldar eru upp í eftirfarandi töflu ([1]), skulu einnig teljast jafngildar ESB-gerðarviðurkenningu, sbr. þó ákvörðunina sem um getur í 2. mgr. 4. gr. ákvörðunar 97/836/EB.

	Viðfangsefni	Númer reglugerðar Sameinuðu þjóðanna	Röð breytinga
1A (*)	Leyfilegt hljóðstig (tekur ekki til hljóðviðvörunarkerfis og endurnýjunarhljóðdeyfa)	51	03
	Hljóðviðvörunarkerfi í ökutæki	138	00
	Hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar	59	02
9B	Hemlun fólksbifreiða (hluti sem tengist rafrænum stöðugleikabúnaði)	140	00

([1]) Að því er varðar síðari breytingar, sjá UNECE TRANS/WP.29/343.

	Viðfangsefni	Númer reglugerðar Sameinuðu þjóðanna	Röð breytinga
58	Vernd gangandi vegfarenda (tekur ekki til hjálparátaks við hemlun)	127 (vernd gangandi vegfarenda)	00
	Vernd gangandi vegfarenda (hluti sem tengist hjálparátaki við hemlun)	13-H (hjálparátak við hemlun) eða 139 (hjálparátak við hemlun)	00 (9. viðbót og ofar) 00
65	Háþróuð neyðarhemlunarkerfi	131	01
66	Akreinavarakerfi	130	00

Ef í sértilskipunum eða sérreglugerðum eru kröfur um uppsetningu gilda þær einnig um íhluti og aðskildar tæknieiningar sem viðurkenndar hafa verið í samræmi við reglugerðir Sameinuðu þjóðanna.

(*) Númeraröð færslna í þessari töflu vísar til númeraraðarinnar í töflunni í I. hluta.

III. HLUTI

Skrá yfir stjórnvaldsfyrirmæli með kröfum að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja til sérstakra nota

1. viðbætir

Húsbifreiðar, sjúkrabifreiðar, líkvagnar

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	$M_1 \leq 2\,500$ kg (*)	$M_1 > 2\,500$ kg (*)	M_2	M_3
1A	Hljóðstig	Reglugerð (ESB) nr. 540/2014	H	G+H	G+H	G+H
2	Losun léttra ökutækja (Euro 5 og Euro 6)/aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 715/2007	Q ([1])	G+Q ([1])	G+Q ([1])	
3A	Varnir gegn eldhættu (eldsneytisgeymar fyrir fljótandi eldsneyti)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34	F ([2])	F ([2])	F ([2])	F ([2])
3B	Undirakstursvarnarbúnaður að aftan og uppsetning hans, undirakstursvörn að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 58	X	X	X	X
4A	Flötur fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1003/2010	X	X	X	X
5A	Stýrisbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79	X	G	G	G

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	$M_1 \leq 2\,500$ kg (*)	$M_1 > 2\,500$ kg (*)	M_2	M_3
6A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012	X	X		
6B	Læsingar dyra og hurðafestingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11	B	G+B		
7A	Hljóðmerkjabúnaður og merki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28	X	X	X	X
8A	Búnaður til að auka sjónsvið og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46	X	G	G	G
9A	Hemlun ökutækja og eftirvagna	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13			G ([3])	G ([3])
9B	Hemlun fólksbifreiða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H	X ([4])	G+A_1		
10A	Rafsegulsviðssamhæfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10	X	X	X	X
12A	Innréttingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21	C	G+C		
13A	Varnir gegn notkun vélknúinna ökutækja án leyfis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 18			G ([4A])	G ([4A])
13B	Varnir gegn notkun vélknúinna ökutækja án leyfis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 116	X	G		
14A	Vernd ökumannsins gegn stýrisbúnaðinum við högg	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 12	X	G		

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	$M_1 \leq 2\,500$ kg (*)	$M_1 > 2\,500$ kg (*)	M_2	M_3
15A	Sæti, sætisfestingar og höfuðpúðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17	D	G+D	G+D ([4B])	G+D ([4B])
15B	Sæti í stórum farþegabifreiðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 80			X	X
16A	Útstæðir hlutar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 26	X fyrir stýrishús; A+Z fyrir annað	G fyrir stýrishús; A+Z fyrir annað		
17A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012	X	X	X	X
17B	Hraðamælibúnaður og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 39	X	X	X	X
18A	Lögboðin merkiplata framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 19/2011	X	X	X	X
19A	Öryggisbeltafestingar, Isofix-festibúnaður og festingar fyrir efri Isofix-reim	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 14	D	G+L	G+L	G+L
20A	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á ökutækjum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48	A+N	A+G+N fyrir stýrishús; A+N fyrir annað	A+G+N fyrir stýrishús; A+N fyrir annað	A+G+N fyrir stýrishús; A+N fyrir annað
21A	Endurskinsbúnaður fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 3	X	X	X	X
22A	Breiddarljósker að framan og aftan, hemlaljósker og yfirstærðarljósker fyrir ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 7	X	X	X	X
22B	Ljósker fyrir dagljósabúnað fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 87	X	X	X	X

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	$M_1 \leq 2\,500$ kg (*)	$M_1 > 2\,500$ kg (*)	M_2	M_3
22C	Hliðarljósker fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 91	X	X	X	X
23A	Stefnuljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 6	X	X	X	X
24A	Lýsing fyrir skráningarmerki að aftan á aflknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 4	X	X	X	X
25A	Aðalljósker af samlokugerð fyrir aflknúin ökutæki sem gefa frá sér evrópskan ósamhverfan lágljósageisla eða háljósageisla eða bæði	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 31	X	X	X	X
25B	Glóþráðarperur til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 37	X	X	X	X
25C	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með gasúrhleðsluljósgjafa	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 98	X	X	X	X
25D	Gasúrhleðsluljósgjafar til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar með gasúrhleðslu fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 99	X	X	X	X
25E	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með ósamhverfan lágljósageisla og/eða háljós og sem eru með glóþráðarperur og/eða ljósdíóðueiningar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 112	X	X	X	X

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	$M_1 \leq 2\,500$ kg (*)	$M_1 > 2\,500$ kg (*)	M_2	M_3
25F	Aðlögunarhæf framljósakerfi fyrir vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 123	X	X	X	X
26A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 19	X	X	X	X
27A	Dráttarbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1005/2010	E	E	E	E
28A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 38	X	X	X	X
29A	Bakkljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 23	X	X	X	X
30A	Stöðuljósker fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 77	X	X	X	X
31A	Öryggisbelti, aðhaldsbúnaður, aðhaldsbúnaður fyrir börn og Isofix-aðhaldsbúnaður fyrir börn	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16	D	G+M	G+M	G+M
32A	Sjónsvið fram á við	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 125	X	G		
33A	Staðsetning og auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 121	X	X	X	X
34A	Afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 672/2010	X	G ([5])	([5])	([5])

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	$M_1 \leq 2\,500$ kg (*)	$M_1 > 2\,500$ kg (*)	M_2	M_3
35A	Framrúðuþurrku og -sprautubúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1008/2010	X	G (6)	(6)	(6)
36A	Hitakerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122	X	X	X	X
37A	Hjólhlífar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1009/2010	X	G		
38A	Höfuðpúðar, hvort sem þeir eru sambyggðir sætinu eða ekki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 25	D	G+D		
44A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012	X	X		
45A	Öryggisgler og ísetning þess í ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 43	J	G+J	G+J	G+J
46A	Áfesting hjólbarða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 458/2011	X	G	G	G
46B	Loftfylltir hjólbarðar fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra (flokkur C_1)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 30	X	G		
46C	Loftfylltir hjólbarðar fyrir atvinnuökutæki og eftirvagna þeirra (flokkar C_2 og C_3)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 54	—	G	G	G
46D	Hávaðamengun frá hjólbörðum í snúningi, veggrip á blautu yfirborði og snúningsmótstaða (flokkar C_1, C_2 og C_3)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 117	X	G	G	G

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	$M_1 \leq 2\,500$ kg (*)	$M_1 > 2\,500$ kg (*)	M_2	M_3
46E	Varaeining til tímabundinna nota, öryggishjólbarðar/öryggishjólbarðakerfi og vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 64	X	G		
47A	Hraðatakmörkunarbúnaður fyrir ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 89			X	X
48A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012			X	X
50A	Véltengiíhlutir fyrir samtengd ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55	X ([10])	G ([10])	G ([10])	G ([10])
51A	Brunaeiginleikar efna sem eru notuð við innréttingar á vélknúnum ökutækjum í tilteknum flokkum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 118				G fyrir stýrishúsið, X fyrir annað
52A	M_2 og M_3 ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107			A	A
52B	Styrkur burðarvirkis yfirbyggingar á stórum farþegabifreiðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 66			A	A
53A	Verndun ökumanns og farþega við árekstur að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 94	Á ekki við	Á ekki við		
54A	Verndun ökumanns og farþega við árekstur frá hlið	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95	Á ekki við	Á ekki við		
58	Vernd gangandi vegfarenda	Reglugerð (EB) nr. 78/2009	X	Á ekki við Allur varnarbúnaður að framan sem fylgir með ökutækinu skal þó uppfylla kröfur og vera merktur.		

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	$M_1 \leq 2\,500$ kg (*)	$M_1 > 2\,500$ kg (*)	M_2	M_3
59	Endurvinnanleiki	Tilskipun 2005/64/EB	Á ekki við	Á ekki við		
61	Loftræstikerfi	Tilskipun 2006/40/EB	X	G (14)		
62	Vetniskerfi	Reglugerð (EB) nr. 79/2009	Q	G+Q	G+Q	G+Q
63	Almennt öryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009	X (15)	X (15)	X (15)	X (15)
64	Gírskiptivísar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 65/2012	X	G		
65	Háþróuð neyðarhemlunarkerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 347/2012			Á ekki við (16)	Á ekki við (16)
66	Akreinavarakerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 351/2012			Á ekki við (17)	Á ekki við (17)
67	Sértækir íhlutir fyrir fljótandi jarðolíugas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 67	X	X	X	X
68	Viðvörunarbúnaður ökutækja	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 97	X	G		
69	Rafmagnsöryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 100	X	X	X	X
70	Sértækir íhlutir fyrir þjappað jarðgas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 110	X	X	X	X
72	eCall-kerfi	Reglugerð (ESB) 2015/758	G	G	Á ekki við	Á ekki við

(*) Tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu.

Viðbótarkröfur varðandi sjúkrabifreiðar

Rými fyrir sjúkling í sjúkrabifreiðum skal uppfylla kröfurnar í EN 1789:2007 +A1: 2010 +A2:2014 „Bifreiðar til heilbrigðisþjónustu og búnaður þeirra - Sjúkrabifreiðar“ að undanskildum lið 6.5, skrá yfir búnað. Sönnun fyrir því að farið sé að tilskildum ákvæðum skal veitt með prófunarskýrslu frá tækniþjónustu. Kröfurnar í 3. viðbæti varðandi festibúnað fyrir hjólastóla og aðhaldsbúnað fyrir farþega gilda ef gert er ráð fyrir hjólastólarými.

2. viðbætir

Brynvarin ökutæki

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
1A	Hljóðstig	Reglugerð (ESB) nr. 540/2014	X	X	X	X	X	X				
2	Losun léttra ökutækja (Euro 5 og Euro 6)/aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 715/2007	A (1)	A (1)		A (1)	A (1)					
3A	Varnir gegn eldhættu (eldsneytis-geymar fyrir fljótandi eldsneyti)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34	X (2)	X (2)	X (2)	X (2)	X (2)	X (2)	X	X	X	X
3B	Undirakstursvarnarbúnaður að aftan og uppsetning hans, undirakstursvörn að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 58	X	X	X	X	A	A	X	X	X	X
4A	Flötur fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1003/2010	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
5A	Stýrisbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
6A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja (þrep, fótpallar og handföng)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012	X	X	X	X	X	X				
6B	Læsingar dyra og hurðafestingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11	X			X						
7A	Hljóðmerkjabúnaður og -merki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28	A+K	A+K	A+K	A+K	A+K	A+K				
8A	Búnaður til að auka sjónsvið og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46	A	A	A	A	A	A				
9A	Hemlun ökutækja og eftirvagna	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13		X (3)	X (3)	X (3)	X (3)	X (3)	X (3)	X (3)	X (3)	X (3)

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
9B	Hemlun fólksbifreiða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H	X ([4])			X ([4])						
10A	Rafsegulsviðssamhæfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
12A	Innréttingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21	A									
13A	Varnir gegn notkun vélknúinna ökutækja án leyfis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 18		X ([4A])	X ([4A])		X ([4A])	X ([4A])				
13B	Varnir gegn notkun vélknúinna ökutækja án leyfis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 116	X			X						
14A	Vernd ökumannsins gegn stýrisbúnaðinum við högg	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 12	Á ekki við			Á ekki við						
15A	Sæti, sætisfestingar og höfuðpúðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17	X	D ([4B])	D ([4B])	D	D	D				
15B	Sæti í stórum farþegabifreiðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 80		D	D							
16A	Útstæðir hlutar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 26	A									
17A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja (bakkgír)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012	X	X	X	X	X	X				
17B	Hraðamælibúnaður og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 39	X	X	X	X	X	X				
18A	Lögboðin merkiplata framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 19/2011	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
19A	Öryggisbeltafestingar, Isofix-festibúnaður og festingar fyrir efri Isofix-reim	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 14	A	A	A	A	A	A				
20A	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á ökutækjum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48	A+N	A+N	A+N	A+N	A+N	A+N	A+N	A+N	A+N	A+N
21A	Endurskinsbúnaður fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 3	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
22A	Breiddarljósker að framan og aftan, hemlaljósker og yfirstærðarljósker fyrir ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 7	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
22B	Ljósker fyrir dagljósabúnað fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 87	X	X	X	X	X	X				
22C	Hliðarljósker fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 91	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
23A	Stefnuljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 6	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
24A	Lýsing fyrir skráningarmerki að aftan á aflknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 4	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
25A	Aðalljósker af samlokugerð fyrir aflknúin ökutæki sem gefa frá sér evrópskan ósamhverfan lágljósageisla eða háljósageisla eða bæði	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 31	X	X	X	X	X	X				
25B	Glóþráðarperur til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 37	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
25C	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með gasúrhleðsluljósgjafa	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 98	X	X	X	X	X	X				
25D	Gasúrhleðsluljósgjafar til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar með gasúrhleðslu fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 99	X	X	X	X	X	X				
25E	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með ósamhverfan lágljósageisla og/eða háljós og sem eru með glóþráðarperur og/eða ljósdíóðueiningar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 112	X	X	X	X	X	X				
25F	Aðlögunarhæf framljósakerfi fyrir vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 123	X	X	X	X	X	X				
26A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 19	X	X	X	X	X	X				
27A	Dráttarbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1005/2010	A	A	A	A	A	A				
28A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 38	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
29A	Bakkljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 23	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
30A	Stöðuljósker fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 77	X	X	X	X	X	X				
31A	Öryggisbelti, aðhaldsbúnaður, aðhaldsbúnaður fyrir börn og Isofix-aðhaldsbúnaður fyrir börn	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16	A	A	A	A	A	A				

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
32A	Sjónsvið fram á við	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 125	S									
33A	Staðsetning og auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 121	X	X	X	X	X	X				
34A	Afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 672/2010	A	(5)	(5)	(5)	(5)	(5)				
35A	Framrúðuþurrku og -sprautubúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1008/2010	A	(6)	(6)	(6)	(6)	(6)				
36A	Hitakerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
37A	Hjólhlífar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1009/2010	X									
38A	Höfuðpúðar, hvort sem þeir eru sambyggðir sætinu eða ekki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 25	X									
41A	Losun þungra ökutækja (Euro VI)/ aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 595/2009	X (9)	X (9)	X	X (9)	X (9)	X				
42A	Hliðarvörn á vörubifreiðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 73					X	X			X	X
43A	Hjól- og aurhlífabúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 109/2011				X	X	X	X	X	X	X
44A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012	X									
45A	Öryggisgler og ísetning þess í ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 43	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
46A	Áfesting hjólbarða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 458/2011	A	A	A	A	A	A	A	A	A	A
46B	Loftfylltir hjólbarðar fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra (flokkur C_1)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 30	A			A			A	A		
46C	Loftfylltir hjólbarðar fyrir atvinnuökutæki og eftirvagna þeirra (flokkar C_2 og C_3)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 54		A	A	A	A	A			A	A
46D	Hávaðamengun frá hjólbörðum í snúningi, veggrip á blautu yfirborði og snúningsmótstaða (flokkar C_1, C_2 og C_3)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 117	A	A	A	A	A	A	A	A	A	A
46E	Varaeining til tímabundinna nota, öryggishjólbarðar/öryggishjólbarðakerfi og vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 64	A ([9A])			A ([9A])						
47A	Hraðatakmörkunarbúnaður fyrir ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 89		X	X		X	X				
48A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012		X	X	X	X	X	X	X	X	X
49A	Atvinnuökutæki með tilliti til útstæðra hluta framan við afturþil stýrishúss	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 61				A	A	A				
50A	Véltengiíhlutir fyrir samtengd ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55	X ([10])	X ([10])	X ([10])	X ([10])	X ([10])	X ([10])	X	X	X	X
50B	Tengibúnaður, uppsetning á viðurkenndri gerð tengibúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 102					X ([10])	X ([10])			X ([10])	X ([10])

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
51A	Brunaeiginleikar efna sem eru notuð við innréttingar á vélknúnum ökutækjum í tilteknum flokkum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 118			X							
52A	M_2 og M_3 ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107		A	A							
52B	Styrkur burðarvirkis yfirbyggingar á stórum farþegabifreiðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 66		A	A							
53A	Verndun ökumanns og farþega við árekstur að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 94	Á ekki við									
54A	Verndun ökumanns og farþega við árekstur frá hlið	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95	Á ekki við			Á ekki við						
56A	Ökutæki til flutninga á hættulegum farmi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 105				X ([13])	X ([13])	X ([13])	X ([13])	X ([13])	X ([13])	X ([13])
57A	Undirakstursvarnarbúnaður að framan og uppsetning hans, undirakstursvörn að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 93					X	X				
58	Vernd gangandi vegfarenda	Reglugerð (EB) nr. 78/2009	Á ekki við			Á ekki við						
59	Endurvinnanleiki	Tilskipun 2005/64/EB	Á ekki við			Á ekki við						
61	Loftræstikerfi	Tilskipun 2006/40/EB	X			X ([14])						
62	Vetniskerfi	Reglugerð (EB) nr. 79/2009	A	A	A	A	A	A				
63	Almennt öryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009	X ([15])	X ([15])	X ([15])	X ([15])	X ([15])	X ([15])	X ([15])	X ([15])	X ([15])	X ([15])

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
64	Gírskiptivísar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 65/2012	X									
65	Háþróuð neyðarhemlunarkerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 347/2012		(16)	(16)		(16)	(16)				
66	Akreinavarakerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 351/2012		(17)	(17)		(17)	(17)				
67	Sértækir íhlutir fyrir fljótandi jarðolíugas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 67	X	X	X	X	X	X				
68	Viðvörunarbúnaður ökutækja	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 97	X			X						
69	Rafmagnsöryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 100	X	X	X	X	X	X				
70	Sértækir íhlutir fyrir þjappað jarðgas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 110	X	X	X	X	X	X				
72	eCall-kerfi	Reglugerð (ESB) 2015/758	G	Á ekki við	Á ekki við	G	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við

3. viðbætir

Ökutæki með hjólastólaaðgengi

Liður	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	M_1
1A	Hljóðstig	Reglugerð (ESB) nr. 540/2014	$G+W_9$
2	Losun léttra ökutækja (Euro 5 og Euro 6)/ aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 715/2007	$G+W_1$
3A	Varnir gegn eldhættu (eldsneytisgeymar fyrir fljótandi eldsneyti)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34	$X+W_2$
3B	Undirakstursvarnarbúnaður að aftan og uppsetning hans, undirakstursvörn að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 58	X
4A	Flötur fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1003/2010	X
5A	Stýrisbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79	G
6A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja (þrep, fótpallar og handföng)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012	X
6B	Læsingar dyra og hurðafestingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11	X
7A	Hljóðmerkjabúnaður og merki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28	X
8A	Búnaður til að auka sjónsvið og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46	X
9B	Hemlun fólksbifreiða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H	$G+A_1$
10A	Rafsegulsviðssamhæfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10	X
12A	Innréttingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21	G+C
13B	Varnir gegn notkun vélknúinna ökutækja án leyfis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 116	X
14A	Vernd ökumannsins gegn stýrisbúnaðinum við högg	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 12	G
15A	Sæti, sætisfestingar og höfuðpúðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17	$G+W_3$
16A	Útstæðir hlutar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 26	$G+W_4$
17A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja (bakkgír)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012	X

Liður	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	M_1
17B	Hraðamælibúnaður og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 39	X
18A	Lögboðin merkiplata framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 19/2011	X
19A	Öryggisbeltafestingar, Isofix-festibúnaður og festingar fyrir efri Isofix-reim	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 14	$X+W_5$
20A	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á ökutækjum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48	X
21A	Endurskinsbúnaður fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 3	X
22A	Breiddarljósker að framan og aftan, hemlaljósker og yfirstærðarljósker fyrir ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 7	X
22B	Ljósker fyrir dagljósabúnað fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 87	X
22C	Hliðarljósker fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 91	X
23A	Stefnuljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 6	X
24A	Lýsing fyrir skráningarmerki að aftan á aflknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 4	X
25A	Aðalljósker af samlokugerð fyrir aflknúin ökutæki sem gefa frá sér evrópskan ósamhverfan lágljósageisla eða háljósageisla eða bæði	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 31	X
25B	Glóþráðarperur til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 37	X
25C	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með gasúrhleðsluljósgjafa	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 98	X
25D	Gasúrhleðsluljósgjafar til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar með gasúrhleðslu fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 99	X
25E	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með ósamhverfan lágljósageisla og/eða háljós og sem eru með glóþráðarperur og/eða ljósdíóðueiningar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 112	X
25F	Aðlögunarhæf framljósakerfi fyrir vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 123	X
26A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 19	X

Liður	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	M_1
27A	Dráttarbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1005/2010	E
28A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 38	X
29A	Bakkljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 23	X
30A	Stöðuljósker fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 77	X
31A	Öryggisbelti, aðhaldsbúnaður, aðhaldsbúnaður fyrir börn og Isofix-aðhaldsbúnaður fyrir börn	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16	$X+W_6$
32A	Sjónsvið fram á við	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 125	G
33A	Staðsetning og auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 121	X
34A	Afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 672/2010	G ([5])
35A	Framrúðuþurrku og -sprautubúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1008/2010	G ([6])
36A	Hitakerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122	X
37A	Hjólhlífar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1009/2010	G
38A	Höfuðpúðar, hvort sem þeir eru sambyggðir sætinu eða ekki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 25	X
41A	Losun þungra ökutækja (Euro VI)/aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 595/2009	$X+W_1$ ([9])
44A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012	$X+W_8$
45A	Öryggisgler og ísetning þess í ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 43	G
46A	Áfesting hjólbarða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 458/2011	X
46B	Loftfylltir hjólbarðar fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra (flokkur C_1)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 30	X
46D	Hávaðamengun frá hjólbörðum í snúningi, veggrip á blautu yfirborði og snúningsmótstaða (flokkar C_1, C_2 og C_3)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 117	X

Liður	Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	M_1
46E	Varaeining til tímabundinna nota, öryggis-hjólbarðar/öryggishjólbarðakerfi og vökt-unarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 64	G ([9A])
50A	Véltengiíhlutir fyrir samtengd ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55	X ([10])
53A	Verndun ökumanns og farþega við árekstur að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 94	Á ekki við
54A	Verndun ökumanns og farþega við árekstur frá hlið	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95	Á ekki við
58	Vernd gangandi vegfarenda	Reglugerð (EB) nr. 78/2009	G
59	Endurvinnanleiki	Tilskipun 2005/64/EB	Á ekki við
61	Loftræstikerfi	Tilskipun 2006/40/EB	G
62	Vetniskerfi	Reglugerð (EB) nr. 79/2009	X
63	Almennt öryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009	X ([15])
64	Gírskiptivísar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 65/2012	G
67	Sértækir íhlutir fyrir fljótandi jarðolíugas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 67	X
68	Viðvörunarbúnaður ökutækja	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 97	X
69	Rafmagnsöryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 100	X
70	Sértækir íhlutir fyrir þjappað jarðgas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 110	X
72	eCall-kerfi	Reglugerð (ESB) 2015/758	G

Viðbótarkröfur vegna prófunar á festibúnaði fyrir hjólastóla og aðhaldsbúnaði fyrir farþega

Eftirfarandi 2. liður og annaðhvort 3. eða 4. liður gilda.

1. Skilgreiningar

1.1. Staðgönguhjólastóll er ósveigjanlegur, endurnotanlegur prófunarhjólastóll, eins og hann er skilgreindur í 3. lið í alþjóðlega staðlinum ISO 10542-1:2012.

1.2. P-punkturinn sýnir staðsetningu mjaðmar notanda hjólastóls þegar hann situr í staðgönguhjólastól, eins og skilgreint er í 3. lið í alþjóðlega staðlinum ISO 10542-1:2012.

2. Almennar kröfur

2.1. Á sérhverjum stað fyrir hjólastól skulu vera festingar sem festa skal festibúnað fyrir hjólastól og aðhaldsbúnað fyrir farþega við.

2.2. Neðri öryggisbeltafestingar notenda hjólastóls skulu staðsettar í samræmi við lið 5.4.2.2 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 14.07, miðað við P-punkt staðgönguhjólastólsins þegar hann er í aksturssstöðu sem tilgreind er af framleiðanda. Efri raunverulegu festingarnar skulu staðsettar a.m.k. 1100 mm ofan við lárétt plan sem fer í gegnum snertipunkt á milli afturhjóla staðgönguhjólastólsins og gólfs ökutækisins. Það skilyrði skal áfram uppfyllt eftir að prófun hefur verið framkvæmd í samræmi við 3. lið þessa viðbætis.

2.3. Framkvæma skal mat á belti notanda festibúnaðar fyrir hjólastóla og aðhaldsbúnaðar fyrir farþega til að tryggja að farið sé að liðum 8.2.2 til 8.2.2.4 og 8.3.1 til 8.3.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr.16.06.

2.4. Ekki þarf að sjá fyrir lágmarksfjölda ISOFIX-festinga fyrir barnasæti. Ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu þar sem umbreytingin hefur haft áhrif á ISOFIX-festikerfi skal kerfið annað hvort vera prófað aftur eða festingarnar gerðar ónothæfar. Í seinna tilvikinu skulu ISOFIX-merkingar fjarlægðar og viðeigandi upplýsingar veittar kaupanda ökutækisins.

3. Kyrrstöðuprófun í ökutæki

3.1. Festingar fyrir aðhaldsbúnað notenda hjólastóla

3.1.1. Festingar fyrir aðhaldsbúnað notenda hjólastóla skulu þola kyrrstöðukraft sem mælt er fyrir um fyrir festingar fyrir aðhaldsbúnað í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr.14.07 á sama tíma og kyrrstöðukraft sem beitt er á festingar festibúnaðar fyrir hjólastóla eins og tilgreint er í lið 3.2 þessa viðbætis.

3.2. Festingar fyrir festibúnað hjólastóla

Festingar fyrir festibúnað hjólastóla skulu þola eftirfarandi krafta, í a.m.k. 0,2 sekúndur, þegar þeim er beitt með staðgönguhjólastól (eða viðeigandi staðgönguhjólastól með hjólhaf, sætishæð og festipunkta fyrir festibúnað í samræmi við forskriftir fyrir staðgönguhjólastóla), í 300 +/– 100 mm hæð frá yfirborðinu sem staðgönguhjólastóll hvílir á:

3.2.1. Ef um er að ræða hjólastól sem snýr fram á við, skal beita krafti sem er jafn kraftinum sem beitt er á festingar fyrir aðhaldsbúnað farþega, sem nemur 24,5 kN og

3.2.2. aðra prófun þar sem kyrrstöðukrafti sem nemur 8,2 kN er beitt í átt að afturhluta ökutækis.

3.2.3. Ef um er að ræða hjólastól sem snýr aftur, skal beita krafti sem er jafn kraftinum sem beitt er á festingar fyrir aðhaldsbúnað farþega, sem nemur 8,2 kN og

3.2.4. aðra prófun þar sem kyrrstöðukrafti sem nemur 24,5 kN er beitt í átt að framhluta ökutækis.

3.3. Íhlutir kerfisins

3.3.1. Allir íhlutir festibúnaðar fyrir hjólastól og aðhaldsbúnaðar fyrir farþega skulu uppfylla viðeigandi kröfur í alþjóðlega staðlinum ISO 10542-1:2012. Hreyfiprófun sem tilgreind er í viðauka A og liðum 5.2.2 og 5.2.3 í alþjóðlega staðlinum ISO 10542-1:2012 skal þó framkvæma á öllum festibúnaði fyrir hjólastól og aðhaldsbúnaði fyrir farþega með lögun og stærð festinga í ökutæki í stað lögunar og stærðar sem tilgreind er fyrir prófun í viðauka A í alþjóðlega staðlinum ISO 10542-1:2012. Þetta má framkvæma innan burðarvirkis ökutækis eða staðgönguburðarvirkis sem er dæmigert fyrir lögun og stærð festinga festibúnaðar fyrir hjólastól og aðhaldsbúnaðar fyrir farþega. Allar festingar skulu staðsettar innan þeirra vikmarka sem kveðið er á um í lið 7.7.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16.06.

3.3.2. Ef aðhaldsbúnaður fyrir farþega er viðurkenndur í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16.06 skal framkvæma á honum hreyfiprófun fyrir allan festibúnað fyrir hjólastól og aðhaldsbúnað fyrir farþega sem tilgreindur er í lið 3.3.1 þessa viðbætis en þá skal litið svo á að kröfur í liðum 5.1, 5.3 og 5.4 í alþjóðlega staðlinum ISO10542-1:2012 séu uppfylltar.

4. Hreyfiprófun í ökutæki

4.1. Gera skal hreyfiprófun í ökutæki á heilli samsetningu festibúnaðar fyrir hjólastól og aðhaldsbúnaðar fyrir farþega í samræmi við liði 5.2.2 og 5.2.3 og viðauka A í alþjóðlega staðlinum ISO 10542-1:2012, þar sem allir íhlutir/festingar eru prófuð samtímis með því að nota tóma yfirbyggingu ökutækis eða sambærilegt burðarvirki.

4.2. Íhlutir festibúnaðar fyrir hjólastól og aðhaldsbúnaðar fyrir farþega skulu uppfylla allar viðeigandi kröfur í liðum 5.1, 5.3 og 5.4 í alþjóðlega staðlinum ISO 10542-1:2012. Þessar kröfur skulu teljast uppfylltar hvað varðar aðhaldsbúnað farþega ef hann er samþykktur í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16.06.

4. viðbætir

Önnur ökutæki til sérstakra nota

(þ.m.t. sérstakir hópar, burðartæki fyrir margs konar búnað og dregin hjólhýsi)

Þær undanþágur sem kveðið er á um í þessum viðbæti eru einungis heimilar ef framleiðandi sýnir viðurkenningaryfirvaldinu fram á með fullnægjandi hætti að ökutækið geti ekki uppfyllt allar kröfurnar sem settar eru fram í I. hluta þessa viðauka vegna sérstaks hlutverks þess.

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
1A	Hljóðstig	Reglugerð (ESB) nr. 540/2014		H	H	H	H	H			
2	Losun léttra ökutækja (Euro 5 og Euro 6)/aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 715/2007	Q [1]		Q+V_1 [1]	Q+V_1 [1]					
3A	Varnir gegn eldhættu (eldsneytisgeymar fyrir fljótandi eldsneyti)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34	F	F	F	F	F	X	X	X	X
3B	Undirakstursvarnarbúnaður að aftan og uppsetning hans, undirakstursvörn að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 58	X	X	A	A	A	X	X	X	X
4A	Flötur fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1003/2010	A+R	A+R	A+R	A+R	A+R	A+R	A+R	A+R	A+R
5A	Stýrisbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79	X	X	X	X	X	X	X	X	X
6A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja (þrep, fótpallar og handföng)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012	X	X	B	B	B				
6B	Læsingar dyra og hurðafestingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11			B						
7A	Hljóðmerkjabúnaður og merki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28	X	X	X	X	X				
8A	Búnaður til að auka sjónsvið og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46	X	X	X	X	X				

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
9A	Hemlun ökutækja og eftirvagna	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13	X (3)	X (3)	X (3)	X+U_1 (3)	X+U_1 (3)	X	X	X (3)	X (3)
9B	Hemlun fólksbifreiða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H			X (4)						
10A	Rafsegulsviðssamhæfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10	X	X	X	X	X	X	X	X	X
13A	Varnir gegn notkun vélknúinna ökutækja án leyfis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 18	X (4A)	X (4A)		X (4A)	X (4A)				
13B	Varnir gegn notkun vélknúinna ökutækja án leyfis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 116			X						
14A	Vernd ökumannsins gegn stýrisbúnaðinum við högg	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 12			X						
15A	Sæti, sætisfestingar og höfuðpúðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17	D (4B)	D (4B)	D	D	D				
15B	Sæti í stórum farþegabifreiðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 80	D	D							
17A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja (bakkgír)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012	X	X	X	X	X				
17B	Hraðamælibúnaður og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 39	X	X	X	X	X				
18A	Lögboðin merkiplata framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 19/2011	X	X	X	X	X	X	X	X	X
19A	Öryggisbeltafestingar, Isofix-festibúnaður og festingar fyrir efri Isofix-reim	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 14	D	D	D	D	D				

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
20A	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á ökutækjum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48	A+N	A+N	A+N	A+N	A+N	A+N	A+N	A+N	A+N
21A	Endurskinsbúnaður fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 3	X	X	X	X	X	X	X	X	X
22A	Breiddarljósker að framan og aftan, hemlaljósker og yfirstærðarljósker fyrir ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 7	X	X	X	X	X	X	X	X	X
22B	Ljósker fyrir dagljósabúnað fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 87	X	X	X	X	X				
22C	Hliðarljósker fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 91	X	X	X	X	X	X	X	X	X
23A	Stefnuljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 6	X	X	X	X	X	X	X	X	X
24A	Lýsing fyrir skráningarmerki að aftan á aflknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 4	X	X	X	X	X	X	X	X	X
25A	Aðalljósker af samlokugerð fyrir aflknúin ökutæki sem gefa frá sér evrópskan ósamhverfan lágljósageisla eða háljósageisla eða bæði	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 31	X	X	X	X	X				
25B	Glóþráðarperur til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 37	X	X	X	X	X	X	X	X	X
25C	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með gasúrhleðsluljósgjafa	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 98	X	X	X	X	X				

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
25D	Gasúrhleðsluljósgjafar til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar með gasúrhleðslu fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 99	X	X	X	X	X				
25E	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með ósamhverfan lágljósageisla og/eða háljós og sem eru með glóþráðarperur og/eða ljósdíóðueiningar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 112	X	X	X	X	X				
25F	Aðlögunarhæf framljósakerfi fyrir vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 123	X	X	X	X	X				
26A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 19	X	X	X	X	X				
27A	Dráttarbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1005/2010	A	A	A	A	A				
28A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 38	X	X	X	X	X	X	X	X	X
29A	Bakkljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 23	X	X	X	X	X	X	X	X	X
30A	Stöðuljósker fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 77	X	X	X	X	X				
31A	Öryggisbelti, aðhaldsbúnaður, aðhaldsbúnaður fyrir börn og Isofix-aðhaldsbúnaður fyrir börn	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16	D	D	D	D	D				
33A	Staðsetning og auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 121	X	X	X	X	X				

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
34A	Afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 672/2010	(5)	(5)	(5)	(5)	(5)				
35A	Framrúðuþurrku og -sprautubúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1008/2010	(6)	(6)	(6)	(6)	(6)				
36A	Hitakerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122	X	X	X	X	X	X	X	X	X
38A	Höfuðpúðar, hvort sem þeir eru sambyggðir sætinu eða ekki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 25	X								
41A	Losun þungra ökutækja (Euro VI)/aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 595/2009	H (9)	H	H (9)	H (9)	H				
42A	Hliðarvörn á vörubifreiðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 73				X	X			X	X
43A	Hjól- og aurhlífabúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 109/2011			X	X	X	X	X	X	X
45A	Öryggisgler og ísetning þess í ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 43	J	J	J	J	J	J	J	J	J
46A	Áfesting hjólbarða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 458/2011	X	X	X	X	X	X	X	X	X
46B	Loftfylltir hjólbarðar fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra (flokkur C_1)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 30			X			X	X		
46C	Loftfylltir hjólbarðar fyrir atvinnu-ökutæki og eftirvagna þeirra (flokkar C_2 og C_3)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 54	X	X	X	X	X			X	X
46D	Hávaðamengun frá hjólbörðum í snúningi, veggrip á blautu yfirborði og snúningsmótstaða (flokkar C_1, C_2 og C_3)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 117	X	X	X	X	X	X	X	X	X

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
46E	Varaeining til tímabundinna nota, öryggishjólbarðar/öryggishjólbarðakerfi og vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 64			X ([9A])						
47A	Hraðatakmörkunarbúnaður fyrir ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 89	X	X		X	X				
48A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012	X	X	X	X	X	X	X	X	X
49A	Atvinnuökutæki með tilliti til útstæðra hluta framan við afturþil stýrishúss	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 61			X	X	X				
50A	Véltengiíhlutir fyrir samtengd ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55	X ([10])	X ([10])	X ([10])	X ([10])	X ([10])	X	X	X	X
50B	Tengibúnaður, uppsetning á viðurkenndri gerð tengibúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 102				X ([10])	X ([10])			X ([10])	X ([10])
51A	Brunaeiginleikar efna sem eru notuð við innréttingar á vélknúnum ökutækjum í tilteknum flokkum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 118		X							
52A	M_2 og M_3 ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107	X	X							
52B	Styrkur burðarvirkis yfirbyggingar á stórum farþegabifreiðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 66	X	X							
54A	Verndun ökumanns og farþega við árekstur frá hlið	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 95			A						
56A	Ökutæki til flutninga á hættulegum farmi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 105			X ([13])	X ([13])	X ([13])	X ([13])	X ([13])	X ([13])	X ([13])

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
57A	Undirakstursvarnarbúnaður að framan og uppsetning hans, undirakstursvörn að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 93				X	X				
58	Vernd gangandi vegfarenda	Reglugerð (EB) nr. 78/2009			Á ekki við(2)						
59	Endurvinnanleiki	Tilskipun 2005/64/EB			Á ekki við						
61	Loftræstikerfi	Tilskipun 2006/40/EB			X (14)						
62	Vetniskerfi	Reglugerð (EB) nr. 79/2009	X	X	X	X	X				
63	Almennt öryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009	X (15)	X (15)	X (15)	X (15)	X (15)	X (15)	X (15)	X (15)	X (15)
65	Háþróuð neyðarhemlunarkerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 347/2012	Á ekki við	Á ekki við		Á ekki við	Á ekki við				
66	Akreinavarakerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 351/2012	Á ekki við	Á ekki við		Á ekki við	Á ekki við				
67	Sértækir íhlutir fyrir fljótandi jarðolíugas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 67	X	X	X	X	X				
68	Viðvörunarbúnaður ökutækja	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 97			X						
69	Rafmagnsöryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 100	X	X	X	X	X				
70	Sértækir íhlutir fyrir þjappað jarðgas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 110	X	X	X	X	X				
72	eCall-kerfi	Reglugerð (ESB) 2015/758	Á ekki við	Á ekki við	G	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við

5. viðbætir

Færanlegir kranar

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	N_3
1A	Hljóðstig	Reglugerð (ESB) nr. 540/2014	$T+Z_1$
3A	Varnir gegn eldhættu (eldsneytisgeymar fyrir fljótandi eldsneyti)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34	X
3B	Undirakstursvarnarbúnaður að aftan og uppsetning hans, undirakstursvörn að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 58	A
4A	Flötur fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1003/2010	X
5A	Stýrisbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79	X Krabbastýring leyfð
6A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja (þrep, fótpallar og handföng)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012	A
7A	Hljóðmerkjabúnaður og merki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28	X
8A	Búnaður til að auka sjónsvið og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46	X
9A	Hemlun ökutækja og eftirvagna	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13	U ([3])
10A	Rafsegulsviðssamhæfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10	X
13A	Varnir gegn notkun vélknúinna ökutækja án leyfis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 18	X ([4A])
15A	Sæti, sætisfestingar og höfuðpúðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17	X
17A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja (bakkgír)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012	X
17B	Hraðamælibúnaður og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 39	X
18A	Lögboðin merkiplata framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 19/2011	X
19A	Öryggisbeltafestingar, Isofix-festibúnaður og festingar fyrir efri Isofix-reim	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 14	X
20A	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á ökutækjum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48	A+Y

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	N_3
21A	Endurskinsbúnaður fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 3	X
22A	Breiddarljósker að framan og aftan, hemla-ljósker og yfirstærðarljósker fyrir ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 7	X
22B	Ljósker fyrir dagljósabúnað fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 87	X
22C	Hliðarljósker fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 91	X
23A	Stefnuljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 6	X
24A	Lýsing fyrir skráningarmerki að aftan á aflknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 4	X
25A	Aðalljósker af samlokugerð fyrir aflknúin ökutæki sem gefa frá sér evrópskan ósamhverfan lágljósageisla eða háljósageisla eða bæði	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 31	X
25B	Glóþráðarperur til nota í viðurkenndar ljós-kerseiningar aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 37	X
25C	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með gasúrhleðsluljósgjafa	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 98	X
25D	Gasúrhleðsluljósgjafar til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar með gasúrhleðslu fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 99	X
25E	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með ósamhverfan lágljósageisla og/eða háljós og sem eru með glóþráðarperur og/eða ljós-díóðueiningar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 112	X
25F	Aðlögunarhæf framljósakerfi fyrir vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 123	X
26A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 19	X
27A	Dráttarbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1005/2010	A
28A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 38	X
29A	Bakkljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 23	X
30A	Stöðuljósker fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 77	X

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	N_3
31A	Öryggisbelti, aðhaldsbúnaður, aðhaldsbúnaður fyrir börn og Isofix-aðhaldsbúnaður fyrir börn	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16	X
33A	Staðsetning og auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 121	X
34A	Afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 672/2010	([5])
35A	Framrúðuþurrku og -sprautubúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1008/2010	([6])
36A	Hitakerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122	X
41A	Losun þungra ökutækja (Euro VI)/aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 595/2009	V
42A	Hliðarvörn á vörubifreiðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 73	A
43A	Hjól- og aurhlífabúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 109/2011	Z_1
45A	Öryggisgler og ísetning þess í ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 43	J
46A	Áfesting hjólbarða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 458/2011	X
46C	Loftfylltir hjólbarðar fyrir atvinnuökutæki og eftirvagna þeirra (flokkar C_2 og C_3)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 54	X
46D	Hávaðamengun frá hjólbörðum í snúningi, veggrip á blautu yfirborði og snúningsmótstaða (flokkar C_1, C_2 og C_3)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 117	X
47A	Hraðatakmörkunarbúnaður fyrir ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 89	X
48A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012	A
49A	Atvinnuökutæki með tilliti til útstæðra hluta framan við afturþil stýrishúss	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 61	A
50A	Véltengiíhlutir fyrir samtengd ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55	X ([10])
50B	Tengibúnaður, uppsetning á viðurkenndri gerð tengibúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 102	X ([10])

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	N_3
57A	Undirakstursvarnarbúnaður að framan og uppsetning hans, undirakstursvörn að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 93	X
62	Vetniskerfi	Reglugerð (EB) nr. 79/2009	X
63	Almennt öryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009	X ([15])
65	Háþróuð neyðarhemlunarkerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 347/2012	Á ekki við ([16])
66	Akreinavarakerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 351/2012	Á ekki við ([17])
67	Sértækir íhlutir fyrir fljótandi jarðolíugas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 67	X
69	Rafmagnsöryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 100	X
70	Sértækir íhlutir fyrir þjappað jarðgas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 110	X

6. viðbætir

Ökutæki til þungaflutninga

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	N_3	O_4
1	Leyfilegt hljóðstig	Tilskipun 70/157/EBE	T	
3A	Varnir gegn eldhættu (eldsneytis-geymar fyrir fljótandi eldsneyti)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34	X	X
3B	Undirakstursvarnarbúnaður að aftan og uppsetning hans, undirakstursvörn að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 58	A	A
4A	Flötur fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1003/2010	X	A+R
5A	Stýrisbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 79	X Krabbastýring leyfð	X
6A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja (þrep, fótpallar og handföng)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012	X	
7A	Hljóðmerkjabúnaður og merki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28	X	

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	N_3	O_4
8A	Búnaður til að auka sjónsvið og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46	X	
9A	Hemlun ökutækja og eftirvagna	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13	U ([3])	X ([3])
10A	Rafsegulsviðssamhæfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10	X	X
13A	Varnir gegn notkun vélknúinna ökutækja án leyfis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 18	X ([4A])	
15A	Sæti, sætisfestingar og höfuðpúðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17	X	
17A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja (bakkgír)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012	X	
17B	Hraðamælibúnaður og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 39	X	
18A	Lögboðin merkiplata framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 19/2011	X	X
19A	Öryggisbeltafestingar, Isofix-festibúnaður og festingar fyrir efri Isofix-reim	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 14	X	
20A	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á ökutækjum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48	X	A+N
21A	Endurskinsbúnaður fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 3	X	X
22A	Breiddarljósker að framan og aftan, hemlaljósker og yfirstærðar-ljósker fyrir ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 7	X	X
22B	Ljósker fyrir dagljósabúnað fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 87	X	
22C	Hliðarljósker fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 91	X	X
23A	Stefnuljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 6	X	X
24A	Lýsing fyrir skráningarmerki að aftan á aflknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 4	X	X

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	N_3	O_4
25A	Aðalljósker af samlokugerð fyrir aflknúin ökutæki sem gefa frá sér evrópskan ósamhverfan lágljósageisla eða háljósageisla eða bæði	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 31	X	
25B	Glóþráðarperur til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 37	X	X
25C	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með gasúrhleðsluljósgjafa	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 98	X	
25D	Gasúrhleðsluljósgjafar til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar með gasúrhleðslu fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 99	X	
25E	Aðalljósker vélknúinna ökutækja með ósamhverfan lágljósageisla og/eða háljós og sem eru með glóþráðarperur og/eða ljósdíóðueiningar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 112	X	
25F	Aðlögunarhæf framljósakerfi fyrir vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 123	X	
26A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 19	X	
27A	Dráttarbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1005/2010	A	
28A	Þokuljósker aflknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 38	X	X
29A	Bakkljós fyrir aflknúin ökutæki og eftirvagna þeirra	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 23	X	X
30A	Stöðuljósker fyrir aflknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 77	X	
31A	Öryggisbelti, aðhaldsbúnaður, aðhaldsbúnaður fyrir börn og Isofix-aðhaldsbúnaður fyrir börn	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16	X	
33A	Staðsetning og auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 121	X	

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	N_3	O_4
34A	Afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 672/2010	(5)	
35A	Framrúðuþurrku og –sprautubúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1008/2010	(6)	
36A	Hitakerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122	X	
41A	Losun þungra ökutækja (Euro VI)/aðgangur að upplýsingum	Reglugerð (EB) nr. 595/2009	X (9)	
42A	Hliðarvörn á vörubifreiðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 73	X	A
43A	Hjól- og aurhlífabúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 109/2011	X	A
45	Rúður úr öryggisgleri	Tilskipun 92/22/EBE	X	
45A	Öryggisgler og ísetning þess í ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 43	X	
46A	Áfesting hjólbarða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 458/2011	X	I.
46C	Loftfylltir hjólbarðar fyrir atvinnuökutæki og eftirvagna þeirra (flokkar C_2 og C_3)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 54	X	I.
46D	Hávaðamengun frá hjólbörðum í snúningi, veggrip á blautu yfirborði og snúningsmótstaða (flokkar C_1, C_2 og C_3)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 117	X	I.
47A	Hraðatakmörkunarbúnaður fyrir ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 89	X	
48A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012	A	A
49A	Atvinnuökutæki með tilliti til útstæðra hluta framan við afturþil stýrishúss	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 61	A	
50A	Véltengiíhlutir fyrir samtengd ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55	X (10)	X
50B	Tengibúnaður, uppsetning á viðurkenndri gerð tengibúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 102	X (10)	X (10)
56A	Ökutæki til flutninga á hættulegum farmi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 105	X (13)	X (13)

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	N_3	O_4
57A	Undirakstursvarnarbúnaður að framan og uppsetning hans, undirakstursvörn að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 93	A	
62	Vetniskerfi	Reglugerð (EB) nr. 79/2009	X	
63	Almennt öryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009	X ([15])	X ([15])
65	Háþróuð neyðarhemlunarkerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 347/2012	Á ekki við ([16])	
66	Akreinavarakerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 351/2012	Á ekki við ([17])	
67	Sértækir íhlutir fyrir fljótandi jarðolíugas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 67	X	
69	Rafmagnsöryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 100	X	
70	Sértækir íhlutir fyrir þjappað jarðgas og ísetning þeirra í vélknúin ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 110	X	

Skýringar varðandi beitingu krafnanna í þessum hluta

X Þær kröfur gilda sem settar eru fram í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum. Þær raðir breytinga á reglugerðum Sameinuðu þjóðanna sem skylt er að beita eru taldar upp í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 661/2009. Þær raðir breytinga sem samþykktar eru síðar eru viðurkenndar sem valkostur. Aðildarríkjum er heimilt að veita rýmkun á fyrirliggjandi gerðarviðurkenningum sem hafa verið veittar í samræmi við þær tilskipanir sem eru felldar úr gildi með reglugerð (EB) 661/2009 samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 14. mgr. 13. gr. þeirrar reglugerðar.

Á ekki við Þessi stjórnvaldsfyrirmæli gilda ekki um þetta ökutæki (engar kröfur).

([1]) Fyrir ökutæki með viðmiðunarmassa ekki meiri en 2610 kg. Að ósk framleiðanda getur reglugerð (EB) nr. 715/2007 gilt um ökutæki með viðmiðunarmassa ekki meiri en 2840 kg.

Að því er varðar aðgang að upplýsingum um aðra hluta (t.d. vistarverur) en grunnökutækið nægir að framleiðandinn veiti greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis.

([2]) Ef um er að ræða ökutæki sem útbúin eru fyrir fljótandi jarðolíugas eða þjappað jarðgas er gerð krafa um gerðarviðurkenningu ökutækis í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna fyrir nr. 67 eða reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 110.

([3]) Gerð er krafa um uppsetningu rafræns stöðugleikabúnaðar í 12. og 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 661/2009. Í samræmi við 13. reglugerð Sameinuðu þjóðanna er hins vegar ekki gerð krafa um uppsetningu á rafrænum stöðugleikabúnaði fyrir ökutæki til sérstakra nota í flokkum M_2, M_3, N_2 og N_3, og fyrir ökutæki til þungaflutninga eða eftirvagna með rými fyrir standandi farþega. Heimilt er að viðurkenna ökutæki í flokki N_1 í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13 eða reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H.

([4]) Gerð er krafa um uppsetningu rafræns stöðugleikabúnaðar í 12. og 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 661/2009. Því skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í A-hluta 9. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H. Heimilt er að viðurkenna ökutæki í flokki N_1 í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13 eða reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 13-H.

([4A]) Ef varnarbúnaðurinn er settur í skal hann uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 18.

([4B]) Þessi reglugerð gildir um sæti sem falla ekki undir gildissvið reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 80. Að því er varðar aðra valkosti, sjá 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009.

([5]) Ökutæki í öðrum flokkum en M_1 þurfa ekki að vera að öllu leyti í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 672/2010 en skulu hafa viðeigandi afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu.

([6]) Ökutæki í öðrum flokkum en M_1 þurfa ekki að vera að öllu leyti í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1008/2010 en skulu hafa viðeigandi sprautu- og þurrkubúnað á framrúðum.

([8]) Fyrir ökutæki með viðmiðunarmassa sem er meiri en 2610 kg og sem ekki hafa ávinning af möguleikanum samkvæmt athugasemd ([1]).

([9]) Fyrir ökutæki með viðmiðunarmassa sem er meiri en 2610 kg, sem eru ekki með gerðarviðurkenningu (að beiðni framleiðandans og að því tilskildu að viðmiðunarmassi þeirra sé ekki yfir 2840 kg) samkvæmt reglugerð (EB) nr. 715/2007. Fyrir aðra hluta en grunnökutækið nægir að framleiðandinn veiti greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis.

([9A]) Gildir aðeins þegar slík ökutæki eru með búnað sem fellur undir reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 64. Vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum fyrir ökutæki í flokki M_1 er skyldubundið í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 661/2009.

([10]) Gildir aðeins um ökutæki sem eru með tengi.

([11]) Gildir um ökutæki með tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu sem er ekki meiri en 2,5 tonn.

([12]) Gildir aðeins um ökutæki þar sem viðmiðunarpunktur sætis („R“-punktur) fyrir lægsta sætið er ekki meira en 700 mm frá jörðu.

([13]) Gildir aðeins þegar framleiðandi sækir um gerðarviðurkenningu ökutækja sem ætluð eru til flutninga á hættulegum farmi.

([14]) Gildir aðeins um ökutæki í flokki N_1, undirflokki I (viðmiðunarmassi $\leq$ 1305 kg).

([15]) Að beiðni framleiðanda má veita gerðarviðurkenningu samkvæmt þessum lið í stað þess að hljóta gerðarviðurkenningar samkvæmt sérhverjum einstökum lið sem fellur undir reglugerð (EB) nr. 661/2009.

([16]) Ekki er gerð krafa um uppsetningu háþróaðs neyðarhemlunarkerfis fyrir ökutæki til sérstakra nota í samræmi við 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 347/2012.

([17]) Ekki er gerð krafa um uppsetningu akreinavarakerfis fyrir ökutæki til sérstakra nota í samræmi við 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 351/2012.

A Viðurkenningaryfirvald getur aðeins veitt undanþágur ef framleiðandi sýnir fram á að ökutækið geti ekki uppfyllt kröfurnar vegna sérstaks hlutverks þess. Lýsa skal undanþágunum sem veittar eru á gerðarviðurkenningarvottorði og samræmisvottorði ökutækis.

A_1 Ísetning rafræns stöðugleikabúnaðar er ekki skyldubundin. Ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningar þar sem breytingarnar sem gerðar eru á vissu stigi eru líklegar til að hafa áhrif á hlutverk rafræns stöðugleikabúnaðar grunnökutækis getur framleiðandinn annað hvort gert kerfið óvirkt eða sýnt fram á að ökutækið verði ekki óöruggt eða óstöðugt. Sýna má fram á þetta, t.d. með því að skipta hratt á milli tveggja akreina á 80 km/klst. hraða í hvora átt með nægilegum krafti til að rafrænn stöðugleikabúnaður grípi inn í. Þeim inngripum á að vera vel stýrt og ætti að bæta stöðugleika ökutækisins. Tækniþjónustan hefur heimild til að fara fram á frekari prófanir ef það telst nauðsynlegt.

B Notkun á eingöngu við um dyr sem veita aðgang að sætum sem ætluð eru fyrir eðlilega notkun ef ökutækið er notað á opinberum vegi og þar sem fjarlægðin milli R-punkts sætisins og meðalflatar yfirborðs hurðarinnar, þegar mælt er hornrétt á lengdarmiðjuflöt ökutækisins, er ekki meiri en 500 mm.

C Notkun á eingöngu við um þann hluta ökutækisins sem er framan við aftasta sæti sem ætlað er fyrir eðlilega notkun ef ökutækið er notað á opinberum vegi og takmarkast einnig við höggsvæði höfuðs eins og það er skilgreint í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum.

D Notkun á eingöngu við um sæti sem ætluð eru fyrir eðlilega notkun ef ökutækið er notað á opinberum vegi. Sæti sem ekki eru ætluð til notkunar ef ökutækið er notað á opinberum vegi eiga að vera auðkennd með skýrum hætti fyrir notendur, annað hvort með táknmynd eða merki með viðeigandi texta. Kröfurnar í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17 um geymslu á farangri gilda ekki.

E Einungis að framan.

F Heimilt er að breyta aðleiðslu og lengd áfyllingarleiðslunnar fyrir eldsneyti og koma geyminum fyrir á annan hátt í ökutækinu.

G Ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu má einnig beita kröfum í samræmi við flokk grunnökutækis/ófullbúins ökutækis (t.d. ef undirvagn þess var notaður til að smíða ökutæki til sérstakra nota).

H Breytingar á lengd útblásturskerfisins aftan við aftasta hljóðdeyfi eru leyfilegar án frekari prófana ef það er ekki lengra en 2 metrar.

I. Hjólbarðar eiga að vera gerðarviðurkenndir í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 54 jafnvel þótt hönnunarhraði ökutækisins sé undir 80 km/klst. Burðargetuna má leiðrétta með tilliti til hámarks-hönnunarhraða eftirvagnsins í samráði við hjólbarðaframleiðandann.

J Allar rúður nema þær sem eru í stýrishúsi ökumanns (framrúða og hliðarrúður) geta verið annaðhvort úr öryggisgleri eða stífu plastgleri.

K Viðbótarbúnaður fyrir neyðarviðvörun er leyfilegur.

L Notkun á eingöngu við um sæti sem ætluð eru fyrir eðlilega notkun ef ökutækið er notað á opinberum vegi. Að lágmarki er krafist festinga fyrir mjaðmabelti í aftursætum. Sæti sem ekki eru ætluð til notkunar ef ökutækið er notað á opinberum vegi eiga að vera auðkennd með skýrum hætti fyrir notendur, annað hvort með táknmynd eða merki með viðeigandi texta. Ekki er gerð krafa um ISOFIX í sjúkrabifreiðum og líkvögnum.

M Notkun á eingöngu við um sæti sem ætluð eru fyrir eðlilega notkun ef ökutækið er notað á opinberum vegi. Að lágmarki er krafist festinga fyrir mjaðmarbelti í öllum aftursætum. Sæti sem ekki eru ætluð til notkunar ef ökutækið er notað á opinberum vegi eiga að vera auðkennd með skýrum hætti fyrir notendur, annað hvort með táknmynd eða merki með viðeigandi texta. Ekki er gerð krafa um ISOFIX í sjúkrabifreiðum og líkvögnum.

N Að því tilskildu að allur lögboðinn ljósabúnaður sé ísettur og að dreifing ljóss verði ekki fyrir áhrifum.

Q Breytingar á lengd útblásturskerfisins aftan við aftasta hljóðdeyfi eru leyfilegar án frekari prófana ef það er ekki lengra en 2 metrar. ESB-gerðarviðurkenning sem veitt hefur verið dæmigerðasta grunnökutækinu er áfram í gildi þrátt fyrir að breytingar verði á viðmiðunarþyngd.

R Að því tilskildu að hægt sé að koma fyrir skráningarplötum frá öllum aðildarríkjum og að þær séu sýnilegar til frambúðar.

S Heildargegnumferðarstuðull ljóss er a.m.k. 60% og hindrunarhorn A-stoðar er ekki yfir 10 gráðum.

T Prófunina skal einungis framkvæma á fullbúnu ökutæki/fjölþrepa fullbúnu ökutæki. Prófa má ökutækið samkvæmt tilskipun 70/157/EBE. Að því er varðar lið 5.2.2.1 í I. viðauka við tilskipun 70/157/EBE gilda eftirfarandi viðmiðunarmörk:

a) 81 dB(A) fyrir ökutæki með hreyfilafl innan við 75 kW,

b) 83 dB(A) fyrir ökutæki með hreyfilafl a.m.k. 75 kW en innan við 150 kW,

c) 84 dB(A) fyrir ökutæki með hreyfilafl a.m.k. 150 kW.

U Prófunina skal einungis framkvæma á fullbúnu ökutæki/fjölþrepa fullbúnu ökutæki. Ökutæki með allt að fjóra ása eiga að fullnægja öllum þeim kröfum sem mælt er fyrir um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum. Gerðar eru undanþágur fyrir ökutæki sem eru með fleiri en fjóra ása, að því tilskildu:

a) að þær séu réttlætanlegar vegna sérstæðs byggingarlags og

b) að allar kröfur um hemlaafköst séu uppfylltar í tengslum við stöðuhemlun, akstursheimlun og neyðarhemlun eins og mælt er fyrir um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum.

U_1 Læsivarið hemlakerfi er ekki skyldubundið fyrir ökutæki með vökvaaflsdrifi.

V Í staðinn má tilskipun 97/68/EB einnig gilda.

V_1 Í staðinn má tilskipun 97/68/EB einnig gilda um ökutæki með vökvaaflsdrifi.

W_0 Breyting á lengd útblásturskerfisins er heimil án frekari prófunar, að því tilskildu að bakþrýstingur sé svipaður. Ef gerð er krafa um nýja prófun skal leyfa 2dB(A) til viðbótar umfram viðeigandi mörk.

W_1 Breytingar á útblásturskerfi eru heimilar án frekari prófana á losun frá útblástursröri og á losun koltvísýrings/eldsneytisnotkun svo fremi að mengunarvarnarbúnaður að meðtöldum agnasíum (ef einhverjar) verði ekki fyrir áhrifum. Ekki skal krefjast nýrra prófana á losun við uppgufun í breyttu ökutæki ef mengunarvarnarbúnaði fyrir losun við uppgufun er haldið eins og honum var komið fyrir af framleiðanda grunnökutækisins.

ESB-gerðarviðurkenning sem veitt hefur verið dæmigerðasta grunnökutækinu er áfram í gildi þrátt fyrir að breytingar verði á viðmiðunarmassa.

W_2 Breytingar á aðleiðslu og lengd áfyllingarleiðslunnar, eldsneytisslöngum og eldsneytisgufuleiðslum eru leyfilegar án frekari prófana. Heimilt er að færa upphaflega eldsneytisgeyminn að því tilskildu að allar kröfur séu uppfylltar. Ekki skal þó fara fram á frekari prófun í samræmi við 5. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 34.

W_3 Lengdarplan fyrirhugaðrar akstursstöðu hjólastóls ætti að vera samsíða lengdarplani ökutækisins.

Eigandi ökutækisins skal fá viðeigandi upplýsingar um það að mælt sé með hjólastól með burðarvirki sem uppfyllir viðeigandi hluta alþjóðlega staðalsins ISO 7176-19:2008, til þess að hann geti þolað kraftana sem festibúnaðurinn flytur við mismunandi akstursskilyrði.

Gera má viðeigandi breytingar á sætum ökutækisins án frekari prófana að því tilskildu að hægt sé að sýna tækniþjónustu fram á að festingar, tilhögun og höfuðpúðar sætanna tryggi sama árangur.

Kröfurnar sem settar eru fram í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17 skulu ekki gilda.

W_4 Krefjast skal þess að inngangshjálparbúnaður fari að ákvæðum stjórnvaldsfyrirmæla þegar hann er ekki í notkun.

W_5 Á sérhverjum stað fyrir hjólastól skulu vera festingar sem festa skal festibúnað fyrir hjólastól og aðhaldsbúnað fyrir farþega við og sem einnig uppfyllir viðbótarákvæði sem sett eru fram í 3. viðbæti um prófun á festibúnaði fyrir hjólastóla og aðhaldsbúnaði fyrir farþega.

W_6 Á sérhverjum stað fyrir hjólastól á að vera öryggisbelti fyrir farþega sem uppfyllir viðbótarákvæði sem sett eru fram í 3. viðbæti um prófun á festibúnaði fyrir hjólastóla og aðhaldsbúnaði fyrir farþega.

Ef þörf krefur vegna breytinganna að færa festingarnar fyrir sætisbeltin út fyrir vikmörkin sem kveðið er á um í lið 7.7.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16.06, á tækniþjónustan að kanna hvort breytingin teljist vera versta tilvik eða ekki. Ef svo er, á að gera prófunina sem kveðið er á um í lið 7.7.1 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16.06. Ekki þarf að gefa út rýmkun á ESB-gerðarviðurkenningunni. Gera má prófunina með íhlutum sem ekki hafa gengist undir aðlögunarprófun sem lýst er í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 16.06.

W_8 Að því er varðar útreikninga telst massi hjólastólsins ásamt notanda vera 160 kg. Þjappa skal massanum að P-punkti staðgönguhjólastóls þegar hann er í akstursstöðu eins og hún er tilgreind af framleiðanda.

Allar takmarkanir á farþegafjölda vegna notkunar hjólastóla eiga að vera skráðar í handbók eigandans, á hlið 2 á ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu og í samræmisvottorðinu.

W_9 Breyting á lengd útblásturskerfisins er heimil án þess að endurprófun sé nauðsynleg, að því tilskildu að bakþrýstingur útblásturs sé áfram svipaður.

Y Að því tilskildu að allur lögboðinn ljósabúnaður sé ísettur.

Z Kröfurnar um framskot opinna glugga gilda ekki um vistaverur.

Z_1 Færanlegir kranar með fleiri en sex ása teljast torfærutæki (N_3G) þegar a.m.k. þremur ásanna er ekið og að því tilskildu að þeir uppfylli ákvæðin í ii. og iii. lið b-liðar í lið 4.3 II. viðauka sem og í c-lið liðar 4.3 í A-hluta I. viðauka.

———

III. VIÐAUKI

AÐFERÐIR SEM FYLGJA BER AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ESB-GERÐARVIÐURKENNINGU

1. Markmið og gildissvið

1.1. Í þessum viðauka er komið á aðferðum til að framkvæma gerðarviðurkenningar ökutækja á tilhlýðilegan hátt í samræmi við 26., 27. og 28. gr.

1.2. Þetta tekur einnig til:

a) skrárinnar yfir alþjóðlega staðla sem varða tilnefningu tækniþjónustnanna í samræmi við 68. og 70. gr.,

b) lýsingarinnar á þeirri aðferð sem fylgja skal til að meta færni tækniþjónustu í samræmi við 73. gr.,

c) almennra krafna um gerð tækniþjónustu á prófunarskýrslum.

2. Gerðarviðurkenningaraðferð

Þegar viðurkenningaryfirvald tekur á móti umsókn um gerðarviðurkenningu ökutækis skal það:

a) sannprófa að öll ESB-gerðarviðurkenningarvottorð sem gefin eru út samkvæmt stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka sem gilda um gerðarviðurkenningu ökutækis taki til gerðar ökutækisins og samsvari þeim kröfum sem mælt er fyrir um,

b) ganga úr skugga um að forskriftir og gögn um ökutækið séu í gögnunum í upplýsingasöfnunum og í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðunum sem gefin eru út í samræmi við viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæli,

c) ef lið vantar í upplýsingasafninu sem kveðið er á um í einhverju af stjórnvaldsfyrirmælunum, staðfesta að viðkomandi hluti eða eiginleiki sé í samræmi við atriðin í upplýsingamöppunni,

d) skoða eða láta skoða hluti og kerfi úr ökutækjum úr völdu sýnishorni ökutækja af þeirri gerð sem á að viðurkenna til að sannprófa að ökutækið eða ökutækin séu smíðuð í samræmi við viðkomandi gögn í viðurkenndu upplýsingasafni með tilliti til viðkomandi ESB-gerðarviðurkenningarvottorðs,

e) athuga eða láta viðeigandi athuganir fara fram á uppsetningu aðskilinna tæknieininga þar sem það á við,

f) hafa eftirlit með eða sjá til þess að eftirlit sé haft með því að búnaðurinn sem kveðið er á um í 1. og 2. skýringu í I. hluta II. viðauka sé fyrir hendi þar sem það á við,

g) hafa eftirlit með eða sjá til þess að eftirlit sé haft með því að kröfurnar sem settar eru fram í 5. skýringu í I. hluta II. viðauka séu uppfylltar.

3. Samsetning tækniforskrifta

Fjöldi ökutækja, sem leggja skal fram, skal vera nægilega mikill til að unnt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með ólíkum samsetningum sem eiga að fá gerðarviðurkenningu í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

Tækniforskriftir	Ökutækjaflokkur									
	M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
Hreyfill	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—
Gírkassi	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—
Fjöldi ása	—	X	X	X	X	X	X	X	X	X

Tækniforskriftir	Ökutækjaflokkur									
	M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
Aflásar (fjöldi, staðsetning og samtenging)	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—
Stýriásar (fjöldi og staðsetning)	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Gerð yfirbyggingar	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Fjöldi dyra	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Stýri, hægra eða vinstra megin	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—
Sætafjöldi	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—
Umfang búnaðar	X	X	X	X	X	X	—	—	—	—

4. Sértæk ákvæði

Ef ekki eru tiltæk viðurkenningarvottorð sem kveðið er á um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum skal viðurkenningaryfirvaldið:

a) framkvæma eða láta framkvæma nauðsynlegar prófanir og athuganir eins og krafist er í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum,

b) sannprófa að ökutækið sé í samræmi við atriðin í upplýsingamöppunni og að það standist tæknikröfurnar í öllum viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum,

c) athuga eða láta viðeigandi athuganir fara fram á uppsetningu aðskilinna tæknieininga þar sem það á við,

d) hafa eftirlit með eða sjá til þess að eftirlit sé haft með því að búnaðurinn sem kveðið er á um í 1. og 2. skýringu í I. hluta II. viðauka sé fyrir hendi þar sem það á við,

e) hafa eftirlit með eða sjá til þess að eftirlit sé haft með því að kröfurnar sem settar eru fram í 5. skýringu í I. hluta II. viðauka séu uppfylltar.

———

1. viðbætir

Staðlar sem tækniþjónusturnar sem um getur í 68. gr. þurfa að uppfylla

1. Starfsemi sem tengist prófunum vegna gerðarviðurkenningar sem á að framkvæma í samræmi við stjórnvaldsfyrirmælin sem talin eru upp í II. viðauka:

1.1. Flokkur A (prófanir sem framkvæmdar eru í eigin starfsstöð):

Staðall EN ISO/IEC 17025:2005 um almennar kröfur varðandi hæfni prófunar- og kvörðunarstofa.

Tækniþjónusta sem tilnefnd er til starfsemi í flokki A er einnig heimilt að framkvæma þær prófanir sem kveðið er á um í stjórnvaldsfyrirmælunum sem hún hefur verið tilnefnd til í starfsstöð framleiðanda eða þriðja aðila. Það starfsfólk sem ber ábyrgð á að beita faglegu áliti við ákvörðun á samræmi við þau stjórnvaldsfyrirmæli sem tækniþjónustan hefur verið tilnefnd til skal í báðum tilfellum uppfylla staðalinn EN ISO/IEC 17020:2012.

1.2. Flokkur B (umsjón með þeim prófunum, þ.m.t. undirbúningi prófana, ef slíkar prófanir eru framkvæmdar í starfsstöð framleiðanda eða í starfsstöð þriðja aðila):

Staðall EN ISO/IEC 17020:2012 um almennar viðmiðanir um rekstur ýmiss konar stofnana sem annast skoðanir.

Áður en tækniþjónustan framkvæmir eða hefur umsjón með prófunum í starfsstöðvum framleiðanda eða starfsstöðvum þriðja aðila skal hún sannprófa að prófunaraðstaða og mælitæki uppfylli viðeigandi kröfur staðalsins EN ISO/IEC 17025:2005.

2. Starfsemi sem tengist samræmi framleiðslu

2.1. Flokkur C (aðferð við frummat og eftirlitsúttektir á gæðastjórnunarkerfi framleiðanda):

Staðall EN ISO/IEC 17021:2011 um kröfur til stofnana sem annast úttektir og vottun stjórnunarkerfa.

2.2. Flokkur D (skoðun eða prófun á sýnishorni úr framleiðslunni eða umsjón með þeim):

Staðall EN ISO/IEC 17020:2012 um almennar viðmiðanir um rekstur ýmiss konar stofnana sem annast skoðanir.

———

2. viðbætir

Aðferð við mat á tækniþjónustu

1. Markmið og gildissvið

1.1. Í þessum viðbæti eru sett skilyrði sem yfirvaldið sem er lögbært skv. 73. gr. (hér á eftir nefnt „lögbæra yfirvaldið“) skal fylgja við framkvæmd á mati á tækniþjónustu.

1.2. Þær kröfur gilda um sérhverja tækniþjónustu, óháð því hver réttarstaða hennar er (sjálfstæð stofnun, framleiðandi eða viðurkenningaryfirvald sem starfar sem tækniþjónusta).

2. Mat

Framkvæmd á mati skal byggjast á eftirfarandi:

a) meginregla um sjálfstæði, sem er grunnur að því að niðurstöðurnar séu óhlutdrægar og hlutlægar og

b) gagnreyndri nálgun, sem tryggir áreiðanlegar og samanburðarnákvæmar niðurstöður.

Úttektaraðilar skulu sýna trúnað og ráðvendni. Þeir skulu virða trúnaðarkvöð og þagmælsku.

Þeir skulu greina satt og nákvæmlega frá ályktunum og niðurstöðum.

3. Kröfur um færni úttektaraðila

3.1. Aðeins úttektarmenn með þá tækni- og stjórnunarþekkingu sem til þarf mega framkvæma mat.

3.2. Úttektarmenn skulu hafa verið þjálfaðir sérstaklega til matsstarfsemi. Að auki skulu þeir búa yfir sértækri þekkingu á því tæknisviði sem tækniþjónustan mun stunda starfsemi sína á.

3.3. Með fyrirvara um liði 3.1 og 3.2 skal matið sem um getur í 73. gr. framkvæmt af úttektaraðilum sem eru óháðir þeirri starfsemi sem meta skal.

4. Umsókn um tilnefningu

4.1. Tilhlýðilega viðurkenndur fulltrúi tækniþjónustunnar sem sækir um skal leggja fram formlega umsókn til lögbærs yfirvalds sem inniheldur eftirfarandi upplýsingar:

a) almenna lýsingu á tækniþjónustunni, þ.m.t. heiti viðskiptafyrirtækis, heiti, heimilisföng, réttarstaða og tæknileg tilföng,

b) nákvæma lýsingu, þ.m.t. ferilskrár starfsfólks sem ber ábyrgð á prófunum og starfsfólks í stjórnunarstöðum, þar sem menntun og hæfi og starfsfærni þeirra er sett fram,

c) tækniþjónustur sem nota sýndarprófunaraðferðir skulu veita sannanir fyrir getu sinni til að vinna í tölvustuddu umhverfi,

d) almennar upplýsingar varðandi tækniþjónustuna, þ.m.t. starfsemi hennar, tengsl við stærri viðskiptafyrirtæki ef einhver eru, og heimilisföng á öllum stöðum sem gildissvið tilnefningarinnar á að taka til,

e) samkomulag um að uppfylla kröfurnar varðandi tilnefningu og eftir atvikum aðrar skuldbindingar tækniþjónustunnar sem kveðið er á um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem hún er tilnefnd fyrir,

f) lýsingu á samræmismatsþjónustunni sem tækniþjónustan skuldbindur sig til að veita innan ramma viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæla og skrá yfir þau stjórnvaldsfyrirmæli sem tækniþjónustan sækir um tilnefningu fyrir, þ.m.t. takmarkanir á getu eftir atvikum,

g) afrit af handbók tækniþjónustunnar um gæðatryggingu.

4.2. Lögbært yfirvald skal endurskoða hversu fullnægjandi upplýsingarnar eru sem tækniþjónustan veitir.

4.3. Tækniþjónustan skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu um allar breytingar á þeim upplýsingum sem veittar eru í samræmi við lið 4.1.

5. Úttekt á tilföngum

Lögbært yfirvald skal fara yfir getu sína til að framkvæma mat á tækniþjónustu, með tilliti til stefnu sinnar, hæfni og tiltækileika viðeigandi úttektarmanna og sérfræðinga.

6. Mat falið undirverktökum

6.1. Lögbæru yfirvaldi er heimilt að fela öðru lögbæru yfirvaldi að framkvæma hluta mats sem undirverktaki eða óska eftir aðstoð frá tæknisérfræðingum sem önnur lögbær yfirvöld láta í té. Tækniþjónustan sem sækir um verður að samþykkja undirverktakana og sérfræðingana.

6.2. Lögbært yfirvald verður að taka tillit til faggildingarvottorða með fullnægjandi gildissvið til að ljúka heildarmati sínu á tækniþjónustunni.

7. Undirbúningur mats

7.1. Lögbæra yfirvaldið skal formlega skipa sameiginlegan matshóp. Lögbæra yfirvaldið skal tryggja að viðeigandi sérþekking sé fengin sérhverjum sameiginlegum starfshópi. Þá sérstaklega skal sameiginlegi matshópurinn í heild hafa bæði:

a) viðeigandi þekkingu innan þess sviðs sem sótt er um tilnefningu fyrir og

b) fullnægjandi skilning til að meta með áreiðanlegum hætti hæfni tækniþjónustunnar til að starfa innan gildissviðs tilnefningarinnar.

7.2. Lögbæra yfirvaldið skal skilgreina með greinilegum hætti verkefnið sem sameiginlega matshópnum er fengið. Verkefni sameiginlega matshópsins er að fara yfir skjölin frá tækniþjónustunni sem sækir um og að framkvæma vettvangsmat.

7.3. Lögbæra yfirvaldið skal ákveða dagsetningu og tímaáætlun fyrir matið í samráði við tækniþjónustuna og tilnefnda matshópinn. Þó er það á ábyrgð lögbæra yfirvaldsins að sækjast eftir dagsetningu sem er í samræmi við eftirlits- og endurmatsáætlunina.

7.4. Lögbært yfirvald skal tryggja að sameiginlegi matshópurinn fái í hendur viðeigandi viðmiðunarskjöl, fyrri matsskrár og viðkomandi skjöl og skrár frá tækniþjónustunni.

8. Matsheimsókn

Sameiginlegi matshópurinn skal framkvæma mat á tækniþjónustunni á athafnasvæði tækniþjónustunnar þar sem einn eða fleiri þættir meginstarfsemi fara fram, og þar sem við á, framkvæma mat með sjónrænni skoðun á öðrum völdum stöðum þar sem tækniþjónustan starfar.

9. Greining niðurstaðna og matsskýrsla

9.1. Sameiginlegi matshópurinn skal greina allar viðeigandi upplýsingar og sönnunargögn sem safnað er þegar farið er yfir skjöl og skrár og í vettvangsmatinu. Sú greining skal vera fullnægjandi svo hópurinn geti ákvarðað hæfni tækniþjónustunnar og samræmi við kröfur vegna tilnefningar.

9.2. Verklagsreglur lögbæra yfirvaldsins við skýrslugjöf skulu tryggja að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar.

9.2.1. Sameiginlegi matshópurinn og tækniþjónustan verða að halda fund áður en farið er af vettvangi. Á þeim fundi skal sameiginlegi matshópurinn gefa skriflega og/eða munnlega skýrslu um niðurstöður sínar úr greiningunni. Gefa skal tækniþjónustunni tækifæri til að spyrja spurninga um niðurstöðurnar, þ.m.t. um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum, ef um slíkt er að ræða, og ástæðurnar fyrir því.

9.2.2. Koma skal skriflegri skýrslu þegar í stað á framfæri við tækniþjónustuna. Sú matsskýrsla skal innihalda athugasemdir um hæfni og að farið sé að tilskildum ákvæðum og benda á að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum, ef um slíkt er að ræða, sem lagfæra þarf svo að allar kröfur vegna tilnefningar séu uppfylltar.

9.2.3. Tækniþjónustunni skal boðið að bregðast við matsskýrslunni og lýsa þeim sértæku aðgerðum sem gripið hefur verið til eða eru fyrirhugaðar innan tiltekins tíma til að gera úrbætur á öllum tilvikum sem bent hefur verið á um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum.

9.3. Lögbæra yfirvaldið skal sjá til þess að viðbrögð tækniþjónustunnar séu nægjanleg og áhrifarík til að ráða bót á að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum. Ef viðbrögð tækniþjónustunnar eru ófullnægjandi skal krefjast frekari upplýsinga. Að auki má krefjast sönnunar þess að aðgerðir sem gripið hefur verið til, hafi verið framkvæmdar með skilvirkum hætti, eða framkvæma má framhaldsmat til að sannreyna að aðgerðir til úrbóta hafi verið framkvæmdar með skilvirkum hætti.

9.4. Í matsskýrslunni skal a.m.k. koma fram:

a) sérstakt auðkenni tækniþjónustunnar,

b) dagsetning eða dagsetningar matsheimsóknar,

c) nafn eða nöfn úttektarmanna og/eða sérfræðinga sem komu að matinu,

d) sérstakt auðkenni allra athafnasvæða sem metin voru,

e) fyrirhugað gildissvið tilnefningarinnar sem metið var,

f) yfirlýsingu um að innra skipulag og verklagsreglur sem tækniþjónustan hefur samþykkt til stuðnings á hæfni sinni séu fullnægjandi sem ákvarðað er í ljósi þess hvort hún uppfylli kröfur um tilnefningu,

g) upplýsingar um úrbætur á öllum tilvikum þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum,

h) tilmæli um hvort umsækjandi skuli tilnefndur eða staðfestur sem tækniþjónusta og ef svo er gildissvið tilnefningarinnar.

10. Veiting, staðfesting eða rýmkun tilnefningar

10.1. Lögbæra yfirvaldið skal án ástæðulausrar tafar taka ákvörðun um hvort veita, staðfesta eða rýmka eigi tilnefningu á grundvelli matsskýrslunnar eða matsskýrslnanna og annarra viðkomandi upplýsinga.

10.2. Lögbæra yfirvaldið skal veita tækniþjónustunni vottorð. Það vottorð skal innihalda eftirfarandi:

a) auðkenni og kennimerki lögbæra yfirvaldsins,

b) sérstakt auðkenni tilnefndu tækniþjónustunnar,

c) gildistökudag tilnefningarinnar og daginn sem tilnefningin rennur út,

d) stutt yfirlit yfir eða vísun til gildissviðs tilnefningarinnar (viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæli eða hlutar þeirra),

e) samræmisyfirlýsingu og tilvísun til þessarar reglugerðar.

11. Endurmat og eftirlit

11.1. Endurmat er áþekkt frummati nema að taka skal tillit til þeirrar reynslu sem aflað hefur verið við fyrra mat. Matsheimsókn í eftirlitsskyni er ekki jafn ítarleg og endurmat.

11.2. Lögbært yfirvald skal útfæra áætlun sína um endurmat og eftirlit með sérhverri tilnefndri tækniþjónustu þannig að dæmigert sýnishorn fyrir gildissvið tilnefningarinnar sé metið reglulega.

Tíminn sem líður á milli þess að matsheimsókn fari fram, hvort sem um er að ræða endurmat eða eftirlit, ræðst af þeim stöðugleika sem sýnt þykir að tækniþjónustan hafi náð.

11.3. Ef það kemur í ljós við eftirlit eða endurmat að ekki er farið að tilskildum ákvæðum skal lögbært yfirvald skilgreina ströng tímamörk fyrir aðgerðir til úrbóta sem grípa á til.

11.4. Ef ekki hefur verið gripið til aðgerða til úrbóta eða endurbóta innan þeirra tímamarka sem ákveðin hafa verið eða þær teljast ekki fullnægjandi, skal lögbært yfirvald samþykkja viðeigandi ráðstafanir eins og t.d. að framkvæma frekara mat eða fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilnefninguna fyrir einn eða fleiri þætti þeirrar starfsemi sem tilnefning tækniþjónustunnar tekur til.

11.5. Ef lögbært yfirvald ákveður að fella tímabundið úr gildi eða afturkalla tilnefningu tækniþjónustu skal yfirvaldið tilkynna tækniþjónustunni um ákvörðun sína í gegnum ábyrgðarpóst. Í öllum tilvikum skal lögbært yfirvald samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja samfelldni þeirrar starfsemi sem tækniþjónustan vinnur þegar að.

12. Skrár varðandi sérhverja tilnefnda tækniþjónustu

12.1. Lögbært yfirvald skal halda skrár yfir sérhverja tækniþjónustu til að sýna fram á að kröfur vegna tilnefningar, þ.m.t. hæfni, hafi verið uppfylltar með skilvirkum hætti.

12.2. Lögbært yfirvald skal sjá til þess að skrár varðandi sérhverja tækniþjónustu séu tryggilega geymdar til að varðveita leynd þeirra.

12.3. Skrár varðandi tækniþjónustu skulu a.m.k. að innihalda eftirfarandi:

a) viðkomandi bréfaskipti,

b) matsskrár og -skýrslur,

c) afrit af tilnefningarvottorðum.

———

IV. VIÐAUKI

AÐFERÐIR TIL AÐ TRYGGJA SAMRÆMI FRAMLEIÐSLU

1. Markmið

1.1. Aðferðin til að tryggja samræmi framleiðslu miðar að því að tryggja að sérhvert framleitt ökutæki, kerfi, íhlutur og aðskilin tæknieining, hluti eða búnaður sé í samræmi við viðurkennda gerð.

1.2. Aðferðin til að tryggja samræmi framleiðslu skal alltaf taka til matsins á gæðastjórnunarkerfum, sem í 2. lið nefnist „frummat“ og sannprófunarinnar á búnaði sem háð er gerðarviðurkenningu og eftirlits með framleiðslu sem í 3. lið nefnist „fyrirkomulag til að tryggja samræmi framleiðslu“.

2. Frummat

2.1. Áður en gerðarviðurkenning er veitt skal viðurkenningaryfirvaldið sannprófa að framleiðandinn hafi komið á fullnægjandi vinnutilhögun og aðferðum til að tryggja að ökutæki, kerfi, íhlutir, aðskildar tæknieiningar eða hlutir og búnaður verði framleidd í samræmi við viðurkenndu gerðina.

2.2. Leiðbeiningar um það hvernig það mat fer fram má finna í staðli EN ISO 19011:2011 — Leiðbeiningar um úttekt á stjórnunarkerfum.

2.3. Sannprófa skal að farið sé að kröfunum í lið 2.1 þannig að viðurkenningaryfirvaldið telji fullnægjandi sem hér segir:

Frummatið og fyrirkomulagið til að tryggja samræmi framleiðslu sem um getur í 3. lið skulu vera fullnægjandi að mati viðurkenningaryfirvaldsins, að teknu tilliti til þeirra fyrirkomulaga sem um getur í liðum 2.3.1 til 2.3.3 hér á eftir, eða til samsetningar þessara fyrirkomulaga að öllu leyti eða að hluta til eftir því sem við á.

2.3.1. Framkvæmd frummatsins og sannprófun á fyrirkomulagi til að tryggja samræmi framleiðslu skal verið í höndum viðurkenningaryfirvaldsins eða aðila sem viðurkenningaryfirvaldið tilnefnir í því skyni.

2.3.1.1. Þegar viðurkenningaryfirvald metur umfang frummatsins sem á að framkvæma er því heimilt að taka tillit til eftirfarandi upplýsinga:

a) hvort að framleiðandinn hafi vottun sem er svipuð þeirri sem lýst er í lið 2.3.3, en hann hafi ekki fengið réttindi eða viðurkenningu samkvæmt þeim lið,

b) ef um er að ræða gerðarviðurkenningu á kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu, að framleiðandi eða framleiðendur ökutækis hafi framkvæmt matið á gæðakerfi á athafnasvæði framleiðanda kerfisins, íhlutarins eða aðskildu tæknieiningarinnar í samræmi við eina eða fleiri af nákvæmum forskriftum iðnaðargeirans og sem uppfyllir kröfur staðalsins EN ISO 9001:2015 eða ISO/TS16949:2009,

c) hvort að ein eða fleiri af gerðarviðurkenningum framleiðandans hafi nýlega verið dregin til baka í einu aðildarríkjanna vegna ófullnægjandi eftirlits með samræmi framleiðslu. Í því tilviki skal frummat viðurkenningaryfirvaldsins ekki takmarkast við samþykki á vottun á gæðakerfi framleiðandans, heldur skal það taka til sannprófunar á hvort að allar nauðsynlegar úrbætur til að tryggja skilvirkt eftirlit hafi verið framkvæmdar þannig að ökutæki, íhlutir, kerfi eða aðskildar tæknieiningar séu framleiddar í samræmi við viðurkenndu gerðina.

2.3.2. Framkvæmd frummatsins og sannprófun á fyrirkomulagi til að tryggja samræmi framleiðslu getur verið í höndum viðurkenningaryfirvalds annars aðildarríkis eða aðilans sem viðurkenningaryfirvaldið tilnefnir í því skyni.

2.3.2.1. Viðurkenningaryfirvaldið í þessu öðru aðildarríki skal í því tilviki gefa samræmisyfirlýsingu þar sem fram kemur hvaða svið og framleiðsluaðstaða sem það viðurkenningaryfirvald hefur talið skipta máli í sambandi við eftirlit með þeirri vöru sem á að fá gerðarviðurkenningu og þau stjórnvaldsfyrirmæli sem varan á að vera gerðarviðurkennd í samræmi við.

2.3.2.2. Þegar beiðni um samræmisyfirlýsingu berst frá viðurkenningaryfirvaldi aðildarríkis sem veitir gerðarviðurkenningu, skal viðurkenningaryfirvaldið í öðru aðildarríki þegar í stað senda þá yfirlýsingu um samræmi eða tilkynna því viðurkenningaryfirvaldi um að það sé ófært um að veita slíka yfirlýsingu.

2.3.2.3. Í samræmisyfirlýsingunni skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um eftirfarandi:

a) Samstæðu eða fyrirtæki	(t.d. XYZ bifreiðar)
b) Tiltekna stofnun	(t.d. svæðisbundin deild)
c) Verksmiðjur/framleiðslustaði	(t.d. hreyflaverksmiðja 1 (í landi A) — ökutækjaverksmiðja 2 (í landi B))
d) Svið ökutækja/íhluta	(t.d. allar undirtegundir í flokki M_1)
e) Atriði sem metin eru	(t.d. samsetning hreyfils, mótun og samsetning yfirbyggingar, samsetning ökutækis)
f) Skoðuð skjöl	(t.d. handbækur fyrirtækis og framleiðslustaðar um gæði og starfsaðferðir)
g) Dagsetningu matsins	(t.d. úttekt fór fram frá dd/mm/áááá til dd/mm/áááá)
h) Fyrirhugaða eftirlitsvitjun	(t.d. dd/mm/áááá)

2.3.3. Viðurkenningaryfirvaldi er einnig heimilt að líta svo á að vottun framleiðandans í samræmi við staðla EN ISO 9001:2015 eða ISO/TS16949:2009 (í því tilviki skal gildissvið þeirrar vottunar ná yfir þær vörur sem á að viðurkenna) eða jafngildur vottunarstaðall uppfylli kröfurnar um frummat í lið 2.3, að því tilskildu að samræmi framleiðslu falli í raun undir gæðastjórnunarkerfið og að gerðarviðurkenning framleiðandans hafi ekki verið dregin til baka eins og um getur í c-lið liðar 2.3.1.1. Framleiðandi skal láta í té upplýsingar um vottunina og upplýsa viðurkenningaryfirvaldið um allar breytingar sem kunna að verða gerðar að því er varðar gildistíma hennar eða gildissvið.

2.4. Að því er varðar gerðarviðurkenningu á ökutæki þarf ekki að endurtaka frummatið vegna veitingu gerðarviðurkenninga á kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum ökutækisins en ljúka skal því með mati á framleiðslustöðum og framleiðslustarfsemi sem tengjast samsetningu ökutækisins í heild og sem hafa ekki fallið undir frummatið.

3. Fyrirkomulag til að tryggja samræmi framleiðslu

3.1. Sérhvert ökutæki, kerfi, íhlutur eða aðskilin tæknieining, hluti eða búnaður sem hlýtur viðurkenningu samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna sem fylgir með í viðauka við endurskoðaða samninginn frá 1958 og við þessa reglugerð skal vera framleiddur þannig að hann sé í samræmi við viðurkenndu gerðina með því að uppfylla kröfurnar í þessum viðauka, í fyrrnefndri reglugerð Sameinuðu þjóðanna og í þessari reglugerð.

3.2. Áður en gerðarviðurkenning er veitt samkvæmt þessari reglugerð og samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna sem fylgir með í viðauka við endurskoðaða samninginn frá 1958 skal viðurkenningaryfirvaldið sannprófa að fyrir hendi sé fullnægjandi fyrirkomulag til að tryggja samræmi framleiðslu og skjalfestar eftirlitsáætlanir sem samþykktar eru í samráði við framleiðanda fyrir hverja gerðarviðurkenningu, en í því felst að gerðar eru, með tilteknu millibili, prófanir og tilheyrandi skoðanir sem eru nauðsynlegar til að sannprófa áframhaldandi samræmi við viðurkennda gerð, þ.m.t., eftir atvikum, prófanir sem tilgreindar eru í þessari reglugerð og í fyrrnefndri reglugerð Sameinuðu þjóðanna.

3.3. Handhafi gerðarviðurkenningar skal einkum:

3.3.1. ganga úr skugga um að fyrir hendi séu aðferðir til að hafa skilvirkt eftirlit með samræmi ökutækja, kerfa, íhluta, aðskilinna tæknieininga, hluta eða búnaðar við viðurkenndu gerðina,

3.3.2. hafa aðgang að þeim prófunarbúnaði eða öðrum búnaði sem viðeigandi og nauðsynlegur er til að hafa eftirlit með samræmi við hverja viðurkennda gerð,

3.3.3. ganga úr skugga um að gögn sem koma úr prófunum eða athugunum séu skráð og að meðfylgjandi skjöl séu tiltæk í allt að 10 ára tímabil sem skal ákveðið með samkomulagi við viðurkenningaryfirvöld,

3.3.4. sundurgreina niðurstöður hverrar prófunar eða athugunar til að sannprófa og ganga úr skugga um stöðugleika að því er lýtur að eiginleikum vörunnar, að teknu tilliti til frávika vegna fjöldaframleiðslu,

3.3.5. ganga úr skugga um að fyrir hverja gerð framleiðslunnar séu framkvæmdar a.m.k. þær athuganir sem kveðið er á um í þessari reglugerð og þær prófanir sem kveðið er á um í viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum sem talin eru upp í II. viðauka,

3.3.6. ganga úr skugga um að frekari sýnishorn séu tekin og frekari prófanir gerðar ef þær prófanir sem gerðar eru sýna að einhverjar sýnishorna- eða prófunarhlutasamstæður eru í ósamræmi við viðkomandi gerð. Gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að samræmi við viðurkenndu gerðina komist á að nýju.

3.4. Ef um er að ræða gerðarviðurkenningar sem eru í áföngum, sem eru blandaðar eða sem eru fjölþrepa er viðurkenningaryfirvaldinu sem veitir heildargerðarviðurkenningu ökutækis heimilt að óska eftir ítarlegum upplýsingum varðandi að farið sé að kröfunum um samræmi framleiðslu sem settar eru fram í þessum viðauka frá hverju því viðurkenningaryfirvaldi sem veitt hefur gerðarviðurkenningu á einhverjum viðkomandi kerfum, íhlutum eða aðskildum tæknieiningum.

3.5. Viðurkenningaryfirvaldið, sem veitir heildargerðarviðurkenningu ökutækis og telur upplýsingarnar sem um getur í lið 3.4 ekki fullnægjandi og sem hefur tilkynnt skriflega um þetta til viðeigandi framleiðanda og til viðurkenningaryfirvaldsins sem veitir gerðarviðurkenninguna á kerfinu, íhlutnum eða aðskildu tæknieiningunni, skal óska eftir því að gerðar séu viðbótarúttektir eða viðbótarathuganir á samræmi framleiðslu, sem framkvæma skal á athafnasvæði framleiðanda eða framleiðenda þessara kerfa, íhluta eða aðskildu tæknieininga. Niðurstöður þessara viðbótarúttekta eða viðbótarathugana á samræmi framleiðslu skulu tafarlaust gerðar aðgengilegar því viðurkenningaryfirvaldi.

3.6. Ef liðir 3.4 og 3.5 eiga við og viðurkenningaryfirvaldið sem veitir heildargerðarviðurkenningu ökutækis telur niðurstöður viðbótarúttektar eða viðbótarathugunar ófullnægjandi skal framleiðandinn tryggja að samræmi framleiðslu sé komið á að nýju eins fljótt og auðið er með fullnægjandi hætti að mati þessa viðurkenningaryfirvalds og viðurkenningaryfirvaldsins sem veitir gerðarviðurkenningu á kerfinu, íhlutnum eða aðskildu tæknieiningunni.

4. Fyrirkomulag við áframhaldandi sannprófun

4.1. Viðurkenningaryfirvaldið sem veitt hefur gerðarviðurkenningu er hvenær sem er heimilt að sannprófa eftirlitsaðferðir með samræmi sem beitt er í hverri framleiðsluaðstöðu með reglulegum úttektum. Í þeim tilgangi skal framleiðandi leyfa því yfirvaldi aðgang að athafnasvæðum framleiðslu, skoðunar, prófunar, geymslu og dreifingar og skal veita allar nauðsynlegar upplýsingar að því er varðar skjöl og gögn um gæðastjórnunarkerfið.

4.1.1. Að öðru jöfnu skal nálgast slíkar reglulegar úttektir með því að fylgjast með því að verklagið sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið (frummat og fyrirkomulag til að tryggja samræmi framleiðslu) verði áfram skilvirkt.

4.1.1.1. Líta ber svo á að starfsemi á sviði eftirlits sem tækniþjónusta (sem hefur réttindi eða er viðurkennd eins og krafist er í lið 2.3.3) sinnir, uppfylli kröfuna í lið 4.1.1 að því er varðar það verklag sem ákveðið er við frummat.

4.1.1.2. Eðlileg tíðni sannprófana sem viðurkenningaryfirvaldið framkvæmir (annarra en þeirra sem um getur í lið 4.1.1.1) skal vera þannig að tryggt sé að viðkomandi eftirlit, sem beitt er í samræmi við 2. og 3. lið, sé endurskoðað með millibili sem byggt er á áhættumatsaðferð sem samræmist alþjóðlega staðlinum ISO 31000:2018 – *Risk Management – Principles and Guidelines* og slík sannprófun skal í öllum tilvikum vera framkvæmd á minnst þriggja ára fresti. Með aðferðinni skal einkum tekið tillit til hvers konar ósamræmis sem önnur aðildarríki bera fram í tengslum við 1. mgr. 54. gr.

4.2. Í hverri endurskoðun skulu skýrslur um prófanir eða athuganir og framleiðsluskýrslur vera gerðar tiltækar skoðunarmanni, einkum þær skýrslur yfir prófanir eða athuganir sem skjalfestar eru samkvæmt því sem krafist er í lið 2.2.

4.3. Skoðunarmanni er heimilt að velja sýnishorn af handahófi sem síðan skulu prófuð á rannsóknarstofu framleiðanda eða starfsstöð tækniþjónustunnar. Í slíku tilviki skal eingöngu framkvæma raunverulega prófun. Lágmarksfjölda sýnishorna er heimilt að ákvarða á grundvelli útkomu úr sannprófun framleiðandans.

4.4. Sá skoðunarmaður sem álítur að eftirlitið sé ófullnægjandi eða sem telur að nauðsynlegt sé að sannprófa gildi þeirra prófana sem gerðar eru í samræmi við lið 4.2 skal velja sýnishorn til að senda tækniþjónustunni til að framkvæma raunverulegar prófanir í samræmi við kröfurnar um samræmi framleiðslu sem settar eru fram í stjórnvaldsfyrirmælunum sem talin eru upp í II. viðauka.

4.5. Ef niðurstöður skoðunar eða endurskoðunar eru ófullnægjandi skal viðurkenningaryfirvaldið gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleiðandinn komi samræmi framleiðslunnar á að nýju svo fljótt sem verða má.

4.6. Í tilvikum þar sem ákvæði þessarar reglugerðar krefjast þess að farið sé að ákvæðum reglugerða Sameinuðu þjóðanna getur framleiðandi valið að beita þessum viðauka til jafngildis við kröfur um samræmi framleiðslu í viðkomandi reglugerðum Sameinuðu þjóðanna. Ef liður 4.4 eða 4.5 á við þarf hins vegar að fara að öllum aðskildum kröfum um samræmi framleiðslu í reglugerðum Sameinuðu þjóðanna þannig að viðurkenningaryfirvaldið telji fullnægjandi og þar til það telur að samræmi framleiðslu hafi verið komið á að nýju.

———

V. VIÐAUKI

MÖRK LÍTILLA FRAMLEIÐSLURAÐA OG SÍÐUSTU ÖKUTÆKJA GERÐAR

A. ÁRLEGAR MAGNTAKMARKANIR Á LITLUM FRAMLEIÐSLURÖÐUM

1. Fjöldi eininga tiltekinnar gerðar ökutækis sem á að skrá, bjóða fram á markaði eða taka í notkun á ári í Sambandinu skal ekki vera meiri en árlegu magntakmarkanirnar fyrir viðkomandi ökutækjaflokk samkvæmt 41. gr. sem sýndar eru í eftirfarandi töflu:

Flokkur	Einingar
M_1	1 500
M_2, M_3	0
N_1	1 500
N_2, N_3	0 allt til umsóknardags framseldu gerðanna sem um getur í 5. mgr. 41. gr. 1 500 eftir þann dag
O_1, O_2	0
O_3, O_4	0

2. Fjöldi eininga tiltekinnar gerðar ökutækis sem á að skrá, bjóða fram á markaði eða taka í notkun á ári í aðildarríki skal vera ákvarðað af því aðildarríki en skal ekki vera meiri en árlegu magntakmarkanirnar fyrir viðkomandi ökutækjaflokk samkvæmt 42. gr. sem sýndar eru í eftirfarandi töflu:

Flokkur	Einingar
M_1	250
M_2, M_3	250
N_1	250
N_2, N_3	250
O_1, O_2	500
O_3, O_4	250

B. MÖRK SÍÐUSTU ÖKUTÆKJA GERÐAR

Hámarksfjöldi fullbúinna ökutækja og fjölþrepa fullbúinna ökutækja, sem tekin eru í notkun í hverju aðildarríki, samkvæmt málsmeðferð um „mörk síðustu ökutækja gerðar“, skal vera takmarkaður á einn hátt af eftirfarandi, eftir því sem viðkomandi aðildarríki ákveður nánar:

1. Hámarksfjöldi ökutækja í flokki M_1, af einni eða fleiri gerðum, sem tekin eru í notkun í hverju aðildarríki, skal ekki vera meiri en 10% og í öðrum flokkum mest 30% af ökutækjum allra viðkomandi gerða sem tekin voru í notkun í því aðildarríki á næstliðnu ári. Ef 10% eða, eftir atvikum, 30% ökutækjanna reynast vera færri en 100 getur aðildarríkið heimilað að allt að 100 ökutæki séu tekin í notkun.

2. Eingöngu skal taka í notkun þau ökutæki af hverri gerð sem hafa gilt samræmisvottorð, sem gefið var út á framleiðsludegi ökutækisins eða síðar og gilti í minnst þrjá mánuði eftir útgáfudag en féll síðan úr gildi vegna gildistöku stjórnvalds-fyrirmæla.

———

VI. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR HLUTI EÐA BÚNAÐ SEM GETUR SKAPAÐ ALVARLEGA ÁHÆTTU FYRIR RÉTTA VIRKNI KERFA SEM ERU NAUÐSYNLEG FYRIR ÖRYGGI ÖKUTÆKIS EÐA VISTVÆNLEIKA ÞESS, AFKASTAKRÖFUR Á SLÍKUM HLUTUM EÐA BÚNAÐI, VIÐEIGANDI PRÓFUNARAÐFERÐIR OG ÁKVÆÐI UM MERKINGAR OG UMBÚÐIR

I. Hlutir eða búnaður sem hefur veruleg áhrif á öryggi ökutækja

Númer	Lýsing	Afkastakrafa	Prófunaraðferð	Kröfur um merkingar	Kröfur vegna umbúða
1	[…]				
2					
3					

II. Hlutir eða búnaður sem hefur veruleg áhrif á vistvænleika ökutækis

Númer	Lýsing	Afkastakrafa	Prófunaraðferð	Kröfur um merkingar	Kröfur vegna umbúða
1	[…]				
2					
3					

VII. VIÐAUKI

STJÓRNVALDSFYRIRMÆLI ÞAR SEM TILNEFNA MÁ FRAMLEIÐANDA SEM TÆKNIÞJÓNUSTU

1. Markmið og gildissvið

1.1. Í þessum viðauka er mælt fyrir um skrá yfir þau stjórnvaldsfyrirmæli þar sem tilnefna má innri tækniþjónustu framleiðanda sem tækniþjónustu í samræmi við 1. mgr. 72. gr.

1.2. Í honum er einnig að finna viðeigandi ákvæði varðandi tilnefningu innri tækniþjónustu framleiðanda sem tækniþjónustu, sem beitt er innan ramma gerðarviðurkenningar ökutækja, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem falla undir I. hluta II. viðauka.

1.3. Þessi viðauki gildir hins vegar ekki um framleiðendur sem sækja um ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja sem framleidd eru í litlum framleiðsluröðum eins og um getur í 41. gr.

2. Tilnefning innri tækniþjónustu framleiðanda sem tækniþjónustu

2.1. Innri tækniþjónusta framleiðanda sem er tilnefnd sem tækniþjónusta er framleiðandi sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið hefur tilnefnt sem prófunarstofu til að framkvæma viðurkenningarprófanirnar fyrir sína hönd.

Orðalagið „að annast prófanir“ takmarkast ekki við mælingar á frammistöðu heldur nær það einnig til skráningar niðurstaðna úr prófunum og afhendingar skýrslu, sem inniheldur viðeigandi niðurstöður, til gerðarviðurkenningar-yfirvaldsins.

Það nær einnig til eftirlits með því að farið sé að þeim ákvæðum sem krefjast ekki nauðsynlega mælinga. Þetta á við um mat á því hvort hönnunin uppfylli lagalegu kröfurnar.

3. Skrá yfir stjórnvaldsfyrirmæli og takmarkanir

	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli
4A	Flötur fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1003/2010
7A	Hljóðmerkjabúnaður og merki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 28
10A	Rafsegulsviðssamhæfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 10
18A	Lögboðin merkiplata framleiðanda og verksmiðju-númer ökutækis	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 19/2011
20A	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á ökutækjum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48
27A	Dráttarbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1005/2010
33A	Staðsetning og auðkenning stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 121
34A	Afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 672/2010
35A	Framrúðuþurrku og -sprautubúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1008/2010

	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli
36A	Hitakerfi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 122 Að undanskildum ákvæðunum í 8. viðauka að því er varðar brennsluhitara sem brenna fljótandi jarðolíugasi og hitunarkerfi sem brenna fljótandi jarðolíugasi.
37A	Hjólhlífar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1009/2010
44A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012
45A	Öryggisgler og ísetning þess í ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 43 Takmarkast við ákvæði í 21. viðauka
46A	Áfesting hjólbarða	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 458/2011
48A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012
49A	Atvinnuökutæki með tilliti til útstæðra hluta framan við afturþil stýrishúss	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 61
50A	Véltengiíhlutir fyrir samtengd ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55 Takmarkast við ákvæði í 5. viðauka (til og með 8. mgr.) og 7. viðauka.
61	Loftræstikerfi	Tilskipun 2006/40/EB

Viðbætir

Tilnefning innri tækniþjónustu framleiðanda sem tækniþjónustu og undirverktakastarfsemi

1. Almennt

1.1. Tilnefning og tilkynning um innri tækniþjónustu framleiðanda sem tækniþjónustu skal vera gerð í samræmi við ákvæði 68. til 81. gr. og öll undirverktakastarfsemi skal vera gerð í samræmi við þennan viðbæti.

2. Undirverktakastarfsemi

2.1. Í samræmi við 1. mgr. 71. gr. getur tækniþjónusta tilnefnt undirverktaka til þess að framkvæma prófanirnar fyrir sína hönd.

2.2. Að því er varðar þennan viðbæti merkir „undirverktaki“ annaðhvort dótturfélag tækniþjónustunnar sem sú tækniþjónusta hefur falið að annast prófunarstarfsemi innan eigin fyrirtækis eða þriðji aðili sem er samningsbundinn tækniþjónustunni um að annast prófunarstarfsemi.

2.3. Notkun á þjónustu undirverktaka leysir tækniþjónustuna ekki undan þeirri skyldu að fara að ákvæðum 69., 70., 80., og 81. gr., og einkum þeim er snúa að færni tækniþjónustunnar og samræmi við staðal EN ISO/IEC 17025:2005.

2.4. Ákvæði 2. liðar VII. viðauka skal gilda um undirverktaka.

3. Prófunarskýrsla

Prófunarskýrslur skal semja í samræmi við framkvæmdargerðirnar sem um getur í 3. mgr. 30. gr.

———

VIII. VIÐAUKI

SKILYRÐI FYRIR ÞVÍ AÐ FRAMLEIÐANDI EÐA TÆKNIÞJÓNUSTA NOTI SÝNDARPRÓFUNARAÐFERÐIR

1. Markmið og gildissvið

Í þessum viðauka er mælt fyrir um ákvæði um sýndarprófanir í samræmi við 7. mgr. 30. gr.

2. Skrá yfir stjórnvaldsfyrirmæli

	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli
3B	Undirakstursvarnarbúnaður að aftan og uppsetning hans, undirakstursvörn að aftan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 58
6A	Aðgangur að og stýrihæfni ökutækja (þrep, fótpallar og handföng)	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012
6B	Læsingar dyra og hurðafestingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11
8A	Búnaður til að auka sjónsvið og uppsetning hans	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46
12A	Innréttingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21
16A	Útstæðir hlutar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 26
20A	Uppsetning ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á ökutækjum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48
27A	Dráttarbúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1005/2010
32A	Sjónsvið fram á við	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 125
35A	Framrúðuþurrku og -sprautubúnaður	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1008/2010
37A	Hjólhlífar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1009/2010
42A	Hliðarvörn á vörubifreiðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 73
48A	Massar og mál	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012
49A	Atvinnuökutæki með tilliti til útstæðra hluta framan við afturþil stýrishúss	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 61
50A	Véltengiíhlutir fyrir samtengd ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55

	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli
50B	Tengibúnaður, uppsetning á viðurkenndri gerð tengibúnaðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 102
52A	M_2 og M_3 ökutæki	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107
52B	Styrkur burðarvirkis yfirbyggingar á stórum farþega-bifreiðum	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 66
57A	Undirakstursvarnarbúnaður að framan og uppsetning hans, undirakstursvörn að framan	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 93

1. viðbætir

Almenn skilyrði fyrir notkun sýndarprófunaraðferða

1. Sýndarprófunarmynstur

Eftirfarandi kerfi skal nota sem grunn að lýsingu og framkvæmd sýndarprófanna:

a) tilgangur,

b) formgerð líkans,

c) jaðarskilyrði,

d) álagsforsendur,

e) útreikningar,

f) mat,

g) skjalfesting.

2. Grunnatriði tölvuhermunar og útreikninga

2.1. Reiknilíkan

Framleiðandi skal leggja fram reiknilíkan. Það skal endurspegla hversu flókin formgerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem á að prófa er í tengslum við kröfur viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæla og jaðarskilyrða þess.

Sömu ákvæði gilda um prófanir á íhlutum eða aðskildum tæknieiningum óháð ökutækinu.

2.2. Fullgildingarferli reiknilíkans

Fullgilda skal reiknilíkanið með samanburði við raunveruleg prófunarskilyrði.

Því skal framkvæma raunverulega prófun til þess að bera saman niðurstöður sem fást þegar reiknilíkanið er notað við niðurstöður raunverulegrar prófunar. Sýna skal fram á samanburðarhæfi niðurstaðna úr prófunum. Framleiðandinn eða tækniþjónustan skal gera uppkast að fullgildingarskýrslu og leggja hana fyrir viðurkenningaryfirvaldið.

Athygli viðurkenningaryfirvaldsins skal vakin á sérhverri breytingu á reiknilíkaninu eða hugbúnaðinum sem líklegt er að ógildi fullgildingarskýrslu sem kann að krefjast þess að nýtt fullgildingarferli fari fram.

Flæðirit fullgildingarferlisins er sýnt í 3. viðbæti.

2.3. Skjöl

Framleiðandinn skal veita tækniþjónustunni aðgang að þeim gögnum og hjálpartækjum sem notuð eru við hermun og útreikning og skjalfesta þau.

3. Tæki og aðstoð

Að beiðni tækniþjónustunnar skal framleiðandinn skal láta henni í té þau tæki sem eru nauðsynleg til að framkvæma sýndarprófun, þ.m.t. viðeigandi hugbúnað, eða veita þeirri tækniþjónustu aðgang að þessum tækjum.

Að auki skal framleiðandinn veita tækniþjónustunni viðeigandi stuðning.

Aðgangurinn og stuðningurinn sem framleiðandinn veitir tækniþjónustu gefur tækniþjónustunni ekki undanþágu frá skuldbindingum sínum varðandi færni starfsfólks hennar, greiðslu leyfisréttinda og trúnaðarkvöð.

———

2. viðbætir

Sérstök skilyrði fyrir notkun sýndarprófunaraðferða


1. Skrá yfir stjórnvaldsfyrirmæli

	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Viðauki og liðir	Sérstök skilyrði
3B	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 58	Liðir 2.3, 7.3 og 25.6 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 58.	Stærðir og mótstaða gegn kröftum.
6A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 130/2012	1. og 2. hluti II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 130/2012.	Stærð þrepa, fótpalla og handfanga.
6B	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11	3. viðauki við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11. Liður 2.1 í 4. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11. 5. viðauki við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 11.	Togþolsprófanir og mótstaða læsinga gegn hröðun.
8A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46	Liður 15.2.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 46.	Sjónsvið baksýnisspegla sem mælt er fyrir um.
12A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21	a) 5. liður til liðar 5.7 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21. b) Liður 2.3 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21.	a) Mæling allra krappageisla og allra útstæðra hluta nema að því er varðar þær kröfur þar sem neyta þarf afls til þess að athuga hvort farið sé að ákvæðum. b) Ákvörðun höggsvæðis höfuðs.
16A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 26	Liður 5.2.4 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 26. Öll ákvæði í 5. lið (almennar kröfur) og 6. lið (sérstakar kröfur) í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 26.	Mæling allra krappageisla og allra útstæðra hluta nema að því er varðar þær kröfur þar sem neyta þarf afls til þess að athuga hvort farið sé að ákvæðum.
20A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48	6. liður (einstakar forskriftir) og 4., 5. og 6. viðaukar við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 48.	Prófunaraksturinn, sem kveðið er á um í lið 6.22.9.2.2, skal framkvæmdur á raunverulegu ökutæki.
27A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1005/2010	Liður 1.2 í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1005/2010.	Dráttar- og þrýstistöðukraftur.
32A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 125	5. liður (forskriftir) reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 125.	Hindranir og sjónsvið.
35A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1008/2010	Liðir 1.1.2 og 1.1.3 í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1008/2010.	Aðeins ákvörðun svæðisins sem rúðuþurrkur hreinsa.
37A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1009/2010	2. liður í II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1009/2010.	Sannprófun á kröfum um stærðarmál.
42A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 73	Liður 12.10 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 73.	Mælingar á mótstöðu við láréttum krafti og sveigju.

	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Viðauki og liðir	Sérstök skilyrði
48A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð (ESB) nr. 1230/2012	a) 7. og 8. liður í B-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1230/2012.	a) Eftirlit með því hvort kröfur um stýrihæfni séu uppfylltar, þ.m.t. stýrihæfni ökutækja sem eru búin lyftiásum eða lyftiásum með hleðslufærslu.
		b) 6. og 7. liður í C-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1230/2012.	b) Mæling á hámarksútsláttarradíus afturhorns.
49A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 61	Ákvæði 5. og 6. liðar reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 61.	Mæling allra krappageisla og allra útstæðra hluta nema að því er varðar þær kröfur þar sem neyta þarf afls til þess að athuga hvort farið sé að ákvæðum.
50A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55	a) 5. viðauki „Kröfur fyrir véltengibúnað“ í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55.	a) Öll ákvæði í 1. til 8. lið eiga við.
		b) Liður 1.1 í 6. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55.	b) Sýndarprófanir mega koma í stað styrktarprófana véltengja af einfaldri hönnun.
		c) 3. liður í 6. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55.	c) Liður 3.6.1 (Styrkleikaprófun), 3.6.2 (Sveigjutregða) og 3.6.3 (Beygjukraftvægistregða) eingöngu.
52A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107	3. viðauki við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 107.	liður 7.4.5. (reikniaðferð).
52B	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 66	9. viðauki við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 66.	Tölvuhermun veltiprófs á fullbúnu ökutæki sem jafngild viðurkenningaraðferð.
57A	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 93	3. liður í 5. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 93.	Mælingar á mótstöðu við láréttum krafti og sveigju.

3. viðbætir

Fullgildingarferli



IX. VIÐAUKI

AÐFERÐIR SEM BEITA SKAL VIÐ FJÖLÞREPA GERÐARVIÐURKENNINGU

1. Skyldur framleiðenda

1.1. Fullnægjandi árangur fjölþrepa gerðarviðurkenningar næst einungis með samvinnu allra framleiðenda sem hlut eiga að máli. Í því skyni þurfa viðurkenningaryfirvöld að ganga úr skugga um, áður en þau veita gerðarviðurkenningu á fyrsta þrepi eða síðari þrepum, að viðeigandi fyrirkomulag sé til staðar varðandi framsetningu og skipti á skjölum og upplýsingum milli viðkomandi framleiðenda þannig að fullbúin gerð ökutækis í áföngum standist allar tæknikröfur viðkomandi stjórnvaldsfyrirmæla sem talin eru upp í II. viðauka. Í þeim upplýsingum skal lýsa viðkomandi gerðarviðurkenningum á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, svo og á þeim hlutum ökutækisins sem eru hlutar hins ófullbúna ökutækis en hafa ekki enn fengið gerðarviðurkenningu.

1.2. Sérhver framleiðandi, sem tekur þátt í fjölþrepa gerðarviðurkenningu, skal vera ábyrgur fyrir viðurkenningu og samræmi framleiðslu allra kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga sem sá framleiðandi framleiðir eða bætir við það smíðaþrep sem fyrir er. Framleiðandinn í síðara þrepinu skal ekki vera ábyrgur fyrir hlutum sem voru viðurkenndir á fyrra þrepi nema þegar sá framleiðandi breytir viðeigandi hlutum að því marki að fyrri gerðarviðurkenning, sem veitt hefur verið, falli úr gildi.

2. Skyldur viðurkenningaryfirvalda

2.1. Viðurkenningaryfirvaldið skal:

a) sannprófa að öll ESB-gerðarviðurkenningarvottorð sem gefin eru út samkvæmt stjórnvaldsfyrirmælunum sem gilda um gerðarviðurkenningu ökutækis taki til gerðar ökutækisins á smíðaþrepi þess og samsvari þeim kröfum sem mælt er fyrir um,

b) ganga úr skugga um að öll gögn, sem máli skipta, séu í upplýsingamöppunni, að teknu tilliti til smíðaþreps ökutækisins;

c) ganga úr skugga um, með því að athuga skjölin, að forskriftir og gögn um ökutæki í upplýsingamöppunni séu í gögnunum í upplýsingasafninu og í ESB-gerðarviðurkenningarvottorðunum sem veitt eru í samræmi við viðkomandi stjórnvaldsfyrirmæli og, þegar um er að ræða fjölþrepa fullbúið ökutæki, og lið í upplýsingamöppunni vantar í upplýsingasafn stjórnvaldsfyrirmæla, staðfesta að viðkomandi hluti eða eiginleiki sé í samræmi við atriðin í upplýsingamöppunni,

d) skoða eða láta skoða hluti og kerfi úr ökutækjum úr völdu sýnishorni ökutækja af þeirri gerð sem á að viðurkenna til að sannprófa að ökutækið eða ökutækin séu smíðuð í samræmi við viðkomandi gögn í viðurkennda upplýsingasafninu í samræmi við viðeigandi stjórnvaldsfyrirmæli og

e) athuga eða láta viðeigandi athuganir fara fram á uppsetningu aðskilinna tæknieininga, sé þess krafist.

2.2. Fjöldi ökutækja, sem skoða á í samræmi við d-lið í lið 2.1, skal vera nægilega mikill til að unnt sé að hafa fullnægjandi eftirlit með ólíkum samsetningum sem eiga að fá ESB-gerðarviðurkenningu í samræmi við smíðaþrep ökutækisins og við eftirfarandi viðmiðanir:

— hreyfla,

— gírkassa,

— aflása (fjöldi, staðsetning, samtenging),

— stýriása (fjöldi og staðsetning),

— gerðir yfirbygginga,

— fjölda dyra,

— stýri, hægra eða vinstra megin,

— sætafjölda,

— umfang búnaðar.

3. Kröfur

3.1. Veita skal fjölþrepa gerðarviðurkenningar á grundvelli smíðaþrepsins sem gerð ökutækisins er á og þær skulu innihalda allar gerðarviðurkenningar sem veittar hafa verið á fyrri þrepum.

3.2. Þessi reglugerð skal gilda (einkum kröfurnar í I. viðauka og stjórnsýslufyrirmælin sem talin eru upp í II. viðauka) í tengslum við heildargerðarviðurkenningu ökutækis á sama hátt og viðurkenningin væri veitt (eða rýmkuð fyrir) framleiðanda grunnökutækisins.

3.2.1. Ef gerð kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar hefur ekki verið breytt skal gerðarviðurkenningin sem veitt var fyrir kerfið, íhlutinn eða aðskildu tæknieininguna í fyrra þrepinu vera áfram í gildi fram að fyrningardagsetningu fyrstu skráningarinnar, eins og tilgreint er í þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem um er að ræða.

3.2.2. Ef gerð kerfis hefur verið breytt á síðara smíðaþrepi ökutækisins að því marki að endurprófa þurfi kerfið fyrir gerðarviðurkenningu skal sú endurprófun takmarkast við einungis þá hluta kerfisins sem hefur verið breytt eða orðið fyrir áhrifum frá breytingunum.

3.2.3. Ef annar framleiðandi hefur breytt gerð ökutækis eða gerð kerfis á síðara smíðaþrepi ökutækisins að því marki að, að undanskildu nafni framleiðandans, ökutækið eða kerfið geti enn talist vera sömu gerðar er engu að síður heimilt að beita kröfunni sem gildir um fyrirliggjandi gerðir svo lengi sem dagsetning fyrstu skráningar í viðeigandi stjórnvalds-fyrirmælum hafi ekki runnið upp.

3.2.4. Breytingin á flokki ökutækis skal leiða til þess að viðeigandi kröfum séu beitt varðandi nýja ökutækjaflokkinn. Samþykkja skal ESB-gerðarviðurkenningarvottorðin úr fyrri flokknum að því tilskildu að ökutækið uppfylli sömu kröfurnar og þær sem gilda um nýja flokkinn, eða kröfur sem eru strangari en þær kröfur.

3.3. Með fyrirvara um samþykki viðurkenningaryfirvaldsins er ekki þörf á að rýmka eða endurskoða heildargerðar-viðurkenningu ökutækis sem veitt er framleiðandanum í síðara smíðaþrepi ökutækisins ef rýmkun sem veitt er ökutæki á fyrra þrepi hefur ekki áhrif á síðara þrep eða á tæknigögn ökutækisins. Gerðarviðurkenningarnúmerið ásamt rýmkuninni á fyrri þrepum ökutækisins skal samt sem áður vera afritað í samræmisvottorðinu á ökutækinu á síðari þrepum.

3.4. Ef farmsvæði fullbúins ökutækis eða fjölþrepa fullbúins ökutækis sem er í flokki N eða O er breytt af öðrum framleiðanda til að bæta við festingum sem hægt er að fjarlægja, til að geyma og festa farm (t.d. klæðning í hleðslurými, geymslugrindur og þakgrindur), má meðhöndla slíka hluti sem hluta af farmmassa og ekki er þörf á gerðar-viðurkenningu, ef bæði af eftirfarandi skilyrðum eru uppfyllt:

a) breytingarnar hafa ekki áhrif á gerðarviðurkenningu ökutækis á nokkurn hátt, annan en að auka raunmassa ökutækisins,

b) hægt er að fjarlæga viðbættar festingar án þess að nota til þess sérstök verkfæri.

4. Auðkenni ökutækisins

4.1. Verksmiðjunúmer ökutækis sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 19/2011 skal haldast óbreytt á öllum síðari þrepum gerðarviðurkenningarferlisins til að tryggja rekjanleika ferlisins.

4.2. Við viðurkenningu annars þreps og síðari þrepa skal hver framleiðandi festa á ökutækið viðbótarplötu, til viðbótar við lögbundna plötu sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 19/2011 en fyrirmynd að henni er sýnd í viðbæti við þennan viðauka. Platan skal vandlega fest á auðsýnilegum og aðgengilegum stað, á hluta sem ekki er líklegt að skipt verði um meðan ökutækið er í notkun. Á plötunni skulu eftirfarandi upplýsingar vera óafmáanlegar og greinilegar í þeirri röð sem hér fer á eftir:

— heiti framleiðanda,

— 1., 3. og 4. hluti ESB-gerðarviðurkenningarnúmersins,

— viðurkenningarþrep,

— verksmiðjunúmer grunnökutækisins,

— tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækisins með hleðslu þar sem gildið hefur breyst á viðkomandi viðurkenningarþrepi,

— tæknilega leyfilegur hámarksmassi vagnalestarinnar með hleðslu (ef gildið hefur breyst á viðkomandi viðurkenningarþrepi og ef heimilt er að draga eftirvagn með ökutækinu). Nota skal „0“ ef ökutækið má ekki draga eftirvagn,

— tæknilega leyfilegur hámarksmassi á hverjum ás sem talinn er upp í röð frá fremsta ási til aftasta áss ef gildið hefur breyst á viðkomandi viðurkenningarþrepi,

— ef um er að ræða festivagn eða eftirvagn með miðlægum ási, tæknilega leyfilegur hámarksmassi á tengipunktinum ef gildið hefur breyst á viðkomandi viðurkenningarþrepi.

Ef ekki er kveðið á um annað í lið 4.1 og í þessum lið skal viðbótarplatan uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í I. og II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 19/2011.

———

Viðbætir

Fyrirmynd að viðbótarauðkennisplötu framleiðanda

Dæmið að neðan er einungis ætlað til leiðbeiningar.

HEITI FRAMLEIÐANDA (3. þrep)
e2*201X/XX*2609
3. þrep
WD9VD58D98D234560
1 500 kg
2 500 kg
1 – 700 kg
2 – 810 kg

X. VIÐAUKI

AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM ÚR INNBYGGÐU GREININGARKERFI ÖKUTÆKIS OG UM VIÐGERÐIR OG VIÐHALD ÖKUTÆKIS

1. Inngangur

Í þessum viðauka er mælt fyrir um tæknilegar kröfur um aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis.

2. Aðgangur að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis

2.1. Framleiðandi skal innleiða nauðsynlegt fyrirkomulag og aðferðir í samræmi við 61. gr. til að tryggja greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis á vefsetrum þar sem notast er við staðlað snið og án mismununar gagnvart viðurkenndum seljendum og viðgerðarverkstæðum að því er varðar þjónustu og aðgang.

2.2. Viðurkenningaryfirvöld skulu aðeins veita gerðarviðurkenningu eftir að hafa fengið í hendur frá framleiðandanum vottorð um aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis.

2.3. Vottorðið um aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis skal teljast sönnun þess að farið sé að 64. gr.

2.4. Vottorðið um aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis skal útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem er að finna í 1. viðbæti.

2.5. Upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis skulu fela í sér eftirfarandi:

2.5.1. ótvírætt auðkenni ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem framleiðandinn er ábyrgur fyrir,

2.5.2. handbækur, þ.m.t. þjónustu- og viðhaldsskrár,

2.5.3. tæknihandbækur,

2.5.4. upplýsingar um íhluti og úr greiningum (t.d. lágmarks- og hámarksviðmiðunargildi fyrir mælingar),

2.5.5. skýringarmyndir af leiðslum,

2.5.6. bilanagreiningarkóða, þ.m.t. sérkóða framleiðanda,

2.5.7. kenninúmer fyrir kvörðun hugbúnaðarins sem gildir um gerð ökutækis,

2.5.8. upplýsingar um tæki og búnað með einkaleyfi, sem jafnframt er miðlað af þeim,

2.5.9. upplýsingar úr gagnaskráningu og tvíátta eftirlits- og prófunargögn,

2.5.10. staðlaðar vinnueiningar eða tímabil fyrir viðgerðir og viðhald ef þær upplýsingar eru veittar seljendum og viðgerðarverkstæðum sem framleiðandinn hefur viðurkennt, annað hvort beint eða gegnum þriðja aðila,

2.5.11. ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu, þær upplýsingar sem krafist er skv. 3. lið og allar aðrar upplýsingar sem þörf er á til að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 61. gr.

2.6. Framleiðandinn skal veita hagsmunaaðilum aðgang að eftirfarandi upplýsingum:

2.6.1. viðeigandi upplýsingum sem gera kleift að þróaðir verði íhlutir til endurnýjunar sem skipta miklu máli fyrir rétta virkni innbyggða greiningarkerfisins,

2.6.2. upplýsingum sem gera kleift að þróuð verði almenn greiningartæki.

2.7. Að því er varðar lið 2.6.1 skal þróun íhluta til endurnýjunar ekki vera takmörkuð af neinu eftirfarandi:

2.7.1. skorti á viðeigandi upplýsingum,

2.7.2. tæknikröfunum varðandi það hvernig fara skuli með vísbendingar um bilun ef farið er yfir viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins eða ef innbyggða greiningarkerfið uppfyllir ekki grundvallarkröfur þessarar reglugerðar um vöktun,

2.7.3. tilteknum breytingum á meðferð upplýsinga um innbyggða greiningarkerfið svo að hægt sé að meðhöndla sérstaklega ökutæki sem eru knúin bensíni annars vegar og gasi hins vegar,

2.7.4. gerðarviðurkenningu gasknúinna ökutækja með tiltölulega fáum, minniháttar ágöllum.

2.8. Að því er varðar lið 2.6.2, ef framleiðendur nota greiningar- og prófunartæki í samræmi við staðlana ISO 22900 *Modular Vehicle Communication Interface (MVCI)* og ISO 22901 *Open Diagnostic Data Exchange (ODX)* í sérleyfiskerfum sínum, skulu ODX-skrárnar vera aðgengilegar óháðum rekstraraðilum á vefsetri framleiðandans.

2.9. Að því er varðar innbyggt greiningarkerfi, greiningarbúnað, viðgerðir og viðhald ökutækis skal beint gagnastreymi ökutækisins vera gert aðgengilegt í gegnum raðtengi á staðlaða gagnatenglinum sem er tilgreindur í lið 6.5.1.4 í 1. viðbæti 11. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 83. og lið 4.7.3. í viðbæti 9B við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 49.

Þegar ökutækið er á ferð skulu gögnin einungis vera gerð aðgengileg í tengslum við aðgerðir með lesaðgangi.

3. Fjölþrepa gerðarviðurkenning

3.1. Ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu skal endanlegur framleiðandi vera ábyrgur fyrir því að veita aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis að því er varðar eigin framleiðsluþrep og tengingu við fyrri þrep.

3.2. Að auki skal endanlegur framleiðandi veita óháðum rekstraraðilum eftirfarandi upplýsingar á vefsetri sínu:

3.2.1. vefföng þeirra framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir fyrri þrepum,

3.2.2. nöfn og heimilisföng allra þeirra framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir fyrri þrepum,

3.2.3. gerðarviðurkenningarnúmer fyrri þrepa,

3.2.4. númer hreyfils.

3.3. Hver framleiðandi sem er ábyrgur fyrir tilteknu þrepi eða þrepum gerðarviðurkenningar skal ábyrgjast aðgang á vefsetri sínu að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis að því er varðar þau þrep gerðarviðurkenningar sem hann ber ábyrgð á og tengingu við fyrri þrep.

3.4. Framleiðandi sem er ábyrgur fyrir tilteknu þrepi eða þrepum gerðarviðurkenningar skal veita framleiðandanum sem er ábyrgur fyrir næsta þrepi eftirfarandi upplýsingar:

3.4.1. samræmisvottorðið að því er varðar þau þrep sem hann er ábyrgur fyrir,

3.4.2. vottorðið um aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis ásamt viðaukum þess,

3.4.3. gerðarviðurkenningarnúmer að því er varðar þrepin sem hann er ábyrgur fyrir,

3.4.4. skjölin sem um getur í liðum 3.4.1, 3.4.2 og 3.4.3 sem framleiðendur leggja fram á fyrri stigum.

3.5. Hver framleiðandi skal veita framleiðanda sem er ábyrgur fyrir næsta þrepi heimild til að afhenda skjölin áfram til framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir næstu þrepum og lokaþrepinu.

3.6. Að auki skal framleiðandi sem er ábyrgur fyrir tilteknu þrepi eða þrepum gerðarviðurkenningar, á grundvelli samninga:

3.6.1. veita framleiðandanum sem er ábyrgur fyrir næsta þrepi aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis og upplýsingum um skilfleti sem svara til þreps/þrepa sem hann er ábyrgur fyrir,

3.6.2. veita framleiðanda sem er ábyrgur fyrir síðari þrepi gerðarviðurkenningar aðgang, þegar hann óskar þess, að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis og upplýsingum um skilfleti sem svara til þreps/þrepa sem hann er ábyrgur fyrir.

3.7. Framleiðanda, þ.m.t. endanlegum framleiðanda, er aðeins heimilt að innheimta gjöld í samræmi við 63. gr. vegna tiltekinna þrepa sem hann er ábyrgur fyrir.

Framleiðandi, þ.m.t. endanlegur framleiðandi, skal ekki innheimta gjöld fyrir veitingu upplýsinga að því er varðar veffang eða samskiptaupplýsingar annars framleiðanda.

4. Aðlaganir fyrir viðskiptavini

4.1. Þrátt fyrir 2. lið skal, ef fjöldi kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga sem hafa fengið tiltekna aðlögun fyrir viðskiptavin eru færri en 250 einingar á heimsvísu, veita greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald aðlögunar fyrir viðskiptavin, án mismununar gagnvart viðurkenndum seljendum og viðgerðarverkstæðum að því er varðar þjónustu og aðgang.

Vegna viðhalds og endurforritunar á rafstýrieiningum sem tengjast aðlögunum fyrir viðskiptavini skal framleiðandinn gera viðkomandi einkaleyfisbundin, sérhæfð greiningartæki eða prófunarbúnað aðgengilegan óháðum rekstraraðilum með sama hætti og viðurkenndum viðgerðarverkstæðum.

Aðlaganir fyrir viðskiptavini skulu skráðar á vefsetri framleiðandans fyrir upplýsingar um viðgerðir og viðhald og skal þeirra getið við gerðarviðurkenningu á vottorðinu um aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis.

4.2. Framleiðendur skulu bjóða óháðum rekstraraðilum einkaleyfisbundin, sérhæfð greiningartæki eða prófunarbúnað, sem þarf til að þjónusta kerfi, íhluti eða tæknieiningar sem hafa fengið tiltekna breytingu fyrir viðskiptavin, til sölu eða leigu.

4.3. Framleiðandinn skal tilgreina á vottorðinu um aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis þegar gerðarviðurkenning fer fram aðlaganir fyrir viðskiptavini sem undanþegnar eru skyldunni, sem kveðið er á um í 2. lið, um að veita skuli aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis með stöðluðu sniði og allar rafstýrieiningar sem tengjast þessum aðlögunum.

Þessar aðlaganir fyrir viðskiptavini og rafstýrieiningar sem þeim tengjast skal einnig skrá á vefsetri framleiðandans fyrir upplýsingar um viðgerðir og viðhald.

5. Smærri framleiðendur

5.1. Þrátt fyrir 2. lið skulu framleiðendur með minni ársframleiðslu á heimsmarkaði en 1000 ökutæki í flokkum M_1 og N_1 og minni en 250 ökutæki í flokkum M_2, M_3, N_2, N_3 og O af gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem fellur undir þessa reglugerð veita greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis, án mismununar gagnvart viðurkenndum seljendum og viðgerðarverkstæðum að því er varðar þjónustu og aðgang.

5.2. Ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar sem falla undir lið 5.1 skal skrá á vefsetri framleiðandans fyrir upplýsingar um viðgerðir og viðhald.

5.3. Viðurkenningaryfirvald skal tilkynna framkvæmdastjórninni um hverja gerðarviðurkenningu sem veitt er smærri framleiðendum.

6. Kröfur

6.1. Upplýsingar úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis sem tiltækar eru á vefsetrum skulu fylgja viðeigandi sameiginlegum staðli sem um getur í 61. gr.

Þeir sem óska eftir að afrita eða endurbirta upplýsingarnar skulu semja beint við viðkomandi framleiðanda. Upplýsingar sem varða efni til þjálfunar skulu einnig vera aðgengilegar, en heimilt er að setja þær fram með öðrum miðlum en vefsetrum.

Upplýsingar um alla hluti sem ökutækið er búið af framleiðandanum, eins og auðkennt er með verksmiðjunúmeri ökutækisins og öðrum viðmiðunum, svo sem hjólhaf, hreyfilafköst, búnaðarstig eða valkostir, og sem hægt er að skipta út fyrir varahluti sem framleiðandinn hefur á boðstólum fyrir viðurkennd viðgerðarverkstæði eða viðurkennda söluaðila eða þriðju aðila, með vísun í hlutanúmer upprunalegs búnaðar eða hlutar, skulu veittar í formi tölvulæsilegra gagnasafna sem hægt er að vinna úr á rafrænan hátt, í gagnagrunni með greiðum aðgangi fyrir óháða rekstraraðila.

Í gagnagrunninum skulu vera verksmiðjunúmer ökutækis, hlutanúmer upprunalegra hluta eða búnaðar, heiti upprunalegra hluta eða búnaðar, upplýsingar um gildistíma (í gildi frá dagsetningu og til dagsetningar), eiginleikar m.t.t. ísetningar og eiginleikar uppbyggingar, þar sem það á við.

Upplýsingarnar í gagnagrunninum skulu uppfærðar reglulega. Ef þessar upplýsingar eru tiltækar viðurkenndum seljendum skulu uppfærslurnar einkum taka til allra breytinga sem gerðar eru á einstökum ökutækjum eftir framleiðslu þeirra.

6.2. Opna skal fyrir aðgang óháðra rekstraraðila að öryggisþáttum ökutækja, sem viðurkenndir seljendur og viðgerðarverkstæði nota, sem skulu varðir með öryggistækni í samræmi við eftirfarandi kröfur:

6.2.1. við gagnaskipti skal tryggja trúnað, heilleika og vörn gegn endurtekningu,

6.2.2. nota skal staðalinn https//ssl-tls (RFC4346),

6.2.3. nota skal öryggisvottorð í samræmi við alþjóðlega staðalinn ISO 20828 við gagnkvæma sannvottun óháðra rekstraraðila og framleiðenda,

6.2.4. einkalykill óháða rekstraraðilans skal varinn með öruggum vélbúnaði.

6.3. Samráðsvettvangurinn um aðgang að upplýsingum um ökutæki sem um getur í 66. gr. skal tilgreina mæliþætti, að því er varðar að kröfurnar sem um getur í lið 6.2 séu uppfylltar, í samræmi við nýjustu tækni. Veita skal óháðum rekstraraðilum samþykki og leyfi í þessu skyni á grundvelli skjala sem sýna fram á að þeir stundi lögmæta starfsemi og hafi ekki verið sakfelldir fyrir glæpastarfsemi sem tengist þessu sviði.

6.4. Endurforritun á stýrieiningum skal gerð í samræmi við alþjóðlega staðalinn ISO 22900-2, SAE J2534 eða TMC RP1210B með vélbúnaði sem er óháður einkaleyfi.

Að því er varðar fullgildingu á samhæfi sérhugbúnaðar framleiðandans og samskiptaskilflötum ökutækisins (e. *vehicle communication interfaces*, VCI) sem eru í samræmi við alþjóðlega staðalinn ISO 22900-2, SAE J2534 eða TMC RP1210B, skal framleiðandinn annað hvort bjóða fullgildingu á samskiptaskilflötum ökutækisins frá óháðum aðilum eða láta í té upplýsingar og lána sérhæfðan vélbúnað sem þarf til að framleiðandi samskiptaskilflata ökutækisins geti framkvæmt fullgildinguna sjálfur.

Skilyrði 1. mgr. 63. gr. gilda um gjald fyrir slíka fullgildingu eða upplýsingar og vélbúnað.

6.5. Kröfurnar í lið 6.4 gilda ekki um endurforritun á hraðatakmörkunarbúnaði og skráningarbúnaði.

6.6. Allir bilanagreiningarkóðar sem tengjast losun skulu vera í samræmi við XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 og X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011.

6.7. Að því er varðar aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis, aðrar en þær sem tengjast öruggum hlutum ökutækis, skulu kröfur varðandi skráningu vegna notkunar óháðra rekstraraðila á vefsvæðum framleiðenda aðeins ná til upplýsinga, sem nauðsynlegar eru vegna staðfestingar á hvernig greiða skuli fyrir upplýsingarnar. Vegna upplýsinga sem varða aðgang að öruggum svæðum ökutækisins skal óháður rekstraraðili leggja fram vottorð í samræmi við alþjóðlega staðalinn ISO 20828 til að auðkenna sig og viðkomandi fyrirtæki og framleiðandinn skal svara með sínu eigin vottorði í samræmi við alþjóðlega staðalinn ISO 20828 til að staðfesta við óháða rekstraraðilann að hann sé að fara inn á lögmætt vefsetur viðeigandi framleiðanda. Báðir aðilar skulu halda skrá yfir þessar færslur sem gefa til kynna ökutækin og breytingar á þeim samkvæmt þessu ákvæði.

6.8. Framleiðendur skulu gefa upp gerðarviðurkenningarnúmer eftir tegundum á vefsetrum sínum með viðgerðarupplýsingum.

6.9. Ef upplýsingar úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis sem tiltækar eru á vefsetri framleiðandans innihalda ekki tilteknar viðeigandi upplýsingar, sem leyfa rétta hönnun og framleiðslu á endurbótakerfum fyrir óhefðbundið eldsneyti, skulu framleiðendur endurbótakerfa fyrir óhefðbundið eldsneyti geta fengið þær upplýsingar sem þörf er á með því að hafa beint samband við framleiðandann vegna slíkrar beiðni. Samskiptaupplýsingar þar að lútandi skulu settar fram með skýrum hætti á vefsetri framleiðandans og skulu upplýsingarnar veittar innan 30 daga. Einungis skal vera nauðsynlegt að veita slíkar upplýsingar vegna endurbótakerfa fyrir óhefðbundið eldsneyti sem falla undir reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 115 eða vegna endurbótaíhluta fyrir óhefðbundið eldsneyti sem eru hluti af kerfum sem falla undir reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 115. Til viðbótar skal einungis vera nauðsynlegt að veita slíkar upplýsingar sem svar við beiðni sem með skýrum hætti tilgreinir nákvæma lýsingu á tegund ökutækisins sem upplýsingarnar varða og sem sérstaklega staðfestir að upplýsingarnar eru nauðsynlegar vegna þróunar á endurbótakerfum eða endurbótaíhlutum fyrir óhefðbundið eldsneyti sem falla undir reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 115.

7. Kröfur varðandi gerðarviðurkenningar

7.1. Til þess að öðlast gerðarviðurkenningu skal framleiðandinn leggja fram útfyllt vottorð, en sniðmát þess er sett fram í 1. viðbæti.

7.2. Ef upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis eru ekki tiltækar eða uppfylla ekki kröfurnar í þessum viðauka skal framleiðandinn veita þær upplýsingar innan sex mánaða frá dagsetningu gerðarviðurkenningarinnar.

7.3. Skyldan til að veita upplýsingarnar innan tímabilsins sem um getur í lið 7.2 gildir aðeins ef ökutækið er sett á markað í kjölfar gerðarviðurkenningar.

Ef ökutækið er sett á markað meira en sex mánuðum eftir að gerðarviðurkenningin hefur verið veitt skulu upplýsingarnar veittar daginn sem ökutækið er sett á markað.

7.4. Viðurkenningaryfirvaldið má ganga út frá því að framleiðandinn hafi innleitt fullnægjandi fyrirkomulag og aðferðir að því er varðar aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis á grundvelli útfyllts vottorðs um aðgang að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis, að því tilskyldu að engin kvörtun hafi komið fram og að framleiðandinn leggi fram upplýsingarnar innan tímamarkanna sem mælt er fyrir um í lið 7.2.

———

1. viðbætir

Vottorð framleiðanda um aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis.

(Framleiðandi): …

(Heimilisfang framleiðanda): …

Vottar hér með að

aðgangur sé veittur að upplýsingum úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis í samræmi við:

Ákvæði 61. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 ([1]) og X. viðauka við þá reglugerð

að því er varðar gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem talin er upp í viðhengi við þetta vottorð.

Eftirfarandi undanþágum er beitt: Aðlaganir fyrir viðskiptavini (*) — lítil framleiðsluröð (*) —.

Aðalvefföngin þar sem hægt er að nálgast viðeigandi upplýsingar og sem hér með vottast að sé í samræmi við þau ákvæði eru talin upp í viðhengi við þetta vottorð, ásamt samskiptaupplýsingum um ábyrgan fulltrúa framleiðanda sem undirritar hér að neðan.

Ef við á: Framleiðandinn vottar hér með einnig að hafa uppfyllt skylduna sem kveðið er á um í 62. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/858 um að veita viðeigandi upplýsingar varðandi fyrri viðurkenninga þessara gerða ökutækja eigi síðar en sex mánuðum eftir dagsetningu gerðarviðurkenningar.

Gjört í … [staður]

Hinn … [dagsetning]

[undirritun] [staða]

Viðaukar:

— Viðauki A: Vefföng,

— Viðauki B: Samskiptaupplýsingar,

— Viðauki C: Gerðir ökutækja, kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga.

Til skýringar:

(*) Strikið yfir það sem á ekki við.

———

([1]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu og markaðseftirlit á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1).

VIÐAUKI A

VEFFÖNG SEM VÍSAÐ ER TIL Í ÞESSU VOTTORÐI:

———

VIÐAUKI B

SAMSKIPTAUPPLÝSINGAR FULLTRÚA FRAMLEIÐANDANS SEM VÍSAÐ ER TIL Í ÞESSU VOTTORÐI:

———

VIÐAUKI C

INNKÖLLUN ÖKUTÆKJA, KERFA, ÍHLUTA EÐA AÐSKILINNA TÆKNIEININGA:

———

2. viðbætir

Upplýsingar úr innbyggðu greiningarkerfi ökutækisins

1. Framleiðandi ökutækisins skal veita þær viðbótarupplýsingar sem krafist er í þessum viðbæti til að unnt sé að framleiða hluti til endurnýjunar eða viðgerða og greiningartæki og prófunarbúnað sem samrýmast innbyggða greiningarkerfinu.

2. Að fenginni beiðni skulu eftirfarandi upplýsingar gerðar aðgengilegar, án mismununar, öllum framleiðendum íhluta, greiningartækja eða prófunarbúnaðar:

2.1. Lýsing á gerð og fjölda formeðhöndlunarlota sem eru notaðar við upprunalega gerðarviðurkenningu ökutækisins.

2.2. Lýsing á gerð tilraunalotu innbyggða greiningarkerfisins sem er notuð við upprunalega gerðarviðurkenningu ökutækisins að því er varðar íhlut sem er vaktaður með greiningarkerfinu.

2.3. Ítarlegt skjal þar sem lýst er öllum íhlutum sem eru vaktaðir og þeirri aðferð sem notuð er til að greina bilanir og virkja bilanavísi (fastur fjöldi akturslota eða tölfræðileg aðferð), þ.m.t. skrá yfir viðeigandi annars stigs mæliþætti fyrir hvern íhlut sem er vaktaður með innbyggða greiningarkerfinu og skrá yfir alla frálagskóða innbyggða greiningarkerfisins og snið þeirra (með skýringum á hverjum kóða og sniði) sem tengjast einstökum aflrásaríhlutum, sem hafa með losun að gera, og einnig þá sem tengjast einstökum íhlutum, sem tengjast ekki losun, þar sem vöktun íhlutarins er notuð til að ákvarða virkjun bilanavísis. Þegar um er að ræða gerð ökutækis sem notaður er samskiptatengill í samræmi við ISO 15765-4 *Road vehicles, diagnostics on controller area network (CAN) — part 4: requirements for emissions-related systems* skal leggja fram heildarskýringu á gögnunum sem fást í þjónustunni $ 05 Test ID $ 21 til FF og gögnunum sem fást í þjónustunni $ 06 og heildarskýringu á gögnunum sem fást í þjónustunni $ 06 Test ID $00 til FF fyrir hvert vöktunarkenni innbyggða greiningarkerfisins.

Ef notaðir eru aðrir staðlar fyrir samskiptareglur skal veita jafngilda heildarskýringu.

Þessar upplýsingar má setja fram í töflu undir eftirfarandi fyrirsögnum raða og dálka:

Íhlutur; Bilanakóði; Vöktunaraðferð; Viðmiðanir fyrir bilanagreiningu; Viðmiðanir fyrir virkjun bilanavísis; Annars stigs mæliþættir; Formeðhöndlun; Tilraunaprófun.

Hvata-/súrefnisskynjari P0420; Merki 1 og 2; Mismunur á merkjum frá skynjara 1 og 2; Snúningshraði í þriðju lotu; álag hreyfils, A/F hamur; Hiti í hvarfakút; Tvær lotur af gerð 1; Gerð 1.

3. Upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna framleiðslu á greiningartækjum

Til að auðvelda útvegun á almennum greiningartækjum fyrir viðgerðarverkstæði, sem gera við fleiri en eina gerð ökutækja, skulu framleiðendur ökutækja veita aðgang að upplýsingunum, sem um getur í liðum 3.1, 3.2 og 3.3, á vefsetrum sínum um viðgerðarupplýsingar. Þar skulu vera upplýsingar um allar aðgerðir greiningartækisins og allir tenglar við viðgerðarupplýsingar og leiðbeiningar um bilanaleit. Heimilt er að leggja hóflegt gjald á aðgang að upplýsingunum.

3.1. Upplýsingar um samskiptareglur

Veita skal eftirfarandi upplýsingar, sem skulu vera flokkaðar samkvæmt tegund ökutækis, gerð og afbrigði eða annarri nothæfri skilgreiningu, eins og t.d. verksmiðjunúmer ökutækis eða auðkenni ökutækis og kerfis:

3.1.1. öll viðbótarupplýsingakerfi um samskiptareglur sem eru nauðsynleg fyrir fullnaðargreiningu til viðbótar við staðlana sem mælt er fyrir um í lið 4.7.3 í viðauka 9B við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 49 og í lið 6.5.1.4 í 11. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 83, þ.m.t. allur viðbótarvélbúnaður eða upplýsingar um hugbúnaðar-samskiptareglur, auðkenning mæliþátta, færsluaðgerðir, kröfur um að halda tengingunni virkri (e. *„keep alive“ requirements*), eða villuskilyrði,

3.1.2. upplýsingar um hvernig megi nálgast og túlka alla þá bilanakóða sem uppfylla ekki staðlana sem lýst er í lið 4.7.3 í viðauka 9B við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 49 og í lið 6.5.1.4 í 11. viðauka við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 83,

3.1.3. listi yfir alla tiltæka mæliþætti rauntímagagna, þ.m.t. upplýsingar um skölun og aðgang,

3.1.4. listi yfir allar tiltækar aðgerðaprófanir, þ.m.t. virkjun eða stjórnun tækja og hvernig þær skulu framkvæmdar,

3.1.5. upplýsingar um hvernig nálgast megi upplýsingar um íhluti og stöðu, tímastimpla, fyrirliggjandi greiningarkóða bilana og læst mæligildi,

3.1.6. endurstilling mæliþátta fyrir aðlögunarnám, afbrigðiskóðun og uppsetning íhluta til endurnýjunar og valkostir viðskiptavina,

3.1.7. auðkenni rafstýringareiningar og afbrigðiskóðun,

3.1.8. upplýsingar um endurstillingu þjónustuljósa,

3.1.9. staðsetning greiningartengingar og upplýsingar um tengi,

3.1.10. auðkenni hreyfilkóða.

3.2. Prófun og greining á íhlutum sem eru vaktaðir með innbyggðu greiningarkerfi

Skylt er að veita eftirfarandi upplýsingar:

3.2.1. lýsing á prófunum til að staðfesta virknina, við íhlutinn eða í leiðsluknippinu,

3.2.2. upplýsingar að því er varðar prófunaraðferðina ásamt mæliþáttum og upplýsingum um íhluti,

3.2.3. upplýsingar um tengingar, þ.m.t. hámarks- og lágmarksílag og hámarks- og lágmarksfrálag, ásamt aksturstölum og álagsgildum,

3.2.4. gildi sem vænta má við tiltekin akstursskilyrði, þ.m.t. lausagang,

3.2.5. spennugildi íhlutarins í kyrrstöðu og virkri stöðu,

3.2.6. bilunargildi fyrir sérhverjar aðstæðurnar,

3.2.7. bilanagreiningarröð, þ.m.t. bilunartré og leiðbeinandi útilokunargreining.

3.3. Gögn sem nauðsynleg eru fyrir viðgerð

Skylt er að veita eftirfarandi upplýsingar:

3.3.1. frumstilling íhluta og rafstýringareiningar (ef verið er að setja í varahluti),

3.3.2. frumstilling nýrrar rafstýringareiningar eða varahlutar, með „pass-through“ (endur)forritunaraðferðum, þar sem við á.

———

XI. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

1. Reglugerð (EB) nr. 715/2007

Reglugerð (EB) nr. 715/2007	Þessi reglugerð
2. mgr. 1. gr.	2. liður 1. mgr. 86. gr.
14. og 15. liður 3. gr.	48. og 45. liður 3. gr.
6. gr.	*61. gr.*
7. gr.	*63. gr.*
8. gr.	—
9. gr.	—
e-liður 2. mgr. 13. gr.	5. liður 1. mgr. 86. gr.

2. Reglugerð (EB) nr. 595/2009

Reglugerð (EB) nr. 595/2009	Þessi reglugerð
Önnur málsgrein 1. gr.	Liður 2 í 1. mgr. 87. gr.
11. og 13. liður 3. gr.	48. og 45. liður 3. gr.
6. gr.	*61. gr.*
e-liður 2. mgr. 11. gr.	a-liður 3. mgr. 84. gr.

3. Tilskipun 2007/46/EB

Tilskipun 2007/46/EB	Þessi reglugerð
1. gr.	1. mgr. 1. gr.
—	2. mgr. 1. gr.
2. gr.	*2. gr.*
1. liður 3. gr.	—
2. liður 3. gr.	—
3. liður 3. gr.	1. liður 3. gr.
4. liður 3. gr.	3. liður 3. gr.
5. liður 3. gr.	2. liður 3. gr.
6. liður 3. gr.	6. liður 3. gr.
7. liður 3. gr.	8. liður 3. gr.
8. liður 3. gr.	9. liður 3. gr.
9. liður 3. gr.	10. liður 3. gr.
10. liður 3. gr.	11. liður 3. gr.
11. liður 3. gr.	16. liður 3. gr.
12. liður 3. gr.	17. liður 3. gr.
13. liður 3. gr.	15. liður 3. gr.
14. liður 3. gr.	—
15. liður 3. gr.	—
16. liður 3. gr.	—
17. liður 3. gr.	32. liður 3. gr.
18. liður 3. gr.	24. liður 3. gr.

Tilskipun 2007/46/EB	Þessi reglugerð
19. liður 3. gr.	25. liður 3. gr.
20. liður 3. gr.	26. liður 3. gr.
21. liður 3. gr.	27. liður 3. gr.
22. liður 3. gr.	28. liður 3. gr.
23. liður 3. gr.	18. liður 3. gr.
24. liður 3. gr.	19. liður 3. gr.
25. liður 3. gr.	20. liður 3. gr.
26. liður 3. gr.	—
27. liður 3. gr.	40. liður 3. gr.
28. liður 3. gr.	41. liður 3. gr.
29. liður 3. gr.	36. liður 3. gr.
30. liður 3. gr.	—
31. liður 3. gr.	38. liður 3. gr.
32. liður 3. gr.	54. liður 3. gr.
33. liður 3. gr.	4. liður 3. gr.
34. liður 3. gr.	—
35. liður 3. gr.	—
36. liður 3. gr.	5. liður 3. gr.
37. til 40. liður 3. gr.	—
—	7. liður 3. gr.
—	12., 13. og 14. liður 3. gr.
—	21., 22. og 23. liður 3. gr.
—	29., 30., 31., 33., 34. og 35. liður 3. gr.
—	37. liður 3. gr.
—	39. liður 3. gr.
—	42. til 53. liður 3. gr.
—	55. til 58. liður 3. gr.
—	2. og 3. mgr. 5. gr.
—	Þriðja undirgrein 1. mgr. og 2. og 3. mgr. 6. gr.
—	2., 3. og 4. mgr. 7. gr.
1. mgr. 4. gr.	—
2. mgr. 4. gr.	1. mgr. 7. gr.
Fyrsta undirgrein 3. mgr. 4. gr.	4. mgr. 6. gr.
Önnur undirgrein 3. mgr. 4. gr.	Fyrsta undirgrein 5. mgr. 6. gr.
4. mgr. 4. gr.	Fyrsta og önnur undirgrein 1. mgr. 6. gr.
—	Önnur undirgrein 5. mgr. og 6. til 10. mgr. 6. gr.
—	*8. gr.*
—	*9. gr.*
—	*10. gr.*
—	*11. gr.*
—	*12. gr.*
1. mgr. 5. gr.	1. mgr. og fyrsta undirgrein 2. mgr. 13. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 5. gr.	Önnur undirgrein 2. mgr. 13. gr.

Tilskipun 2007/46/EB	Þessi reglugerð
Önnur undirgrein 2. mgr. 5. gr.	3. mgr. 13. gr.
3. mgr. 5. gr.	Fyrsti málsliður 4. mgr. 13. gr.
—	Annar málsliður 4. mgr. og 5. til 10. mgr. 13. gr.
—	*14. gr.*
—	*15. gr.*
—	*16. gr.*
—	*17. gr.*
—	*18. gr.*
—	*19. gr.*
—	*20. gr.*
—	*21. gr.*
1. mgr. 6. gr.	1. mgr. 22. gr.
—	2. og 4. mgr. 22. gr.
2. mgr. 6. gr.	1. mgr. 25. gr.
3. mgr. 6. gr.	—
4. mgr. 6. gr.	2. mgr. 25. gr.
5. mgr. 6. gr.	5. og 6. mgr. 22. gr. og 3. mgr. 25. gr.
6. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 7. gr.	*23. gr.*
7. mgr. 6. gr. og 3. mgr. 7. gr.	4. mgr. 25. gr.
8. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 7. gr.	4. mgr. 30. gr.
2. mgr. 7. gr.	24. gr.
1. og 2. mgr. 8. gr.	1. og 3. mgr. 26. gr.
—	2. og 4. mgr. 26. gr.
3. mgr. 8. gr.	5. mgr. 26. gr.
4. mgr. 8. gr.	2. mgr. 28. gr.
5. til 8. mgr. 8. gr.	1. og 2. mgr. 27. gr.
—	3. mgr. 27. gr.
1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 5. gr.
2. mgr. 9. gr.	3. mgr. 22. gr.
—	1. og 3. mgr. 28. gr.
3. mgr. 9. gr.	4. mgr. 28. gr.
4. mgr. 9. gr.	5. mgr. 28. gr.
5. mgr. 9. gr.	—
6. og 7. mgr. 9. gr.	6. og 7. mgr. 28. gr.
1. og 2. mgr. 10. gr.	1. mgr. 29. gr.
3. mgr. 10. gr.	2. mgr. 29. gr.
4. mgr. 10. gr.	3. mgr. 29. gr.
11. gr.	1. og 2. mgr. og 5. til 8. mgr. 30. gr.
1. mgr. 12. gr.	1. mgr. 31. gr.
—	2. mgr. 31. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 12. gr.	3. mgr. 31. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 12. gr.	4. mgr. 31. gr.
—	5., 6. og 8. mgr. 31. gr.

Tilskipun 2007/46/EB	Þessi reglugerð
3. mgr. 12. gr.	7. mgr. 31. gr.
—	*32. gr.*
1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 33. gr.
2. mgr. 13. gr.	2. mgr. 33. gr.
3. mgr. 13. gr.	3. og 4. mgr. 33. gr.
—	5. mgr. 33. gr.
1. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 15. gr.	1. mgr. 34. gr.
2. mgr. 14. gr. og 2. mgr. 15. gr.	2. mgr. 34. gr.
3. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 15. gr.	3. mgr. 34. gr.
4. mgr. 14. gr.	4. mgr. 34. gr.
1. og 2. mgr. 16. gr.	1. mgr. 27. gr.
3. mgr. 16. gr.	2. mgr. 27. gr.
1. til 4. mgr. 17. gr.	2. til 5. mgr. 35. gr.
1. og 3. mgr. 18. gr.	1. og 4. mgr. 36. gr.
—	2. mgr. 36. gr.
2. mgr. 18. gr.	5. mgr. 36. gr.
—	6. og 7. mgr. 36. gr.
4. mgr. 18. gr.	8. og 9. mgr. 36. gr.
5. og 6. mgr. 18. gr.	4. mgr. 36. gr.
7. mgr. 18. gr.	2. mgr. 37. gr.
8. mgr. 18. gr.	3. mgr. 36. gr.
—	1. mgr. og 3.-9. mgr. 37. gr.
—	1. mgr. 38. gr.
1. og 2. mgr. 19. gr.	2. mgr. 38. gr.
3. mgr. 19. gr.	3. mgr. 38. gr.
1. mgr. 20. gr.	1. mgr. 39. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 20. gr.	4. mgr. 39. gr.
a-, b- og c-liður 2. mgr. 20. gr.	2. mgr. 39. gr.
3. mgr. 20. gr.	5. mgr. 39. gr.
Fyrsta undirgrein 4. mgr. 20. gr.	3. mgr. 39. gr.
Önnur undirgrein 4. mgr. 20. gr.	6. mgr. 39. gr.
Þriðja undirgrein 20. mgr. 4. gr.	7. mgr. 39. gr.
5. mgr. 20. gr.	—
21. gr.	*40. gr.*
22. gr.	*41. gr.*
1. mgr. 23. gr.	1. mgr. 42. gr.
2. og 3. mgr. 23. gr.	2. mgr. 42. gr.
4. mgr. 23. gr.	3. mgr. 42. gr.
5. mgr. 23. gr.	4. mgr. 42. gr.
—	5. mgr. 42. gr.
Fyrsta undirgrein 6. mgr. 23. gr.	1. og 2. mgr. 43. gr.
Önnur undirgrein 6. mgr. 23. gr.	3. mgr. 43. gr.
Þriðja undirgrein 23. mgr. 6. gr.	4. mgr. 43. gr.

Tilskipun 2007/46/EB	Þessi reglugerð
7. mgr. 23. gr.	5. mgr. 43. gr.
—	*44. gr.*
24. gr.	*45. og 46. gr.*
25. gr.	*47. gr.*
1. mgr. 26. gr.	1. mgr. 48. gr.
2. mgr. 26. gr.	—
3. mgr. 26. gr.	2. mgr. 48. gr.
27. gr.	*49. gr.*
28. gr.	*50. gr.*
—	*51. gr.*
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 29. gr.	1. og 3. mgr. 52. gr.
—	2. mgr. 52. gr.
—	4. mgr. 52. gr.
Önnur undirgrein 1. mgr. 29. gr.	1. og 2. mgr. 53. gr.
—	3. og 4. mgr. 53. gr.
2. mgr. 29. gr.	Fyrsta undirgrein 5. mgr. 53. gr.
—	Önnur undirgrein 5. mgr. og 6. og 8. mgr. 53. gr.
3. mgr. 29. gr.	7. mgr. 53. gr.
4. mgr. 29. gr.	—
1. mgr. 30. gr.	1. mgr. 53. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 30. gr.	2. mgr. 53. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 30. gr.	—
3. mgr. 30. gr.	1. mgr. 54. gr.
4. mgr. 30. gr.	2. og 3. mgr. og fyrsta undirgrein 4. mgr. 54. gr.
5. mgr. 30. gr.	Önnur undirgrein 4. mgr. 54. gr.
6. mgr. 30. gr.	5. mgr. 54. gr.
1. til 4. mgr. 31. gr.	*55. gr.*
Fyrsta undirgrein 5. mgr. 31. gr.	1. mgr. 56. gr.
Önnur og þriðja undirgrein 5. mgr. 31. gr.	2. mgr. 56. gr.
6. og 7. mgr. 31. gr.	—
8. mgr. 31. gr.	3. mgr. 56. gr.
9. mgr. 31. gr.	4. mgr. 56. gr.
—	5. mgr. 56. gr.
10. mgr. 31. gr.	6. mgr. 56. gr.
11. mgr. 31. gr.	—
Fyrsta undirgrein 12. mgr. 31. gr.	7. mgr. 56. gr.
Önnur undirgrein 12. mgr. 31. gr.	—
13. mgr. 31. gr.	—
32. gr.	*53. gr.*
33. gr.	—
1. mgr. 34. gr.	1. mgr. 57. gr.
2. mgr. 34. gr.	2. mgr. 57. gr.
3. og 4. mgr. 34. gr.	—

Tilskipun 2007/46/EB	Þessi reglugerð
35. gr.	*58. gr.*
36. gr.	—
37. gr.	*59. gr.*
38. gr.	*60. gr.*
—	*62. gr.*
—	*64. gr.*
—	*65. gr.*
—	*66. gr.*
—	*67. gr.*
39. gr.	*82. gr.*
40. gr.	*83. gr.*
1. og 3. mgr. 41. gr.	1. mgr. 68. gr.
2. mgr. 41. gr.	1. mgr. 80. gr.
4. mgr. 41. gr.	*70. gr.*
5. mgr. 41. gr.	2. mgr. 68. gr.
—	3. og 4. mgr. 69. gr.
6. mgr. 41. gr.	1. mgr. 72. gr.
7. mgr. 41. gr.	2. og 3. mgr. 72. gr.
8. mgr. 41. gr.	5. mgr. 68. gr.
—	*69. gr.*
—	*71. gr.*
42. gr.	*73. gr.*
1. og 3. mgr. 43. gr.	1. mgr. 74. gr.
2. mgr. 43. gr.	2. mgr. 74. gr.
4. mgr. 43. gr.	75. gr.
5. mgr. 43. gr.	3. mgr. 74. gr.
—	*76. gr.*
—	*77. gr.*
—	*78. gr.*
—	*79. gr.*
—	2. og 3. mgr. 80. gr.
—	*81. gr.*
44. gr.	*89. gr.*
45. gr.	*91. gr.*
46. gr.	*84. gr.*
—	*85. gr.*
47. gr.	*90. gr.*
48. gr.	—
49. gr.	*88. gr.*
—	*86. gr.*
—	*87. gr.*
50. gr.	*91. gr.*
51. gr.	—

Tilskipun 2007/46/EB	Þessi reglugerð
I. og III. viðauki	4. mgr. 24. gr.
1. liður til liðar 1.3.4 í A-hluta í II. viðauka	*4. gr.*
2. liður til liðar 6.2 í A-hluta, B-hluti og 1. og 2. viðbætir við C-hluta í II. viðauka	I. viðauki
IV. viðauki	I. og II. hluti í II. viðauka
1. og 2. viðbætir V. viðauka	III. viðauki
3. viðbætir við V. viðauka,	3. mgr. 30. gr.
VI., VII. og VIII. viðauki	3. mgr. 28. gr.
IX. viðauki	3. mgr. 36. gr.
X. viðauki	IV. viðauki
XI. viðauki	III. hluti í IV. viðauka
XII. viðauki	V. viðauki
XIII. viðauki	VI. viðauki
XIV. viðauki	—
XV. viðauki	VII. viðauki
XVI. viðauki	VIII. viðauki
XVII. viðauki	IX. viðauki
—	X. viðauki
XIX. viðauki	—
XX. viðauki	—
XXI. viðauki	XI. viðauki

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1445 **2022/EES/29/14**

frá 23. júní 2021

um breytingu á II. og VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB ([1]), einkum 3. mgr. 5. gr. og 3. mgr. 72. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að taka tillit til tækniframfara og þróunar á sviði reglusetningar er nauðsynlegt að innleiða og uppfæra tilvísanir í stjórnvaldsfyrirmælin, sem eru skráð í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858, sem innihalda kröfurnar sem ökutæki, kerfi, íhlutar og aðskildar tæknieiningar þurfa að uppfylla.

2) Til að taka tillit til tækniframfara og þróunar á sviði reglusetningar er nauðsynlegt að uppfæra skrána yfir stjórnvaldsfyrirmælin, sem mælt er fyrir um í VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858, með hliðsjón af því að tilnefna megi framleiðanda sem tækniþjónustu, og sérstöku skilyrðin sem tilnefning til sjálfsprófunar á að uppfylla.

3) Því ætti að breyta II. og VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858 í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. og VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. júní 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 313, 6.9.2021, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 51/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1.

VIÐAUKI

Breytingar á II. og VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858

Reglugerð (ESB) 2018/858 er breytt sem hér segir:

1) Í I. hluta II. viðauka er töflunni breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslu er bætt við á undan færslunni fyrir lið 1A:

„1	Leyfilegt hljóðstig	Tilskipun 70/157/EBE	X	X	X	X	X	X					X“.

b) Í stað færslunnar fyrir lið 41A kemur eftirfarandi:

„41A	Losun þungra ökutækja (Euro VI)	Reglugerð (EB) nr. 595/2009 Reglugerð (ESB) nr. 582/2011	X ([9])	X ([9])	X	X ([9])	X ([9])	X					X“.

c) Eftirfarandi færslu er bætt við á eftir færslunni fyrir lið 41A:

„41B	Leyfi fyrir CO_2-hermitóli (þung ökutæki)	Reglugerð (EB) nr. 595/2009 Reglugerð (ESB) 2017/2400					X ([16])	X“.					

d) Eftirfarandi skýringu 16 er bætt við:

„([16]) Fyrir ökutæki með tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu sem er meiri en 7500 kg.“

2) Töflu 1 í 1. viðbæti I. hluta II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslu er bætt við á undan færslunni fyrir lið 1A:

„1	Leyfilegt hljóðstig	Tilskipun 70/157/EBE		A“.

b) Eftirfarandi kemur í stað skýringar C:

„C

Stjórnvaldsfyrirmælum er beitt sem hér segir:

a) aðeins skal uppfylla tæknilegar kröfur stjórnvaldsfyrirmælanna,

b) ekki skal krefjast gerðarviðurkenningarvottorðs,

c) tækniþjónustan eða framleiðandinn skal framkvæma prófanir og athuganir (sjá ákvarðanir fyrir bókstafinn „B“),

d) prófunarskýrsla skal samin í samræmi við III. viðauka,

e) tryggja skal framleiðslusamræmi.“

3) Eftirfarandi færslu er bætt við í töflu 2 í 1. viðbæti I. hluta II. viðauka á undan færslunni fyrir lið 1A:

„1	Leyfilegt hljóðstig	Tilskipun 70/157/EBE		A“.

4) Í töflunni undir fyrirsögninni í 4. lið 2. viðbætis I. hluta II. viðauka, (Ökutæki sem tilheyra flokki M_1), kemur eftirfarandi í stað færslunnar fyrir lið 16A:

„16A	Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 26 (útstæðir hlutar)	a) Ytra yfirborð yfirbyggingarinnar skal uppfylla almennar kröfur í 5. mgr. reglugerðar Sameinuðu þjóðanna nr. 26. b) Tækniþjónustan getur ákveðið hvort ákvæðin, sem um getur í liðum 6.1, 6.5, 6.6, 6.7, 6.8 og 6.11 í reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 26, skuli athuguð.“

5) Ákvæðum II. hluta II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar fyrir neðan fyrirsögnina kemur eftirfarandi:

„Þar sem vísað er til sértilskipunar eða sérreglugerðar í töflunni í I. hluta skal gerðarviðurkenning, sem gefin er út samkvæmt eftirfarandi reglugerðum Sameinuðu þjóðanna, eða almenn alþjóðleg gerðarviðurkenning fyrir fullbúin ökutæki, sem gefin er út samkvæmt reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 0 (*) og felur í sér gerðarviðurkenningu viðkomandi liðs samkvæmt eftirfarandi reglugerðum Sameinuðu þjóðanna sem Sambandið hefur gerst aðili að sem samningsaðili að „samkomulagi frá 1958“ sem var endurskoðað samkvæmt efnahagsnefnd Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu með skírskotun til ákvörðunar ráðsins 97/836/EB (**), eða eftirfylgjandi ákvörðunum ráðsins, eins og um getur í 3. mgr. 3. gr. þeirrar tilskipunar, teljast jafngild ESB-gerðarviðurkenningu sem veitt er samkvæmt viðkomandi sértilskipun eða sérreglugerð.

(*) Stjtíð. ESB L 135, 31.5.2018, bls. 1.
(**) Stjtíð. EB L 346, 17.12.1997, bls. 78.“

b) Í stað töflunnar kemur eftirfarandi:

„Viðfangsefni		Reglugerðir Sameinuðu þjóðanna	Röð breytinga
1 ([a])	Leyfilegt hljóðstig	51 59	02 01
1a	Leyfilegt hljóðstig (tekur ekki til hljóðviðvörunarkerfis og endurnýjunarhljóðdeyfa)	51	03
	Hljóðviðvörunarkerfi (AVAS)	138	01
	Hljóðdeyfikerfi til endurnýjunar	59	02
58	Vernd gangandi vegfarenda (nær ekki til hjálparátaks við hemlun og varnarbúnaðar að framan)	127	00
	Hjálparátakskerfi fyrir hemla	139	00
59 ([b])	Endurvinnanleiki	133	00
62 ([c])	Vetnisgeymslukerfi	134	00
65	Háþróuð neyðarhemlunarkerfi	131	01
66	Akreinavarakerfi	130	00

Ath.: Kröfur um uppsetningu, sem er að finna í sértilskipun eða sérreglugerð, skulu einnig gilda um íhluti og aðskildar tæknieiningar sem hafa verið viðurkennd í samræmi við reglugerðir Sameinuðu þjóðanna.

([a]) Númeraröð færslna í þessari töflu vísar til númeraraðarinnar í töflunni í I. hluta.

([b]) Kröfurnar, sem settar eru fram í I. viðauka við tilskipun 2005/64/EB, skulu gilda.

([c]) Gerðarviðurkenning íhlutar, sem kveðið er á um í reglugerð Sameinuðu þjóðanna um vetnisgeymslukerfi, sjálfvirka afsláttarloka, einstreymis- eða einstefnuloka og þrýstiöryggistæki sem virkjast við hita, er skyldubundin. Reglugerð Sameinuðu þjóðanna tekur enn fremur ekki til skyldubundinna efnisgæða allra íhlutanna sem falla undir 2. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 79/2009.“

6) Ákvæðum III. hluta II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 12A í 1. viðbæti kemur eftirfarandi:

„12A	Innréttingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21	C	G ([18]) + C“.		

b) Í stað liðar 15A í 1. viðbæti kemur eftirfarandi:

„15A	Sæti, sætisfestingar og höfuðpúðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17	D	G ([18]) + D	G + D ([4B])	G + D ([4B])“.

c) Í stað viðbótarkrafna varðandi sjúkrabifreiðar kemur eftirfarandi:

„Viðbótarkröfur vegna sjúkrabifreiða

Rými fyrir sjúkling í sjúkrabifreið skal uppfylla kröfur EN 1789:2007 +A1:2010 +A2:2014 um „Bifreiðar til heilbrigðisþjónustu og búnað þeirra — sjúkrabifreiðar“, að undanskildum þætti 6.5, „Skrá yfir búnað“. Sönnun fyrir því að farið sé að tilskildum ákvæðum skal veitt með prófunarskýrslu tækniþjónustunnar og heimilt er að byggja á mati sem undirverktakar eða dótturfyrirtæki tækniþjónustunnar framkvæma í samræmi við 71. gr. Ef gert er ráð fyrir rými fyrir hjólastóla skulu kröfur 3. viðbætis varðandi festibúnað fyrir hjólastóla og notendur þeirra gilda.“

d) Í stað liðar 12A í 3. viðbæti kemur eftirfarandi:

„12A	Innréttingar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 21	G ([18]) + C“.

e) Í stað liðar 15A í 3. viðbæti kemur eftirfarandi:

„15A	Sæti, sætisfestingar og höfuðpúðar	Reglugerð (EB) nr. 661/2009 Reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 17	G ([18]) + W_3“.

f) Skýringunum er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi kemur í stað skýringar 1:

„([1]) Fyrir ökutæki með viðmiðunarmassa sem er ekki meiri en 2610 kg. Að ósk framleiðanda getur reglugerð (EB) nr. 715/2007 gilt um ökutæki með viðmiðunarmassa sem er ekki meiri en 2840 kg eða, ef ökutækið er til sérstakra nota með kóðann SB sem varðar brynvarin ökutæki, um ökutæki sem hafa viðmiðunarmassa sem er meiri en 2840 kg. Að því er varðar aðgang að upplýsingum um aðra hluta en sjálft grunnökutækið (t.d. vistarverur) nægir að framleiðandinn veiti greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja.“

ii. Skýringu 18 er bætt við:

„([18]) Skýring G getur gilt um þær innréttingar ökutækisins sem breytingin hefur ekki veruleg áhrif á en þó skulu nýjar eða breyttar innréttingar uppfylla gildandi kröfur, eftir því sem við á, fyrir ökutækjaflokk M_1.“

7) Eftirfarandi röð er bætt við í 3. lið VII. viðauka á eftir færslunni fyrir lið 46A:

„46B	Ákvörðun veltiviðnáms	Reglugerð (ESB) 2017/2400, X. viðauki“.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/133 **2022/EES/29/15**

frá 4. febrúar 2021

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 að því er varðar grunnsnið og -uppbyggingu sem og aðferð við skipti á gögnum í samræmisvottorðinu á rafrænu formi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB ([1]), einkum 8. mgr. 37. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja að aðildarríki hafi nægan tíma til að skipuleggja og byggja upp gagnanet sín svo hægt sé að afhenda og taka á móti samræmisvottorðum sem formföstum gögnum á rafrænu formi þykir rétt að nota evrópska ökutækja- og ökuskírteinaupplýsingakerfið (EUCARIS) ([2]) við skipti á þeim gögnum. Evrópska ökutækja- og ökuskírteina-upplýsingakerfið var þróað af og fyrir ríkisstofnanir til að deila skráningarupplýsingum ökutækja og ökuskírteina.

2) Til að tryggja að skipti á samræmisvottorðunum fari fram með samræmdum hætti og að gagnastökin og skilaboðin sem þau innihalda séu samhæfð ættu snið og uppbygging gagnastaka samræmisvottorðanna að grundvallast á uppbyggingu og meginreglum XML-gerðarlýsingar (e. *Extensible Markup Language (XML) schema structure and principles*). Við skipti á formföstum gögnum á rafrænu formi ættu framleiðandinn og viðurkenningaryfirvaldið að nota stöðluð skilaboð um upphaflegar upplýsingar um ökutækið (e. *Initial Vehicle Information Message* (IVI-skilaboð)) sem málsaðili ökutækja- og ökuskírteinaupplýsingakerfisins þróaði en hann hefur jafnframt verið tilnefndur til að sinna starfrækslu þess.

3) Til að gera viðurkenningaryfirvaldinu og framleiðandanum kleift að gera breytingarnar á gagnastökum samræmis-vottorðsins á pappír í gagnaneti sínu, sem um getur í 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, er nauðsynlegt að mæla fyrir um hagnýtt fyrirkomulag fyrir slíkar breytingar.

4) Til að gera gerðarviðurkenningaryfirvöldum, markaðseftirlitsyfirvöldum og skráningaryfirvöldum aðildarríkjanna sem og framleiðendum kleift að undirbúa sig fyrir beitingu nýju reglnanna, sem eru innleiddar með þessari reglugerð, ætti að fresta dagsetningunni þegar þær koma til framkvæmda.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki (TCMV).

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 42, 5.2.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1.

([2]) Samsteypt útgáfa EUCARIS-samningsins um evrópskt ökutækja- og ökuskírteinaupplýsingakerfi, þ.m.t. breytingarnar sem málsaðilarnir undirrituðu 8. júní 2017.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Aðferð við skipti á gögnum

1. Framleiðandinn skal veita gerðarviðurkenningaryfirvaldinu, sem hefur heimilað heildargerðarviðurkenninguna, aðgang að rafrænni útgáfu samræmisvottorðsins, í samræmi við sniðið og uppbygginguna á gagnastökunum og stöðluðu skilaboðunum sem sett eru fram í 2. gr., í gegnum allar landsbundnar aðgangsstöðvar evrópska ökutækja- og ökuskírteinaupplýsingakerfisins í Sambandinu.

2. Viðurkenningaryfirvaldið skal nota evrópska ökutækja- og ökuskírteinaupplýsingakerfið sem miðil við skipti á gögnum í samræmisvottorðinu sem formföstum gögnum á rafrænu formi sem um getur c-lið 8. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.

2. gr.

Grunnsnið og -uppbygging gagnastaka og stöðluð skilaboð

1. Snið og uppbygging gagnastaka samræmisvottorðanna á rafrænu formi og skilaboðin sem notuð eru við gagnaskiptin, sem um getur í a-lið 8. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, skulu grundvallast á uppbyggingu og meginreglum XML-gerðarlýsingar.

2. Við skipti á samræmisvottorðum sem formföstum gögnum á rafrænu formi skulu framleiðandinn og viðurkenningaryfirvaldið nota stöðluð IVI-skilaboð sem málsaðili ökutækja- og ökuskírteinaupplýsingakerfisins þróaði en hann hefur jafnframt verið tilnefndur til að sinna starfrækslu þess.

3. IVI-skilaboðin skulu innihalda öll gagnastök samræmisvottorðsins á pappír sem um getur í 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.

3. gr.

Verklag til að breyta gagnastökum

1. Að höfðu samráði við gagnaskiptatorg vegna framkvæmdar („framkvæmdartorgið“), sem um getur í 11. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, skal framkvæmdastjórnin upplýsa málsaðila ökutækja- og ökuskírteinaupplýsingakerfisins, sem hefur verið tilnefndur til að sinna starfrækslu kerfisins, um breytingarnar á forskriftum gagnastakanna fyrir samræmisvottorðið á pappír sem um getur í 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.

2. Málsaðili ökutækja- og ökuskírteinaupplýsingakerfisins, sem hefur verið tilnefndur til að sinna starfrækslu þess, skal gera nauðsynlegu breytingarnar, sem um getur í 1. mgr. IVI-skilaboðanna, innan 3 mánaða frá því að breytingarnar á samræmisvottorðinu á pappír, sem um getur í 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. Málsaðili ökutækja- og ökuskírteinaupplýsingakerfisins, sem hefur verið tilnefndur til að sinna starfrækslu þess, skal skipuleggja og tilgreina birtingardag eða -daga fyrir breyttu útgáfu IVI-skilaboðanna, sem eru ákvarðaðir í samræmi við 2. mgr., í árlegu yfirliti og tilkynna framkvæmdartorginu og framkvæmdastjórninni um það í upphafi hvers árs. Takmarka skal birtingar IVI-skilaboða við tvær á ári.

4. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna framkvæmdartorginu um breytta útgáfu IVI-skilaboðanna og skipulagða árlega birtingardaga evrópska ökutækja- og ökuskírteinaupplýsingakerfisins.

5. Viðurkenningaryfirvöld, markaðseftirlitsyfirvöld og skráningaryfirvöld aðildarríkjanna og framleiðendur skulu innleiða breytta útgáfu IVI-skilaboðanna í kerfin sín innan 12 mánaða frá því að breytingarnar á samræmisvottorðinu á pappír, sem um getur í 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. Samræmisvottorðið, sem framleiðandinn gerir aðgengilegt í samræmi við 1. mgr. 1. gr., skal byggjast á nýjustu IVI-skilaboðunum sem endurspegla síðustu breytingarnar á samræmisvottorðinu á pappír sem um getur í 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.

7. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða dagsetningarnar sem breytingarnar á samræmisvottorðinu á pappír koma til framkvæmda, sem um getur í 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, með því að taka tillit til skipulagðra árlegra birtingardaga IVI-skilaboðanna.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2023.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1341 **2022/EES/29/16**

frá 23. apríl 2021

um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur sem varða sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja að því er varðar þreytu- og athyglisvarakerfi þeirra og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 frá 27. nóvember 2019 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra, og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis þeirra og verndunar farþega í ökutækjum og óvarinna vegfarenda, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009, (EB) nr. 79/2009 og (EB) nr. 661/2009 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 631/2009, (ESB) nr. 406/2010, (ESB) nr. 672/2010, (ESB) nr. 1003/2010, (ESB) nr. 1005/2010, (ESB) nr. 1008/2010, (ESB) nr. 1009/2010, (ESB) nr. 19/2011, (ESB) nr. 109/2011, (ESB) nr. 458/2011, (ESB) nr. 65/2012, (ESB) nr. 130/2012, (ESB) nr. 347/2012, (ESB) nr. 351/2012, (ESB) nr. 1230/2012 og (ESB) 2015/166 ([1]), einkum 6. mgr. 4. gr. og a-lið 6. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2144 er þess krafist að vélknúin ökutæki í flokkum M og N séu búin tilteknum háþróuðum ökutækjakerfum, þ.m.t. þreytu- og athyglisvarakerfum (e. *Drowsiness and Attention Warning System* (DDAW)). Í II. viðauka hennar er mælt fyrir um grunnkröfur fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar þreytu- og athyglisvarakerfi.

2) Þörf er á ítarlegum reglum um sértækar prófunaraðferðir og tæknilegum kröfum fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar þreytu- og athyglisvarakerfi.

3) Þreyta hefur neikvæð áhrif á líkamlega, vitsmunalega, skynhreyfilega og skynræna vinnslugetu ökumanns en þessir þættir eru nauðsynlegir fyrir öruggan akstur. Þreyta ökumanns á þátt í 10–25% af öllum árekstrum á vegum innan Sambandsins.

4) Með hliðsjón af 5. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2144 er þreytu- og athyglisvarakerfið kerfi sem metur árvekni ökumanns með því að greina kerfi ökutækisins og vara ökumanninn við, ef þörf krefur, í gegnum notendaskil ökutækisins.

5) Þreytu- og athyglisvarakerfi eru skilvirkari utan þéttbýlissvæða þar eð skert árvekni ökumanns vegna þreytu kemur einkum fram í akstri á löngum vegalengdum á jöfnum hraða. Enn fremur er erfitt að meta með fyrirliggjandi tækni síbreytileg aksturs- og stýrismynstur í akstri á þéttbýlissvæðum. Vélknúin ökutæki með hámarkshönnunarhraðann 70 km/klst. eða þar undir ættu því að vera undanþegin þeirri skyldu að vera búin þreytu- og athyglisvarakerfum.

6) Með þreytu- og athyglisvarakerfum er lagt mat á líkamlegt ástand manna með óbeinum hætti, s.s. með kerfisgreiningu og greiningu á aksturs- eða stýrismynstri ökumanns sem sýnir skerta árvekni vegna þreytu, og því er hvorki hægt að prófa þau kerfi að öllu leyti með því að nota safn skilgreindra prófana né með því að nota forritanlega vél sem endurskapar mannlega hegðun. Þess í stað ætti framleiðandinn að framkvæma fullgildingarprófun með mennskum þátttakendum og kynna viðurkenningaryfirvaldinu niðurstöðurnar ásamt a.m.k. einni aðferðarlýsingu prófunar til að athuga getu þreytu- og athyglisvarakerfanna til að vara þreyttan ökumann við.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 292, 16.8.2021, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 59/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síðar birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 325, 16.12.2019, bls. 1.

7) Að teknu tilliti til óbeins eðlis mælingarinnar, ólíkra áhrifa þreytu á menn og fyrirliggjandi tækni, sem er tiltölulega lítið þróuð, ætti að ákvarða frammistöðukröfurnar fyrir þreytu- og athyglisvarakerfi þannig að þær séu raunhæfar og unnt að uppfylla þær. Jafnframt ættu þær kröfur að vera hlutlausar í tæknilegu tilliti, í því skyni að styrkja þróun á nýrri tækni, og því ætti mat á frammistöðu þreytu- og athyglisvarakerfa að byggjast á tölfræðilegri nálgun þar sem tillit er annaðhvort tekið til meðalskilvirkni þátttakenda prófunarinnar eða lágmarksskilvirkni 95% þeirra. Þó ætti frekar að velja síðari kostinn því þar er gert ráð fyrir að starfsemi þreytu- og athyglisvarakerfanna verði jafnskilvirk hjá öllum ökumönnum.

8) Í þessari reglugerð ætti að ákvarða viðmiðunarkvarða til notkunar fyrir framleiðendur til að mæla þreytu ökumanna í prófunum með mennska þátttakendur. Ef framleiðendur velja að nota aðra mæliaðferð ætti að skrá hana á viðeigandi hátt og leggja ætti fram jafngildi við viðmiðunarkvarðann í þessari reglugerð.

9) Taflan í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144, sem inniheldur skrá yfir kröfurnar sem um getur í 5. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar, felur ekki í sér neina tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli að því er varðar þreytu- og athyglisvarakerfi. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að setja tilvísun í þessa reglugerð í þeim viðauka.

10) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2019/2144 til samræmis við það.

11) Þar eð reglugerð (ESB) 2019/2144 kemur til framkvæmda frá og með 6. júlí 2022 ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með sama degi.

12) Ákvæði þessarar reglugerðar eru nátengd þar sem þau fjalla um ítarlegar reglur um sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar þreytu- og athyglisvarakerfi. Vegna reglnanna, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, er nauðsynlegt að bæta við tilvísun í þessa reglugerð í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144. Því er viðeigandi að mæla fyrir um þau ákvæði í einni framseldri reglugerð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um vélknúin ökutæki í flokkum M og N, eins og skilgreint er í a- og b-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 ([2]), með hámarkshönnunarhraða yfir 70 km/klst.

2. gr.

Tæknilegar kröfur fyrir þreytu- og athyglisvarakerfi

Í 1. hluta I. viðauka er mælt fyrir um tæknilegar kröfur um viðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar þreytu- og athyglisvarakerfi.

3. gr.

Aðferðir við fullgildingu þreytu- og athyglisvarakerfa

Í 2. hluta I. viðauka er mælt fyrir um prófunaraðferðir fyrir fullgildingu framleiðanda á þreytu- og athyglisvarakerfum.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1).

4. gr.

Aðferðir við mat á tæknigögnum og sannprófun

Í 3. hluta I. viðauka er mælt fyrir um aðferðir við mat á tæknigögnum, sem framleiðandinn leggur fram, og við sannprófun viðurkenningaryfirvalda og tækniþjónustu.

5. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) 2019/2144

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

6. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 6. júlí 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

1. HLUTI

Tæknilegar kröfur fyrir þreytu- og athyglisvarakerfi

1. Skilgreiningar

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „viðbragðshegðun“: aðgerð ökutækis sem þreytu- og athyglisvarakerfið vaktar og sem varar ökumanninn síðan við um leið og þessi aðgerð á sér stað,

1.2. „viðmiðunarmörk þreytu“: greining á þreytustigi ökumanns þegar eða áður en þreytu- og athyglisvarakerfið varar ökumanninn við þreytu.

2. Almennar tæknilegar kröfur

2.1. Þreytu- og athyglisvarakerfi skal vakta þreytustig ökumanns og vara ökumanninn við í gegnum notendaskil (HMI) ökutækisins.

2.2. Þreytu- og athyglisvarakerfið skal hannað með hliðsjón af því að forðast eða lágmarka villuhlutfall kerfisins við raunveruleg akstursskilyrði.

2.3. Friðhelgi einkalífs og persónuvernd

2.3.1. Þreytu- og athyglisvarakerfið skal starfa í venjulegum notkunarham án þess að nota lífkennaupplýsingar, þ.m.t. andlitsgreiningu, um farþega ökutækisins.

2.3.2. Þreytu- og athyglisvarakerfið skal hannað þannig að það síriti og geymi gögn sem eru nauðsynleg til að kerfið virki og starfi í lokuðu hringrásarkerfi.

2.3.3. Öll vinnsla persónuupplýsinga skal fara fram í samræmi við persónuverndarlög Sambandsins.

3. Sértækar tæknilegar kröfur

3.1. Stýring þreytu- og athyglisvarakerfis

3.1.1. Ekki skal vera mögulegt fyrir ökumanninn að afvirkja þreytu- og athyglisvarakerfið handvirkt.

Þó kann að vera mögulegt fyrir ökumanninn að afvirkja viðvaranir notendaskila þreytu- og athyglisvarakerfisins handvirkt. Þegar viðvaranir notendaskila þreytu- og athyglisvarakerfisins hafa verið afvirkjaðar handvirkt skal vera mögulegt fyrir ökumanninn að endurvirkja viðvörunarkerfi notendaskila með því að nota að hámarki jafnmargar aðgerðir og þurfti til að afvirkja kerfið.

3.1.2. Þreytu- og athyglisvarakerfið skal afvirkjast sjálfkrafa við aðstæður sem framleiðandinn skilgreinir fyrir fram. Slíkar aðstæður fela m.a. í sér þegar ökumaðurinn afvirkjar viðvaranir (liður 3.1.1). Þreytu- og athyglisvarakerfið skal endurvirkjast sjálfkrafa um leið og skilyrðin, sem leiddu til þess að það afvirkjaðist sjálfkrafa, eru ekki lengur fyrir hendi.

3.1.3. Þreytu- og athyglisvarakerfið, þ.m.t. viðvaranakerfi notendaskila, skal sjálfkrafa endurheimt í venjulegan notkunarham í hvert sinn sem aðalstýrirofi ökutækisins er virkjaður. Framleiðandi ökutækisins getur valið að bæta við skilyrði í tengslum við slíka sjálfvirka endurheimt: þegar hurð ökumanns hefur verið opnuð eða ökutækið hefur ekki verið í gangi í að hámarki 15 mínútur.

3.1.4. Þreytu- og athyglisvarakerfið skal endurvirkjast sjálfkrafa við hraða yfir 70 km/klst.

3.1.5. Þegar þreytu- og athyglisvarakerfið hefur verið virkjað skal það starfa á hefðbundinn hátt innan hraðasviðsins 65 km/klst. til 130 km/klst. eða á leyfilegum hámarkshraða ökutækisins, hvor hraðinn sem er minni.

Þreytu- og athyglisvarakerfið skal ekki afvirkjast sjálfkrafa við hraða yfir 130 km/klst. (jafnvel þótt hægt sé að aðlaga starfsemi kerfisins að óreglulegum aðstæðum).

3.1.6. Ekki skulu líða meira en 5 mínútur frá því að ökutækið uppfyllir virkjunarviðmiðanirnar, sem eru settar fram í lið 3.1.4, þar til virk vöktun þreytu- og athyglisvarakerfisins á þreytu ökumanns hefst.

3.1.7. Ef viðvörun er gefin meðan á lærdómsfasa þreytu- og athyglisvarakerfisins stendur (þar sem mögulegt er að kvarða kerfisbreytur þannig að þær henti hegðunar- og akstursmynstri ökumanns sem best) telst lærdómsfasanum lokið.

Virkjunartími lærdómsfasans skal hefjast þegar öll skilyrði fyrir virkjun þreytu- og athyglisvarakerfisins, sem um getur í liðum 3.1 og 3.2, hafa verið uppfyllt.

3.2. Umhverfisskilyrði

3.2.1. Þreytu- og athyglisvarakerfið skal starfa með skilvirkum hætti að degi sem nóttu til.

3.2.2. Þreytu- og athyglisvarakerfið skal starfa þegar veðurskilyrði takmarka ekki starfsemi kerfisins.

3.2.3. Þreytu- og athyglisvarakerfið skal að lágmarki starfa á skilvirkan hátt á vegum með mörgum aðskildum akreinum, með eða án miðdeilis, þegar akreinamerkingar eru sýnilegar báðum megin við akreinina.

3.3. Vöktun á þreytu ökumanns

3.3.1. Þreytu- og athyglisvarakerfið skal vara ökumanninn við á þreytustigi sem jafngildir 8 eða þar yfir á viðmiðunarkvarða fyrir syfju sem er settur fram í viðbætinum (*Karolinska Sleepiness Scale* (KSS)), hér á eftir nefndur „KS-kvarðinn“.

Þreytu- og athyglisvarakerfið getur varað ökumanninn við á þreytustigi sem jafngildir 7. stigi á KS-kvarðanum.

Auk þess getur framleiðandi gefið upplýsingar á notendaskilum áður en viðvörun er gefin.

Í 2. hluta eru settar fram ítarlegar kröfur fyrir fullgildingu framleiðandans á þreytu- og athyglisvarakerfinu.

3.3.2. Nota skal þreytu- og athyglisvarakerfið til að fylgjast með öðrum ökutækjakerfum til að greina vísbendingar um þreytu við akstur. Slíkar akstursvísbendingar kunna að ná yfir en takmarkast þó ekki við eftirfarandi:

a) fækkun örleiðréttinga í stýringu ökutækis ásamt fjölgun stórra og skjótra leiðréttinga,

b) meiri breytileika í hliðarstöðu ökutækis á akrein.

Ráðlagt er nota þreytu- og athyglisvarakerfið til að fylgjast með öðrum ökutækjakerfum í því skyni að greina vísbendingar um þreytu við akstur með því að vakta stöðu ökutækis á akrein, þ.e. staðsetningu ökutækisins miðað við hliðarmerkingar akreinar, eða stýrisílag, þ.e. greining á því hvernig ökumaður stjórnar stýrishjólinu, t.d. hlutfall þess að stýrishjóli sé snúið í andstæða átt, hlutfall þess að farið sé út af réttri stefnu (e. *yaw rate*), staðlað frávik frá stöðu á akrein o.s.frv.

Heimilt er að nota aðra aðferð við mælingu á frammistöðu ökumanns með því að greina ökutækjakerfi („breytur“), að því tilskildu að mælingin á þreytu ökumanns sé áreiðanleg og traust.

Hægt er að nota eina eða fleiri breytur til viðbótar við það sem ráðlagt er í annarri undirgrein liðar 3.3.2 til að stuðla að áreiðanleika og traustleika kerfisins. Dæmi um slíkar breytur eru m.a.: viðbótarökutækjabreytur, tímabreytur (tímamæling sem tengist beint stjórnun ökumannsins á ökutækinu), lífeðlisfræðilegir breytur og stjórnunarbreytur ökutækis.

3.4. Kröfur fyrir notendaskil

3.4.1. Eðli viðvörunar

3.4.1.1. Sjónræn og hljóðræn viðvörun eða önnur viðvörun, sem þreytu- og athyglisvarakerfið notar til að gera ökumanni viðvart, skal gefin eins fljótt og auðið er eftir tilkomu viðbragðshegðunar og viðvörunin getur orðið tíðari og magnast upp þar til ökumaðurinn bregst við henni.

Viðbrögð ökumanns geta falið í sér úrbætur á aksturslagi sem byggist á ílagi sem þreytu- og athyglisvarakerfið notar (aðferðinni verður lýst í gögnunum sem framleiðandinn leggur fram).

3.4.2. Sjónræn viðvörun

3.4.2.1. Sjónræn viðvörun skal staðsett þannig að hún sé auðsýnileg og auðgreinanleg jafnt að degi sem nóttu til og vera aðgreinanleg frá öðrum aðvörunum.

3.4.2.2. Sjónræn viðvörun skal vera stöðugt eða blikkandi merki (t.d. gaummerki, sprettiskilaboð o.s.frv.).

3.4.2.3. Mælt er með því að öll ný tákn, sem þróuð eru til notkunar sem sjónrænar þreytu- og athyglisvaraviðvaranir, séu útbúin með því að nota þætti sem svipar til þátta sem samrýmast staðlinum ISO 2575:2010+A7:2017 K.21 og/eða staðlinum ISO 2575:2010+A7:2017 K.24.

3.4.2.4. Mælt er með því að birtuskil milli táknsins og bakgrunnsins við sólarljós, í ljósaskiptunum og myrkri samrýmist staðlinum ISO 15008:2017.

3.4.2.5. Ekki ætti að nota eftirfarandi aðvörunar- og bakgrunnslitasamsetningar fyrir sjónræna viðvörun: rautt/grænt, gult/blátt, gult/rautt, rautt/fjólublátt.

3.4.3. Hljóðræn viðvörun

3.4.3.1. Ökumaðurinn skal geta auðveldlega greint hljóðrænu viðvörunina.

3.4.3.2. Meirihluti hljóðrænna viðvarana skal falla undir tíðnirófið 200–8 000 Hz og sveifluvíddarbilið 50–90 dB.

3.4.3.3. Ef talviðvaranir eru notaðar skal orðaforðinn, sem er notaður, vera í samræmi við hvers konar texta sem er notaður sem hluti af sjónrænni viðvörun.

3.4.3.4. Heyranlegi hluti viðvörunarinnar skal vara í a.m.k. þann tíma sem gerir ökumanninum kleift að skilja hana.

3.5. Viðvörun um bilun í þreytu- og athyglisvara

3.5.1. Stöðugt sjónrænt viðvörunarmerki um bilun (t.d. viðvörun sem endurspeglar viðeigandi bilanagreiningarkóða fyrir kerfið, gaummerki, sprettiskilaboð o.s.frv.) skal gefið þegar bilun greinist í þreytu- og athyglisvarakerfinu sem veldur því að það uppfyllir ekki kröfur þessa viðauka.

Hægt er að nota tímabundið sjónrænt viðvörunarmerki um bilun sem viðbótarupplýsingar við stöðugt viðvörunarljósmerki um bilun

3.5.2. Ekki skal líða merkjanlegur tími á milli hverrar sjálfsprófunar þreytu- og athyglisvarans og ekki skal verða seinkun á því að viðvörunarmerki um bilun birtist, ef um er að ræða rafgreinanlega bilun.

3.5.3. Þegar um er að ræða bilun sem er ekki rafgreinanleg (t.d. skyggingu skynjara að undanskilinni tímabundinni skyggingu skynjara af völdum sólarglampa), skal viðvörunarmerkið, sem mælt er fyrir um í lið 3.5.1, birtast.

3.5.4. Bilanir sem virkja viðvörunarmerkið, sem um getur í lið 3.5.1, en greinast ekki í kyrrstöðu skulu geymdar eftir greiningu og viðvörunarmerkið skal halda áfram að birtast við ræsingu ökutækisins, í hvert sinn sem aðalstýrirofi ökutækis er virkjaður, eins lengi og bilunin eða gallinn er fyrir hendi.

3.6. Ákvæði um reglubundnar prófanir á akstursháfni.

3.6.1. Að því er varðar reglubundnar prófanir á akstursháfni ökutækja skal vera mögulegt að sannprófa eftirfarandi þætti þreytu- og athyglisvarakerfisins:

a) rétta virkni kerfisins með sjónrænni athugun á stöðu bilunarviðvörunarmerkisins eftir að aðalrofi ökutækisins hefur verið virkjaður og með því að athuga allar ljósaperur; ef bilunarviðvörunarmerkið er birt á sameiginlegum fleti (svæði þar sem heimilt er að birta tvær eða fleiri upplýsingaaðgerðir eða -tákn, en þó ekki samtímis) verður fyrst að ganga úr skugga um að sameiginlegi flöturinn sé virkur áður en stöðuathugun á bilunarviðvörunarmerkinu fer fram,

b) rétta virkni kerfisins og heilleika hugbúnaðarins, með því að nota rafrænan skilflöt ökutækis á borð við þann sem mælt er fyrir um í 14. lið I. hluta III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB ([1]), ef tæknilegir eiginleikar ökutækisins gera það mögulegt og nauðsynleg gögn eru gerð aðgengileg. Framleiðendur skulu tryggja að tækniupplýsingarnar séu aðgengilegar fyrir rafrænan skilflöt ökutækisins í samræmi við 6. gr. framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/621 ([2]).

3.6.2. Þegar gerðarviðurkenning fer fram skal í mati á tæknigögnunum, skv. 3. hluta, lýsa í trúnaði þeim úrræðum sem framleiðandinn hefur valið til að verja virkni bilunarviðvörunarmerkisins gegn einföldum óheimiluðum breytingum. Að öðrum kosti telst þessi krafa um vörn uppfyllt ef annað kerfi er fyrir hendi til að fylgjast með því hvort þreytu- og athyglisvarakerfið starfi rétt.

Viðbætir við 1. hluta

Viðmiðunarkvarði fyrir syfju í tengslum við þreytu- og athyglisvarakerfi

(Karolinska Sleepiness Scale)

Flokkun	Lýsing í orðum
1.	Afar vökull
2	Mjög vökull
3	Vökull
4	Frekar vökull
5	Hvorki vökull né syfjaður
6	Nokkur merki um syfju
7	Syfjaður, ekki erfitt að halda sér vakandi
8	Syfjaður, nokkuð erfitt að halda sér vakandi
9	Mjög syfjaður, afar erfitt að halda sér vakandi, barátta við svefn.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/45/ESB frá 3. apríl 2014 um reglubundnar prófanir á akstursháfni vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um niðurfellingu á tilskipun 2009/40/EB (Stjtíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 51).

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/621 frá 17. apríl 2019 um þær tæknilegu upplýsingar sem eru nauðsynlegar fyrir prófun á akstursháfni varðandi þau atriði sem á að prófa, um notkun á þeim prófunaraðferðum sem mælt er með og um að koma á ítarlegum reglum um gagnasnið og málsmeðferðarreglur um aðgang að viðkomandi tæknilegum upplýsingum (Stjtíð. ESB L 108, 23.4.2019, bls. 5).

2. HLUTI

Prófunaraðferðir við fullgildingu á þreytu- og athyglisvarakerfum

1. Fullgildingarprófun framleiðanda

1.1. Almennar kröfur

1.1.1. Framleiðendur skulu framkvæma fullgildingarprófun til að tryggja að þreytu- og athyglisvarakerfi geti vaktað þreytu ökumanna á nákvæman, traustan og vísindalega gildan hátt.

1.1.2. Fullgildingarprófunin á þreytu- og athyglisvara skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2.–8. lið. Framleiðandinn skal skrá fullgildingarferlið í upplýsingamöppuna sem framleiðandinn á að leggja fram í samræmi við 3. hluta.

2. Prófunarkröfur

2.1. Fullgildingarprófun skal fara fram með því að nota mennska þátttakendur. Að öðrum kosti skulu gögnin, sem notuð eru til fullgildingar, byggjast á atferlisgögnum sem safnað er frá mennskum þátttakendum.

2.2. Hver fullgildingarprófun, þar sem mennskur þátttakandi stýrir vélknúnu ökutæki á raunverulegum vegi án hermunar, skal fela í sér öryggisráðstöfun.

Gripið skal inn í með öryggisráðstöfuninni ef ökumaðurinn verður þreyttur þannig að hann getur ekki lengur stýrt vélknúna ökutækinu á öruggan hátt.

Ef öryggisráðstöfunin er notuð til að grípa inn í skal upprunalega þátttakandanum ekki heimilt að aka lengur sem þátttakandi í prófuninni.

Ef öryggisráðstöfunin felur í sér varaökumann skal krefjast viðeigandi öryggisúrræðis (t.d.: tvöfaldra fetla).

Þegar öryggisráðstöfunin er notuð til að grípa inn í skal öryggisáætlun, sem hefur verið undirbúin fyrir þessa prófun, koma til framkvæmda. Til dæmis: annar óþreyttur ökumaður tekur við aðalstjórn ökutækisins og þreytta ökumanninum skal ekki leyfilegt að halda áfram akstri.

2.3. Ef fullgildingarprófun er framkvæmd í hermi skal framleiðandinn skrá takmarkanir hennar með tilliti til raunverulegrar prófunar á opnum vegi í því skyni að prófa þreytu- og athyglisvarakerfið. Slík skráning mun fela í sér samanburð á aðalílagsgögnum, sem eru notuð fyrir þreytu- og athyglisvarakerfið, úr herminum og aðalílagsgögnum frá ökutækinu við raunveruleg skilyrði og greiningu á lögmæti niðurstaðna fullgildingarinnar sem hermt er eftir.

3. Prófunarþættir

3.1. Sérhver þátttakandi prófunar skal skila a.m.k. 1 sannjákvæðum eða 1 falsneikvæðum atburði eins og um getur í liðum 5.1.4 og 5.1.5. Heildarfjöldi atburða, sem fæst með summu sannjákvæðra og falsneikvæðra atburða, skal jafngilda 10 eða þar yfir. Hið minnsta 10 þátttakendur skulu vera í hverju úrtaki. Leyfilegt er að framkvæma fleiri en eina prófun fyrir hvern þátttakanda til að afla meiri gagna um tiltekinn þátttakanda.

Fyrst skal reikna út næmi hvers þátttakanda, síðan skal reikna út meðaltal næmis og staðalfrávik skal reiknað út frá næmigildum hvers þátttakanda.

Leyfilegt er að setja fram niðurstöður úr prófun á undirhópi þátttakenda í stórri prófun til hafa eingöngu þátttakendur sem henta framangreindri lýsingu.

3.2. Skrá skal allar niðurstöður frá þátttakendum, sem uppfylla kröfurnar í lið 3.1, í tengslum við fullgildinguna. Ekki er leyfilegt að undanskilja niðurstöður frá þátttakendum með a.m.k. 1 sannjákvæða eða 1 falsneikvæða niðurstöðu.

3.3. Þátttakendur skulu samsvara lýðfræðilegum markhópi fyrir ökutækið (t.d. þátttakendur með gilt ökuskírteini til að stjórna ökutækinu sem þreytu- og athyglisvarakerfið hefur verið uppsett í).

3.4. Enginn af þátttakendunum 10, sem a.m.k. taka þátt í prófuninni, skulu taka þátt í þróun þreytu- og athyglisvarakerfisins. Uppfylla skal eina af samþykktarviðmiðunum í 8. lið með og án niðurstaðna frá viðbótarþátttakendunum sem taka þátt í þróun þreytu- og athyglisvarakerfisins.

4. Umhverfisskilyrði

4.1. Kerfið skal að lágmarki prófað við skilyrði að degi og nóttu til, samkvæmt lið 4.1.1 eða 4.1.2, og skal kerfið skrá a.m.k. sannjákvæðan atburð fyrir hvort skilyrði (almennt séð þó ekki fyrir hvern þátttakanda sem er prófaður við skilyrði).

Ekki er nauðsynlegt að prófa hvern þátttakanda við bæði skilyrðin.

Kerfi, sem ljós hefur ekki áhrif á, þurfa ekki að uppfylla lágmarksfjölda sannjákvæðra atburða við hvert framangreindra skilyrða.

4.1.1. Fyrir prófun í vegaumhverfi án hermunar:

a) að degi til: prófun skal hefjast eftir sólarupprás og fyrir sólarlag,

b) að nóttu til: prófun skal hefjast eftir sólarlag og fyrir sólarupprás.

4.1.2. Fyrir prófun í vegaumhverfi sem hermt er eftir:

a) að degi til: skilyrði með dreifðri umhverfislýsingu (ISO 15008: 2017),

b) að nóttu til: skilyrði með lítilli umhverfisbirtu þar sem aðlögunarstig ökumannsins verður aðallega fyrir áhrifum af þeim hluta vegarins framundan sem framljós ökutækisins lýsa upp og nærliggjandi götuljósum, ásamt birtustigi skjás og mælitækja (ISO 15008: 2017).

5. Mæling á þreytu

5.1. Beiting KS-kvarðans

5.1.1. KS-kvarðinn skal notaður til að mæla þreytustig þátttakanda.

5.1.1.1. Þátttakendur skulu þjálfaðir í notkun KS-kvarðans áður en þeir beita honum sem hluta af fullgildingarprófun þreytu- og athyglisvarakerfisins.

Þjálfunarferlið skal vera hið sama fyrir alla þátttakendur.

Þjálfunarferlið skal skráð með skýrum hætti í málsskjölin sem tækniþjónustan fær afhent í samræmi við 3. hluta.

5.1.1.2. Nota skal staðlað orðalag úr viðbætinum við 1. hluta og öll stig KS-kvarðans skulu merkt.

5.1.2. Við prófanir skulu mælingar fara fram á u.þ.b. 5 mínútna fresti og reiknað er með að sérhver mæling taki til undanfarandi 5 mínútna.

Ráðlagt bil á milli mælinga gildir ekki fyrr en þátttakandinn hefur afhent fyrsta sjálfsmatið á 6. stigi KS-kvarðans eða þar yfir.

5.1.3. Meðan á fullgildingarprófunum stendur er mælst til þess að engar viðvaranir verði sendar frá þreytu- og athyglisvarakerfinu til að koma í veg fyrir breytingar á stöðu þátttakanda áður en næsta sjálfsmat hefst. Sá tími sem þreytu- og athyglisvarinn sendir frá sér viðvörun (hvort sem hún heyrist eða ekki) skal skráður til að sýna fram á með óyggjandi hætti hvort um sé að ræða sannjákvæðan atburð.

5.1.4. Hver viðvörun frá þreytu- og athyglisvarakerfinu skal meðhöndluð sem sannjákvæður atburður ef fyrra eða næsta sjálfsmat þátttakanda jafngildir 7. stigi KS-kvarðans eða þar yfir.

Þegar sannjákvæður atburður er skráður teljast gagnapunktar þessa atburðar ekki skipta máli fyrir þessa tilteknu prófun. Ef þátttakandinn heldur áfram með prófunina að lokinni hvíld skal um að ræða nýtt gagnasafn (með sama þátttakanda).

5.1.5. Ef mat á þreytu þátttakanda er undir viðmiðunarmörkum þreytu, sem um getur í lið 3.3.1 í 1. hluta, og síðara matið er yfir viðmiðunarmörkun þreytu eða jafngildir þeim (t.d. getur stigaröð matsins verið 6-8 eða 7-8) gerist annað af eftirfarandi:

a) þreytu- og athyglisvarakerfið gefur frá sér viðvörun, sem er meðhöndlað sem sannjákvæður atburður, og kerfið bindur enda á tilteknu prófunina, eins og í lið 5.1.4, eða

b) þreytu- og athyglisvarakerfið gefur ekki frá sér viðvörun, sem er meðhöndlað sem falsneikvæður atburður, nema prófunin haldi áfram í a.m.k. eitt prófunartímabil til viðbótar og þátttakandinn skili einu af eftirfarandi sjálfsmötum:

— meðan á viðbótarprófunartímabilinu stendur skal meðhöndla aflestur sem falsneikvæðan atburð ef þátttakendur skila aftur sjálfsmati sem er yfir viðmiðunarmörkum þreytu eða jafngildir þeim (matsröðin getur t.d. verið 7-8-8, 7-9-9 eða 7-9-8),

— meðan á viðbótarprófunartímabilinu stendur skal meðhöndla gagnapunktinn sem falsneikvæðan atburð og merkja hann sem frávik, ef þátttakendur skila sjálfsmati á 7. stigi KS-kvarðans (matsröðin getur t.d. verið 6-8-7, 7-8-7 eða 7-9-7); öll frávik skulu skráð í upplýsingamöppuna,

— með fyrirvara um önnur skilyrði sem hægt er að undanskilja meðan á viðbótartímabilinu stendur, ef þátttakendur skila sjálfsmati sem er undir 7. stigi KS-kvarðans, skal undanskilja gagnapunkta þessarar tilteknu prófunar heildarniðurstöðum prófunargagnanna þar eð þreytumat þátttakandans er líklega óáreiðanlegt (matsröðin getur t.d. verið 7-8-6 eða 6-8-6). Mælt er með því að þátttakendur fái viðbótarþjálfun eftir slíka niðurstöðu.

5.2. Önnur mæling/aðrar mælingar

5.2.1. Framleiðendur geta notað aðra mælingu eða aðrar mælingar til að fullgilda þreytu- og athyglisvarakerfi samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

a) ef önnur aðferð er notuð til að vakta ástand ökumanns með beinum hætti, eins og heilalínurit (EEG) eða hlutfallsleg lokun augnloka (e. *percentage of eye closure* (PERCLOS)),

b) ef önnur aðferð hentar mælingunum, sem lýst er í lið 5.1, burtséð frá þreytukvarðanum sem er notaður og/eða því tímabil sem er notað,

c) ef mælingin fer fram með greiningu á svefnmyndböndum og að sú greining sé í höndum a.m.k. þriggja matsaðila (svefnsérfræðinga) sem eiga hvorki samskipti við þátttakandann né sín á milli fyrr en matsferlinu er lokið. Þessi aðferð skal ekki taka meira en fimm mínútur.

5.2.2. Ef notaðar eru aðrar mælingar en KS-kvarðinn til að ákvarða þreytustig þátttakanda skal framleiðandinn leggja fram gögn um að aðferðin, sem var valin, sé gild og nákvæm aðferð til að meta þreytu ökumanns og að viðvörunarmörk þreytu, sem notuð eru í prófun til fullgildingar, jafngildi því stigi KS-kvarðans sem um getur í lið 3.3.1 í 1. hluta.

Að því er varðar greininguna á svefnmyndböndum er í væntanlegum gögnum fjallað um gæði myndbandsins, sem er notað, sýnileika prófunaraðstæðna fyrir þátttakandann, samræmi á milli matskvarðans og KS-kvarðans, þjálfun matsaðila (auk þess er krafist lágmarksframmistöðustigs með „samræmishlutfalli“ sem er hærra en eða jafnt og 0,70), upplýsingar um sjálfstæði matsaðila í tengslum við þróun þreytu- og athyglisvarakerfisins og lýsingu á því hvernig endanlegt mat er reiknað út miðað við ílag frá svefnsérfræðingunum.

„*Samræmishlutfall“* er stig sem er reiknað út frá mati svefnsérfræðings í kennslumyndbandi fyrir andlitstjáningu

$$\text{Samræmishlutfall} = \sum_{i=1}^{n} [1 - (|A_i - B_i|)/D]/n$$

A: „Raunverulegt“ gildi þreytumats í kennslumyndbandinu

B: Metið þreytustig af svefnsérfræðingi

D: Hámarksþreytustig samkvæmt kennslumyndbandinu

n: fjöldi gagnapunkta sem á að meta í kennslumyndbandinu

5.2.3. Ef hin mælingin notar annað tímabil en það sem er tilgreint í lið 5.1.2 skal liður 5.1.5 gilda þar sem matstímabilin eru 15 mínútur eða styttri eða 5 mínútur eða lengri.

Ef tímabilið er styttra en 5 mínútur skal túlkunin á lið 5.1.5 ekki gilda. Þess í stað verður atburður eingöngu falsneikvæður ef þreytu- og athyglisvarinn gefur ekki frá sér neina viðvörun á þeim 10 mínútum sem líða frá síðasta mati sem er undir viðmiðunarmörkum þreytu. Ef matið er yfir viðmiðunarmörkum þreytu í 5 mínútur eða lengur og því er síðan fylgt eftir með mati sem er undir viðmiðunarmörkum þreytu skal líta á gagnapunktinn sem frávik. Öll frávik skulu skráð í upplýsingamöppuna.

5.2.4. Ef tímabilin eru lengri en 15 mínútur getur tækniþjónustan íhugað að herða kröfurnar í a-lið liðar 8.1 og b-lið liðar 8.1 um það sem tilgreint er í c-lið liðar 8.1 svo betra sé að meta þreytu ökumanna á réttan hátt.

5.3. Viðbótarmælingar

Framleiðendur geta notað viðbótarmælingu eða -mælingar við KS-kvarðann eða aðrar mælingar, sem skulu skráðar á viðeigandi hátt í upplýsingamöppuna skv. 3. hluta, til að fullgilda þreytu- og athyglisvarakerfi.

Ef myndbandsgreining svefnsérfræðings er notuð sem viðbótarmæling skulu matsaðilarnir vera að lágmarki tveir, fara skal fram áreiðanleikaprófun á samræmisstigi þeirra og niðurstöðurnar skulu færðar í upplýsingamöppuna. Sýna skal fram á svipbrigði og líkamshreyfingar/-fas fyrir sérhvert stig þreytu á KS-kvarðanum (yfirleitt er um að ræða trúnaðarskjal).

6. Önnur viðmiðunarmörk þreytu

6.1. Ef notaðar eru aðrar mælingar en KS-kvarðinn til að fullgilda þreytu- og athyglisvarakerfi skal framleiðandinn gefa upp viðmiðunarmörkin, sem eru notuð, og leggja fram gögn þar sem lýst er nánar jafngildinu á milli viðmiðunarmarkanna og 8. stigs KS-kvarðans.

Ef í hinni mælingunni er notaður kvarði sem hefur færri lýsandi stig en KS-kvarðinn skal jafngildið á milli þess kvarða og KS-kvarðans vísa til lægsta samsvarandi stigs í samanburði við KS-kvarðann. Eina undantekningin varðar stigið á hinum kvarðanum sem felur í sér jafngildi við 8. stig KS-kvarðans en í því tilviki skal það vísa til hæsta samsvarandi stigs í samanburði við KS-kvarðann.

Ef „4“-stigið á hinum kvarðanum samsvarar t.d. bilinu á milli „6 og 7“ á KS-kvarðanum skal „4“ á hinum kvarðanum teljast vera „6“ á KS-kvarðanum.

Ef stig „A“ á hinum kvarðanum samsvarar bili á milli „6,5 og 8,5“ á KS-kvarðanum skal „A“ á hinum kvarðanum teljast vera „8“ á KS-kvarðanum.

6.2. Ef viðbótarmæling er notuð auk KS-kvarðans eða annarrar mælingar til að fullgilda þreytu- og athyglisvarakerfi skal framleiðandinn gefa upp viðmiðunarmörkin, sem eru notuð, og leggja fram gögn þar sem lýst er nánar jafngildinu á milli viðmiðunarmarkanna og 8. stigs á KS-kvarðanum.

7. Niðurstöður úr prófun

7.1. Framleiðandanum er einungis heimilt að eyða prófunargögnum áður en tölfræðileg greining hefst, í eftirfarandi tilvikum:

a) villa er í framkvæmd prófunaraðferðarinnar,

b) mat þátttakanda á KS-kvarðanum telst óáreiðanlegt,

c) ófullnægjandi gögnum er safnað fyrir þátttakanda (t.d. tilraunartíminn var of stuttur eða þátttakandi myndaði hvorki a.m.k. 1 sannjákvæðan atburð né 1 falsneikvæðan atburð).

7.2. Framleiðandinn skal skjalfesta allar villur, sem koma upp við prófun, sem hluta af gögnunum í upplýsingamöppunni, aðskilið frá niðurstöðum prófunarinnar, ásamt gögnunum, sem villurnar finnast í, og ástæðunni fyrir því að gögn þátttakenda séu undanskilin tölfræðilegu greiningunni, ef við á.

8. Samþykktarviðmiðanir

8.1. Tækniþjónustan skal telja þreytu- og athyglisvarakerfi skilvirkt ef eftirfarandi krafa a eða b er uppfyllt sem breytt, ef nauðsyn krefur, með kröfu c fyrir prófanir þar sem notað er lengra tímabil en 15 mínútur og með kröfu d fyrir prófanir sem gerðar eru í umhverfi sem hermt er eftir:

a) meðaltal næmis er yfir 40% (næmi er reiknað út frá meðaltali næmis fyrir alla þátttakendur),

b) neðri mörk frá 90% öryggisbilinu fyrir niðurstöður á næmi skulu vera yfir 20%. Það þýðir að 95% þátttakendanna hafa tölfræðilega séð meðaltal næmis sem er yfir 20% og er þetta sannprófað með því að uppfylla jöfnuna:

$$Meðaltal\ (næmi) - 1{,}645 \times \frac{Staðalfrávik\ (Næmi)}{\sqrt{Fjöldi\ þátttakenda}} \geq 20\%$$

c) krafan, sem er tilgreind í a-lið hækkar um 5% og krafan, sem er tilgreind í b-lið, hækkar um 2,5% ef í prófunaraðferðinni er ekki notað tímabil sem er 15 mínútur eða styttra samkvæmt lið 5.2.3 (efri mörk á milli ráðlagðrar mælingar og annarrar mælingar),

d) krafan, sem er tilgreind í a-lið, lækkar um 5% og krafan, sem er tilgreind í b-lið, lækkar um 2,5% ef prófunaraðferðin er framkvæmd á opnum vegi.

Til dæmis verður meðaltal næmis, sem krafist er fyrir prófun á opnum vegi þar sem notað er tímabil sem er 15 mínútur eða styttra, vera ≥ 35% og meðaltal næmis, sem krafist er fyrir hermiprófun með tímabil sem er lengra en 15 mínútur, verður ≥ 45%.

Útreikningur á frammistöðu miðað við breytur

Niðurstöðurnar skulu reiknaðar sem:

Næmigildi þátttakanda:

$$\text{Næmi} = \frac{n(TP)}{n(TP) + n(FN)} \times 100\ \%$$

Meðaltal næmis fyrir alla þátttakendur:

$$Meðaltal\ (næmi) = \frac{\Sigma\ Næmi}{\text{Fjöldi þátttakenda}}$$

Staðalfrávik (næmi):

$$Staðalfrávik\ (næmi) = \sqrt{\frac{\Sigma\left(næmi\ -\ meðaltal(næmi)\right)^2}{Fjöldi\ þátttakenda}}$$

þar sem:

n(*TP*) er heildarfjöldi atburða þar sem bæði kerfið og ökumaðurinn tilgreina réttilega að ökumaðurinn sé þreyttur,

n(*FN*) er heildarfjöldi atburða þar sem kerfið spáir því að ökumaðurinn sé ekki þreyttur þegar ökumaðurinn er í reynd þreyttur,

n(*FP*) er heildarfjöldi atburða þar sem kerfið spáir því að ökumaðurinn sé þreyttur þegar ökumaðurinn er ekki þreyttur,

n(*TN*) er heildarfjöldi atburða þar sem bæði kerfið og ökumaðurinn tilgreina réttilega að ökumaðurinn sé ekki þreyttur,

Σ er summa allra þátttakendanna.

Athugasemd: Dreifing niðurstaðnanna er námunduð að normaldreifingu.

8.2. Ef þreytu- og athyglisvarakerfið krefst lærdómsfasa skulu samþykktarviðmiðanirnar, sem tilgreindar eru í lið 8.1, ekki taka til niðurstaðna sem fengnar eru meðan á lærdómsfasanum stendur eða í 30 mínútur eftir að skilyrði fyrir virkjun þreytu- og athyglisvarakerfisins hefur verið uppfyllt, hvort heldur tímabilið er styttra.

3. HLUTI

Aðferðir við mat á tæknigögnum og sannprófun viðurkenningaryfirvalda og tækniþjónustu

1. Upplýsingamappa

Framleiðandinn skal leggja upplýsingamöppu fyrir viðurkenningaryfirvaldið og tækniþjónustuna sem inniheldur gögn um skilvirkni kerfisins. Upplýsingamappan skal taka bæði til kerfisvirkni og fullgildingu kerfisins.

1.1. Kerfisvirkni

Í upplýsingamöppunni, þar sem lýst er nákvæmlega hvernig kerfið virkar, skal vera:

a) skrá yfir hvers konar ílag kerfisins sem inniheldur aðal- og aukabreytur,

b) lýsing á því hvernig breyturnar virka og vakta aksturslag,

c) lýsing á viðbragðshegðun sem kerfið vaktar,

d) gögn um sambandið á milli þreytu við akstur og/eða stýrislags (e. *steering behaviour*) ökumanns og valinnar viðbragðshegðunar,

e) upplýsingar um viðvörunarmörk þreytu í kerfinu,

f) upplýsingar um hraða ökutækisins þegar kerfið er virkjað,

g) útskýring á virkjunar-, endurvirkjunar- og afvirkjunaraðgerðum kerfisins,

h) skjal með nánari upplýsingum um virkni notendaskila kerfisins. Þetta tekur til gagna um samræmi við kröfur notendaskila þreytu- og athyglisvarakerfisins (liður 3.4 í 1. hluta) og rökstuðnings ef framleiðandinn velur að fylgja ekki tilmælunum sem talin eru upp í liðum 3.4.2.3, 3.4.2.4 og 3.4.2.5 í 1. hluta.

i) skjal með a.m.k. einni aðferðarlýsingu prófunar sem tækniþjónustan á að prófa og sem þreytu- og athyglisvarakerfið skal gefa viðvörun um þegar prófunin fer fram.

Skráin yfir ílag kerfisins skal einungis afhent viðurkenningaryfirvaldinu eða tækniþjónustunni í því skyni að hún geti sannprófað þreytu- og athyglisvarakerfið í tengslum við gerðarviðurkenningu. Skráin yfir aukabreytur verður ekki send frá tækniþjónustunni til viðurkenningaryfirvaldsins.

1.2. Fullgilding kerfis

Í skjalinu þar sem sýnt er fram á skilvirkni kerfisins skal vera:

a) upplýsingar um fjölda metinna þátttakenda í prófuninni ásamt lýðfræðilegum upplýsingum þeirra,

b) lýsing á prófunarskilyrðum sem voru metin,

c) gögn um að kerfið virki á skilvirkan hátt við veðurskilyrði sem takmarka ekki starfrækslu þess; í gögnunum skal tilgreina þekktar eða rökréttar takmarkanir vegna veðurskilyrða, tæknilegra áskorana og upplýsinga um starfsemi kerfisins við tiltekin veðurskilyrði (t.d. í mikilli rigningu, snjókomu og miklum hita o.s.frv.),

d) lýsing á heildarprófunaraðferð sem er notuð til að meta skilvirkni kerfisins og rökstuðningur þar að baki, þ.m.t. allar aðrar mælingar eða viðbótarmælingar og önnur viðmiðunarmörk þreytu (sem um getur í lið 5.2 og 5.3 ásamt 6. lið í 2. hluta, eftir því sem við á),

e) lýsing á tölfræðilegu greiningaraðferðinni sem er notuð, ef notuð er tölfræðileg greiningaraðferð sem er frábrugðin þeirri sem er sett fram í lið 8.1 skal leggja fram gögn um þá tölfræðilegu greiningaraðferð og marktæknistig hennar,

f) greining og lýsing á niðurstöðunum,

g) gögn um að kerfið vari ökumann við þegar eða áður en því stigi KS-kvarðans er náð sem fram kemur í lið 3.3.1 í 1. hluta,

h) gögn um sérhvern þátttakanda varðandi mat á tölfræðilegum frábrigðum.

Lýðfræðilegar upplýsingar um þátttakendur í prófuninni, sem um getur í a-lið, skulu taka til:

i. viðmiðunar fyrir þátttöku eða útilokun þátttöku sem var notuð við val á þátttakendum og

ii. yfirlýsingar um hæfi þátttakenda að því er varðar lýðfræðilegan markhóp fyrir ökutækið samkvæmt lið 3.3 í 2. hluta.

Upplýsingarnar um heildarprófunaraðferðina, sem um getur í d-lið, skulu fela í sér:

i. gögn um að viðbótarmælingar eða samsetning aðalmælinga (KS-kvarðinn eða önnur mæling) og viðbótarmælinga sé gild og nákvæm aðferð til að meta þreytu ökumanns,

ii. upplýsingar um hvernig gögnin úr aðal- og viðbótarmælingunum voru greind og þeim samraðað til að meta skilvirkni þreytu- og athyglisvarakerfisins,

iii. gögn um að viðmiðunarmörk þreytu, sem eru notuð í fullgildingarprófuninni, jafngildi því stigi KS-kvarðans sem um getur í lið 3.3.1 í 1. hluta.

1.2.1. Ef fullgilding var framkvæmd á öðru ökutæki skulu gögnin fela í sér upplýsingar sem tengja fullgildingarferlið við kröfur um gerðarviðurkenningu ökutækisins.

Leggja skal t.d. fram skjöl sem sýna fram á tæknilegu líkindin eða aðlögunina, sem þörf er á, svo unnt sé að setja þreytu- og athyglisvarakerfið upp í ökutækinu sem sótt er um gerðarviðurkenningu fyrir. Svipaðar kröfur skulu einnig gilda um þátttakendurna (lýðfræði, þátttaka atvinnuökumanna).

1.2.2. Ef fullgilding var framkvæmd sem hluti af rannsókn til að ákvarða hvort þreytu- og athyglisvarakerfið uppfylli tilteknar tæknilegar kröfur skulu gögnin fela í sér upplýsingar sem tengja fullgildingarprófunina við viðeigandi samþykkiskröfur viðkomandi vélknúins ökutækis.

Koma skal t.d. á viðbótartengingu á milli aðgerðanna sem virkjaðar eru í þeirri útgáfu þreytu- og athyglisvarakerfisins sem er uppsett í ökutækinu og reikna skal aftur út sambærilegu næmigildin sem byggjast á gögnum sem fengin eru úr rannsóknarfasanum.

2. Mat tækniþjónustunnar á upplýsingamöppu og prófunarskýrslu þreytu- og athyglisvarakerfisins

2.1. Tækniþjónustan skal hafa eftirlit með því að framleiðandinn hafi sýnt fram á, á grundvelli prófananna sem gerðar eru í samræmi við þennan viðauka, að þreytu- og athyglisvarakerfið uppfylli tæknilegu viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 1. hluta, og fullgildingarviðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. hluta. Búist er við að eftirfarandi verði framkvæmt:

a) eftirlit verði haft með því að tilkynnt frammistöðustig uppfylli nauðsynlegu lágmarksviðmiðunarmörkin sem um getur í lið 3.3.1 í 1. hluta,

b) prófunarskýrslan verði endurskoðuð til að sannprófa hvort undirliggjandi aðferðir, sem settar eru fram í prófunarskýrslunni, uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í 2. hluta,

c) prófunarskýrslan, sem unnin er á grunni fullgildingarprófunarinnar, sem framleiðandinn hefur framkvæmt, verði metin.

Með mati á prófunarskýrslunni skal sannprófa hvort undirliggjandi gögn um framkvæmdar prófanir samsvari tilkynntum niðurstöðum úr prófunum, þannig að almennt megi staðfesta að yfirlýsing um frammistöðu sé fullnægjandi. Þetta tekur til mats á gögnum um þátttakendur vegna tölfræðilegra frábrigða, eins og fjölda frávika.

Tækniþjónustan getur notað aðferðir að eigin vali við mat á prófunarskýrslunni. Slíkar aðferðir geta falið í sér endurskoðun á algjörlega óunnum heildargögnum úr prófunarakstri sem tækniþjónustan hefur valið (þ.m.t. öll gögn sem voru undanskilin greiningunni) og endurtöku á hlutum fullgildingarprófunarinnar sem byggist á gögnum sem safnað hefur verið (kann einungis að vera mögulegt fyrir tilteknar fullgildingaraðferðir, s.s. greiningu á svefnmyndböndum).

2.2. Tækniþjónustan skal, að teknu tilliti til upplýsinganna um kerfisvirknina í lið 1.1, meta hvort aðferðarlýsing prófunar, sem framleiðandinn hefur lagt til, hafi getu til að greina þreytu við akstur. Tækniþjónustan skal einnig framkvæma prófunina á grundvelli aðferðarlýsingarinnar sem lögð var til.

2.2.1. Prófunin telst viðurkennd um leið og þreytu- og athyglisvarakerfið varar hinn þreytta ökumann við.

2.2.2. Ef í prófuninni þreyttur ökumaður er ekki varaður við getur tækniþjónustan endurtekið hana allt að tvisvar sinnum.

2.2.3. Tækniþjónustan skal greina frumorsök hverrar prófunarlotu sem mistekst og greiningin skal fylgja með í viðauka við prófunarskýrsluna. Ef ekki er hægt að rekja frumorsökina til fráviks í uppsetningu prófunarinnar getur tækniþjónustan prófað hvers konar breytileika frá breytu innan breytubilsins sem skilgreint er í aðferðarlýsingu prófunarinnar sem framleiðandinn leggur fram.

2.2.4. Tilvísun í kóða viðkomandi aðferðarlýsingar prófunar, sem tækniþjónustan hefur útfært, skal höfð með í hlutanum „Athugasemdir“ í gerðarviðurkenningarvottorðinu þannig að lögbær yfirvöld geti óskað eftir því við tækniþjónustuna, sem framkvæmdi prófunina, að fá afhenta prófunarskýrsluna, t.d. vegna framkvæmdar markaðseftirlits.

———

II. VIÐAUKI

Breyting á reglugerð (ESB) 2019/2144

Í stað línunnar fyrir kröfu E2 í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144 kemur eftirfarandi:

Viðfangsefni	Stjórnvaldsfyrirmæli	Sértæk tæknileg viðbótarákvæði	M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4	Aðskilin tæknieining	Íhlutur
„E2 Þreytu- og athyglisvari	Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1341 (*)		B	B	B	B	B	B						

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1341 frá 23. apríl 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 með því að mæla fyrir um ítarlegar reglur sem varða sértækar prófunaraðferðir og tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja að því er varðar þreytu- og athyglisvara og um breytingu á II. viðauka við þá reglugerð (Stjtíð. ESB L 292, 16.8.2021, bls. 4).“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/20 **2022/EES/29/17**

frá 7. janúar 2022

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 536/2014 að því er varðar að setja reglur og verklagsreglur um samstarf aðildarríkjanna við öryggismat á klínískum prófunum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 536/2014 frá 16. apríl 2014 um klínískar prófanir á mannalyfjum og niðurfellingu á tilskipun 2001/20/EB ([1]), einkum 2. mgr. 44. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) nr. 536/2014 er mælt fyrir um lagaramma varðandi framkvæmd klínískra prófana á mannalyfjum í Sambandinu til að tryggja að réttindi, öryggi og velsæld þátttakenda séu vernduð og að gögnin, sem verða til, séu áreiðanleg og traust. Þó að heildarábyrgðin á því að tryggja öryggi þátttakenda liggi hjá bakhjarli klínískrar prófunar er hún styrkt með viðbótareftirliti frá aðildarríkjunum, þ.m.t. með samstarfi þeirra við mat á öryggi rannsóknarlyfja.

2) Í 42. og 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014 er kveðið á um að bakhjarl klínískrar prófunar eigi að tilkynna óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um vegna rannsóknarlyfja sem notuð eru í klínísku prófuninni og eigi að senda öryggisskýrslur árlega til Lyfjastofnunar Evrópu gegnum gagnagrunninn sem um getur í 1. mgr. 40. gr. þeirrar reglugerðar. Lyfjastofnun Evrópu skal áframsenda upplýsingarnar, sem eru tilkynntar samkvæmt þessum ákvæðum, til hlutaðeigandi aðildarríkja sem eiga að vera í samstarfi við mat á þeim upplýsingum með þátttöku ábyrgrar siðanefndar, eftir því sem við á, í samræmi við 44. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014.

3) Setning ramma með því að mæla fyrir um reglur um samstarf milli aðildarríkja við mat á upplýsingum og skýrslum sem eru lagðar fram skv. 42. og 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014 styrkir samhæfingu öryggis og eykur grannskoðun við eftirlit með öryggi í Sambandinu. Þetta ætti að styrkja öryggi þátttakenda í klínískum prófunum og stuðla að bættum traustleika gagna að því er varðar öryggissnið rannsóknarlyfja og samsvarandi virkra efna.

4) Eftirlit með öryggi virkra efna sem eru notuð sem rannsóknarlyf í klínískum prófunum sem eru einungis leyfðar í einu aðildarríki (virk efni í einu landi) (e. *mono-national active substances*), virk efni í rannsóknarlyfjum sem eru notuð sem samanburður, þ.m.t. sem lyfleysa, og virk efni sem eru notuð í aukalyfjum, ætti ekki að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.

5) Til að tryggja árangursríkt og skilvirkt samstarf milli aðildarríkja við mat á upplýsingum og skýrslum sem eru lagðar fram skv. 42. og 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014 fyrir hvert virkt efni sem er notað í rannsóknarlyfjum ætti að tilnefna aðildarríki til að meta þessar upplýsingar og skýrslur („aðildarríki sem metur öryggi“), byggt á sanngjarnri skiptingu vinnuálags milli aðildarríkja og á þeirri sérþekkingu sem er fyrir hendi um þetta tiltekna virka efni.

6) Að teknu tilliti til umtalsverðs úrfalls virkra efna á þróunarvistferlinum og þeirrar staðreyndar að einungis hluti af virkum efnum verður rannsakaður sem virk efni í mörgum löndum í Sambandinu ætti aðildarríkið sem gefur skýrslu að meta öryggistengdar upplýsingar um virkt efni í einu landi. Skrá ætti þessi möt aðildarríkisins sem gefur skýrslu þannig að það tryggi gagnsæi og auðveldi samfelldni ef um er að ræða að efni sem er upprunalega virkt efni í einu landi verður

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 5, 10.1.2022, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 1.

virkt efni í mörgum löndum, t.d. með því að útvíkka klínísku prófunina svo hún nái til annars aðildarríkis eða ef annað aðildarríki hefur leyft klíníska prófun sem tekur til sama virka efnisins. Þegar virkt efni í einu landi verður fjölþjóðlegt ætti það að njóta góðs af samræmdu öryggismati.

7) Aðildarríki sem gefur skýrslu, sem um getur í 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014, velur fyrsta aðildarríkið sem metur öryggi virks efnis sem fellur undir öryggissamstarf fyrir fyrstu klínísku prófunina með þessu virka efni í Sambandinu. Aðildarríkið sem gefur skýrslu ætti að velja aðildarríki sem metur öryggi þegar fleiri en eitt aðildarríki, eða ekkert aðildarríki, lýsir yfir áhuga á að verða aðildarríkið sem metur öryggi virks efnis.

8) Verkefnum í tengslum við öryggismat skal dreift hlutfallslega milli aðildarríkjanna. Vinnuálag í tengslum við eftirlit með öryggi virks efnis getur m.a. ráðist af fyrirliggjandi þekkingu varðandi öryggi virka efnisins og áhættuaðlögunum á skimunartíðni og umfangi matanna.

9) Til að halda hlutfallslegri skiptingu vinnu á milli aðildarríkja yfir lengri tíma ætti að vera mögulegt, óski upprunalegt aðildarríki sem metur öryggi eftir því, að flytja hlutverk aðildarríkisins sem metur öryggið þegar upprunalega aðildarríkið sem metur öryggið er ekki lengur aðildarríki sem tekur þátt í neinum klínískum prófunum sem fela í sér notkun virks efnis, eða þegar vinnuálag þess, sem tengist því hlutverki að vera aðildarríki sem metur öryggi, verður óhóflega mikið samanborið við vinnuálag annarra aðildarríkja. Þó er nauðsynlegt að tryggja samfelldni öryggismatsins hvenær sem meðan ferlið við val á nýju aðildarríki sem metur öryggi stendur yfir.

10) Aðildarríki sem meta öryggi skulu meta upplýsingar sem voru lagðar fram um óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um og upplýsingar í árlegum öryggisskýrslum sem um getur í 42. og 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014. Ef öryggisvandamál koma upp vegna þessara mata ætti aðildarríki sem metur öryggi að taka saman almenn tilmæli, að því er varðar öryggi virka efnisins, til aðildarríkja sem gefa skýrslu og til aðildarríkja sem taka þátt í klínískum prófunum sem fela í sér rannsóknarlyf sem innihalda þetta virka efni. Þetta gerir viðkomandi aðildarríkjum sem gefa skýrslu og hlutaðeigandi aðildarríkjum kleift að grípa til viðeigandi og hóflegra ráðstafana til úrbóta og annarra aðgerða til eftirlits með öryggi í tengslum við virka efnið þegar það er nauðsynlegt.

11) Að auki geta aðildarríki sem gefa skýrslu íhugað að láta aðildarríki sem metur öryggi taka þátt í mati á umsóknum um verulegar breytingar á tilvísunarupplýsingum um öryggi sem lagðar voru fram í samræmi við 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014. Verulegar breytingar á tilvísunarupplýsingunum um öryggi geta haft áhrif á ákvörðun á líkindum á alvarlegum aukaverkunum og þar af leiðandi á skýrslugjöf um óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um. Til að ákvarða líkindi á alvarlegum aukaverkunum í tengslum við rannsóknarlyf er því viðeigandi að fastsetja samhæfða nálgun við öryggismat með því að nota sameiginlegt tilvísunarskjal sem grundvöll. Aðildarríki sem gefur skýrslu og hlutaðeigandi aðildarríki bera áfram ábyrgð á mati á hverri verulegri breytingu á tilvísunarupplýsingunum um öryggi.

12) Til að styrkja enn frekar eftirlit og samræmingu, sem og til að komast hjá því að mismunandi aðildarríki sem meta öryggi meti mismunandi rannsóknarlyf þar sem sama virka efnið er notað, ætti eitt og sama aðildarríkið sem metur öryggi, þegar það er unnt, að meta öryggi allra rannsóknarlyfja sem innihalda sama virka efnið, óháð lyfjaformi og styrkleika eða ábendingu sem er rannsökuð og óháð því hvort þau eru notuð í nokkrum klínískum prófunum sem sömu bakhjarlar eða mismunandi bakhjarlar stjórna. Slík samræmd nálgun við öryggismat, á grundvelli virka efnisins fremur

en rannsóknarlyfsins, kemur í veg fyrir tvíverknað og veitir um leið aðildarríkjum sem meta öryggi nægilegt samhengi fyrir öryggismöt sín. Þessi nálgun er líka í samræmi við viðeigandi leiðbeiningar alþjóðaráðstefnunnar um samhæfingu tæknilegra krafna varðandi skráningu mannalyfja (ICH E2F) um samantekt um öryggi lyfs í þróun (e. *Development Safety Update Report*) þar sem mælt er með einni samantekt um öryggi fyrir virkt efni til að stuðla að ítarlegri greiningu.

13) Fylgja ætti áhættumiðaðri nálgun að því er varðar tíðni skimunar á öryggisupplýsingum, umfang matsins og tímalínur mats og skýrslugjafar. Áhættuaðlaganir ættu að byggjast á þekkingu á öryggissniði virka efnisins. Til dæmis er hægt að skima virk efni með markaðsleyfi í Sambandinu sjaldnar en virk efni sem ekki er leyfi fyrir.

14) Viðeigandi upplýsingakerfi sem Lyfjastofnun Evrópu stjórnar, þ.m.t. upplýsingakerfið fyrir klínískar prófanir (e. *Clinical Trials Information System*), Eudravigilance-gagnagrunnurinn og ESB-lyfjaorðabókin, ættu að styðja við samstarf aðildarríkjanna við mat á öryggi virkra efna sem eru notuð sem rannsóknarlyf í klínískum prófunum. Þetta myndi auðvelda samþættingu upplýsinga um og samstarf við öryggismat á klínískum prófunum sem koma til með að stuðla verulega að því að auka skilning á öryggi lyfja sem er áætlað að komi inn á eða eru fáanleg á markaði í Sambandinu.

15) Framkvæmdastjórnin ætti að geta haft eftirlit með því hvort aðildarríkin fylgist rétt með því að farið sé að reglum sem eru fastsettar um samræmt öryggismat á framlögðum upplýsingum í skýrslum um óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um og í árlegum öryggisskýrslum.

16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um mannalyf sem komið var á fót með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB ([2]).

17) Þessi reglugerð ætti að koma til framkvæmda á sama tíma og reglugerð (ESB) nr. 536/2014.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð eru settar fram reglur um samstarf aðildarríkja við:

a) val á aðildarríkjum sem meta öryggi í samræmi við 3. gr.,

b) mat á upplýsingum sem lagðar eru fram um óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um og á upplýsingum sem eru í árlegum öryggisskýrslum í samræmi við 6. og 7. gr.,

c) þróun tilmæla fyrir aðildarríki sem gefa skýrslu, sem um getur í 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014, og hlutaðeigandi aðildarríki sem miða að því að taka á öryggisvandamálum, sem koma í ljós við mötin sem um getur í b-lið, og leggja til ráðstafanir til úrbóta og aðrar aðgerðir til eftirlits með öryggi í tengslum við virka efnið,

([2]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67).

d) þátttöku aðildarríkja sem meta öryggi í mati á verulegum breytingum á tilvísunarupplýsingum um öryggi í samræmi við c-lið 1. mgr. 5. gr. og c-lið 2. mgr. 9. gr.,

e) samræmingu milli aðildarríkja sem gefa skýrslu og hlutaðeigandi aðildarríkja við framkvæmd ráðstafana til úrbóta sem mælt var með og aðgerða til að milda áhættu í samræmi við 8. gr.,

f) samstarf milli aðildarríkja sem meta öryggi, aðildarríkja sem gefa skýrslu og hlutaðeigandi aðildarríkja í klínískum prófunum þar sem sama virka efnið er notað, í samræmi við 5., 8. og 9. gr.

2. Þessi reglugerð gildir um öll virk efni sem eru notuð í rannsóknarlyfjum í klínískum prófunum sem eru leyfðar í a.m.k. tveimur aðildarríkjum, í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014, óháð því hvort viðkomandi klínísk prófun var leyfð samkvæmt þeirri reglugerð eða upphaflega samkvæmt tilskipun 2001/20/EB ([3]), og því næst samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 536/2014.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um virk efni í einu landi, um virk efni í rannsóknarlyfjum sem eru notuð sem samanburðarlyf, þ.m.t. sem lyfleysa, eða um virk efni sem eru notuð í aukalyfjum.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Að því er varðar þessa reglugerð gilda skilgreiningarnar fyrir „lyf“, „virkt efni“ og „aukaverkun“ sem settar eru fram í 2. lið, lið 3a og 11. lið 1. gr. tilskipunar 2001/83/EB, eftir því sem við á.

2. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „klínísk prófun í mörgum löndum“: klínísk prófun sem bakhjarl sendi fleiri en einu aðildarríki umsóknargögn um gegnum ESB-gáttina,

b) „tilvísunarupplýsingar um öryggi“: upplýsingar um öryggi í síðustu samþykktu útgáfunni af gögnunum fyrir klíníska prófun sem bakhjarlinn notar sem grundvöll til að ákvarða líkindi á aukaverkun,

c) „aðildarríki sem metur öryggi“: aðildarríki sem metur upplýsingar, sem lagðar eru fram um óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um í samræmi við 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014 og upplýsingar í árlegum öryggisskýrslum sem lagðar voru fram í samræmi við 43. gr. þeirrar reglugerðar, fyrir klínískar prófanir sem fela í sér rannsóknarlyf sem innihalda sama virka efnið, óháð lyfjaformi og styrkleika eða ábendingu sem er rannsökuð og óháð því hvort þau eru notuð í einni eða fleiri klínískum prófunum sem sömu bakhjarlar eða mismunandi bakhjarlar sjá um,

d) „forystuaðildarríki sem metur öryggi“: aðildarríki sem metur öryggi sem samræmir öryggismöt fyrir mismunandi virk efni í klínískri prófun, eða nokkrum klínískum prófunum, sem nokkur aðildarríki sem meta öryggi framkvæma,

e) „nýtt virkt efni sem fellur undir öryggissamstarf“: virkt efni sem hefur ekki verið notað áður í einu rannsóknarlyfi í neinni klínískri prófun sem hefur verið leyfð í Sambandinu samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 536/2014 og hefur því ekki fengið úthlutað aðildarríki sem metur öryggi,

f) „öryggisvandi í tengslum við rannsóknarlyf“: upplýsingar um öryggi rannsóknarlyfs með möguleg neikvæð áhrif á hlutfall ávinnings-áhættu fyrir það eða áhrif á lýðheilsu,

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/20/EB frá 4. apríl 2001 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um góðar klínískar starfsvenjur við framkvæmd klínískra prófana á lyfjum sem ætluð eru mönnum (Stjtíð. EB L 121, 1.5.2001, bls. 34).

g) „virkt efni í einu landi“: virkt efni sem er notað í einu rannsóknarlyfi í einni eða fleiri klínískum prófunum sem eru einungis leyfðar í einu aðildarríki,

h) „virkt efni í mörgum löndum“: virkt efni sem er notað í einu rannsóknarlyfi í einni eða fleiri klínískum prófunum sem eru leyfðar í fleiri en einu aðildarríki,

i) „skimun á óvæntum, alvarlegum aukaverkunum sem grunur er um“: kerfisbundin greining á óvæntum, alvarlegum aukaverkunum sem grunur er um sem útheimtir mat sem leiðir til ákvörðunar um þörfina á að tilkynna um þær til aðildarríkja sem gefa skýrslu og hlutaðeigandi aðildarríkja.

II. KAFLI

SAMRÆMT ÖRYGGISMAT

3. gr.

Val á aðildarríki sem metur öryggi

1. Aðildarríki sem metur öryggi skal valið fyrir hvert virkt efni sem er notað í klínískum prófunum, sem eru leyfðar í Sambandinu í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 536/2014, við sérhverjar eftirfarandi aðstæður:

a) bakhjarlinn leggur umsóknargögn er varða leyfi fyrir klínískri prófun með nýju virku efni sem fellur undir öryggissamstarf fyrir fleiri en eitt aðildarríki, í samræmi við 5. eða 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014, og a.m.k. tvö aðildarríki leyfa þessa klínísku prófun í samræmi við 8. gr. þeirrar reglugerðar,

b) veruleg breyting þar sem nýju virku efni sem fellur undir öryggissamstarf er bætt við í klíníska prófun sem er leyfð í a.m.k. tveimur hlutaðeigandi aðildarríkjum í samræmi við 19. og 23. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014, eftir því sem við á,

c) virkt efni í einu landi verður virkt efni í mörgum löndum.

2. Í aðstæðunum sem er lýst í a- og b-lið 1. mgr. er sérhverju aðildarríki heimilt, hvort sem því barst umsóknin sem um getur í þessum liðum eða ekki, innan sjö daga eftir veitingu leyfis fyrir klínískri prófun eða fyrir verulegri breytingu í hinu hlutaðeigandi aðildarríkinu, að lýsa yfir áhuga, gegnum upplýsingatæknitólin sem lýst er í 11. gr., á því að verða aðildarríkið sem metur öryggi. Ef fleiri en eitt aðildarríki lýsa yfir áhuga velur aðildarríkið sem gefur skýrslu aðildarríki sem metur öryggi innan fimm daga frá lokum sjö daga tímabilsins, sem um getur í fyrsta málsliðnum, að teknu tilliti til þeirrar sérþekkingar sem er fyrir hendi í aðildarríkjunum varðandi virka efnið og sanngjarnrar skiptingar vinnuálags milli aðildarríkja. Ef ekkert aðildarríki lýsir yfir áhuga skal aðildarríkið sem gefur skýrslu tilnefna aðildarríki sem metur öryggi, innan tólf daga eftir veitingu leyfis fyrir klínískri prófun eða fyrir verulegri breytingu í hinu hlutaðeigandi aðildarríkinu, úr hópi hlutaðeigandi aðildarríkja að teknu tilliti til sanngjarnrar skiptingar vinnuálags milli þeirra.

3. Ef leyfi fyrir klínískri prófun, eða fyrir verulegri breytingu til að bæta virku efni við klíníska prófun, varðar virkt efni sem aðildarríki sem metur öryggi hefur þegar verið tilnefnt fyrir skal einnig tilnefna þetta aðildarríki sem metur öryggi sem aðildarríkið sem metur öryggi nýju eða breyttu klínísku prófunarinnar, án tillits til þess hvort sami bakhjarl eða annar bakhjarl hafi lagt umsóknina fram. Þetta skal einnig gilda ef fyrirliggjandi aðildarríki sem metur öryggi i. er ekki hlutaðeigandi aðildarríki fyrir klínísku prófunina, ii. synjaði umsókninni um klínísku prófunina og iii. barst umsókn sem varðaði aðeins atriðin sem falla undir I. hluta matsskýrslunnar sem um getur í 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014 sem og iv. ef klíníska prófunin stendur ekki lengur yfir á yfirráðasvæði þess.

4. Ef virkt efni, sem er ekki notað í yfirstandandi klínískum rannsóknum í Sambandinu en var áður með aðildarríki sem metur öryggi, er tekið inn aftur fyrir tilstilli leyfis fyrir nýrri klínískri rannsókn eða fyrir verulegri breytingu á klínískri rannsókn skal tilnefna umrætt aðildarríki sem metur öryggi sem aðildarríkið sem metur öryggi fyrir þetta virka efni í nýrri eða breyttri klínískri prófun.

5. Aðildarríki sem gefur skýrslu um klíníska prófun skal sannreyna hvort aðildarríki sem metur öryggi sé nú þegar fyrir hendi fyrir sérhvert virkt efni, sem er notað í rannsóknarlyfjum í klínísku prófuninni, byggt á upplýsingum sem veittar eru í samræmi við b-lið 3. mgr. 11. gr. Ef aðildarríki sem metur öryggi hefur þegar verið valið fyrir umrætt virkt efni skal aðildarríki sem gefur skýrslu upplýsa það þegar í stað um umræddu klínísku prófunina eftir að a.m.k. eitt hlutaðeigandi aðildarríki hefur veitt leyfi fyrir umræddri klíniskri prófun í samræmi við 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014.

6. Í aðstæðunum sem lýst er í c-lið 1. mgr. skal nýja aðildarríkið sem gefur skýrslu, ef nauðsyn krefur, gera upprunalega aðildarríkinu sem gaf skýrslu viðvart. Upprunalega aðildarríkið sem gaf skýrslu skal hleypa af stokkunum og nota valferli til að ákvarða aðildarríki sem metur öryggi, í samræmi við 2. mgr., án ástæðulausrar tafar eftir að klíníska prófunin hefur verið leyfð í hinu aðildarríkinu.

7. Þegar klínísk prófun felur í sér notkun á nokkrum rannsóknarlyfjum með mismunandi nýjum virkum efnum sem falla undir öryggissamstarf skal aðildarríkið sem gefur skýrslu tryggja að aðildarríki sem metur öryggi sé tilnefnt fyrir hvert nýtt virkt efni sem fellur undir öryggissamstarf í umræddri klíniskri prófun.

8. Aðildarríki sem metur öryggi skal tilnefnt fyrir virkt efni og aðildarríki sem gefur skýrslu skal skrá auðkenni aðildarríkisins sem metur öryggi eigi síðar en 12 dögum eftir að tilkynnt hefur verið um leyfi fyrir klíniskri prófun, sem felur í sér nýtt virkt efni sem fellur undir öryggissamstarf, í hinu aðildarríkinu.

4. gr.

Breyting á aðildarríki sem metur öryggi

1. Þegar aðildarríki sem metur öryggi virks efnis er ekki lengur hlutaðeigandi aðildarríki í neinni klíniskri prófun sem felur í sér notkun þessa virka efnis, eða ef vinnuálag aðildarríkis sem metur öryggi er óhóflegt samanborið við önnur aðildarríki, er umræddu aðildarríki sem metur öryggi heimilt að hefja ferli til að velja nýtt aðildarríki sem metur öryggi í samræmi við 2. mgr. 3. gr. Þessu ferli skal, ef unnt er, hleypt af stokkunum eftir að aðildarríki sem metur öryggi leggur fram lokamatsskýrslu um árlegu öryggisskýrsluna.

Aðildarríki sem metur öryggi, sem hefur ferlið sem um getur í fyrstu undirgrein, skal framkvæma þau verkefni sem var úthlutað til aðildarríkisins sem gefur skýrslu í 2. mgr. 3. gr.

2. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er boðist til að taka yfir hlutverk aðildarríkis sem metur öryggi, að því tilskildu að upprunalega aðildarríkið sem metur öryggi fallist á það.

3. Þegar nýtt aðildarríki sem metur öryggi er tilnefnt skv. 1. eða 2. mgr. skal upprunalegt aðildarríki sem metur öryggi skrá auðkenni þess án ástæðulausrar tafar í upplýsingakerfin, sem um getur í 11. gr., fyrir hverja viðeigandi klíníska prófun.

4. Í aðstæðunum sem um getur í 1. og 2. mgr. skal upprunalegt aðildarríki sem metur öryggi halda áfram að inna verkefni sín af hendi þar til allar endanlegar öryggismatsskýrslur og skrár, þ.m.t. matsskýrsla um síðustu árlegu öryggisskýrsluna, hafa verið lagðar fram og nýtt aðildarríki sem metur öryggi hefur verið skráð í upplýsingakerfin, sem um getur í 11. gr., í samræmi við 3. mgr.

5. Þrátt fyrir 4. málsgrein skal upprunalegt aðildarríki sem metur öryggi eiga þess kost að segja þegar í stað af sér án þess að ljúka við yfirstandandi möt og án þess að leggja fram samsvarandi matsskýrslur og skrár, að því tilskildu að nýja aðildarríkið sem metur öryggi fallist á það.

5. gr.

Hlutverk og verkefni aðildarríkis sem metur öryggi

1. Aðildarríki sem metur öryggi skal inna af hendi eftirfarandi verkefni að því er varðar úthlutað virkt efni í rannsóknarlyfjum sem eru notuð í klínískum prófunum sem eru leyfðar í Sambandinu:

a) skima og meta upplýsingar um allar óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um, sem eru tilkynntar í Eudravigilance-gagnagrunninn í samræmi við 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014, óháð því hvort þær koma upp í aðildarríkjum eða í þriðju löndum, sem og upplýsingar í árlegum öryggisskýrslum, í samræmi við 6. og 7. gr., í kjölfar áhættutengdrar nálgunar,

b) greina öryggisvandamál í tengslum við virka efnið og rannsóknarlyfið, byggt á mötunum sem um getur í a-lið,

c) styðja við, óski aðildarríkið sem gefur skýrslu eftir því, mat á atriðum sem tengjast tilvísunarupplýsingum um öryggi í upphaflegu umsókninni, sem um getur í 5. og 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014, eða í umsókn um verulega breytingu sem um getur í 16. gr. þeirrar reglugerðar,

d) fara fram á upplýsingar sem vantar eða frekari upplýsingar frá bakhjörlum sem eru nauðsynlegar fyrir möt eða fyrir samstarfið við öryggismatið,

e) leggja fram matsskýrslur og aðrar skrár sem tengjast öryggismatinu, í samræmi við 6., 7. og 11. gr., til að tryggja að öll aðildarríki sem gefa skýrslu og hlutaðeigandi aðildarríki fái viðeigandi upplýsingar um klíníska prófanir þar sem sama virka efnið er notað,

f) taka saman og leggja fram tilmæli, sem tengjast öryggi virka efnisins, til aðildarríkja sem gefa skýrslu og hlutaðeigandi aðildarríkja til að unnt sé að grípa til ráðstafana til úrbóta og annarra aðgerða til eftirlits með öryggi í tengslum við virka efnið, ef nauðsyn krefur, í samræmi við 8. gr.,

g) veita aðstoð varðandi hvers konar viðbótaröryggismál sem tengist tilteknu virku efni ef aðildarríki sem gefa skýrslu eða hlutaðeigandi aðildarríki fer fram á það.

2. Aðildarríki sem metur öryggi skal sinna verkefnum sínum þangað til þremur mánuðum eftir lok síðustu klínísku prófunarinnar með virka efninu í öllum hlutaðeigandi aðildarríkjum. Það skal leggja fram lokamatsskýrslu um síðustu árlegu öryggisskýrsluna fyrir virka efnið án ástæðulausrar tafar.

3. Ábyrgar siðanefndir skulu taka þátt í öryggismötum sem aðildarríki sem metur öryggi innir af hendi þegar kveðið er á um slíka þátttöku í landslögum aðildarríkisins sem metur öryggi.

6. gr.

Skimun og mat á óvæntum, alvarlegum aukaverkunum sem grunur er um

1. Skimun á Eudravigilance-gagnagrunninum, sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr,. skal fara fram á a.m.k. 15 almanaksdaga fresti.

2. Að því er varðar rannsóknarlyf með markaðsleyfi í Sambandinu er aðildarríki sem metur öryggi heimilt að ákveða að draga úr skimunartíðninni, sem um getur í 1. mgr., niður í á a.m.k. 30 almanaksdaga fresti.

3. Þegar staða þekkingar á öryggissniði virks efnis, eða að hve miklu leyti notkunin á virka efninu er frábrugðin venjulegum klínískum starfsvenjum, útheimtir slíkt skal aðildarríki sem metur öryggi beita tíðari skimunartíðni en sett er fram í 1. og 2. mgr. Aðildarríki sem metur öryggi skal skrá niðurstöðuna og dagsetningu skimunar í upplýsingakerfin sem um getur í 11. gr.

4. Ef vandamál varðandi öryggi virks efnis koma upp við skimun á tilkynntum óvæntum, alvarlegum aukaverkunum sem grunur er um skal aðildarríki sem metur öryggi:

a) meta upplýsingar um óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um og leggja fram upphaflegt mat eins skjótt og auðið er en eigi síðar en 15 dögum eftir skimunina,

b) uppfæra upphaflega matið eins skjótt og auðið er eftir að viðbótarupplýsingar frá bakhjarlinum verða tiltækar, í samræmi við 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014 eða í samræmi við d-lið 1. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar,

c) tilkynna án ótilhlýðilegrar tafar um öryggisvandamál, sem greindust í tengslum við eitt rannsóknarlyf, til allra aðildarríkja sem gefa skýrslu og aðildarríkja sem taka þátt í klínískum prófunum sem fela í sér umrætt virkt efni.

Framlagning og samnýting matsins, sem um getur í a- og b-lið, og tilkynningin, sem um getur í c-lið, skulu fara fram gegnum upplýsingakerfin sem um getur í 11. gr.

5. Aðildarríki sem metur öryggi skal auka umfang og stytta tímalínur matsins, sem um getur í 4. mgr., ef áhætta fyrir öryggi þátttakenda í klínískri prófun útheimtir slíkt.

6. Ef farið er fram á viðbótarupplýsingar skv. d-lið 1. mgr. 5. gr., í tengslum við mat á óvæntum, alvarlegum aukaverkunum sem grunur er um, og bakhjarlinn staðfestir ekki móttöku beiðni um upplýsingar innan i. frests sem aðildarríki sem metur öryggi fastsetur eða ii. sjö daga eftir að beiðnin var send, hvort heldur ber síðar að, skal aðildarríkið sem metur öryggi gera öllum aðildarríkjum sem gefa skýrslu og aðildarríkjum sem taka þátt í klínískum prófunum þar sem virka efnið er notað viðvart svo þau geti íhugað að grípa til ráðstafana til úrbóta í samræmi við 77. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014.

7. Ef aðildarríki sem metur öryggi telur það nauðsynlegt, byggt á mati sínu eða mötum, skal það leggja almenn tilmæli, sem tengjast öryggi virks efnis, fyrir aðildarríkin sem gefa skýrslu og hlutaðeigandi aðildarríki sem gerir þeim kleift að grípa til ráðstafana til úrbóta og annarra aðgerða til eftirlits með öryggi í tengslum við virka efnið.

7. gr.

Mat á árlegum öryggisskýrslum

1. Við mat á árlegum öryggisskýrslum skal aðildarríki sem metur öryggi:

a) meta upplýsingar í öllum árlegum öryggisskýrslum er varða notkun á virka efninu í klínískum prófunum sem eru leyfðar í Sambandinu, óháð lyfjaformi og styrkleika eða ábendingu sem er rannsökuð og óháð því hvort virka efnið er notað í nokkrum klínískum prófunum sem mismunandi bakhjarlar stjórna,

b) fara fram á viðbótarupplýsingar skv. d-lið 1. mgr. 5. gr. frá bakhjörlum og meta svör þeirra. Ef bakhjarl veitir ekki upplýsingar innan frestsins sem var fastsettur í beiðninni skal aðildarríki sem metur öryggi upplýsa viðkomandi aðildarríki sem gefa skýrslu og hlutaðeigandi aðildarríki um það svo þau geti íhugað að grípa til ráðstafana til úrbóta í samræmi við 77. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014,

c) senda lokamatsskýrslu í upplýsingakerfin, sem um getur í 11. gr,. innan 42 daga eftir framlagningu síðustu árlegu öryggisskýrslunnar eða innan 84 daga hið mesta frá framlagningu síðustu árlegu öryggisskýrslunnar ef farið er fram á viðbótarupplýsingar skv. b-lið,

d) ef nauðsyn krefur, taka á hvers konar öryggisvandamálum sem greindust meðan matið stóð yfir, þróa tilmæli um ráðstafanir til úrbóta og aðrar aðgerðir til eftirlits með öryggi í tengslum við virka efnið og senda þau til aðildarríkja sem gefa skýrslu og til hlutaðeigandi aðildarríkja.

2. Aðildarríki sem metur öryggi er heimilt að auka umfang og stytta tímalínur matsins, sem um getur í 1. mgr., ef áhætta fyrir öryggi þátttakenda í klínískri prófun útheimtir slíkt. Í þessu mati skal aðildarríki sem metur öryggi taka tillit til markaðsleyfisstöðu rannsóknarlyfsins eða virka efnisins, stöðu þekkingar á öryggissniði virka efnisins og að hve miklu leyti notkunin á virka efninu er frábrugðin venjulegum klínískum starfsvenjum.

3. Þrátt fyrir 1. mgr., þegar bakhjarlinn leggur fram staka árlega öryggisskýrslu sem á sérstaklega við um eina klíníska prófun sem tekur til nokkurra rannsóknarlyfja skv. 2. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014, skal aðildarríkið sem gefur skýrslu um þessa tilteknu klínísku prófun meta þessa árlegu öryggisskýrslu. Óski aðildarríkið sem gefur skýrslu eftir því skulu aðildarríkin sem meta öryggi virkra efna sem eru hluti af þessum rannsóknarlyfjum styðja aðildarríkið sem gefur skýrsluna með þessu mati. Aðildarríkið sem gefur skýrslu skal senda lokamatsskýrslu í upplýsingakerfin sem um getur í 11. gr. og, ef nauðsyn krefur, tilkynna hlutaðeigandi aðildarríkjum og hverju ábyrgu aðildarríki sem metur öryggi um öryggisvandamál í tengslum við virk(t) efni sem er(u) hluti af viðkomandi rannsóknarlyfjum.

8. gr.

Tilmæli um ráðstafanir til úrbóta og aðrar aðgerðir vegna eftirlits með öryggi í tengslum við virkt efni

1. Ef aðildarríki sem metur öryggi greinir öryggisvandamál í tengslum við virka efnið frá öðrum uppruna en við skimun og mat sem um getur í 6. og 7. gr. er því heimilt að leggja tilmæli um ráðstafanir til úrbóta og aðrar aðgerðir til að milda áhættu vegna eftirlits með öryggi fyrir aðildarríki sem gefa skýrslu og hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Í kjölfar tilmæla skv. 7. mgr. 6. gr., d-lið 1. mgr.7. gr. eða 1. mgr. þessarar greinar ættu aðildarríki sem gefa skýrslu um klíníska prófanir þar sem virka efnið er notað að samræma aðgerðir, sem grípa á til varðandi þessar klínísku prófanir, við hlutaðeigandi aðildarríki.

3. Hlutaðeigandi aðildarríkjum er hvenær sem er heimilt að grípa til ráðstafana til úrbóta og annarra aðgerða til eftirlits með öryggi í tengslum við virka efnið á sínu yfirráðasvæði í samræmi við 77. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014.

9. gr.

Hlutverk hlutaðeigandi aðildarríkja og aðildarríkja sem gefa skýrslu í samræmdu öryggismati

1. Aðildarríki sem gefa skýrslu og hlutaðeigandi aðildarríki skulu:

a) styðja aðildarríkið sem metur öryggi í samræmda öryggismatinu og hafa möguleika á að gera athugasemd við og koma með fyrirspurnir um matið,

b) taka tilhlýðilegt tillit til öryggisvandamála í tengslum við eitt rannsóknarlyf og tilmæli frá aðildarríkinu sem metur öryggi, sem um getur í 2. mgr. 8. gr., með tilliti til einnar eða fleiri klínískra prófana sem eru leyfðar á yfirráðasvæði þeirra,

c) tilkynna aðildarríkinu sem metur öryggi um hvers konar öryggisvandamál sem skipta máli í tengslum við virka efnið.

2. Aðildarríki sem gefur/gefa skýrslu:

a) skal/skulu upplýsa fyrirliggjandi aðildarríki sem metur/meta öryggi um leyfi fyrir nýrri klínískri prófun sem felur í sér sama virka efnið,

b) skal/skulu sannreyna hvort aðildarríki sem metur/meta öryggi sé(u) fyrirliggjandi fyrir sérhvert virkt efni sem er notað í klínískri prófun, og ef það er ekki tilfellið, hleypa af stokkunum og stjórna valferli í samræmi við 2. mgr. 3. gr. Til að tryggja samfelldni í öryggismati á hvaða tímapunkti sem er skal aðildarríki sem gefur skýrslu sinna verkefni aðildarríkis sem metur öryggi meðan á valferlinu stendur,

c) getur/geta farið fram á stuðning frá aðildarríki sem metur/metur öryggi, í samræmi við c-lið 1. mgr. 5. gr., vegna mats á breytingum á tilvísunarupplýsingum um öryggi ef aðildarríkið sem metur öryggi er ekki aðildarríki sem tekur þátt í klínísku prófuninni.

3. Aðildarríkin skulu í sameiningu þróa leiðbeiningar um góðar starfsvenjur þar sem nákvæmum verklagsreglum um öryggissamstarf er lýst, þ.m.t. samsvarandi tímalínur og innihald matsskýrslnanna.

4. Aðildarríkjunum er heimilt að samræma og auðvelda öryggisumsjón og -eftirlit í tengslum við virka efnið þvert á klínískar prófanir.

10. gr.

Forystuaðildarríki sem metur öryggi

1. Þegar öryggismat tekur til þátttöku nokkurra aðildarríkja sem meta öryggi er þeim heimilt að tilnefna, með samhljóða samþykki, forystaðildarríki sem metur öryggi.

2. Forystuaðildarríki sem metur öryggi skal bera ábyrgð á samræmingu öryggismata sem aðildarríki sem meta öryggi inna af hendi fyrir virkt efni eða lyfjafræðilegan flokk virkra efna. Samræmt öryggismat nokkurra aðildarríkja sem meta öryggi skal fylgja stöðluðum tímalínum fyrir skimun og mat eins og sett er fram í 6. og 7. gr.

III. KAFLI

ÝMIS ÁKVÆÐI

11. gr.

Upplýsingakerfi til stuðnings við samstarf um öryggismat

1. Lyfjastofnun Evrópu skal, í hlutverki sínu sem stjórnandi Eudravigilance-gagnagrunnsins, upplýsingakerfisins fyrir klínískar prófanir og ESB lyfjaorðabókarinnar, sjá fyrir upplýsingakerfi til stuðnings við samstarf við öryggismat sem nær yfir þá virkni sem sett er fram í 3. mgr.

2. Lyfjastofnun Evrópu, framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu meta tiltækan stuðning upplýsingakerfa reglulega, a.m.k. árlega, og niðurstöður þeirra skulu fá tilhlýðilega umfjöllun við viðhald og uppfærslu á upplýsingakerfunum sem um getur í 1. mgr.

3. Sú virkni sem er þróuð skal:

a) styðja við leitarbæra skrá yfir virk efni í rannsóknarlyfjum sem eru notuð í klínískum prófunum sem hafa verið leyfðar í hlutaðeigandi aðildarríkjum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 536/2014,

b) gera það kleift að skrá aðildarríki sem meta öryggi á tilteknu virku efni í rannsóknarlyfjum, þ.m.t. að geyma heiti fyrri aðildarríkja sem meta öryggi þegar nýtt aðildarríki sem metur öryggi er tilnefnt fyrir sama virka efnið,

c) styðja við leitarbæra skrá yfir mismunandi virk efni í rannsóknarlyfjum sem eru notuð í klínískum prófunum, þ.m.t. auðkenni ábyrgra aðildarríkja sem meta öryggi fyrir virk efni í mörgum löndum, eða, ef um er að ræða virk efni í einu landi, aðildarríki sem gefa skýrslu,

d) gera það kleift að rekja skráningu og geymslu á mati á upplýsingum sem eru lagðar fram í skýrslum um óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um og í árlegum öryggisskýrslum,

e) gera öllum aðildarríkjum kleift að hafa aðgang að árlegum öryggisskýrslum, skýrslum um óvæntar, alvarlegar aukaverkanir sem grunur er um og mötunum sem um getur í d-lið,

f) gera samskipti möguleg milli aðildarríkja og milli aðildarríkja og bakhjarla,

g) veita upplýsingar um hvenær skil á árlegri öryggisskýrslu eru komin á eftir áætlun,

h) styðja við skimun á óvæntum, alvarlegum aukaverkunum sem grunur er um, þ.m.t. að láta í té fyrirfram skilgreindar skýrslur,

i) styðja við samstarf milli aðildarríkja við mat á breytingum á tilvísunarupplýsingum um öryggi, þegar þörf krefur.

4. Skjöl sem varða klíníska prófun sem skiptir máli fyrir öryggismat skulu gerð aðgengileg aðildarríkjum sem meta öryggi, óháð því hvort þau eru aðildarríki sem taka þátt í þessari klínísku prófun.

5. Lyfjastofnun Evrópu skal, ásamt aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni, þróa upplýsingakerfi til að styðja við val- og endurvalferli aðildarríkisins sem metur öryggi, sem um getur í 3. og 4. gr., við lok umbreytingartímabilsins eins og mælt er fyrir um í 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014.

6. Klínískar prófanir þar sem sama virka efnið er notað skulu auðkenndar í upplýsingakerfunum sem um getur í 1. málsgrein á grundvelli ESB-kóðans fyrir virk efni sem um getur í 3. mgr. 81. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014.

12. gr.

Hlutverk samræmingar- og ráðgjafarhóps fyrir klínískar prófanir við samræmt öryggismat

1. Landsbundnir tengiliðir sem eru tilnefndir í samræmi við 83. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014 skulu, innan samræmingar- og ráðgjafarhópsins fyrir klínískar prófanir, upplýsa um hvers konar vandamál sem tengjast framkvæmd samræmdra öryggismata sem þeir taka við frá tilnefndum aðildarríkjum, aðildarríkjum sem meta öryggi eða almenningi.

2. Samræmingar- og ráðgjafarhópurinn fyrir klínískar prófanir skal rannsaka tímanlega og taka á málum í tengslum við framkvæmd samræmds öryggismats.

13. gr.

Eftirlit á vegum Sambandsins

Framkvæmdastjórninni er heimilt að framkvæma eftirlit Sambandsins, í samræmi við a-lið 1. mgr. 79. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014, til að staðfesta hvort aðildarríki fylgist rétt með því að farið sé að reglunum sem eru fastsettar um samræmt öryggismat í 2. mgr. 44. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014 og í þessari reglugerð.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

14. gr.

Gjöld

Aðildarríkjum er heimilt að leggja á gjald þegar þau sinna öryggismatsstarfsemi sem aðildarríki sem metur öryggi og fastsetja lægri gjöld fyrir klínískar prófanir án viðskiptahagsmuna í samræmi við 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 536/2014.

15. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 31. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. janúar 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.